| 1. | Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára með bankavöxtum, hjá Landsbankanum, kr. 100000... | 1680,00 | 4000,00 |
| 2. | Lán tit ritsímans, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára, með bankavöxtum, kr. 85000,00 | 1632,00 | 3400,00 |
| 3. | Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5% vöxtum, afborganalaust ... ... ... ... ... | 50000,00 | |
| 4. | Innlenda lánið, tekið 1. júlí 1920 með 5½% vöxtum til 20 ára, 3 millj. kr. .. ... ... ... ... | 50000,00 | 150000,00 |
| 5. | Veðdeildarlán Staðarfells ... ... ... ... ... .. | 305,00 | 257,00 |
| 6. | Lán hjá Landsbankanum vegna Reykja í Ölfusi | 216,00 | 1200,00 |
| 7. | Lán hjá Landsbankanum, tekið 15. sept. 1928 með 6% vöxtum, til 20 ára, til vinnuhælisins ... | 1950,00 | 2500,00 |
| 8. | Lán samkvæmt skuldabréfi Gísla Björnssonar til 25 ára, með 5% vöxtum, kr. 65000,00... ... ... | 2600,00 | 2600,00 |
| 9. | Veðdeildarlán vegna húsa- og lóðakaupa við Lækjargötu og skuldabréfalán vegna sama... ... | 11000,00 | 10300,00 |
| 10. | Skuldabréfalán vegna vega- og brúagerða, tekin 1932—34... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 55585,00 | 40000,00 |
| 11. | Hluti af viðlagasjóðslánum til frystihúsa, yfirtekið samkvæmt lögum 1933 ... ... ... ... ... ... | 4725,00 | 3700,00 |
| | Ísl. kr. | 179693,00 | 217957,00 |

| | 2. Ensk lán. | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Lán frá 1921 (breytt 1934) £ vextir 10375,0-0. afborgun £ 8025,0-0. ... ... ... ... ... ... ... ... | 229806,25 | 177753,75 |
| 2. | Lán 1930, vextir £ 29700-0-0 ... ... ... ... ... | 657855,00 | |
| 3. | Lán 1931, vextir £ 3718-10-0 ... ... ... ... ... | 82231,75 | |
| | Kr. | 969893,00 | 177753,75 |

| | 3. Dönsk lán (d. kr.). | | |
|---|---|---|---|
| 1. | 4½% lán, tekið 1909 hjá dönskum bönkum kr. 1500000, til kaupa á III. flokks bankavaxtabréfum Landsbankans ... ... ... ... ... ... ... | 9562,50 | 50000,00 |
| 2. | 4½% lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, kr. 250000,00, tekið 1912 til kaupa á III. flokks bankavaxtabréfum í Landsbankanum. Lánið er tekið til 30 ára ... ... ... ... ... ... | 3093,75 | 8333,34 |
| | Flyt kr. | 126656,25 | kr. 58333,34 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Flutt kr. | 12656,25 | 58333,34 |
| 3. | 4 % ritsímalán 1913, endurgreiðsla á 30 árum með föstu árgjaldi hjá Mikla norræna ritsímafélaginu kr. 500000,00 ... ... ... ... ... ... ... | 8460,67 | 20530,65 |
| 4. | 5 % ritsímalán, tekið hjá Mikla norræna ritsímafélaginu til 30 ára kr. 500000,00 ... ... ... ... | 15495,59 | 16857,75 |
| 5. | 5 % lán hjá dönskum bönkum, tekið 1. júlí 1919 til 20 ára, 4 1/2 millj. kr. ... ... ... ... ... ... | 56250,00 | 225000,00 |
| 6. | 4 1/2 % lán hjá Bicuben til heilsubælisins á Vífilsstöðum ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 5126,80 | 2373,20 |
| | Kr. | 97989,31 | 323094,94 |

4. Vextir af lausaskuldum eru áætlaðir kr. 300000,00. Skuldirnar eru nú um 5 miljónir króna.

Um 9. gr.

1. Alþingiskostnaðurinn er á áætlun hækkaður um kr. 25000,00. Hefir reynslan sýnt, að ekki verður komist af með lægri fjárhæð.

Um 10. gr.

III. 4. Kostnaður við Sambandslaganefnd er hækkaður um kr. 3500,00 vegna ferðakostnaðar nefndarmanna til Danmerkur, en þar verða fundir nefndarinnar 1935.

III. 5. Nýr liður. Kostnaður á verzlunarsamninga 1932 kr. 29707,70 og 1933 kr. 35892,60 hefir verið færður á 19. gr. Þykir rétt að áætla nú nokkurt fé til slíkra samninga.

Um 11. gr.

A. 5. Laun starfsmanna hjá tollstjóra eru hækkuð um kr. 2000.00 í samræmi við reynslu undanfarandi ára.

A. 6. Ýms gjöld við skrifstofu lögreglustjóra eru hækkuð um kr. 2500,00 af sömu ástæðu.

A. 7. Toll- og löggæzla er hækkuð um kr. 50000,00. Verði tollgæzlunni haldið í sama horfi og undanfarið ár, er ekki unnt að komast af með lægri fjárveitingu.

A. 8. Hækkun samkvæmt lögum.

A. 9. Reynslan hefir sýnt, að ekki er unnt að halda uppi viðunandi landhelgisgæzlu fyrir minna fé en hér er áætlað. Landhelgissjóður er nú uppeyddur og ekki ráðlegt að áætla tekjur hans hærri en hér er gert, og hækkar þá framlag ríkissjóðs að sama skapi. Tillag til landhelgissjóðs er fellt niður í frumvarpinu.

A. 12. Rekstrarhalli vinnuhælisins hefir reynst þessi tvö síðastliðin ár:

1932 kr. 39876,27
1933 — 43741,38,

þykir því ekki ráðlegt að áætla hann lægri en gert er.

A. 13. Sakamálskostnaður er hækkaður um kr. 20000,00. Kostnaðurinn hefir síðustu árin reynst 50—60 þúsund krónur.

A. 15. Borgun til setu- og varadómara er hækkuð um kr. 5000,00. Kostnaðurinn hefir reynst:

1931 kr. 12859,75
1932 — 14574,72
1933 — 16240,75.

A. 17. Kostnaður við löggildingu á vogar og mælitækjum er nú tekinn hér upp, en hefir áður ýmist verið talinn með óvissum gjöldum eða greiðslum samkv. lögum.

A. 18. Áætlaður kostnaður samkv. l. nr. 43 1932.

A. 19. Laun sáttasemjara í vinnudeilum eru nú tekin hér upp.

B. 4. Kostnaður við skattanefndir hefir mörg undanfarin ár farið langt fram úr áætlun. Liðurinn er því hækkaður um kr. 15000,00.

B. 5. Fjárveitingin til ríkisskattanefndar er svo lág, að óhjákvæmilegt er að hækka hana um kr. 4000,00.

Um 12. gr.

11. B. 8. Nýr liður: Röntgensfilmur og áhöld hafa ekki verið talin sérstaklega á fjárlögum. Hefir kostnaður við þetta verið um 15000,00, en auk þess eru nú áætlaðar kr. 12000,00 til endurnýjunar vélum, sem orðnar eru úreltar.

13. II. Kostnaður við nýja spítalann á Kleppi er hækkaður um kr. 23600,00. Veldur því fjölgun sjúklinga og starfsfólks, en auk þess hefir áætlunin á ýmsum liðum verið of lág.

17. g. Samkvæmt breytingu á lögum um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1932, greiðir ríkissjóður lækningakostnað fátækra sjúklinga á sjúkrahúsum. Af þessum ástæðum er liðurinn hækkaður um kr. 20000,00.

17. i. Styrkur til hjúkrunarfélagsins Líkn er hækkaður um kr. 2000,00, vegna hinnar miklu hjálparstarfsemi, sem félagið hefir með höndum.

17. l. Styrkurinn hefir reynst allt of lágur og er því hækkaður um kr. 2000,00.

Um 13. gr.

A. I. Liðirnir 3—5 hafa undanfarin ár farið allmikið fram úr áætlun. Sýnilegt er að þessi kostnaður verður ekki lækkaður, nema dregið sé verulega úr verklegum framkvæmdum. Liðirnir eru því hækkaðir samtals um kr. 7000,00.

A. II. a. Framlag til nýrra akvega er hækkað um kr. 43000,00, sjá sundurliðun í frumvarpinu.

A. II. b. Viðhald og umbætur. Fjárveitingin var á síðustu fjárlögum lækkuð um kr. 100000,00 og hefir reynslan sýnt, að þessi lækkun var fjarri öllum sanni. Vegamálastjóri hefir í tillögum sínum áætlað þenna lið kr. 600000,00. Stjórnin hefir ekki séð sér fært að lækka þá áætlun um meira en kr. 50000,00.

A. VI. 1. Tillag til akfærra sýsluvega er lækkað um kr. 5000,00.

2. Af bifreiðaskatti er áætlað til sýsluvega kr. 30000,00, en heimilt að verja til þeirra allt að 15% af skattinum, lækkun kr. 12000,00.

A. VIII. Tillag samkvæmt breytingu á lögum um bifreiðaskatt frá 1933.

A. XI. b. Nýr liður. Var fellt niður af fjárlögum 1933, en er nú tekið upp aftur.

A. XIII. Slysatryggingargjöld hafa verið allt of lágt áætluð, og er því liðurinn hækkaður um kr. 5000,00.

B. 1. a. Gert er ráð fyrir auknum strandferðum, og liðurinn því hækkaður um kr. 70000,00.

B. 1. b. Liðurinn er lækkaður um kr. 100000,00.

C. III. Reksturskostnaður vitanna er hækkaður um kr. 10000,00, vegna nýrra vita.

C. VI. Ýmislegt er lækkað um 5000,00 samkvæmt reynslu 1933.

C. VII. 2.—4. Nýir liðir:

C. VIII. Vegna sérstakra fjárveitingu til hafnargerða er liðurinn lækkaður um kr. 33000,00.

C. IX. Liðurinn er hækkaður um kr. 10000,00, vegna þess, að gert er ráð fyrir, að verkið verði unnið á fjórum árum í stað fimm (endurveiting).

C. X. Nýr liður.

Um 14. gr.

A. a. 2. Skrifstofukostnaður biskups er lækkaður um kr. 1000,00.

A. b. 6. Embættiskostnaður presta er hækkaður um kr. 5000,00 í samræmi við reynslu.

A. h. 8. Nýr liður. Kostnaður samkv. lögum nr. 21—'31.

B. I. h. Nýr liður. (Sjá erindi læknadeildar háskólans).

B. I. r. Nýr liður. (Sjá erindi háskólaráðs).

B. III. 3. Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra er hækkaður um 5000,00. Hefir kostnaðurinn reynst um kr. 10000,00 síðastliðið ár.

B. VIII. 6. Tekin er upp fjárveiting til stofnunar rafmagnsdeildar og reksturskostnaðar 1. okt. — 31. des. (Sjá erindi skólastjóra og nefndarálit).

B. X. f. Styrkur til verklegs framhaldsnáms erlendis er hækkaður um 7200,00.

B. XI. c. Þessi kostnaður hefir verið greiddur síðastliðin 3 ár, og þótti rétt að taka hann nú upp á fjárlög.

B. XIII. Laun fastra kennara eru hækkuð um kr. 40000,00; og er það í samræmi við launagreiðslurnar, eins og þær eru nú.

B. XIII. 2. Laun farkennara hækka um kr. 10000,00 af sömu ástæðu.

B. XIII. 4. Styrkur til byggingar barnaskóla er hækkaður um kr. 20000,00. Hækkunin nægir þó að eins til að greiða lögboðinn styrk til þeirra bygginga, sem þegar er byrjað á.

B. XIII. 5. Tekinn er upp að nýju styrkur til utanfara barnakennara, meðal annars vegna norræns kennaramóts, sem haldið verður á árinu.

B. XIV. 1. c. 5. Veittar eru 50000,00 til rafstöðvar og sundlaugarbyggingar á Eiðum. Samkvæmt lögum um Eiðaskóla, á að reka þar héraðsskóla, er svari kröfum tímanna og var það skilyrði fyrir afhendingu skólans í hendur ríkisins. Eiðaskóla vantar svo margt af því, sem fyrir hendi þarf að vera til þess, að ekki þótti fært að draga lengur að byrja endurbætur. Einnig kemur

hér til greina hin sérstaka þörf á að skapa aðstöðu til sundnáms á Austfjörðum. Áætlanir um kostnað við endurbætur verða lagðar fyrir fjárveitinganefnd.

B. XIV. 4. Tekin er upp fjárveiting til byggingar gagnfræðaskóla í Rvík, samkv. lögum um gagnfræðaskóla.

B. XV. 1. Liðurinn er hækkaður um kr. 500,00.

B. XV. 2. Liðurinn er hækkaður um kr. 1000,00 í samræmi við fjárhagsáætlun skólans.

B. XV. 5. Sjá erindi forráðamanna skólans, sem lagt verður fyrir fjárveitinganefnd.

B. XVI. Fjárveitingin til málleysingjaskólans hefir undanfarin ár reynst of lág og er því hækkuð um kr. 2000,00.

Um 15. gr.

26. Tekin er upp fjárveiting til útgáfu sænsk-íslenzkrar orðabókar, eftir tilmælum formanns sænsk-ísl. félagsins í Stockholm. (Sjá erindi).

37. Kostnaður við friðun Þingvalla er nú tekinn upp á fjárlög.

Um 16. gr.

1. Liðurinn er hækkaður um kr. 200,000,00 og þótti eigi varlegt að gera ráð fyrir lægri upphæð í þessu skyni 1935 eftir öllum atvinnuhorfum. Skilyrði, sem nú eru sett fyrir framlagi fjárins, eiga að tryggja það, að hæfilegur hluti atvinnubótavinnunnar sé unninn í þágu ríkisins. Enn fremur að bæjarfélög geti ekki notað féð í framkvæmdir, sem þeim verður að teljast skylt að kosta. Auk þess er það nýmæli, að 100 þús. kr. verði varið til nýbýla.

4. Jarðabótastyrkurinn hefir reynzt árið 1933 kr. 569,222,00 og 1934 kr. 475,490,00. Ekki virðist ástæða til að gera ráð fyrir að meira dragi úr þessum framkvæmdum en orðið er, og er því fjárveitingin hækkuð um kr. 75,000,00.

Tekið er upp að nýju framlag til verkfærakaupasjóðs, og er fjárveitingin miðuð við unnar jarðabætur undanfarin ár.

6. b. Nauðsynlegt þykir að auka fjárframlög til byggingar- og landnámssjóðs, vegna þess, hve mikil þörf er á betri húsakynnum.

6. d. 2. Liðurinn lækkar um kr. 1000,00 samkv. lögum.

6. d. 3. Liðurinn er lækkaður um kr. 10,000,00.

7. Tekið er upp framlag til kreppulánasjóðs samkv. lögum. Fjárveitingin er miðuð við áætlaðar vaxtagreiðslur Búnaðarbankans til ríkissjóðs.

8. a. Liðurinn er hækkaður um kr. 10,000,00. Hefir farið fram úr áætlun um þá fjárhæð.

8. b. Vísast til aths. við 6. lið b.

12. Tekin er upp fjárveiting til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu samkv. lögum. Greiðslur þessar hafa farið fram nokkur undanfarin ár, en aldrei verið áætlað fé til þeirra.

14. Liðurinn var á síðustu fjárlögum lækkaður um kr. 4,000,00, vegna þess, að árin 1931 og 1932 hafði kostnaðurinn farið lækkandi. Nú er það komið í ljós, að reikningar fyrir baðlyf frá árinu 1932 voru ekki greiddir

fyrri en árið eftir og varð kostnaðurinn 1933 kr. 12,766,77. Fjárveitingin er því aftur hækkuð upp í kr. 6,000,00.

15. e. Fjárveitingin til áhaldakaupa er hækkuð um kr. 2,500,00, vegna þess, að áhöld vantar til nauðsynlegustu rannsókna.

19. Liðurinn er hækkaður um kr. 5,000,00. Telur forstöðumaður mælinganna, að þá verði unnt að ljúka mælingum á Austurlandi á næsta ári, (sjá bréf vegamálastjóra).

21. Fé hefir undanfarin ár verið greitt úr ríkissjóði eftir lögum þessum. Þykir því rétt að taka upp á fjárlög kr. 4,000,00, sem er nokkru lægra en greitt hefir verið.

24. Samkv. bráðabirgðalögum um kjöt- og mjólkursölu hefir ríkissjóður nokkurn kostnað af framkvæmd þeirra og eru því áætlaðar til þessa kr. 20,000,00.

27. Gera má ráð fyrir allmiklum kostnaði vegna þessara ráðstafana (gjaldeyrisnefnd o. fl.) og eru því áætlaðar til þess kr. 30,000,00.

Um 17. gr.

1. Berklasjúklingar á sjúkrahúsum, sem ríkissjóður greiðir fyrir, voru 1. júlí 1934 480. Með 5 kr. daggjaldi verður legukostnaður þeirra kr. 876,000,00
+ tillag héraða 2 kr. á mann — 226,000,00
kr. 650,000,00

Eru þá eftir af fjárveitingunni kr. 50,000,00, sem gera má ráð fyrir að fari í kostnað við ljóslækningar o. fl. Tvö síðustu árin hefir berklakostnaðurinn verið um kr. 900,000,00. Veldur sennilega nokkru um það, að á þessum árum hefir verið greitt allmikið af lækningakostnaði frá fyrri árum, sem ágreiningur hafði verið um. Einnig er nokkuð ógreitt af tillögum héraðanna frá þessum árum.

Þó gera megi ráð fyrir, eftir reynslu undanfarinna ára, að kostnaðurinn fari nokkuð fram úr áætlun, þykir ekki rétt, eftir þeim gögnum sem fyrir hendi eru, að áætla hann hærri.

2. Gjöld þessi hafa reynst miklu hærri en gert var ráð fyrir. Fyrir árið 1933 er þegar séð, að þau verða a. m. k. 170000 kr., og má þó gera ráð fyrir að þau fari enn hækkandi.

Þykir því ekki annað fært en að hækka fjárveitinguna um kr. 100000,00.

3. Samkvæmt breytingu á lögum um sjúkrasamlög greiðir ríkissjóður 1/4 af legukostnaði samlagsmanna á sjúkrahúsum.

Gert er ráð fyrir að þetta hafi í för með sér um kr. 18000,00 hækkun á þessum gjaldalið.

9. Framlag ríkissjóðs til ellistyrktarsjóðanna var með lögum hækkað um 50 %. Hækkunin nemur kr. 25000,00.

10. Styrkur til Stórstúku Íslands er hækkaður um kr. 3000,00 samkvæmt beiðni (sjá erindi).

Um 18. gr.

Vísast til skrár um lögmælt eftirlaun, sem prentuð er aftan við athugasemdirnar.

Um 19. gr.

Óviss gjöld eru lækkuð um kr. 50000,00.

Allmikið af þeim gjöldum, sem áður hafa verið færð á þessa grein eru nú tekin upp í aðrar greinar fjárlaganna.

Um 22. gr.

III. Í sumar kom oddviti Búðahrepps á fund ríkisstjórnarinnar til þess að leita aðstoðar hennar út af atvinnuskorti í Búðaþorpi og sýndi fram á vandræði þau, sem fyrir dyrum stæði, ef ekki yrði hafist handa um aukna atvinnu þar fljótlega. Jafnhliða fór hann fram á að stjórnin héti stuðningi sínum við að útvega ríkisábyrgð fyrir láni handa sámvinnufélagi sjómanna í þorpinu. Fyrir lá að hægt var að hefjast handa um undirbúning útgerðarfélags fyrir næstu vetrarvertíð, ef slíkum stuðningi væri heitið og ennfremur, að væri ekki hægt að byrja undirbúning, þá hlaut málið að tefjast um heilt ár. Þar sem svo sérstaklega stóð á um atvinnumál þorpsins, hét stjórnin málinu stuðningi og er ábyrgðarheimildin af þeim ástæðum tekin í fjárlagafrumvarpið.

# SKRÁ

yfir lögmælt eftirlaun embættismanna, embættismannaekkna og barna 1. sept. 1934.

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| A. Embættismenn: | | |
| 1. Einar Benediktsson, fv. sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsúrskurður 9/4 1927 . . . . . | 641,91 | |
| 2. Marinó Hafstein, fv. sýslumaður í Strandasýslu (konungsúrskurður 30/11 1908) . . . . . | 1008,00 | |
| 3. Helgi Guðmundsson, fv. héraðslæknir í Siglufjarðarhéraði (konungsúrskurður 1/11 1910) . . . . . | 1000,00 | |
| 4. Axel Valdimar Tulinius, fv. sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsúrskurður 1/7 1911) . . . . . | 1876,62 | |
| 5. David Scheving, fv. héraðslæknir í Ísafjarðarhéraði (konungsúrskurður 2/8 1914) . . . . . | 1266,67 | |
| 6. Guðmundur Eggerz, fv. sýslumaður í Árnessýslu . . . . . | 1558,52 | |
| 7. Skúli Árnason, fv. héraðslæknir í Grímsneshéraði . . . . . | 800,00 | |
| 8. Jón Jónsson, fv. héraðslæknir . . . . . | 991,67 | |
| 9. Sigurður Magnússon, fv. héraðslæknir . . . . . | 963,33 | |
| 10. Magnús Guðmundsson, fv. ráðherra . . . . . | 1060 00 | |
| 11. Guðmundur Guðmundsson, fv. héraðslæknir . . . . . | 1000,00 | |
| 12. Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti . . . . . | 1461,22 | |
| 13. Ólafur Thorlacius, fv. héraðslæknir . . . . . | 860,00 | |
| 14. Sig. H. Kvaran, fv. héraðslæknir . . . . . | 595,00 | |
| 15. Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfógeti . . . . . | 6000,00 | |
| 16. Magnús Helgason, fv. skólastjóri . . . . . | 4200,00 | |
| 17. Guðm. Björnson, fv. landlæknir . . . . . | 7000,00 | |
| 18. Lárus H. Bjarnason, fv. hæstaréttardómari . . . . . | 8000,00 | |
| 19. Bogi Brynjólfsson, fv. sýslumaður . . . . . | 1160,00 | |
| 20. Georg Georgsson, fv. héraðslæknir . . . . . | 960,00 | |
| 21. Steingrímur Jónsson, fv. bæjarfógeti . . . . . | 5578,00 | |
| 22. Sæmundur Bjarnhéðinsson, fv. spítalalæknir . . . . . | 2000,00 | |
| 23. Guðm. T. Hallgrímsson, fv. héraðslæknir . . . . . | 760,00 | |
| | | 50740,94 |
| B. Embættismannaekkjur og börn: | | |
| 1. Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassens amtmanns, frá 10/1 1891 . . . . . | 750,00 | |
| 2. Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá 1/1 1894 . . . . . | 350,00 | |
| 3. Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar héraðslæknis í 4. læknishéraði, frá 1/6 1894 . . . . . | 305,00 | |
| 4. Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briems amtmanns, frá 1/1 1905 | 625,00 | |
| Flyt | 2030,00 | 50740,94 |

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| Flutt | 2030,00 | 50740,94 |
| 5. Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar héraðslæknis | 189,37 | |
| 6. Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving héraðslæknis, frá 1/2 1909 | 187,50 | |
| 7. Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar héraðslæknis í Hróarstunguhéraði, frá 1/9 1910 | 150,00 | |
| 8. Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar héraðslæknis í Sauðárkrókshéraði, frá 1/11 1910 | 212,50 | |
| 9. Oliva María Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar, frá 1/9 1913 | 560,83 | |
| 10. Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1/7 1915 | 500,00 | |
| 11. Theódóra Thóroddsen, ekkja Skúla Thóroddsen sýslumanns, frá 1/5 1916 | 535,17 | |
| 12. Sofía Johnsen, ekkja fyrv. héraðslæknis Þorgríms Johnsen, frá 1/9 1917 | 321,53 | |
| 13. Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndals héraðslæknis í Borgarfjarðarhéraði | 187,50 | |
| 14. Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, frá 1/8 1920 | 340,00 | |
| 15. Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara | 450,00 | |
| 16. Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar héraðslæknis í Reykhólahéraði | 187,50 | |
| 17. Steinunn Frímannsdóttir, ekkja Stefáns Stefánssonar skólameistara á Akureyri | 715,82 | |
| 18. Anna Daníelsson, ekkja hæstaréttardómara Halldórs Daníelssonar | 859,37 | |
| 19. Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þórðar Pálssonar héraðslæknis | 187,50 | |
| 20. Ingibjörg Magnúsdóttir, ekkja Júlíusar Halldórssonar héraðslæknis, frá 1/6 1924 | 212,50 | |
| 21. Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Þorsteinssonar héraðslæknis, frá 1/4 1924 | 150,00 | |
| 22. Rannveig Tómasdóttir, ekkja Magnúsar Jóhannssonar héraðslæknis, frá 1/1 1924 kr. 187,50 | | |
| Samkvæmt konungsúrskurði 29/8 1924, með syni hennar til 16 ára aldurs 80 kr. árlega: | | |
| Axel Valgarður, f. 20/8 1922 — 80,00 | | |
| | 267,50 | |
| 23. Anna Gunnlaugsson, ekkja Halldórs Gunnlaugssonar héraðslæknis, frá 1/1 1925 kr. 150,00 | | |
| Samkvæmt konungsúrskurði 10/8 1925, með syni hennar til 16 ára aldurs, 100 kr. árlega: | | |
| Gunnar Þór, f. 20/6 1919 — 100,00 | | |
| | 250,00 | |
| 24. Kirstín Þ. Blöndal, ekkja Ásgeirs Blöndal héraðslæknis, frá 1/2 1926 | 187,50 | |
| 25. Þórunn Siemsen, ekkja Frans Siemsens sýslumanns, frá 1/1 1926 | 391,90 | |
| Flyt | 9073,99 | 50740,94 |

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| | Flutt | 9073,99 | 50740,94 |
| 26. | Þóra Magnússon, ekkja Jóns Magnússonar ráðherra, frá 1/7 1926 | 1200,00 | |
| 27. | Jenny Forberg, ekkja Oluf Forberg landssímastjóra, frá 1/4 1925 | 500,00 | |
| 28. | Ragna Gunnarsdóttir, ekkja Ólafs Gunnarssonar héraðslæknis, frá 1/9 1927 . . . . . kr. 150,00 | | |
| | Samkvæmt konungsúrskurði 19/9 1927 með hverju barni hennar til 16 ára aldurs: | | |
| | 1. Björn, f. 1/12 1920 . . . . . — 100,00 | | |
| | 2. Gunnar, f. 6/1 1922 . . . . . — 100,00 | | |
| | 3. Ólafur, f. 18/1 1924 . . . . . — 100,00 | | |
| | | 450,00 | |
| 29. | Sigríður Blöndal, ekkja Björns Blöndal héraðslæknis, frá 1/10 1927 | 150,00 | |
| 30. | Kristín Þórarinsdóttir, ekkja Kr. Kristjánssonar héraðslæknis, frá 1/12 1927 | 237,50 | |
| 31. | Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja Har. Nielssonar prófessors . | 340,00 | |
| 32. | Sigríður Jónsdóttir, ekkja Bjarna Jenssonar héraðslæknis. . | 187,50 | |
| 33. | Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar ráðherra . . . . . | 750,00 | |
| 34. | Cathinka Sigfússon, ekkja Jóhannesar Sigfússonar kennara | 240,00 | |
| 35. | Susie Briem, ekkja Halldórs Briem bókavarðar . . . . . | 300,00 | |
| 36. | Margrét Árnadóttir, ekkja Páls V. Bjarnasonar sýslumanns | 350,00 | |
| 37. | Súsanna Erlendsson, ekkja Henriks Erlendssonar héraðslæknis . . . . . kr. 187,50 | | |
| | Samkvæmt konungsúrskurði 7/9 1931, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs: | | |
| | 1. Halldóra Sigríður, f. 3/6 1919. . . . . — 50,00 | | |
| | 2. Kristín, f. 16/12 1920 . . . . . — 100,00 | | |
| | 3. Sigríður, f. 16/6 1922 . . . . . — 100,00 | | |
| | 4. Friðrik, f. 25/5 1925 . . . . . — 100,00 | | |
| | 5. Bjarni, f. 9/5 1927 . . . . . — 100,00 | | |
| | | 637,50 | |
| 38. | Marta Þorvaldsson, ekkja Jóns Þorvaldssonar héraðslæknis . . . . . | 187,50 | |
| 39. | Anna Jónsdóttir, ekkja Stefáns Gíslasonar héraðslæknis . . | 187,50 | |
| | | | 14791,49 |
| | C. Prestsekkjur: | | |
| 1. | Anna Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað . . . . . | 100,52 | |
| 2. | Ástríður Petersen frá Svalbarði . . . . . | 100,00 | |
| 3. | Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði . . . . . | 100,00 | |
| 4. | Camilla S. Briem frá Hruna . . . . . | 129,43 | |
| 5. | Elín Scheving frá Vogsósum . . . . . | 100,00 | |
| 6. | Björg Einarsdóttir frá Undirfelli . . . . . | 100,00 | |
| 7. | Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergstöðum . . . . . | 107,54 | |
| | Flyt | 735,49 | 65532,43 |

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| | Flutt | 737,49 | 65532,43 |
| 8. | Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað | 183,78 | |
| 9. | Guðrún Pétursdóttir frá Görðum | 314,81 | |
| 10. | Guðrún Torfadóttir frá Hólmum | 134,40 | |
| 11. | Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólsstað | 158,95 | |
| 12. | Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri | 101,55 | |
| 13. | Margrét Þórðardóttir frá Gaulverjabæ | 139,86 | |
| 14. | Ragnheiður Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði | 131,36 | |
| 15. | Sigríður Jónsdóttir frá Melstað | 188,06 | |
| 16. | Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka | 131,26 | |
| 17. | Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík | 104,16 | |
| 18. | Helga Ketilsdóttir frá Grindavík | 100,00 | |
| 19. | Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli | 147,50 | |
| 20. | Vilborg Jónsdóttir frá Prestsbakka | 102,65 | |
| 21. | Sigríður Halldórsdóttir frá Holti í Önundarfirði | 184,86 | |
| 22. | Guðlaug Vigfúsdóttir frá Stafafelli | 90,80 | |
| 23. | Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási | 142,10 | |
| 24. | Guðfinna Jensdóttir frá Miklabæ | 116,96 | |
| 25. | Guðrún Sigurðardóttir frá Flatey | 118,93 | |
| 26. | Guðbjörg Hermannsdóttir frá Þingvöllum | 118,30 | |
| 27. | Þórunn Bjarnadóttir frá Vigur | 144,44 | |
| 28. | Anna Stefánsdóttir frá Stað í Súgandafirði | 100,00 | |
| 29. | Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað | 72,94 | |
| 30. | Valgerður Karólína Guðmundsdóttir frá Grenivík | 164 63 | |
| 31. | Guðrún Hermannsdóttir frá Breiðabólstað | 212,94 | |
| 32. | Arndís Pétursdóttir frá Vatnsfirði | 162,10 | |
| 33. | Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík | 135,74 | |
| 34. | Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka | 100,00 | |
| 35. | Guðríður Helgadóttir frá Kvennabrekku | 168,00 | |
| 36. | Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi í Norðfirði | 126,44 | |
| 37. | Jakobína Sigurgeirsdóttir frá Borg | 142,56 | |
| 38. | Kristín Jónsdóttir frá Brjámslæk | 103,00 | |
| 39. | Sigríður Þórðardóttir frá Stafholti | 156,00 | |
| 40. | Margrét Jónasdóttir frá Stað í Steingrímsfirði | 131,36 | |
| 41. | Sigríður Jóhannesdóttir frá Hruna | 129,42 | |
| 42. | Þóra Jónsdóttir frá Auðkúlu | 82,72 | |
| 43. | Jóhanna Magnúsdóttir frá Staðarhrauni | 224,00 | |
| 44. | Margrét Sigurðardóttir frá Höskuldsstöðum | 131,85 | |
| 45. | Sigurlaug Knudsen frá Breiðabólsstað | 133,00 | |
| 46. | Guðrún M. Sveinsdóttir frá Lundi | 100,00 | |
| 47. | Sigríður Helgadóttir frá Odda | 215,70 | |
| 48. | Steinunn Eiríksdóttir frá Bjarnanesi | 200,22 | |
| 49. | Líney Sigurjónsdóttir frá Görðum | 314,81 | |
| | | | 6899,15 |
| | D. Lög nr. 49, 1923: | | |
| | Einar Þorkelsson fyrv. skrifstofustjóri Alþingis | | 2500,00 |
| | Flyt | | 74931,58 |

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | 74931,58 |
| E. Lög nr. 51, 1921, 8. gr.: | | | |
| 1. Ásta Einarson, ekkja Magnúsar Einarson dýralæknis . . . | | 250,00 | |
| 2. Anna Þorgrímsdóttir, læknisekkja . . . . . | | 300,00 | |
| 3. Hrefna Einarsdóttir, læknisekkja . . . . . | kr. 350,00 | | |
| Sonur hennar Sigurður, f. $^{22}/_{7}$ 1920, til 16 ára aldurs . . . . . | — 100,00 | | |
| | | 450,00 | |
| 4. Hedvig Blöndal, ekkja Óla P. Blöndal póstritara . . . . . | | 350,00 | |
| 5. Aldný Magnúsdóttir, ekkja Árna Kristjánssonar símritara . . . . . | kr. 220,00 | | |
| Sonur hennar Örn, f. $^{2}/_{9}$ 1925, til 16 ára aldurs . | — 100,00 | | |
| | | 320,00 | |
| 6. María Guðmundsdóttir, ekkja Ásgríms Péturssonar fiskimatsmanns . . . . . | | 240,00 | |
| 7. María Jónsdóttir, ekkja Fr. Klemenssonar póstafgreiðslumanns . . . . . | | 240,00 | |
| 8. Þrúður Ingibjörg Jónsdóttir, ekkja Björns Magnússonar símstjóra . . . . . | kr. 260,00 | | |
| Börn hennar til 16 ára aldurs: | | | |
| 1. Guðný, f. $^{20}/_{7}$ 1925 . . . . . | — 100,00 | | |
| 2. Magnús, f. $^{1}/_{11}$ 1928 . . . . . | — 100,00 | | |
| | | 460,00 | |
| | | | 2610,00 |
| | Samtals | | 77541,58 |

## 2. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1932.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum 1932, eru veittar kr. 997 921.29 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—12. grein hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| **1. Póstmál:** | | | |
| 2. Póstflutningur ..... | kr. 20169.17 | | |
| 3. a. Skrifstofukostnaður í Rvík | — 4433.77 | | |
| b. — og aðstoð utan Rvíkur | — 2574.42 | | |
| d. Önnur gjöld ..... | — 15848.16 | | |
| | | kr. | 43025.52 |
| | Flyt | kr. | 43025.52 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | Flutt | kr. 43025.52 | |
| | **2. Síminn:** | | | | |
| b. 2. | Aðalskrifstofa landssímans | kr. 3387.83 | | | |
| 4. | Loftskeytastöðin í Rvík .. | — 2320.53 | | | |
| 5. | Bæjarsíminn í Rvík ..... | — 144574.06 | | | |
| 7. | Ritsímastöðin á Akureyri .. | — 357.44 | | | |
| 8. | — á Seyðisfirði ..... | — 2316.39 | | | |
| 9. | — á Ísafirði ..... | — 672.16 | | | |
| 11. | Símastöðin í Hafnarfirði . | — 6001.54 | | | |
| 12. | — í Vestmannaeyjum .... | — 4410.09 | | | |
| 13. | — á Siglufirði ..... | — 4246.50 | | | |
| 14. | Til aukaritsímaþjónustu .. | — 296.78 | | | |
| 17. | b. Til kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl. ..... | — 488.41 | | | |
| c. | Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m. ..... | — 9459.84 | | | |
| e. | Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar ..... | — 945.30 | | | |
| f. | Viðhald landssímanna ..... | — 18837.27 | | | |
| i. | Tillag til alþjóðaskrifstofu í Bern ..... | — 1783.61 | | | |
| | | | | — 200097.75 | |
| | **3. Víneinkasalan:** | | | | |
| 1—2—3—4. | Laun og annar rekstrarkostntaður .. | | | — 223.63 | |
| | **4. Ríkisútvarpið:** | | | | |
| a. 4. | Útvarpsefni ..... | kr. 11742.40 | | | |
| 5. | Skrifstofan ..... | — 12804.23 | | | |
| | | | | — 24546.63 | |
| | | | | | kr. 267893.53 |

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **I. Ráðuneytið o. fl.:** | | | | |
| 2. | Til utanferða ráðherra ..... | kr. 9357.59 | | | |
| 4. | Annar kostnaður ..... | — 13387.32 | | | |
| 5. | Fyrir að gegna ríkisféhirðisst. | — 6334.52 | | | |
| 6. | b. Til pappírs og prentunar | — 5376.05 | | | |
| 7. | Til umbóta og viðhalds á ráðherrabústað ..... | — 5097.39 | | | |
| | | | | kr. 39552.87 | |
| | **II. Hagstofan:** | | | | |
| 2. | Pappír & prentun hagskýrslna | kr. 8.50 | | | |
| 3. | Prentun eyðublaða ..... | — 1059.24 | | | |
| | | Flyt | kr. 1067.74 | kr. 39552.87 | kr. 267893.53 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Flutt | kr. 1067.74 | kr. 39552.87 | kr. 267893.53 |
| 5. | Aðstoðar- og skrifstofukostn. | — 3330.20 | | |
| 6. | Til að gefa út manntalið 1703 | — 103.48 | | |
| | | | — 4501.42 | |
| | **III. Utanríkismál o. fl.:** | | | |
| 4. | Kostnaður við sambandslaganefnd ..... | | — 1518.72 | |
| | | | | — 45573.01 |

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | **A. Dómgæzla og lögreglustjórn:** | | | |
| 1. | b. Annar kostnaður ..... | kr. 2183.11 | | |
| 4. | b. Húsaleiga o. fl. ..... | — 660.00 | | |
| 5. | a. Laun 4. skrifara ..... | — 6696.50 | | |
| | b. — 6 tollritara ..... | — 802.18 | | |
| | c. Aðstoð og aukavinna .... | — 165.00 | | |
| | d. Húsaleiga o. fl. ..... | — 1176.00 | | |
| | e. Innheimtukostnaður ..... | — 9874.49 | | |
| 6. | b. Húsaleiga ..... | — 1226.00 | | |
| | c. Hiti og ljós ..... | — 350.00 | | |
| | d. Ýmis gjöld ..... | — 4103.26 | | |
| 7. | Skrifstofukostnaður bæjarfógeta og sýslumanna ..... | — 8404.55 | | |
| 11. | Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni ..... | — 18626.27 | | |
| 12. | Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. ..... | — 82457.03 | | |
| 14. | Borgun til setu- og varadómara ..... | — 9574.72 | | |
| | | | kr. 146299.11 | |
| | **B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:** | | | |
| 1. | a. Burðareyrir ..... | kr. 12372.42 | | |
| | b. Fyrir embættisskeyti .... | — 17381.74 | | |
| 4. | Skattanefndarkostn. m. m. | — 64484.52 | | |
| | | | — 94238.68 | |
| | | | | — 240537.79 |

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2. | Til skrifstofukostnaðar landlæknis ..... | kr. 4298.60 | | |
| | Flyt | kr. 4298.60 | | kr. 554004.33 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Flutt | kr. | 4298.60 | | kr. 554004.33 |
| 5. | a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík ..... | — | 1250.00 | | |
| | c. Styrkur til lækningaferða | — | 500.00 | | |
| 10. | Landsspítalinn ..... | — | 9987.81 | | |
| 12. | Geðveikrahælið á Kleppi .... | — | 3404.70 | | |
| 15. | a. Styrkur til sjúkrahúsa ... | — | 488.51 | | |
| | | | | | — 19929.62 |

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **A. Vegamál:** | | | | |
| I. | 3. Ferðakostnaður og fæðispeningar ..... | kr. | 22.29 | | |
| | 4. Til aðstoðarmanna og mælinga ..... | — | 7245.38 | | |
| | 5. Skrifstofukostnaður ... | — | 8079.30 | | |
| X. | a.—b.—c. Styrkur til vetrarflutninga ..... | — | 4537.85 | | |
| XI. | Styrkur til þess að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn ..... | — | 234.66 | | |
| | | | | kr. 20119.48 | |
| | **B. Samgöngur á sjó:** | | | | |
| 1. | a. Til strandferða ..... | | | — 128606.65 | |
| | **C. Vitamál og hafnargerðir:** | | | | |
| I. | 3. Til skrifstofuhalds .... | kr. | 6906.10 | | |
| | 5. Til aðstoðarmanna og mælinga ..... | — | 427.00 | | |
| III. | Rekstrarkostnaður vitanna | — | 21338.55 | | |
| IV. | Sjómerki m. m. ..... | — | 3232.10 | | |
| | | | | — 31903.75 | |
| | | | | | — 180629.88 |

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **A. Andlega stéttin:** | | | | |
| a. | 2. Skrifstofukostnaður ..... | | | kr. 2292.00 | |
| | **B. Kennslumál:** | | | | |
| I. | h. Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans ..... | kr. | 12800.00 | | |
| | k. Hiti, ljós, ræsting, vél- | | | | |
| | Flyt | kr. | 12800.00 | kr. 2292.00 | kr. 754563.83 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Flutt | kr. | 12800.00 | kr. | 2292.00 | kr. 754563.83 |
| | gæzla ..... | — | 1109.07 | | | |
| I. | 2. Ýmis gjöld ..... | — | 10733.28 | | | |
| | b. Framlag í alþjóða stúdentagarðinn ..... | — | 664.50 | | | |
| II. | a. Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum .. | — | 295.85 | | | |
| III. | 3. Skrifstofukostnaður .. | — | 2692.00 | | | |
| IV. | 2. Til eldiviðar, ljósa, ræstingar ..... | — | 1400.14 | | | |
| | 9. Ýmis gjöld ..... | — | 2121.43 | | | |
| | 10. Til verðlaunabóka .... | — | 33.25 | | | |
| V. | b. 1. Til aukakennara og stundakennslu ..... | — | 3498.00 | | | |
| | 3. Til bóka- og kennsluáhalda ..... | — | 1.00 | | | |
| | 4. Til eldiviðar og ljósa | — | 2713.77 | | | |
| | 8. Til ýmislegra gjalda | — | 4959.52 | | | |
| VI. | b. 1. Sundkennsla ..... | — | 793.00 | | | |
| | 2. Eldiviður og ljós .. | — | 724.10 | | | |
| | 6. Til viðhalds ..... | — | 865.94 | | | |
| | 7. Ýmis gjöld ..... | — | 1240.71 | | | |
| VII. | b. 1. Stundakennsla .... | — | 206.30 | | | |
| | 4. Ýmisleg gjöld ..... | — | 117.44 | | | |
| VIII. | b. 1. Til stundakennslu .. | — | 80.00 | | | |
| | 3. Ljós og hiti ..... | — | 101.14 | | | |
| | 4. Ræsting ..... | — | 18.00 | | | |
| | 6. Ýmis útgjöld ..... | — | 246.86 | | | |
| IX. | 1. c. 1. Til verklegs náms | — | 617.00 | | | |
| | 3. Til eldiviðar og ljósa ..... | — | 103.87 | | | |
| | 4. Ýmis gjöld ..... | — | 313.56 | | | |
| | 2. c. 1. Til verklegs náms | — | 1080.00 | | | |
| | 3. Til eldiviðar og ljósa ..... | — | 1979.65 | | | |
| X. | e. Styrkir til framhaldsnáms erlendis ..... | — | 300.44 | | | |
| XIV. | 5. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða .. | — | 3650.94 | | | |
| XV. | 6. Til þess að reisa héraðsskóla í sveitum ..... | — | 31129.48 | | | |
| XVI. | 1. Til húsmæðradeildar við alþýðuskóla Þingeyinga | — | 1250.00 | | | |
| | Flyt | kr. | 87840.24 | kr. | 2292.00 | kr. 754563.83 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Flutt | kr. 87840.24 | kr. 2292.00 | kr. 754563.83 | |
| XVII. Til kennslu heyrnar og málleysingja ..... | — 7932.82 | | | |
| XVIII. 1. b. Til Málfríðar Jónsd. | — 190.14 | | | |
| XIX. 3. Til sundkennslu o. fl. annarsstaðar ..... | — 150.00 | | | |
| | | kr. 96113.20 | | |
| | | | — | 98405.20 |

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

**Til vísinda, bókmennta og lista:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 6. b. Til viðhalds og áhalda ... | kr. 1217.48 | | |
| 32. Til Sigurðar Nordals próf. .. | — 346.67 | | |
| 44. Ferðastyrkur til útlanda .... | — 5165.85 | | |
| 45. Þóknun fyrir störf menntamálaráðs Íslands ..... | — 150.00 | | |
| | | | — 6880.00 |

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

**Til verklegra framkvæmda:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 17. b. Til aðstoðar ..... | kr. 200.00 | | |
| 18. b. Til aðstoðar ..... | — 3194.28 | | |
| c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur ..... | — 1911.56 | | |
| d. Til veðurskeyta o. fl. .... | — 1429.26 | | |
| f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting ..... | — 728.68 | | |
| h. Til að varpa út veðurskeytum á erlendum málum .. | — 600.00 | | |
| 23. b. Til skrifstofukostnaðar ... | — 1253.15 | | |
| 24. Til markaðsleitar erlendis ... | — 2430.82 | | |
| 25. Til erindreksturs í Miðjarðarhafslöndum ..... | — 1860.71 | | |
| 44. b. Skrifstofukostnaður ..... | — 3484.24 | | |
| | | | — 17092.70 |

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

**Til almennrar styrktarstarfsemi:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3. Styrkur til sjúkrasamlaga .. | kr. 16645.60 | | |
| 6. Til slysatrygginga ..... | — 3128.22 | | |
| | | | — 19773.82 |
| | | Flyt | kr. 896715.55 |

Flutt kr. 896715.55

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

Óviss útgjöld ..... — 82817.92

12. gr.

Til gjalda í 24. gr. er veitt:

**Greiðslur samkv. lögum m. m.:**

| | | |
|---|---|---|
| Bryggjugerð í Borgarnesi ..... | kr. | 3370.57 |
| Þingsályktanir ..... | — | 15017.25 |
| | | — 18387.82 |

Samtals kr. 997921.29

## 3. Frumvarp

til laga um samþykkt á landsreikningnum 1932.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

| I. Innborganir: | Áætlun | Reikningur |
|---|---|---|
| | kr. | kr. |
| 1. Tekjur samkv. 2. gr. fjárlaga ..... | 9 785 000.00 | 8 957 738.40 |
| 2. — — 3. — A — ..... | 1 126 748.00 | 1 303 575.46 |
| 3. — — „ — B — ..... | 36 600.00 | 32 047.32 |
| 4. — — 4. — — ..... | 268 000.00 | 425 083.38 |
| 5. — — 5. — — ..... | 50 000.00 | 97 155.06 |
| 6. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárl. .... | 497 905.00 | 3 885 651.45 |
| 7. Lækkun á sjóði ..... | 59 588.13 | 64 734.52 |
| Samtals | 11 823 841.13 | 14 765 985.59 |

| II. Útborganir: | Fjárveiting | Reikningur |
|---|---|---|
| | kr. | kr. |
| 1. Gjöld samkv. 7. gr. fjárlaga ..... | 1 118 582.05 | 1 457 149.99 |
| 2. — — 8. — — ..... | 73 200.00 | 71 748.00 |
| 3. — — 9. — — ..... | 233 287.00 | 265 384.84 |
| 4. — — 10. — — ..... | 395 367.00 | 451 417.28 |
| 5. — — 11. — A — ..... | 955 720.00 | 1 085 691.40 |
| Flyt | 2 776 156.05 | 3 331 391.51 |

| | Fjárveiting | Reikningur |
|---|---|---|
| | kr. | kr. |
| Flutt | 2 776 156.05 | 3 331 391.51 |
| 6. Gjöld samkv. 11. gr. B fjárl. ..... | 194 000.00 | 282 537.43 |
| 7. — — 12. — — ..... | 698 265.00 | 633 657.34 |
| 8. — — 13. — A — ..... | 994 278.00 | 997 671.55 |
| 9. — — — — B — ..... | 451 600.00 | 702 031.50 |
| 10. — — — — C — ..... | 467 340.00 | 402 007.10 |
| 11. — — 14. — A — ..... | 280 450.00 | 340 461.71 |
| 12. — — — — B — ..... | 1 399 162.00 | 1 468 784.26 |
| 13. — — 15. — — ..... | 207 320.00 | 199 703.42 |
| 14. — — 16. — — ..... | 1 811 500.00 | 2 382 245.33 |
| 15. — — 17. — — ..... | 843 350.00 | 1 140 956.56 |
| 16. — — 18. — — ..... | 252 312.08 | 238 994.32 |
| 17. — — 19. — — ..... | 150 000.00 | 236 817.92 |
| 18. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárl. ... | 1 298 108.00 | 2 408 725.64 |
| Samtals | 11 823 841.13 | 14 765 985.59 |

## 4. Frumvarp

til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50, 10. nóv. 1913, um að landsjóður leggi landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1935.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56, 31. maí 1924, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1935.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58, 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1935.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45, 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1935.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35, 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 50, 19. júní 1933, að því undanteknu að fellt er úr lögunum að fresta framkvæmd jarðræktarlaganna, að því er verkfærakaupasjóð snertir, og að ⅛ hluti menningarsjóðs skuli renna í ríkissjóð. Þótti ekki mega fresta fyrra ákvæðinu lengur, en hvað seinna ákvæðinu viðvíkur, þótti smámunalegt, að ríkissjóður hirti þenna litla hluta tekna menningarsjóðs.

Auðsýnt þykir, að eigi megi skerða tekjur ríkissjóðs neinu er nemur, og þykir því ekki annað unnt en að bera frumvarp þetta fram. Í fjárlagafrumvarpinu eru veittar upphæðir til byggingar- og landnámssjóðs og til byggingarsjóða um fram það, sem áður hefir verið. Er það gert með tilliti til þess, að ekki þótti fært að láta nema nokkurn hluta af tekjum tóbakseinkasölunnar renna til þessara stofnana.

## 5. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1927, um útflutningsgjald.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

1. gr. laga nr. 70, 27. júní 1921 hljóði svo:

Af öllum íslenzkum afurðum, öðrum en landbúnaðarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, með þeim undantekningum, sem getið er um í 2. gr., skal greiða útflutningsgjald í ríkissjóð, er nemi 1½% af verði afurðanna.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, 2. gr., svo hljóðandi:

Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli og fóðurmjöli skal greiða í ríkissjóð kr. 1.00. Af hverjum 100 kg. af óþurkuðum fiskúrgangi kr. 0.50. Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er út óunnin til bræðslu kr. 0.25. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurkuðum og óunnum kr. 1.00.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

3. gr.

4. gr., sem verður 5. gr., hljóði svo:

Til afurða þeirra, er 1. gr. getur, telst afli af skipum, sem hafa rétt til þess að fiska í landhelgi og gera það að einhverju leyti, eða verka hann í landhelgi, þótt eigi sé fluttur í land. Enn fremur nær gjaldið til afla, sem veiddur er utan landhelgi, ef hann er saltaður, verkaður eða fluttur á milli skipa á höfnum inni eða í landhelgi.

4. gr.

Eftir 10. gr., sem verður 11. gr. kemur ný grein svo hljóðandi:

1/12 hluti tekna þeirra, er fást samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal ganga sem framlag ríkissjóðs til ræktunarsjóðs Íslands, unz framlög ríkissjóðs til hans samkv. l. nr. 11, 1925 og þessum lögum hafa numið samtals 1 millj. kr.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög nr. 11, 29. maí 1925 um breyting á l. nr. 70, 1921 um útflutningsgjald o. fl.

Lög nr. 60, 27. júní 1921 um útflutningsgjald á síld o. fl.

Lög nr. 52, 8. sept. 1931 1. gr.

Lög nr. 27, 11. nóv. 1899, um útflutningsgjald af hvalafurðum.

Lög nr. 58, 19. júní 1933 um breytingu á l. nr. 70, 1921.

Lög nr. 2, 5. jan. 1934 um breyting á l. nr. 52, 1931.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þá er þau hafa öðlazt staðfesting konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 70, 27. júní 1921, og gefa þau út að nýju svo breytt.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Aðalbreytingar þær, sem þetta frumvarp felur í sér, eru tvær, í fyrsta lagi er útflutningsgjaldinu af síld breytt þannig, að í stað þess að áður var greitt útflutningsgjald 1 króna af hverri tunnu, er nú greitt 1½% af söluverði síldarinnar. Ekki þótt fært að fella niður hið sérstaka útflutningsgjald af síldarmjöli, þótt sumum kynni að þykja ástæða til vegna hins lága verðs.

Lögin um útflutningsgjald af síld o. fl. nr. 60, 27. júní 1921 hafa verið felld niður og það, sem eftir var af þeim fært inn í lögin um útflutningsgjald, sem ætlazt er til að gefin verði út að nýju til þess að tína saman á einn stað þær breytingar, sem á hafa verið gerðar.

Um 1. gr.

1. gr. laga nr. 70, 1921 breytt þannig, að hún taki til allra útfluttra afurða annara en landbúnaðarafurða og þeirra afurða, sem taldar eru sérstaklega í 2. gr.

Um. 2. gr.

Hér eru taldar þær útflutningsvörur, sem eru með sérstöku útflutningsgjaldi.

Um 3. gr.

Nokkur ruglingur hefir verið í framkvæmdinni um útflutningsgjöld af þeim afurðum, sem verkaðar eru í landhelgi að einhverju leyti eða jafnvel fiskaður og verkaður utan landhelgi. Auðsætt er að erfitt er að greina á milli,

hvað af afla er fiskað eða verkað í landhelgi og hvað ekki, og gjaldendur þar einir til frásagnar. Íslenzk fiskiskip verða að greiða útflutningsgjald af öllum afla sínum, hvort sem þau hafa komið í landhelgi eða ekki, og virðist því sanngjarnt að skip, sem rétt hafa til að veiða eða verka afla sinn í landhelgi og gera það að einhverju leyti, greiði útflutningsgjald á sama hátt, enda er þetta í samræmi við skilning á 10. gr. laga nr. 33, 1922 um rétt til fiskiveiða í landhelgi.

Um 4. gr.

Að efni til samhljóða 2. gr. l. nr. 11, 29. maí 1925, Þó er sú breyting, að í ræktunarsjóð renna nú $\frac{1}{12}$ hluti af útflutningsgjaldi af síld.

Um 5. og 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## 6. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Efnivörur til framleiðslu á innlendum tollvörutegundum skulu undanþegnar verðtolli.

2. gr.

Lög nr. 42 8. sept. 1931 eru úr gildi felld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í þriðju grein laga nr. 50, 31. maí 1927 var svo ákveðið, að þau iðnaðarfyrirtæki, sem stofnsett voru fyrir 1. jan. 1927 og ráku vörugerð sem féll undir c og d-lið laganna skyldu til ársloka 1935 njóta ívilnunar fyrir þann hluta árlegrar framleiðslu sinnar, sem samsvari allri árlegri framleiðslu ársins 1926, þannig, að gjaldið fyrir þetta framleiðslumagn færðist niður í $\frac{1}{6}$ hluta aðflutningsgjaldsins.

Með lögum nr. 42, 8. sept. 1931 var samskonar ívilnun veitt samkynja iðnaðarfyrirtækjum, er stofnuð hafa verið eftir 1. jan. 1927, þannig, að þessi ívilnun nam sama hlutfalli, miðað við ársframleiðsluna og ívilnunin nam fyrir eldri samkynja fyrirtæki.

Með því að iðnaðarfyrirtæki þau, sem hér um ræðir, hafa nú komið undir sig fótum, og virðast dafna vel, enda njóta þau ýmiss stuðnings ríkisvaldsins, þykir ekki ástæða til að hlífa framleiðsluvörum þeirra við tollaálagningu og einnig með tilliti til þess að hér er ekki um nauðsynjavarning að ræða. Myndi þetta afla ríkissjóði nokkurra tekna.

## 7. Frumvarp

til laga um gengisviðauka.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1935 að innheimta með 25% viðauka tolla af alls konar áfengum drykkjum (sbr. 2., 3. og 4. tölulið 1. gr. laga nr. 41, 27. júní 1921), gosdrykkjum alls konar, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, sódavatni, tegrasi svo og af vitagjaldi, þannig að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast ½ eyrir eða hærra brot, sem heill eyrir, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með því að hagur ríkissjóðs leyfir ekki enn að fella niður gengisviðaukann, fer frumvarp þetta fram á að framlengja hann. Þykir þó nauðsyn að fella hann niður á kaffi og sykri.

## 8. Frumvarp

til laga um tekju- og eignarskattsauka.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta aukreitis tekjuskatt fyrir árið 1934, sem nemur 40% af skattinum það ár, samkv. gildandi lögum. Þó skal eigi innheimta lægri fjárhæð en 5 krónur hjá hverjum gjaldanda.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti, samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 74, 27. júní 1921 og breytingar á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð, upp í skattgreiðslu manna, hluta af kaupi þeirra, sem nægi fyrir skattgreiðslunni.

Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í lögum nr. 13, 5. júní 1933, 2. gr., var ríkisstjórninni heimilað að innheimta viðbót við tekju- og eignarskatt fyrir árið 1933, á sama hátt og frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Augljóst er, að engu minni ástæða er nú fyrir þessum tekjuauka ríkissjóðs.

## 9. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

1. gr. a í lögum nr. 84 6. júlí 1932 hljóði svo:

Af benzíni 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra.

2. gr.

Allar auknar tekjur ríkissjóðs samkv. 1. gr. gangi til viðhalds þjóðvega.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Eftir því sem þjóðvegakerfið lengist, eykst viðhaldið á þjóðvegunum. Með því að langsamlega mest slit þjóðvega kemur af bifreiðanotkun, þykir rétt að notendur bifreiðanna greiði viðhald þetta meir en áður.

## 10. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 11 2. júní 1932, um bráðabirgðaverðtoll.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

Í stað orðanna „ársloka 1934“ í 5. gr. laga nr. 11 2. júní 1933 komi: „ársloka 1935“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það er augsýnilegt af afkomu þess hluta ársins 1934, sem þegar er liðinn, að ógerningur verður að skerða tekjur ríkissjóðs að nokkru sem nemur. Verður því varla hjá komist að framlengja lög þessi til áramóta 1935.

## 11. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem leyft er að flytja til landsins og í er meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja til landsins eða framleiða hér á landi ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar og pressuger.

Lög þessi taka ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef farið er með það samkvæmt áfengislögunum.

2. gr.

2. málsliður 2. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna svo og um sölu á öðrum vörutegundum, sem inn eru fluttar eða framleiddar hér, og lög þessi ná til.

3. gr.

Síðasti málsliður 4. gr. „Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín né ómengaðan spiritus“ falli niður.

4. gr.

Fyrri málsliður fyrri málsgreinar 7. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón á vörugæðum og áfengisstyrkleika, þegar um áfengi er að ræða.

5. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Verzlunin skal jafnan hafa forða í Reykjavík af vörum þeim, er um ræðir í 1. gr. Viðskiptamenn verzlunarinnar greiði flutningskostnað á vörunum innanlands.

6. gr.

Á eftir orðunum „inn eru fluttar“ í 12. gr. laganna komi: „eða framleiddar“. Síðasti málsliður sömu gr. orðist svo:

Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

7. gr.

Þeim, sem birðir eiga af vörum, er ríkið með lögum þessum öðlast einkarétt til að framleiða eða flytja inn, skal skylt að gefa áfengisverzlun ríkisins skýrslu um birgðir sínar þegar lögin öðlast gildi og enn fremur skal þeim skylt að afhenda henni birgðir sínar, ef hún æskir þess, fyrir matsverð.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpið felur í sér það nýmæli, að ríkisstjórnin eða áfengisverzlunin fyrir hennar hönd fái einkarétt til að framleiða hér á landi ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar, og enn fremur einkainnflutning á pressugeri.

Ástæður til þess, að hagkvæmt þykir, að ríkisstjórnin fái þenna rétt, eru þær, að það léttir stórum eftirlit með notkun iðnaðaráfengis, að iðnaður þessi sé í höndum ríkisvaldsins. Loks er markaðurinn svo takmarkaður, að ekki eru líkur til, að þessi iðnaður komist á það stig að geta verið samkeppnisfær við erlendar iðnvörur af sama tagi, ef margar stofnanir hafa hann með höndum, þar eð þá væru síður tök á að kosta til tækja og sérþekkingar sem skyldi.

Áfengisverzlunin ein hefir undanfarið haft rétt til framleiðslu á bökunardropum og hárvötnum, þar sem notaður er spíritus til framleiðslunnar, en án hans heppnast vart upplausn á hinum nothæfu efnum, svo sem skyldi.

Áfengisverzlunin hefir þegar komið sér upp lítilli efnarannsóknastofu og hefir efnafræðing í þjónustu sinni.

Jafnframt er ætlazt til þess, að einkaréttur sá, sem hér um ræðir, leiði til nokkurrar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

Einkasala með pressuger er ætlazt til, að leiði til þess, að örðugra verði fyrir bruggara að ná í þessa vöru til hinnar ólöglegu iðju sinnar.

Ekki þykir ástæða til að þvinga sjúkrahús til þess að kaupa vínanda frá lyfjabúðum, ef þau á annað borð komast ekki af án hans.

## 12. Frumvarp

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

### I. KAFLI

*Um tekjuskatt.*

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum, enda hafi hann verið heimilisfastur hér a. m. k. 6 mánuði af skattárinu.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér fasteignir og hefir tekjur af þeim, eða af atvinnu, eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenzkum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hér á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborgað stofnfé í öðrum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, er þeir fá fyrir slík störf.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annara ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti þeirra erlendra og íslenzkra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

3. gr.

Tekjuskatt greiða ennfremur:

a. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.

b. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnufélög.

c. Önnur félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 3 félagar í verzlunarfélagi eða öðru atvinnufélagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern einstakan félaga, ef ósk kemur fram um það frá félaginu, um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks félaga.

Slík félög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu, samskonar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um skattskyldu þeirra, sem erlendis eru búsettir.

4. gr.

Undanþegið öllum tekjuskatti er konungur og borðfé hans og ættmanna hans, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög og fyrirtæki, er þau reka, og sjóðir þeirra, íslenzkir kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og ennfremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar og sendikonsúlar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða alþjóðlegri stofnun innlendri, eigi hér fasteignir eða hafi tekjur af þeim, reki atvinnu eða eigi hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hér á landi.

6. gr.

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a. og c. lið 3. gr. reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr. greiðist af honum 1%.

| af | | til | | kr. | greiðist | | kr. | af | | kr. | og | | af afgangi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| — | 2000 | — | 3000 | — | — | 30 | — | — | 2000 | — | — | 4— | — |
| — | 3000 | — | 4000 | — | — | 70 | — | — | 3000 | — | — | 7— | — |
| — | 4000 | — | 5000 | — | — | 140 | — | — | 4000 | — | — | 9— | — |
| — | 5000 | — | 6000 | — | — | 230 | — | — | 5000 | — | — | 11— | — |
| — | 6000 | — | 7000 | — | — | 340 | — | — | 6000 | — | — | 12— | — |
| — | 7000 | — | 8000 | — | — | 460 | — | — | 7000 | — | — | 13— | — |
| — | 8000 | — | 9000 | — | — | 590 | — | — | 8000 | — | — | 14— | — |
| — | 9000 | — | 10000 | — | — | 730 | — | — | 9000 | — | — | 15— | — |
| — | 10000 | — | 12000 | — | — | 880 | — | — | 10000 | — | — | 16— | — |

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| af | 12000 | til | 14000 | kr. | greiðist | 1200 | kr. | af | 12000 | kr. | og | 17% | af | afgangi |
| — | 14000 | — | 16000 | — | — | 1540 | — | — | 14000 | — | — | 18 | — | — |
| — | 16000 | — | 18000 | — | — | 1900 | — | — | 16000 | — | — | 19 | — | — |
| — | 18000 | — | 20000 | — | — | 2280 | — | — | 18000 | — | — | 20 | — | — |
| — | 20000 | — | 25000 | — | — | 2680 | — | — | 20000 | — | — | 22 | — | — |
| — | 25000 | — | 30000 | — | — | 3780 | — | — | 25000 | — | — | 24 | — | — |
| — | 30000 | — | 35000 | — | — | 4980 | — | — | 30000 | — | — | 26 | — | — |
| — | 35000 | — | 40000 | — | — | 6280 | — | — | 35000 | — | — | 28 | — | — |
| — | 40000 | — | 45000 | — | — | 7680 | — | — | 40000 | — | — | 30 | — | — |
| — | 45000 | — | 50000 | — | — | 9180 | — | — | 45000 | — | — | 32 | — | — |
| — | 50000 | — | 60000 | — | — | 10780 | — | — | 50000 | — | — | 34 | — | — |
| — | 60000 | — | 80000 | — | — | 14180 | — | — | 60000 | — | — | 36 | — | — |
| — | 80000 | — | 100000 | — | — | 21380 | — | — | 80000 | — | — | 38 | — | — |
| — | 100000 | og | þar | yfir | — | 28980 | — | — | 100000 | — | — | 40 | — | — |

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr., greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 8%.

7. gr.

Tekjuskattinn eftir 6. gr. má með fjárlagaákvæði hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn.

8. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, ennfremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmennta, eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.

b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 11. gr. c.); ennfremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og styrktarfé. Til skattskyldra gjafa telst m. a.: Gjafir eða hlunnindi, sem sýnilega eru gefin sem kaupauki, beinar gjafir í peningum eða öðrum skattskyldum verðmætum, sem nokkru verulegu nemur, þar með talin afhending slíkra eigna í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, sbr. 10. gr. b. Komi endurgjald fyrir þessar eignir að einhverju leyti skal meta til tekna mismuninn á því endurgjaldi og áætluðu matsverði hinnar gefnu eignir. Undanskildar skulu þó tækifærisgjafir nema arðberandi eignir séu gefnar.

c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigandi notar sjálfur eða lætur öðrum í té til afnota án endurgjalds; ennfremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.

d. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt bréf sé eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annari arðberandi innstæðu. Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðsútborgunar úthlutuð fríhlutabréf og úthlutanir við félagsslit, umfram upphaflegt hlutafjárframlag og sérhver önnur afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Arð hlutafélags af eign í eigin hlutabréfum, skal reikna á sama hátt og af bréfum einstakra hluthafa.

Til arðs af verðbréfum (t. d. skuldabréfum og víxlum) teljast afföll af slíkum bréfum, en heimilt er að telja afföllin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborgunartímans.

e. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina, eða öðlazt hana á annan hátt, í því skyni að selja hana aftur með ágóða og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.

f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku.

Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefir myndazt krafa á hendur einhverjum nema um óvissar tekjur sé að ræða.

9. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem um ræðir í 3. gr., teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til eignaaukningar, yfirfærslu til næsta árs, óvenjulegra fyrninga og safnað er í tryggingarsjóði, aðra en varasjóð, heldur og þær tekjur, sem varið er til þess að greiða hluthöfum og félagsmönnum arð eða vexti af innborguðu fé og til myndunar eða aukningar varasjóða, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir.

Skattskyldar tekjur vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og iðgjaldateknanna af allri starfsemi þess.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra vátryggingarfélaga til þess að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til þess að inna af hendi skyldur sínar gagnvart vátryggðum.

Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, samkv. l. nr. 36, 27. júní 1921, í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu og ennfremur vexti af stofnsjóði og telst það eigi til skattskyldra

tekna hjá félaginu. Á sama hátt mega slík félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau þannig úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts sem tekjur hinna einstöku félagsmanna. Ennfremur skal draga frá tekjum samvinnufélaga ⅓ af varasjóðstillagi því, sem ákveðið er í 24. gr. laga nr. 36, 27. júní 1921.

Ef kaupfélag selur einnig öðrum vörur en félagsmönnum sínum, er allur arðurinn af slíkri sölu skattskyldar tekjur hjá félaginu. Geti félagið ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur.

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a. mega draga frá tekjum sínum 4% af innborguðu hlutafé eða stofnfé. Ef nokkuð af ársarðinum er lagt í varasjóð, þá er ⅓ hluti þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Ef nokkur upphæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla félagsins, skal telja helming þeirrar fjárhæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna félagsins á því ári. Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

10. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði, — hinsvegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði, — ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbréfum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða hún falli undir ákvæði í 8. gr. e. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
b. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, örorkubóta eða þess háttar.
c. Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda, sem sannast hefir um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir. Eftirgjöf skulda telst þó til tekna ef eftirgjöfin kemur fram, sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi.
d. Endurgreiðsla er skattgreiðandi fær er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

11. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er stafa

beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Sömu reglu um fyrningu skal fylgja frá ári til árs. Nánari ákvæði um hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og er þar heimilt að ákveða til frádráttar, vegna fyrningar og viðhalds fasteigna vissa hlutfallstölu (prósentu) af fasteigna- eða brunabótaverði þeirra.

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann sjálfur hefir lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé. Og ekki má færa til gjalda greiðslu fyrir einkaleyfi eða verzlunarleyfi.

b. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og séu færðar fullnægjandi sönnur fyrir tapinu. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er sannreynt þykir, að hún er töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.

c. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefir haft í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættum hvíla.

d. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Ennfremur skal draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald en 300 krónur.

e. Iðgjöld til sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærra en sem svarar 2% af hreinum tekjum aðila.

f. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem ræðir um í staflið a. Þó má ekki færa til gjalda dráttarvexti af sköttum eða útsvörum, vexti af skuldum stofnuðum vega húsbygginga, sem áfallnir eru áður en húsin eru tekin í notkun. Afföll af keyptum verðbréfum skala færa til gjalda skv. reglunum í 8. gr. d.-lið, síðustu málsgr.

g. Aukaútsvör, tekjuskatt og eignarskatt, sem greitt hefir verið á árinu.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi (sbr. 2. gr. og 3. málsgr. 3. gr.), má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, er skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnu-

veg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

12. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu. Rétt er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign hennar eða sératvinnu.

Tekjur barna, sem í foreldrahúsum eru (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn), skal telja sérstaklega til skattgjalds.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

13. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 11. gr., skal draga sem hér segir:

a. Fyrir einstakling: Í Reykjavík 800 kr., annarsstaðar á landinu 600 kr.
b. fyrir hjón: Í Reykjavík 1500 kr., annarsstaðar á landinu 1200 kr.
c. Framfærslueyri fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt: 500 kr. fyrir hvert barn. Sama er um aðra skylduómaga. Hafi skylduómagi tekjur, lækkar frádráttur sem því nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur 500 kr. eða meira.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar.

Að loknum frádrætti samkv. þessari grein, skal sleppa því, sem afgangs verður þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og miðast hann við skattgjaldið samkv. 6. gr.

Ef tekjurnar eftir allan löglegan frádrátt nema ekki fullum 100 kr. greiðist enginn skattur af þeim.

14. gr.

Skattinn skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila, eða hann sýni, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattanefnd þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

## II. KAFLI

*Um eignarskatt.*

### 15. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir: Ef eignin er yfir 5000 krónur, en undir 10000 krónum, greiðist af henni 1‰,

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| af | 10000 | til | 20000 | kr. | greiðist | 10 | kr. | af | 10000 | og | 1,5‰ af afgangi |
| — | 20000 | — | 30000 | — | — | 25 | — | — | 20000 | — | 2 — — — |
| — | 30000 | — | 40000 | — | — | 45 | — | — | 30000 | — | 3 — — — |
| — | 40000 | — | 50000 | — | — | 75 | — | — | 40000 | — | 4 — — — |
| — | 50000 | — | 75000 | — | — | 115 | — | — | 50000 | — | 5 — — — |
| — | 75000 | — | 100000 | — | — | 240 | — | — | 75000 | — | 6 — — — |
| — | 100000 | — | 250000 | — | — | 390 | — | — | 100000 | — | 7 — — — |
| — | 250000 | — | 500000 | — | — | 1440 | — | — | 250000 | — | 8 — — — |
| — | 500000 | — | 1000000 | — | — | 3440 | — | — | 500000 | — | 9 — — — |
| — | 1000000 | og | þar yfir | | — | 7940 | — | — | 1000000 | — | 10 — — — |

Af eign, sem ekki nemur yfir 5000 krónum, greiðist enginn skattur.

### 16. gr.

Eignarskattinn eftir 15. gr. má með fjárlagaákvæði hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn.

### 17. gr.

Eignarskatt greiði allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign og eignarréttindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en skattur er á lagður.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða eignarskatt af þeim eignum sínum hér á landi, sem gefa af sér tekjur þær, er um ræðir í 2. gr. og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 15. gr., þó aldrei lægri en 4‰ af hinum skattskyldu eignum.

### 18. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

### 19. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 15. og 17. gr., allar fasteignir og allt lausafé skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar og verðbréf, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi, húsgögn og aðrir innanstokksmunir og

skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgrein 17. gr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. — Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

20. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

a. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
b. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
c. Réttur til leigulauss bústaðar, eða önnur afnotaréttindi.
d. Bækur og fatnaður til einkaafnota.

21. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati eða áætluðu matsverði ef fasteignamat er ekki fyrir hendi.
b. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með gildandi verðlagsskrárverði.
c. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátryggðar.
d. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað.
e. Hlutabréf skulu talin til eignar með gangverði, ef það er skráð opinberlega. Óskráð hlutabréf skulu metin til eignar samkv. efnahagsreikningi félagsins, eins og hann var samþykktur á síðasta aðalfundi þess. Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til þess að telja þau ótrygg.
f. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema færðar séu sönnur á, að þær séu minna virði.
g. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.

Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.

22. gr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu. Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ómyndugra, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra.

23. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið,

telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Uphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100; því, sem fram yfir er, skal sleppt.

## III. KAFLI

*Um skattanefndir o. fl.*

### 24. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur samkvæmt lögum þessum er ákveðinn af skattanefndum í hreppum og skattanefndum eða skattstjóra í kaupstöðum. Í skattanefnd sitja 3 menn. Í hreppum: Hreppstjóri eða sá, er að lögum gegnir starfi hans, einn maður tilnefndur af sýslumanni og einn kosinn af hrepsnefndinni. Í kaupstöðum: Bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn kosinn af bæjarstjórn. Sé bæjarfógeti jafnframt bæjarstjóri kaupstaðarins, tilnefnir hann tvo menn í nefndina.

Skipa skal tvo varamenn, er taka sæti í skattanefndum í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn kýs bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, er bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kýs skattanefnd sjálf formann um stundarsakir.

### 25. gr.

Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra skattstjóra og varaskattstjóra. Hefir skattstjóri Reykjavíkur sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan Reykjavíkur.

Heimilt er fjármálaráðherra að gera sömu tilhögun um ákvörðun skatts í hinum öðrum kaupstöðum og sett er fyrir Reykjavík.

### 26. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og tveir menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður. Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra 3 menn í yfirskattanefnd og 3 varamenn. Hann ákveður og hver skuli vera formaður nefndarinnar.

### 27. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í ríkisskattanefnd og jafnmarga varamenn. Ákveður ráðherra hver skuli vera formaður nefndarinnar. Einn

nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði, en annar á sjávarútvegi og viðskiptum. Ríkisskattanefnd hefir skrifstofu í Reykjavík.

28. gr.

Enginn má sitja í skattanefnd, yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð,
2. sé fjárráður,
3. hafi náð lögaldri.

Í skattanefnd mega ekki sitja saman skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja, hjón, kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, hvorki sem aðalmenn né varamenn.

Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn skulu eiga heimili í skattumdæminu og ríkisskattanefndarmenn skulu eigi heimili í Reykjavík.

29. gr.

Sami maður má ekki eiga sæti nema í einni skattanefnd. Skattanefndarmenn, aðrir en bæjarstjórar, hreppstjórar og skattstjórar skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar meðnefndamaður fer frá 3. hvert ár, eftir hlutkesti í fyrsta sinn. Ef nefndarmaður fer frá eða deyr áður en tími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja í nefndinni.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa svo oft sem vill. Nefndarstarfið er borgaraskylda, sem enginn löghæfur maður getur skorazt undan að gegna, nema hann hafi verið í skattanefnd í 6 ár samfleytt eða sé orðinn 60 ára gamall.

Skattstjórar í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (sbr. 25. gr.) og formaður ríkisskattanefndar skulu skipaðir til 6 ára.

30. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar, er eigi hafa áður unnið heit embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, er þeir sitja, undirrita í gerðabók nefndarinnar drengskaparheit um það, að þeir skuli gegna starfinu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu um allt, er þeir fá vitneskju um í starfinu og varðar eignir og tekjur gjaldþegna.

31. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun eða kæru, ef það mál varðar sjálfan hann, konu, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini eða fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali, eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í nefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

32. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar fá laun fyrir störf sín sem hér segir:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annarsstaðar á landinu 4% af þeiri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 8 krónum og ekki vera minni en 4 krónur fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
b. Yfirskattanefndarmenn fá 8 krónur á dag og ferðakostnað. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
c. Borgun til skattstjóra og ríkisskattanefndar fer eftir samningi við fjármálaráðherra.

Þóknun til skattanefnda og skattstjóra greiðist úr ríkissjóði. Formenn yfirskattanefnda úrskurða reikninga skattanefnda og greiða þá á manntalsþingum. Fjármálaráðuneytið úrskurðar reikninga skattstjóra, yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

## IV. KAFLI

*Um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl.*

33. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir þegar skattanefnd tekur til starfa. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu sett í skatt þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda beri téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiði skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ráðuneytið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

34. gr.

Allir þeir, er hafa tekjur samkv. 8. gr. eða eignir samkv. 19. gr., skulu afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir og á hverjum þeim, sem veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og þeim, er hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráður og einnig á skiptaráðendum dánar- og þrotabúa.

Skýrslur þessar skulu komar í skattstofuna í Reykjavík fyrir lok janúarmánaðar, en í hendur skattanefnd eða skattstjóra annarsstaðar á landinu fyrir lok febrúarmánaðar. Skattstjóri eða skattanefnd getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt mönnum frest til framtals til 15. marz.

Þeir, sem reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, þurfa ekki að hafa skilað framtölum sínum fyrr en 31. marz í Reykjavík og 20. marz annarsstaðar á landinu, og vátryggingarfélög eigi fyrr en 30. júní.

Nú þykist framteljandi ekki sjálfur vera fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar og eignir, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess, en hann er skyldur að láta skattanefnd í té allar upplýsingar, er hún þarf, til þess að gera framtal hans sem réttast.

Hvenær sem skattanefnd þykir þörf á, getur hún krafizt þess, að skattframteljendur leggi bækur sínar fyrir hana, eða einstaka nefndarmenn, eða einn eða tvo reikningsfróða menn utan nefndarinnar, er ekki séu keppinautar framteljanda.

35. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og annara félaga og stofnana eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar þær skýrslur, er þær beiðast og unnt er að láta þeim í té, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabréf, vaxtabréf, hlutabréf og arð, um vaxtafé í bönkum, sparisjóðum og annað því um líkt. Ríkisskattanefnd hefir og ætíð aðgang að bókum banka og sparisjóða og annara peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hún felur að rannsaka skuldir, innieignir, verðbréfaeign og annað, er lýtur að efnahag gjaldþega. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá því, hvaða kaup þeir greiða hverjum manni, þar með talin stjórnarlaun, ágóðaþóknun, gjafir o. fl.

36. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún ákveða tekjuupphæð og eign hvers eins. Heimilt er skattanefnd að leiðrétta einstaka liði framtals, án þess að gera aðila aðvart, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög eða fyrirmæli, eða telja má að óyggjandi upplýsingar um viðkomandi atriði séu fyrir hendi. Nú er framtalsskýrsla, eða einstakir liðir hennar, ófullnægjandi og óglögg og tortryggileg, eða nefndin telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hún þá skora á framteljanda að láta í té skýringar þær eða sannanir, er hún telur vanta, innan ákveðins tíma, og er hann skyldur að verða við áskorun nefndarinnar. Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir til tekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir beztu vitund. Dvelji hann utanlands, eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum aðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttri, enda skal hún vera að minnsta kosti 10% hærri heldur en skattmat næst á undan, og ef vanræksla er ítrekuð, skal hækkunin vera minnst tvöföld á við hækkunina árið á undan. Komi síðar í ljós að áætlun hefir verið of lág, er heimilt að reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra en 5 ár aftur í tímann.

37. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og af eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar.

38. gr.

Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skrá, er nefnist skattskrá, um alla þá, er eiga að greiða tekjuskatt eða eignarskatt í umdæmi hennar. Í Reykjavík þarf skattskrá þó ekki að vera fullgerð fyrr en 24. dag maímánaðar. Á skattskrá skal greina skattskyldar tekjur samkv. 8. og 9. gr., frádrátt samkv. 11. og 13. gr. og tekjuskatt, skattskyldar eignir samkv. 19. gr. og eignarskatt hvers gjaldanda. Jafnframt skal skattanefnd semja aðra skrá um tekjur og eignir framteljenda, er ekki greiða tekju- eða eignarskatt.

Skattskráin skal lögð fram eigi síðar en 25. dag maímánaðar í Reykjavík og annarsstaðar á landinu eigi síðar en 1. dag aprílmánaðar. Skal hún liggja til sýnis 2 vikur, í hreppum á þingstaðnum eða öðrum hentugum stað, er skattanefnd auglýsir, í kaupstöðum í bæjarþingstofu, skattstofu eða skrifstofu lögreglustjóra, og í Reykjavík í skattstofu eða bæjarþingstofu.

Sérhver skattþegn getur krafizt munnlegra upplýsinga um það hjá skattanefnd, eftir hverju hafi verið farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

39. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína bréflega fyrir formanni skattanefndar, eða skattstjóra, í Reykjavík innan 14 daga frá því skattskrá er framlögð en annarsstaðar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar, ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður felldur um kæruna fyrir 15. dag júnímánaðar í Reykjavík en annarsstaðar fyrir lok aprílmánaðar og hlutaðeigendum gert aðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðréttir skrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem felldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er ekki greiða skatt, tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

40. gr.

Úrskurði skattanefndar eða skattstjóra má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert bréflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sé kæra ekki komin í hendur formanns yfirskattanefndar í Reykjavík fyrir 30. dag júnímánaðar og annarsstaðar fyrir 15. dag maímánaðar verður henni ekki sinnt. Þó er

yfirskattnefnd heimilt að taka til greina kæru,r er síðar koma fram, ef kærandi gerir sennilegt að hann hafi, vegna fjarveru eða annara forfalla, eigi getað kært áður en kærufrestur var úti, eða um leiðréttingu á augljósum reikningsvillum við ákvörðun skattsins sé að ræða, en leita skal nefndin álits skattanefnda eða skattstjóra um kærur þessar. Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur fyrir 15. júlí í Reykjavík og annarsstaðar fyrir maílok og tilkynna aðilum úrslitin tafarlaust.

Yfirskattanefnd úrskurðar einnig, hvort og að hve miklu leyti skuli taka til greina umsóknir þær, sem henni hafa borizt frá skattanefndum um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, er getið er í 37. gr.

Svo skal og yfirskattanefnd úrskurða kærur yfir úrskurðum niðurjöfnunarnefnda á útsvörum, samkv. fyrirmælum laga um útsvör.

41. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi sínu og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldum sínum. Ef nefndinni virðast framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, svo sem að einhver sé vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan leiðrétta skrána eftir því, sem henni þykir rétt vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal hún tafarlaust tilkynna það skattanefnd og sömuleiðis þeim aðilum, er breyting varðar.

Yfirskattanefnd skal hafa lokið störfum sínum fyrir 15. júlí í Reykjavík og annarsstaðar á landinu fyrir maílok, og sendir hún þá skattskrána ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er engan skatt greiða, til ríkisskattanefndar. Þó getur fjármálaráðherra veitt yfirskattanefnd lengri frest, ef um stórfelldar lagfæringar á skattskránni er að ræða.

42. gr.

Úrskurði yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, enda sé það gert bréflega og kæran, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum, komin til formanns fyrir júlílok — annarskostar verður henni ekki sinnt. — Ríkisskattanefnd skal leggja úrskurð á kærur úr Reykjavík fyrir septembermánaðarlok en aðrar kærur fyrir nóvemberlok og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilum úrslitin tafarlaust.

43. gr.

Ríkisskattanefnd skal hafa eftirlit með störfum skattanefnda, skattstjóra og yfirskattanefnda og samræma skattaframtöl og skattaákvörðun í hinum einstöku skattaumdæmum. Skulu nefndarmenn, eða þeir er nefndin kveður til þess, ferðast um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda í þessu skyni, þegar ástæða þykir til, og yfir höfuð leiðbeina um allt, er að skattaákvörðun og skattaframtali lýtur. Nefndin skal og yfirfara skattskrár og framtalsskýrslur. Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er framkvæmd laga þessara varðar, og getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattanefndum, skattstjórum og yfirskattanefndum, svo og hjá lánsstofnunum

og öðrum þeim, er í 35. gr. greinir. Loks getur ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en jafnan skal hún þá gera aðilum aðvart áður en hún breytir skattgjaldi þeirra án þess að yfir hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir dómstóla og einnig getur fjármálaráðherra leitað álitsdómstóla um önnur ágreiningsatriði.

Svo skal og ríkisskattanefnd úrskurða kærur yfir úrskurðum yfirskattanefnda á útsvörum samkvæmt fyrirmælum laga um útsvör.

44. gr.

Skattanefndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjármálaráðuneytið lætur gera á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

Í gerðabækur skattanefnda skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði. Skattskrá skal þó eigi rita í gerðabók skattstjóra. Yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir.

45. gr.

Formenn skattanefnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnefnd í té ókeypis endurrit af skattskrám, til afnota við niðurjöfnun útsvara. Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar gefa Hagstofunni skýrslur um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

46. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir eftirlit með því, að skattanefndir allar og skattstjórar ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefir það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa skattanefnda og skattstjóra á öllu því, er framkvæmd þessara laga varðar.

47. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefir eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

## V. KAFLI

*Refsiákvæði.*

### 48. gr.

Ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur, eða gerir það ekki fyrr en framtalsfrestur er liðinn, eða bætir ekki úr göllum, sem á framtali eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattanefnd eða skattstjóra, þá skal ekki færa niður skatt hans, þótt hann kæri, nema hann sanni, að tekjur hans eða eign hafi verið áætlað meira en fjórðungi hærra en í raun og veru var. Sé mismunurinn ¼ eða meiri, skal hann greiða skatt af hinum réttu upphæðum, að viðbættum ¼.

Ákvæðum þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef gjaldþegn hefir fært gildar ástæður sér til afsökunar.

### 49. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við meira en 10 ár alls. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði fjármálaráðherra, gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meiru en 10000 kr.

### 50. gr.

Sá, sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsgr. 49. gr., skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi hefir skýrt frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera bar, og því greitt minni skatt en honum bar skylda til.

### 51. gr.

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá, og skal þá gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í tímann en 5 ár, enda sé skattálagningin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp undan henni með sama hætti sem öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.

### 52. gr.

Skattanefndarmönnum og skattstjóra er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er að segja um þá, er veita nefndunum eða skattstjórum aðstoð við starf þeirra, eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

53. gr.

Nú gegnir einhver ekki skyldu sinni samkvæmt 35. gr., eða skorast undan að láta þar nefndar skýrslur af hendi, og sker fjármálaráðherra þá úr og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

54. gr.

Nú hefir skattanefnd eða skattstjóri ekki framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum, áður lögmæltur frestur er liðinn, og varðar það þá sektum, allt að 200 kr., og getur fjármálaráðuneytið auk þess skyldað hina brotlegu til þess að ljúka störfunum, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann, sem ekki hefir lögmæta afsökun.

55. gr.

Mál út af brotum þeim, er ræðir um í 49. gr., 1. málsgr., og 52. gr. laga þessara, skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 48. gr., 49. gr., 3. málsgr., 53. gr. og 54. gr. segir, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, en ekki skal slíkt mál höfða, nema skattþegn sjálfur, skattanefnd, skattstjóri eða fjármálaráðherra krefjist þess.

56. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með aðför.

## VI. KAFLI

*Ákvæði til bráðabirgða.*

57. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að innheimta með 10% álagi skatt álagðan á árinu 1935 samkvæmt lögum þessum. Þó skal eigi innheimta minni fjárhæð en 3 kr. hjá gjaldanda.

## VII. KAFLI

58. gr.

Fjármálaráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd og skilning laga þessara, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattanefnda og skattstjóra. Ennfremur lætur hann gera fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað ríkissjóðs.

59. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinn lagður á árið 1935. Um leið og þau koma til framkvæmda eru úr gildi numin:

Lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Tilskipun nr. 84, 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Tilskipun nr. 54, 4. ágúst 1924, um breyting á og viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Lög nr. 2, 26. marz 1923, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 39, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 7. 16. maí 1925, um breytingar og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921.

Tilskipun nr. 60, 19. okt. 1925 um tekjuskatt sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn o. fl.

Tilskipun 12. apríl 1929 um breyting á og viðauka við tilskipun nr. 84, 30. nóv. 1921 um ákvörðun tekjuskatt og eignarskatt í Reykjavík.

Lög nr. 20, 23. júní 1932, um ríkisskattanefnd.

Ennfremur öll önnur lög eða fyrirmæli, sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lagafrumvarp þetta er byggt á grundvelli tekju- og eignarskattslaganna frá 1921, með þeim viðaukum og breytingum, sem á þeim hafa verið gerðar.

Við þær breytingar, sem hér eru ráðgerðar á núgildandi skattalöggjöf, er að nokkru leyti stuðst við skattalagafrumvörp þau, sem borin voru fram á Alþingi 1930 af milliþinganefnd í skattamálum. Um textabreytingarnar að öðru leyti er það að segja, að þar er ekki um veruleg nýmæli að ræða, heldur orðabreytingar og nánari skýringar þar sem reynslan hefir sýnt að fyllri ákvæða var þörf.

Þá hefir tekju- og eignarskattsstiginn verið hækkaður nokkuð frá því sem nú er og liggja til þess fyrst og fremst tvær orsakir.

Í frumvarpinu hefir verið fallizt á það álit framangreindrar milliþinganefndar, sem einnig mun vera skoðun alls þorra manna, að persónufrádráttur sá, sem veittur er samkvæmt núgildandi lögum, sé of lágur. En sú breyting persónufrádráttar, sem hér er gengið inn á, myndi leiða til allverulegrar lækkunar á skatttekjum ríkissjóðs, ef skattstiginn væri ekki hækkaður.

Reynsla síðari ára hefir leitt í ljós, að skatttekjur ríkissjóðs, eins og þær hafa verið ákveðnar samkvæmt núgildandi skattstiga, hafa hrokkið svo skammt, að óhjákvæmilegt hefir verið að innheimta þær með talsverðu álagi, eftir heimildarlögum í hvert skipti. Nam þetta álag 25% árið 1932, 40% árið 1933 og engum mun til hugar koma að komizt verði hjá svipuðu álagi fyrir yfirstandandi ár og um ófyrirsjáanlegan tíma. Virðist þá einsætt að réttara sé að

ganga frá skattstiganum til frambúðar, en að stjórn og þing verði svo að segja að ákveða nýjan skattstiga á hverju þingi.

Verði frumvarp þetta að lögum er gert ráð fyrir, að tekju- og eignarskattur samkvæmt því nemi allt að 1 millj. og 800 þús. kr. árlega. Árið 1933 reyndist skatturinn, með 40% álagi, ca. 1.437 þúsund kr., þrátt fyrir fjárhagsörðugleika ársins 1932. Er þá skatthækkunin, frá því sem þá var, ca. 360 þúsund kr.

Þá er að lokum stjórninni veitt heimild til þess í frumvarpinu, að innheimta skattinn á næsta ári, samkvæmt þessum lögum, með 10% álagi. Er það miðað við hina sérstöku erfiðleika, sem nú eru á fjárhagsafkomu ríkisins, og er eigi óeðlilegt að gripið sé til þessarar hækkunar til þess að sjá afkomu ríkissjóðs borgið. Með þessu 10% álagi er reiknað með að skatturinn verði liðlega 1.9 millj. kr., eða tæpl. 500 þús. kr. hærri en hann reyndist árið 1933.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim breytingum á gildandi löggjöf, sem frumvarpið ráðgerir.

Um 1. gr.

Þessi grein er samhljóða 1. gr. laga 1921, að því undanskildu að það er beinlínis gert að skilyrði fyrir skattskyldu sökum heimilisfangs, að skattþegn hafi verið heimilisfastur hér á landi hálft skattárið. Þetta er gert til þess að vernda þá, er flytja milli Íslands og annara landa, fyrir tvísköttun, sbr. niðurlag 5. gr. l. 1921.

Um 2. gr.

Í 1. málsgrein kemur orðið „fasteignir“ í stað „eignir“ og er það samkvæmt þeim skilningi, sem í þessa grein hefir verið lagður. Enn fremur koma orðin: í öðru ríki, í staðinn fyrir „annarsstaðar“ og er það aðeins orðabreyting.

Í 2. málsgrein er bætt inn í til skýringar orðunum: eða innborgað stofnfé í öðrum atvinnufélögum.

Skattskyldar eignatekjur þeirra, sem erlendis eru búsettir, eru hér bundnar við fasteignir, hlutafé eða stofnfé í innlendum fyrirtækjum eða aðrar eignir, sem bundnar eru við atvinnu eða fyrirtæki, sem hér eða héðan er rekið, og er það í samræmi við framkvæmd skattalaganna.

Tvær síðari málsgreinar samsvara 2. og 3. gr. laga nr. 7 16. maí 1925. Hér er þó gerð sú breyting á, að allir þjónustu menn íslenzka ríkisins erlendis eru undanþegnir skattskyldu, í stað þess að áður var það gert með konunglegri tilskipun; einnig er heimild ríkisstjórnarinnar til að semja um gagnkvæmar ívilnanir í skattgjöldum látin ná til allra annara ríkja, en ekki bundin við Danmörku eina saman. Loks er felt niður ákvæðið um ívilnanir í sveitargjöldum, þar eð það virðist ekki eiga heima í lögum um tekju- og eignarskatt.

Um 3. gr.

Hér er gerð orðabreyting á síðustu málsgr. 3. gr. laganna frá 1921, með tilliti til breytinganna á 2. gr. og einnig er bætt við nýrri málsgr. um að fjármálaráðherra setji nánari ákvæði um skattskyldu útlendinga.

Um 4. gr.

Til skýringar er í greininni skotið inn orðunum: ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir, og ennfremur þeim ákvæðum, að fyrirtæki, er bæjarfélög reka, og sjóðir þeirra, skuli vera skattfrjálsir. Í staðinn fyrir „kirkjusjóðir" kemur: íslenzkir kirkjusjóðir og þykir rétt að hafa þá takmörkun. Ennfremur er feld burtu 2. málsgr. 4. gr. laganna frá 1921, með því að réttast þykir að þau ágreiningsefni, sem þar ræðir um, séu eingöngu dómstólamál.

Um 5. gr.

Þessi grein er að efni til samhljóða 5. gr. laga 1921 eftir því sem hún hefir verið skilin. Niðurlag greinarinnar, eins og það er í lögunum frá 1921, er tekið upp í 1. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Auk hækkunar skattstigans er hér gert ráð fyrir þeirri breytingu, að sami skattstigi gildi fyrir einstaklinga og félög, önnur en samvinnufélög. Félög með lítið hlutafé greiða nú margfaldan skatt á við félög með mikið hlutafé þótt skattskyldar tekjur beggja séu jafnar. Virðist eigi sanngjarnt að skattleggja hinn skattskylda hluta tekna smærri félaganna freklegar en hinna stærri, né heldur að hafa mismunandi skattstiga fyrir félög og einstaklinga. Þann mismun, sem rétt telst að gera á þessum gjaldendum, á að gera með mismunandi frádrætti við ákvörðun hinns skattskylda hluta teknanna, en sjálfsagt virðist að sami skattur greiðist jafnan af sömu skattskyldum tekjum.

Um samvinnufélög er þó nokkuð öðru máli að gegna og er lagt til að skattgjald þeirra verði 8% af skattskyldum tekjum.

Um. 7. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 8. gr.

Hér er bætt við í b-lið ákvæði um það, hvaða gjafir beri að telja skattskyldar. Er þar stuðst við hvernig skattalögin hafa verið framkvæmd í þessu efni.

Í c. lið er bætt við ákvæði um það, að reikna beri mönnum til tekna leigu eða afgjald eftir eignir, er þeir láta öðrum í té til afnota án endurgjalds. Hefir liður þessi verið skilinn þannig og þessari reglu jafnan verið fylgt í framkvæmdinni og virðist því rétt að breyta ákvæðinu á þessa leið.

Í d. lið er bætt við fyllri ákvæðum um hvað telja beri til arðs af hlutabréfum og er þar höfð hliðsjón af ákvæðum danskrar löggjafar um sama efni. Ennfremur eru sett ákvæði um affallatekjur af verðbréfum og hvernig beri að telja þær til tekna. Er þar farið eftir fyrimælum ríkisskattanefndar Íslands.

Að lokum er bætt við greinina því nýmæli, að tekjur skuli jafnan telja til tekna á því ári er þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefir myndazt krafa á hendur öðrum, þótt ógreitt sé. Er það í samræmi við framtalsvenju manna

almennt, en auðveldara til samanburðar og yfirlits fyrir skattanefndir, að sem flestir fylgi sömu framtalsreglu að þessu leyti.

Um 9. gr.

Þessi grein samsvarar 9. gr. laga 1921 og l. nr. 39, 4. júní 1924. Auk nokkurrar lagfæringar á orðalagi eru gerðar þessar breytingar:

Hér er bætt inn í ákvæði um það, að stofnsjóðstillög og stofnsjóðsvextir samvinnufélaga skuli eigi talið til skattskyldra tekna þeirra. Skattalögin hafa frá upphafi verið framkvæmd þannig, að stofnsjóðir félaganna hafa verið taldir með skuldum þeirra og til eignar hjá einstökum félagsmönnum. Virðist því einsætt að tillög í stofnsjóði og vexti af þeim, sem bætist við séreign félagsmanna, beri að telja til frádráttar hjá félaginu, enda hafa skattalögin verið framkvæmd þannig allsstaðar á landinu.

Einnig er hér ákveðið að ⅓ af hinu lögboðna varasjóðstillagi samvinnufélaga skuli vera skattfrjáls, eins og varasjóðstillag hlutafélaga. Virðist það sjálfsagt þar sem samvinnulögin mæla svo fyrir, að þótt félagsslit verði, megi varasjóðurinn eigi renna til félagsmanna.

Tekin eru upp í þessa grein ákvæðin úr 13. gr. í lögunum frá 1921 um hlutafjárvexti og varasjóðstillög hlutafélaga.

Á þessum ákvæðum er gerð sú breyting, að 4% frádrátturinn af hlutafé er bundinn við félög með takmarkaðri ábyrgð, samkvæmt úrskurði, sem ríkisskattanefnd hefir fellt um þetta efni.

Ákvæði um hve mikill hluti af tekjum vátryggingarfélaga skuli teljast skattskyldur, virðist ástæðulaust að láta ráðherra setja, þar sem skapazt hefir föst venja um þau efni, sú, er frumvarpið greinir, og ákvæðin um framtalsfrest félaganna eiga heima í 34. gr.

Um 10. gr.

Hér er bætt við því ákvæði, í 6. lið, að örorkubætur séu eigi skattskyldar sem tekjur og er það í samræmi við framkvæmd laganna.

Ennfremur er gert ráð fyrir þeirri breytingu að af fyrirframgreiðslum upp í arf sé greiddur erfðafjárskattur um leið og greiðsla fer fram.

Í d. lið er bætt við því ákvæði að eftirgjöf skulda teljist ekki til tekna, með vissum takmörkunum, og er þar einnig farið eftir því, hvernig skattalögin hafa verið framkvæmd í þessu efni.

Sama er að segja um breytingu á d. lið.

Um 11. gr.

Í a. lið er fjármálaráðherra veitt heimild til að ákveða í reglugerð, að draga skuli frá tekjum vegna viðhalds fasteigna ákveðna prósentu af matsverði þeirra. Þetta hefir ekki tíðkazt enn hér á landi, en mundi verða til mikils léttis fyrir skattanefndir. Reynslan hefir leitt í ljós, að fjöldi manna gerir lítt greinarmun á venjulegu viðhaldi og endurbótum, sem skapa varanlega eignaaukningu. Verða því skattanefndir eða skattstjóri iðulega að áætla hvað sé

frádráttarbært viðhald og hlýtur sú áætlun að verða meira og minna af handa hófi og varanlegt deiluatriði milli skattanefnda og skattþegna.

Hér er bætt við nýjum b. lið um skulda-afskriftir, í samræmi við þær reglur, sem þar um eru nú látnar gilda.

Í d. lið (áður c. liður) er hámark iðgjaldsgreiðslu fyrir ólögboðna persónutryggingu bundið við 300 kr.

E. liður hér er nýr. Þykir sanngjarnt, að iðgjöld til sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða séu leyfð til frádráttar, líkt og önnur iðgjöld, innan þess hámarks er greinin setur.

F. liður (áður d. liður). Hér er bætt við því ákvæði, að dráttarvextir af útsvörum og sköttum séu eigi frádráttarbærir. Er það í samræmi við undanfarna venju að því er snertir dráttarvexti af útsvörum, og þykir rétt að lögfesta þá venju.

Vexti af byggingum, sem eru í smíðum, þykir rétt að leyfa eigi til frádráttar, frekar en annan byggingarkostnað. Ákvæðið um affallatap leiðir af ákvæðunum í 8. gr. d. lið, seinni málsgrein.

G. liður (áður e. liður). Hér er bætt við því ákvæði að útsvör og tekjuskattur komi því aðeins til frádráttar, að greitt sé. Hafa lögin verið framkvæmd þannig samkv. úrskurði fjármálaráðherra, enda skapar það nokkurt aðhald um innheimtuna.

Um 12. gr.

Hér er gerð sú sjálfsagða breyting, að hjón ábyrgist skattgreiðslu hvors annars. Eru þess ýms dæmi að skattur hafi tapast vegna þeirra ákvæða laganna frá 1921, að bóndi ábyrgist einn skattgreiðsluna.

Að öðru leyti er greinin í samræmi við gildandi lög.

Um 13. gr.

Hér er gerð sú breyting, að persónufrádrátturinn er hækkaður nokkuð fyrir fullorðna og gerður mismunur á frádrættinum í Reykjavík og annarsstaðar á landinu. Verður því ekki mótmælt, að hér sé gert spor í rétta átt, þótt jafnan megi um deila, hvað rétt sé að ganga langt í þessu efni.

Einnig er aldurshámark barna, er framfærslueyrir dregst frá fyrir, hækkað úr 14 í 16 ár. Er það gert með tilliti til þess, að flestir unglingar stunda eitthvert nám, bóklegt eða verklegt, a. m. k. 2 ár eftir lok skólaskyldualdurs.

Um 14. gr.

Hér er aðeins um að ræða orðabreytingar frá 14. gr. laganna frá 1921.

Um 15. gr.

Hér er gert ráð fyrir nokkurri hækkun á eignarskatti, þó lítilli miðað við innheimtan skatt 1933.

Um 16. gr.

Sbr. um 7. gr.

Um 17. gr.

Seinni hluti þessarar greinar er færður til samræmis við 2. gr., sbr. og 3. gr. frumvarpsins. Einnig er lágmarksskattgjald útlendinga hækkað úr 2‰ í 4‰.

Um 18. gr.

Er samhljóða 17. gr. laganna frá 1921.

Um 19. gr.

Er samhljóða 18. gr. laganna frá 1921.

Um 20. gr.

Auk orðabreytinga er bætt við nýjum lið þess efnis, að bækur og fatnaður til einkaafnota sé undanskilið eignarskatti, og er það í samræmi við framkvæmd gildandi laga.

Um 21. gr.

A. liður. Hér er aukið við ákvæði um að skattanefnd geti farið eftir áætluðu matsverði fasteigna ef fasteignamat — hvorki aðalmat eða millimat — er fyrir hendi.

B. liður er nýr en mun vera samkvæmt gildandi venju.

D. liður er nýr, en samkvæmt gildandi framtalsreglu.

E. liður. Ákvæðin í þessum lið eru að mestu leyti miðuð við framkvæmd laganna að því er snertir mat verðbréfa og samkvæmt úrskurði ríkisskattanefndar um þessi efni.

Aðrar breytingar má telja orðabreytingar.

Um 22. gr.

Auk ákvæðisins um samábyrgð hjóna á skattgreiðslu, sbr. 12. gr., er bætt við því fyrirmæli, að þeir, sem hafa á hendi fjárforráð ómyndugra, beri ábyrgð á skattgreiðslu þeirra.

Um 23. gr.

Aðeins orðabreytingar frá 22. gr. laganna frá 1921.

Um 24. gr.

Innihald greinarinnar er hið sama og 24. gr. laganna frá 1921, aðeins um orðabreytingar að ræða.

Um 25. gr.

Þessi grein er að innihaldi svipuð 1. gr. tilskipunar nr. 84, 30. nóv. 1921 og þarfnast því ekki skýringar; þó er sú breyting gerð að heimila fjármálaráðherra að taka upp í öðrum kaupstöðum sama fyrirkomulag í þessu efni og nú gildir í Reykjavík, ef þess yrði talin þörf, þ. e. að skipa þar skattstjóra í stað skattanefnda.

Um 26. gr.

Er samhljóða 25. gr. l. 1921, nema aukið er við ákvæðum um skipun yfirskattanefndar í Reykjavík skv. tilsk. nr. 84, 30. gr. nóv. 1921 og þarf sú breyting ekki skýringar við.

Um 27. gr.

Í frumvarp þetta eru felld inn lög um ríkisskattanefnd, nr. 20, 23. júní 1932, með fáeinum breytingum. Svarar þessi grein til ákvæða í 2. og 3. gr. nefndra laga og þarf ekki annarar skýringar.

Um 28. gr.

Þessi grein er að mestu ný og telur skilyrði þau, sem skattanefndarmenn verða að fylla og hversu skyldir og mægðir þeir menn mega vera, er sitja saman í nefnd.

Um 29. gr.

Þessi grein svarar til 26. gr. l. 1921 og eru aðeins gerðar orðabreytingar á henni til samræmis öðrum breytingum, er frumvarp þetta ráðgerir.

Um 30. gr.

Er að undanteknum fáeinum orðabreytingum samhljóða 27. gr. laga 1921.

Um 31. gr.

Hún svarar til 28. gr. l. 1921 en er hér gerð talsvert ítarlegri til þess að fyrirbyggja að hlutdrægni komist að við skattákvörðun.

Um 32. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir þeirri breytingu frá gildandi lögum að tryggja undirskattanefndum 4 kr. borgun minnst hverjum manni á dag og þykir það eigi mega minna vera. Um borgun til ríkisskattanefndar vísast til laga nr. 20, 23. júní 1932.

Um 33. gr.

Þessi grein er að innihaldi eins og 30. gr. l. 1921.

Um 34. gr.

Hér er lagt til að sú breyting verði gerð, að í stað þess að þeir einir, sem „hafa skattskyldar tekjur", skuli afhenda framtöl, sé ákveðið að allir, er hafa tekjur eða eignir samkv. 8. og 19. gr. hafi þessa skyldu. Geta skattanefndir eigi gengið úr skugga um, hverjir hafi skattskyldar tekjur eða eignir, nema framtölin séu fyri hendi. Einnig er framtalsskyldan látin ná til skiptaráðenda dánar- og þrotabúa.

Ákvæðið um framtalsfrest vátryggingarfélaga er hér sett samkvæmt gildandi venju.

Að öðru leyti svarar greinin til 31. gr. l. frá 1921 með þeim breytingum, sem leiðir af tilskipun 12. apríl 1929 um breyting á og viðauka við tilsk. nr. 84, 30. nóv. 1921.

Um 35. gr.

Hér er aukið inn í ákvæði um rétt ríkisskattanefndar til aðgangs að bókum lánstofnana, sbr. 6. gr. l. nr. 20, 23. júní 1932. Ennfremur eru nokkrar orðabreytingar til frekari skýringar, en annars svarar greinin til 32. gr. l. 1921.

Um 36. gr.

Hér er skattanefnd og skattstjóra veitt heimild til að leiðrétta framtöl, innan vissra takmarka, án þess að gera aðila aðvart. Reynslan hefir sýnt t. d. í Reykjavík, að varla er nokkurt framtal svo úr garði gert, að ekki þurfi einhverrar lagfæringar við, en margt af því eru smávegis breytingar til samræmis við gildandi fyrirmæli (s. s. fyrning húsa, iðgjöld, eða samkvæmt uppgefnum heimildum (t. d. greiddur skattur og útsvar) ellegar burtfelling gjaldaliða, sem ekki eru frádráttarbærir (heimiliskostnaður etc.) o. m. fl. Verður þess varla krafizt, að allar þessar breytingar séu tilkynntar gjaldendum. Einnig hefir fjöldi framteljanda þá venju að skilja eftir eyðu, til útfyllingar í skattstofunni, fyrir ýmsum tekju- og gjaldaliðum, þar sem vitað er að skattstofan hefir öll gögn í höndum þessu viðvíkjandi. Hér er farið fram á að lögfesta þá venju, sem um þetta hefir skapazt og ekki mun óskað eftir, að frá verði horfið.

Ennfremur er hér veitt heimild til að reikna skatt gjaldanda að nýju, ef uppvíst verður að skattur hafi verið of lágt áætlaður.

Að öðru leyti er aðeins um orðabreytingar að ræða á 33. gr. l. 1921.

Um 37. gr.

Hér eru aðeins lítilfjörlegar orðabreytingar á 34. gr. l. 1921.

Um 38. gr.

Það nýmæli er í þessari grein að á skattskrá skuli greina tekjur, frádrátt og eignir gjaldenda, auk skattsins. Ennfremur að sérstaka skrá skuli semja um tekjur og eignir framteljenda, sem engan skatt greiða. Er þetta ákvæði í samræmi við aukna framtalsskyldu samkv. 34. gr. og til þess að fá fyllri vitneskju um tekjur og eignir landsmanna yfirleitt. Loks eru sett sérstök ákvæði um, hvenær og hvar skattskrá skuli lögð fram í Reykjavík. Er það í samræmi við 34. gr. og miðað við venju undanfarin ár. Að öðru leyti aðeins orðabreytingar.

Um 39. gr.

Hér eru sett sérstök ákvæði um kærufrest og lok kæruúrskurðunar í Reykjavík, í samræmi við breytingar í 38. gr. og gildandi venjur. Ennfremur er niðurlagi greinarinnar breytt til samræmis við 37. gr.

Um 40. gr.

Hér eru tekin upp ákvæði tilsk. 12. apríl 1929 um heimild yfirskattanefnda til þess að taka til greina kærur, sem of seint eru fram komnar. Ennfremur er ákveðið að yfirskattanefnd skuli hafa lokið störfum sínum fyrir 15. júlí í Reykjavík, og loks bætt við fyrirmæli um úrskurðun yfirskattanefnda á útsvörum, sbr. 43. gr. Að öðru leyti er efni greinarinnar samhljóða 37. gr. l. 1921.

Um 41. gr.

Hér eru gerðar nokkrar smábreytingar á 38. gr. l. 1921, til samræmis öðrum breytingum, er frumvarp þetta ráðgerir.

Um 42. gr.

Sjá l. nr. 20, 23. júní 1932, 4. gr. l. Hér er sú breyting gerð, að ríkisskattanefnd skuli hafa úrskurðað kærur úr Reykjavík fyrir septemberlok, en kærur utan af landi fyrir nóvemberlok. Hefir reynslan sýnt, að þessi mismunur er nauðsynlegur.

Um 43. gr.

Sjá l. nr. 20 1932, 4. gr. Hér er gerð sú efnisbreyting, að fjármálaráðherra er veitt heimild til að leita álits dómstóla um ágreiningsatriði, auk þeirra, sem skattskyldu varða, ef hann vill eigi una úrskurði ríkisskattanefndar.

Um 44. gr.

Samsvarar 39. gr. l. 1921. Skattskrá Reykjavíkur þykir eigi fært að láta rita í gerðabók skattstjóra. Aðrar breytingar leiða af því, sem áður hefir verið gerð grein fyrir.

Um 45. gr.

Þessi grein er að efni samhljóða 40. gr. l. 1921.

Um 46. gr.

Innihald þessarar greinar er í samræmi við 41. gr. l. 1921.

Um 47. gr.

Auk nauðsynlegrar orðabreytingar á 42. gr. l. 1921 er hér sagt fyrir um, hvernig fara skuli um innheimtu eða endurgreiðslu þess skatts, sem greiða ber samkvæmt ákvæðum ríkisskattanefndar. Einnig er sett inn ákvæði um dráttarvexti af sköttum, líkt og nú gildir um útsvör. Ennfremur er fjármálaráðherra veitt heimild til að setja fyllri ákvæði um skattinnheimtu og loks eru felld inn í, með lítilsháttar orðabreytingum, ákvæði 3. gr. l. nr. 13, 5. júní 1933 og þarf þar ekki frekari skýringar við.

Hér er rétt að geta þess að felld hefir verið niður 43. gr. l. 1921, um að hver heimilisfaðir skuli inna skattinn af hendi fyrir þá menn, sem eru heimilisfastir hjá honum á gjalddaga, því að sú regla virðist eigi sanngjörn.

Um 48. gr.

Þessi gr. svarar til 44. gr. l. 1921. Eru gerðar á henni nokkrar orðabreytingar, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 49. gr.

Hér er stungið upp á nokkrum orðabreytingum á 45. gr. l. 1921, en þær þarfnast ekki skýringa. Sú breyting er þó gerð að skiftaforstjórar eru eigi skyldir að gefa skattanefndum skýrslu um eignir látinna manna, ef fjármunir dánarbús nema minna en 10000 kr. (í stað 6000 kr.).

Um 50. gr.

Er samhljóða 46. gr. l. 1921.

Um 51. gr.

Þessi grein er ný. Í lögunum frá 1921 eru engin ákvæði um þá gjaldþegna, sem eiga að greiða skatt, en af einhverjum ástæðum hafa fallið af skrá, en réttara er að einnig séu fyrirmæli um að slíkir gjaldþegnar skuli greiða skatt, þegar uppvíst verður að þeir hafa undan fallið. Þó hefir ekki þótt rétt að innheimta skatt fyrir lengri tíma en 5 ár, meðal annars af því að þegar skattþegn er ekki tekinn á skrá, má venjulega telja það sök skattanefndar að einhverju leyti.

Um 52. gr.

Er eins og 47. gr. l. 1921.

Um 53. gr.

Þessi grein er að innihaldi eins og 1. málsgr. 48. gr. l. 1921.

Um 54. gr.

Grein þessi svarar til 2. málsgr. 48. gr. l. 1921. Hefir þótt fara betur á, vegna niðurröðunar efnisins, að skipta þeirri grein í tvennt. Breytingar þær, sem gerðar hafa verið, þarfnast ekki skýringa.

Um 55. gr.

Greinin er að innihaldi eins og 49. gr. l. 1921.

Um 56. gr.

Er með sama innihaldi og 50. gr. l. 1921.

Um 57. gr.

Um grein þessa vísast til inngangs greinargerðarinnar.

Um 58. gr.

Er að efni til samhljóða 51. gr. l. 1921.

Um 59. gr.

Þarf ekki skýringar við.

## 13. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga um verðtoll.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

Lög nr. 47, 15. júní 1927, um verðtoll af nokkrum vörum, svo og lög nr. 5, 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiða af lögum nr. 11, 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll skulu gilda til ársloka 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lögin um verðtoll, með þeim breytingum sem á þeim eru orðnar, falla úr gildi í árslok 1934. Með því að auðsýnt er, að eigi má skerða tekjur ríkissjóðs um þá verulegu fjárhæð, sem verðtollurinn nemur, fer frumvarp þetta fram á að halda honum óbreyttum til ársloka 1935.

## 14. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

Fyrir 6., 7., 12., 13. og 14. lið 1. gr. laganna komi:

6. a. af óunnu tóbaki 4 kr. af hverju kg.
   b. af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki kr. 6.40 af hverju kg.
7. a. af tóbaksvindlum kr. 16 af hverju kg.
   b. af vindlingum (cigarettum) kr. 14.40 af hverju kg. Vindlingarnir skulu tollaðir að meðtöldum pappírnum, öskjum og dósum, sem þeir eru seldir í.
12. Af öllum tegundum af suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og kakaodeigi kr. 1.00 af hverju kg.
13. a. Af kakaodufti 50 au. af hverju kg.
   b. Af kakaobaunum brenndum, muldum og ómuldum, 50 aura af hverju kg.
   c. Af kakaobaunum óbrenndum og ómuldum 35 au. af hverju kg.
14. Af öllum tegundum af brjóstsykri, konfekti, átsúkkulaði og sykruðum ávöxtum kr. 3.00 af hverju kg.

Verði ágreiningur um flokkun í framangreinda tollflokka fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1935 að innheimta með 25% gengisviðauka tolla af þeim vörum, sem taldar eru í 1. gr. laga þessara.

3. gr.

Lög nr. 48, 27. júní 1925 og lög nr. 116, 19. december 1933 eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með því að gera verður ráð fyrir að auka verði tolltekjur ríkissjóðs, þannig að tekjur ríkissjóðs skerðist ekki þótt innflutningur kynni að minnka, þykir rétt að fara fram á að hækka toll af tóbaki. Sömuleiðis er hækkaður tollur á brjóstsykri, átsúkkulaði og sykruðum ávöxtum, og gengisviðaukinn 25% framlengdur til ársloka 1935.

## 15. Frumvarp

til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1934.)

1. gr.

Landsbanki Íslands og útvegsbanki Íslands h.f. hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, þangað til öðru vísi kann að verða ákveðið af fjármálaráðherra með reglugerð. Bönkunum skal skylt að hlíta þeim reglum um gjaldeyrisverzlunina, sem fjármálaráðherra setur.

Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að tryggja, að íslenzkar afurðir, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri og að hann renni til bankanna.

2. gr.

Með reglugerð er heimilt að ákveða, að engar vörur megi flytja til landsins og að engan erlendan gjaldeyri megi láta af hendi, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar, sbr. 4. gr.

3. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem fjármálaráðherra skipar. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu bankastjóra landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu bankastjóra útvegsbanka Íslands h.f. og þrír af fjármálaráðherra án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast um lengri tíma, skipar fjármálaráðherra varamann um stundarsakir eftir sömu reglum og aðalmenn eru skipaðir.

4. gr.

Fjármálaráðherra setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum. Heimilt er að veita nefndinni með reglugerð vald til þess að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og tollstjórinn í Reykjavík skulu láta gjaldeyris- og innflutningsnefnd í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og

söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt sem skip það, er vörurnar flytur, leggur frá landi. Enn fremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta nefndinni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan; skal skýrslan vera í því formi, er nefndin ákveður í samráði við hagstofustjóra.

6. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50000.00, nema þyngri refsing liggi við. Sömu hegningu varðar það, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði, er gjaldeyris- og innflutningsnefnd kann að hafa sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingum. Enn fremur er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á lögum þessum, reglugerðum og auglýsingum eða skilyrðum gjaldeyris- og innflutningsnefndar fyrir leyfisveitingum.

7. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum, reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum er numin úr gildi 3.—6. gr. laga nr. 48, 4. júní 1924 og lög nr. 1, 8. marz 1920.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpi þessu er ætlað að koma í stað laga nr. 1 frá 1920, um heimild fyrir landstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, laga nr. 48 frá 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverzlun, nema að því er snertir ákvæði þeirra laga um gengisskráningu, og enn fremur bráðabirgðalaga um gjaldeyrisleyfi, innflutning o. fl. frá 8. marz 1934. Eru þau bráðabirgðalög prentuð hér með sem fylgiskjal.

Frumvarpið felur í sér tvær aðalbreytingar frá þeim ákvæðum, sem nú gilda um þessi mál, og skal að þeim vikið.

1. Samkv. frumvarpinu hefir ríkisstjórnin heimild til þess að ákveða að allur vöruinnflutningur til landsins sé háður leyfum, en samkv. núgildandi bráðabirgðalögum er henni heimilt að ákveða, að leyfi gjaldeyrisnefndar þurfi til að flytja inn vissar vörur. Reynslan hefir sýnt það, að til þess að hafa nægileg tök á innflutningnum, eru gildandi fyrirmæli ófullnægjandi. Liggja til þess m. a. þær ástæður, að þegar takmarkaður er innflutningur á vissum vörum, leita verzlunarmenn eftir því að hafa á boðstólum í staðinn aðrar vörur, sem ekki eru takmarkaður innflutningur á, en þeir hafa ekki áður verzlað með, og myndast þannig óeðlilegur innflutningur ýmsra vörutegunda, sem koma verður í veg fyrir. Fleira kemur og til greina og verður rakið í framsögu.

2. Samkvæmt frumvarpinu er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að *engan*

erlendan gjaldeyri megi láta af hendi, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar. En í lögum um gjaldeyrisverzlun nr. 48, frá 1924 er sú undantekning gerð, að erlendur gjaldeyrir verði ekki tekinn til umráða handa bönkum „ef eigandi hans færir sönnur á, að hann þurfi að nota gjaldeyrinn til þess að borga nauðsynjavörur til atvinnurekstrar síns eða nauðsynleg tæki til hans á næstu 6 mánuðum eða þurfi að nota hann til fullnægingar skuldbindingum, sem hann hefir tekið á sig vegna atvinnurekstrar síns, nema nefndin tryggi honum yfirfærslu í því skyni á allt að jafnmiklum gjaldeyri þegar hann þarf með". Þessi undantekning, jafnviðtæk sem hún er, hefir valdið mjög miklum örðugleikum við framkvæmd skipulagðrar gjaldeyrisverzlunar og þarf að afnema hana, ef koma á þeim leiðréttingum fram í þeim málum, sem þörf er á.

Greiðslujöfnuður ársins 1933, hinn mjög svo óhagstæði verzlunarjöfnuður það sem af er þessu ári og horfur á ýmsum örðugleikum á sölu afurða landsmanna á næsta ári, virðist gera alveg óhjákvæmilegt að breyta löggjöfinni um gjaldeyris- og innflutningsmálin á þann hátt, sem ráð er fyrir gert í þessu frumvarpi.

**Fylgiskjal.**

**Bráðabirgðalög**

um gjaldeyrisleyfi, innflutning o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að vegna utanríkisverzlunar landsmanna og vegna atvinnu- og framleiðslu innanlands, sé nauðsynlegt að stjórnin geti með veitingu gjaldeyrisleyfa haft fastari tök á vöruinnflutningnum en nú er.

Með því að svo er ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar frá 18. maí 1920.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða það að til þess að flytja vissar vörur eða vöruflokka til landsins þurfi leyfi gjaldeyrisnefndar, sbr. 2. gr., með þeim skilyrðum sem nefndin setur.

2. gr.

Gjaldeyrisnefnd skal skipuð fimm mönnum og skipar fjármálaráðherra þrjá, stjórn Landsbankans einn og stjórn Útvegsbanka Íslands h.f. einn. Fjármálaráðherra skipar formann nefndarinnar. Kostnaður við nefndina greiðist að hálfu úr ríkissjóði og ¼ af hvorum bankanna.

3. gr.

Allar beiðnir um kaup á erlendum gjaldeyri skulu sendar nefnd þessari með hæfilegum fyrirvara, með ítarlegri greinargerð um til hvers gjaldeyrinn eigi að nota. Tekur nefndin ákvarðanir um hvaða kaupbeiðnum skal sinnt.

4. gr.

Ríkisstjórnin setur gjaldeyrisnefnd reglur um það, á hvern hátt skuli úthluta gjaldeyrisleyfum.

5. gr.

Allar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar um úthlutun gjaldeyrisleyfa, skulu bornar undir nefnd, er sé skipuð þannig: Fjármálaráðherra skipar einn, og er hann formaður nefndarinnar, og auk þess skipa eftirtaldir aðilar einn mann hver, ef þeir óska: Stjórn verzlunarráðsins, stjórn sambands ísl. samvinnufélaga, stjórn alþýðusambands Íslands, stjórn sölusambands ísl. fiskframleiðenda, stjórn búnaðarfélags Íslands, stjórn landssambands iðnaðarmanna, stjórn iðnrekendafélagsins. Nefndin skal vera ólaunuð.

6. gr.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og tollstjórinn í Reykjavík skulu láta gjaldeyrisnefndinni í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnótt og skip það, er vöruna flytur, leggur frá landi. Ennfremur skulu þeir, eigi síðar en 5. hvers mánaðar, láta nefndinni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan, og skal skýrslan vera í því formi, er hagstofstjóri ákveður í samráði við nefndina.

7. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim og auglýsingum er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 50000 kr. Sömu hegningu varðar það, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði, er nefndin kann að hafa sett, sem skilyrði fyrir veitingu gjaldeyrisleyfis. Enn fremur er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á lögum þessum, reglugerðum eða auglýsingum eða skilyrðum gjaldeyris- og innflutningsnefndar fyrir leyfisveitingu.

8. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum, reglugerðum þeim og auglýsingum er settar kynnu að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 1, 8. marz 1920, um heimild fyrir ríkisstjórinna til að takmarka og banna innflutning á óþarfa varningi.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Þær vörur, sem komnar eru í skip í útlöndum áleiðis hingað, þá er lög þessi öðlast gildi, má flytja inn á sama hátt og verið hefir. Sama er að segja um þær vörur, sem þegar hefir verið veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalienborg, 8. marz 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Í nafni konungs

**Frederik**
**ríkisarfi.**
(L. S.).

*Ásgeir Ásgeirsson.*

## 16. Frumvarp

til laga um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

Frá 1. janúar 1935 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn nokkra tegund af eldspýtum né vindlingapappír.

Ákvæði laga þessara um eldspýtur taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi, ef birgðirnar eru eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar eru meiri, fer um það sem umfram er, eftir 10. og 11. grein.

2. gr.

Tóbakseinkasala ríkisins skal annast innkaup á eldspýtum þeim og vindlingapappír, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr. og selja kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum og kaupmönnum, en eigi öðrum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með birgðir þær af eldspýtum og vindlingapappír, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1935, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð.

4. gr.

Tóbakseinkasala ríkisins skal leggja frá 25 til 100 af hundraði á eldspýtur, eftir því sem henta þykir um hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð

vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Á vindlingapappír skal tóbakseinkasölunni heimilt að leggja jafnmikið sem hún telur heppilegt.

5. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll þar, sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir.

6. gr.

Ágóða þann, sem verður af rekstri þessarar einkasölu, skal telja með tekjum tóbakseinkasölu ríkisins.

7. gr.

Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa nokkurn forða af eldspýtum og vindlingapappír fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað af vörusendingum innanlands greiði viðskiptamenn.

8. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð á eldspýtum og vindlingapappír í smásölu.

9. gr.

Á umbúðir allra tegunda af eldspýtum og vindlingapappír, sem einkasalan flytur inn, skal vera letrað „Tóbakseinkasala ríkisins".

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 50 til 20.000 krónum, ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skulu vörur þær, sem lög þessi taka til, sem inn er fluttar í heimildarleysi, gerðar upptækar og afhendast tóbakseinkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þesum skal fara sem almenn löreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Rétt þykir að taka einkasölu á vörum þeim, sem þetta frumvarp fjallar um, og þykir eftir atvikum eðlilegt að tóbakseinkasalan hafi viðskiptin með höndum.

## 17. Frumvarp

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

Skemmtanaskatt, samkvæmt lögum nr. 56, 31. maí 1924, skal til ársloka 1935 innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Skemmtanaskatturinn hefir undanfarið runnið í ríkissjóð, og ráð er gert fyrir, að svo verði á árinu 1935. Auðsýnt er, að ríkissjóður verður að halda þessum tekjum, og fer frumvarp þetta fram á, að skemmtanaskattur verði til ársloka 1935 innheimtur með 80% álagi, svo sem gert hefir verið frá miðju ári 1933 og samþykkt er að gera til ársloka 1934.

## 18. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 29 8. nóvember 1895, um hagfræðiskýrslur.

(Lagt fyrir alþingi 1934.)

1. gr.

Iðnfyrirtæki þau, sem eru tryggingarskyld samkv. lögum nr. 72, 8. sept. 1931, um slysatryggingar, eru skyld til að láta hagstofunni árlega í té skýrslu um magn og verð framleiðslu sinnar, um notkun hráefna og aðstoðarefna, um tölu og samanlagðan vinnutíma verkamanna og starfsmanna ásamt útborguðu vinnukaupi, svo og aðrar upplýsingar um fyrirtækið samkvæmt eyðublöðum, sem hagstofan semur í samráði við iðnráð Reykjavíkur.

2. gr.

Útgerðir innlendra skipa, sem notuð eru til farþega- eða vöruflutninga, eru skyldar til að láta hagstofunni í té skýrslur um hverja ferð skipanna, þar sem tilgreind sé í réttri tímaröð hver höfn, sem skipið hefir komið á, ásamt því vörumagni, sem það hefir lagt þar á land eða tekið þar til flutnings, svo og tölu farþega frá hverjum stað og til hvers staðar. Sama skylda hvílir á útgerðum erlendra skipa, sem eru í áætlunarferðum milli hafna hér á landi eða milli Ís-

lands og útlanda og ber aðalafgreiðsla útgerðarinnar hér á landi ábyrgð á því, að skýrslum þessum sé skilað til hagstofunnar í tæka tíð.

3. gr.

Um skýrslur þær, sem um ræðir í 1. og 2. gr. laga þessara, gilda hin almennu fyrirmæli laga nr. 29, 8. nóvember 1895.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum hagstofustjóra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

### Um 1. gr.

Á iðnþinginu sumarið 1933 var samþykkt svo hljóðandi ályktun:

„Iðnþingið skorar á stjórn landssambands iðnaðarmanna að fá lögunum um framleiðsluskýrslur breytt þannig, að iðnaðarmenn séu skyldaðir að senda hagstofunni slíkar skýrslur og undirbúi hagstofan eyðublöð undir þær."

Stjórn landssambands iðnaðarmanna hefir snúið sér til hagstofunnar með ósk um, að hún beitti sér fyrir því, að frumvarp um þetta efni yrði lagt fyrir næsta alþingi. Hagstofan telur, að það væri mjög æskilegt, að skýrslum væri safnað um þetta efni, enda mjög nauðsynlegt, þar sem iðnaður er í allmiklum vexti hér á landi. Við manntalið 1930 taldist svo til, að hann framfleytti 14½% af öllum landsmönnum, og má líklega gera ráð fyrir, að það hlutfall hafi heldur hækkað síðan. Það er því auðsætt, að framleiðsla þessa atvinnuvegs er ekki lítill þáttur í þjóðbúskap landsmanna og að það er mikilsvert að geta fylgzt með þeim breytingum, sem hún tekur frá ári til árs.

En að fá árlegar skýrslur um alla iðnaðarframleiðsluna er mjög miklum erfiðleikum bundið, því að þá yrði að heimta skýrslu af hverjum handverksmanni í hversu smáum stíl, sem hann ræki iðn sína. En slík skýrsluheimta mundi verða allt of erfið og kostnaðarsöm í samanburði við þann árangur, sem vænta mætti af henni. Það gæti í mesta lagi komið til mála að safna slíkum almennum skýrslum einstaka sinnum á allmargra ára fresti, t. d. einu sinni á áratug, ef til vill samtímis eða rétt á eftir aðalmanntalinu. Þar sem safnað er árlegum skýrslum um iðnaðarframleiðslu er það líka regla, að smærstu fyrirtækjunum er sleppt, því að það þykir ekki borga sig að taka þau með.

Fyrir því er hér stungið upp á, að skyldan til að gefa þessar skýrslur sé að eins látin ná til iðnfyrirtækja, sem eru tryggingarskyld samkvæmt slysatryggingarlögunum, en þar fyrir utan falla allir handverksmenn, sem ekki hafa launað verkafólk í þjónustu sinni. Er jafnvel líklegt, að rétt væri að takmarka skýrslusöfnunina um iðnframleiðsluna enn meir, svo að sleppt yrði líka smærstu fyrirtækjunum, sem falla undir slysatryggingarlögin, enda er það í samræmi við það, sem tíðkast á Norðurlöndum, þar sem árlegar framleiðsluskýrslur eru yfir-

leitt ekki heimtar nema af þeim iðnfyrirtækjum, sem nota aflvélar eða hafa minnst 5 menn í þjónustu sinni. Hér hefir því verið lagt til, að skyldan til þessarar skýrslugjafar hvíli á öllum þeim iðnfyrirtækjum, sem falla undir slysatryggingarlögin, vegna þess að það er langeinfaldast, en erfitt að setja ákveðin takmörk annars, því að sömu takmörkin eiga ekki jafnt við í öllum iðngreinum. Það ætti líka að vera tiltölulega auðvelt, t. d. í sambandi við tryggingarskýrslurnar til slysatryggingarinnar, að fá sumar af upplýsingum þeim, sem nefndar eru í frumvarpsgreininni, svo sem um tölu verkamanna, vinnutíma þeirra og kaup, og ef til vill einhverjar fleiri viðvíkjandi starfseminni frá öllum þeim fyrirtækjum, sem eru tryggingarskyld, en þar fyrir þarf ekki að heimta af smærstu fyrirtækjunum framleiðsluskýrslur, sem ætla má, að þeim yrðu erfiðastar viðfangs og ef til vill ógeðfelldastar. Þegar byrjað var í Noregi að safna árlegum skýrslum um inðframleiðslu voru að eins heimtar skýrslur af rúmlega ¼ þeirra iðnfyrirtækja, sem voru slysatryggingarskyld, en af því, að það voru minnstu fyrirtækin, sem gengu úr, þá náðu skýrslurnar samt til nálega ⅘ af þeirri vinnu, sem unnin var í öllum tryggingarskyldum fyrirtækjum. Hve langt yrði gengið hér í þessu efni, yrði að fara eftir því sem reynslan sýndi, að heppilegast væri, og auðvitað mundi hagstofan í því efni ráðfæra sig við iðnráð Reykjavíkur, sem nú mun mega skoða sem hinn mest alhliða fulltrúa fyrir þenna atvinnuveg. Og þar sem öll eyðublöðin eiga að vera gerð í samráði við iðnráðið, ætti ekki að vera nein hætta á, að farið yrði of langt í kröfum gagnvart skýrslugeföndum.

En jafnvel þótt framleiðsluskýrslurnar yrðu töluvert takmarkaðar, eins og hér hefir verið gert ráð fyrir, þá fer samt aldrei hjá því, að þær mundu hafa töluverðan kostnað í för með sér, bæði við eyðublöð, innheimtu þeirra og úrvinnslu, en það ætti ekki að standa í vegi, þar sem hér er ótvírætt um mjög nytsamar skýrslur að ræða.

### Um 2. gr.

Lögreglustjórar og umboðsmenn þeirra í hverri höfn hafa átt að gera árlega skrá um öll flutninga- og farþegaskip, sem komið hafa á höfnina með flutning eða farþega, og senda síðan hagstofunni, og hefir hún gert eftir þeim skýrslur um skipakomur. En skrám þessum hefir iðulega verið mjög ábótavant, skip hefir vantað á þær og jafnvel stundum heilan hóp skipa (svo sem áætlunarskip þessa eða hins félagsins) og upplýsingar um vöruflutningana (uppskipaðar og útskipaðar vörur) meira eða minna í molum, auk þess sem skrárnar hefir stundum alveg vantað frá sumum höfnum.

Til þess að bæta úr þessu, virtist hagstofunni það ráðlegast að leita þessara upplýsinga, að því er áætlunarskipin snerti (svo sem skip eimskipafélags Íslands, sameinaða gufuskipafélagsins danska, Bergenska gufskipafélagsins, strandferðaskipin o. fl.) og innlend flutningaskip, beint hjá útgerð skipanna eða aðalafgreiðslu þeirra hér á landi, þannig að gerð væri sérstök skýrsla fyrir hverja ferð skipsins, þar sem taldar væru upp allar hafnir, sem skipið hefði komið á, og skýrt frá, hve miklar vörur hefðu verið teknar úr skipinu eða látnar í það á hverjum stað. Utan frá höfnunum kæmu þá að eins skýrslur um útlend

flutningaskip, sem kæmu þangað með farma af timbri, kolum, salti o. fl. eða tækju farma af fiski o. fl. og ætti síður að vera hætta á, að þau féllu undan. Með þessu ætti þá að vera tryggt, að upplýsingar fengjust um flutningamagnið á hinar ýmsu hafnir landsins, og girt fyrir, að sumar hafnir yrðu alveg út undan vegna ónógra upplýsinga. Þar sem gert er ráð fyrir, að sérstök skýrsla sé gerð fyrir hverja ferð, þá ættu þessar upplýsingar líka að geta fengizt fyr heldur en eftir hinum árlegu skrám frá höfnunum.

Hagstofan bjó til eyðublöð fyrir áætlunarskipin, samkvæmt því sem að framan er sagt, en jafnframt var bætt við nokkrum upplýsingum um tölu farþega, sem einnig væri mjög æskilegt að hafa nokkrar upplýsingar um. Hagstofan sneri sér síðan til afgreiðslna skipanna með ósk um, að eyðublöðin yrðu útfyllt jafnóðum fyrir hverja ferð og send síðan hagstofunni. Afgreiðslur eimskipafélags Íslands og skipaútgerðar ríkisins tóku vel í þetta mál. Töldu þær að vísu nokkrum vandkvæðum bundið að koma þessari skýrslugerð á í fyrstu, en þær viðurkenndu nytsemi hennar og hétu að beita sér fyrir því, að skýrslugerð í þessu formi yrði tekin upp á skipunum. Aftur á móti færðist sameinaða gufuskipafélagið undan að gera slíkar skýrslur, þar sem ekki væri lagaskylda til þess og skýrslurnar væru of nærgöngular. Afgreiðsla Bergenska gufskipafélagsins tók í fyrstu vel í þessa málaleitun, en er kunnugt varð um afstöðu sameinaða félagsins til hennar, dró hún aftur að sér höndina.

Það verður með engu móti séð, að skýrslur þær, sem hér eru ráðgerðar, séu neitt nærgöngular gagnvart útgerðarfélögum skipanna. Það er ekkert leyndarmál, hve mikið skipin leggja á land eða taka af vörum á hverri höfn, eða hversu marga farþega þau flytja, og það virðist ekki nema sanngjörn krafa til þeirra, að þau upplýsi það á þann hátt, sem ætla má, að sé einfaldastur og brotaminnstur, enda munu hér ekki meiri skýrslur krafðar af þeim heldur en annarstaðar tíðkast. Frá því sjónarmiði virðist ekkert því til fyrirstöðu, að þeim sé gert að skyldu að gera slíkar skýrslur. Og þar sem líkindi eru til þess að þær mundu verða til þess að veita ábyggilegar upplýsingar um vöruflutningsmagn, þá virðist rétt að lögleiða skyldu til slíkrar skýrslugerðar, því að án þess getur hún ekki orðið framkvæmd.

## 19. Frumvarp

til laga um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar.

(Lagt fyrir Alþingi 1934.)

### 1. gr.

Ef kona vitjar læknis og er sjúk á þann hátt, að læknirinn telur hættulegt fyrir hana vegna sjúkdómsins að verða barnshafandi og ala barn, er honum skylt að aðvara hana í því efni og láta henni í té leiðbeiningar til þess að koma í veg fyrir, að hún verði barnshafandi.

Nú leitar kona til héraðslæknis, annars starfandi læknis eða sérfræðings í kvensjúkdómum eða fæðingarhjálp, og óskar leiðbeininga um varnir gegn því að verða barnshafandi, og er lækninum þá skylt að láta slíkar leiðbeiningar í té.

Ráðherra gefur út og landlæknir fær læknum í hendur leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi.

2. gr.

Ef konu stendur lífshætta eða önnur mjög mikil sjúkdómshætta af því að verða barnshafandi, eða þó að um minni hættu sé að ræða (sbr. 9. og 10. gr.), ef gera má ráð fyrir, að konan verði iðulega barnshafandi, er lækni heimilt, ef konan óskar þess, að koma í veg fyrir með viðeigandi aðgerð, að hún geti orðið barnshafandi.

3. gr.

Í lögum þessum er miðað við 40 vikna fullan meðgöngutíma kvenna.

Það er fósturlát eða að konu leysist höfn, ef hún fæðir af sér burð eftir að hafa gengið skemur með hann en fullar 28 vikur.

Það er fæðing eða barnsburður, ef kona fæðir af sér burð eftir að hafa gengið með hann að minnsta kosti fullar 28 vikur.

Það er fæðing fyrir tíma, ef kona fæðir af sér burð eftir að hafa gengið með hann fullar 28 vikur, en skemur en fullan meðgöngutíma.

Það er fóstureyðing, ef burður er líflátinn í móðurkviði áður en konan hefir gengið með hann fullar 28 vikur eða fósturláti komið til leiðar, nema einkenni þess hafi áður komið í ljós, að konunni sé að leysast höfn og augljóst sé, að fósturlát verði ekki stöðvað.

Það er líflát barns í móðurkviði eða í fæðingu, ef burður er líflátinn í móðurkviði eða í fæðingu eftir að konan hefir gengið með hann að minnsta kosti fullar 28 vikur.

Það er að koma til leiðar fæðingu fyrir tíma að koma til leiðar fæðingu áður en kona hefir tekið léttasótt og fæðing hafizt af sjálfu sér.

4. gr.

Enginn nema læknir má eyða fóstri með konu, lífláta barn í móðurkviði eða í fæðingu né koma því til leiðar, að kona fæði fyrir tíma.

Læknum eru aðeins heimilar þessar aðgerðir í samræmi við ákvæði þessara laga, en að öðru leyti jafnóheimilar sem öðrum mönnum.

5. gr.

Ef kona hefir tekið léttasótt eða fæðing eða fósturlát er yfirvofandi, og vitað er, að konan fær alls ekki fætt eða ekki án augljósrar lífshættu fyrir sjálfa sig, nema burðurinn sé limaður frá henni eða líflátinn á annan hátt, er lækni heimilt og skylt að taka fóstrið eða barnið af lífi til þess að bjarga lífi konunnar.

6. gr.

Nú hafa komið í ljós einkenni þess, að konu sé að leysast höfn, og er augljóst, að ekki verður komið í veg fyrir fósturlát, og er lækni þá heimilt að losa konuna þegar við fóstrið.

Á sama hátt er lækni jafnan heimilt að losa konu við burð, þegar vitað er, að hann er dauður í móðurkviði.

7. gr.

Nú vantar konu minna en 12 vikur á fullan meðgöngutíma, og er augljóst, að hún getur alls ekki fætt fullburða, lifandi barn eða ekki án mjög mikillar hættu fyrir sjálfa sig, og er lækni þá heimilt að koma til leiðar fæðingu fyrir tíma í því skyni að bjarga lífi barnsins, eða til að firra konuna hættu, eða með tilliti til hvorstveggja.

8. gr.

Um aðgerðir þær, er getur í 2., 5., 6. og 7. gr. þessara laga, fari læknar eftir viðurkenndum reglum læknisfræðinnar og geri árlega grein fyrir þeim í skýrslum sínum um konur, er þeir hafa hjálpað í barnsnauð, og, ef um sjúkrahúslækna er að ræða, í skýrslum viðkomandi sjúkrahúss um handlæknisaðgerðir.

9. gr.

Nú hefir kona orðið barnshafandi, og vantar meira en 12 vikur á fullan meðgöngutíma, og þykir augljóst, að heilsu hennar er mikil hætta búin, ef hún á að ganga svo lengi með, að barn geti fæðzt og haldið lífi, og er lækni þá heimilt að eyða fóstrinu, enda sé þá farið nákvæmlega eftir reglum þeim, sem greinir í 11. gr. þessara laga.

Ef kona hefir gengið lengur með en 8 vikur, skal læknir þó ekki eyða fóstrinu nema um því meiri hættu sé að ræða, er ætla má, að komið verði í veg fyrir með fóstureyðingunni og ekki á annan hátt, enda jafnist þá hætta sú, sem aðgerðinni er samfara, er konan hefir gengið svo lengi með, engan veginn við hættu þá, sem koma á í veg fyrir.

Við mat á því, hvert tjón er búið heilsu þungaðrar konu af burðinum samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, má meðal annars taka tillit til þess, ef konan hefir þegar alið mörg börn með stuttu millibili, og er skammt liðið frá síðasta barnsburði, svo og til þess, ef konan á við að búa mjög bágar heimilisástæður vegna ómegðar, fátæktar eða alvarlegs heilsuleysis annara á heimilinu.

10. gr.

Nú hefir kona orðið barnshafandi, og vantar meira en 12 vikur á fullan meðgöngutíma, og er ástæða til að ætla, af því að konan hefir áður alið vanskapað barn eða haldið meðfæddum sjúkdómi, eða af öðrum rökum, að um kynfylgju sé að ræða, er komið geti fram á burði þeim, er konan gengur með, og er lækni þá heimilt að eyða fóstrinu, þó að ekki sé nauðsynlegt vegna heilsu konunnar, enda sé þá einnig farið nákvæmlega eftir reglum þeim, er greinir í 11. gr. þessara laga, sbr. og 2. málsgrein 9. gr.

11. gr.

Um fóstureyðingar samkvæmt 9. og 10. gr. þessara laga gilda eftirfarandi reglur:

1. Þær mega ekki fara fram nema á sjúkrahúsum og þeim einum sjúkrahúsum, er ráðherra viðurkennir í því skyni.
2. Áður en fóstureyðing má fara fram, verður að liggja fyrir skrifleg, rökstudd greinargerð tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar, og sé annar þeirra yfirlæknir sjúkrahússins, þar sem aðgerðin er fyrirhuguð, en hinn að jafnaði sá læknir, sem ráðlagt hefir konunni að leita sjúkrahússins í þessum erindum. Það nægir ekki, að aðstoðarlæknir yfirlæknisins undirriti greinargerðina með honum, nema því aðeins að ógerningur sé að ná til annars læknis.
3. Sjálfri aðgerðinni skal hagað og að konunni búið eftir fyllstu viðurkenndum kröfum læknisfræðinnar, til tryggingar því, að konunni verði sem minnst um aðgerðina, að hún hafi ekki af henni varanlegt heilsutjón, en nái sem skjótustum bata.
4. Greinargerð þá, sem um getur í 2. tölulið þessarar greinar, skal tvírita og senda landlækni tafarlaust annað eintakið, en hitt skal leggja með sjúkradagbók sjúklingsins á sjúkrahúsinu. Auk þess skal gera árlegar skýrslur um þessar aðgerðir í samræmi við ákvæði 8. gr. þessara laga.
5. Nú deyr kona af afleiðingum þess, að fóstri hefir verið eytt með henni samkvæmt 9. og 10. gr. þessara laga, og skal þá hlutaðeigandi læknir þegar tilkynna það landlækni skriflega, og gera nákvæma grein fyrir því, hvernig mannslátið hefir borið að höndum.

12. gr.

Brot annara en lækna gegn ákvæðum laga þessara falla undir refsiákvæði hinna almennu hegningarlaga.

Refsiákvæði hinna almennu hegningarlaga vegna manndrápa og fóstureyðinga ná ekki til lækna að því leyti, sem lög þessi heimila þeim líflát barna í fæðingu og fóstureyðingar. En fari læknir út fyrir þau takmörk, er lögin setja læknum í þessum efnum, fellur brot hans undir refsiákvæði hinna almennu hegningarlaga á sama hátt sem brot annara manna.

Það varðar þannig refsingu samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, ef læknir af ásettu ráði eyðir fóstri með konu eða líflætur barn í móðurkviði eða í fæðingu, án þess að lögmætar ástæður séu fyrir hendi, eða ef aðgerðin fer fram í laumi, utan viðurkennds sjúkrahúss, og er það aukin sök, ef brestur á góð skilyrði til aðgerðarinnar (sbr. 3. tölulið 11. gr.).

Brot læknis á ákvæðum laga þessara um fóstureyðingar, sem er í því fólgið, að hann hefir í þýðingarminni atriðum vikið frá reglum þeim, er lögin setja (sbr. einkum 8. og 11. gr.) fellur ekki undir refsiákvæði hinna almennu hegningarlaga.

Þau brot lækna á ákvæðum laga þessara, sem ekki varða refsingu samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, falla undir refsiákvæði laga nr. 47,

23. júní 1932, um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annara, sem lækningaleyfi hafa og um skottulækningar.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Landlæknir hefir samið frumvarp þetta ásamt eftirfarandi greinargerð.

Í hinum almennu hegningarlögum 23. júní 1869 hljóðar 194. gr. á þessa leið:

„Óléttur kvenmaður, sem af ásettu ráði eyðir burði sínum eða deyðir hann í móðurkviði, skal sæta hegningarvinnu allt að 8 árum. Sömu hegningu skal sá sæta, sem í sama tilgangi brúkar meðöl við móðurina að vilja hennar og það hefir sömu afleiðingar. Sé það gert án vitorðs hennar eða vilja, þá varðar það hegningarvinnu í 4 ár og allt að 16 árum eða æfilangt, ef mjög miklar sakir eru".

Svo undarlegt sem það má virðast, eru engin sérákvæði í hegningarlögunum né í öðrum lögum, er beinlínis heimili læknum þessar aðgerðir, þegar þær eru nauðsynlegar lífi og heilsu kvenna, sem þó er almennt viðurkennt, að við getur borið.

Þannig er þetta, að því er ég bezt veit, í öllum löndum, að Rússlandi undanteknu, sem heimilar læknum þessar aðgerðir eftir nánar skilgreindum reglum, að viðlögðum refsingum fyrir þá eins og aðra, ef út af er brugðið. Vera má og, að Grikkland sé önnur undantekning. Að minnsta kosti hefir þar verið á ferðinni frumvarp um breytingar á hegningarlögunum með svo hljóðandi ákvæðum hér að lútandi:

„Fóstureyðing er vítalaus, ef gerð er af lækni í því skyni að bjarga lífi þungaðrar konu eða til að koma í veg fyrir alvarlega og viðvarandi vanheilsu hennar, enda verði það ekki gert á annan hátt".

Þó að þetta sé svo, er hvarvetna litið svo á, að lækni sé heimilt og jafnvel skylt að fórna lífi fósturs eða barns í fæðingu, ef þess er þörf til að bjarga lífi móðurinnar, og jafnvel þó að ekki sé meira í húfi en yfirvofandi alvarlegt heilsutjón hennar, sem þó mun orka tvímælis.

Þessari heimild og jafnvel skyldu læknanna finna lögfræðingar stað, þrátt fyrir hin skýlausu ákvæði allra hegningarlaga um þetta atriði, með kenningum sínum um svokallaðan „neyðarrétt". Hér á landi mun það vera 42. gr. hegningarlaganna, sem teygja verður þannig, að hún nái hér til, og er hún þá að vísu alllangt teygð. Greinin hljóðar svo:

„Taki maður eða spilli eign annars manns til þess að frelsa sjálfan sig eða aðra úr hættu, sem vofir yfir lífi eða heilbrigði, skal það verk vítalaust, ef svo er, að hann hafði ekki annað úrræði til bjargar".

Eins og eðlilegt er, þar sem löggjafinn hefir skilið við þetta mál í svo miklu greinaleysi, er allur almenningur gersamlega ófróður og villuráfandi um allt, sem að því lýtur. Og um læknana má næstum því hið sama segja. Svo er það að minnsta kosti hér á landi. Hættir bæði almenningi og of mörgum læknum vorum við að líta svo á, að þar sem bann hegningarlaganna er jafnafdráttarlaust,

en engu að síður almennt viðurkennt, að læknum sé heimilt og skylt, enda vitanlega iðkað af öllum læknum, að eyða fóstrum og lifláta börn í fæðingu í lífsnauðsyn mæðranna, sé hér um dauðan lagabókstaf að ræða, er ekkert gildi hafi, og séu læknar gersamlega óbundnir af lögum um þessar aðgerðir. En það er auðvitað fjarri öllum sanni.

Hin óljósu lagaákvæði um þetta hafa þó til skamms tíma ekki verið tilfinnanlega hættuleg, eins og á hefir staðið hér á landi. Þangað til fyrir fáum árum fengu læknar óáreittir að fylgja aldagömlum venjum um þessar aðgerðir, sem engum tvímælum gátu orkað, og gerðu það. Fóstureyðingar lækna eftir vafasömum heimildum máttu heita hér óþekktar fram á síðustu ár, ef ekki bókstaflega óþekktar. Þessi gullöld er nú hjá liðin. Yfir landið er skollin sú alda, sem lengi hefir flætt um önnur menningarlönd, að fleiri og fleiri konur í öllum stéttum, giftar og ógiftar, ríkar og fátækar, siðlátar og léttúðugar, trúaðar og vantrúaðar, og að því er virðist án tillits til pólitískra skoðana, gera þær kröfur til lækna, að þeir losi þær hispurslaust við óvelkomin fóstur sín — og þau eru ákaflega oft óvelkomin. Læknar, að minnsta kosti kaupstaðalæknar og þó einkum Reykjavíkurlæknar, eiga hér erfiða aðstöðu og í vök að verjast vegna þessara ásókna, og það svo, að fáir munu geta því nærri, nema þeir, sem reynt hafa, að því slepptu, að það er svo um lækna sem aðra menn, að þeir eru mismunandi grandvarir og ærukærir.

Þegar þannig er komið málum, má ekki minna vera en að löggjafi, sem leggur allt að 8 ára hegningarvinnu við því, ef út af ber um rétta framkvæmd þess, sem í sumum tilfellum eru tvímælalaus og þýðingarmikil skyldustörf, geri skýra grein fyrir því, hvenær rétt er framkvæmt og hvenær ranglega.

Það er tilgangur þessa frumvarps að greiða úr þessum vanda svo, að ef það nær að verða að lögum, liggi sem ljósast fyrir, hvað læknum er heimilt og skylt í þessum efnum og hvað óheimilt.

Því fer því miður fjarri, að hér sé bent á leið til að ráða að fullu fram úr því vandamáli, sem fóstureyðingarmálið er í heild sinni — hefir lengi verið í helztu menningarlöndunum og er nú á góðri leið með að verða hér á landi.

Kröfum um fóstureyðingar má aðallega skipta í þrennt eftir þeim ástæðum, sem liggja til grundvallar fyrir kröfunum:

1. **Heilbrigðisástæður:** Konunni stendur lífsháski eða er búið alvarlegt heilsutjón af barnsburði og verður ekki komið í veg fyrir það á annan hátt. Hér undir má ef til vill telja það, ef búast má við þeim vanheilindum barnsins, að það sé betur óborið, þó að það megi einnig telja undir 2. eða jafnvel 3. lið.

2. **Félagslegar ástæður:** Bágar heimilisástæður konunnar, umkomuleysi, mjög mikil ómegð, örbirgð, sjúkdómur á heimilinu o. s. frv.

3. **Mannúðarástæður:** Sérstök persónuleg óhamingja samfara barnsburðinum, án þess að heilbrigðisástæðum eða ciginlegum félagsástæðum sé til að dreifa.

Milli annars og þriðja liðs eru takmörkin oft óskýr.

Um réttmæti fóstureyðinga af heilbrigðisástæðum er enginn ágreiningur milli manna, þó að misjafnlega megi líta á, hverjar heilbrigðisástæður eigi að telja fullgildar til að réttlæta aðgerðina, en svo er um margar læknisaðgerðir.

Um fóstureyðingar af hinum öðrum ástæðum eru hinsvegar mjög skiptar

skoðanir, og hefir þar enn ekki verið bent á neina skýra leið til að fara eftir. Rússar hafa einir manna sett reglur um og heimilað læknum fóstureyðingar af félagslegum ástæðum, en hvergi nærri leyst málið svo að vel sé, sem engum mun vera ljósara en þeim sjálfum. Hinsvegar eru fóstureyðingarmálin í því öngþveiti víða erlendis, að réttlætanlegt getur orðið að grípa til fleiri ráðstafana en góðar þykja. Í stórborgunum eru fóstureyðingar mjög almennt tíðkaðar af konunum sjálfum eða gersamlega ófróðu misindisfólki, með þeim árangri, að þúsundir kvenna láta lífið af þessum sökum á ári hverju, og enn fleiri bíða aðgerðanna aldrei bætur á heilsu sinni. Þetta má enn heita óþekkt hér á landi. En þegar þannig er komið, verður ekki í allt séð.

Höfundur þessa frumvarps verður að játa, að hann sér ekki nema tvær leiðir um heimild fóstureyðinga og enga viðunandi millileið. Önnur er sú, að heimila þessar aðgerðir af heilbrigðisástæðum einum, eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, en hin er sú, að setja hverri konu í sjálfsvald, hvort hún vill leyfa fóstri að þroskast með sér eða ekki, enda sjái þá þjóðfélagið konunum fyrir sérfróðri aðstoð, er tryggi heilsu þeirra sem bezt. Enn erum við Íslendingar þó ekki svo illa á vegi staddir í þessu efni, að grípa þurfi til svo stórfelldra ráðstafana, og færi betur að aldrei þyrfti.

Vitaskuld eru hverskonar fóstureyðingar neyðarúrræði, einnig fóstureyðingar af heilbrigðisástæðum, eins og raunar allar læknisaðgerðir aðrar en þær, sem miða til þess að koma í veg fyrir slys og sjúkdóma. Verður því ekki einu sinni neitað, að sjálf aðgerðin er engan veginn hættulaus. Fyrir því er lögð höfuðáherzla á það í frumvarpinu, að konum, sem stendur hætta af barneignum, sé leiðbeint um það að verða ekki barnshafandi. Og hverri konu, sem þess óskar, eru heimilaðar slíkar leiðbeiningar. Mun nú vera lítill ágreiningur um það, að krafa fólks um sjálfráðar barneignir sé að öllu leyti siðleg og réttmæt. Hvað ættu foreldrar að athuga betur en það, hvort þau vilja taka á sig þá ábyrgð að eignast afkvæmi? Heimurinn er enn ekki svo eftirsóknarverð vistarvera, að minna megi krefjast til handa hverju barni, sem fæðist, en að það sé að minnsta kosti aufúsugestur móður sinni, hvað sem föðurnum líður. Eitt af því ömurlegasta, sem læknar fá að reyna, er að verða þess varir, þegar þeir eru að lífga nýfædd börn af skindauða, að foreldrarnir og jafnvel móðirin óski eftir, að það takist ekki. En slíkt er nú algengara en margur mundi hyggja.

Þess væri óskandi, að löggjöf sú, sem hér er stungið upp á, nægði til þess að koma í veg fyrir, að vér strönduðum á hinu sama skeri í fóstureyðingarmálunum sem aðrar þjóðir. Og raunar ætti hún að geta nægt. Því að eðlilegasta lausn þessa máls og hin eina lausn, sem við verður unað til lengdar, er sú, að almenningi séu gerðar nægilega kunnar sem öruggastar varnir gegn barngetnaði. Þau fóstur, sem til mála getur komið, að heimilað sé að eyða, eiga helzt aldrei að ná því að verða getin. Fóstureyðingargerðir lækna eiga síðan að fá að vera það, sem þær hafa lengst af verið: neyðarráðstafanir í alvarlegustu sjúkdómstilfellum. Þær eiga ekki að vera ráðstöfun gegn illri aðbúð þjóðfélagsins að meðlimum sínum. Meinsemdir þjóðfélagsins á að bæta með viðeigandi aðgerðum á því, en ekki með ruddalegum læknisaðgerðum á heilbrigðum konum. Og staðar á ekki að nema fyrr en málum er svo skipað, að það sé eftirsóknarvert

hverju hraustu og vel gefnu foreldri að ala þjóðfélagi sínu börn. Vesalinga, sem tvímælalaust eru hættulegir til undaneldis og ekki er hægt að ætlast til að kunni fótum sínum forráð um barnagetnað, á að gera ófrjóa — en það er efni í annað frumvarp, sem koma mun síðar.

Þess er ekki að vænta, að aðrar þjóðir, þar sem þessi mál eru komin í fullkomið óefni, sleppi við að grípa til stórum róttækari ráðstafana. En mundi þurfa til þess að koma með oss Íslendingum? Hér er ekki enn um það að ræða, að ráða fram úr ægilegu fóstureyðingaböli, heldur að koma í veg fyrir það. Og það ætti að vera auðveldara.

Hér að framan var sagt, að með frumvarpinu væri aðeins farið fram á að heimila læknum fóstureyðingar af heilbrigðisástæðum einum. Og að vísu er það svo. En um fóstureyðingar er svipað að segja sem um aðrar læknisaðgerðir, að ekki nægir að einblína á sjúkdóminn, heldur verður í ýmsum tilfellum svo bezt valin viðeigandi aðgerð við honum, að tekið sé nokkurt tillit til kringumstæðnanna, sem sjúklingurinn á við að búa. Og er þetta alþekkt og viðurkennt af læknum. Verður nánar vikið að þessu síðar í athugasemd við 9. gr. frumvarpsins.

---

Nú verður gerð nokkur grein fyrir ástandinu í fóstureyðingarmálunum hér á landi, svo og fyrir tildrögum og undirbúningi þessa frumvarps.

Í Heilbrigðisskýrslum ársins 1929, sem eru fyrstu heilbrigðisskýrslurnar, sem núverandi landlæknir gaf út, er vikið að málinu sem hér segir:

„Í þessu sambandi er vert að minnast á þá læknishjálp, sem mun færast talsvert í vöxt í Rvík og í grennd við hana, að læknar eyða burði vanfærra kvenna með meira hispursleysi en áður hefir tíðkazt og vera mun að mestu óþekkt úti um land. Skýrslur lækna um fæðingarhjálp þegja gersamlega um þetta, en sjúkraskrá St. Josephs spítala í Hafnarfirði (því miður vantar sjúkraskrá St. Josephs spítala í Rvík) gefur hinsvegar nokkrar upplýsingar. Þar hafa á árinu verið til meðferðar 17 fósturlát. Um 11 þeirra er beinlínis tekið fram, að um abortus provocatus[1]) sé að ræða, og hefir auðsjáanlega oft ekki verið leitað langt að tilefni, þó að það komi fyrir. Hyperemesis gravidarum[2]) (sem fæstar vanfærar konur eru lausar við) er tíðast tilefnið, stundum exhaustio[3]) og stundum aðeins graviditas[4]) 1—4 mánaða. Auk fósturlátanna eru á þessu sama sjúkrahúsi skafin leg 16 kvenna af ýmsum öðrum ástæðum, að því er talið er, og verða þessar aðgerðir samanlagðar grunsamlega há hundraðstala af öllum aðgerðunum á þessu litla sjúkrahúsi.

Þá er vikið að ákvæðum hegningarlaganna um fóstureyðingar, og segir síðan:

„Krefjast verður endurskoðunar á þessum lagaákvæðum, og þeim verður að breyta hið allra fyrsta í samræmi við fullkomnari þekkingu og hugsunarhátt hins nýja tíma, og setja síðan skynsamlegar reglur um allt að þessu lútandi. En á meðan það er ekki gert, hvílir mikil ábyrgð á læknunum, og ættu þeir sín á milli að koma sér saman um höfuðreglur til að fara eftir með eins miklu tilliti til gildandi lagafyrirmæla og unnt er.

---

1) Fóstureyðing. — 2) Uppsala vanfærra kvenna. — 3) Þreyta. — 4) Þungun.

Það er óverjandi ástand, að annað eins skuli geta átt sér stað og það, að kona kemur til vel metins læknis, ber upp fyrir honum kveinstafi sína og kröfur, og fær það svar, að hún sé að biðja um það, sem jafngildi manndrápi, er við liggi margra ára fangelsi (sem raunar engin kona skilur), en næsti læknir, sem hún hittir, og er ekki síður vel metinn, sinnir aftur á móti kröfu hennar jafngreiðlega og beðið sé um að draga út skemmda tönn. En annað eins og þetta er engan veginn dæmalaust. Og eru læknar úti á landi farnir að fá þau svör, er þeir láta konur synjandi frá sér fara, að þetta sé gert í Reykjavík. Þangað fara þær svo stundum, sem á því hafa ráð, og koma aftur eftir full erindislok. Verða hér að gilda ákveðnar, öllum læknum opinberar reglur og fullt samræmi að vera í svörum þeirra þegar til þeirra er komið í þessum erindum. Konurnar í landinu, sem þetta mál snertir mest, eiga heimtingu á að fá að vita nákvæmlega hvað hér er leyfilegt, hvað óleyfilegt, hvað rétt og hvað rangt. En það liggur ekki við, að þær viti það eins og nú standa sakir, sem ekki er við að búast, meðan læknar rugla þær í stað þess að leiðbeina þeim.

Enn eru þessi fóstureyðingarmál ekki komin í verulegt óefni hér á landi, til líka við það, sem tíðkast annarsstaðar, en til þess mun vissulega draga, ef við berum ekki gæfu til að reisa skorður við með heppilegum fyrirmælum og reglum áður en það er orðið of seint.

Vafalaust verður helzta ráðið það, að heimila hæfum læknum að liðsinna konum í þesu efni, ekki eingöngu til að bjarga lífi þeirra beinlínis, heldur einnig, ef aðrar réttmætar ástæður eru fyrir hendi, sem nánar verða skilgreindar. Að öðrum kosti hlýtur að fara svo, hér sem annarsstaðar, að konur falli unnvörpum í hendur ræningja, óvandaðra lækna, sem gera sér neyð þeirra að féþúfu, eða skottulækna, sem skaða þær í tilbót.

Sennilega hafa ýmsir læknar hér í Reykjavik séð þessa nauðsyn og fyrir hana talið sér skylt að fara ekki jafneinstrengingslega eftir bókstaf laganna og þeir mundu annars hafa gert. En óneitanlega væri betur sæmandi fyrir læknastéttina að leggja kapp á að fá lagabókstafnum breytt en að vinna þessi verk alltaf í trássi við landslög og rétt, oft undir ýmsu málamyndayfirskini og stundum jafnvel í ógeðslegu pukri eins og hver önnur óbótaverk".

Í Heilbrigðisskýrslunum 1930 er gerður útdráttur úr skýrslum allra sjúkrahúsa í landinu, er sýnir, hve sjúkrahúslæknar hafa oft skafið leg kvenna, en það er samtals 225 sinnum: 84 sinnum vegna fósturláta, 52 sinnum vegna fóstureyðinga og 89 sinnum af öðrum tilgreindum ástæðum. Segir svo um þetta í Heilbrigðisskýrslunum:

„Úti um sveitir munu fósturlát vera næsta fátíð, og á töflunni er svo að sjá, sem það sé viðburður, að fósturlát komi til meðferðar á sjúkrahúsum utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Þó ber nokkuð á þeim á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Ekki er getið um abortus septicus[1]) nema 4 sinnum, og aðeins ein kona virðist hafa látizt af þessum sökum, en þess mannsláts er þó ekki getið á dánarskýrslum.

Abortus provocatus þekkist naumast utan Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og

1) Blóðeitrun samfara fósturláti, og vekur það jafnan grun um, að þá geti verið um fóstureyðingu að ræða af völdum þess, er ekki kann fullt skyn á.

Akureyrar. Á töflunni sjást tilefnin. Þar sem aðeins er nefnt graviditas, fylgir því stundum í skránum debilitas,[1]) exhaustio, molimina in graviditate[2]) o. s. frv. Ekki er grunlaust um, að þar sem talinn er abortus, sé við og við í rauninni um abortus provocatus að ræða, og vel má vera, að í þriðja hluta töflunnar (Önnur tilefni) dyljist einnig eitthvað af sama tagi.“

Í Heilbrigðisskýrslunum 1931 er aftur birt samskonar skýrsla. Þá höfðu læknar skafið leg 349 kvenna samtals: 97 sinnum vegna fósturláta, 92 sinnum vegna fóstureyðinga og 160 sinnum af öðrum tilgreindum ástæðum. Um þetta segir þá svo:

„Abortus provocatus fleygir mjög fram með hverju ári, og er vel að verið, þegar fóstureyðingarnar verða meira en helmingi fleiri en fósturlátin, eins og á einu sjúkrahúsinu, en á öllum sjúkrahúsunum samanlagt má heita jafnt af hvorutveggja (92 fóstureyðingar, 97 fósturlát). Mun slíkt hlutfall óvíða þekkjast utan Rússlands. Þó er mjög grunsamlegt, að í öðrum liðum töflunnar dyljist enn meira af fóstureyðingum, og jafnvel svo verulegu nemi. Nálgast sum sjúkrahúsin það, að mega heita curettage[3])-klinikur, ef ekki hreinar abort-klinikur. Standa læknar hér á hálu svelli með lögin yfir höfðinu eins og þau eru. Tilefni fóstureyðinganna eru greind samkvæmt skýrslum sjúkrahúsanna, og skortir ekki á, að frjálslega sé á haldið.“

Af þessu tilefni skrifaði landlæknir Læknafélagi Íslands bréf það, dags. 6. marz 1933, er hér fer á eftir:

„Hér með skrá yfir curettage á sjúkrahúsum í landinu á árinu 1931 vegna fósturláta, fóstureyðinga og annars. Hefi ég tekið skrána saman eftir skýrslum sjúkrahúsanna, og verður hún birt í Heilbrigðisskýrslunum. Tel ég ástæðu til að vekja athygli Læknafélagsins á þessu máli, með því að mér virðist, að af skránni megi ráða, að hér sé stefnt í verulegt óefni fyrir læknastéttina og þjóðina í heild sinni, svo að ég, sem landlæknir, geti ekki látið það kyrrt liggja.

Fóstureyðingum fleygir hér auðsjáanlega fram með geysihraða. Samkvæmt skýrslum sjúkrahúsanna 1930 var þar eytt 52 fóstrum á því ári, en 1931 92 fóstrum, og er það ca. 77% aukning á einu einasta ári. Á 5 ára tímabilinu 1926—1930 var á St. Josephs spítala í Landakoti eytt 95 fóstrum öll árin, eða til jafnaðar 19 fóstrum á ári, en á árinu 1931 50 fóstrum, sem svarar til 163% aukningar. 1930 eru fóstureyðingarnar á öllum sjúkrahúsum í landinu í hlutfalli við fósturlátin 62%, en 1931 95%.

Nú geri ég ráð fyrir, að skýrslur segi ekki allan sannleikann í þessum málum, og má vera, að undir endometritis,[4]) metrorrhagia,[5]) dysmenorrhoe[6]) o. s. frv. dyljist ekki ófátt fósturláta. Má benda á, að á Landsspítalanum eru á árinu 1931 aðeins 31 sinni skafin leg af ýmsum ástæðum, en á Landakoti 103svar sinnum, í smáholum eins og í Sólheimum í Reykjavík 72svar sinnum og á Hafnarfjarðarspítala 77 sinnum. Gefur sá urmull þessara aðgerða óneitanlega tilefni til nokkurrar tortryggni.

Ástæðurnar til fóstureyðinganna eru greindar á skránni samkvæmt skýrsl-

1) Slappleiki. — 2) Vanlíðan samfara þungun. — 3) Læknisaðgerð, sem er í því fólgin að skafa innan leg kvenna. — 4) Legbólga. — 5) Legblæðing. — 6) Tíðaverkir.

um sjúkrahúsanna, og mun þar mega finna alla flokka þeirra tilefna, sem talin hafa verið fram til réttlætingar þessum aðgerðum: sjúkdómsástæður, þjóðfélagslegar ástæður og mannúðarástæður. Og mikið má vera, ef ekki er enn lengra gengið í sumum tilfellum og aðgerðin framkvæmd hispurslaust þegar um er beðið. Sumir sjúkdómarnir virðast að minnsta kosti vera hreinar tylliástæður, eins og þegar „blóðleysi" er talið eina tilefnið í ekki færri en 15 tilfellum.

Nú eru engar skýrslur til um það, hvað gerist í þessum efnum utan sjúkrahúsanna, en um það ganga ófagrar sögur, og á þá leið, að læknar hér í Reykjavík geri talsvert að þessum aðgerðum á hlaupum á lækningastofum sínum, og láti konurnar ganga heim þegar á eftir — sem verður að teljast til glæfraverka — enda fylgir sögunum, að dæmi séu til, að slys og jafnvel mannslát hafi hlotizt af. Er mér kunnugt um, að þessar sögur ganga óspart á milli lækna. Fá sumir læknar hér einnig óorð af því, að þeir noti sér eftirspurnina eftir þessum aðgerðum allfreklega í fjáröflunarskyni. Læknir utan bæjar, sem heimsækir mig í dag, segir mér t. d. eftirfarandi sögu og leyfir mér að hafa eftir sér: Maður vitjar hans og biður hann að eyða fóstri með stúlku sinni, án þess að nokkur frambærileg ástæða væri fyrir hendi, og að minnsta kosti var alls engum sjúkdómi til að dreifa. Læknirinn neitar, en maðurinn bregður sér með stúlkuna til Reykjavíkur og fær verkið viðstöðulaust unnið. Læknirinn, sem verkið vann, tók 500 krónur fyrir ómakið, og var fólkið fátækt.

Nú vil ég taka það fram, til að koma í veg fyrir misskilning, að persónulega lít ég mjög frjálslega á þessi mál. Tel ég lögin, sem hér um gilda, ekki ná neinni átt, enda engin leið að fara bókstaflega eftir þeim. Mundi ég fyrir mitt leyti jafnvel geta fallizt á þá löggjöf um fóstureyðingar, er þeir heimta, sem lengst vilja ganga, og láta konur með öllu sjálfráðar um, hvort þær vilja verða mæður eða ekki,[1]) enda yrðu þá settar hagkvæmar reglur þar að lútandi til tryggingar sómasamlegri framkvæmd þeirrar löggjafar.

En þrátt fyrir þessa skoðun mína er mér ljóst, að það háttalag, sem hér virðist haft í frammi af læknum, er með öllu ósæmilegt og verður með engu móti réttlætt, meðan núverandi lög eru í gildi. Vek ég athygli Læknafélagsins á eftirfarandi atriðum:

1. Einn læknirinn neitar að vinna það læknisverk og telur til glæpaverka, sem annar framkvæmir viðstöðulaust.
2. Aðgerðirnar fara að minnsta kosti stundum fram í pukri eins og óbótaverk, og ef þar við bætast blygðunarlausar kröfur um gjald fyrir, má fara nærri um, hvert álit stéttin skapar sér með slíku framferði.
3. Heilsu og jafnvel lífi þeirra kvenna, er þessara aðgerða leita, er að minnsta kosti stundum stefnt í voða.
4. Ósanngjarn og þjóðfélaginu skaðlegur aðstöðumunur fátækra og ríkra, sem þessarar hjálpar leita.[2])

---

1) Þetta mundi nú við nánari athugun ekki hafa verið orðað jafnafdráttarlaust. Eru ummælin meira miðuð við hið almenna vandræðaástand í veröldinni í fóstureyðingarmálunum en hinar sérstöku ástæður hér á landi.

2) Hér hefði mátt bæta því við, að þegar það verður opinbert, að sumar konur þurfa ekki annað en að sýna sig læknum til að fá vilja sinn í þessum efnum, án alls tillits til heilsufars

Tel ég enga leið út úr þessum ógöngum aðra en þá, að löggjöfinni um fóstureyðingar verði breytt, og hefi ég ástæðu til að halda, að ekki þurfi að óttast þann skort á frjálslyndi meðal löggjafanna, að ógerningur sé að fá þau lög samþykkt um þessi efni, er læknastéttin megi sætta sig við. Býð ég Læknafélaginu hér með upp á samvinnu við mig um undirbúning þeirrar löggjafar. En þangað til sú löggjöf er komin í kring, treysti ég því, að Læknafélagið leitist við að ráða bót á þeim verstu og hættulegustu misfellum, sem í þessum málum eru ríkjandi meðal lækna. Mun ráðlegast að byrja á því að fá málið tekið fyrir til hispurslausrar umræðu, rannsóknar og aðgerða í Læknafélagi Reykjavíkur, og vona ég, að því verði ekki um megn að koma því skipulagi hér á, að við megi una til bráðabirgða, svo að ekki þurfi að grípa til annara ráðstafana.

Svars yðar vænti ég við fyrstu hentugleika."

Læknafélag Íslands svaraði bréfi landlæknis með eftirfarandi bréfi, dags. 10. marz 1933:

„Út af bréfi yðar, herra landlæknir, dags. 6. þ. m., viðvíkjandi fósturlátum og fóstureyðingum, vill stjórn Læknafélags Íslands taka það fram, að hér virðist, eftir skýrslum að dæma, stefnt í óefni og sjálfsagt að vekja alvarlega athygli lækna á málinu. Stjórnin er fús til þess að veita alla þá samvinnu og aðstoð, sem í hennar valdi stendur, til þess að kippa því í lag, sem ábótavant kann að vera. Gerir hún ráð fyrir, að málið verði tekið til umræðu á næsta fundi Læknafélags Reykjavíkur. Væntir hún þess, að yður sé ekki á móti skapi, þó bréf yðar sé lesið þar upp.

Jafnframt verður stjórnin að fara fram á, að fá að vita, hvaða Reykjavíkurlæknir tók 500 kr. fyrir fóstureyðingu og einnig hver sagði yður frá því. Stjórnin á erfitt með að trúa því, að saga þessi sé sönn, og er hvorttveggja vítavert, að vinna verkið, ef það hefir verið gert, og hinsvegar að fara með slík ósannindi, ef rangt er sagt frá.

Vér teljum það sjálfsagt að hlýða núgildandi lögum, og jafnvel varasamt að breyta þeim til verulegra muna, þó skiptar séu skoðanir um það. Gamla reglan var sú að gera aldrei abortus nema eftir samráði við annan reyndan lækni, og gafst hún vel. Vér höfum að minnsta kosti talið það víst, að læknar gerðu slíkt aldrei í fjáröflunarskyni. Hinsvegar er það viðbúið, að sú óöld, sem ríkir nú erlendis í þessum efnum, berist hingað eins og annar ófagnaður. Hin hóflausa læknafjölgun kann og að styðja að því, auk breytingar á hugsunarhætti almennings.

Væntanlega getum vér sagt eitthvað nánar um þetta, þegar málið hefir verið rætt í Læknafélagi Reykjavíkur.

(sign.) Guðm. Hannesson."

Málið var síðan til umræðu í Læknafélagi Reykjavíkur, sem gerði út af því eftirfarandi samþykkt 5. apríl 1933:

---

þeirra, verður það til þess að útbreiða þá skoðun meðal kvenna, að við þetta sé ekkert að athuga og gera kröfurnar svo hóflausar og frekar, að einskis sé gáð. Hvert eiga þá þær konur að leita, sem ekki hafa samband við nægilega frjálslynda lækna eða ekki ráð á að standast kostnaðinn við hjálpina? Verður þess langt að bíða, að kröfunum verði fullnægt eftir öðrum og hættulegri leiðum?

1. Fundur í Læknafélagi Reykjavíkur skorar á heilbrigðisstjórn ríkisins, að hefja þegar í stað undirbúning undir löggjöf um fóstureyðingar og ástæður til þeirra og telur rétt að nefnd sé skipuð til þess.
2. Fundurinn skorar á félaga Læknafélags Reykjavíkur að gæta hinnar fyllstu varúðar um fóstureyðingar. Telur hann rétt, að alltaf séu 3 læknar sammála um réttmæti aðgerðarinnar, enda semji þeir skriflega skýrslu um ástæðurnar, er þeir undirskrifi allir, og sé sú skýrsla jafnan til taks ef þörf krefur.

Í Heilbrigðisskýrslunum 1932 er enn birt skýrsla um hinar sömu aðgerðir, sem það ár eru samtals 355: 133 sinnum vegna fósturláta, 91 sinni vegna fóstureyðinga og 131 sinni af öðrum tilgreindum ástæðum. Segir þar svo:

„Um fósturlát og fóstureyðingar er svipað að segja og undanfarin ár. Á töflu þeirri, sem hér fylgir, er svo að sjá sem fóstureyðingar hafi ekki aukizt frá fyrra ári, en nokkurn grun vekja skýrslur um, að sumstaðar sé dulið meira en áður, hvað í raun og veru fram fer í þessum efnum. Frá árinu 1930 til ársins 1931 aukast fósturlátin á sjúkrahúsunum úr 84 upp í 97, eða um 15,5%, en fóstureyðingar úr 52 upp í 92, eða 76,9%. Nú má heita, að fóstureyðingar hafi staðið í stað, en fósturlátum fjölgað úr 97 upp í 131, eða 35%. Samanlögðum curette-aðgerðum fjölgar þó ekki verulega á árinu, og má vera, að skýrslur þær, sem um þetta hafa verið birtar, hafi orðið einhverjum viðvörun. Mál þetta er vandræðamál og krefst bráðrar lausnar. Landlæknir hefir átt nokkur bréfaskipti um það við félagsskap lækna og nú nýlega samið frumvarp til laga um leiðbeiningar til kvenna um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar. Mun læknastéttin innan skamms taka afstöðu til þess, og væntanlega kemur málið áður en langt um líður fyrir Alþingi.“

Ekki er kunnugt, hvert tillit læknar hafa tekið til síðari liðs samþykktar Læknafélags Reykjavíkur, enda enn ekki unnið úr heilbrigðisskýrslum fyrir síðastliðið ár, en grunur er um, að það sé ekki ýkja mikið. Hinsvegar munu upplýsingar heilbrigðisskýrslnanna um fóstureyðingar á sjúkrahúsum hér hafa vakið athygli hinna erlendu eigenda sjúkrahúsa St. Josephs systra í Reykjavík og Hafnarfirði, því að þeir munu hafa lagt bann við því, að slíkar aðgerðir mættu fara þar fram.

Er vikið að þessu og því, hverjar afleiðingar það getur haft, í bréfi landlæknis til Læknafélags Reykjavíkur, dags. 3. jan. þ. á., um leið og hann leggur frumvarpið fyrir félagið. Er bréfið svo hljóðandi:

„Mér er tjáð, að forráðamenn tveggja sjúkrahúsa, þ. e. sjúkrahúsa St. Josephs systra í Hafnarfirði og í Reykjavík, hafi nú lagt bann við því, að á þeim sjúkrahúsum megi fara fram fóstureyðingar (abortus provocatus). Þetta eru þau tvö sjúkrahús, þar sem mest hefir verið gert að þessum aðgerðum á undanförnum árum, og hefi ég áður vakið athygli félags yðar á því, meðal annars með dæmum frá þessum tveimur sjúkrahúsum, hversu völtum fæti læknastéttin, einkum hér í Reykjavík, stendur í fóstureyðingarmálunum, bæði með tilliti til gildandi löggjafar og þess, sem almennt eru taldir góðir siðir með læknum.

Ég vil enn á ný vekja athygli yðar á þessu máli, með því að ég ber nokkurn kvíðboga fyrir því, að einmitt nú, er þrengist um á sjúkrahúsunum fyrir þessar

aðgerðir, án þess að vænta megi, að nokkurt lát verði á kröfum fólks um þær, kunni einhverjir læknar að freistast til að leggja út í þær við verri skilyrði, og þau ef til vill mjög vond, og verður þá seinni villan argari hinni fyrri.

Vænti ég þess, að þér vekið athygli meðlima félags yðar á þessari hættu og brýnið fyrir þeim að gæta sín við henni.

Mér er ljóst, að við þetta má ekki staðar nema, og að ekki verður ráðið fram úr þessu vandræðamáli nema með hagkvæmu skipulagi, er styðst við skynsamlega lagasetningu.

Ég hefi æskt samvinnu við læknastéttina um undirbúning slíkrar löggjafar. Og til þess að láta ekki mitt eftir liggja, hefi ég gert uppkast að frumvarpi til laga um þetta efni, er ég hefi í dag sent stjórn Læknafélags Íslands til umsagnar. Legg ég hér með afrit af frumvarpsuppkastinu. Ef samkomulag getur orðið milli mín og læknastéttarinnar um málið, geri ég fastlega ráð fyrir, að það megi fá afgreitt á næsta þingi. Og lengur má það helzt ekki dragast, því að mér skilst, að oss muni annars geta borið allhratt út í það öngþveiti, sem aðrar þjóðir eru staddar í af þessum sökum.

Ég leyfi mér að fara fram á, að einnig þér og félag yðar gefið málinu gaum og styðjið að skynsamlegri lausn á því og góðum framgangi.“

Læknafélag Íslands hefir ekki látið málið til sín taka, svo kunnugt sé. Aftur á móti var því mjög vingjarnlega sinnt af Læknafélagi Reykjavíkur, sem skrifaði landlækni þegar, er það hafði haft málið til meðferðar á einum fundi, svo hljóðandi bréf, dags. 9. janúar 1934:

„Bréf yðar, dags. 3. jan. þ. á. viðvíkjandi abortus provocatus hefi ég lagt fyrir fund Læknafélags Reykjavíkur í gærkveldi, svo og kynnt fundarmönnum aðalefni frumvarpsuppkastsins, er fylgdi bréfinu.

Efni frumvarpsuppkastsins virðist yfirleitt vera mjög í samræmi við álit og óskir Læknafélags Reykjavíkur, sem áður hafa komið fram á fundum í félaginu, svo að vafalaust mun ekki standa á Læknafélagi Reykjavíkur um að stuðla að framgangi málsins eftir megni.

(sign.) Helgi Tómasson,
p. t. formaður L. R.“.

Læknafélag Reykjavíkur skipaði síðan nefnd í málið, og er hún hafði athugað frumvarpið, samþykkti félagið á fundi sínum 14. maí þ. á. að fallast á það og mæla með því, að það yrði gert að lögum, en mæltist jafnframt til, að gerðar yrðu á því örfáar breytingar. Var tekið tillit til flestra þeirra, er endanlega var gengið frá frumvarpinu. Í athugasemdunum við hinar einstöku greinar verður getið þeirra breytinga, er félagið óskaði en ekki var fallizt á, svo og þeirra breytinga, er að vísu var fallizt á, en álitamál getur verið um.

Þess skal getið, að það hefir verið talið fyrir utan verksvið þeirra, sem að undirbúningi þessa máls hafa staðið, að athuga hin almennu ákvæði hegningarlaganna um fóstureyðingar, sem væntanlega verður gert, þegar loks kemur að því, að þau verði endurskoðuð.

Um 1. gr.

Að ósk Læknafélags Reykjavíkur var ein málsgrein greinarinnar felld niður, og var hún 2. málsgrein svo hljóðandi:

„Ríkari skylda hvílir í þessu efni á lækni, sem samkvæmt ákvæðum þessara laga eyðir fóstri með konu, líflætur barn í móðurkviði eða í fæðingu eða kemur því til leiðar, að kona fæði fyrir tíma, ef ætla má, að sömu ástæður verði fyrir hendi, ef konan verður barnshafandi á ný".

Að sjálfsögðu er enginn ágreiningur um það, að hér sé um ríkari skyldu að ræða, og væntanlega mundi hver dómari meta svo, þó að ekki væri sérstaklega tekið fram. Ákvæðið var hugsað sem leiðbeinandi áminnig til lækna, er þessi verk vinna. En Læknafélagið telur það óþarft, sennilega fyrir það, að þetta liggi svo berlega í hlutarins eðli, að öllum læknum hljóti að vera það nægilega ljóst.

Við 2. málsgrein óskaði Læknafélagið þeirrar breytingar, að hún næði til lækna almennt, en hinsvegar væri enginn læknir skyldaður til að láta í té þessar leiðbeiningar, heldur eingöngu veitt heimild til þess. Á þetta verður ekki fallizt. Grundvallandi atriði frumvarpsins er að veita konum áreiðanlega fræðslu og sem öruggastar leiðbeiningar um varnir gegn barngetnaði. Og að þeirri fræðslu og þeim leiðbeiningum eiga konur að eiga vísan aðgang hjá lækni sínum. Það verður að vera læknisskylda hans að sinna þeirri eftirleitan. Undan þeirri skyldu þykir þó sjálfsagt að skilja lækna, er ekki fást við lækningar, svo og þá, sem aðeins starfa að sérgreinum, sem þessum efnum eru óskyldar, svo sem augnlækna, geislalækna o. fl. Engin lög þarf að setja til að heimila læknum að láta slíkar leiðbeiningar í té, með því að ekki hefir verið dregið í efa, að slík leiðbeiningastarfsemi væri hverjum einum heimil.

Um 2. gr.

Um leið og reglur eru settar um varnir gegn barngetnaði og um fóstureyðingar, verður ekki komizt hjá að setja nokkrar reglur um heimild lækna til að gera konur ófrjóar af svipaðri nauðsyn. Er þar lítillega snert við máli, sem er miklu víðtækara en svo, að hér geti komið til greina nema að þessu litla leyti, og krefst það sérstakrar lagasetningar. Hér er aðeins um það að ræða að heimila læknum að gera konur ófrjóar, ef heilbrigðisnauðsyn krefur, og því aðeins, að tilsvarandi ástæður séu fyrir hendi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að heimili fóstureyðingar.

Læknafélagið óskaði þeirrar breytingar á greininni, að í stað orðanna „þó að um minni hættu sé að ræða" komi: „þó að um aðrar ástæður sé að ræða". Á þetta verður ekki fallizt. Sennilega mundu dómarar lítinn eða engan mun gera á þessu orðalagi og líta svo á, í samræmi við það, sem á undan er komið, að hinar „aðrar ástæður" hlytu einnig að vera sjúkdómsástæður, en orðalagið yrði þá ekki til annars en að afvegaleiða lækna, er gætu litið svo á, að aðgerðin væri þeim heimil af hverskonar ástæðum, sem ekki getur komið til mála og enginn ætlast til.

Þess er krafizt um þessar aðgerðir, að viðkomendur óski þeirra. Læknafélagið vildi orða það svo: „enda liggi fyrir skrifleg beiðni konunnar um að-

gerðina". Það er að óttast, að slíkrar skriffinsku yrði ekki gætt. Komið getur fyrir, að læknir sjái ekki ástæðu til þessarar aðgerðar fyrr en í miðri annari aðgerð, er konan liggur sofandi, og þori þó öruggur að ráðast í hana upp á væntanlegt samþykki. Eftir sem áður er hverjum lækni innan handar að hafa yfirleitt þá reglu að tryggja sig með skriflegri heimild, áður en hann ræðst í að gera konu ófrjóa.

Um sjálfa framkvæmd þessara aðgerða eru ekki settar tilsvarandi reglur við þær reglur, sem í 11. gr. eru settar um fóstureyðingaraðgerðir. Er miðað við það, að yfirleitt er ekki að óttast neina ástæðulausa eftirsókn eftir þessum aðgerðum, sem eru vandasamar og all-mikilsháttar, og þess vegna ekki gert ráð fyrir, að hætta sé á, að þeim verði misbeitt af læknum.

Um 3. gr.

Það er almennt viðurkennt að telja það fæðingu, ef kona fæðir af sér burð eftir fullra 28 vikna meðgöngu, en fósturlát, ef hún fæðir eftir styttri meðgöngutíma. Er miðað við það, að yngri burður en 28 vikna heldur yfirleitt ekki lífi utan við móðurina, en á að geta lifað ef eldri er. Hér er burðurinn til aðgreiningar kallaður fóstur til 28 vikna aldurs, en barn úr því.

Læknafélagið kaus heldur það orðalag, að talað væri um að „deyða" heldur en að „lifláta" barn eða burð. Þetta skiptir ekki miklu máli, en síðara orðið var þó látið halda sér. Að „deyða" merkir það að valda dauða, hvort sem það er gert viljandi eða óviljandi, löglega eða ólöglega. Að „lifláta" virðist fremur merkja það, að deytt sé að yfirlögðu ráði, að uppkveðnum dómi, löglega. Hér er einmitt um það að ræða, og fer bezt á því að kalla hvað eina sínu rétta nafni. Er enginn ósmekkur að því að segja, að fóstur eða barn láti lífið fyrir móðurina, enda biblíulegt orðalag.

Um 4. gr.

Eftir að Læknafélagið hafði frumvarpið til athugunar, hefir ein málsgrein, að ráði lögfræðings, verið felld aftan af greininni, og var hún svo hljóðandi:

„Um tilraunir til þessara aðgerða gildir hið sama sem um aðgerðir, er borið hafa fullan árangur."

Er ætlazt til þess, að um þetta fari að almennum reglum hegningarlaga.

Um 5. og 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Að ósk Læknafélagsins var fellt aftan af greininni svo hljóðandi niðurlag: „enda sé að öðru leyti gert allt, sem unnt er, til þess að barnið megi halda lífi".

Er svipað um þennan sjálfsagða hlut að segja og greint er um málsgreinina, sem niður var felld úr 1. gr.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Heimild sú, sem hér er veitt til fóstureyðingar, er bundin við heilbrigðislega nauðsyn konunnar, og verður í hverju tilfelli að meta hana og nauðsyn aðgerðarinnar í samræmi við viðurkenndar reglur læknisfræðinnar um aðrar læknisaðgerðir. Enginn heiðvirður læknir tekur lim af manni einungis fyrir það, að þess sé óskað, ekki heldur, þó að einhverjar ástæður séu greindar, og ekki þó að þær kynnu að bera það með sér, að það væri raunar gustuk — nema hann sannfæri sig um, að það séu sjúkdómsástæður, og sé aðgerðin, læknisfræðilega séð, viðeigandi og eftir atvikum nauðsynleg aðgerð við þeim sjúkdómi. Annað mál er það, að félagsleg aðstaða sjúklings getur réttilega haft áhrif á, hver aðgerð er valin við sjúkdómi hans. Sjúkling með magasár, sem stundar þessa atvinnu og býr við þessi kjör, getur verið rétt að ráðleggja skurðaðgerð, en ef hann stundaði aðra atvinnu og byggi við önnur kjör, gæti verið réttara að reyna fyrst lyflækningar. Læknar verða sem sé jafnan að líta á hvert mál eins og það liggur fyrir, en ekki eins og æskilegt væri, að það lægi fyrir. Það er aftur á móti umbótamanna þjóðfélagsins að sjá fyrir því, að læknarnir verði sem fyrst losaðir við að þurfa að hafa þessi tvöföldu sjónarmið. Á sama hátt getur það ekki einungis verið fyllilega réttmætt, heldur óhjákvæmilegt, að taka svipuð tillit til kjara og kringumstæðna þegar úr því er skorið í hverju einstöku tilfelli, hvort fóstureyðing sé viðeigandi og nauðsynleg aðgerð eða ekki (sbr. 3. málsgr. greinarinnar). Gerum ráð fyrir, að kona með hjartabilun sé vanfær og leiti læknis. Ef hún þarf ekkert á sig að reyna, hefir þjónustufólk á hverjum fingri og getur notið fullkomnustu umönnunar og aðbúðar, er ef til vill engin ástæða til að eyða fóstri hennar, og þá óheimilt samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps. Öðru máli er að gegna, ef hún baslar ein við bágan hag og erfiðar kringumstæður, í hverju sem þær kunna að vera fólgnar (mikil ómegð, veikindi á heimilinu, drykkjuskapur heimilisföðurins, fyrirvinnuleysi), svo að það út af fyrir sig er fyllsta raun biluðu hjarta. Þá er sennilega ekki á erfiði þess bætandi og aðgerðin heimil. Berklaveikri konu, sem vel þolir að eiga eitt barn og jafnvel fleiri börn með viðunandi millibili, getur orðið það ofraun að ná ekki hala sínum, og einkum ef það kemur fyrir ár eftir ár. Fleiri dæmi mætti nefna þessu lík.

Með öðrum orðum: Félagslegar ástæður einar út af fyrir sig heimila aldrei fóstureyðingu samkvæmt þessu frumvarpi. Heilbrigðisástæður, þ. e. þau veikindi konunnar (sbr. þó 10. gr.), er fóstureyðing getur verið tilhlýðileg aðgerð við, verða æfinlega að vera fyrir hendi. En ófullnægjandi heilbrigðisástæður geta orðið fullnægjandi til að heimila aðgerðina að viðbættum félagslegum ástæðum.

Þegar kona hefir ekki gengið lengur með en 2—3 mánuði, er fóstureyðing tiltölulega hættulítil aðgerð, ef hún er framkvæmd við góð skilyrði og af fullri kunnáttu. Eftir þann tíma verður aðgerðin sífellt vandasamari og hættulegri. Fyrir því eru í frumvarpinu sett strangari skilyrði fyrir heimild til fóstureyðingar eftir að fyrstu mánuðir meðgöngutímans eru liðnir. Getur verið álitamál, hvar mörkin á að setja. Í frumvarpinu var upphaflega miðað við 12 vikur, en Læknafélagið mælti með 8 vikum, og var fallizt á það, enda þannig enn gætilegar í sakir farið.

Um 10. gr.

Þekking manna á arfgengi sjúkdóma, vanskapnaðs og annara meðfæddra vanheilinda, er að vísu ákaflega takmörkuð, en í einstökum tilfellum getur hún þó nægt til þess að styðja réttmæti fóstureyðingar samkvæmt heimild þessarar greinar, ekki síst, ef sú raun er á komin, að konan hefir áður alið vanheilt barn á þennan hátt, þó að það út af fyrir sig verði engan veginn alltaf talið skera úr um heimildina.

Um 11. gr.

Hér eru settar reglur til varnar því, að læknar misbeiti þessum aðgerðum og til þess að tryggja, eftir því sem unnt er, að þær verði aðeins framkvæmdar af kunnáttumönnum. Læknafélagið gerði við greinina þá varhugaverðu tillögu um undanþágu frá reglunum, sem hér segir:

„Nú reynist ókleift, innan hæfilegs tíma, að koma konunni á viðurkennt sjúkrahús, þar sem fóstureyðingu má framkvæma, og skal þá lækni konunnar heimilt að framkvæma aðgerðina heima í héraði, fái hann áður símleiðis samþykki næsta sjúkrahúsyfirlæknis, sem heimild hefir til slíkra aðgerða."

Það er ef til vill ekki óhugsandi, að fyrir geti komið allbráð nauðsyn til þessarar aðgerðar, en tæplega svo, að ekki gefist ráðrúm til að koma konunni í tæka tíð á eitthvert hinna stærri sjúkrahúsa, eins og nú er orðið háttað samgöngum í landinu. Áreiðanlega er hér um slík undantekningartilfelli að ræða, að fyrir þau er ekki leggjandi í sölurnar að gera hin þýðingarmiklu öryggisákvæði greinarinnar að engu, sem gert væri með slíkri undanþáguheimild.

Samþykki hins samvizkusamasta sjúkrahúslæknis, gefið í síma, er einskisverð öryggisráðstöfun, með því hann hefir engin tök á að sannprófa upplýsingar læknisins, sem eftir samþykkinu leitar. Má gera ráð fyrir, að hann þyrði aldrei að taka á sig þá ábyrgð að synja um samþykkið undir slíkum kringumstæðum, ef af einbeittni væri eftir sótt, að því slepptu, hversu ósmekklegt það væri, að láta slíkan málflutning og úrskurði fara fram símleiðis. Og til hvers væri þá að krefjast nokkurs samþykkis annars læknis til aðgerðarinnar, ef fyrirfram má vita, að það verður alltaf veitt? Undir slíkt ákvæði væri óprúttnum læknum innan handar að skjóta sér, enda mundi ekki vanta ásóknina í skjóli þess, og mundi það þannig opna leið til stjórnleysis um öll þessi mál. Verður af þessum ástæðum að vara mjög eindregið við tillögunni.

Þá lagði Læknafélagið til, að niður væri felldur 3. töluliður þessarar greinar, sennilega með það fyrir augum, að þar væri um svo sjálfsagðan hlut að ræða, að ekki væri þörf ákvæða um. En það verður einmitt að teljast mjög viðeigandi um þessar aðgerðir að krefjast sérstakrar aðgæzlu um góð skilyrði til þeirra og fyllstu kunnáttu og vandvirkni um alla framkvæmd, með því að freisting getur verið til að slaka hér á fyllstu kröfum, eins og dæmin hafa of víða sannað. Aðgerðir þessar eru vandalausar að því leyti, að allir geta komið af stað fósturláti, og það má alstaðar gera. En ef út af ber, getur það haft hinar alvarlegustu afleiðingar, valdið liftjóni og langvarandi heilsuleysisböli. Það er því nauðsynlegt og réttmætt að taka það sérstaklega fram, sem í 3. tölulið greinir, og að leggja sérstaka áherzlu á brot gegn þeim ákvæðum, er um viðurlög við brotum er að ræða, eins og gert er í 12. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Læknafélagið gerði að sjálfsögðu tillögur um orðabreytingar á þessari grein í samræmi við breytingartillögur sínar við 11. gr., en að öðru leyti er ekki um ágreining að ræða um ákvæði þessarar greinar, og þarfnast hún ekki skýringa.

Að lokum skal þess getið, að síðan frumvarpið lá fyrir Læknafélagi Reykjavíkur, hefir verið vikið við orðum á stöku stað, en hvergi svo, að hugsanlegt sé, að þeim ágreiningi geti valdið, er þýðingu hafi.

## 20. Frumvarp

til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Allar þær bækur, sem á hverjum tíma eru löggiltar til kennslu í barnaskólum, skulu gefnar út og seldar af ríkinu.

2. gr.

Yfirstjórn útgáfunnar hefir útgáfustjórn. Hana skipa 3 menn: fræðslumálastjóri, sem er formaður stjórnarinnar, og 2 menn tilnefndir til 3 ára í senn, annar af stjórn Sambands ísl. barnakennara, en hinn skipar kennslumálaráðherra, og skal hann skipaður með sérstöku tilliti til þess, að geta verið ráðunautur útgáfustjórnar um kennslubækur til notkunar í æðri skólum (sbr. 7. gr.). Heimilt er kennslumálaráðherra að ákveða útgáfustjórninni þóknun fyrir starf hennar, og greiðist sú þóknun úr ríkissjóði.

3. gr.

Útgáfustjórn sér um að jafnan sé til nægilegt af þeim bókum, sem gefa skal út, og nægur forði á þeim stöðum, þar sem nota skal bækurnar. Hún semur um útgáfurétt og ritlaun, prentun, bókband og útsendingu, ákveður útsöluverð bókanna, sér um innheimtu andvirðis og annað það, sem að útgáfunni lýtur. Heimilt er útgáfustjórn að ráða mann eða menn til að vinna að þessu, ef með þarf, og skulu greiðslur fyrir þau störf taldar með útgáfukostnaði bókanna.

4. gr.

Bækurnar skulu seldar til jafnaðar með kostnaðarverði. Skal leitast við að gera útgáfu bókanna ódýra, en þó vandaða.

5. gr.

Skólastjórar barnaskólanna skulu sjá um sölu bókanna hver í sínum skóla, og fá fyrir það þóknun, er nemur 10% af útsöluverði bókanna. Sömu sölulaun skulu og greidd þeim öðrum, sem hafa vilja bækurnar til sölu. Útgáfustjórnin

setur reglur um reikningsskil af hálfu þeirra, er bækurnar hafa til sölu og tryggingar fyrir greiðslu andvirðis bókanna.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram til útgáfunnar kr. 8000.00 — átta þúsund krónur — á ári í 6 ár frá því að útgáfan tekur til starfa. Af stofnfé þessu skulu engir vextir greiddir. Ef útgáfan þarf á meira starfsfé að halda lánar ríkissjóður það gegn 6% ársvöxtum.

7. gr.

Auk kennslubóka þeirra, sem löggiltar eru til notkunar í barnaskólum á hverjum tíma, er stjórn útgáfunnar heimilt að ákveða að gefa út og selja á sama hátt skólabækur til notkunar í hærri skólum. Ennfremur skal henni heimilt að gefa út og hafa til sölu landabréf, veggmyndir og skólanauðsynjar.

8. gr.

Stjórn útgáfunnar rannsakar, hve miklar birgðir séu til af þeim bókum, sem löggiltar hafa verið til notkunar í barnaskólum, og gefa skal út samkvæmt lögum þessum. Jafnframt rannsakar hún, hve mikil sé árleg meðalsala hverrar bókar, og ákveður, hve langan tíma eigendur slíkra upplaga megi selja bækurnar. Loks sér útgáfustjórn um að nýjar útgáfur verði til jafnskjótt sem eldri útgáfur þrjóta, eða að komnar séu á markað nýjar bækur, sem löggiltar kunna að hafa verið í stað hinna eldri.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp um útgáfu skólabóka hefir legið fyrir nokkrum þingum, en er nú flutt á ný með ýmsum lagfæringum.

Svo má kalla, að bóknám sé nær eingöngu lagt til grundvallar í barnaskólum vorum. Skólabækur hafa því geysilega þýðingu fyrir allt nám barnanna og árangur þess og störf kennaranna eru oft mjög undir því komin hversu heppilegar bækur hann hefir til afnota. Það skiptir mestu um skólabækur, að málfar þeirra, efnisniðurröðun, framsetning og allur andi sé við hæfi barnanna. Hefir það þegar verið viðurkennt, að nauðsyn bæri á eftirliti með slíku af hálfu hins opinbera, sbr. lög um fræðslunefndir frá 1928. Þá er enn tvennt, sem miklu máli skiptir um útgáfu skólabóka; annað er það, hversu hagkvæmlega útgáfunni er hagað með tilliti til þess, sem barninu er ætlað að nema alls á 5—6 ára skólagöngu. Þykir sú aðferð nú mjög úrelt að gefa út eina kennslubók, er hafi allt það inni að halda í tiltekinni námsgrein, sem barninu er ætlað að nema til fullnaðarprófs, er sé keypt um leið og barnið hefur námið í þeirri grein. Hitt þykir nú öllu hagkvæmara, að gefa út námsefni hverrar greinar í smærri heftum er smám saman séu keypt, eftir því sem barnið þokast upp á við í skólanum. Er það talsvert hagræði foreldrunum, sem kaupa, og reyndin er sú, að lesefni barnanna

hefir orðið meira og fjölbreyttara, þar sem sú aðferð hefir verið tekin upp. Þá skiptir og ytri frágangur bókanna miklu máli, t. d. pappírsgæðin, letur, prentun, prófarkalestur, band o. þ. u. l. Og þó einkum verð bókanna og ending í hlutfalli við verðið. Það mun láta nærri, að bækur þær, sem einu barni er ætlað að nota öll skólaárin, sé nú allt að kr. 70.00 og þessi fjárhæð vex til muna við niðurfærslu skólaskyldunnar. Hér í eru þó ekki talin ritföng, og margt annað, sem barnið notar í skólanum. Þetta eru oft mjög tilfinnanleg útgjöld fyrir alþýðu manna og einkum fátækari hluta hennar, enda sannanlegt, að mikill hluti fátækustu barnanna eignast aldrei allan þann bókakost, sem lög og reglugerðir skólanna ákveða. Eru þess allmörg dæmi, að kennarar hafa sjálfir lagt fram talsvert fé af launum sínum til bókakaupa handa þeim börnum, sem ekki hafa getað eignazt þær að öðrum kosti. Hið geysiháa verð skólabókanna, sem nú er, veldur því, að fátækari hluti barna eignast aldrei nauðsynlegan bókakost og námið fer oft í handaskolum hjá barnmörgum fjölskyldum af því að mörgum börnum er ætlað að nota sömu bókina.

Verð á bókum er hér allt of hátt. Það gegnir allt öðru máli um skólabækur en aðrar bækur, sem út eru gefnar. Þjóðin leggur sjálf til öruggan markað fyrir þær með lögum og fyrirskipunum um skólahald og bókakost.

Í nágrannalöndum vorum og raunar öllum menningarlöndum er þessum málum fyrir löngu skipað í það horf, að þjóðirnar og einstök bæjar- eða borgarfélög hafa útgáfu og umsjón skólabókanna í sínum höndum.

Sumstaðar fá öll börn ókeypis þær bækur, sem notaðar eru í skólum og mjög víða, þar sem ekki er svo langt gengið, er þó útbýtt bókum til fátækra barna. Hér eru skólabækurnar vissasta tekjulind nokkurra útgefenda og bóksala.

Úr þessu er frv. ætlað að bæta. Ætti það, ef að lögum yrði, að tryggja góðan frágang á bókunum, og auk þess töluvert lægra verð en nú er. Þess eru dæmi, að kennslubækur eru seldar við verði sem nemur allt að 1 kr. á hverja örk, og margar eru seldar fyrir um og yfir 50 aura á hverja örk. Þó eru þessar bækur prentaðar í stórum upplögum og trygg mikil sala árlega. Hreinn útgáfukostnaður nemur miklu minnu en þessu verði. Háa verðið liggur að nokkru leyti í óþarflega miklum gróða útgefenda, en að nokkru leyti í óhæfilega miklum sölukostnaði.

Stefna frv. er sú, að bækurnar verði gefnar út og seldar svo, að hvorki verði ábati né halli á útgáfunni. Með því ætti að takast að lækka verð bókanna til muna. Æskilegast væri, að hið opinbera legði fram þær námsbækur, sem fyrirskipað er að nota, en mikil bót að fá verðið lækkað svo sem hér er gert ráð fyrir.

Um einstakar greinar frv. má taka þetta fram:

Um 1. gr.

Bezt væri, að allar skólabækur, bæði við lægri og æðri skóla, væru gefnar út á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Þó þykir ekki vert að fyrirskipa ríkisútgáfu nema á löggiltum barnanámsbókum til að byrja með. Aftur er í 7. gr. heimilað að gefa út fleiri námsbækur, ef hægt er og þörf þykir á vera.

Um. 2. gr.

Það þykir réttmætt að fræðslumálastjóri, sem hefir yfirumsjón allra slíkra mála, sé formaður útgáfustjórnar, en útgáfustjórn skipi að öðru leyti tveir menn og sé annar fulltrúi Sambands ísl. barnakennara, en hinn valinn með tilliti til þess, að hann hafi skilyrði til þess að meta þarfir og kröfur æðri skóla, gagnfræðaskóla, héraðsskóla og menntaskóla.

Um 3. gr.

Starfssvið útgáfustjórnarinnar er hér ákveðið í aðalatriðum. Að öðru leyti verður reynslan að skera úr. Þegar fyrirtækið vex, má búast við að stjórnin þurfi aðstoð við afgreiðslu, bókhald, innheimtu o. fl. og verður sá kostnaður, sem af því leiðir, talin nmeð útgáfukostnaði.

Um 4. gr.

Með sölu við kostnaðarverði er átt við það, að hreinar tekjur af sölu bókanna greiði útgáfukostnað þeirra allan, en ekki meira.

Um 5. gr.

Það þykir fara bezt á því, að skylda skólastjóra að sjá um sölu bókanna. Geta þeir auðvitað falið það öðrum, t. d. kennurum, en bera þó sjálfir ábyrgð á andvirðinu gagnvart útgáfunni.

Sölulaun þykja hæfilega ákveðin 10%.

Um 6. gr.

Þar sem bækurnar yrðu ekki gefnar út allar á fyrsta ári, heldur smátt og smátt, eftir því sem eldri upplög þrjóta, er búist við, að 8000 kr. framlag á ári nægi. Verður það varla talin mikil viðbót við þann kostnað, sem nú fer til barnafræðslu, og væri þessu fé áreiðanlega vel varið, þar sem það kæmi smátt og smátt þúsundum heimila til góða í lækkuðu bókaverði. Nokkurt fé hlýtur alltaf að vera bundið í útgáfunni. Hér er gert ráð fyrir að 48 þús. nægðu sem fast stofnfé. Ef meira þyrfti einstök ár, er gert ráð fyrir að greiða vexti af því.

Um 7. gr.

Sjá aths. við 1. gr.

Um 8. gr.

Réttmætt er að gera ráð fyrir að útgefendur selji upp birgðir þær, er þeir hafa, svo að þeim sé ekki bakað tjón að óþörfu. Er gert ráð fyrir að meðalsala bókarinnar undanfarin ár verði lögð til grundvallar sölufresti, sem eigendum bókanna sé ákveðinn. Tekur útgáfan þannig smám saman til starfa eftir því sem ástæður liggja til.

Um 9. gr.

Útgáfan þarf að geta tekið til starfa svo fljótt, að hún geti séð fyrir nýjum útgáfum fyrir næsta skólaár af þeim bókum, sem nú kynnu að vera á þrotum.

## 21. Frumvarp

til laga um heimild rannsóknarstofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Rannsóknarstofu Háskólans er heimilt að láta úti og selja hverskonar bóluefni, blóðvetni og svipuð efni, er hún vinnur sjálf eða útvegar frá öðrum rannsóknarstofum.

Ráðherra er heimilt að veita Rannsóknarstofu Háskólans leyfi til að láta úti og selja hvers konar lyf gegn þeim sjúkdómum, er hún fæst við rannsóknir á.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að veita öðrum rannsóknarstofum, er ríkið eða Háskólinn rekur, tilsvarandi leyfi til að láta úti og selja lyf og lyfjavörur, er þær vinna sjálfar, svo og til að láta úti og selja í sambandi við rannsóknir sínar hvers konar lyf gegn sjúkdómum jurta eða dýra eða til útrýmingar sníkjudýra og óþrifadýra.

3. gr.

Rannsóknarstofur skulu fylgja sömu reglum og lyfsalar um útlát eitraðra og hættulegra lyfja til tryggingar því, að hætta stafi ekki af.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Landlæknir hefir samið þetta frumvarp í samráði við forstöðumann Rannsóknarstofu Háskólans, prófessor Níels Dungal, og gerir fyrir því eftirfarandi grein:

Það þykir sjálfsagt um rannsóknarstofur erlendis á borð við Rannsóknarstofu Háskólans, að þær selji sjálfar framleiðsluvörur sínar, sem flestar mega teljast til lyfja. Um heimildir til þessa hér á landi eru lagafyrirmæli óskýr. Er frumvarpinu ætlað að taka af öll tvímæli um heimild opinberra rannsóknarstofnana til lyfjasölu, en henni er ekki eingöngu ætlað að ná til eigin framleiðslu, heldur, að því er Rannsóknarstofu Háskólans snertir, til bóluefnis og blóðvetnis og skyldra efna, er hún útvegar annarsstaðar frá, með því að slík lyf er hún bezt fær um að meta og leiðbeina um notkun á. Opinberum rannsóknarstofnunum yfirleitt á að vera unnt að heimila að hafa á hendi útsölu á lyfjum þeim og lyfjavörum, er notaðar eru í sambandi við rannsóknir þeirra, með því að á þann hátt þykir hægast að leiðbeina um rétta notkun og fylgjast með um árangurinn.

Að öðru leyti þarf frumvarpið ekki skýringar við.

## 22. Frumvarp

til laga um verkamannabústaði.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna í kaupstöðum og kauptúnum landsins.

2. gr.

Byggingarsjóður lánar til íbúðarhúsbygginga, samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem 5 manna nefnd í kaupstöðum og 3 manna nefnd í kauptúnum, hafa fært atvinnumálaráðherra rök fyrir að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn.

3. gr.

Byggingarsjóður skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkend hefir verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðar eða kauptúns, þar sem ákveðið hefir verið að þörf sé fyrir starfsemi byggingarsjóðsins, sbr. 2. gr.
2. Tekjur samkv. 14. gr. laga nr. 58, 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.
3. Bæjarsjóðir og sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins.
4. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður. En hlutaðeigandi bæjarsjóðir og sveitarsjóðir, sbr. 2. gr., standa í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu. Lánin má taka í erlendri mynt og gefa út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

4. gr.

Byggingarsjóður veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni og skal félagið reist á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir byggingarsjóður lán

gegn 2. veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagður fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 85% af kostnaðarverði eignarinnar. Byggingarsjóður veitir lánin affallalaus og ávaxtist og endurborgist þau með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

5. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkissjóðsábyrgð, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

6. gr.

Byggingarfélög hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 4. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
2. að húsin séu gerð úr varanlegu efni, með tveggja og þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð, eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag byggginganna samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.
3. að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 4000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, að viðbættum 300 krónum fyrir hvern ómaga, þó ekki samtals yfir 5500 króna árstekjur, né yfir 5000 króna eignir.
4. að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, gegn a. m. k. 15% útborgun, og með sömu lánskjörum á eftirstöðvum kaupverðsins sem félagið nýtur hjá byggingarsjóði.
5. að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleigan metin reglulega á 5—10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni.
6. að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefir íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkv. mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.
7. að settar séu reglur í reglugerð, sem staðfest sé af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á byggingunа í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.

8. að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra félaga.

7. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins og fyrir matvöruverzlun. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 6. gr. 7. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

8. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 3 menn, sem atvinnumálaráðherra skipar til 4 ára í senn. Ákveður atvinnumálaráðherra hver skuli vera formaður sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefir á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkvæmt reglugerð, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt fjárhald fyrir sig.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinna samkv. 6. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn, einn eða fleiri í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður atvinnumálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélag hefir rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og hefir rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álítur að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til atvinnumálaráðherra.

9. gr.

Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefir verið til byggingarinna.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs og skipar tvo endurskoðendur þeirra til tveggja ára í senn.

10. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn heimilt að ákveða, að bæjarfélagið eða sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefir það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndar uppdrætti að húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömu-

leiðis setur hún, í samráði við stjórn byggingarsjóðs og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Byggingarsjóðir þeir, sem eru starfandi, þegar lög þessi öðlast gildi, renna sem deildir inn í byggingarsjóð landsins.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935 og falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 55 og 71, 8. september 1931 svo og lög nr. 118, 29. desember 1933.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta gerir þá aðalbreytingu á núgildaandi lögum um verkamannabústaði, að hinir einstöku byggingarsjóðir kaupstaða og kauptúna skuli lagðir niður, en í þeirra stað komi einn byggingarsjóður fyrir allt landið.

Það hefir sýnt sig í framkvæmdinni að byggingarsjóðum utan Reykjavíkur hefir gengið mjög erfiðlega að fá lánsfé til starfsemi sinnar og þykir því nauðsyn til bera, að stofnaður verði byggingarsjóður fyrir allt landið, sem hafi það aðalhlutverk með höndum að útvega byggingarfélögum lánsfé. Ennfremur getur það haft skaðleg áhrif á lánstraust ríkisins erlendis, að stjórnir hinna einstöku byggingarsjóða séu að reyna fyrir sér um tiltölulega smávægilegar lántökur utanlands og innan og bjóða fram ríkisábyrgð til tryggingar slíkum lánum. Þá er og á það að líta, að meiri trygging er fyrir því að hagkvæm lán fáist til þessarar starfsemi, ef aðeins einn aðili leitar um lántökur, því að hér verður um stærri lán að ræða, sem byggingarsjóðsstjórnin svo skiptir milli hinna einstöku byggingarfélaga.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þetta að athuga:

Um 1. gr.

Vísast til þess, sem hér að framan var sagt.

Um 2. gr.

Að mestu samhljóða 1. gr. laga nr. 71 1931.

Um 3. gr.

Rétt er að hver kaupstaður og kauptún hafi sína deild í byggingarsjóðnum, sem sé fjárhagslega og reikningslega algerlega sérgreind, því að hinir einstöku kaupstaðir og kauptún bera aðeins ábyrgð á þeim lánum, sem byggingarfélagi innan þeirra er veitt úr sjóðnum.

Um 4. gr.

Grein þessi gerir þá breytingu á núgildandi lögum, að aðeins einu byggingarfélagi í sama kaupstað eða kauptúni sé veitt lán úr byggingarsjóði. Ástæð-

an til þessarar breytingar er sú, að víst má telja að framkvæmdir hefjist fyr ef byggingarfélagið verður aðeins eitt á hverjum stað, og að húsbyggingarnar verði ódýrari ef stærra verður byggt í einu.

Engum er óréttur gerður með þessu ákvæði með því allir þeir, sem fullnægja skilyrðum 6. gr., hafa rétt til að ganga í byggingarfélag og verða aðnjótandi hlunninda þessara laga.

Um 5.—7. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 4.—6. gr. laga nr. 71 1931 og þurfa ekki skýringa við.

Um 8. gr.

Þar sem ríkissjóður ábyrgist þau lán, sem byggingarsjóður tekur, er rétt að atvinnumálaráðherra skipi sjóðsstjórnina.

Byggingarsjóðsstjórnin verður að vera búsett í Reykjavík, og ber því nauðsyn til að hún hafi trúnaðarmann í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem byggingarfélag er starfandi.

Með því að hlutaðeigandi bæjar- og sveitarstjórnir eru með lögum þessum sviptar hlutdeild sinni í stjórn byggingarsjóðsins, en bæjar- og sveitarfélög eru eftir sem áður í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem byggingarfélag fær, þykir nauðsyn bera til að heimila þeim að fylgjast með fjárhag og fjárreiðum hlutaðeigandi byggingarfélags, svo og að stöðva lánveitingar til byggingarfélags, ef álitið er að það geti ekki staðið í skilum af eigin ramleik. Rétt er samt að atvinnumálaráðherra hafi æðsta úrskurðarvald í þessu efni.

Um 9.—13. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

## 23. Frumvarp

til laga um verzlun með tilbúinn áburð.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Ríkisstjórnin skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Samband ísl. samvinnufélaga taka í sínar hendur einkasölu á tilbúnum áburði frá 1. jan. 1935. Frá þeim tíma er engum öðrum heimilt að flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð frá útlöndum til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafélags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

3. gr.

Áburðurinn er ekki seldur öðrum en hrepps- og bæjarfélögum, búnaðarfélögum, samvinnufélögum og kaupmönnum. Heimilt er að leggja á áburðinn þann kostnað, sem af verzluninni með hann leiðir, umfram farmgjöld þau, sem um ræðir í 2. gr. Það skal vera undantekningarlaus regla, að áburðurinn sé greiddur við móttöku.

4. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að fela Sambandi ísl. samvinnufélaga, eða öðrum aðila er henta þykir, rekstur áburðarsölu ríkisins, og leggja fram, eða ábyrgjast, fé er til þess þarf. Að öðru leyti setur ríkisstjórnin reglur um rekstur verzlunarinnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 52 frá 7. maí 1928 og lög nr. 12 frá 6. júlí 1931.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Lög nr. 52 frá 7. maí 1928 sbr. lög nr. 12 frá 6. júlí 1931 heimila ríkisstjórninni að taka í sínar hendur verzlun með tilbúinn áburð. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilað að greiða úr ríkissjóði árin 1932—1934 kostnað við flutning tilbúins áburðar til landsins.

Sú breyting er nú á þessu gerð, að heimild ríkisstjórnarinnar til greiðslu á farmgjöldum er framlengd um óákveðið tímabil og í stað heimildar fyrir ríkisstjórn til að reka einkasölu, er einkasala þessi nú lögfest, með því hún hefir reynzt vel í framkvæmd.

## 24. Frumvarp

til laga um bráðabirgðabreyting á fátækralögum nr. 43, 31. maí 1927.

(Lagt fyrir Alþingi 1934.)

1. gr.

52. gr. fátækralaganna orðist þannig:

Nú þarfnast maður sveitarstyrks, og skal hann þá veittur honum af dvalarsveit, jafnt fyrir það þótt hann sé eigi sveitlægur þar í hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskyldan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveit aldrei heimtingu á endurgjaldi af hálfu sveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem í 57. gr. segir. Skylt er framfærslusveit, ef þurfalinguriinn er eða verður þess megnugur að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum

hefir verið veittur af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin fékk ekki endurborgaðan, verði að réttri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveit rétt á að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er ræðir um í 42. gr.

2. gr.

Í stað 58. til 64. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Hvorki dvalarsveit né framfærslusveit hafa rétt til að krefjast þess, að þurfamaður sé fluttur fátækraflutningi á framfærslusveit sína.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta gerir þá breyting á gildandi fátækralögum að afnema skuli fátækraflutninginn, með því hann fer í bág við réttlætis- og mannúðarhugsjónir nútímans. Jafnframt er sú breyting gerð, til þess að jafna byrðar fátækraframfærslunnar, að dvalarsveit er gert að greiða ⅓ hluta hins veitta fátækrastyrks í öllum tilfellum, nema þegar framfærslusveit hefir sýnt af sér vítaverða vanrækslu á því að viðurkenna sveitfesti þurfalings, sbr. 57. gr. fátækralaganna.

## 25. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 15 25. jan. 1934, um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

3. gr. í lögum nr. 15 25. jan. 1934, skal orða svo:

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, annaðhvort í krónum eða sterlingspundum, allt að 1 milljón króna eða 45000 sterlingspundum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**Bráðabirgðalög**

um breyting á lögum nr. 15 25. jan. 1934, um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Forsætisráðherra Vor hefir tjáð Oss, að til að geta framkvæmt lög um síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi, verði ekki hjá því komizt að bæta við heimild þá, er veitt er í 3. gr. laganna um lántöku allt að 1 milljón króna, ótvíræðu ákvæði um upphæð lánsins í erlendri mynt, því að öðrum kosti sé ekki hægt að fá féð erlendis, en til þess var ætlazt, er lögin voru samþykkt.

Með því að svo er ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

3. gr. í lögum nr. 15 25. jan. 1934, skal orða svo:

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, annaðhvort í krónum eða sterlingspundum, allt að 1 milljón króna eða 45000 sterlingspundum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 10. apríl 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Ásgeir Ásgeirsson.*

## 26. Frumvarp

til laga um vinnumiðlun.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Í hverjum kaupstað landsins skal stofnuð vinnumiðlunarskrifstofa, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar ákveður, eða atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir.

2. gr.

Hlutverk vinnumiðlunarskrifstofu er:

1. að veita endurgjaldslausa milligöngu, verkamönnum jafnt sem atvinnurekendum, um vinnusölu og vinnukaup,
2. að miðla vinnu á milli bæjarbúa, eftir því, sem unnt er,
3. að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjum og ríki til atvinnubóta, svo og annari vinnu, er ríki, bæir eða opinberar stofnanir, fela skrifstofunni að úthluta,
4. að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því, sem auðið er og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði,
5. að aðstoða við atvinnuleysisskráningar eftir lögum nr. 57 frá 7. maí 1928, og láta fram fara atvinnuleysisskráningar, eftir fyrirmælum bæjarstjórnar eða atvinnumálaráðherra,
6. að veita opinberum stofnunum, svo og verklýðsfélögum innan Alþýðusambands Íslands og félögum atvinnurekenda, upplýsingar um tölu atvinnulausra og hagi þeirra, eftir því, sem unnt er,
7. að halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum landins, og
8. að inna af höndum þau störf, er skrifstofum þessum kann að vera falið með lögum eða reglugerðum.

3. gr.

Stjórn hverrar vinnumiðlunarskrifstofu skal skipuð fimm mönnum. Er einn þeirra tilnefndur af atvinnumálaráðherra, og er hann formaður stjórnarinnar, tveir þeirra skulu kosnir af hlutaðeigandi bæjarstjórn með hlutfallskosningu, einn útnefndur af verklýðsfélagi eða fulltrúaráði verklýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, ef til er í kaupstaðnum, og einn af félagi atvinnurekenda þar á staðnum. Nú er vinnumiðlunarskrifstofa stofnuð í kaupstað, þar sem ekki starfar verklýðsfélag innan Alþýðusambands Íslands, eða félag atvinnurekenda, og skipar atvinnumálaráðherra þá menn í þeirra stað í stjórnina.

Kosning og skipun stjórnarmanna er til fjögurra ára í senn. Jafn margir varamenn skulu kosnir og skipaðir af sömu aðilum til sama tíma. Laun stjórnarmanna skulu ákveðin af hlutaðeigandi bæjarstjórn með samþykki atvinnumálaráðherra.

4. gr.

Stjórn vinnumiðlunarskrifstofu ræður forstöðumann skrifstofunnar, svo og aðstoðarmenn, ef þurfa þykir. Hún ákveður og laun starfsmanna, setur þeim starfsreglur, og hefir yfirumsjón með störfum þeirra og rekstri skrifstofunnar yfirleitt.

5. gr.

Allur kostnaður við vinnumiðlunarskrifstofur greiðist að tveim þriðju hlutum úr hlutaðeigandi bæjarsjóði, og að einum þriðja hluta úr ríkissjóði.

6. gr.

Með reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur, má nánar ákveða um störf og fyrirkomulag vinnumiðlunarskrifstofanna, svo og um samband og samvinnu þeirra á milli, allt að fengnum tillögum bæjarstjórna.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Nauðsyn ber til skjótra ráðstafana til aukinnar atvinnu og réttlátrar skiptingar þeirrar vinnu, sem kostur er á, milli vinnuþurfandi manna. Ein ekki ómerk tilraun til lausnar þessa vandamáls er vinnumiðlun, eða stofnun skrifstofa er hafa það verk með höndum, að miðla vinnu á milli manna, að hafa milligöngu meðal þeirra manna, er vinnu vilja selja, verkamanna, og þeirra, er vinnu vilja kaupa, atvinnurekenda, og fylgjast með atvinnuháttum, til þess að geta gefið nauðsynlegar upplýsingar, er verða mættu undirstaða aðgerða til útrýmingar á atvinnuleysi, eða til betra skipulags á atvinnuháttum.

Skrifstofur þessar, vinnumiðlunarskrifstofur, hafa verið stofnaðar víða um lönd, og verið reknar af ríki og bæjum. Um 1890 voru slíkar skrifstofur fyrst stofnaðar í Sviss og í ýmsum ríkjum Suður-Þýzkalands. Og um aldamótin síðustu voru skrifstofur þessar víða stofnaðar hér á Norðurlöndum, og löggjöf og fyrirmæli um þær settar. Reynslan af þessum stofnunum hefir verið góð, og er það almennt viðurkennt að þær hafi gert mikið gagn, til þess að bæta úr ringulreið og allskonar skipulagsleysi í atvinnuháttum. Sumstaðar hafa skrifstofur þessar verið stofnaðar og reknar af einstaklingum, en það þótt illa gefast, og ekki fullnægja þeirri félagslegu þörf, er vinnumiðlunin á að hafa.

Nú er svo komið hér á landi að atvinnuleysi er mjög alvarlegt, einkum í kaupstöðum landsins. Er því nauðsynlegt að gera allar þær ráðstafanir, sem unnt er, til þess að bæta úr því böli og útvega vinnulausum mönnum atvinnu. Sýnist þá eðlilegt að grípa, meðal annars, til þess ráðs, er vel hefir gefizt og að gagni komið, þar sem það hefir verið reynt, sem er vinnumiðlun. Og nú þegar hefir verið stofnuð og starfrækt skrifstofa í svipuðum tilgangi á Siglufirði, og í Reykjavík verið stofnuð ráðningarskrifstofa af bænum og önnur af fulltrúaráði verklýðsfélaganna, en það er að sjálfsögðu alger óþarfi að tvær slíkar skrifstofur séu starfræktar í sama bænum. Virðist því vera mál til þess komið að

sett sé löggjöf um þetta efni, þar sem lögfest sé heildarskipulag á vinnumiðlun og þess vegna er frumvarp þetta fram komið.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að hægt sé að stofna vinnumiðlunarskrifstofu í hverjum kaupstað landsins, þó að sjálfsögðu ekki nema eina á hverjum stað. Þykir rétt að takmarka þessar stofnanir við kaupstaðina, að svo komnu, og gætu þá skrifstofurnar orðið átta alls, ef þær risu upp í öllum kaupstöðunum. Ekki þykir samt rétt að lögbjóða skilyrðislaust, að skrifstofur þessar skuli stofnaðar í öllum kaupstöðunum, og er því svo fyrir mælt, að því aðeins skuli stofna vinnumiðlunarskrifstofu, að annaðhvort bæjarstjórn eða atvinnumálaráðherra ákveði. Það sýnist eðlilegast, að hvor þessara aðila um sig geti tekið ákvörðun um stofnun skrifstofunnar.

Um 2. gr.

Hlutverk vinnumiðlunarstofu eru hér talin í 8 liðum, og marka þau tilgang þessarar stofnunar. Er þar að sjálfsögðu fyrst og fremst um að ræða ókeypis milligöngu um útvegun vinnu og sem réttlátasta miðlun vinnunnar á milli atvinnulausra manna. Eðlilegast þykir og að slíkar skrifstofur hafi með höndum úthlutun á atvinnubótavinnu, og annari þeirri vinnu, sem ríki, bæir og opinberar stofnanir láta framkvæma. Er gert ráð fyrir að hið opinbera noti skrifstofurnar að þessu leyti. Þá er og rétt að skrifstofurnar fylgist sem bezt með atvinnuháttum, safni gögnum og skýrslum, aðstoði við hinar lögboðnu atvinnuleysisskráningar, og sjái einnig um skráningar, er gera má ráð fyrir að bæir eða ríki láti framkvæma, auk hinna lögboðnu, til þess að staðreyna um atvinnuleysi. Þá þykir og sjálfsagt að skrifstofur þessar láti opinberum stofnunum og félagsskap verkamanna og atvinnurekenda í té, allar þær upplýsingar um tölu atvinnulausra, er skrifstofur þessar hafa, allt með hliðsjón af því, að gerðar verði ráðstafanir til umbóta atvinnuleysinu. Þá þykir rétt að gera ráð fyrir að skrifstofurnar haldi uppi samvinnu og sambandi sín á milli, til gagnkvæmra nytsemda og hagræðis um vinnumiðlun. Loks má gera ráð fyrir að skrifstofunum verði falin fleiri og víðtækari verkefni síðar.

Um 3. gr.

Eðlileg afleiðing af því, að skrifstofur þessar eru reknar af ríki og bæjum, og starf þeirra snertir verkamenn og atvinnurekendur, er það, að stjórn þeirra sé skipuð fulltrúum útnefndum af ráðuneyti og bæjarstjórnum, auk fulltrúa frá verkamönnum og atvinnurekendum. Sjálfsagt þykir og, að félög innan landssambands verkamanna, Alþýðusambands Íslands, skipi fulltrúa verkamanna, og þar sem eitt slíkt verklýðsfélag er í kaupstað, þá sjái það um tilnefninguna, og ef fleiri félög eru, er hafi fulltrúaráð, þá sé það aðili til útnefningar. Ef ekki eru í kaupstað slík félög verkamanna og atvinnurekenda, er talið rétt að atvinnumálaráðherra skipi fulltrúa í þeirra stað. Svipað skipulag gildir um stjórnir vinnumiðlunarskrifstofa erlendis.

Um 4. gr.

Stjórn skrifstofanna hefir að sjálfsögðu það hlutverk með höndum að ráða starfsmenn á skrifstofurnar, ákveða þeim laun og setja þeim starfsreglur. Með því að stjórnendur eru skipaðir af þeim aðilum, er segir í 3. gr., sýnist ekkert vera athugavert við það, að allar fjárreiður og annað það, er skrifstofurnar áhrærir, séu í höndum þessara stjórna.

Um 5. gr.

Með því að það skiptir miklu máli fyrir bæjarfélögin og einnig fyrir þjóðfélagsheildina, þá þykir rétt að allur kostnaður við skrifstofurnar, skiptist á milli bæja og ríkis, eftir hlutfallinu tveir á móti einum.

Um 6. gr.

Þarsem lítil reynsla hefir enn fengizt um rekstur og skipun vinnumiðlunar hér á landi, þykir rétt að gera ráð fyrir, að sett séu með reglugerð nánari ákvæði um störf og fyrirkomulag skrifstofanna, en áður sé leitað tillagna bæjarstjórna.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki útskýringa.

## 27. Frumvarp

til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Til þess að greiða fyrir innanlandsverzlun með sláturfjárafurðir skipar ríkisstjórnin 5 manna kjötverðlagsnefnd til eins árs. Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefnir einn mann, Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga tilnefna í sameiningu einn, Landssamband iðnaðarmanna einn, Alþýðusamband Íslands einn og landbúnaðarráðherra einn mann í nefndina, sem jafnframt er formaður hennar.

Nefndin ræður fulltrúa, sem annast dagleg störf. Hún getur valið sér trúnaðarmenn eða skipað eftirlitsnefndir, eftir því sem þörf krefur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Kjötverðlagsnefndin ákveður verðlag á kjöti á innlendum markaði í heildsölu og smásölu.

Enginn má selja eða kaupa kjöt við öðru verði en því sem nefndin ákveður á hverjum stað á hverjum tíma.

3. gr.

Enginn má slátra sauðfé til sölu, né verzla með kjöt af því í heildsölu, án leyfis kjötverðlagsnefndar. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem nú eru starfandi, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annara félaga. Ennfremur getur nefndin veitt leyfi þeim verzlunum öðrum, sem árið 1933 áttu eða starfræktu sláturhús, sem fullnægðu ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933.

Í leyfi getur nefndin ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands.

4. gr.

Greiða skal verðjöfnunartillag af öllu slátruðu sauðfé, nema því sem framleiðendur nota til heimilisþarfa. Upphæð tillagsins má nema allt að 8 aurum á hvert kg. af kjöti, eftir nánari ákvörðun kjötverðlagsnefndar. Heimilt er nefndinni að ákveða mismunandi verðjöfnunartillag eftir kjöttegundum.

Verðjöfnunartillagið hefir lögtaksrétt til loka næsta árs eftir að slátrun fór fram.

5. gr.

Samvinnufélög og aðrir, sem slátra fé til sölu, skulu gefa kjötverðlagsnefnd skýrslu um daglega slátrun, staðfestar af kjötmatsmönnum og standa skil á verðjöfnunartillaginu til nefndarinnar. Gjalddagi er þegar slátrun fer fram.

Nefndin geymir verðjöfnunarsjóð á tryggum stað, þann tíma sem hún hefir hann undir höndum.

6. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal varið þannig:

a. Til endurgreiðslu verðjöfnunartillagsins af því kjöti, sem út er flutt.
b. Til að greiða fyrir sölu sláturfjárafurða innanlands.
c. Til verðuppbótar á útflutt dilkakjöt. Verðuppbótin má þó ekki verða svo há, að nettóverð útflutta kjötsins verði hennar vegna fyllilega eins hátt og nettóverð sömu tegunda af kjöti, sem selt er á verðhæsta innlendum markaði. Það verð sem Samband ísl. samvinnufélaga greiðir deildum sínum fyrir útflutt kjöt af framleiðslu hvers árs, telst útflutningsverð á því ári.

Verði afgangur í verðjöfnunarsjóði, þegar greitt hefir verið samkvæmt framansögðu, skal honum varið til uppbótar á öllu seldu kjöti, þannig, að sá verðmismunur, sem nefndin hefir ákveðið, raskist ekki.

7. gr.

Greiða skal jafnháa verðuppbót samkvæmt ákvæðum 6. gr. á hvert kg. sömu tegundar af útfluttu dilkakjöti, hvaðan sem það er af landinu.

8. gr.

Skylt er öllum, sem verzla með sláturfjárafurðir, að láta kjötverðlagsnefnd í té allar upplýsingar og skýrslur, er hún óskar eftir, viðvíkjandi sölu og söluhorfum á sláturfjárafurðum, bæði innanlands og utan.

9. gr.

Landinu skal skipta í verðlagssvæði eftir aðstöðu til markaðs og flutninga. Nefndin skal ákveða verðlag á hverju verðlagssvæði fyrir sig.

10. gr.

Kjötverðlagsnefnd gerir þær ráðstafanir, er hún telur þurfa til þess, að innlendi markaðurinn notist sem bezt. Hún hefir eftirlit með því, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og í allri meðferð sláturfjárafurða og verzlun með þær. Í því skyni getur nefndin takmarkað fjölda útsölustaða, þar sem henni virðist þurfa.

11. gr.

Kjötverðlagsnefnd er heimilt, ef hún telur þess þörf, að láta ákvæði þessara laga um sölu og verðjöfnunartillag gilda um nautakjöt og fleiri sláturfjárafurðir.

12. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Í reglugerð má ákveða sektir við brotum gegn henni.

13. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum allt að 10,000 krónum. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

14. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**Bráðabirgðalög**

um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Landbúnaðarráðherra Vor hefir þegnlega borið upp fyrir Oss að óhjákvæmilegt sé að setja þegar í stað ákvæði til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir innanlands og koma á viðskiptin betra skipulagi en hingað til hefir verið, svo og til þess að ákveða og jafna verðlag á kjöti framleiðendum til hagsbóta, en verð það, sem framleiðendur hafa hingað til fengið, hefir verið mjög mismunandi í landinu, og ekki síst hefir mismunur oft verið mjög mikill á verði þess kjöts, sem selt hefir verið innanlands og þess sem selt hefir verið úr landi. Þar sem svo stendur á, sem að framan segir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Til þess að greiða fyrir innanlandsverzlun með sláturfjárafurðir skipar ríkisstjórnin 5 manna kjötverðlagsnefnd til eins árs. Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefnir einn mann, Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga tilnefna í sameiningu einn, Landssamband iðnaðarmanna einn, Alþýðusamband Íslands einn og landbúnaðarráðherra einn mann í nefndina, sem jafnframt er formaður hennar.

Nefndin ræður fulltrúa, sem annast dagleg störf. Hún getur valið sér trúnaðarmenn eða skipað eftirlitsnefndir, eftir því sem þörf krefur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Kjötverðlagsnefndin ákveður verðlag á kjöti á innlendum markaði í heildsölu og smásölu.

Enginn má selja eða kaupa kjöt við öðru verði en því sem nefndin ákveður á hverjum stað á hverjum tíma.

3. gr.

Enginn má slátra sauðfé til sölu, né verzla með kjöt af því í heildsölu, án leyfis kjötverðlagsnefndar. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem nú eru starfandi, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annara

félaga. Ennfremur getur nefndin veitt leyfi þeim verzlunum öðrum, sem árið 1933 áttu eða starfræktu sláturhús, sem fullnægðu ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933.

Í leyfi getur nefndin ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands.

4. gr.

Greiða skal verðjöfnunartillag af öllu slátruðu sauðfé, nema því sem framleiðendur nota til heimilisþarfa. Upphæð tillagsins má nema allt að 8 aurum á hvert kg. af kjöti, eftir nánari ákvörðun kjötverðlagsnefndar. Heimilt er nefndinni að ákveða mismunandi verðjöfnunartillag eftir kjöttegundum.

Verðjöfnunartillagið hefir lögtaksrétt til loka næsta árs eftir að slátrun fór fram.

5. gr.

Samvinnufélög og aðrir, sem slátra fé til sölu, skulu gefa kjötverðlagsnefnd skýrslur um daglega slátrun, staðfestar af kjötmatsmönnum og standa skil á verðjöfnunartillaginu til nefndarinnar. Gjalddagi er þegar slátrun fer fram.

Nefndin geymir verðjöfnunarsjóð á tryggum stað, þann tíma sem hún hefir hann undir höndum.

6. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal varið þannig:

a. Til endurgreiðslu verðjöfnunartillagsins af því kjöti, sem út er flutt.
b. Til að greiða fyrir sölu sláturfjárafurða innanlands.
c. Til verðuppbótar á útflutt dilkakjöt. Verðuppbótin má þó ekki verða svo há, að nettóverð útflutta kjötsins verði hennar vegna fyllilega eins hátt og nettóverð sömu tegunda af kjöti, sem selt er á verðhæsta innlendum markaði. Það verð sem Samband ísl. samvinnufélaga greiðir deildum sínum fyrir útflutt kjöt af framleiðslu hvers árs, telst útflutningsverð á því ári.

Verði afgangur í verðjöfnunarsjóði, þegar greitt hefir verið samkvæmt framansögðu, skal honum varið til uppbótar á öllu seldu kjöti, þannig, að sá verðmismunur, sem nefndin hefir ákveðið, raskist ekki.

7. gr.

Greiða skal jafnháa verðuppbót samkvæmt ákvæðum 6. gr. á hvert kg. sömu tegundar af útfluttu dilkakjöti, hvaðan sem það er af landinu.

8. gr.

Skylt er öllum, sem verzla með sláturfjárafurðir, að láta kjötverðlagsnefnd í té allar upplýsingar og skýrslur, er hún óskar eftir, viðvíkjandi sölu og söluhorfum á sláturfjárafurðum, bæði innanlands og utan.

9. gr.

Landinu skal skipta í verðlagssvæði eftir aðstöðu til markaðs og flutninga. Nefndin skal ákveða verðlag á hverju verðlagssvæði fyrir sig.

10. gr.

Kjötverðlagsnefnd gerir þær ráðstafanir, er hún telur þurfa til þess að innlendi markaðurinn notist sem bezt. Hún hefir eftirlit með því, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og í allri meðferð sláturfjárafurða og verzlun með þær. Í því skyni getur nefndin takmarkað fjölda útsölustaða, þar sem henni virðist þurfa.

11. gr.

Kjötverðlagsnefnd er heimilt, ef hún telur þess þörf, að láta ákvæði þessara laga um sölu og verðjöfnunartillag gilda um nautakjöt og fleiri sláturfjárafurðir.

12. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Í reglugerð má ákveða sektir við brotum gegn henni.

13. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum allt að 10,000 krónum. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

14. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Marselisborg, 9. ágúst 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## 28. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi ráðherra þurfi til þess að selja eða flytja til útlanda léttverkaða saltsíld, en léttverkuð telst sú

síld, sem söltuð er með 22 kg. salts eða minna í 120 lítra tunnu, eða tilsvarandi í minna ílát.

Sama gildir um alla tálkntekna og slógdregna síld, þótt meira sé söltuð.

Ef nauðsyn ber til, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða að fara skuli eftir ákvæðum þessara laga um fleiri tegundir saltsíldar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa nefnd til að hafa á hendi nánari framkvæmd laga þessara, eftir því sem ákveðið kann að verða í reglugerð.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögum þessum eða gegn ákvæðum reglugerðar, sem sett kann að verða samkvæmt lögunum, varða sektum allt að 25 krónum fyrir hverja heila tunnu léttverkaðrar saltsíldar, sem út er flutt eða seld úr landi án heimildar.

Með brot gegn lögum þessum eða reglugerð samkvæmt þeim skal fara sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Af ástæðum sem tilgreindar eru í upphafi bráðabirgðalaga 31. júlí 1934, sem prentuð eru á fylgiskjali I hér á eftir, var það talið bráðnauðsynlegt, að setja þegar á öndverðum síldveiðitímanum 1934 ákvæði, er heimiluðu ríkisstjórninni allvíðtæk afskipti af sölu og útflutningi léttverkaðrar síldar (Matjessíldar), sem á síðari árum er orðin allmikil markaðsvara, einkum í Miðevrópu. Íhlutun stjórnarinnar um sölu og útflutning síldarinnar var svo nánara tiltekin með reglugerð 8. ágúst 1934 og notaði stjórnin sér heimild 2. greinar bráðabirgðalaganna til þess að fela nefnd nánari framkvæmd þeirra og voru í hana skipaðir stjórnarnefndarmenn Sölusamlags íslenzkra Matjessíldarframleiðenda á Siglufirði. Þótti það nauðsynlegt, þarsem mikill meiri hluti allra framleiðenda léttverkaðrar síldar voru í samlaginu. Var nefndinni með reglugerðinni gefið víðtækt vald um sölu þessarar síldar, og skilyrði fyrir útflutningsleyfum, þareð sýnt þótti, að hún gæti því að eins haft nægilegt og nauðsynlegt tangarhald á útflutningnum og framboðinu erlendis, að salan færi fram fyrir hennar milligöngu. Mun fyrirkomulag þetta hafa reynzt vel, því það er kunnugt að léttverkuð síld hefir að þessu sinni selzt háu verði.

Það kom þegar í ljós er leið á síldartímann, að sumir reyndu að fara í kring um lögin með því að salta síldina nokkuð yfir 22 kg. í tunnu og hella síðar á hana daufum pækli og varð því ekki komizt hjá því að girða fyrir þetta með nýjum bráðabirgðalögum, sem sett voru 16. ágúst 1934 og prentuð eru á fylgiskjali II hér á eftir.

**Fylgiskjal I.**

**Bráðabirgðalög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Atvinnumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að vegna nauðsynjar á skömmtun á útflutningi léttverkaðrar saltsíldar til sumra af viðskiptalöndum Íslands, svo og vegna annara erfiðleika og takmarkana við sölu á þessari vörutegund, sé það óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin fái íhlutunarvald um sölu og útflutning þessarar vöru, þannig að hún geti ráðstafað útflutningnum svo að hann verði í samræmi við sölumöguleika í viðskiptalöndunum.

Þar sem svo er ástatt sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi ráðherra þurfi til þess að selja eða flytja til útlanda léttverkaða saltsíld, en léttverkuð telst sú síld, sem söltuð er með 22 kg. salts eða minna í 120 lítra tunnu, eða tilsvarandi í minna ílát.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa nefnd til að hafa á hendi nánari framkvæmd laga þessara, eftir því sem ákveðið kann að verða í reglugerð.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögum þessum eða gegn ákvæðum reglugerðar, sem sett kann að verða samkvæmt lögunum, varða sektum allt að 25 krónum fyrir hverja heila tunnu léttverkaðrar saltsíldar, sem út er flutt eða seld úr landi án heimildar.

Með brot gegn lögum þessum eða reglugerð samkvæmt þeim skal fara sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Marselisborg, 31. júlí 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*

**Fylgiskjal II.**

**Bráðabirgðalög**

um viðauka við bráðabirgðalög 31. júlí 1934 um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Með því að atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að heimild sú, sem felst í bráðabirgðalögum 31. júlí 1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld, nái eigi tilgangi sínum nema hún sé rýmkuð nokkuð, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög til þess að ráða bót á þessu.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Sama gildir um alla tálkntekna og slógdregna síld, þótt meira sé söltuð.

Ef nauðsyn ber til, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða að fara skuli eftir ákvæðum þessara laga um fleiri tegundir saltsíldar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Marselisborg, 16. ágúst 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*

## 29. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á saltfiski.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Ríkisstjórinni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi ráðherra þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda verkaðan eða óverkaðan saltfisk.

Nú er beitt heimild undanfarandi málsgreinar og skal þá við útflutning fiskjarins greiða sjóðgjald er nemi kr. 5.00 á skippund til jafnaðar af öllum verkuðum fiski nema af ufsa, keilu og úrgangsfiski (nr. 3 og 4), en af þeim fiski greiðist kr. 2.00 á skippund. Af óverkuðum fiski, þar með talinn þveginn og pressaður fiskur, nemi sjóðgjaldið kr. 20.00 á smálest nema af ufsa, keilu og úrgangsfiski greiðist kr. 5.00 á smálest.

Um innheimtu á slíku sjóðgjaldi skulu gilda ákvæði laga nr. 70, 27. júní 1921, eftir því sem við getur átt, en að öðru leyti skal með sérstakri reglugerð ákveða nánar um stjórn sjóðsins, skiptingu sjóðgjaldsins á tegundir af verkuðum fiski nema á ufsa, keilu og úrgangsfisk samkvæmt undanfarandi málsgrein, reikningsskil, endurskoðun, endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessara laga o. fl.

2. gr.

Tekjum þess sjóðs, sem þannig kann að myndast, skal varið, eftir því sem með þarf, til þess að efla, tryggja og auka fiskmarkaði, til verðjöfnunar, og til annarra nauðsynja í þágu saltfiskverzlunar landsmanna á þann hátt, er ríkisstjórnin ákveður.

3. gr.

Nú verður afgangur af tekjum sjóðsins, eftir að þeim hefir verið varið samkvæmt 2. gr., og skal þá skipta því fé, sem ónotað er, milli saltfiskútflytjenda í réttu hlutfalli við greiðslur þeirra í sjóðinn.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum, sem sett eru samkvæmt 1. gr., varða sektum allt að 200 kr. fyrir hvert tonn fiskjar, sem út hefir verið flutt eða selt.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á síðastliðnu vori fóru fram samningaumleitanir milli Íslands og Spánar um verzlunarviðskipti milli landanna og var það síðari hluta maímánaðar orðið ljóst, að Ísland mundi verða að ganga að því, að útflutningur á saltfiski héðan til Spánar minnkaði til muna. Þarsem þetta var fyrirsjáanlegt, var það líka ljóst að ríkisstjórnin yrði að geta haft hönd í bagga með útflutningnum til þess að hann kæmi sem jafnast niður á framleiðendur og að takmörkun hans lenti ekki á einum frekar en öðrum og jafnframt til þess að útflutningur á saltfiski gæti orðið í samræmi við innflutningsákvæði í viðskiptalöndunum. Þarsem svo var ástatt, þótti áhjákvæmilegt að setja bráðabirgðalög um þetta efni og voru þau gefin út 25. maí 1934 og gengu þegar í gildi. Eru þau prentuð á fylgiskjali nr. I hér á eftir.

Það varð fljótt ljóst, að nauðsynlegt mundi verða að hafa fé nokkurt til umráða til markaðsleitar, verðjöfnunar o. fl. í þágu saltfiskverzlunarinnar.

Var því það ráð tekið að binda útflutningsleyfin því skilyrði, að útflytjendur greiddu ákveðið gjald í framangreindu skyni, er fiskurinn væri fluttur út. Til þess að slá þessu föstu með lögum þótti óhjákvæmilegt að setja bráðabirgðalög þau, sem prentuð eru á fylgiskjali II hér á eftir og gefin voru út 20. ágúst 1934. Vísast að öðru leyti til greinargerða í upphafi þeirra.

**Fylgiskjal I.**

**Bráðabirgðalög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á saltfiski.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Dóms- og útvegsmálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að vegna skömmtunar á innflutningi saltfiskjar í sumum viðskiptalöndum Vorum sé það óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin fái íhlutunarvald um útflutning þessarar vöru héðan. Telur dóms- og útvegsmálaráðherra því nauðsynlegt að ríkisstjórnin fái vald til þess að ráðstafa útflutningi þessarar vörutegundar, svo að hann verði í samræmi við ákvarðanir innflutningslandanna.

Þar sem nú er svo ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi ráðherra þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda verkaðan eða óverkaðan saltfisk.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum, sem sett eru samkvæmt 1. gr., varða sektum allt að 200 kr. fyrir hvert tonn fiskjar, sem út hefir verið flutt eða selt.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Skaganum, 25. maí 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Magnús Guðmundsson.*

**Fylgiskjal II.**

**Bráðabirgðalög**

um viðauka við bráðabirgðalög 25. maí 1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á saltfiski.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að við framkvæmd bráðabirgðalaga 25. maí 1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á saltfiski, hafi komið í ljós, að æskilegt væri að hafa fyrirmæli í lögum um innheimtu og ráðstöfun á ákveðnu gjaldi er fiskútflytjendur greiddu í þágu saltfiskverzlunarinnar. Hafa aðalútflytjendur saltfiskjar, samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar, myndað sérstakan sjóð í þessum tilgangi, sem er undir umsjá forsætisráðherra, og greitt í hann kr. 5.00 á skippund (160 kg.) af útfluttum verkuðum saltfiski af þessa árs framleiðslu, en kr. 20.00 á smálest á nokkru af útfluttum óverkuðum saltfiski (frá 5. júlí s. l.). Var frá upphafi afráðið, að þeim sjóði mætti verja samkvæmt ákvörðunum ríkisvaldsins til markaðsleitar, verðjöfnunar o. fl. í þágu saltfiskverzlunar landsmanna.

Eftir að föst skipun hafði verið gerð um slíka sjóðsmyndun í samráði við aðalútflytjendur saltfiskjar, hefir öðrum útflytjendum verið gert að skyldu að greiða jafnhátt gjald við útflutning saltfiskjar til hlutaðeigandi sýslumanna eða bæjarfógeta, svo að aðstaða útflytjendanna yrði sem jöfnust. Um stjórn og ráðstöfun á því fé, er þannig hefir safnazt, vantar hinsvegar lagafyrirmæli, og fyrir því teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920, til þess að ráða bót á þessu.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Við 1. gr. bráðabirgðalaganna bætist tvær nýjar málsgreinar:

Nú er beitt heimild undanfarandi málsgreinar og skal þá við útflutning fiskjarins greiða sjóðgjald er nemi kr. 5.00 á skippund til jafnaðar af öllum verkuðum fiski nema af ufsa, keilu og úrgangsfiski (nr. 3 og 4), en af þeim fiski greiðist kr. 2.00 á skippund. Af óverkuðum fiski, þar með talinn þveginn og pressaður fiskur, nemi sjóðgjaldið kr. 20.00 á smálest nema af ufsa, keilu og úrgangsfiski greiðist kr. 5.00 á smálest.

Um innheimtu á slíku sjóðgjaldi skulu gilda ákvæði laga nr. 70, 27. júní 1921, eftir því sem við getur átt, en að öðru leyti skal með sérstakri reglugerð ákveða nánar um stjórn sjóðsins, skiptingu sjóðgjaldsins á tegundir af verkuðum fiski nema á ufsa, keilu og úrgangsfisk samkvæmt undanfarandi málsgrein, reikningsskil, endurskoðun, endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessara laga o. fl.

2. gr.

Á eftir 1. gr. bráðabirgðalaganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 2. og 3. grein, svohljóðandi:

a. (2. gr.) Tekjum þess sjóðs, sem þannig kann að myndast, skal varið, eftir því sem með þarf, til þess að efla, tryggja og auka fiskmarkaði, til verðjöfnunar, og til annarra nauðsynja í þágu saltfiskverzlunar landsmanna á þann hátt, er ríkisstjórnin ákveður.

b. (3. gr.) Nú verður afgangur af tekjum sjóðsins, eftir að þeim hefir verið varið samkvæmt 2. gr., og skal þá skipta því fé, sem ónotað er, milli saltfiskútflytjenda í réttu hlutfalli við greiðslur þeirra í sjóðinn.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 20. ágúst 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*

## 30. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka síldarbræðslustöð á leigu.

(Lagt fyrir Alþingi 1934.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka síldarverksmiðju Útvegsbanka Íslands h/f á Sólbakka við Önundarfjörð á leigu, með eða án samþykkis bankans, meðan síldveiðar eru stundaðar á yfirstandandi ári, enda komi fullt endurgjald fyrir eftir mati dómkvaddra, óvilhallra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**Bráðabirgðalög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka síldarbræðslustöð á leigu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Dóms- og útvegsmálaráðherra Vor hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að brýn nauðsyn þyki til þess að taka leigunámi síldarbræðsluverksmiðju Útvegsbanka Íslands h/f á Sólbakka við Önundarfjörð, með því að bankinn hefir ekki viljað leigja hana á yfirstandandi sumri eins og undanfarið. Á síðasta þingi var ríkisstjórninni heimilað að kaupa verksmiðju þessa, en nauðsynlegur undirbúningur undir það hefir ekki farið fram, sökum þess að búizt var við, að verksmiðjan yrði leigð í sumar. Þar sem síldveiðatíminn er þegar byrjaður og nauðsyn á vegna atvinnu og framleiðslu landsmanna að verksmiðjan taki sem allra fyrst til starfa, þá er ekki annar kostur fyrir hendi en heimila ríkisstjórninni að taka hana leigunámi um síldveiðatímann í sumar með bráðabirgðalögum samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, og verður þá síðar, er undirbúningur hefir farið fram, ákveðið, hvort ríkið kaupi verksmiðjuna eða ekki.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka síldarverksmiðju Útvegsbanka Íslands h/f á Sólbakka við Önundarfjörð á leigu, með eða án samþykkis bankans, meðan síldveiðar eru stundaðar á yfirstandandi ári, enda komi fullt endurgjald fyrir eftir mati dómkvaddra, óvilhallra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júlí 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Magnús Guðmundsson.*

## 31. Frumvarp

til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Við sölu mjólkur og rjóma skal landinu skipt í svæði, er nefnist verðjöfnunarsvæði. Að jafnaði markar sú aðstaða verðjöfnunarsvæði, að hægt sé þar að selja daglega góða og óskemmda mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, einu eða fleirum, sem viðurkennd eru til þess af landbúnaðarráðherra, enda sé kaupstaður eða kauptún innan þeirra takmarka. Jafnframt skal mjólkursölunefndinni skylt, er verðjöfnunarsvæðin eru ákveðin, að taka tillit til þess, hvaða mjólkurbú hafa notið markaðar í hlutaðeigandi kaupstöðum eða kauptúnum.

Er öllum mjólkurframleiðendum óheimilt að selja mjólk eða mjólkurafurðir utan þess verðjöfnunarsvæðis, sem þeir eru á, sbr. þó 10. gr. Hér er þó undanskilin sala á osti, súru skyri, smjöri, niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

2. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, sem viðurkennd verða til þess af landbúnaðarráðherra, skal gjald, er nefnist verðjöfnunargjald, lagt á alla neyzlumjólk og rjóma sem selt er, hvort heldur frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum. Gjald þetta má nema allt að 5% af útsöluverði mjólkur og rjóma, en heimilt er þó að hækka gjaldið, ef sérstök þörf krefur, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Undanþegin verðjöfnunargjaldi er mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar og kauptúns, sem hún er seld í. Undanþágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara af túni, sem framleiðandi notar til fóðurframleiðslu innan kaupstaðarins eða kauptúnsins.

3. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt í sérstakan sjóð fyrir hvert verðjöfnunarsvæði. Nefnast sjóðir þessir verðjöfnunarsjóðir. Verðjöfnunargjaldið skal greitt eftir á í byrjun hvers mánaðar, og má innheimta það með lögtaki hjá seljendum mjólkurinnar. Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á verðjöfnunarsvæðinu. Stjórn eða stjórnir mjólkurbúanna ákveða verðuppbætur og geta þær verið mishárr eftir því hverjar afurðir hafa verið unnar úr mjólkinni.

4. gr.

Útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum á hverjum sölustað innan verðjöfnunarsvæðis skal ákveðið af 5 mönnum. Tveir þeirra skulu vera úr stjórn hlutaðeigandi mjólkurbús eða sölusamlags, tveir tilnefndir með hlutfalls-

kosningu af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, en oddamann skipar landbúnaðarmálaráðherra.

Útsöluverð skal á hverjum tíma reiknað út, eftir því sem við verður komið, eftir visitölum. Nánari ákvæði um þetta skulu sett með reglugerð.

5. gr.

Þar sem aðeins eitt viðurkennt mjólkurbú er starfandi á verðjöfnunarsvæði, skal það annast alla sölu á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri á því svæði. Tekur þetta einnig til þeirrar mjólkur, sem undanþegin er verðjöfnunargjaldi samkvæmt 2. gr., 2. mgr. Þar sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal öll sala á þessum vörum fara fram frá einni mjólkurmiðstöð. Heimilt er stjórn samsölunnar að taka í sínar hendur sölu á öðrum mjólkurafurðum, sem búin framleiða. Skulu öll mjólkurbú og félög mjólkurframleiðenda, sem samkvæmt lögum þessum taka þátt í sölusamtökum á svæðinu, skipa stjórn, sem annast söluna og allar framkvæmdir sölusamlagsins.

Þar sem svo stendur á sem segir í 1. málsgr. skal öðrum óheimilt að starfrækja sölubúðir með mjólk, rjóma og nýtt skyr í hlutaðeigandi kaupstöðum og kauptúnum.

Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til þess að starfrækja mjólkurbúðir að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum. Öll mjólk og allur rjómi, sem selt er samkvæmt þessari grein, skal vera gerilsneytt af viðurkenndum mjólkurbúum. Þó getur landbúnaðarráðherra veitt undanþágu um mjólk, sem seld er í kauptúnum og sveitum.

Um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum skulu sett ákvæði í reglugerð í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Sala á þeirri mjólk skal fara fram á sama hátt og sala á annari neyzlumjólk.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, er sérstaklega stendur á, svo sem ef mjólkurbú rekur aðra óskylda starfsemi, að gera það skilyrði fyrir viðurkenningu eða starfsemi löggiltra mjólkurbúa, að þau taki til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn gegn sanngjörnu gjaldi eftir samningi eða hámarksverði, er ráðherra ákveður.

6. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna nefnd, til eins árs í senn í fyrsta sinn til 1. maí 1935, til að hafa á hendi stjórn mjólkursölumála samkvæmt lögum þessum, og nefnist hún mjólkursölunefnd. Nefndin skal skipuð þannig: Stjórn Mjólkurbandalags Suðurlands tilnefnir 2 menn, skal annar tilnefndur af stjórnendum bandalagsins austan Hellisheiðar, en hinn af stjórnendum þess vestan heiðar. Samband ísl. samvinnufélaga tilnefnir 1 mann, bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefnir 1 mann, Alþýðusamband Íslands tilnefnir 1 mann og landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar 2 menn í nefndina og skal hann skipa annan þeirra formann nefndarinnar. Fulltrúi bæjarstjórnar Reykjavíkur víkur sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annarra kaupstaða eða kauptúna, og tekur þá sæti hans fulltrúi tilnefndur á sama

hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Nú vanrækir einhver aðili að tilnefna í nefndina og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra mann eða menn í hans stað.

Fastir nefndarmenn séu búsettir í Reykjavík, eða svo nærri Reykjavík, að þeir geti mætt á fundum þar, þegar þörf krefur.

Þóknun til mjólkursölunefndar skal að $^3/_7$ hlutum greidd úr verðjöfnunarsjóðum og að $^4/_7$ hlutum úr ríkissjóði, og sé þóknunin ekki hærri en kr. 10,00 til hvers fundarmanns fyrir hvern fundardag. Annar óhjákvæmilegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum.

7. gr.

Störf mjólkursölunefndar eru aðallega þessi:

a. Að ákveða verðjöfnunarsvæðin.
b. Ákvörðun verðjöfnunargjalds og yfirumsjón með innheimtu þess, en falið getur hún innheimtuna stjórnum mjólkurbúa eða hverjum öðrum er hún telur bezt henta.
c. Að hafa yfirumsjón með verðjöfnunarsjóðum og ákveða uppbætur úr þeim, ef stjórnir viðurkenndra mjólkurbúa á verðjöfnunarsvæði koma sér ekki saman um verðjöfnunina.
d. Að hafa eftirlit með því, að gætt sé fyllstu hagsýni og sparnaðar í rekstri mjólkurbúanna, og getur nefndin takmarkað verðuppbótina til þeirra búa, sem hún telur hafa óhæfilega háan reksturskostnað.
e. Að hafa yfirumsjón með samsölu mjólkur, sbr. 5. gr. Nú verður ágreiningur milli mjólkurbúa um skipun samsölustjórnar eða um annað, er lýtur að skipulagningu á verðlagssvæði, og sker þá mjólkursölunefndin úr.
f. Að hafa eftirlit með því að mjólkurafurðir verði ekki fluttar til landsins, nema brýn nauðsyn beri til, enda sé innflutningurinn í höndum mjólkursölunefndar.
g. Að hafa eftirlit með vöruvöndun mjólkur og gefa fyrirskipanir, er að því lúta.

8. gr.

Skylt er mjólkurbúum og öðrum, sem verzla með mjólk og mjólkurafurðir að láta mjólkursölunefnd í té og hverjum einstökum nefndarmanni, er kröfu kann að gera um það, allar upplýsingar og skýrslur, sem hún óskar eftir um sölu mjólkur, kostnað við sölu, flutninga og meðferð mjólkur og annað, sem nefndinni þykir máli skipta.

9. gr.

Nú eykst smjörframleiðsla í landinu svo, að erfitt verður að selja smjörið á venjulegan hátt, og skal þá blöndun á smjöri í smjörlíki koma til framkvæmda eftir tillögum mjólkursölunefndar að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

10. gr.

Ef mjólk eða rjóma þarf að flytja til sölu milli verðjöfnunarsvæða, skal ekki greiða verðjöfnunargjald af þeim vörum á útsölustaðnum, ef sannað er, að það sé greitt á framleiðslusvæðinu.

Verði ágreiningur um heildsöluverð á þessum vörum, sker mjólkursölunefnd úr.

11. gr.

Mjólkursölunefnd getur leyft, að niður falli greiðsla verðjöfnunargjalds á einhverju verðlagssvæði, ef mjólkurframleiðendur á því svæði koma sér saman um ákveðið verð til framleiðenda á svæðinu með eða án ákveðinna hlutfalla í sölu mjólkur, rjóma og annarra mjólkurafurða á aðalmarkaðsstöðum svæðisins eftir fjarlægð frá markaðsstöðunum og öðrum staðháttum.

12. gr.

Öll mjólk, sem viðurkennd mjólkurbú taka á móti til sölu eða vinnslu, skal metin eftir gæðum við móttöku og flokkuð til verðs. Við flokkunina skal að minnsta kosti taka tillit til fitumagns mjólkurinnar og gerlagróðurs í henni. Nánari ákvæði um þetta skal setja í reglugerð.

13. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara og starfsemi mjólkursölunefndar. Jafnframt er honum heimilt að ákveða í reglugerð sérstöðu kúabúa, sem rekin eru af bæjarfélögum eða ríki.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá kr. 10.00 og allt að kr. 10.000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

15. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þesum og samþykktum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 47, 26. október 1917, um mjólkursölu í Reykjavík og lög nr. 97, 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bág við lög þessi. Lög þessu skulu endurskoðuð ekki síðar en á reglulegu Alþingi 1936.

*Ákvæði um stundarsakir.*

Mjólkursölunefnd skal þegar sjá um að hafinn verði undirbúningur til samsölu mjólkur, þannig að byrja megi að framkvæma söluna eigi síðar en um næstu áramót. Til þess tíma er framleiðendum mjólkur, þrátt fyrir ákvæði 5.

gr. laga þessara, heimilt að selja mjólk sína ógerilsneydda beint til neytenda innan bæjar eða sveitarfélags framleiðenda, en gjalda skulu framleiðendur til verðjöfnunarsjóðs samkvæmt lögum þessum, og skal gjaldið miðað við 2500 lítra mjólkurmagn árlega á hverja kú, sem slíkir framleiðendur hafa. Greiði framleiðendur þessir ekki verðjöfnunargjaldið á réttum tíma, getur mjólkursölunefnd svipt þá heimild til sölu mjólkur utan mjólkurbúanna.

Ákvæði þessi um stundarsakir öðlast gildi samtímis framangreindum bráðabirgðalögum, og varða brot gegn þeim þar greindum viðurlögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**Bráðabirgðalög**

um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Forsætisráðherra og landbúnaðarráðherra Vor hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að ástand það, sem nú er í landinu um meðferð og sölu mjólkur og rjóma og fleiri mjólkurafurða, sé með öllu óviðunandi og þurfi skjótra aðgerða um lagfæringu þess. Lög nr. 97, 19. júní 1933, hafi reynzt algerlega ófullnægjandi og ónothæf og að við eldri ákvæði, sem um þessi mál séu til, verði eigi unað lengur og sé af ýmsum ástæðum nauðsynlegt að geta þegar í stað byrjað á að koma mjólkursölumálunum í viðunanlegt horf, þarsem hér sé um að ræða eitt af aðalmálum landbúnaðarins, sem nú standi mjög höllum fæti hjá mjólkurframleiðendum sem öðrum, sem landbúnað stunda. Þarsem með nýju fyrirkomulagi og bættu skipulagi á meðferð og sölu mjólkur og fleiri mjólkurafurða virðist muni mega takast að gera umbætur, sem orðið geti bæði framleiðendum og neytendum að verulegu liði, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög um þetta efni, svo að þegar sé hægt að byrja á framkvæmdum til lagfæringar þessum þætti viðskiptalífsins í landinu.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Við sölu mjólkur og rjóma skal landinu skipt í svæði, er nefnist verðjöfnunarsvæði. Að jafnaði markar sú aðstaða verðjöfnunarsvæði, að hægt sé þar

að selja daglega góða og óskemmda mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, einu eða fleirum, sem viðurkennd eru til þess af landbúnaðarráðherra, enda sé kaupstaður eða kauptún innan þeirra takmarka. Jafnframt skal mjólkursölunefndinni skylt, er verðjöfnunarsvæðin eru ákveðin, að taka tillit til þess, hvaða mjólkurbú hafa notið markaðar í hlutaðeigandi kaupstöðum eða kauptúnum.

Er öllum mjólkurframleiðendum óheimilt að selja mjólk eða mjólkurafurðir utan þess verðjöfnunarsvæðis, sem þeir eru á, sbr. þó 10. gr. Hér er þó undanskilin sala á osti, súru skyri, smjöri, niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

2. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, sem viðurkennd verða til þess af landbúnaðarráðherra, skal gjald, er nefnist verðjöfnunargjald, lagt á alla neyzlumjólk og rjóma sem selt er, hvort heldur frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum. Gjald þetta má nema allt að 5% af útsöluverði mjólkur og rjóma, en heimilt er þó að hækka gjaldið, ef sérstök þörf krefur, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Undanþegin verðjöfnunargjaldi er mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar og kauptúns, sem hún er seld í. Undanþágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara af túni, sem framleiðandi notar til fóðurframleiðslu innan kaupstaðarins eða kauptúnsins.

3. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt í sérstakan sjóð fyrir hvert verðjöfnunarsvæði. Nefnast sjóðir þessir verðjöfnunarsjóðir. Verðjöfnunargjaldið skal greitt eftir á í byrjun hvers mánaðar, og má innheimta það með lögtaki hjá seljendum mjólkurinnar. Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á verðjöfnunarsvæðinu. Stjórn eða stjórnir mjólkurbúanna ákveða verðuppbætur og geta þær verið mishárr eftir því hverjar afurðir hafa verið unnar úr mjólkinni.

4. gr.

Útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum á hverjum sölustað innan verðjöfnunarsvæðis skal ákveðið af 5 mönnum. Tveir þeirra skulu vera úr stjórn hlutaðeigandi mjólkurbús eða sölusamlags, tveir tilnefndir með hlutfallskosningu af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, en oddamann skipar landbúnaðarmálaráðherra.

Útsöluverð skal á hverjum tíma reiknað út, eftir því sem við verður komið, eftir vísitölum. Nánari ákvæði um þetta skulu sett með reglugerð.

5. gr.

Þar sem aðeins eitt viðurkennt mjólkurbú er starfandi á verðjöfnunarsvæði, skal það annast alla sölu á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri á því svæði. Tekur þetta einnig til þeirrar mjólkur, sem undanþegin er verðjöfn-

unargjaldi samkvæmt 2. gr., 2. mgr. Þar sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal öll sala á þessum vörum fara fram frá einni mjólkurmiðstöð. Heimilt er stjórn samsölunnar að taka í sínar hendur sölu á öðrum mjólkurafurðum, sem búin framleiða. Skulu öll mjólkurbú og félög mjólkurframleiðenda, sem samkvæmt lögum þessum taka þátt í sölusamtökum á svæðinu, skipa stjórn, sem annast söluna og allar framkvæmdir sölusamlagsins.

Þar sem svo stendur á sem segir í 1. málsgr. skal öðrum óheimilt að starfrækja sölubúðir með mjólk, rjóma og nýtt skyr í hlutaðeigandi kaupstöðum og kauptúnum.

Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til þess að starfrækja mjólkurbúðir að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum. Öll mjólk og allur rjómi, sem selt er samkvæmt þessari grein, skal vera gerilsneytt af viðurkenndum mjólkurbúum. Þó getur landbúnaðarráðherra veitt undanþágu um mjólk, sem seld er í kauptúnum og sveitum.

Um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum skulu sett ákvæði í reglugerð í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Sala á þeirri mjólk skal fara fram á sama hátt og sala á annari neyzlumjólk.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, er sérstaklega stendur á, svo sem ef mjólkurbú rekur aðra óskylda starfsemi, að gera það skilyrði fyrir viðurkenningu eða starfsemi löggiltra mjólkurbúa, að þau taki til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn gegn sanngjörnu gjaldi eftir samningi eða hámarksverði, er ráðherra ákveður.

6. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna nefnd, til eins árs í senn í fyrsta sinn til 1. maí 1935, til að hafa á hendi stjórn mjólkursölumála samkvæmt lögum þessum, og nefnist hún mjólkursölunefnd. Nefndin skal skipuð þannig: Stjórn Mjólkurbandalags Suðurlands tilnefnir 2 menn, skal annar tilnefndur af stjórnendum bandalagsins austan Hellisheiðar, en hinn af stjórnendum þess vestan heiðar. Samband ísl. samvinnufélaga tilnefnir 1 mann, bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefnir 1 mann, Alþýðusamband Íslands tilnefnir 1 mann og landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar 2 menn í nefndina og skal hann skipa annan þeirra formann nefndarinnar. Fulltrúi bæjarstjórnar Reykjavíkur víkur sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annarra kaupstaða eða kauptúna, og tekur þá sæti hans fulltrúi tilnefndur á sama hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Nú vanrækir einhver aðili að tilnefna í nefndina og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra mann eða menn í hans stað.

Fastir nefndarmenn séu búsettir í Reykjavík, eða svo nærri Reykjavík, að þeir geti mætt á fundum þar, þegar þörf krefur.

Þóknun til mjólkursölunefndar skal að $^{3}/_{7}$ hlutum greidd úr verðjöfnunarsjóðum og að $^{4}/_{7}$ hlutum úr ríkissjóði, og sé þóknunin ekki hærri en kr. 10,00 til hvers fundarmanns fyrir hvern fundardag. Annar óhjákvæmilegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum.

7. gr.

Störf mjólkursölunefndar eru aðallega þessi:

a. Að ákveða verðjöfnunarsvæðin.
b. Ákvörðun verðjöfnunargjalds og yfirumsjón með innheimtu þess, en falið getur hún innheimtuna stjórnum mjólkurbúa eða hverjum öðrum er hún telur bezt henta.
c. Að hafa yfirumsjón með verðjöfnunarsjóðum og ákveða uppbætur úr þeim, ef stjórnir viðurkenndra mjólkurbúa á verðjöfnunarsvæði koma sér ekki saman um verðjöfnunina.
d. Að hafa eftirlit með því, að gætt sé fyllstu hagsýni og sparnaðar í rekstri mjólkurbúanna, og getur nefndin takmarkað verðuppbótina til þeirra búa, sem hún telur hafa óhæfilega háan reksturskostnað.
e. Að hafa yfirumsjón með samsölu mjólkur, sbr. 5. gr. Nú verður ágreiningur milli mjólkurbúa um skipun samsölustjórnar eða um annað, er lýtur að skipulagningu á verðlagssvæði, og sker þá mjólkursölunefndin úr.
f. Að hafa eftirlit með því að mjólkurafurðir verði ekki fluttar til landsins, nema brýn nauðsyn beri til, enda sé innflutningurinn í höndum mjólkursölunefndar.
g. Að hafa eftirlit með vöruvöndun mjólkur og gefa fyrirskipanir, er að því lúta.

8. gr.

Skylt er mjólkurbúum og öðrum, sem verzla með mjólk og mjólkurafurðir að láta mjólkursölunefnd í té og hverjum einstökum nefndarmanni, er kröfu kann að gera um það, allar upplýsingar og skýrslur, sem hún óskar eftir um sölu mjólkur, kostnað við sölu, flutninga og meðferð mjólkur og annað, sem nefndinni þykir máli skipta.

9. gr.

Nú eykst smjörframleiðsla í landinu svo, að erfitt verður að selja smjörið á venjulegan hátt, og skal þá blöndun á smjöri í smjörlíki koma til framkvæmda eftir tillögum mjólkursölunefndar að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

10. gr.

Ef mjólk eða rjóma þarf að flytja til sölu milli verðjöfnunarsvæða, skal ekki greiða verðjöfnunargjald af þeim vörum á útsölustaðnum, ef sannað er, að það sé greitt á framleiðslusvæðinu.

Verði ágreiningur um heildsöluverð á þessum vörum, sker mjólkursölunefnd úr.

11. gr.

Mjólkursölunefnd getur leyft, að niður falli greiðsla verðjöfnunargjalds á einhverju verðlagssvæði, ef mjólkurframleiðendur á því svæði koma sér saman um ákveðið verð til framleiðenda á svæðinu með eða án ákveðinna hlutfalla í sölu mjólkur, rjóma og annarra mjólkurafurða á aðalmarkaðsstöðum svæðisins eftir fjarlægð frá markaðsstöðunum og öðrum staðháttum.

12. gr.

Öll mjólk, sem viðurkennd mjólkurbú taka á móti til sölu eða vinnslu, skal metin eftir gæðum við móttöku og flokkuð til verðs. Við flokkunina skal að minnsta kosti taka tillit til fitumagns mjólkurinnar og gerlagróðurs í henni. Nánari ákvæði um þetta skal setja í reglugerð.

13. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara og starfsemi mjólkursölunefndar. Jafnframt er honum heimilt að ákveða í reglugerð sérstöðu kúabúa, sem rekin eru af bæjarfélögum eða ríki.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá kr. 10.00 og allt að kr. 10.000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

15. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þesum og samþykktum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 47, 26. október 1917, um mjólkursölu í Reykjavík og lög nr. 97, 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bág við lög þessi. Lög þessu skulu endurskoðuð ekki síðar en á reglulegu Alþingi 1936.

*Ákvæði um stundarsakir.*

Mjólkursölunefnd skal þegar sjá um að hafinn verði undirbúningur til samsölu mjólkur, þannig að byrja megi að framkvæma söluna eigi síðar en um næstu áramót. Til þess tíma er framleiðendum mjólkur, þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga þessara, heimilt að selja mjólk sína ógerilsneydda beint til neytenda innan bæjar eða sveitarfélags framleiðenda, en gjalda skulu framleiðendur til verðjöfnunarsjóðs samkvæmt lögum þessum, og skal gjaldið miðað við 2500 lítra mjólkurmagn árlega á hverja kú, sem slíkir framleiðendur hafa. Greiði framleiðendur þessir ekki verðjöfnunargjaldið á réttum tíma, getur mjólkursölunefnd svipt þá heimild til sölu mjólkur utan mjólkurbúanna.

Ákvæði þessi um stundarsakir öðlast gildi samtímis framangreindum bráðabirgðalögum, og varða brot gegn þeim þar greindum viðurlögum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Skaganum, 10. september 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## 32. Frumvarp

til laga um framlengingu á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, framlengist til 1. júlí 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**Bráðabirgðalög**

um framlengingu á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að lög nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, falli úr gildi 1. júlí þ. á., en allar ástæður hinar sömu séu fyrir hendi eins og þegar lögin voru sett, og sé því óhjákvæmilegt að framlengja gildi téðra laga um eitt ár.

Þarsem nú er svo ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, framlengist til 1. júlí 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Marselisborg, 28. júní 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Þorsteinn Briem.*

## 33. Frumvarp

til laga um heimild handa skipulagsnefnd atvinnumála til þess að krefjast skýrslna o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Nefnd sú, sem ríkisstjórnin skipaði 29. ágúst 1934, til þess að rannsaka fjármál ríkis og þjóðar og hverskonar atvinnurekstur í landinu, og til þess að gera tillögur um hagskipulag þjóðarbúsins o. fl., skal hafa heimild til þess að heimta skýrslur munnlegar eða bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, stjórnendum félaga og stofnana, um þau atriði, sem hún telur þörf á í starfi sínu.

2. gr.

Meðlimum skipulagsnefndarinnar og starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um eftir skýrslum þeim, sem um getur í 1. gr. að því leyti sem þær varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

3. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 1. gr., skal sæta 10 til 100 kr. dagsektum unz skyldunni er fullnægt.

Sá, sem gefur rangar skýrslur til nefndarinnar, skal sæta refsingu samkvæmt 156. gr. almennra hegningarlaga frá 1869.

4. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Mál út af brotum á 1. gr., sbr. 1. mgr. 3. gr., skulu sæta meðferð sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi skulu öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Skipulagsnefnd atvinnumála er ætlað að hafa með höndum rannsókn á fjármálum ríkis og þjóðar og á hverskonar atvinnurekstri í landinu, framkvæmdum og framleiðslu, svo og á sölu og dreifingu afurða innanlands og utan og verzlun með aðfluttar vörur. Rannsókn þessi á jafnt að ná til framkvæmda og atvinnureksturs ríkis og bæja sem einstakra manna og félagsfyrirtækja. Á grundvelli þessara rannsókna er nefndinni ætlað að koma fram með rökstuddar tillögur og nákvæmar áætlanir um aukinn atvinnurekstur, fram-

kvæmdir og framleiðslu í landinu. Svo og um það hvernig komið verði á föstu skipulagi á allan þjóðarbúskapinn.

Til þess að nefnd þessi geti á fullnægjandi hátt unnið þetta umfangsmikla ætlunarverk, ber nauðsyn til að henni sé fengið vald til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og einstökum mönnum, félögum og stofnunum eftir því sem henni þykir þörf á.

Hinsvegar verður að telja sjálfsagt að farið verði með þær upplýsingar, sem nefndin fær á þennan hátt, sem trúnaðarmál.

Að öðru leyti þarf frumvarp þetta ekki frekari skýringa við.

## 34. Frumvarp

til laga um bráðabirgðaútflutningsskýrslur.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Fiskifélag Íslands skal safna skýrslum um útflutning á allskonar sjávarafurðum.

2. gr.

Fiskifélagið gefur út á mánuði hverjum skýrslur um útflutninginn; nær skýrslugerð þessi aðeins til magns vörunnar, nema öðruvísi sé ákveðið. Á skýrslum þessum skal tilgreina, hvert varan er flutt.

Félagið skal samtímis birta yfirlit um fiskbirgðir í landinu.

3. gr.

Til skýrslugerðarinnar skal afla þeirra gagna, sem hér segir:

*Saltfiskur verkaður og óverkaður:*

Yfirfiskimatsmenn skulu afhenda Fiskifélaginu afrit af hverju farmskírteini fiskjar, sem matsmaður hefir ritað á vottorð. Þessi afrit skulu þeir senda með fyrstu ferð og jafnframt fela undirmatsmönnum, sem undirskrifa í umboði þeirra, að gera hið sama.

Á afriti farmskírteinis skal tilgreina ákvörðunarstað vörunnar. Ef hann er ekki tilgreindur, skal sendandi tilkynna félaginu svo fljótt sem unnt er, hver viðtökustaðurinn varð.

*Ísfiskur, ísuð síld og ísuð hrogn:*

Útflytjendur skulu, svo fljótt sem unnt er, afhenda félaginu afrit af sölureikningi með tilgreindu vörumagni og verði.

Á reikningnum skal tilgreina þann þunga, sem tilkynntur er þeirri stofnun, sem fjallar um innflutningsskýrslur í hlutaðeigandi landi.

Til bráðabirgða skulu útflytjendur láta umboðsmenn sína erlendis síma Fiskifélaginu magn aflans þegar er salan hefir farið fram, frá Bretlandi það

magn í enskum vættum (cwts.), sem tilkynnt er fiskimálaráðuneyti þar, en frá öðrum löndum þunga, talinn í kg.

Nú er varan seld beint af framleiðendum í erlend skip, sem kaupa fyrir eiginn reikning, og skulu þá umboðsmenn hins erlenda skips gefa skýrslu um vörumagn og verð, sundurliðaða á þann hátt, sem félagið fyrirskipar.

Af öllum öðrum sjávarafurðum eða vörum, sem að nokkru eða öllu leyti eru unnar úr þeim, skal lögreglustjóri á útflutningsstaðnum halda eftir einu eintaki af útflutningsskýrslu um vöruna og senda Fiskifélaginu með fyrstu ferð.

4. gr.

Nú er ákvörðunarstaður vörunnar ekki nægilega ákveðinn eða upplýsingar þær, sem í farmskírteininu felast, ekki fullnægjandi, og getur þá Fiskifélagið krafið útflytjandann um frekari upplýsingar, og skal honum skylt að láta þær í té, að svo miklu leyti sem hann getur.

5. gr.

Nú þarf Fiskifélagið að safna upplýsingum um birgðir, sem til eru í landinu af einhverjum þeim afurðum, er um getur í 1. gr., og skal þá eiganda eða umráðamanni vörunnar skylt að láta félaginu eða umboðsmönnum þess í té, svo fljótt sem auðið er, skýrslur um þær birgðir, sem hann hefir umráð yfir.

6. gr.

Fiskifélaginu er skylt að láta útgerðarmönnum og kaupsýslumönnum í té vitneskju um útflutning og birgðir af vörum þeim, sem það safnar skýrslum um. Þó skal það ekki gefa upplýsingar um útflutning eða birgðir einstakra manna eða félaga, nema með leyfi þeirra eða eftir dómsúrskurði.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið með reglugerð, að skýrslur þær, sem um ræðir í lögum þessum, skuli einnig ná til verðmætis vörunnar, og einnig sett nánari ákvæði um framkvæmdir laga þessara, ef þurfa þykir.

8. gr.

Gefi nokkur vísvitandi ranga skýrslu, skal hann sæta refsingu samkv. 156. gr. alm. hegningarlaga frá 1869.

Tregðist nokkur við að láta í té skýrslu, sem Fiskifélagið hefir krafið um, setur félagið honum hæfilegan frest til þess að hafa skilað skýrslunni, en að frestinum liðnum má þröngva honum til þess með dagsektum, 20—100 kr. á dag.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 1. mgr. 8. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Mál út af öðrum brotum á lögum þessum skulu sæta meðferð sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er því nær samhljóða frumvarpi sem flutt var á síðasta Alþingi af sjávarútvegsnefnd neðri deildar (þingskj. 120) og fylgdi því greinargerð, sem prentuð er sem fylgiskjal hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk Fiskifélags Íslands, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Reynsla undanfarinna ára hefir sýnt það, að nauðsynlegt er að koma skýrslugerð vorri í hagnýtara form en nú er, að minnsta kosti að því er útflutningsskýrslur ýmissa sjávarafurða snertir.

Auk þess eru viðskipti þjóðanna meir og meir að færast inn á þær brautir, að þær gera að meira eða minna leyti kröfur til gagnkvæmra viðskipta. Það er því nauðsynlegt að hafa við hendina aðgengilegar mánaðarskýrslur yfir helztu útflutningsvörur vorar og til hvaða landa þær eru fluttar.

Að vísu er hægt að fá þessar upplýsingar úr verzlunarskýrslum hagstofunnar, en þær skýrslur koma ekki út fyrr en eftir svo langan tíma, að þær koma daglegu viðskiptalífi ekki að gagni.

Það er því ekki hægt að komast hjá því að hafa auk skýrslna hagstofunnar fljótvirkara og handhægara skýrlufyrirkomulag, sem jafnframt sýnir, að svo miklu leyti sem unnt er, birgðir sömu vörutegunda, sem til eru í landinu.

Nú hefir Fiskifélaginu verið falið með lögum nr. 26/1925 að safna skýrslum um allan fisk, sem veiddur er hér við land og ætlaður er til útflutnings, og er því eðlilegast, að því sé jafnframt falið að safna bráðabirgðaskýrslum um útflutning og birgðir, enda eiga vörubirgðirnar á hverjum tíma að vera mismunurinn á útflutningi og afla eða framleiðslu einhverrar vörutegundar, að viðbættum þeim birgðum, sem til voru í landinu um síðustu áramót.

Þrátt fyrir það, þó að skýrslur þessar samkvæmt eðli sínu geti aldrei orðið nákvæmlega réttar, þá geta þær samt verið mjög nærri sanni og því mikil hjálp fyrir framleiðendur og útflytjendur til þess að ákveða verð vörunnar og gera viðskiptin öruggari.

Auk þessa hafa nú á þessu ári verið gerðir mjög þýðingarmiklir viðskiptasamningar við sumar helztu viðskiptaþjóðir vorar, og líkindi til, að samningaumleitanir verði bráðlega hafnar við fleiri þeirra. Það er því alveg bráðnauðsynlegt, að vér höfum skýrslugerð vora svo í lagi, að hún geti orðið samningsmönnum vorum sem mestur stuðningur og létt þeim starf þeirra, en þessar skýrslur eða upplýsingar voru því miður í mjög ófullkomnu lagi síðastliðið ár, eða fram að þessum tíma, og munu samningamenn vorir, t. d. þeir, sem við brezku samningana voru riðnir, hafa fundið tilfinnanlega til þess, hversu málið var illa í hendur þeirra búið og hversu skýrslugerð sú, sem þeir þurftu að styðjast við héðan að heiman, var ófullnægjandi.

Einstakar greinar frumvarpsins þurfa ekki skýringar við. Þó skal þess getið að því er ísfiskútflutning snertir, að þar er krafizt, að lagt sé fram afrit af sölureikningum frá þeim stað, þar sem varan var seld, en slíkt er alveg óhjákvæmilegt, þar sem þungi vörunnar er að jafnaði ekki nægilega kunnur, þegar varan fer frá landinu, og auk þess er hér um vöru að ræða, sem er á því verkunarstigi, að hún léttist töluvert á leiðinni yfir hafið. Það er því alveg óhjákvæmilegt að fá sem fyllstar upplýsingar um þunga og tegund vörunnar, eins og hún er á ákvörðunarstaðnum.

Auk þess getur það í framtíðinni haft mjög mikla vísindalega þýðingu að fá skýrslurnar sundurliðaðar á þann hátt, því það er eina tækifærið, sem vér höfum til þess að fylgjast með í hlutföllunum á milli tegunda aflans og samsetning fiskimagnsins, að minnsta kosti að því er togaraaflann snertir, en botnvarpan er það veiðarfæri, sem sundurgreinir minnst tegundirnar, og má því ganga út frá því sem vísu, að hún sýni betur en nokkurt annað veiðarfæri rétt hlutfall á milli tegunda.

Það eru því þarna slegnar tvær flugur í einu höggi, fengin fullnægjandi skýrslusöfnun til undirbúnings verzlunarskýrslna, og handhægur aðgangur og efni til seinni tíma vísindalegra rannsókna.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að skýrslur þessar nái aðallega yfir magn vörunnar. Þó er gert ráð fyrir í 7. gr., að ríkisstjórnin geti, þegar henni þykir ástæða til, látið skýrslurnar einnig ná yfir verðmæti vörutegundanna.

Að öðru leyti þarf frumvarpið ekki skýringa við".

## 35. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Skuldabréf þau, sem Kreppulánasjóður lætur af hendi eftir gildistöku þessara laga, skulu mynda sérstakan flokk, og skulu fyrir þann flokk gilda eftirfarandi innlausnarákvæði, sem koma í stað tilsvarandi ákvæða í 2. gr. laga um Kreppulánasjóð nr. 78 frá 1933.

Vextir af bréfum þessum skulu vera 4,5% á ári. Þau skulu gefin út í einum flokki og skulu innleyst á þann hátt, að árlega sé varið sömu fastri upphæð til samanlagðra vaxta og innlausnargreiðslna, þannig að öll bréfin séu innleyst á 40 árum.

2. gr.

Skuldabréf þau, sem Kreppulánasjóður hefir látið af hendi við gildistöku laga þessara, mynda sérflokk og gilda fyrir hann ákvæði 2. gr. laga nr. 78 frá 1933 um Kreppulánasjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**Bráðabirgðalög**

um breytingu á lögum nr. 78 19. júní 1933 um Kreppulánasjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Með því að forsætisráðherra og landbúnaðarráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að til þess að lán Kreppulánasjóðs verði lánþegum ekki of erfið, sé það óhjákvæmilegt að breyta lánskjörunum framvegis þannig, að árgreiðsla hvers láns, sem sé vextir og afborgun, verði jöfn öll árin frá lántöku til þess er lánið er greitt að fullu, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög um þetta efni.

Því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Skuldabréf þau, sem Kreppulánasjóður lætur af hendi eftir gildistöku þessara laga, skulu mynda sérstakan flokk, og skulu fyrir þann flokk gilda eftirfarandi innlausnarákvæði, sem koma í stað tilsvarandi ákvæða í 2. gr. laga um Kreppulánasjóð nr. 78 frá 1933.

Vextir af bréfum þessum skulu vera 4,5% á ári. Þau skulu gefin út í einum flokki og skulu innleyst á þann hátt, að árlega sé varið sömu fastri upphæð til samanlagðra vaxta og innlausnargreiðslna, þannig að öll bréfin séu innleyst á 40 árum.

2. gr.

Skuldabréf þau, sem Kreppulánasjóður hefir látið af hendi við gildistöku laga þessara, mynda sérflokk og gilda fyrir hann ákvæði 2. gr. laga nr. 78 frá 1933 um Kreppulánasjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Marselisborg, 14. ágúst 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## Nd. 36. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Fyrstu málsgr. 3. gr. laganna skal orða svo:

Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings, og gengst hann fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og tveggja skrifara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda á þann hátt á Alþingi 1934, að kosinn skal annar varaforseti jafnskjótt sem lögin hafa hlotið staðfestingu.

Greinargerð.

Hin nýju fyrirmæli stjórnarskrár og þingskapa um meðferð fjárlaga og fjáraukalaga í sameinuðu þingi og að þar skuli bornar upp þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr ríkissjóði, gera það nauðsynlegt, að kosnir séu tveir varaforsetar í sameinuðu þingi, engu síður en í deildum.

## Ed. 37. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á heyafla bænda á óþurrkasvæðunum.

Flm.: Jón Auðunn Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta þegar í stað safna skýrslum um heyöflun bænda á síðasta sumri, einkum á þeim svæðum vestan, austan og norðan lands, þar sem óþurrkarnir hafa gert mest tjón, og leggja skýrslur þessar fyrir deildina hið bráðasta.

Ástæður.

Það er vitað, að í sumum sveitum landsins hefir þurrheysafli orðið því nær enginn. Sem dæmi má nefna, að í nyrzta hluta Norður-Ísafjarðarsýslu höfðu 12 búendur fengið um eða innan við 100 hestburði allir til samans af þurrheyi nú fyrir skemmstu, og víðar mun ástandið lítið betra.

Það væri berandi tjón fyrir bændur þá, sem svona eða líkt væri ástatt um, ef von eða vissa væri um, að þeir gætu selt fénað þann, sem þeir verða að lóga vegna fóðurskortsins, en þess er engin von. Fyrst er það, að í flestum sveitum norðvestur-, norður- og austurlands verða bændur almennt að lóga meira af

fénaði sínum en áður, en auk þess er það sjáanlegt, að innlendi markaðurinn þrengist að mun frá því, sem verið hefir undanfarin ár, vegna ráðstafana hins opinbera, en ekki er vitanlegt, að erlendi markaðurinn aukist, heldur miklu fremur þrengist, frá því sem verið hefir. Það er því lífsnauðsyn bænda að geta haldið bústofni sínum, og í því skyni er þessi tillaga borin fram.

Þegar skýrslur eru fengnar, er fyrst hægt að gera sér grein fyrir, hvers með þarf, bæði að magni og fóðurtegundum, en óskandi væri, að ríkisstjórnin aflaði nú þegar upplýsinga um verð á erlendu heyi og hvaðan tiltækilegast mundi að kaupa það, ef álitið yrði nauðsynlegt eða hagkvæmt að fá það frá öðrum löndum.

## Nd. 38. Tillaga

til þingsályktunar um fóðurskort bænda í óþurrkasveitum landsins o. fl.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Jón Pálmason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram rannsókn á fóðurbirgðaskorti í óþurrkasveitum landsins. Einnig því, hve miklar heybirgðir muni vera aflögu í öðrum sveitum, og hver verða mundi flutningskostnaður, ef þær birgðir yrðu fluttar til óþurrkasveitanna.

Ennfremur sé aflað upplýsinga um það, hvað kosta mundi hey, flutt frá Skotlandi og Noregi.

Greinargerð.

Í mörgum sveitum landsins hafa hey nýtzt svo illa í sumar, að til stórkostlegra vandræða horfir. Líklegt er, að til aðgerða Alþingis komi til úrlausnar þessum vanda, og þarf þá að sjálfsögðu að vera á undan gengin rannsókn, er leiði í ljós, hver hjálparþörfin er og á hvern hátt auðveldast er að bæta úr henni.

## Ed. 39. Frumvarp

til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923.

Flm.: Pétur Magnússon.

Niðurlag 2. gr., orðin „meiri hluta í stjórn þess“ o. s. frv., falli burt.

Í þeirra stað komi: annan endurskoðanda að reikningum félagsins og varamann hans.

Greinargerð.

Frv. samhlj. þessu var borið fram á þingi 1933 og nokkrum sinnum áður, en hefir hingað til eigi náð fram að ganga. Frv. miðar að því, að veita Búnaðarfélagi Íslands fullt forræði yfir málefnum sínum.

## Ed. 40. Frumvarp

til laga um ríkisgjaldanefnd.

Flm.: Magnús Jónsson, Magnús Guðmundsson, Guðrún Lárusdóttir, Jón A. Jónsson, Pétur Magnússon, Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

Í lok hvers reglulegs Alþingis skulu þingflokkar þeir, sem mann eða menn hafa í fjárveitinganefnd, tilnefna einn mann hver og 2 til vara í nefnd, er nefnist ríkisgjaldanefnd. Nefndin kýs sér sjálf formann og ritara og gegnir starfi til loka næsta reglulegs Alþingis.

Nefndarmenn skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nærri, að þeir geti daglega sótt þangað fundi.

2. gr.

Nú telur fjármálaráðherra þörf á að greiða fé úr ríkissjóði umfram heimild í fjárlögum eða öðrum lögum, og skal hann þá tilkynna formanni nefndarinnar það, en hann kveður nefndina þegar til fundar með ráðherra eða umboðsmanni hans um málið. Nái tillaga ráðherra samþykki allra nefndarmanna, sem á fundi eru, er hún samþykkt, en ella fallin. Samþykkt tillaga er greiðsluheimild handa ráðherra.

3. gr.

Ríkisgjaldanefnd heldur gerðabók og skráir í hana skýrslu um það, sem fram fer á fundum hennar. Bókin skal bera skýrt með sér, hvaða umframgreiðslna hefir verið óskað og hverjar þeirra samþykktar. Fundir ríkisgjaldanefndar eru því aðeins löglegir, að einn maður, aðalmaður eða varamaður, úr hverjum þeirra flokka, sem nefndir eru í 1. gr., sæki hann. Fundargerð skulu allir nefndarmenn undirrita, sem fund sækja.

4. gr.

Formaður ríkisgjaldanefndar skal senda yfirskoðunarmönnum landsreikningsins ár hvert eftirrit af því, sem skráð hefir verið í gerðabókina um atriði, er snerta þann landsreikning, sem þá er til endurskoðunar. Þetta skal gert ekki síðar en mánuði eftir að reikningurinn er prentaður.

5. gr.

Nú greiðir fjármálaráðherra fé úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum eða öðrum lögum eða án samþykkis ríkisgjaldanefndar samkvæmt 2. gr., og varðar það hann þá ábyrgð eftir 143. gr. hinna almennu hegningarlaga. Auk þess er hann skyldur til að endurgreiða ríkissjóði það fé, sem greitt hefir verið í heimildarleysi.

6. gr.

Kostnaður við nefndina, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, allt að 500 kr. til hvers, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það hefir þótt mjög við brenna, að ríkisstjórnir hafi greitt fé úr ríkissjóði án lagaheimildar. Með slíkum greiðslum má skerða mjög fjárveitingavald Alþingis, því að reynslan sýnir, að Alþingi er venjulega fúst til að samþykkja slíkar greiðslur eftir á. En þar sem þingið situr ekki að störfum nema sem svarar hér um bil fjórðungi ársins, er það auðsætt, að ekki verður hjá því komizt, að greiðslur fari fram úr ríkissjóði án þess að þingið hafi haft tækifæri til að láta uppi skoðun um þær. Ný viðhorf og verkefni skapast jafnan og geta leitt af sér þörf eða knýjandi nauðsyn á greiðslum úr ríkissjóði. Þetta hefir án efa valdið því, að ríkisstjórnirnar hafa, að því er virðist, oft sýnt kæruleysi um greiðslur án lagaheimildar, í trausti þess, að slíkar greiðslur verði samþykktar eftir á.

Frv. þetta er borið fram til þess að reyna að bæta úr þessu. Það virðist vera skylda Alþingis að vernda fjárveitingarétt sinn, og það sýnist vera hægt á tiltölulega auðveldan hátt, á þann veg, sem ráðgerður er í frv. Nokkur fyrirhöfn og óþægindi fylgja að sjálfsögðu hinu ráðgerða fyrirkomulagi, en hér er til mikils að vinna.

## Ed. 41. Tillaga

til þingsályktunar um landhelgisgæzlu fyrir Vestfjörðum, ásamt eftirliti með fiskiflotanum.

Flm.: Jón A. Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta að jafnaði eitt varðskipanna annast landhelgisgæzlu, svo og eftirlit með fiskiskipum, fyrir Vestfjörðum á tímabilinu 1. nóvember til 31. desember og 1. janúar til 15. febrúar ár hvert.

Ástæður.

Tillaga sama efnis hefir, af mér og öðrum, verið borin fram á undanförnum þingum, og vísast til þess, sem þar hefir verið sagt.

Nánar við framsögu.

## Ed. 42. Frumvarp

til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 40 7. maí 1928, um breyting á lögum nr. 43 20. júní 1923 (Jarðræktarlög).

Flm.: Þorsteinn Briem.

1. gr.

Á eftir orðunum „kr. 1,50 fyrir hvert metið dagsverk“ í 3. gr. laganna komi: í áburðarhúsum og tveim krónum í safnþróm, þó aldrei meira en kr. 1200,00 til hvors um sig.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Nú ræsir maður tún sitt eða land til túngræðslu, og ber honum þá styrkur úr ríkissjóði, er nemi kr. 1,50 fyrir hvert metið dagsverk. Slétti maður tún sitt eða auki, eða girði tún eða land, sem tekið er til ræktunar, ber honum styrkur úr ríkissjóði, er nemi 1 kr. fyrir hvert metið dagsverk, ef sannað er fyrir Búnaðarfélagi Íslands, að hann fullnægi skilyrðum þeim, er um ræðir í 9. og 11. gr. Enginn getur þó fengið hærri styrk en kr. 800,00 fyrir hvers árs jarðabætur samkv. þessari grein.

3. gr.

Á eftir orðunum „nýjan matjurtagarð“ í 6. gr. laganna komi: vermireiti eða gróðurhús. Í stað „1 kr.“ komi: kr. 1,50.

4. gr.

Í stað orðanna „50 aurum“ í 7. gr. laganna komi: tveim krónum.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er verði 8. gr. laganna, og breytist greinatalan samkvæmt því.

Greinin orðist svo:

Nú gerir maður þurrheyshlöðu, og skal þá veita honum styrk úr ríkissjóði, allt að 1 kr. fyrir hvert metið dagsverk. Þó veitist engum hærri styrkur en 500 kr.

Eigi veitist styrkur á hlöður, sem taka minna en 50 hesta heys.

Búnaðarfélag Íslands setur nánari reglur um gerð á þurrheyshlöðum, úr hvaða efni þær skuli gerðar og hvernig þær skuli metnar til dagsverka.

6. gr.

Í stað orðanna „3 kr. hvert dagsverk“ í 10. gr. laganna komi: tveim krónum hærra hvert dagsverk en styrk nemur fyrir aðrar samskonar jarðabætur samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Síðari málsgrein 15. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er að styrkja með allt að helmingi verðs kaup á jarðræktarvélum og flekamótum til safngryfju- og votheystóftabygginga, og séu þær þá eign búnaðarfélags, enda áður fullnægt þeim styrkbeiðnum, er í 14. gr. og fyrri málsgrein þessarar greinar getur.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná einnig til allra þeirra framkvæmda, er þau taka til og mældar verða eða metnar á árinu 1934.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52 19. maí 1930.

## Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að styðja enn betur en nú er jarðræktina í landinu og innlenda framleiðslu. Miðar frumv. í fyrsta lagi í þá átt, að styðja að betri hagnýtingu innlends áburðar, m. a. til þess að unnt verði að spara að sama skapi hin kostnaðarsömu kaup á erlendum áburði. Er því lagt til, að styrkur fyrir safnþrær verði hækkaður um 50 aura á dagsverk.

Á árunum 1921—1933 hefir verið byggt yfir 28,7% af þeim áburði, sem til fellst í landinu, og fyrir þann tíma hefir því miður ekkert verið byggt af varanlegum áburðarhúsum eða safnþróm. Sýnir eftirfylgjandi tafla, sundurliðuð fyrir hverja sýslu, í 1.—4. dálki, hver húsrýmisþörfin er, ef byggt væri yfir allan þann áburð, sem til fellst í landinu, og í 5.—7. dálki, hvert húsrými er til í landinu yfir áburðinn.

| | Húsrýmisþörf fyrir áburð. | | | | Áburðarhús og safnþrær | | | Rými |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Safngryfjur fyrir nautpen. | saleri. | Áburðar-hús. | Alls. | byggð 1921—30. | byggð 1931—33. | Alls. | í % af þörf. |
| | m³ | m³ | m³ | m³ | m³ | m³ | m³ | % |
| Kaupst. með Rvík .... | 2800 | „ | 11200 | 14000 | 2028 | 940 | 2968 | 21,2 |
| Gullbr.- og Kjósarsýsla | 5324 | 4549 | 21296 | 31169 | 12968 | 5890 | 18858 | 60,5 |
| Borgarfjarðarsýsla .... | 2662 | 2517 | 10640 | 15817 | 3906 | 1368 | 5274 | 33,3 |
| Mýrasýsla ..... | 2000 | 1805 | 8000 | 11805 | 2010 | 357 | 2367 | 21,4 |
| Snæf.- og Hnappadalss. | 2584 | 3638 | 10336 | 16558 | 995 | 574 | 1569 | 9,5 |
| Dalasýsla ..... | 1824 | 1737 | 7296 | 10857 | 1445 | 288 | 1733 | 16,0 |
| Barðastrandarsýsla .... | 1520 | 3250 | 6080 | 10850 | 1228 | 425 | 1653 | 15,2 |
| Ísafjarðarsýsla ..... | 2350 | 5861 | 9400 | 17611 | 4973 | 1571 | 6544 | 37,1 |
| Strandasýsla ..... | 1022 | 1815 | 4088 | 6925 | 1686 | 595 | 2278 | 33,0 |
| Húnavatnssýslur ..... | 3240 | 4089 | 12960 | 20289 | 2341 | 562 | 2903 | 14,3 |
| Skagafjarðarsýsla ..... | 3432 | 4067 | 13728 | 21227 | 3301 | 776 | 4077 | 19,2 |
| Eyjafjarðarsýsla ..... | 5076 | 5226 | 20304 | 30606 | 4101 | 1077 | 5178 | 17,0 |
| Þingeyjarsýslur ..... | 3392 | 5627 | 13568 | 22587 | 4819 | 1816 | 6635 | 29,3 |
| Norður-Múlasýsla ..... | 2260 | 2953 | 9040 | 14253 | 1452 | 108 | 1560 | 10,9 |
| Suður-Múlasýsla ..... | 2648 | 5681 | 10592 | 18921 | 1995 | 436 | 2431 | 12,8 |
| Austur-Skaftafellssýsla . | 1246 | 1139 | 4984 | 7369 | 1862 | 537 | 2399 | 32,5 |
| V.-Skaftafellssýsla ..... | 1976 | 1824 | 7904 | 11704 | 3120 | 426 | 3546 | 32,9 |
| Rangárvallasýsla ..... | 6078 | 3669 | 24312 | 34059 | 9284 | 1397 | 10681 | 31,3 |
| Vestmannaeyjar ..... | 496 | 3331 | 1984 | 5811 | 1744 | 1774 | 3518 | 60,5 |
| Árnessýsla ..... | 7726 | 5152 | 30904 | 43782 | 11791 | 7267 | 19058 | 43,5 |
| Samtals: | 59654 | 67930 | 238616 | 366200 | 77019 | 28184 | 105233 | 28,74 |
| | 127584 | | | | | | | |

Ef hirtur væri allur áburður undan búfé landsmanna, myndu áburðarkaup geta minnkað mikið. Búfénaðurinn framleiðir alla fosfórsýru og kalí til þess að viðhalda þeirri ræktun, sem nú er til í landinu, en aðeins ⅔ þess köfnunarefnis, sem ræktun landsmanna þarfnast.

Þá miðar frumvarpið einnig að því, að styðja að betri endingu jarðabóta og auknum afrakstri, með því að hækka styrk til framræslu.

Mjög víða er túnræktinni áfátt í því, að framræsla er ekki nægileg. Af því leiðir, að jarðabæturnar endast verr, frjóefni jarðvegsins sjálfs og áburðurinn notast illa. Töðufall af ræktuninni verður því minna og jafnframt með minna fóðurgildi.

Af öllu hinu ræktaða landi, túnum og görðum, er aðeins 7% ræst fram, og á árabilinu 1921—1933 nær framræslan eigi til meira en 28,5% af nýræktinni þau ár.

Mörg gömul tún vantar því framræslu, og víða hagar svo til, að ekki er kostur á betra túnefni en mýrum eða deiglendis móum. En bændur hafa horft í hinn mikla framræslukostnað og oft reynt í þess stað að rækta frjóefnasnauðari jarðveg, sem er margfalt áburðarfrekari, en gefur þó minni uppskeru en vel ræst mýrarjörð. Er nauðsynlegt að gera mönnum auðveldara um umbætur í þessu efni, og er því lagt til, að styrkur til framræslu verði hækkaður um þriðjung.

Enda þótt garðræktin í landinu hafi aukizt hin síðari ár, þá er enn eigi svo mikið framleitt af grænmeti, að þörfinni sé fullnægt. Auk þess myndi aukin notkun garðávaxta verða til gjaldeyrissparnaðar, því að sparazt gætu í þess stað innfluttar neyzluvörur. En þá þarf garðræktin að verða fjölbreyttari, og með almennari notkun vermireita og fjölgun gróðurhúsa myndu skapast möguleikar fyrir fjölþættari grænmetisræktun.

Í gróðurhúsum er hægt að framleiða margar suðrænar nytjajurtir, sem mikið hefir verið flutt af til landsins á undanförnum árum, og er því nauðsynlegt að nota þau skilyrði, sem hér eru fyrir hendi um framleiðslu þeirra. Fyrir því er lagt til í frumvarpinu, að styrkur til garðræktar hækki um þriðjung og að vermireitir og gróðurhús njóti sama styrks.

Frumvarpið miðar ennfremur í þá átt, að styðja meira en nú er gert að betri nýtingu heyjanna, með því að hækka styrkinn til votheystófta. Það hefir ekki sízt orðið ljóst nú í ár, að nauðsynlegt er að geta komið við votheysverkun í öllum sýslum landsins, og þar með tryggð sæmilega nýting nokkurs hluta heyjanna, hvernig sem viðrar. Votheyshlöður eru til í landinu yfir 3,4% af ársheyafla landsmanna, og svo sem sjá má af eftirfarandi töflu, er mjög lítið um votheyshlöður í mörgum sýslum landsins.

| | Votheyshlöður. Steyptar. m³ | Votheyshlöður. Annað efni. m³ | Alls. m³ | Rúmar hestburði töðu eða há. | Rúmar % af meðal heyafla. |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupstaðirnar m/ Rvík ..... | 865 | 63 | 928 | 2320 | |
| Gullbr.- og Kjósarsýsla ..... | 2964 | 286 | 509 | 8125 | |
| Borgarfjarðarsýsla ..... | 509 | „ | 509 | 1273 | |
| Mýrasýsla ..... | 384 | 21 | 405 | 1013 | |
| Snæf.- og Hnappadalssýsla ..... | 156 | 10 | 166 | 415 | |
| Dalasýsla ..... | 186 | 22 | 208 | 520 | |
| Barðastrandarsýsla ..... | 112 | 563 | 675 | 1688 | |
| Ísafjarðarsýslur ..... | 1367 | 1527 | 2894 | 7235 | |
| Strandasýsla ..... | 195 | 662 | 857 | 2143 | |
| Húnavatnssýslur ..... | 831 | 949 | 1780 | 4450 | |
| Skagafjarðarsýsla ..... | 210 | 2007 | 2217 | 5543 | |
| Eyjafjarðarsýsla ..... | 621 | 546 | 1167 | 2918 | |

| | Votheyshlöður. Steyptar. m³ | Annað efni m³ | Alls. m³ | Rúmar hestburði töðu eða há. | Rúmar % af meðal heyafla. |
|---|---|---|---|---|---|
| Þingeyjarsýslur | 90 | 488 | 578 | 1445 | |
| Norður-Múlasýsla | 552 | 704 | 1256 | 3140 | |
| Suður-Múlasýsla | 121 | „ | 121 | 303 | |
| Austur-Skaftafellssýsla | 468 | 472 | 940 | 2350 | |
| Vestur-Skaftafellssýsla | 323 | 462 | 785 | 1963 | |
| Rangárvallasýsla | 3936 | 558 | 4494 | 11235 | |
| Vestmannaeyjar | „ | „ | „ | „ | |
| Árnessýsla | 1676 | 775 | 2451 | 6128 | |
| Samtals: | 15566 | 10115 | 25681 | 64207 | 3,41% |

Þótt votheystóftabyggingar hafi nokkuð aukizt hin síðustu ár, þá miðar votheysverkun hinsvegar of seint áfram, jafnvel í mestu votviðrasveitum landsins, og verða bændur því oft fyrir miklu afurðatapi á búpeningi vegna hraktra heyja, jafnvel þrátt fyrir tilfinnanleg útgjöld til kaupa á fóðurbæti. Er því brýn nauðsyn að hvetja menn til þessarar heyverkunar, og því er hér lagt til, að styrkur til votheystófta verði hækkaður úr 50 aurum upp í 2 kr. á hvert metið dagsverk.

Samkvæmt lögum nr. 52 19. maí 1930 skulu þurrheyshlöður, sem styrkur er veittur til, vera gerðar úr steinsteypu, eða steinlímdar, og þak úr bárujárni eða steinsteypu.

Steinsteyptar hlöðubyggingar eru mun dýrari en hlöður úr öðru efni, t. d. timbri og járni. Víðsvegar hagar þannig til, að kostnaðarsamt og nær ómögulegt er að fá steypuefni til bygginga. Það virðist því mjög óeðlilegt, að þeir, er gera verða heyhlöður sínar úr öðru efni, njóti eigi styrks samkvæmt lögunum, og það því fremur, sem hey verkast vart eins vel í steinhlöðum og í hlöðum úr öðru efni. Þó að ending þeirra bygginga sé nokkru minni en hinna steinsteyptu, þá má fullyrða, að í hinum þurrviðrasamari héruðum norðanlands og vestan séu hús byggð úr timbri og járni, eða jafnvel að nokkru með vel hlöðnum veggjum úr torfi og grjóti, allvaranleg. Að einbinda styrkinn við alsteyptar hlöður tefur mjög fyrir því, að menn komi upp nauðsynlegum húsum yfir hey sín. Fyrir því er lagt til í frumvarpi þessu, að hlöður úr öðru efni verði einnig styrkhæfar og jafnframt tvöfaldaður styrkurinn.

Til þess að tryggja, að hús þessi verði sem haganlegast gerð og þannig frá þeim gengið, að þau verði sem varanlegust, er Búnaðarfélagi Íslands falið að setja nánari reglur um gerð þeirra og frágang, enda ákveður það, hvernig hlöðurnar skuli metnar til dagsverka.

Ekki er minni ástæða til að styðja að því, að jarðabætur leiguliða á þjóðjörðum og kirkjujörðum verði sem bezt unnar og varanlegastar, og að þeim notist sem bezt að þeim jarðabótum, sem þar eru gerðar. Er því sanngjarnt, að leiguliðar þessara jarða njóti tilsvarandi hækkunar á þeim jarðabótadagsverkum, er ganga til greiðslu eftirgjalds.

**Ed.** **43. Frumvarp**

til laga um prestssetur í Grundarþingaprestakalli í Eyjafirði.

Flm.: Einar Árnason, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Syðra-Laugaland í Öngulsstaðahreppi í Eyjafirði fyrir 32000 kr. og færa þangað prestssetur í Grundarþingaprestakalli. Ennfremur að selja núverandi prestssetursjörð, Saurbæ í Eyjafirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftir að Saurbæjarprestakall hafði verið sameinað Grundarþingaprestakalli í Eyjafirði, var ákveðið, að prestssetrið skyldi vera að Saurbæ framvegis, með því að hið fyrrverandi prestssetur, Hrafnagil, hafði verið selt nokkrum árum áður og því var eigi um annað prestssetur að ræða í héraðinu. Saurbær liggur innarlega í Eyjafirði, um 30 km. frá Akureyri. Jörðin er allerfið bújörð.

Enda þótt landrýmindi séu þar mikil og jörðin þætti í fyrri tíð góð útbeitarjörð og vel fallin til sauðabúskapar, meðan vinnukraftur var tiltölulega ódýr, þá varð það sýnt, jafnskjótt og búskaparhættir tóku að breytast í Eyjafirði og bændur tóku aðallega að leggja stund á mjólkurframleiðslu, að eigi yrði unnt að reka þar búskap, nema með stórfelldum umbótum. Næstum því ekkert slægjuland var véltækt, tún og engjar allt saman þýft og jörðin auk þess í niðurníðslu og lítt skipuð að húsum. Í tíð fyrrverandi prests voru gerðar nokkrar umbætur á jörðinni, íbúðarhús reist, byggt fjós með mykjuhúsi, sléttað talsvert í túninu og tún og engjar afgirt. Miðaði þetta í áttina til að gera lífvænt á jörðinni, enda þótt það dygði ekki til og fyrrverandi prestur ræki búskap þar með allmiklu tapi.

Hinsvegar höfðu umbæturnar hlaðið svo mikilli gjaldabyrði á jörðina, að núverandi prestur sá sér ekki fært að ráðast í búskap á henni nema með allmikilli fjárhagslegri áhættu og taldi, að fyrirsjáanlegt tap mundi verða á búskapnum. Var það og sýnt, að enn þurfti að byggja fjóshlöðu og reisa önnur úthýsi, sem voru að falli komin, og þá mundi enn aukast álögur á jörðinni. Frá þessu skýrir núverandi prestur í bréfi til stjórnarráðsins 1. febr. 1933. Fer hann þar fram á það, að þurfa eigi að taka við prestssetrinu, með því að það sé beinlínis orðið að byrði á embættinu, í stað þess að vera hlunnindi, eins og upprunalega hafði verið til ætlazt, og býðst til, frekar en þurfa að ganga að þeim kosti, að sjá sér sjálfur fyrir húsnæði með viðunanlegri kjörum og á sína eigin ábyrgð. Þetta leyfi var eigi gefið, og sá prestur sér þá eigi annað fært, til að komast hjá fjárhagslegu tjóni, en að leigja bónda jörðina, en búa sjálfur

annarsstaðar, því að hið nýja hús í Saurbæ er of lítið til að rúma tvær fjölskyldur, þótt hann sjálfur hefði viljað búa þar og leigja út jarðarafnotin.

Nú vill svo til, að ábúandi Saurbæjar óskar eftir að fá jörðina til kaups eða lífstíðarábúðar, en hinsvegar býðst ríkinu til kaups jörðin Syðra-Laugaland í Öngulsstaðahreppi. Álízt það heppilegt að kaupa þá jörð, vegna jarðhita og góðrar aðstöðu til opinberra stofnana, t. d. barnaskóla og fyrirhugaðs kvennaskóla í héraðinu. Er allur húsakostur þar stórum betri en í Saurbæ og þannig, að hægt væri, ef prestur byggi þar, að leigja bónda af jörðinni og húsnæði, en prestur hefði þó sjálfur mikil eða lítil jarðarafnot eftir óskum og góða íbúð.

Úthýsi eru þar yfirleitt hin prýðilegustu, eins og jarðarlýsing ber með sér, og mun eigi þurfa að leggja fram fé sem nemur til þeirra hluta í náinni framtíð. Auk þess er jörð þessi betur í sveit sett og stórum betri bújörð fyrir margra hluta sakir. Verðmunur er ekki tilfinnanlegur. Hefir biskup landsins og prófastur héraðsins ásamt sóknarpresti talið það mjög æskilega ráðstöfun, ef ríkið skipti á þessum jörðum, selji Saurbæ, en kaupi Syðra-Laugaland í Eyjafirði og færi þangað prestssetur í Grundarþingaprestakalli.

**Fylgiskjal.**

BISKUPINN YFIR ÍSLANDI

Reykjavík, 7. júlí 1934.

Frá sóknarprestinum í Grundarþingaprestakalli hefi ég meðtekið erindi það, dags. 5. f. m., sem hér með fylgir, varðandi einskonar „makaskipti“ á jörðunum Saurbæ í Saurbæjarhreppi og Syðra-Laugalandi í Öngulsstaðahreppi, þannig að hið opinbera kaupi síðarnefnda jörð fyrir framtíðarprestssetur í Grundarþingum, en selji Saurbæ, hið gamla prestssetur, ábúanda þeirrar jarðar, sem nú er þar.

Ég skal ekki neita því, að síðan er ég í vetur fyrst kynntist þessari hugmynd, hefi ég verið að sannfærast um það betur og betur, að hugmyndin væri góð. Þegar kirkjumálanefndin frá 1904 fjallaði um sameiningu prestakallanna Grundarþinga og Saurbæjar, kom öllum nefndarmönnum saman um, að Saurbær yrði óheppilega sett prestssetur fyrir hin sameinuðu prestaköll, og að presturinn yrði bezt settur á Litlahóli í Grundarsókn. Þegar því sameining prestakallanna skyldi komast í framkvæmd, var ég, sem þá var orðinn biskup, látinn spyrjast fyrir um það nyrðra, hvað liði byggingu Litlahóls, en hún reyndist að vera í lífstíðarábúð. Varð því að hverfa frá því ráði, og þar sem ekki var völ á betra jarðnæði, varð prestur sá, er vígðist til Grundarþinga 1920, að setjast að í Saurbæ, þó óhentugt þætti. Eins og kunnugt er, varð að húsa staðinn að nýju nálægt 1926. En hin nýja húsaskipun reyndist brátt ófullnægjandi, ef t. a. m. presturinn vildi byggja jörðina og þó sjálfur vera í húsunum áfram.

En nú stendur Syðra-Laugaland til boða sem prestssetur, og er því ólíkt betur í sveit komið en Saurbænum. Það mun liggja nokkurn veginn miðsveitis

austan Eyjafjarðar: 36 bæir fyrir utan, en 32 fyrir framan. Miðað við sveitina vestan Eyjafjarðarár, þá liggur Syðra-Laugaland andspænis Litlahóli, eða því sem næst, og verða þá ca. 40 býli vestan árinnar, sem liggja framar í sveitinni þeim megin, því að eins og kunnugt er, skerst ein sóknin, Hólasókn, jafnlangt til suðurs og byggð nær. Vegalengdir á þær 5 kirkjur, Kaupangs, Munkaþverár, Grundar, Saurbæjar og Möðruvalla, eru mjög við hæfi. Aftur er vegalengdin frá Syðra-Laugalandi að Hólum mjög svipuð og milli Saurbæjar og Kaupangs. — Hinsvegar er það mikill kostur við jörðina Syðra-Laugaland, að þar er húsrúm nægilegt fyrir annan bónda, ef prestur þar kysi að hafa lítið um sig, en byggja öðrum jörðina að einhverju leyti. Íbúðarhús þetta (reist 1926) virðist prýðilega „innréttað". Nægir í því efni að vísa til meðfylgjandi lýsingar. Einnig er prýðilega séð fyrir útihúsum, sem tilfinnanlega vanhagar um í Saurbæ. Hér við bætist loks, að miðstöðvarofnar eru í öllu húsinu, hitaðir með vatni úr lauginni, sem staðurinn er kenndur við, og þarf sízt að taka það fram, hvílíkur kostur það er fyrir húsið. Alls yfir er Syðra-Laugaland meiri jörð að kostum en Saurbær, enda þótt landrými sé meira þar. Saurbær er þá líka í fasteignamati aðeins metinn á 29 þús., en Syðra-Laugaland á 36 þús. En þar sem eigandi lætur síðarnefnda jörð fala fyrir 32 þús., virðist það engin frágangssök að kaupa jörðina því verði, og það því fremur, sem á henni hvíla nær 20 þús. kr. lán í opinberum sjóðum, en ábúandi Saurbæjar hinsvegar falast eftir þeirri jörð því verði, sem hún er metin í síðasta fasteignamati.

Að öllu þessu athuguðu virðist mér allt mæla með því, að þessi „makaskipti" nái fram að ganga, og teldi það, engu síður en prófastur gerir í bréfi sínu, einkar ákjósanlegt, ef hið opinbera næði eignarhaldi á þessari jörð og flytti þangað prestssetur Grundarþinga.

Jón Helgason.

Til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

## Nd. 44. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Flutningsm.: Finnur Jónsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „4. hvert ár á öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum" í 6. gr. laganna komi: sbr. þó 32. gr.

2. gr.

Á eftir 31. gr. komi ný grein, er verði 32. gr., svo hljóðandi:

Nú hefir í kaupstað, þar sem kosinn er bæjarstjóri, eigi náðst meiri hluti bæjarfulltrúa fyrir kosningu bæjarstjóra, þannig að bæjarstjóri sé í andstöðu

við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur atvinnumálaráðherra þá ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fram fara á ný fyrir þann tíma, sem eftir er af hinu reglulega kjörtímabili bæjarstjórnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Verði bæjarstjóri í kaupstað eigi kosinn meirihlutakosningu og komist þannig í andstöðu við bæjarstjórnina, er hætt við, að málum kaupstaðarins sé eigi svo vel borgið sem skyldi, enda er það í fullu samræmi við þingræði og lýðræði, að þess sé krafizt, að bæjarstjóri hafi stuðning meiri hluta bæjarstjórnar.

Nánar í framsögu.

## Nd. 45. Frumvarp

til laga um virkjun Fljótaár.

Flutningsm.: Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar heimilast að reisa og reka raforkustöð við Fljótaá í Skagafjarðarsýslu til þess að vinna úr ánni raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja háspennutaugar til Siglufjarðar og gera afspennistöð í Siglufirði og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda.

2. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Siglufjarðarkaupstað til framkvæmda samkvæmt 1. gr., að upphæð allt að 700000 kr. eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

3. gr.

Rétt sinn til virkjunar og rekstrar raforkustöðvarinnar og sölu rafmagns getur bæjarstjórnin afhent öðrum, með samþykki atvinnumálaráðherra, enda sé gætt ákvæða 27. og 28. gr. laga 46/1925, eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Ef bærinn reisir og rekur raforkustöðina við Fljótaá, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

5. gr.

Ef hreppsnefnd Holtshrepps óskar þess, er Siglufjarðarkaupstað skylt að veita Holtshrepp rétt til að taka þátt í virkjun Fljótaár á allt að 200 hö. Tekur Holts-

hreppur þá að sér hlutfallslegan hluta sameiginlegs virkjunarkostnaðar. Nær ríkisábyrgð og til þess hluta, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

6. gr.

Óheimilt er Siglufjarðarkaupstað, umfram stofnkostnað og 6% vexti af útlögðum kostnaði, að torvelda eða leggja fjárhagslegar álögur eða kvaðir af nokkru tægi á rafmagn það, sem Holtshreppur kann að fá skv. 5. gr. úr Fljótaá. Sama gildir um Holtshrepp eða sýslufélagið um rafmagn það, er Siglufjarðarkaupstaður kann að virkja eða láta virkja úr Fljótaá, eða um mannvirki í sambandi við virkjunina.

## Greinargerð.

Frumvarp, nær samhljóða þessu, var flutt á síðasta Alþingi, en var ekki afgreitt.

Málið er nú flutt að nýju eftir ósk bæjarstjórnar Siglufjarðar.

### Um 1. og 2. gr.

Á Siglufirði eru nú tæp 2400 manns. Má gera ráð fyrir, að 2500—2600 manns a. m. k. verði búsett á rafveitusvæðinu innan Siglufjarðar, er rafvirkjun væri lokið. Bærinn á þegar vatnsorkustöð við Hvanneyrarána, en vatn þrýtur þar oft. Auk þess rekur bærinn mótorstöð í sambandi við vatnsorkustöðina, en hér um bil aðeins til ljósa. Báðar stöðvarnar gefa um 96 ha. rafmagn. Gefur núverandi stöð af sér um 45000 kr. tekjur árlega, en er nú að verða of lítil til þess að fullnægja ljósanotkuninni. Hefir bæjarstjórnin í huga að virkja 1200 hö., og verða það tæp 1000 hö. komin til Siglufjarðar. Stofnkostnaður er af Steingrími Jónssyni raffræðing áætlaðar um 660000 kr., en rekstrarkostnaður á ári 89000 kr., og er þar í talin árleg afborgun og vextir. Getur varla verið á því nokkur vafi, að Siglfirðingar eru, þótt sleppt væri öllu rafmagni til iðnaðar, einfærir um að greiða þann rekstrarkostnað árlega fyrir um 10 sinnum meira rafmagn en þeir hafa nú, er þeir þó greiða um helming þeirrar upphæðar fyrir árlega. En sérstaklega ber þess þó að gæta, að á Siglufirði eru sérstök skilyrði fyrir rafmagn til iðnaðar. Þannig þurfa síldarverksmiðjur ríkisins á miklu rafmagni að halda, enda ganga nýtízku síldarverksmiðjur fyrir rafmagni að nokkru leyti, þar sem það er fáanlegt við vægu verði. Hafa síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði ákveðið að taka 200 kwt., ef Skeiðsfoss yrði virkjaður. Tvö íshús á Siglufirði hafa lofað að taka yfir 100 hö. meðan þau væru rekin, tunnuverksmiðjan o. fl. o. fl.

Er því eigi annað sjáanlegt en að hér sé um arðbæra virkjun að ræða og sé sjálfsagt af ríkinu að stuðla að virkjuninni með ábyrgð sinni, enda stendur Siglufjarðarkaupstaður sig vel, líka að öðru leyti. Það er og að hjálpa síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði að stuðla að virkjuninni, sem þær myndu hafa hag af. Ríkisstjórn og rafmagnseftirliti ríkisins hafa áður verið sendir frumdrættir. Allur kostnaður við jarðakaup og gerðar rannsóknir er þegar greiddur af Siglufjarðarkaupstað. Er því engin þörf breytingartillagna frá 1933, þskj. 99 1. og 2. liður.

Um 3. gr.

Sjálfsagt er að heimila bæjarstjórn, með samþykki ráðherra, rétt til þess að framselja virkjunar- og rekstrarrétt sinn. Ef lán fengist ekki eða takast mætti að koma á slíkum hagkvæmum samningum og hið virkjaða rafmagn fengist ódýrt að áliti bæjarstjórnar og ráðherra, ætti slíkt að vera leyfilegt og í valdi hlutaðeigandi stjórnarvalda að setja þau skilyrði, er henta þætti. Er 3. liður breytingartillagna 1933 á þskj. 99 tekinn orðréttur upp.

Um 4. gr.

Ef til kæmi, að bærinn framseldi rétt sinn til virkjunar eða rekstrar, er upphaflegt orðaval greinarinnar eðlilegra heldur en breytingartillagna 4. liður, á þskj. 99 frá 1933.

Um 5. gr.

Siglufjarðarkaupstaður hefir keypt Skeiðsfoss í Fljótum, og 2—3 jarðir m. a. til vatnsmiðlunar. Er andvirði jarðanna og fossins þegar greitt. Er sanngjarnt, að Holtshreppur fái að vera með í virkjuninni, ef hann æskir þess og setur ríkisstjórninni þær tryggingar fyrir ríkisábyrgðinni að sínum hluta, er ríkisstjórnin metur gildar. Hér er og allþéttbýlt og hagar vel til sveitaveitu. Hinsvegar er ósanngjarnt að ætla að skylda Siglufjarðarkaupstað til þess að miðla öðrum hreppsfélögum rafmagni, eins og 5. liður breytingartillagna á þskj. 99 frá 1933 gerir ráð fyrir. Vatnsaflið er ekki meira en það, að nægi Siglufjarðarkaupstað og Holtshrepp, og þess má og geta, að leiðslan frá Skeiðsfossi til kaupstaðarins er sérlega kostnaðarsöm, svo að takmörk eru fyrir, hvað hægt sé að íþyngja Siglufjarðarkaupstað út af þessari virkjun. Á það er og að líta, að héruðin vestan Holtshrepps hafa aðstöðu til hentugra vatnsfalls en úr Skeiðsfossi. Ef 5. liður breytingartillögunnar yrði samþykktur, er það sama sem að meina kaupstaðnum að virkja Skeiðsfoss, og gæti engum orðið hagur að því.

Um 6. gr.

Nauðsynlegt er að tryggja það, að Siglufjörður geti ekki skrúfað upp vatnsaflið við Holtshrepp eða lagt kvaðir á rafmagnið né torveldað notkun þess að þeim hluta, er Holtshreppur virkjar. Er þá og sjálfsagt, að sama gildi gagnvart Siglufirði.

6. liður breytingartillagna frá 1933 á þskj. 99 fellur að sjálfsögðu niður, er 5. liður fellur burtu.

Rafvirkjun er svo mikil alþjóðar heill, að ekkert bæjarfélag, sveitar- eða sýslufélag má torvelda eða skattleggja fyrir hinu rafmagnsgerð eða mannvirki, sem reist eru í sambandi við virkjunina.

## Nd. 46. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 79 19. júní 1933, um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „er tekin hafa verið“ í 5. gr. laganna komi: og tekin verða á tímabilinu til ársloka 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 5. gr. laga frá 1933 um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar var ríkisstjórninni heimilað að „taka að sér greiðslu á lánum allt að ¼ stofnkostnaðar, er tekin hafa verið til að reisa frystihús samvinnufélaga eða sýslufélaga, enda sé aðalhlutverk þeirra að frysta kjöt til útflutnings“.

Þessi hjálp til þeirra bænda, sem að frystihúsunum standa, var í samræmi við þann styrk, sem áður hafði verið ákveðinn til mjólkurbúa. En í lögunum er eingöngu heimilað að greiða styrkinn til frystihúsa, sem lán höfðu verið tekin til **áður** en lögin gengu í gildi. Þetta er bersýnilega ranglátt. Þau héruð, sem nú á næstunni myndu vilja koma sér upp frystihúsum, hljóta að gera kröfu um sömu aðstoð frá ríkinu og áður hefir verið veitt. Væri það hróplegt ranglæti, ef slík héruð ættu að gjalda þess, að þau hafa sætt sig við saltkjötsmarkaðinn. Hitt er sönnu nær, að þeim sé þessarar hjálpar hvað mest þörf, sem hafa orðið að una við hið lága saltkjötsverð.

Í frv. er lagt til, að heimildin til að greiða úr ríkissjóði allt að ¼ stofnkostnaðar frystihúsa nái fyrst um sinn fram að árslokum 1935.

## Nd. 47. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa og starfrækja síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn.

Flutningsm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að kaupa og starfrækja síldarverksmiðju þá, sem nú er á Raufarhöfn, ef hagkvæmir samningar nást um kaupin. Er ríkisstjórninni heimilt að taka lán í þessu skyni.

2. gr.

Stjórn síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði hefir á hendi stjórn síldarverksmiðjunnar á Raufarhöfn undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um rekstur verksmiðjunnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Mál þetta hefir áður verið flutt hér á Alþingi af fyrrv. þingmanni Norður-Þingeyinga, Birni Kristjánssyni.

Síldarverksmiðjan á Raufarhöfn tók til starfa fyrir nál. 10 árum. Hefir þorpsbúum fjölgað mjög á þessum 10 árum, svo að nú eru þar um 200 manns, þar sem áður bjuggu ekki nema 4—6 fjölskyldur. Vöxtur þorpsins hefir orðið aðallega vegna verksmiðjunnar.

Útgerð á Raufarhöfn er mjög lítil, og land til ræktunar er ekki fyrir hendi nema af mjög skornum skammti. Afkoma þorpsbúa byggist því mjög á verksmiðjunni. Sumarið 1932, þegar rekstur verksmiðjunnar féll niður, varð viðkomandi hreppur að stofna til atvinnubótavinnu og veita bágstöddu fólki hjálp, sem hann engan veginn gæti risið undir til frambúðar.

Verksmiðjan hefir frá upphafi verið í eigu Norðmanna. En nú síðustu árin hefir það hvað eftir annað verið yfirvofandi, að rekstrinum yrði hætt. Síðastl. vetur og vor mun hafa komið alvarlega til orða að selja vélarnar úr verksmiðjunni og flytja þær burtu.

Það virðist vera mjög eðlilegt, að ríkið tryggi rekstur verksmiðjunnar áfram með því að kaupa hana, ef viðunandi kjör fást.

Ríkið ver nú árlega stórfé (í þessa árs fjárlögum 300 þús. kr.) til atvinnubóta, og hefst oft lítið verðmæti upp úr þeirri vinnu, sem þannig er unnin. Hitt er þó ómótmælanlega nær, að ríkið hlutist til um, að ekki leggist niður á einstökum stöðum arðvænleg framleiðsla, sem veitt hefir fjölda fólks atvinnu.

Í grennd við Raufarhöfn eru einhver allra beztu síldarmiðin norðanlands. Framan af vertíð síðastl. sumar var síldin að miklu leyti sótt austur á Öxarfjörð og Þistilfjörð. Verksmiðjan er því prýðilega sett á þessum stað.

Verksmiðjan á Raufarhöfn getur brætt um 500 mál síldar á sólarhring. Var hún endurbætt nokkuð á síðastl. vori.

Ríkið mun væntanlega á næsta sumri reka síldarverksmiðjur, sem samtals bræða um 6000 mál síldar á sólarhring. Hér er því ekki farið fram á nema tiltölulega litla aukning á þessum atvinnurekstri ríkisins. Og í sambandi við þessi kaup getur ekki orðið um háa fjárupphæð að ræða. En það fé verður stjórnin að hafa heimild til að taka að láni, sem verksmiðjan svo stæði straum af.

## Ed. 48. Frumvarp

til laga um löggildingu verzlunarstaðar á Fögrueyri við Fáskrúðsfjörð.

Flm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Á Fögrueyri í Fáskrúðsfirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þá er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Um nokkur undanfarin ár hefir á Fögrueyri verið lögð upp þungavara og tekið á móti fiski, til hægðarauka fyrir þá, er búa í suðurbyggð Fáskrúðsfjarðar. En svo sem kunnugt er, er erfiðleikum bundið að fá millilandaflutningaskip til þess að afhenda og taka vörur annarsstaðar en á löggiltri höfn, þó að aðstaða til út- og uppskipunar sé hin bezta, eins og er á þessum stað. Er því nauðsyn á að fá þarna löggilta höfn.

## Ed. 49. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flm.: Ingvar Pálmason.

Í stað orðanna „Lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga“ í 4. gr. laganna komi: Lína frá Brekku í Mjóafirði um Rima, Hof og Eldleysu að Dalatanga.

Aftan við sömu grein bætist: Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Lína frá Búðum í Fáskrúðsfirði til Hafnarness. Lína frá Geirólfsstöðum í Skriðdal að Arnhólsstöðum.

Greinargerð.

Á aukaþinginu 1933 flutti ég frv. sama efnis. Var því vinsamlega tekið í báðum deildum þingsins, en náði þó ekki fullnaðarafgreiðslu vegna tímaskorts. Vísast til greinargerðar, er fylgdi því frv. (Alþt. 1933 (aukaþing) þskj. 12). Að öðru leyti verður gerð grein fyrir frv. í framsögu.

## Nd. 50. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 79 19. júní 1933, um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

Flm.: Hannes Jónsson, Magnús Torfason.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni, að fengnum meðmælum stjórnar Kreppulánasjóðs, að greiða árlega úr ríkissjóði allt að 2% af vöxtum fasteignalána og lána gegn afgjaldskvöð þeirra manna, er reka landbúnað sem aðalatvinnuveg, þó ekki meira en svo, að lántakandi greiði sjálfur 2% vöxtu af lánum til nýbýla frá byggingar- og landnámssjóði og 3% af lánum til endurbygginga íbúðarhúsa í sveitum, en 4% af öðrum fasteignalánum.

Heimild þessi nær og til greiðslu vaxta af stofnlánum frystihúsa og mjólkurbúa, enda séu þau eign samvinnufélaga bænda eða sýslufélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

### Greinargerð.

Löggjafarvaldið hefir þegar viðurkennt, að lánakjör landbúnaðarins hafa alls ekki verið viðunandi, þar sem vextir hafa verið miklu hærri en atvinnureksturinn þolir. Til að ráða bætur á þessu að nokkru voru sett lögin um kreppulánasjóð og lög þau, sem frv. ræðir um. Fjórða grein hinna síðartöldu laga gildir aðeins til loka þessa árs.

Brýn nauðsyn er að koma frambúðarskipulagi á veðlán landbúnaðarins, sem tryggði, að vextir yrðu a. m. k. ekki hærri, sem lántakar þyrftu að greiða, en hér er lagt til. En meðan svo er ekki, virðist sjálfsagt að fara sömu leið og lög nr. 79 19. júní 1933 heimila, en fara þó nokkru lengra. Vextir af fasteignalánum landbúnaðarins virðast alls ekki mega vera hærri en 4%, nema því aðeins, að hægt verði að gera búreksturinn til muna arðvænlegri en enn eru horfur á.

Þá er það kunnugt, hversu afarþungt húsagerðarlánin, jafnvel lán úr byggingar- og landnámssjóði, hvíla á lántakendum. Er því lagt til að lækka vöxtu af þeim um 1%, en þyrfti raunar að vera meira.

Eftir skýrslu frá Kreppulánasjóði hafa umsóknir um vaxtatillag fyrir 1933 verið sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Til bænda ..... | kr. | 104617.32 |
| Til kaupfélaga og sláturhúsa ..... | — | 8571.74 |
| Samtals | kr. | 113189.06 |

| | | |
|---|---|---|
| Samkvæmt skýrslu frá byggingar- og landnámssjóði eru endurhýsingarlán | kr. | 1800000.00 |
| Nýbýlalán | — | 185000.00 |
| Vaxtalaus nýbýlalán um | — | 70000.00 |

Öll útgjöld ríkisins til að létta vöxtu af byggingar- og landnámssjóðslánunum yrðu því ekki yfir 20000 kr. eftir frv., en mundu þó skipta lántakendur mjög miklu. Að vísu fara lán þessi vaxandi ár frá ári og þá um leið vaxtatillagið, og mun nauðsynlegt að koma hentugra skipulagi einnig á þessi lán svo fljótt sem kostur er. En óumflýjanlegt er að gera þessar ráðstafanir meðan það skipulag er ekki komið í framkvæmd.

## Nd. 51. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 21 frá 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Flutningsm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Önnur málsgr. 2. gr. laganna falli úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það ákvæði hafnarlaga Skagastrandar, að ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu fyrir láni til verksins sé því aðeins gild, að hún sé samþykkt á tveim aðalfundum í röð með ⅔ atkvæða, virðist með öllu ástæðulaust, enda eigi til í öðrum hliðstæðum lögum. Hinsvegar er þetta ákvæði til svo mikilla óþæginda, að til stórra vandræða getur leitt fyrir þetta fyrirtæki.

Nánar í framsögu.

## Sþ. 52. Tillaga

til þingsályktunar um heimild handa ríkisstjórninni til að taka ábyrgð á láni.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson, Sigfús Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast vegna ríkissjóðs 40000 kr. lán, sem Sauðárkrókshreppur hefir fengið loforð fyrir hjá Handelsbanken í Kaupmannahöfn.

### Greinargerð.

Lán það, sem hér um ræðir, á að ganga til greiðslu upp í kostnað af rafvirkjun fyrir Sauðárkrókskauptún, og er því verki þegar lokið. Hreppsnefndin telur sér hina mestu nauðsyn á að fá lánið sem fyrst, og fyrir því er sú leið valin, að bera fram um þetta þingsályktunartillögu.

## Nd. 53. Frumvarp

til laga um opinberan ákæranda.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Konungur skipar opinberan ákæranda samkv. tillögum hæstaréttar. Skal hann fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru til þess að vera málflutningsmaður fyrir hæstarétti, þó svo, að hann þarf ekki að hafa flutt fyrir hæstarétti nema tvö opinber mál, er hæstiréttur hefir valið honum til flutnings.

2. gr.

Hinn opinberi ákærandi skal hafa sömu laun sem hæstaréttardómendur, enda má hann ekki hafa önnur launuð störf á hendi, hvorki fyrir opinberar stofnanir, félög né einstaka menn. Að öðru leyti fer um hann eftir lögum um embættismenn.

3. gr.

Hinn opinberi ákærandi tekur fullnaðarákvörðun um rannsókn, málshöfðun og áfrýjun opinberra mála, með sama hætti sem dómsmálaráðuneytið hefir hingað til gert. Ekki má hinn opinberi ákærandi taka þessar ákvarðanir um mál, ef hann væri ekki hæfur til að dæma þau í hæstarétti, væri hann dómari þar. Skal hann þá gera forseta hæstaréttar viðvart, og skal forseti þá setja annan hæfan mann til að inna af hendi starf hins opinbera ákæranda í slíku máli.

4. gr.

Hinn opinberi ákærandi skal án nokkurrar aukaþóknunar sækja öll opinber mál fyrir hæstarétti, sem þangað er skotið, en þóknun sú, sem sakborningur er dæmdur til að greiða, rennur til ríkissjóðs. Skal hann jafnskjótt sem áfrýjun þeirra hefir verið ákveðin, og áfrýjunarstefna hefir verið birt, senda dómsgerðir til forseta hæstaréttar, er þá skipar verjanda og endursendir dómsgerðir síðan hinum opinbera ákæranda. Um skyldur hans varðandi undirbúning og flutning máls fyrir hæstarétti fer eftir þeim reglum, sem gilt hafa um skipaða sækjendur fyrir hæstarétti.

5. gr.

Hinn opinberi ákærandi skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Skrifstofukostnaður hans greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er dómsmálaráðuneytið úrskurðar.

6. gr.

Haldast skulu ákvæði laga um heimild og skyldu héraðsdómara til rannsóknar, höfðunar og áfrýjunar opinberra mála, og skulu þeir í þeim efnum snúa sér til hins opinbera ákæranda með sama hætti sem þeir hafa hingað til snúið sér til dómsmálaráðuneytisins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Ákæruvaldið er réttur ríkisvaldsins til þess að kæra mann til refsingar fyrir ólöglegar athafnir hans. Það felur í sér heimild til þess að fyrirskipa opinbera rannsókn og málshöfðun gegn hverjum þeim manni, sem álitið er, að hafi gerzt brotlegur við lög. Í meðferð ákæruvaldsins er hvorttveggja jafnmikilvægt, að því sé beitt gegn þeim, sem afbrot hafa framið, og að því sé ekki beitt gegn saklausum mönnum. Það getur haft geigvænleg áhrif, ef maður er ákærður fyrir afbrot, sem hann er alsaklaus af, jafnvel þótt hann verði sýknaður að lokum. Ákæran ein, með allri þeirri rekistefnu, réttarhöldum og ef til vill varðhaldi, sem sakamálsrannsókn eru samfara, getur gert honum slíkt tjón, bæði í andlegu og efnalegu tilliti, að hann bíði þess aldrei bætur. En jafnnauðsynlegt og það er, að enginn maður sé saklaus eltur með sakamálsrannsókn og málshöfðun, jafnnauðsynlegt er hitt, að refsivöndur laganna sé aldrei látinn hvíla, þegar glæpur er drýgður. Sé það látið hjá líða að höfða refsimál út af uppvísu afbroti og hinn seki látinn sleppa, hlýtur það að veikja stórlega réttaröryggið í landinu.

Nú er þetta ákæruvald samkvæmt íslenzkum lögum að mestu í höndum dómsmálaráðherra, sem valdir eru af stjórnmálaflokkum og standa sjálfir í eldi stjórnmálabaráttunnar. Þess vegna getur hæglega svo farið, eins og reynslan sýnir ótvírætt, að í meðferð þess sé gengið á svig við það, sem rétt er og löglegt, og það notað til ofsóknar eða yfirhilmingar. Hjá okkur Íslendingum er sérstaklega hætt við slíkri misbeiting, þar sem hér er oftast barizt í návígi og öldur flokkabaráttunnar rísa hærra en víða annarsstaðar.

Á seinni árum hafa risið upp sterkar raddir um, að hér væri umbótar þörf. Tilgangur þessa frumvarps er því sá, að taka ákæruvaldið úr höndum dómsmálaráðuneytisins og fá það sérstökum embættismanni, opinberum ákæranda, enda virðist það eina leiðin, sem tiltækileg er til að bæta úr ágöllum þess ástands, sem nú er. Það fyrirkomulag er einnig viðhaft í flestum menningarríkjum, að opinberir ákærendur hafi þetta vald með höndum.

Aukinn kostnaður við stofnun þessa starfs verður ekki mikill. Laun hins opinbera ákæranda eiga að vera jöfn launum hæstaréttardómara, en þau eru á þessu ári 8690 kr., og kostnaður við skrifstofuhald yrði nokkur. Hinsvegar mundi af þessu leiða tvennskonar sparnað, sem kæmi á móti kostnaðinum. Í fyrsta lagi vinnst með þessum hætti sú þóknun, er málflutningsmenn í hæstarétti fá nú fyrir sókn opinberra mála, en sem rynni í ríkissjóð samkv. þessu frv. Sá kostnaður var árið 1932 kr. 3580.00, á síðastliðnu ári, 1933, 4400 krónur, og fer vitanlega

vaxandi ár frá ári, vegna aukins málafjölda í hæstarétti. Í öðru lagi kemur sparnaður í dómsmálaráðuneytinu; að vísu er tæplega hægt að gera ráð fyrir, að breytingin geti sparað einn starfsmann þar, en hinsvegar má nota þá starfskrafta, er nú ganga til þessara verka, til þess að vinna önnur störf, sem nú þarf að greiða aukaþóknun fyrir. Hversu miklu þetta mundi nema, er erfitt að fullyrða um.

Nú mun standa fyrir dyrum gagngerð endurskoðun á réttarfarslöggjöf þjóðarinnar, og þá jafnframt á réttarfari í opinberum málum. Þess vegna gætu þau andmæli komið fram, að rétt væri að fresta þessu frumvarpi, þar til er hin nýja réttarfarslöggjöf kæmist á í heild. En þess er þó að gæta, að slík heildarlöggjöf þarf langan og ítarlegan undirbúning, ef hún á að vera vel úr garði gerð, og þess er ekki að vænta, að því verki verði lokið á skammri stund. Það er því með öllu ástæðulaust að fresta þessu frumvarpi, enda má að sjálfsögðu fella lögin um opinberan ákæranda inn í heildarlöggjöfina, þegar hún gengur fram.

Hér skal ekki farið fleiri orðum um tilgang og efni frumvarpsins í heild. Nánari skýringar verða veittar í athugasemdum við einstakar greinar frv. og við framsögu málsins.

Um 1. gr.

Eins og áður er getið, er ein aðalástæðan fyrir stofnun þessa starfs sú, að ákæruvaldinu er ekki vel borgið í höndum pólitískra ráðherra. Þess vegna verður einnig að hindra, að sá ráðherra, er kynni að veita embættið, gæti valið í það mann eftir eigin geðþótta, því að þá gæti svo farið, að lög þessi næðu ekki tilgangi sínum. Verður því að leggja einhverjar hömlur á veitingarvald ráðherrans, og þykir eftir atvikum rétt að binda hann við tillögur æðsta dómstólsins í landinu.

Skilyrðin fyrir því, að maður geti orðið opinber ákærandi, verða fyrst og fremst að vera þau, að hann uppfylli almenn skilyrði til að verða embættismaður, og að hann sé lögfræðingur. En auk þess er þörf á að gera til hans ríkari kröfur um þekkingu og reynslu í lögfræðistörfum. Þar sem hann á meðal annars að hafa það hlutverk að sækja öll opinber mál fyrir hæstarétti, sýnist rétt, að hinar sömu kröfur séu gerðar um hann og um málflutningsmenn fyrir hæstarétti, sjá lög nr. 22 6. okt. 1919, 13. gr., þó þannig, að nægilegt sé, að hann hafi flutt tvö opinber mál, í stað þess, að almennt er heimtaður flutningur fjögurra mála til málflutningsleyfis fyrir þessum dómstóli.

Um 2. gr.

Til þess er ætlazt, að ákærandinn hafi ekki önnur launuð störf á hendi og standi ekki í stjórnmálabaráttunni. Staða hans verður að þessu leyti svipuð stöðu dómaranna í hæstarétti, og liggur því nærri að ákveða launakjör hans hin sömu og þeirra.

Um 3. gr.

Hér er rætt um það hlutverk hins opinbera ákæranda að taka ákvörðun um rannsókn, málshöfðun og áfrýjun opinberra mála, bæði sakamála og almennra lögreglumála. Kemur hann hér að öllu leyti í stað dómsmálaráðuneytisins. Ákvarðanir hans eiga að vera fullnaðarákvarðanir, sem dómsmálaráðuneytið getur

ekki haggað, því að ella gæti ráðherra hvenær sem er gripið fram fyrir hendur ákærandans og breytt ályktunum hans, en slíkt mundi draga stórlega úr þýðingu þessara laga. Hér er þó þess að gæta, að samkvæmt 24. gr. stjórnarskrárinnar getur konungur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til, og ennfremur veitir hann almenna uppgjöf saka. Þessi réttur verður ekki af konungi og ráðherra tekinn nema með stjórnarskrárbreytingu, og verða því ákvæði 3. gr. þessa frumvarps að takmarkast af honum.

Það getur oft komið fyrir, að opinbert mál sé svo nákomið hinum opinbera ákæranda, sakir venzla eða annarar afstöðu hans til málsins, að rangt sé að láta hann taka ákvarðanir um það, og er rétt, að sömu reglur gildi um þetta efni og um það, hvenær dómari í hæstarétti skuli víkja sæti. Þegar svo er ástatt, verður að fela öðrum manni meðferð þess máls, og gerir frumvarpið ráð fyrir að fela forseta hæstaréttar að nefna mann til þess.

Um 4. gr.

Þegar opinber mál koma nú fyrir hæstarétt, er skipaður þar sækjandi og verjandi úr hópi hæstaréttarmálflutningsmanna, og þeim gert að skyldu að flytja slík mál. Skv. þessu frv. verður sú breyting á gerð, að hinn opinberi ákærandi verður sjálfkjörinn sækjandi opinberra mála. Þetta tíðkast yfirleitt þar, sem sérstakir opinberir ákærendur eru, og hér á Íslandi er það sjálfsagður þáttur í starfi ákærandans, því að annars mundi verksvið hans tæplega vera nægilegt starf fyrir einn mann. Um fjölda þeirra opinberu mála, sem áfrýjað er til hæstaréttar og dæmd þar, skal þess getið, að 1932 voru þau 36, 1933 35 og á þessu ári munu þau verða nokkru fleiri. Er þetta ekki meiri málafjöldi en svo, að hinn opinberi ákærandi ætti að geta risið undir því að sækja þau öll.

Um 5. gr.

Hjá því verður ekki komizt, að hinn opinberi ákærandi hafi embættisskrifstofu í Reykjavík, og einhverja aðstoð á skrifstofunni. Þennan kostnað verður að greiða úr ríkissjóði.

Um 6. gr.

Í tilskipun frá 24. janúar 1838, viðvíkjandi misgerningamálum á Íslandi, 15. gr., er sýslumönnum heimilað að höfða mál án þess að til þurfi neinnar skipunar frá æðra yfirvaldi. Í lögum nr. 25 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti, 8. gr. 3. málsgr., er dómara gert að skyldu að höfða mál, ef sakir eru til, án þess hann þurfi að leita til dómsmálaráðuneytisins. Ennfremur er héraðsdómari oft skyldur til að annast áfrýjun opinberra mála. Þykir rétt að láta þessi ákvæði vera óbreytt, þótt opinber ákærandi verði skipaður.

Eldri lagaákvæði mun ekki þurfa að fella úr gildi, en hinsvegar breytast nokkrar greinar hæstaréttarlaganna í samræmi við þessi lög.

## Nd. 54. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Flm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Hreppsnefnd tilkynnir sýslumanni jafnan kosningarúrslit. Fyrirmæli 2.—4. málsgr. 16. gr. gilda um leynilegar kosningar utan kaupstaða. Þegar hreppsnefnd hefir verið kosin hlutfallskosningu, gilda um aðalfulltrúa og varafulltrúa í hreppsnefnd fyrirmæli 19. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefir borið við, þar sem hlutfallskosningar hafa verið viðhafðar í hreppsnefndum, að varafulltrúum vissra flokka hefir verið bægt frá að taka sæti á hreppsnefndarfundum, af því að fyrirmæli laga um rétt þeirra til fundarsetu eru ekki nægilega skýr. Hlutfallskosning er hálfgerð meiningarleysa, ef ekki má hafa varafulltrúa, og miðar frv. að því að leysa og koma í veg fyrir ágreining um þetta.

## Nd. 55. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og á lögum nr. 20 24. marz 1934, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Thor Thors.

1. gr.

2. gr. laga nr. 20 24. marz 1934 skal orða svo:

Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal velja til efri deildar þá tölu þingmanna, er þar skulu eiga sæti. Skal hver þingflokkur tilnefna þá tölu þingmanna sinna, er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í sameinuðu þingi. Forseti tilkynnir síðan, hverja þingmenn flokkarnir hafa tilnefnt, og teljast þeir rétt kjörnir til efri deildar.

2. gr.

3. gr. laga nr. 20 24. marz 1934 skal orða svo:

Nú losnar sæti efri deildar þingmanns og annar maður er kosinn í hans

stað, og tilnefnir þá þingflokkur sá, er sætið hafði, einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

3. gr.

Aftan við 45. gr. laga nr. 29 3. nóv. 1915 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hefir forseti kveðið upp úrskurð um eitthvert mál eða ágreiningsatriði, og er þá skylt að bera þann úrskurð undir atkvæði þingmanna, ef 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krefjast þess.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt vegna ágreinings þess, er reis við þingsetningu um skyldu þingflokka til skipunar efri deildar og um takmarkanir þingskapa á valdsviði forseta. Þykir rétt, að þingsköp kveði skýrt og óvéfengjanlega á um þetta mál.

## Nd. 56. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. okt. 1934.

Héðinn Valdimarsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson.
Thor Thors. Garðar Þorsteinsson.

## Nd. 57. Frumvarp

til laga um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.

Flutningsm.: Emil Jónsson.

1. gr.

Þegar stofnað er hér á landi, eftir að lög þessi öðlast gildi, nýtt iðn- eða iðjufyrirtæki í þeim greinum, sem ekki hafa verið starfræktar hér á landi áður, þá skal fyrsta fyrirtækið í hverri grein vera undanþegið greiðslu á tekju- og eignarskatti í ríkissjóð og á útsvari í bæjar- eða sveitarsjóð, þar sem fyrir-

tækið á heimili, í 3 ár eftir að það var stofnað. Eftir þann tíma greiði fyrirtæki þessi útsvör og skatta sem aðrir, samkvæmt gildandi lögum.

2. gr.

Það teljast ný iðn- og iðjufyrirtæki samkvæmt lögum þessum:

a) sem framleiða vörur, er ekki hafa áður verið búnar til hér á landi,
b) sem við framleiðsluna nota nýjar aðferðir, sem ekki hafa verið notaðar hér áður og í verulegum atriðum eru frábrugðnar eldri aðferðum og taka þeim fram, og
c) sem til framleiðslunnar nota innlend hráefni, er ekki hafa verið notuð hér áður.

3. gr.

Verði ágreiningur um, hvað teljast skuli ný iðn- og iðjufyrirtæki, sker atvinnumálaráðherra úr því, að fengnum tillögum Landssambands iðnaðarmanna.

4. gr.

Sé hið nýja fyrirtæki hluti úr öðru stærra, kemur skatta- og útsvarseftirgjöf þessi því aðeins til framkvæmda, að reikningshaldi hins nýja fyrirtækis sé haldið algerlega aðgreindu frá öðru reikningshaldi fyrirtækisins, enda nái eftirgjöfin þá aðeins til þess hlutans, sem nýr er.

5. gr.

Nú telur einhver sig hafa stofnað nýtt fyrirtæki samkvæmt lögum þessum og vill njóta hlunninda þeirra, er þau fela í sér, og skal hann þá senda atvinnumálaráðherra skýrslu um það og ósk um, að þetta fyrirtæki verði undanþegið útsvari og skatti í næstu 3 ár. Úrskurð ráðherra skal síðan senda viðkomandi skattanefnd og niðurjöfnunarnefnd.

6. gr.

Hlunnindi þau, sem lög þessi veita, koma því aðeins til framkvæmda, að sá arður, sem fyrirtækinu kann að safnast þau 3 ár, sem lögin taka til, verði óskiptur lagður í varasjóð fyrirtækisins, eða honum varið til eflingar fyrirtækinu á annan hátt, að frádregnum í mesta lagi 4% af stofnfé.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Mál þetta var borið fram á sambandsþingi iðnaðarmanna 1933 og stjórn Landssambands iðnaðarmanna falið að bera það fram á Alþingi, og er það flutt nú samkvæmt tilmælum hennar.

Allar þjóðir keppast nú við að auka sem mest framleiðslu sína, að minnsta kosti til eigin þarfa, og styrkja alla viðleitni í þá átt á ýmsa vegu, bæði með beinum fjárframlögum, skattaívilnunum, framleiðsluverðlaunum o. fl.

Aukin fjölbreytni í íslenzkri iðn- og iðjuframleiðslu er oss lífsnauðsyn, og ber því að styrkja allar tilraunir í þá átt, svo sem frekast er unnt.

Hlunnindi þau, sem frumvarp þetta fer fram á til handa fyrsta fyrirtækinu, sem sett er á stofn hér á landi í þeim iðn- og iðjugreinum, sem ekki hafa verið starfræktar hér áður, er sá styrkur, sem ríkissjóður, bæjar- og sveitarsjóðir geta auðveldlegast látið í té til þess að hjálpa iðn- og iðjurekendum yfir fyrstu byrjunarörðugleikana, og ætti um leið að geta orðið nokkur hvöt fyrir menn að reyna að leggja út á nýjar brautir í þessum efnum.

## Ed. 58. Tillaga

til þingsályktunar um afnotagjald útvarpsnotenda.

Flutningsm.: Þorst. Þorsteinsson, Pétur Magnússon, Jón Auðunn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til, að árlegt afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, verði lækkað niður í 15 kr. og lækkun þessi verði látin ná til afnotagjalds fyrir árið 1935.

### Greinargerð.

Þeir útvarpsnotendur, sem ekki hafa rafmagnsleiðslur í hús sín, verða að kaupa rafhlöður og rafgeyma dýru verði og ennfremur mánaðarlega hleðslu geymanna. Víða er því þannig farið í sveitum landsins, að útvarpsnotendur verða að flytja rafgeyma sína langar leiðir til og frá hleðslustöðum. Verður því aðstaða útvarpsnotenda mjög misjöfn, enda þótt straumtæki séu lítið eitt dýrari hlutfallslega, og dregur þingsályktun þessi — nái hún fram að ganga — töluvert úr þeim mikla aðstöðumun notenda.

Tala útvarpsnotenda er nú orðin meira en hálft tíunda þúsund og tekjur útvarpsins ættu að verða næsta ár miklu meiri en gjöld þess. Virðist því vera tímabært að bera fram ályktun þessa, enda er aðaltilgangurinn sá, að útvarpið verði fræðslustofnun fyrir almenning, en ekki sérstök tekjustofnun fyrir ríkissjóð. Er oss nú vitanlegt um ýmsa bændur, er hafa hug á að fá sér viðtæki, en treystast ekki til þess að greiða árlega 30 króna gjald af því.

## Ed. 59. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Flm.: Pétur Magnússon, Einar Árnason, Þorsteinn Briem, Þorst. Þorsteinsson, Magnús Guðmundsson, Bernh. Stefánsson.

### 1. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist:

Heimilt skal þó stjórn Kreppulánasjóðs að verja allt að 100000 kr. af reiðufé sjóðsins til greiðslu hluta af þeim kröfum, sem lánsstofnanir eða einstakir

menn eignast á ábyrgðarmenn lántakenda úr Kreppulánasjóði, vegna þess að kröfurnar fást ekki greiddar að fullu úr sjóðnum, gegn því, að ábyrgðarkröfurnar séu látnar niður falla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og ná ákvæði þeirra jafnt til þeirra krafna, sem til eru orðnar fyrir gildistöku laganna, og þeirra, er síðar kunna að verða til.

Greinargerð.

Í Kreppulánasjóði hafa nú verið afgreiddir yfir 1600 skuldaskilasamningar, og nema eftirgjafir, sem þessir 1600 lántakendur hafa fengið á skuldum sínum, samtals um 3,5 millj. kr. Ef allt fer með felldu, má vænta þess, að þorra þessara manna reynist kleift að standa undir skuldbindingum sínum, fyrir þá hjálp, sem þeim hefir veitt verið.

Fjölmargar þeirra skulda, er niður hafa verið færðar í Kreppulánasjóði, hafa verið tryggðar með ábyrgðum. Skuldaskilasamningur leysir aðalskuldara undan greiðslu þeirra skulda. En réttur skuldareiganda til að krefjast greiðslu af ábyrgðarmanni — eða mönnum — helzt óbreyttur, samkv. 15. gr. kreppulánasjóðslaganna. Jafnaðarlega mun það nú reynast svo, að ábyrgðarmenn þessir eiga fullt í fangi með að inna af hendi sínar eigin greiðslur. Ættu þeir að bæta á sig greiðslu á annara skuldum, mundi afleiðing þess verða sú, að þeir kæmust í fjárþrot og yrðu þá annaðhvort sjálfir að leita kreppuhjálpar eða flosna upp. Þeir mundu svo stundum draga aðra með sér niður í fenið, og gæti enginn séð fyrir endann á því öngþveiti, er af slíkri aðferð mundi leiða.

Hér verður að ráða bót á. Síðan þing kom saman hafa ýmsir þingmenn átt tal saman um þetta mál. Um eitt hafa allir verið sammála, að hér þyrfti bráðra aðgerða við. Hitt hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um, hverja leið skyldi velja. Sumir hafa jafnvel viljað ógilda umræddar ábyrgðir með lagasetningu. Sú leið virðist þó ýmsra ástæðna vegna ófær. Flestum hefir þótt eðlilegra að fara hina leiðina, að verja nokkru fé til að ná samkomulagi við skuldareigendur um niðurfall ábyrgða. Á að mega vænta þess, að skuldareigendur, að minnsta kosti opinberar lánsstofnanir, sýni fyllstu lipurð í slíkum samningum. Það mun verða óvinsælt verk að elta ábyrgðarmennina með málsóknum og aðför, og oft óvíst um eftirtekjuna.

Það má nú telja alveg víst, að af reiðufé því, sem Kreppulánasjóði er ætlað (2500000 kr.), verði nokkur afgangur. Til þess nú að koma í veg fyrir, að ríkissjóður þyrfti að hafa bráð útgjöld vegna greiðslna upp í margnefndar ábyrgðir, hefir flutningsmönnum þessa frumvarps hugkvæmzt að velja þá leiðina, að nokkrum hluta þessa afgangsfjár yrði varið í þessu skyni. Að vísu má búast við, að greiðslan lendi að síðustu á ríkissjóði, því mjög er hætt við, að Kreppulánasjóður eigi fullt í fangi með að standa undir eigin skuldbindingum. En það dreifist þá á langt árabil og ætti að verða lítt tilfinnanlegt.

Það skal fram tekið, að fjárhæð sú, sem nefnd er í frv., er sett eftir ágizkun. Rannsókn mun fram fara á því, hverju ábyrgðarkröfurnar nema, og verður greiðsluheimildin að sjálfsögðu að lagast eftir niðurstöðu þeirrar rannsóknar.

Nánari grein verður gerð fyrir frv. í framsögu.

**Nd.** **60. Frumvarp**

til laga um fiskiráð.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar 7 manna nefnd, er nefnist fiskiráð. Hún skal skipuð þannig, að ráðherra tilnefnir einn mann, og er hann formaður nefndarinnar, en Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, Félag ísl. atvinnurekenda, Alþýðusamband Íslands, Verzlunarráð Íslands, Samlag ísl. matjessíldarframleiðenda og Fiskifélag Íslands tilnefna sinn manninn hvert.

Nefndarmenn skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nærri, að þeir geti hvenær sem er sótt þangað fundi.

2. gr.

Verkefni fiskiráðsins er að rannsaka og gera tillögur um breyttar og nýjar aðferðir um framleiðslu og sölu sjávarafurða, útvegun nýrra markaða og annað, sem lýtur að vexti og viðgangi sjávarútvegsins.

3. gr.

Fiskiráðið skal senda atvinnumálaráðherra skýrslu um niðurstöðu rannsókna sinna og tillögur þær, sem það gerir. Skýrslur þessar og tillögur skulu einnig sendar þeim aðilum sjávarútvegsins, sem þær snerta, og skal fiskiráðið gera það, sem í þess valdi stendur, til þess að fá aðilja til að framkvæma tillögurnar. Ráðið skal einnig senda ráðherra skýrslu um starfsemi sína eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti.

4. gr.

Kostnaður af störfum fiskiráðsins greiðist úr verðjöfnunar- og markaðsleitarsjóði fiskútflytjenda, eftir úrskurði ráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og öllum er kunnugt, stendur hagur útvegsins mjög höllum fæti, og má gera ráð fyrir, að milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum leggi fyrir Alþingi skýrslu um hag útvegsins ásamt tillögum til umbóta.

Þær tillögur munu þó samkvæmt starfssviði nefndarinnar fjalla um skuldagreiðslu útvegsmanna og öflun lánsfjár til áframhaldandi rekstrar útvegsins, og ber því að fagna svo langt sem það nær.

En jafnvel þótt gera mætti ráð fyrir, að vel væri séð fyrir þeirri hlið málsins, er á engan hátt tryggð framtíð útvegsins, eins og nú skal að vikið.

*Saltfisksalan.*

Saltfisksala Íslendinga hefir á síðari árum verið milli 60 og 70 þús. smálestir árlega, miðað við verkaðan fisk, og hafa Íslendingar selt nær allan þann fisk í Suðurlöndum, Spáni, Portugal og Ítalíu.

Undanfarin þrjú ár hefir útflutningurinn skipzt þannig, talið í smálestum:

| | Spánn: | Portúgal: | Ítalía: | Alls: |
|---|---|---|---|---|
| 1931 | 27117 | 12479 | 23735 | 63431 |
| 1932 | 29210 | 14750 | 21945 | 65905 |
| 1933 | ca. 34000 | 15611 | 19870 | ca. 69481 |

auk nokkurs útflutts saltfiskjar til Bretlands og annara landa, og smávægilegs útflutnings til Grikklands.

Allt fram á þetta ár var frjáls innflutningur saltfiskjar til Suðurlanda, en fiskurinn hefir verið tollaður allhátt og nokkuð mishátt í hinum einstöku löndum.

**Spánn.** Síðastliðið ár fluttu Íslendingar til Spánar um 34 þús. smálesta saltfiskjar. Er það nær helmingur fiskframleiðslu Íslendinga, og rúmur helmingur þess fiskjar, er inn er fluttur á Spáni.

Á yfirstandandi ári lögfestu Spánverjar bann gegn innflutningi saltfiskjar, nema sérstök heimild kæmi til, og hafa Spánverjar nú úthlutað viðskiptaþjóðum sínum slíkum innflutningsheimildum með millirikjasamningum. Er hlutur Íslendinga í þeirri skömmtun á þessu ári 16600 smálesta innflutningsheimild, og enda þótt þessi heimild hafi, vegna alveg sérstaks velvilja spánskra stjórnarvalda, verið rýmkuð nokkuð, verður þó um 12—14 þús. smálesta rýrnun að ræða frá síðasta ársinnflutningi ísl. fiskjar til Spánar.

**Portúgal.** Útflutningur ísl. saltfiskjar til Portugal á síðastl. ári, 15600 smálestir, mun nema um þriðjungi innflutnings saltfiskjar til Portugal á því ári.

Alveg nýverið hafa Portúgalar ákveðið, að leyfi þurfi til innflutnings saltfiskjar þangað, og hafa þeir þegar úthlutað Norðmönnum 40% af heildarinnflutningnum, eða talsvert meira en Norðmenn hafa flutt þangað að undanförnu. Var samningur þessi gerður af „Kriseraadet", en það mun nýstofnuð nefnd manna í Noregi, er ætlað er að gæta hagsmuna atvinnurekenda. Hefir „Kriseraadet" mikið opinbert fé til umráða í því skyni, þ. á m. margar milljónir ætlaðar sjávarútveginum til framdráttar. Fóru samningaumleitanir með svo mikilli leynd, að ekkert kvisaðist fyrr en samningar höfðu tekizt. Hafa þeir ekki verið birtir, en þó er vitað, að Norðmenn skuldbundu sig til þess að freista að koma á kaupjöfnuði við Portúgal, en síðastl. ár munu þeir hafa keypt fyrir 5,1 millj. kr., en selt fyrir 7,2 millj. kr. Norðmenn gáfu bein loforð um að kaupa á þessu ári tæpar 3 millj. lítra af portúgölskum vínum, við verði, sem sýnist vera ½ til 1 millj. kr. hærra en boðið er á frjálsum markaði. Er þetta um 600 þús. lítrum meira en flutt hefir verið til Noregs síðastliðið ár, og mun þó tilskilið, að Norðmenn auki enn innflutning um 300 þús. lítra árlega á næstu árum.

Alveg má telja víst, að mjög bráðlega hefji aðrar þjóðir samninga við Portugal. Þykir rétt að vekja athygli á því, að Englendingar hafa hag af að auka innflutning fiskjar til Portúgal, en þeir eiga af ýmsum ástæðum alveg sérstaklega sterka samningaaðstöðu við Portúgal. Svipað má segja um Frakka og Dani.

Þá er og þess að geta, að um langan aldur hafa Portugalar stundað saltfiskveiðar í Norðurhöfum. Sækja útgerðarmenn fast á stjórnarvöldin um vernd þess atvinnurekstrar, sem þeir leitast við að auka sem mest. Er sú framleiðsla nú um $^1/_{10}$ hluti neyzluþarfarinnar, eða milli 4—5 þús. smálesta árlega. Auk tollaverndar hefir útvegsmönnum nú verið tryggð sala á allri framleiðslunni, við arðberandi verði, og þar með sköpuð ákjósanlegustu vaxtarskilyrði.

Það er hætt við, að afleiðingar af framangreindum staðreyndum bitni á ísl. hagsmunum, og það er nauðsynlegt, að Íslendingar geri sér það ljóst í tæka tíð.

**Ítalía.** Langsamlega mestur hluti innflutts saltfiskjar til Ítalíu kom á síðasta ári frá Íslandi.

Í Ítalíu hafa enn ekki verið settar neinar hömlur á innflutning saltfiskjar. Ítölsk stjórnarvöld hafa þó málið til rannsóknar, og er við búið, að Ítalir, sem aðrar þjóðir, leggi fyrr en varir inn á haftabrautina. Er aðstaða Íslendinga þar í landi svipuð og í öðrum Suðurlöndum. Íslendingar standa gersamlega varnarlausir gegn fyrsta boðorði hinnar nýju verzlunarstefnu: jafnaðarkaupunum. Því boðorði geta Íslendingar ekki fullnægt, blátt áfram vegna þess, að mjög takmarkaður hluti þeirra nauðsynja, sem Íslendingar þarfnast til lífsviðurværis og framleiðslunnar, er fáanlegur í Suðurlöndum, en annar innflutningur Íslendinga nemur litlu.

Keppinautarnir standa þar allt öðruvísi og betur að vígi, og því hljóta Íslendingar að horfa með kvíða fram á veginn. Vonirnar felast eingöngu í því, að hinar Suðurlandaþjóðirnar láti, eins og Spánverjar, samúðina með örðugri lífsbaráttu lítillar og fátækrar þjóðar skýla okkur frá strengustu afleiðingum hins kalda og stálharða viðskiptalögmáls nútímans.

Það er ef til vill ekki rétt að **fullyrða,** að yfir vofi skerðing á innflutningi íslenzks saltfiskjar til Portúgal eða Ítalíu, en það er ekkert vit í að loka augunum fyrir því, að vel getur svo farið. Og verði innflutningsheimild okkar til þeirra landa takmörkuð í svipuðum hlutföllum og þegar hefir verið gert á Spáni, þá hafa Íslendingar þar með misst sölumarkað fyrir þriðjung af árlegri saltfiskframleiðslu.

Fari svo, en þó ekki verr, sem vel getur orðið, og verði ekkert að gert, benda líkur til, að í árslok 1935 muni hérliggjandi saltfiskbirgðir nema viðlíka miklu og hægt er að selja til Suðurlanda allt árið 1936. Sjá allir, hversu þá er komið, og mundi af hljótast annarsvegar, að mikill hluti þess fiskjar yrði óseljanlegur í Suðurlöndum vegna skemmda, en hinsvegar, að draga yrði svo mikið úr saltfiskframleiðslu á árinu 1936, að geigvænlegt atvinnutjón hlytist af.

## *Úrræði.*

Þetta eru svo geigvænlegar horfur, að með öllu er óverjandi að láta dægurþras og innri deilur beina athyglinni í aðrar áttir og tefja fyrir því, að búizt sé til varnar, svo að auðið verði að mæta voðanum með framsýni og manndómi.

Þess er ekki að vænta, að stjórn eða þing leggi fram þá þekkingu og vinnu, sem þörf er fyrir. Hinsvegar er nauðsynlegt, að Alþingi eigi frumkvæði til athafna. Er því stungið upp á, að skipuð sé nefnd kunnáttumanna, er fjalli um

málið, og til þess ætlazt, að valdir séu menn, er staðið hafa í örðugleikum atvinnulífsins og búnir eru þeirri þekkingu og lífsreynslu, sem sérstaklega er þörf fyrir til að ráða fram úr þessu höfuðvandamáli þjóðarinnar.

Hvort Íslendingar svo geta rekið útveginn eins og að undanförnu, eða hvort, og þá að hve miklu leyti, menn neyðast til að draga saman seglin, veltur m. a., og ef til vill að töluverðu leyti, á hugkvæmni og dugnaði slíkrar nefndar og þeirra, er síðar taka við framkvæmdum á tillögum hennar, en sjálfsagt er, að það verði útvegsmenn sjálfir.

Til sönnunar því, að slík nefndarskipun þurfi ekki að reynast óhagnýt, skal hér stuttlega bent á nokkrar leiðir til að létta af eða draga úr yfirvofandi böli. Gætu þær bendingar og orðið væntanlegri nefnd að liði.

### *I. Saltfiskur.*

1. Íslendingar geta aukið sína eigin saltfiskneyzlu án þess það dragi úr neyzlu nýs fiskjar eða annarar framleiðsluvöru þjóðarinnar. Yrði sú aukning ein máltið í viku, nemur neyzluaukningin um 1100 smálestum árlega.
2. Saltfiskjar er neytt í Grikklandi, Norður- og Suður-Ameríku, Cuba, Afríku og víðar. Salan er í öllum þessum löndum vandkvæðum bundin. En hversu miklum? Það er rannsóknarefni.
3. Tilraunir ber að gera til að skapa saltfiskneyzlu þar, sem hún ekki er fyrir. Reynslan sannar, að slíkar tilraunir geta vel borið mikinn árangur.

### *II. Ísfiskur.*

Það verður nú að vísu að viðurkenna, að ekki eru líkur til, að létt verði að verulegu leyti af saltfiskframleiðslunni með aukinni ísfisksölu í aðalmarkaðslöndum íslenzks ísfiskjar, Englandi og Þýzkalandi. Í þeim löndum hafa þegar verið settar skorður við auknum innflutningi ísfiskjar. Eru ekki líkur til, að Íslendingar geti tryggt sér stærri hlutdeild í þeirri neyzlu en þeir þegar hafa fengið með brezku og þýzku samningunum, en innflutningsheimild til þeirra landa verður á þessu ári að fullu notuð, og mun jafnvel á skorta, að fullnægi þörfinni. Samt sem áður er engan veginn loku fyrir það skotið, að hagnast megi af nýjungum á því sviði. Skal bent á þrennt til athugunar:

1. Betri hagnýting á markaðnum í þessum löndum. Kemur þá til greina að takmarka innflutning ódýrari fisktegunda til Bretlands, eins og raunar þegar hefir verið hafizt handa um, svo og hvort ekki þætti ráðlegt að flaka fiskinn. Með því nýtist betur að innflutningsheimildinni, sem miðuð er við magn, en ekki verð, og jafnframt nýtast hausar og bein til vinnslu fiskimjöls.
2. Að leita nýrra markaða, t. d. í Frakklandi, Belgíu, Hollandi og víðar, en í nefndum þremur löndum fer fram nokkur sala ísfiskjar.
3. Norðmenn hafa að undanförnu selt í ýmsum löndum Evrópu, utan Bretlands, nýjan fisk ísaðan og frystan. Hefir sú sala farið stöðugt vaxandi og nam á síðasta ári um 12 þús. smálestum, eða sem næst ¾ hlutum allrar

ísfiskframleiðslu Íslendinga. Væri ástæða til að kynna sér þá verzlun og athuga, hvort og að hve miklu leyti ísl. fiskur getur selzt í þeim löndum.

### *III. Frystur fiskur.*

Það hefir lengi verið skoðun framtakssamra manna í framleiðendahópi, að hinar nýju aðferðir til að frysta fisk opnuðu nýja og ótæmandi möguleika fyrir íslenzka fiskframleiðslu. Hafa einstakir menn þegar fyrir nokkrum árum gert stórfelldar tilraunir á því sviði og kostað til þeirra svo nemur hundruðum þúsunda króna, en ekki treyst sér til að fylgja þeim tilraunum eftir sem skyldi, og því ekki uppskorið sjálfum sér til handa og þjóðinni, svo sem líkur benda til að hægt muni, ef nægilegt fé væri fyrir hendi. Með þessu hefir þó fengizt mikil og dýrmæt reynsla, sem sjálfsagt er að hagnýta, og jafnframt hefir trú almennings vaxið á því, að Íslendingar eigi þarna geymda fjársjóði. Tók síðasti landsfundur sjálfstæðismanna málið til meðferðar, og voru allir á einu máli um, að reynt skyldi hið allra bráðasta að hefja tilraunir að nýju.

Ef byggt er á fenginni reynslu, virðast líkur til, að heppilegust framkvæmd málsins yrði sú, að reist yrðu sem víðast í verstöðum smá frystihús. Þyrftu þau ekki að verða dýr, hvorki að stofnkostnaði né rekstri. Þurfa þessi frystihús að vera sem víðast, vegna þess, að það veltur á miklu, að fiskurinn komist í frystingu svo að segja glænýr. Hraðfrystingin stöðvar aukningu rotnunargerlanna í fiskinum, en drepur þó ekki gerlana. Eftir frystinguna geymist fiskurinn óskemmdur í miklum kulda, 17—18°, svo mánuðum skiptir, og því lengur og betur, sem hann er frystur nýrri. En eftir að rotnunin hefst að nýju, er hún því örari, sem fiskurinn fer eldri í frystingu. Þennan fisk er ekki hægt að flytja óskemmdan landa milli nema í þar til gerðum skipum, og þurfa landsmenn því að eignast ný skip með kælivélum. Liggja fyrir kostnaðaráætlanir um slík skip. Eru þau að vísu dýr, en ekki svo, að á því þurfi að stranda. Aðalörðugleikarnir eru svo þeir, að til þess að salan á erlendum markaði megi fara vel úr hendi, er nauðsyn á frystiklefum í losunarhöfnum, flutningatækjum og ef til vill sölubúðum smákaupmanna, en þó geymist þessi fiskur viðlíka og nýr fiskur, komist hann óskemmdur í búðir smákaupmanna. Skortir nokkuð á, að þessa sé völ erlendis, en þó virðist færast í áttina um undirbúning skilyrða fyrir framkvæmd slíkrar fisksölu. Skal ekki dul á það dregin, að margvíslegir örðugleikar eru á þessari leið. Hitt er víst, að hinar nýju frystiaðferðir fela í sér möguleika til þess að brúa dýptir milli heimsins auðugustu fiskimiða við strendur Íslands og þeirra milljónatuga, sem fisk skortir, bæði í Evrópu og öðrum heimsálfum.

### *IV. Hertur fiskur.*

Norðmenn hafa að undanförnu hert viðlíka mikið af þorskafla sínum eins og þeir salta. Er fiskur sá (stokfisk) hausaður og slægður, hengdur á trönur og beinhertur, en síðan seldur til Ítalíu, Afríku og ef til vill víðar. Einnig herða Norðmenn ufsa (rotskjer) og selja til Afríku. Mun verðlag á herta fiskinum

samsvara verðlagi saltfiskjar, enda mundu Norðmenn ella ekki herða svo mikið sem raun ber vitni um.

Íslendingar fluttu áður út mikið af harðfiski, og er nú fullkomið tilefni til að athuga aðstöðu til slíkrar verkunar og söluhorfur á erlendum markaði. Má vera, að loftslag sé óhagstæðara til herðingar hér en í Norður-Noregi, því fiskur þessi má helzt ekki frjósa, a. m. k. ekki 2—3 fyrstu dagana eftir upphengingu. Ennfremur kann að vera, að dýrari mannsorka hér en í Noregi torveldi að einhverju leyti þessa verkun, því allmikið umstang fylgir. Verður að hafa alla athugun á verkuninni, og m. a. gæta þess vandlega, að fiskurinn maðki ekki. En allt er þetta rannsóknarefni og líklegt, að leiða megi til góðrar hagnýtingar.

Þá má og auka mjög mikið harðfiskát hérlendis, því flestir Íslendingar sækjast eftir harðfiski sem hverju öðru sælgæti. En að undanförnu hefir harðfiskur verið bæði dýr og nær ófáanlegur. Úr þessu ætti að vera auðvelt að bæta.

### *V. Niðursuða.*

Norðmenn sjóða niður mikið af fiskmeti og selja víða um heim fyrir milljónir króna. Ættu Íslendingar að hafa svipaða aðstöðu og Norðmenn í þessum efnum, og er rétt, að því sé gaumur gefinn.

### *VI. Síldin.*

Til þessa hefir því farið fjarri, að Íslendingar hagnýttu sem skyldi hinar geysimiklu síldargöngur við strendur landsins að sumarlagi. Hafa margir áhugasamir menn oft leitt það í tal og gefið margar skynsamlegar vísbendingar í þeim efnum. Skal í því sambandi minnzt á útvarpserindi þau, er fyrrv. yfirsíldarmatsmaður Jón Bergsveinsson flutti í ágústmánuði síðastl. um síldarframleiðslu og síldarsölu. Benti hann þar á þá ótæmandi auðlind, sem Íslendingar ættu í síldinni, og leiddi athygli að margvíslegri nýrri hagnýtingu. Er slíkt alltaf umhugsunarefni, en þó ekki sízt, ef horfur eru á, að þrengja muni að þorskveiðum og þannig skapast ný þörf til hagnýtingar á mannsorkunni og framleiðslutækjunum. Ber Íslendingum að athuga, hvort ekki sé eins arðvænlegt að reykja síldina eða hraðfrysta eins og að salta hana eða krydda. Er rannsókn þess máls mikið verk og þarflegt, og ber því að sinna því af alhuga.

### *VII. Aðrar sjávarafurðir.*

Á síðari árum hafa Íslendingar hagnýtt betur en áður ýmislegt, er til fellur í sambandi við fiskiveiðar. Þannig hagnýtast nú víða hausar og bein, og fæst stórfé fyrir. Lifrin er og verðmæt, ekki sízt hjá þeim, sem kaldhreinsa lýsið, svo sem togaraútvegsmenn gera nú. Og enn má nýta betur en gert er bæði hrogn og sundmaga og jafnvel fiskroðið, sem oft er verðmætt. Er það og rannsóknarefni, að hagnýting öll sé sem bezt, og því fremur sem þörfin er brýnni.

*Eftirmáli.*

Hér hefir nú verið bent á ýmsar leiðir, er ásamt öðru mættu draga úr yfirvofandi böli. Liggur það að vísu í hlutarins eðli, að vel getur verið, að hagnýting þeirra séu að einhverju leyti skorður settar af þeirri verzlunarstefnu, sem sérstaklega hefir skapað þörf fyrir þær. En þó er það ekki víst, og jafnvel ekki líklegt, að svo mikið kveði að því, að til verulegs baga verði. Það má t. d. telja ekki ólíklegt, að Íslendingar geti fengið innflutningsleyfi á frystum fiski í Suðurlöndum, þótt saltfiskinnflutningurinn sé takmarkaður, og einnig að slíkur innflutningur verði leyfður til þjóða, sem við ekki kaupum neitt af, en beinlínis vanhagar um fisk. En það verða allir að gera sér ljóst, að þótt framangreindar uppástungur séu að því leyti réttar, að þær bendi í áttina til farsællar framtíðarúrlausnar, þá fæst sú úrlausn ekki nema með mikilli vinnu og fjárframlagi. Undir því verða útvegsmenn sjálfir að standa, — það mun affarasælast. Ríkisvaldið á — a. m. k. fyrst um sinn — ekki að inna annað af hendi en að hrinda málinu í framkvæmd með skipun nefndarinnar, til þess þannig að tryggja, að til sé réttur og þar til hæfur aðili, er beri skylda til að hafa forgöngu um uppástungur í þessum efnum, og reyna að fá þeim hrundið í framkvæmd. En með vali nefndarmanna er leitazt við að tryggja sem bezt, að tillögur fiskiráðsins komist í framkvæmd. Ríkissjóði eru að svo stöddu engin útgjöld ætluð af málinu, heldur er verðjöfnunarsjóði ætlað að bera kostnaðinn, þ. e. a. s. útvegsmönnum sjálfum. Nefndinni er þá ekki heldur ætlað að skila tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar í frumvarpsformi, heldur er til þess ætlazt, að nefndin afgreiði hvert viðfangsefni fyrir sig og skili um það tillögum til réttra aðilja, þ. e. a. s. þeirra, sem bærastir eru um að framkvæma hverja tillögu, svo sem til Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, stjórnar verðjöfnunarsjóðs, stjórnar Síldarsölusamlagsins o. s. frv., til þess þannig að freista þess, að þeim verði af hlutaðeigandi aðilum hrundið í framkvæmd með frjálsu framtaki. Samtímis er rétt, að tillögurnar verði birtar í blöðum, að svo miklu leyti sem það telst ekki óheppilegt, og að sjálfsögðu lætur nefndin ríkisstjórninni í té skýrslu um gerðir sínar. Til hins getur svo komið síðar, að nauðsyn verði á nýrri lagasetningu í sambandi við einhverja af tillögum nefndarinnar.

Er þess að vænta, að þeir aðilar, sem ráða eiga vali nefndarmanna, leggi áherzlu á **það eitt**, að nefndarmenn hafi til að bera þá þekkingu og þá reynslu, sem hið mikla úrlausnarefni krefst.

Það hefir verið talið rétt að láta allítarlega greinargerð fylgja þessu frv., vegna þess, að hér ræðir um stærsta og þýðingarmesta mál, sem að þessu sinni er fyrir Alþingi lagt.

Að lokum þykir rétt að geta þess, að líklegt má telja, að nauðsynlegt sé, að slík nefnd starfi til frambúðar og hafi forystu um allar nýjungar á sviði framleiðslu og sölu sjávarafurða. Er nefndinni því þegar valið heitið *Fiskiráð*. En lagafyrirmæli um starfssvið nefndarinnar verða að sjálfsögðu endurskoðuð og þeim breytt eftir því sem reynslan bendir til.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við þingflokk sjálfstæðismanna, og fylgir hann því óskiptur.

**Nd.** **61. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 44 10. nóv. 1913, um forðagæzlu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er verði 8. gr. og orðist svo:

Ráðherra er heimilt, hvenær sem hann telur þess þörf, að krefjast skýrslu frá forðagæzlumönnum um það, hverjar horfur séu á fóðuröflun eða fóðurbirgðum í umdæmi þeirra.

Að lokinni hausteftirlitsferð forðagæzlumanna, og ekki síðar en 20. október ár hvert, ber forðagæzlumönnum að senda Búnaðarfélagi Íslands yfirlit yfir fóðurbirgðir, ásamt rökstuddu áliti sínu um það, hvort þörf muni á fóðurauka, og ef þeir telja það, þá hve miklum.

Skylt er forðagæzlumönnum á hverju vori að senda Hagstofu Íslands afrit af skoðanaskýrslum sínum og skepnufjölda á fóðrum, er hún vinnur úr og birtir með öðrum landbúnaðarskýrslum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hingað til hefir lítið verið gert af hálfu hins opinbera til þess að tryggja fóðurbirgðir í landinu, að öðru leyti en því, sem forðagæzlumönnum, eftirlits- og fóðurbirgðafélögum og hreppsnefndum er ætlað að sjá um í því efni. Eftir töðubrestinn 1931 var þó fyrir atbeina þáverandi landbúnaðarráðherra séð um, að nokkurt síldarmjöl væri til að haustinu óselt. Á síðasta Alþingi var í efri deild samþykkt þingsályktunartillaga, er skoraði á ríkisstjórnina að gera í tæka tíð ráðstafanir til að tryggja það, að nægur fóðurforði sé til í landinu, þegar illa árar, og fara þar eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands. Samkvæmt þessu sneri ríkisstjórnin sér til Búnaðarfélags Íslands, en það taldi sig bresta heimild til að safna þeim gögnum, sem dómur gæti byggzt á um það, hve mikið fóðurmagn þyrfti að vera fyrir hendi. Félagið óskaði því eftir breytingu á forðagæzlulögunum, er tryggði það, að nægilegar upplýsingar um fóðurbirgðir í landinu gætu fengizt.

Nú stendur þannig á, að heyskapur hefir í sumar á stórum svæðum af landinu gengið verr sökum óþurrka en áður um langan aldur. Er því brýn þörf að gera sérstakar ráðstafanir til tryggingar gegn fóðurskorti, og hefir þegar verið safnað pöntunum um fóðurbæti af óþurrkasvæðunum, og það tryggt, að hann væri til í landinu. Með þessu er þó varla fengin nægileg vissa um ástandið, og fæst hún fyrst, er forðagæzlumenn hafa farið sína fyrstu skoðunarferð. Er því áríðandi að leggja nú þegar fyrir forðagæzlumenn að gefa skýrslur um ástandið og gera tillögur um, hverra frekari ráðstafana sé þörf. Með tilliti til þessa þarf

að hraða afgreiðslu málsins, og þar sem gera má ráð fyrir, að oftar geti komið fyrir, að gera þurfi opinberar ráðstafanir til varnar gegn fóðurskorti, þykir rétt að lögfesta slíka skýrslusöfnun til frambúðar.

Þá þykir einnig rétt að gefa ríkisstjórninni heimild til að krefja forðagæzlumenn um skýrslur og tillögur aðra tíma ársins, þegar slík þörf er fyrir höndum.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun landbúnaðarráðherra, og hefir nefndin breytt því lítils háttar og samið greinargerðina.

## Ed. 62. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Öll síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir vegin, ef seljandi óskar þess.

Til seljenda teljast allir þeir, sem taka laun sín eða hluta þeirra sem aflahlut eða uppbót (premíu), er miðast við afla.

Hver bræðsluverksmiðja skal jafnan hafa tiltækar hæfar síldarvogir, er taki í einu að minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem síldin er vegin í.

Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af síld, og telst það verðeining.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Þar, sem síld er mæld eða vegin samkv. 1. gr., ber hlutaðeigandi yfirvaldi að löggilda nægilega marga mælingarmenn, sem annast mælingu eða vigtun á síldinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Mælingarmenn sjá um, að mælikerin þau eða vogir, sem notuð eru, séu löggilt og skoðuð árlega, áður en byrjað er að nota þau.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

Brot gegn lögunum varða sektum, frá 300—30000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir verið flutt á undanförnum þingum, en ekki náð fram að ganga. Hinsvegar er full nauðsyn á, að þessi lagabreyting dragist ekki lengur,

þar sem allflestar síldarbræðslustöðvar hafa nú þegar viðurkennt réttmæti þess að vega síldina. Er það aðferð, sem enginn véfengir og allir hlutaðeigendur eru ánægðir með. Aftur eru aðrar síldarbræðslustöðvar, sem ekki hafa enn fengizt til að vega síldina, og vekur það óánægju allra þeirra, er hagsmuna eiga að gæta sem hlutliafar í síld þeirri, er aflast og lögð er á land til vinnslu í verksmiðjur.

Nánar í framsögu.

## Nd. 63. Nefndarálit

um frv. til laga um tekju- og eignarskattsauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Þrír nefndarmenn (SigfJ, StJSt og ÁÁ) leggja til, að frv. verði samþykkt, en tveir nefndarmenn (ÓTh og JakM) hafa ekki að svo stöddu tekið afstöðu til málsins.

Alþingi, 11. okt. 1934.

Sigfús Jónsson, form. Ásgeir Ásgeirsson, frsm. Jakob Möller, fundaskr.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

## Nd. 64. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyt. á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Þrír nefndarmenn skrifa þó undir með fyrirvara og munu gera grein fyrir honum í umræðum.

Alþingi, 11. okt. 1934.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson. fundaskrifari. Héðinn Valdimarsson, með fyrirvara.

Jón Pálmason, með fyrirvara. Guðbr. Ísberg, með fyrirvara.

## Nd. 65. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Siglufjarðarkaupstað land prestssetursins Hvanneyrar.

Flutningsm.: Garðar Þorsteinsson.

Þegar prestssetrið Hvanneyri losnar úr ábúð, er ríkisstjórninni heimilt að selja Siglufjarðarkaupstað land jarðarinnar, að undanskilinni nægilegri lóð undir prestssetrið og hæfilegum lóðum undir aðrar opinberar byggingar.

Greinargerð.

Frumvörp um sama efni voru lögð fyrir Alþingi 1919, 1921 og 1929. Bæjarstjórn Siglufjarðar hefir verið því mjög fylgjandi, að bærinn eignaðist land þetta, enda mun það nú vera talin sjálfsögð meginregla, að ríkið selji kaupstöðum og kauptúnum jarðeignir þær, sem byggðin er á og næstar liggja byggðinni, þar sem svo er ástatt, að ríkið er eigandinn. — Það virðist því vera sjálfsagt að heimila ríkisstjórninni að selja Siglufjarðarkaupstað landeignina næst þegar jörðin losnar úr ábúð.

## Ed. 66. Breytingartillögur

við frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá Magnúsi Jónssyni.

I. Við 2. gr.
   a. Orðin „á ræktuðu landi“ í 1. málslið síðari málsgreinar falla niður.
   b. Í stað síðara málsliðar kemur: enda sé mjólkin seld til neytenda milliliðalaust.

II. Við 5. gr.
   a. Við 1. málslið 1. málsgreinar bætist: sem framleidd er utan kaupstaðarins eða kauptúnsins.
   b. 2. málsliður 1. málsgreinar fellur niður.
   c. 1. málsliður 3. málsgreinar fellur niður.
   d. Á eftir greininni kemur ný grein, er verður 6. gr. og hljóðar þannig:
      Á ári hverju skal fram fara læknisskoðun á öllum kúm innan kaupstaða og kauptúna, og er óheimilt að selja ógerilsneydda mjólk úr öðrum kúm en þeim, sem eru heilbrigðar. Með reglugerð skal mæla fyrir um hreinlæti og hollustu þeirrar mjólkur, sem seld er beint til neytenda án gerilsneyðingar.

III. Við 7. gr., sem verður 8. gr. Á eftir staflið c. kemur nýr stafliður:
   d. Að hafa eftirlit með ákvæðum 6. gr. um læknisskoðun á kúm og gera uppkast að reglugerð samkv. sömu grein.

Sþ. **67. Nefndarálit**

um till. til þingsályktunar um heimild handa ríkisstjórninni til að taka ábyrgð á láni.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin er á einu máli um að mæla með, að tillaga þessi verði samþykkt, enda er bert af því, sem fram er komið í málinu, að fyrrv. stjórn hefir gefið mjög greinilegan ádrátt um ábyrgð þessa.

Alþingi, 11. okt. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Jónas Jónsson, form. | Magnús Guðmundsson, frsm. | Sigurður Einarsson, fundaskrifari. |
| Jónas Guðmundsson. | Pétur Ottesen. | Bjarni Bjarnason. |
| Þorst. Þorsteinsson. | Þorbergur Þorleifsson. | Jón Sigurðsson. |

Nd. **68. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin lítur svo á, að vegna innflutningstakmarkana aðalmarkaðslandanna verði eigi hjá því komizt, að ríkisvaldið hafi viðtæka íhlutun um útflutning kjöts. Nefndin er því sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. okt. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Ásgeirsson. form. | Guðbr. Ísberg, frsm. | Jón Pálmason. |
| Héðinn Valdimarsson. | Páll Zóphóníasson, fundaskrifari. | |

Nd. **69. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 79 19. júní 1933, um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar (þskj. 46).

Frá Hannesi Jónssyni.

Við 1. gr.

Í stað orðanna „og tekin verða á tímabilinu til ársloka 1935“ komi: eða tekin verða.

## Ed. 70. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 15 25. jan. 1934, um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. okt. 1934.

| Jón Baldvinsson, form. | Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. | Magnús Jónsson. |
|---|---|---|

## Nd. 71. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 68 23. júní 1932, um breyting á fátækralögum, nr. 43 31. maí 1927.

Flm.: Jón Sigurðsson.

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði í sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, greiðir framfærslusveit hans ⅔ hluta meðlagskostnaðar, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 2 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfélagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935 og taka til sjúkrakostnaðar þurfalinga almanaksárið 1934.

Greinargerð.

Með breytingu á fátækralögunum frá 23. júní 1932 voru felld úr gildi ákvæðin um skyldu ríkissjóðs til að taka þátt í kostnaði bæjar- og sveitarfélaga við dvöl þurfalinga í sjúkrahúsum árlangt eða árum saman. — Ársdvalarkostnaður í sjúkrahúsi mun venjulega vera frá 1600—2000 kr. fyrir hvern sjúkling, og fellur sá kostnaður allur á bæjar- eða sveitarsjóði, ef fátækraútgjöld þeirra fara ekki meir en 15% fram úr meðaltali fátækraútgjalda á öllu landinu.

En reynslan hefir þegar leitt í ljós, að sveitarfélög, sem ekki ná áðurgreindu marki, geti þrátt fyrir það verið verr stödd fjárhagslega vegna ýmsra

annara gjalda, er á þeim hvíla, en þau sveitarfélög, er styrksins njóta. Breyting þessi hefir því valdið litlum og fátækum sveitarfélögum svo tilfinnanlegum útgjöldum, að til vandræða horfir, ef ekkert er að gert. Er frv. þetta flutt til að létta þessa örðugleika.

## Ed. 72. Breytingartillögur

við frv. til l. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „úr ríkissjóði“ kemur: úr verðjöfnunarsjóði.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

   Enginn má slátra sauðfé til sölu né verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis kjötverðlagsnefndar.

   Leyfi skal veita:

   a. Samvinnufélögum bænda, sem nú eru starfandi, svo og þeim, sem síðar kunna að verða stofnsett.
   b. Kjötsölufélögum bænda, er stofnuð kunna að verða og hafa hið minnsta 12 meðlimi.
   c. Þeim verzlunarfélögum og einstaklingum, sem árið 1933 áttu eða starfræktu sláturhús.

   Í leyfinu getur nefndin ákveðið hámarkstölu þess fjár, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands.
3. Við 5. gr. Fyrir „Samvinnufélög og aðrir“ komi: Þeir.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

   Verðjöfnunarsjóði skal verja þannig:

   a. Til greiðslu kostnaðar þess, sem leiðir af störfum kjötverðlagsnefndar, þar með talin þóknun til trúnaðarmanna eða eftirlitsnefnda.
   b. Til að greiða fyrir sölu sláturfjárafurða innanlands.
   c. Til verðuppbótar á útfluttu dilkakjöti, söltuðu og frystu. Svo og til uppbótar söltuðu kjöti, sem selt er á innlendum markaði, þegar óvænt verðfall á sér stað.

      Verðuppbótin má aldrei verða svo há, að nettóverð hins verðuppbætta kjöts verði fyllilega eins hátt og nettóverð sömu tegundar af kjöti, sem selt er á verðhæsta innlendum markaði á því ári.

      Það verð, sem Samband ísl. samvinnufélaga greiðir deildum sínum fyrir útflutt kjöt af framleiðslu hvers árs, telst útflutningsverð á því ári, enda skal S. Í. S. senda kjötverðlagsnefnd skýrslu um söluna.
   d. Til endurgreiðslu verðjöfnunartillagsins af því kjöti, sem út er flutt, þegar fullséð er, hvert verða muni verðlag á útfluttu kjöti.

Verði afgangur í verðjöfnunarsjóði, þegar greitt hefir verið samkvæmt framansögðu, skal honum varið til uppbótar á öllu kjöti, þannig að sá verðmismunur, sem nefndin hefir ákveðið, raskist ekki.

## Nd. 73. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 21 22. okt. 1912, um sölu á eggjum eftir þyngd.

Flutningsm.: Páll Zóphóníasson, Bjarni Ásgeirsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Orðin „nema kaupandi og seljandi komi sér saman um sölu eftir tölu“ í 1. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þótt lög um sölu á eggjum eftir þyngd séu búin að vera í lögum meir en 20 ár, þá má segja, að þau hafi ekki enn komið til framkvæmda. Það er þá líka í lögunum gert ráð fyrir því, að kaupandi og seljandi geti komið sér saman um sölu eftir tölu, og í framkvæmdinni mun það heita svo, að þetta sé gert. En bæði er, að í þessu felst töluvert ranglæti, þar sem léttustu hænuegg vega undir 40 gr., en þau þyngstu yfir 60, og eru þó báðar þessar tölur miðaðar við eggjastærð, sem telja verður algenga.

Þó teljum vér þetta ekki aðalatriðið, heldur hitt, að með því að framleiðendur fái jafnt verð fyrir smá og stór egg, eins og nú er, þá er kippt frá þeim meginhvötinni til að leggja sig eftir því að framleiða stór egg. Meðferð hænsnanna verður því verri en hún á að vera og minna unnið að því að kynbæta þau, og er þó fljótlegast að kynbæta þau af öllu búfé.

Það virðist því svo, sem hvorttveggja geti náðst með þessari breytingu, frekari hvöt fyrir eggjaframleiðendur að vanda meðferð og val hænsnanna, og meira réttlæti í verzlun með eggin en nú er.

Er því þess að vænta, að allir geti fylgt frumvarpi þessu.

## Nd. 74. Breytingartillaga

við frv. til l. um verzlun með tilbúinn áburð.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: þó ekki yfir 20 kr. á smálest né yfir 40000 krónur á ári. Heimild þessi nær til ársloka 1937.

## Nd. 75. Nefndarálit

um frumvarp til laga um verzlun með tilbúinn áburð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt með þeirri breytingu á 2. gr., sem hér fer á eftir.

Einn nefndarmanna, G. Í., var fjarstaddur, er nefndarálit var afgreitt, og annar, H. V., skrifar undir með fyrirvara, er tekur til 2. greinar.

BREYTINGARTILLAGA

2. gr. skal orða svo:

Greiða skal úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð frá útlöndum til allra hafna, sem skip Eimskipafélags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á, þó aldrei yfir 20 krónur á tonn.

Alþingi, 12. okt. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Ásgeirsson, form. | Jón Pálmason, frsm. | Páll Zóphóníasson, fundaskrifari. |
| | Héðinn Valdimarsson. | |

## Nd. 76. Frumvarp

til laga um verzlunarlóð Ísafjarðar.

Flutningsmaður: Finnur Jónsson.

1. gr.

Verzlunarlóð Ísafjarðar skal ná yfir jarðirnar Seljaland og Eyri (með Stakkanesi), að undanskilinni Eyrarhlíð frá Urtusteini til landamerkja Hnífsdals og Eyrar (á Miðhlíð), og takmarkast að norðan af línu, sem dregin sé beina leið frá Urtusteini til fjalls.

2. gr.

Lög nr. 43 26. október 1917 eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir einróma áskorun bæjarstjórnarinnar á Ísafirði og miðar að því að minnka verzlunarlóðina í kaupstaðnum í þá stærð, er bæjarstjórnin álítur hæfilega.

## Nd. 77. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 frá 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. okt. 1934.

Finnur Jónsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.
Sigurður Kristjánsson. Páll Þorbjörnsson.

## Nd. 78. Nefndarálit

um frv. til l. um verkamannabústaði.

Frá allsherjarnefnd.

Tveir nefndarmenn undirrita frv. með fyrirvara, vegna ákvæða þess í 4. gr. 1. málsgr., sem þeir eru mótfallnir, en að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir áliti nefndarinnar í framsögu, og er nefndin sammála um að mæla með frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Byggingarsjóður lánar til íbúðarhúsbygginga samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi 5 manna nefnd í kaupstöðum og 3 manna nefnd í kauptúnum fært atvinnumálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn.
2. Við 3. gr. 4. tölulið. 3. málsliður orðist svo:
   En hlutaðeigandi bæjarsjóður og sveitarsjóður, sbr. 2. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu.
3. Við 4. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist:
   Byggingarsjóði er þó heimilt að veita aðeins eitt lán, allt að 85% af kostnaðarverði eignarinnar, með fyrsta veðrétti.
4. Við 6. gr. 5. töluliður orðist svo:
   Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir, sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleigan metin reglulega á 5—10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir

eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi kaupstaður, sveitarfélag eða ríkið ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal kaupstað eða sveitarfélagi skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

5. Við 7. gr. 1. málsgr. Í stað orðanna „og fyrir matvöruverzlun“ komi: fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlanir.
6. Við 8. gr. 1. málsgr.
   a. 1. málsliður orðist svo:
      Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 5 menn, valdir til 4 ára í senn. Kýs Alþingi 4 þeirra með hlutfallskosningu, en atvinnumálaráðherra skipar einn, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín.
   b. 3. málsliður orðist svo:
      Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, enda er einni deild sjóðsins óheimilt að lána annari nema til bráðabirgða, ef sérstaklega stendur á og gegn sérstakri tryggingu.
7. Við 9. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til 4 ára í senn.
8. Aftan við frumvarpið bætist:

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

Stjórn byggingarsjóðs og endurskoðendur skulu í fyrsta sinn kosnir á Alþingi 1934.

Alþingi, 11. okt. 1934.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm.
Bergur Jónsson, fundaskr.
Stefán Jóh. Stefánsson.
Thor Thors, með fyrirv.
Garðar Þorsteinsson, með fyrirv.

## Nd. 79. Frumvarp

til laga um skipulag á fólksflutningum á landi.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema hafa fengið til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni.

2. gr.

Póstmálastjórnin hefir með höndum yfirstjórn og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum þeim, sem sérleyfi þarf fyrir.

3. gr.

Sérleyfishafar eiga rétt á að kjósa þrjá menn í nefnd, samkvæmt reglum, er atvinnumálaráðherra setur, er gerir tillögur til póstmálastjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Póstmálastjórninni skal skylt að gæta þess í skipulagning flutninga þeirra, er undir hana heyra, að almenningi verði þeir sem kostnaðarminnstir og hagfelldastir, en hinsvegar fari sem minnst fé eða önnur verðmæti forgörðum við þá.

5. gr.

Nú sækir félag eða einstaklingur um sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og er ríkisstjórninni þá heimilt að veita það með þeim skilyrðum, er hér segir:

a. að sérleyfið gildi fyrir 2 ár og sé óframseljanlegt.
b. að sérleyfið gildi fyrir ákveðna tölu bifreiða á tilteknum leiðum, þó þannig, að flutningaþörfinni sé ávallt fullnægt.
   Binda má sérleyfi við ákveðnar gerðir bifreiða.
c. að sérleyfishafi skuli skuldbundinn til þess að láta bifreiðar sínar vera í förum samkvæmt áætlunum og reglum og flutningagjaldskrá, er póstmálastjórn setur.
d. að póstmálastjórninni sé heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu bifreiðanna samkvæmt taxta, er hún setur.
e. að sérleyfishafi sé skyldur að flytja ákveðið magn póstflutnings ókeypis, eftir reglum, er póstmálastjórn setur.

6. gr.

Nú hafa fleiri en eitt félag eða einstaklingur fengið sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og hefir þá póstmálastjórn heimild til þess að ákveða, með samþykki nefndar þeirrar, er ræðir um í 3. gr., að fargjöldum skuli skipt milli sérleyfishafa eftir tölu sætakílómetra bifreiða þeirra, sem þar eru í förum, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

7. gr.

Nú brýtur sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglur, sem settar eru samkvæmt þeim, og er þá heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

8. gr.

Póstmálastjórninni er heimilt, samkvæmt 1. gr., að nota eigin bifreiðar á þeim leiðum, er henni þykir henta. Hafi sérleyfi verið veitt fyrir flutninga á

þessum leiðum, skulu sömu reglur gilda fyrir bifreiðar póstmálastjórnarinnar, er gilda fyrir sérleyfishafa samkvæmt 6. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af skipulagsnefnd atvinnumála og flutt samkvæmt tilmælum atvinnumálaráðherra. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð frá skipulagsnefnd:

Fólksflutningar með bifreiðum hafa, eins og kunnugt er, aukizt svo stórfelldlega á síðari árum, að segja má, að bifreiðar séu nú, auk skipa, aðalfarartæki landsmanna. En þessi atvinnurekstur er nú með þeim hætti, að þörf virðist á því, að haft sé eftirlit með honum og hann kerfisbundinn að allverulegu leyti. Er nú svo komið, að eins mikil þörf er á því fyrir landsmenn að skipuleggja þessa tegund flutninga eins og járnbrautarrekstur er skipulagður í öðrum löndum álfunnar. Eins og bifreiðaflutningarnir eru reknir nú, fer mjög mikið fé forgörðum, sökum óþarflegrar samkeppni, án þess að almenningur hljóti þann hag af, sem að nokkru leyti samsvari eyðslunni. Margir aðilar keppa nú um flutningana á þeim leiðum, sem mestan arðinn gefa af sér, en fyrir bragðið eru sjálf farartækin oft miklu fleiri en þörf væri á, ef ferðunum væri komið í fast kerfi. Farartæki þessi og orkugjafa þeirra verður að kaupa frá útlöndum, og skiptir miklu, að sem sparlegast sé haldið á þessum efnum.

Greiðasti vegurinn til þess að lagfæra þetta virðist sá, að sérleyfi þurfi til fólksflutninga með þeim bifreiðum, sem taki fleiri en 6 farþega, og að ríkið hafi eftirlit með starfsháttum sérleyfishafa. Og virðist þá eðlilegt, að póstmálastjórnin hafi þetta eftirlit með höndum. Ber þar einkum til, að póstsjóður mun nú greiða nálægt 20000 kr. fyrir flutning á pósti með bifreiðum, og væri ekkert eðlilegra en að hann hefði sín eigin flutningatæki til þess starfa, að einhverju leyti að minnsta kosti. Fólksflutningur bifreiðanna mundi bera upp kostnaðinn við póstflutninginn. En fengist póstmálastjórnin við bifreiðahald og fólksflutninga, þá hefði hún um leið mikil skilyrði til þess að koma hagkvæmara skipulagi á flutningakerfið í heild sinni. Eins virðist eðlilegt, að krefjast mætti þess, að sérleyfishafar flyttu ákveðið magn póstflutnings ókeypis, því að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir öðru gjaldi fyrir sérleyfisveitinguna. Auk þess mundi mikill sparnaður verða fyrir sérleyfishafana af hinu skipulagsbundna fyrirkomulagi ríkisins, er óheilbrigð og fjárfrek samkeppni væri úr sögunni.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að sérleyfishöfum veitist tækifæri til þess að koma að öllum tillögum sínum um fyrirkomulag og rekstur flutninganna með sérstakri nefndarskipun, þótt úrslitavald hljóti vitaskuld ávallt að verða hjá póstmálastjórninni. Og meðal annars er gert ráð fyrir, að til tals kunni að koma með nefndinni og póstmálastjórninni, að sérstök samvinna verði með sérleyfishöfum með þeim hætti, að fargjöldum skuli skipt milli þeirra eftir

tölu sætakílómetra bifreiða þeirra, sem í förum eru á hverri leið. Er póstmálastjórninni heimilt að ráðstafa því máli með reglugerð, ef nefndin samþykkir.

Um önnur skilyrði fyrir veitingu sérleyfis en þegar hefir verið drepið á skal þetta tekið fram:

Hæfilegt virðist að binda sérleyfið við tveggja ára tímabil í senn, fyrir þá sök, að meðan verið er að koma flutningunum í fast kerfi og finna hina hentugustu starfshætti, er hentugt, að sérleyfi séu ekki bundin við langan tíma, en hinsvegar er einnig höfð hliðsjón af því, að stórar fólksflutningabifreiðar eru venjulega mikið úr sér gengnar eftir tveggja ára akstur á vegum landsins. En að sjálfsögðu mun póstmálastjórnin láta þá sitja fyrir um nýtt sérleyfi, sem áður hafa haft það og farið starfið vel úr hendi. Eins virðist eðlilegt, að í byrjun, og að öðru jöfnu, verði sérleyfisumsóknir þeirra manna sérstaklega teknar til greina, sem hafa haft mesta flutninga með höndum undanfarin ár.

Rétt þykir að heimila póstmálastjórninni að binda sérleyfi við gerðir bifreiða. Um sjötíu tegundir af bifreiðum eru nú notaðar í landinu, og virðist sú tilbreytni óþarflega mikil. Er dýrt og óþarft að sitja með varahluti í allar þessar tegundir, en að hinu ætti að miða, að finna þær bifreiðategundir, sem bezt henta staðháttum hér, með hliðsjón af verði, endingu og orkueyðslu, og spara á þann hátt það fé, sem fastsett er í óhentug farartæki og varahluti fyrir þau.

Sjálfsagt virðist, að póstmálastjórnin hafi heimild til þess að taka í sínar hendur afgreiðslu bifreiðanna, til þess að sjá um, að afgreiðslustofur sérleyfishafa hverrar leiðar séu á sama stað, auk þess sem líklegt er, að hentugt sé, að póststöðvarnar sjálfar annist þessa afgreiðslu víðast hvar.

Að endingu skal þess getið, að fyllsta ástæða er til þess að ætla, að um allverulega lækkun á fargjöldum fyrir almenning verði að ræða með hinu breytta skipulagi.

## Nd. 80. Frumvarp

til laga um að verja útflutningsgjaldi af síld til hlutaruppbótar sjómönnum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Verja ber þeim mismun á útflutningsgjaldi af síld, veiddri árið 1934, sem greiddur hefir verið samkvæmt lögum nr. 60 27. júní 1921, og venjulegu útflutningsgjaldi eins og það er á öðrum fiski, til hlutaruppbótar sjómönnum, er veiddu síld á innlendum skipum til verkunar og útflutnings á síðastliðnu sumri.

Uppbótin greiðist þegar út hefir verið flutt síld sú, er söltuð hefir verið eða verkuð á því ári.

2. gr.

Hver sá, er saltað hefir eða verkað síld til útflutnings á annan hátt, er skyldur til að gefa ríkisstjórninni, þegar þess er krafizt, sundurliðaða skýrslu

um söltun sína og útflutning, og um hve margar tunnur hvert skip hefir lagt í land til verkunar af hverri tegund síldar.

3. gr.

Hver sá, er skip gerði út á síldveiðar á síðastl. sumri, er skyldur til að gefa ríkisstjórninni skýrslu, þegar þess er krafizt, um það, hvaða skipverjar eigi hlut úr síld, er lögð hefir verið upp til söltunar af skipi hans eða skipum, og úr hve mörgum tunnum hver maður á hlut.

4. gr.

Uppbótin af útflutningsgjaldinu greiðist skipverjum á hverju skipi í hlutfalli við veiði þá, er skipið hefir lagt á land til söltunar og út hefir verið flutt. Skiptist hún milli skipverja, þannig að þeir, sem ráðnir voru fyrir fast kaup eða eigi áttu hlutdeild í verðhækkun aflans, fái eigi uppbót, þeir, sem ráðnir voru fyrir nokkurt kaup og hlut úr afla, fá uppbót, hlutfallslega því minni sem fastakaupið var meiri hluti af kaupi þeirra. Að öðru leyti skiptist uppbót af veiði hvers skips jafnt milli skipverja á því skipi.

5. gr.

Ríkisstjórnin skipar einn mann, sjómannafélag Reykjavíkur annan og sjómannafélag Hafnarfjarðar hinn þriðja í nefnd til að sjá um úthlutun uppbótarinnar. Nú verður ágreiningur um úthlutunina, og sker þá ríkisstjórnin úr.

6. gr.

Nú vanrækir einhver skyldur sínar um skýrslugjöf, sbr. 2. eða 3. gr., og má þá skylda hann, að viðlögðum dagsektum, allt að 50 kr. á dag, til uppfyllingar á þeim.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum ríkisstjórnarinnar, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Síldarverð til sjómanna hefir farið mjög lækkandi á undanförnum árum og komst niður í 5 kr. fyrir tunnu hverja á síðastl. sumri. Varð hlutur hlutarmanna því mjög rýr, og er mikil þörf uppbótar. Útflutningsgjald af síld er miklu hærra en á öðrum fiski. Þykir því hlýða að láta mismuninn á útflutningsgjaldi þessu og venjulegu útflutningsgjaldi koma til hlutaruppbótar sjómönnum. Nú mun mega líta svo á, að eðlilegast væri, að sem mest uppbótin fari til skipverja á þeim skipum, er lakast öfluðu og þannig hafa orðið harðast úti, en þess ber að gæta, að hér er í rauninni um endurgreiðslu að ræða og hlutaskiptin hafa frá öndverðu verið þannig, að hver skipverji á sinn hlut, og á þá eðlilega kröfu á uppbót eftir afla. Myndu sjómenn almennt telja sér misboðið, ef út af þeirri venju væri brugðið. Hinsvegar verður eigi talið rétt, að aðrir fái uppbót en hlutarmenn, og heldur eigi, að nokkur maður fái meira en einn hlut.

## Nd. 81. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um rannsóknir á útbreiðslu fjárkláðans og um undirbúning útrýmingar hans.

Frá Jóni Pálmasyni og Bjarna Ásgeirssyni.

Á síðasta Alþingi var samþykkt tillaga frá landbúnaðarnefnd neðri deildar um að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka útbreiðslu fjárkláðans í landinu. Einnig um það, hvert baðlyf sé öruggast og hentugast til útrýmingar og á hvern hátt sé tryggast að sótthreinsa fjárhúsin.

Um það er hér með spurt, hvað gert hefir verið í þessu máli og hverjar tillögur stjórnin hefir að gera um lausn þess.

## Nd. 82. Breytingartillaga

við frv. til l. um verkamannabústaði.

Flm.: Thor Thors, Garðar Þorsteinsson.

Við 4. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:

Byggingarsjóður veitir lán til byggingarfélaga, sem reist eru á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

## Nd. 83. Nefndarálit

um frumvarp til laga um vinnumiðlun.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Eftir að hafa athugað frumvarp þetta, mælir meiri hluti nefndarinnar (BJ, HV og StJSt) með því, að það verði samþykkt með þeirri breytingu, er hér fer á eftir.

Minni hluti nefndarinnar (GÞ og TT) leggur á móti frumvarpinu og mun skila sérstöku áliti.

BREYTINGARTILLAGA.

Aftan við 1. málsgr. 3. gr. bætist: Sama gildir og, ef einhver þeirra aðila, sem nefndir eru í grein þessari, tilnefna ekki fulltrúa af sinni hálfu í stjórn vinnumiðlunarskrifstofu.

Alþingi, 13. okt. 1934.

| Héðinn Valdimarsson, form. | Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. | Bergur Jónsson, fundaskrifari. |
|---|---|---|

**Ed.** **84. Frumvarp**

til laga um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu, til 5 ára í senn, tvo menn, er hafa skulu eftirlit með og halda skrá yfir þá sjóði í landinu, sem stofnaðir eru og hafa hlotið staðfestingu konungs á skipulagsskrá sinni. Afrit af skránni skulu þeir leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi.

2. gr.

Stjórn þessara sjóða skal senda hinum þingkosnu eftirlitsmönnum, áður en missiri er liðið frá lokum reikningsárs sjóðs hvers, reikning sjóðsins fyrir síðastliðið reikningsár. Geta eftirlitsmenn þó krafizt fyllri skýrslna um allan hag sjóðanna, og er sjóðstjórnum skylt að svara fyrirspurnum þeirra — annars eða beggja — um hag sjóðanna og allan rekstur þeirra, eftir því sem föng eru á, áður en mánuður er liðinn frá því er þeim barst slík fyrirspurn, enda hvíli ekki sérstök þagnarskylda á þeim.

3. gr.

Nú þykir eftirlitsmönnum athugavert um fjárgæzlu sjóðs eða brotin skipulagsskrá hans, og ber þeim þá að tilkynna það fjármálaráðuneytinu, sem gerir ráðstafanir til, að því verði hrundið í lag, sem ábótavant kann að vera.

4. gr.

Nú sendir sjóðstjórn ekki reikning eins og fyrir er mælt í 2. gr. og svarar ekki kröfu um það innan hæfilegs tíma, og getur fjármálaráðherra þá, eftir ósk hinna þingkosnu eftirlitsmanna, skyldað sjóðstjórn, að viðlögðum allt að 20 króna dagsektum, til þess að senda reikning innan tilsetts tíma.

5. gr.

Eftirlitsmen fá í þóknun fyrir starf sitt 150 krónur hvor árlega, er greiðist þeim úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Hér á landi er nú fjöldi sjóða, sem hlotið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá sinni, en engin heildarskrá er til yfir sjóði þessa. Ársreikningar sumra eldri sjóðanna eru birtir enn í Stjórnartíðindunum eða Lögbirtingablaðinu, en reikningar flestra hinna annara sjóða eru alls ekki birtir almenningi og því erfitt að fylgjast með starfsemi þeirra. Þeir, sem stjórna sjóðunum, verða stundum aðrir en til var ætlazt í fyrstu, og farið gæti svo, að sjóðir týndust alveg, starfsemi sumra sjóðanna orðið á annan veg en þann, er

gefandi gerði ráð fyrir í fyrstu, styrkveiting ekki í samræmi við skipulagsskrána og sjóðurinn ávaxtaður annarsstaðar og áhættumeira en ætlazt var til í upphafi. Ýmsir sjóða þeirra, er frumvarpið ræðir um, eru nú orðnir allstórir, og því meiri er sú nauðsyn, að haft verði eftirlit með stjórn og rekstri þeirra, að þeir séu ávaxtaðir í tryggum sjóðum og áhættulausum lánum, eða varið að nokkru í öruggar eignir, eftir því sem við verður komið, en þess þó jafnan gætt, að fjárgreiðslur þeirra og allt skipulag fylgi sem allra næst fyrirmælum gefanda. Virðist það vel við eiga, að Alþingi sjálft taki sjóði þessa undir vernd sína og eftirlit, en þó á þann hátt, að ekki gæti þar pólitískra áhrifa. Hefir því verið valin sú leið í frumvarpinu, að girða fyrir það, að einn einstakur þingflokkur hafi þar alla umsjá.

Verður það að teljast sjálfsagt, að til sé á einum stað greinileg skýrsla um alla slíka sjóði. Ætti það að vera mönnum hvatning til nytsamra sjóðstofnana, er þeir sjá, að Alþingi vill vernda slíka sjóði og lætur gæta þeirra sem bezt.

## Nd. 85. Frumvarp

til laga um strandferðir.

Flutningsm.: Gísli Guðmundsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir frá 1. júní 1935 að telja einkarétt til þess að flytja farþega milli hafna á Íslandi.

2. gr.

Á meðan íslenzka ríkið hefir ekki nægilegan skipastól til þess að annast farþegaflutning samkv. 1. gr., getur ríkisstjórnin veitt öðrum skipum leyfi til farþegaflutnings milli hafna á Íslandi, gegn því að greitt verði í ríkissjóð 20% af fargjöldum. Undanþegin skatti þessum eru skip og bátar, sem fá styrk úr ríkissjóði til þess að annast samgöngur á sjó meðfram ströndum landsins.

3. gr.

Öll skip, sem eru skattskyld samkvæmt 2. gr., skulu skyld að nota farseðlabækur, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út, og má aldrei taka fargjald af farþega án þess að gefin sé út kvittun fyrir því (farseðill). Bera skipstjórar og skipaafgreiðslur ábyrgð á, að þessu sé framfylgt.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra setur nánari ákvæði með reglugerð um innheimtu á skattinum samkv. 2. gr. og um önnur atriði snertandi framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—5000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til fiskiskipa eða báta.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Það er kunnugt, að almennur áhugi er fyrir því, að íslenzk skip njóti flutninga þeirra, er landsmenn þurfa á að halda á milli innlendra hafna. Hinsvegar hafa erlend skip löngum keppt við hin innlendu hvað þetta snertir og hagað siglingum sínum þannig, að koma nær eingöngu á hinar stærri hafnir. Hafa þau með því sölsað mjög farþegaflutninga frá íslenzku skipunum, sem vegna almennings heilla eru neydd til að koma á fleiri hafnir.

Nú mun það yfirleitt ekki vera leyft í nærliggjandi löndum, að erlend skip reki slíka flutninga, sem áður greinir, og með tilliti til þess, að eiginn skipastóll Íslendinga er fyrir löngu orðinn svo mikill, að forsvaranlegt virðist að láta hann einan annast alla strandferðaflutninga, getur það ekki talizt vansalaust, að strandferðaskip ríkisins séu vegna erfiðrar fjárhagsafkomu bundin í höfn, á meðan hin erlendu skip halda áfram að reka hér óbreyttan atvinnurekstur sinn og fleyta rjómann ofan af strandflutningunum.

Fyllsta ástæða er því til þess, að löggjafarvaldið taki hér í taumana þegar í stað, til að tryggja íslenzka hagsmuni.

Frv. að mestu leyti samhljóða þessu var flutt á síðasta Alþingi. En viðtökurnar, sem þetta sjálfstæðismál fékk þá, voru á þá leið, að frv. var fellt frá 2. umræðu og var ekki einu sinni leyft að ganga til nefndar. Greiddi allur Sjálfstæðisflokkurinn í deildinni atkvæði með þessari óvenjulegu afgreiðslu. En vonandi hefir þjóðræknin á Alþingi aukizt síðan.

**Nd.** **86. Frumvarp**

til laga um matsstjóra.

Flutningsm.: Ólafur Thors, Jóhann Þ. Jósefsson, Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar matsstjóra, er hafi á hendi yfirstjórn alls fiskimats á landinu.

Matsstjóri skal hafa fullkomna þekkingu á meðferð fiskjar, allt frá því hann er veiddur og þar til hann er fullverkaður til útflutnings.

Matsstjóri skal hafa vakandi auga á öllum nýjungum á sviði fiskimatsins. Ber honum að ferðast árlega til aðalneyzlulandanna í því skyni að kynna sér kröfur neytenda.

Matsstjóri efnir til fundarhalda með yfirfiskimatsmönnum svo oft sem þurfa þykir. Skal hann skýra þeim frá nýjum kröfum neytenda og setja þeim reglur um fiskimatið. Skal matsstjóri ferðast um landið og hafa eftirlit með allri framkvæmd matsins.

Matsstjóri sker úr öllum ágreiningi, er snertir fiskimatið.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra setur matsstjóra erindisbréf.

3. gr.

Matsstjóri skal hafa 8000 kr. í árslaun, auk dýrtíðaruppbótar. Laun hans greiðast úr ríkissjóði.

Ferðakostnaður matsstjóra greiðist úr ríkissjóði samkvæmt reikningi, er atvinnumálaráðherra úrskurðar, svo og skrifstofukostnaður matsstjóra, ef hann að dómi ráðherra er óhjákvæmilegur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Öllum almenningi er ljóst, hversu rík nauðsyn það er Íslendingum, að sem allra bezt sé vandað til fiskimatsins hér á landi.

Hitt er og vitað, að enda þótt Íslendingar til skamms tíma hafi haft forystu á því sviði, þá er það að minnsta kosti mjög hæpið, að svo sé nú. Hafa keppinautarnir lagt áherzlu á að herða á matinu og auka vöruvöndunina, en samtímis virðist matinu hér á landi hafa hrakað, en breyttar veiðiaðferðir hafa einmitt aukið þörfina á ströngu mati.

Allir virðast því á einu máli um, að hefjast þurfi handa, en að vonum kann menn að greina á um leiðir út úr ógöngunum.

Hér er stungið upp á, að skipaður skuli matsstjóri, er hafi á hendi yfirstjórn alls fiskimats á Íslandi, og fjallar 1. gr. frumvarpsins um skipun hans, þekkingu, skyldur, valdsvið og launakjör. Er þar með vakin upp hugmynd, er borin var fram á Alþingi 1927. Var það mál aðallega sótt af þáverandi þm. Ísfirðinga, Sigurjóni Jónssyni, og fyrsta flm. þessa frumvarps.

Skulu nú fram færð nokkur rök fyrir því, að vænta megi árangurs af starfi matsstjóra.

Skilyrðin fyrir góðu fiskimati eru vitaskuld þau, að fyrir hendi sé haldgóð þekking á óskum neytenda fiskjarins og að sú þekking sé lögð til grundvallar fyrir matinu.

Í fiskimatslögunum frá 1931 er ætlazt til, að þetta sé tryggt á þann hátt, að landinu er skipt í 5 umdæmi, og hverju umdæmi fyrir sig skipaður sérstakur yfirfiskimatsmaður. Hafa yfirfiskimatsmenn yfirstjórn fiskimatsins hver í sínu umdæmi, og *eru því í rauninni allir jafnir að völdum.* Þetta jafna vald yfirfiskimatsmannanna er undirrót margs þess, er miður fer í fiskimatinu,

enda hefir mönnum lengi verið ljós sú hætta, sem af því leiddi. Með fiskimatslögunum frá 1931 er gerð tilraun til þess að draga úr henni, með því að skylda yfirfiskimatsmennina til þess að koma árlega saman til fundarhalds, ásamt fiskifulltrúa Íslands á Spáni, til þess að ræða um fiskimatið. Rísi ágreiningur milli þeirra, sker atvinnumálaráðherra úr, að fengnum tillögum dómbærra aðila.

Reynslan hefir nú sýnt, að tilraun þessi hefir mistekizt, og er þá að leita nýrra ráða.

Með skipun matsstjórans er yfirstjórnin og úrskurðarvaldið fengið í hendur manni, sem vegna starfs síns og þekkingar á að vera öðrum bærari til að fara með það vald, en fyrir þekkingunni er séð með því að tilskilja, að matsstjórastarfið verði ekki veitt öðrum en þeim, er hefir fullkomna þekkingu á öllu, er lýtur að því starfi, og skylda jafnframt matsstjóra til þess að vera í lifandi sambandi við neytendur og kynna sér þannig kröfur þeirra og óskir, en boða síðan yfirfiskimatsmenn á sinn fund, til þess að einnig þeir fylgist með öllum nýjungum á þessu sviði.

Eftirlitsskylda matsstjóra með framkvæmd matsins ætti að veita yfirfiskimatsmönnum nauðsynlegt aðhald til að gera skyldu sína í þeim efnum.

Með ákvæðum þessa frv. eru því að miklum mun auknar líkur fyrir góðu fiskimati, frá því sem nú er. Rætist þær vonir, er svo mikill vinningur í aðra hönd, að aukinn kostnaður, sem ríkissjóði er bakaður með frv. þessu, er að engu hafandi.

Rétt hefir þótt að bera fram sérstakt frumvarp um þetta mál, í stað þess að fella ákvæði þess inn í lögin frá 1931 um fiskimat. Þyki nauðsynlegt að breyta þeim lögum til samræmis við ákvæði þessa frumvarps, myndi rétt að ákveða jafnframt, að yfirfiskimatsmenn skuli skipaðir samkvæmt tillögum matsstjóra.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

## Nd. 87. Breytingartillaga

við frv. til laga um vinnumiðlun.

Frá Jóhanni Þ. Jósefssyni.

Við 1. gr. Orðin „eða atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir“ falli burt.

## Ed. 88. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Meiri hluti hennar leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfylgjandi

BREYTINGU.

1. gr. orðist svo:

Fyrir 4., 6., 7., 12., 13 og 14. lið 1. gr. laganna komi:

4. a. af rauðvíni kr. 1,00 af hverjum lítra.
   b. af ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum slíkum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,50 af hverjum lítra.
6. a. af óunnu tóbaki 4 kr. af hverju kg.
   b. af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki, kr. 6,40 af hverju kg.
7. a. af tóbaksvindlum 16 kr. af hverju kg.
   b. af vindlingum (sigarettum) kr. 14,40 af hverju kg. Vindlingarnir skulu tollaðir að meðtöldum pappírnum, öskjum og dósum, sem þeir eru seldir í.
12. a. af öllum tegundum af suðusúkkulaði og iðnsúkkulaði kr. 1,50 af hverju kg.
   b. af kakaódeigi kr. 1,00 af hverju kg.
13. a. af kakaódufti 50 au. af hverju kg.
   b. af kakaóbaunum brenndum, muldum og ómuldum 50 au. af hverju kg.
   c. af kakaóbaunum óbrenndum og ómuldum 35 au. af hverju kg.
14. Af öllum tegundum af brjóstssykri, konfekti, átsúkkulaði og sykruðum ávöxtum kr. 3,00 af hverju kg.

Verði ágreiningur um flokkun framangreindra tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

Alþingi, 15. okt. 1934.

Jón Baldvinsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.

## Nd. 89. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Frá Jónasi Guðmundssyni.

Við 2. gr.

a. Orðin „og fóðurmjöli“ falli burt.
b. Næstsíðasta málsgr. 2. gr. orðist svo:

Af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum kr. 4.00.

## Nd. 90. Nefndarálit

um frv. til l. um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið, sem samið er af landlækni og í öllum aðalatriðum samþykkt af Læknafélagi Reykjavíkur, og telur að það sé hið mesta nauðsynjamál. Leggur nefndin til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. okt. 1934.

Héðinn Valdimarsson, form. og frsm. Bergur Jónsson, fundaskrifari. Stefán Jóh. Stefánsson.
Thor Thors. Garðar Þorsteinsson.

## Nd. 91. Frumvarp

til laga um löggildingu verzlunarstaðar á Hvalskeri við Patreksfjörð.

Flm.: Bergur Jónsson.

1. gr.

Á Hvalskeri við Patreksfjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þá er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905 og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Hvalsker er sunnanvert við Patreksfjörð, skáhallt á móti kauptúninu. Dýptarmælingar hafa farið þar fram og skip Eimskipafélags Íslands og ríkissjóðs hafa haft þar viðkomu nokkrum sinnum og fært þangað vörur til kaupfélags Rauðasands og tekið landbúnaðarvörur. Samgöngur eru miklar við Hvalsker, bæði frá Rauðasandi og Patreksfjarðarkauptúni. Landssímastöð er á staðnum, vörugeymsluhús og sláturhús. Er héraðsbúum nauðsyn að fá þarna löggilta höfn, til þess að auðveldara verði að fá skip til þess að koma þar við.

## Ed. 92. Breytingartillögur

við frv. til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Pétri Magnússyni.

1. Við 3. gr. Aftan við 1. málslið bætist: Heimilt skal þó sauðfjáreigendum að slátra fé á heimilum sínum og selja afurðir þess milliliðalaust til neytenda.
2. Við 4. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Heimilt skal ríkisstjórninni, eftir tillögum kjötverðlagsnefndar, að undanþiggja greiðslu verðjöfnunargjalds þá kjötframleiðendur, er við sérstaklega erfið framleiðsluskilyrði búa.
3. Við 5. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ef framleiðandi selur sláturfjárafurðir milliliðalaust til neytenda, ber honum að tilkynna kjötverðlagsnefnd söluna samtímis og afhending fer fram á vörunni og greiða um leið verðjöfnunargjald af henni.
4. Við 10. gr. Aftan við síðasta málslið bætist: svo og takmarkað flutninga milli verðlagssvæða, ef hún telur hættu á, að markaður verði á einhverjum stað ofhlaðinn.

## Nd. 93. Frumvarp

til laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Póst- og símamálum hins íslenzka ríkis stjórnar póst- og símamálastjóri, sem hefir umsjón og eftirlit með framkvæmdum og starfrækslu pósts og síma. Póst- og símamálastjóri stendur beint undir ráðherra þeim, sem póst- og símamálin heyra undir. Konungur veitir þetta embætti.

2. gr.

Póst- og símamálastjóri hefir að byrjunarlaunum 7000 krónur, sem hækka um 500 krónur 2. hvert ár upp í 9500 krónur. Taki núverandi landssímastjóri eða póstmálastjóri við póst- og símamálastjóraembættinu, skal hann einskis í missa af þeim launum og launabótum, sem hann nú hefir, og þjónustualdur hans teljast hinn sami og hann er talinn í hinu fyrra embætti.

3. gr.

Póst- og símamálastjóra til aðstoðar skal vera í Reykjavík, meðan þess gerist þörf, sérstakur póststofustjóri, símastöðvarstjóri og bæjarsímastjóri. Alla

þessa starfsmenn, svo og skrifstofustjóra, aðalgjaldkera, fulltrúa og yfirverkfræðing, skipar ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, enda skulu skipunarbréf þeirra meðundirrituð af póst- og símamálastjóra. Laun þessara starfsmanna séu ákveðin í launalögunum. Þangað til svo verður gert, skal ráðherra ákveða launin.

Aðra nauðsynlega starfsmenn og aðstoðarmenn við póst og síma ræður póst- og símamálastjóri, sbr. þó 4. gr.

4. gr.

Landinu skal skipt í póst- og símaumdæmi, og ákveður ráðherra tölu þeirra og takmörkun. Umdæmisstjórarnir eru jafnframt póst- og símastjórar hinna stærri stöðva, og skulu þeir undir yfirstjórn póst- og símamálastjóra hafa eftirlit með starfrækslu pósts og síma hver í sínu umdæmi. Þeir skulu skipaðir af ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra. Laun umdæmisstjóra séu ákveðin í launalögum. Þangað til svo verður gert, skal ráðherra ákveða launin.

5. gr.

Á þeim stöðum utan Reykjavíkur, þar sem er bæði póstafgreiðsla og landssímastöð, skal sami maður gegna hvorutveggja starfinu og hlíta yfirstjórn póst- og símamálastjóra. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá því, að sami maður gegni bæði stöðvarstjóra- og póstafgreiðslumannsstarfi, þegar sérstakar ástæður eru til.

6. gr.

Nú er forstaða landssímastöðvar og póstafgreiðslu sameinuð, eða símastöðvarstjóri eða póstafgreiðslumaður skipaður umdæmisstjóri, og skal þá telja þjónustualdur viðtakanda í hinu nýja embætti hinn sama og hann er talinn í því embætti, er hann áður gegndi.

7. gr.

Allir starfsmenn pósts og síma, sem skipaðir eru eða ráðnir með föstum árslaunum, skulu greiða lífeyrissjóðsgjald samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 27. janúar 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, svo framarlega sem starf það, er þeir inna af hendi fyrir póst og síma, er aðalstarf þeirra.

8. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmdir og starfrækslu póst- og símamála og má ákveða sektir við broti gegn þeim.

9. gr.

Alþjóðasamningar og alþjóðareglugerðir um póst- og símamál, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir, skulu gilda sem lög, og má einnig ákveða sektir við broti gegn þeim.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 14. júní 1929, um stjórn póstmála og símamála.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1935. Frá þeim tíma skal sameiningu þeirri á stjórn og starfrækslu pósts og síma, sem í þeim felst, komið á sem fyrst, og falla þá niður þær stöður, sem óþarfar verða vegna sameiningarinnar.

## Greinargerð.

Frv. þetta er flutt af samgöngumálanefnd eftir beiðni atvinnumálaráðherra. Er það komið frá skipulagsnefnd atvinnumála, og fylgdi því frá henni eftirfarandi greinargerð með fylgiskjölum. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að koma fram með brtt. við frv. eða einstakar greinar þess.

Með lögum um stjórn póstmála og símamála, nr. 40 14. júní 1929, var stefnt að því að koma á sameiningu á starfrækslu þeirra stofnana, sem með þessi mál fara, og má fullyrða, að þar hafi verið í rétta átt stefnt.

Í lögum þeim, sem getið hefir verið um, var gert ráð fyrir mjög hægfara sameiningu. En nú virðist tími til kominn að láta hana fara fram með meiri hraða. Eins og umsögn landssímastjórans um þetta mál ber með sér, þá hefir aðstaða pósts og síma batnað á þeim stöðum, þar sem sameiningin hefir farið fram, og á þeim stöðum, sem mest munar um, hefir dregið allverulega úr rekstrarkostnaðinum. Um Ísafjörð er það t. d. að segja, að kostnaðurinn við pósthúsið var árið 1932 samtals kr. 9193.24, en næsta ár (eftir sameininguna) kr. 5583.08, og greiðsluheimild fyrir skrifstofufé er þetta ár kr. 6000.00. Frá Seyðisfirði liggur fyrir sú skýrsla, að árið fyrir sameininguna þar hafi kostnaður við rekstur pósthússins verið kr. 9375.00, en 1933 varð hann kr. 6169.97.

En sérstök ástæða er til þess að leggja áherzlu á, að með frekari sameiningu pósts og síma mundi margskonar hagræði ávinnast fyrir almenning. Meðal annars, að afgreiðslustofur pósts og síma mundu verða opnar á sama tíma, og á höfuðstöðvum mundu póststofur lengur opnar daglega en nú er. Þá skal ennfremur á það bent, að á hinum smærri stöðvum mundi hver starfsmaður fá meira verk með höndum en hann nú hefir, og mundi því verða betur launaður og una betur í þjónustu landsins en nú er títt.

En aðalbreytingin, sem felst í þessu frumvarpi, er sú, að yfirstjórn málanna er sameinuð. Sú reynsla, sem þegar er fengin, ber það með sér, að án sameiginlegrar yfirstjórnar er önnur sameining mjög í molum. Er nokkuð drepið á það efni frekar í athugasemdunum um hverja einstaka grein, auk þess sem að þessu er vikið í fylgiskjölum frá póstmálastjóra og landssímastjóra.

Þess skal getið, að sökum fjarveru póstmálastjóra hefir ekki reynzt unnt að fá umsögn hans um málið nú, en hinsvegar fylgir hér með erindi hans til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins um sameiningarmálið, dags. 18. okt. 1927, og ber það erindi með sér, að póstmálastjóri lítur svo á, að alger sameining pósts og síma muni hafa betri og ódýrari rekstur í för með sér.

Þá skal og þess getið, að talað hefir verið við forstöðumann póststofunnar í Reykjavík og ritsímastjórann í Reykjavík um þetta mál, og hafa þeir báðir

tjáð sig fylgjandi því, að komið yrði á frekari sameiningu en núgildandi lög gera ráð fyrir.

Um 1. gr.

Eðlilegt virðist, að póst- og símamálastjóri standi beint undir ráðherra sem forstjóri nokkurskonar stjórnarráðsdeildar. Svo var áður um aðalpóstmeistara (sjá lög nr. 5 7. maí 1921). Við það sparast margskonar skriffinnska, sem fylgir núverandi fyrirkomulagi. Í öðrum löndum er þetta líka þannig, nema þar, sem póst- og símamálastjórinn er sjálfur ráðherra (Þýzkaland, England). Sjálfsagt er, að konungur veiti embættið, svo sem nú er bæði um póstmálastjóraembættið og landssímastjóraembættið.

Um 2. gr.

Laun póst- og símamálastjóra þurfa að vera sæmileg, því starfið krefst mikillar sérþekkingar og málakunnáttu og er auk þess ábyrgðarríkt og umsvifamikið, og krefst oft tíðrar fjarveru, svo hann getur mjög lítið sinnt sínum eigin málum. Byrjunarlaunin eru sett hér þau sömu og nú hefir útvarpsstjóri sem grunnlaun, að undanskildri dýrtíðaruppbót og öðrum launabótum.

Um 3. gr.

Sjálfsagt er, að ráðherra skipi í embætti þá af starfsmönnum pósts og síma, sem gegna hinum þýðingarmestu og ábyrgðarríkustu störfum. Hinsvegar þykir rétt, að póst- og símamálastjóri ráði hina aðra starfsmenn. Með núverandi fyrirkomulagi sést ekki nafn landssímastjóra eða póstmálastjóra á skipunarbréfi nokkurs starfsmanns innan síma og pósts, hve lítilfjörlegur sem starfinn er, og þykir óviðkunnanlegt, að svo sé.

Laun þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í þessari grein, ættu að ákveðast í launalögum. En verði það ekki gert fyrr en eftir að skipað verður í þessar stöður, mætti fela ráðherra að ákveða launin til bráðabirgða.

Um 4. gr.

Umdæmaskiptingin er þegar til, og er hún nauðsynleg, en þarf að vera hægt að breyta eftir því sem kringumstæður breytast. Laun umdæmisstjóranna ættu að ákveðast í launalögum, og gildir hið sama um þau, sem sagt er í aths. við 3. gr. Þessar stöður eru nú til á ritsímastöðvunum, þar sem sameinað hefir verið, í svipaðri mynd og mundi verða, og mætti ákveða launin nokkuð með hliðsjón af því.

Um 5. gr.

Þessi grein felur í sér sameiningarákvæðin á stöðum úti um land. Sjálfsagt mundi sameiningin taka alllangan tíma, og er því sjálfsagt, að ráðherra geti undanþegið frá sameiningu fyrst um sinn, og jafnvel síðar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar þurfa ekki skýringar við og eru sjálfsögð, enda hin sömu og verið hafa í hinum síðari lögum.

Um 7. gr.

Svo mun vera ástatt um starfsmenn pósts og síma, að líklega allt að því helmingur þeirra eru ekki tilfærðir á launalögum og því ekki skipaðir samkvæmt þeim, heldur ráðnir af forstjórunum. Hinsvegar er þessum mönnum jafnnauðsynlegt að öðlast sömu tryggingu og hinir aðrir opinberir starfsmenn, og því sjálfsagt, að þeir greiði lífeyrissjóðsgjald eftir sömu reglum og þeir, sem nefndir eru í launalögum. Fyrir hinar skipuðu talsímameyjar hefir lífeyrissjóðurinn beinlínis orðið mikilsverður sparisjóður, því þær fá gjöld sín endurgreidd, ef þær hverfa úr þjónustu símans.

Um 8. og 9. gr.

Nauðsynlegt er, að ráðherra geti sett reglur og nánari ákvæði um starfræksluna eftir tillögum póst- og símamálastjóra. Þá er og heppilegt, að skýr ákvæði séu um það í lögum, að þeir alþjóðasamningar og alþjóðareglugerðir um póst- og símamál, sem íslenzka ríkið gengur inn á og fullgildir (ratifiserar), hafi sama gildi og lög, og að sektir megi leggja við broti á slíkum reglugerðum.

Um 10. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 11. gr.

Hentugt þykir, að lög þessi öðlist ekki gildi fyrr en á miðju næsta ári, svo að ráðrúm fáist til þess undirbúnings, er nauðsynlegur er, áður en breytingum þeim, sem lögin stefna að, verði komið á.

**Fylgiskjal I.**

LANDSSÍMASTJÓRINN

Reykjavík, 8. október 1934.

Skrifstofustjóri skipulagsnefndar hefir tjáð mér, að nefndin hafi í hyggju að gera tillögur um fullkomnun á þeirri sameiningu pósts og síma, sem byrjað var á fyrir nokkru með núgildandi póst- og símalögum frá 1929 (lög nr. 40 14. júní). Hefir skrifstofustjórinn óskað umsagnar minnar um þetta mál, og skal ég því leyfa mér að taka fram það, sem hér segir.

Póstur og sími er nú sameiginleg stofnun í flestum löndum. Undantekning er þó Norðurlönd, nema Danmörk, en þar var sameinað fyrir fáum árum, og ekki ósennilegt, að svo verði einnig í Noregi innan skamms. Stofnanir þessar eru svo skyldar hvor annari, að harla eðlilegt þykir, að þær lúti sömu stjórn og séu starfræktar af sömu starfsmönnum.

Með póst- og símalögunum frá 1929 er stigið stórt spor í sameiningarátt-ina, en sú sameining er aðeins neðan frá og hlýtur að verða örðug undir tveim yfirstjórnum, einkum þegar þess er gætt, að rekstrargrundvöllur beggja stofnananna er sem stendur gerólíkur. Samvinna milli póstmálastjóra og landssímastjóra hefir þó verið hin bezta.

Sameining hefir farið fram á allmörgum stöðum, og mun yfirleitt mega segja, að við það hafi aðstaða pósts og síma batnað á þessum stöðum. Stærstu staðirnar eru Seyðisfjörður og Ísafjörður, og læt ég hér með fylgja samanburðaryfirlit frá stöðvarstjórunum á báðum þessum stöðum um kostnaðinn fyrir og eftir sameininguna.

Rekstur landssímans grundvallast á þeirri meginreglu, að sveitirnar eða héruðin taki nokkurn þátt í kostnaði við rekstur símstöðvanna. Hafa því héruðin áhuga fyrir því, að stöðvarkostnaðurinn haldist sem lægstur, og hefir þetta fyrirkomulag áreiðanlega meðal annars átt sinn þátt í því að halda rekstrarkostnaði landssímans svo lágum sem hann hefir verið. Jafnframt hefir sveitunum verið gefinn nokkur íhlutunarréttur um val og ráðningu stöðvarstjóra o. fl.

Póstafgreiðslan úti um land mun hinsvegar nálega alstaðar vera starfrækt á þann hátt, að afgreiðslumönnunum er af póststjórninni greidd ákveðin árleg upphæð, og fyrir hana verða þeir að greiða kaup aðstoðarmönnum og kaupa allt, sem þarf til starfrækslunnar (eyðublöð, innsigli m. m.), og yfir höfuð standast allan kostnað við afgreiðsluna. Við þetta fyrirkomulag hafa héruðin vitanlega enga íhlutun, hvorki um val staða eða starfsmanna né heldur um launakjör þeirra.

Á sumum þeim stöðum, þar sem þegar hefir verið sameinað, hafa greinilega komið í ljós annmarkar þeir, sem eru á svo ólíkum rekstrargrundvelli pósts og síma með tveim yfirstjórnum, þótt ennþá hafi ekki veruleg vandræði hlotizt af.

Það er auðsætt, að nokkur sparnaður getur orðið af fullkominni sameiningu pósts og síma. Um það þarf varla að fjölyrða, og læt ég nægja að vísa í því efni til þess, sem póstmálastjóri hefir sagt í álitsgerð sinni, dags. 18. okt. 1927, um væntanlega sameiningu. Auk þess má benda á þá reynslu, sem þegar er fengin á einstöku stöðum, þar sem sameinað hefir verið, t. d. á Seyðisfirði og Ísafirði, svo sem að framan er getið. Sumstaðar hefir ekkert sparazt, en mér virðist, að aðstaðan sé víðast hvar, þar sem sameinað hefir verið, mun betri eftir en áður, bæði fyrir almenning og fyrir starfsmennina.

Aðstaðan til sameiningar póst- og símastjórnar er sem stendur ekki allskostar góð, með því að nú liggur pósthúsið og hið nýja símahús í Reykjavík nokkurn spöl hvort frá öðru. Með tímanum þyrfti að flytja þetta saman og hafa vitanlega sameiginlegan afgreiðslusal.

Ég leyfi mér að vísa til áðurnefndrar álitsgerðar póstmálastjóra, þar sem hann er eindregið meðmæltur sameiningunni, og er ég honum að mestu sammála. Þó hygg ég — að öllu athuguðu —, að heppilegt væri að hraða ekki um of fullkominni sameiningu pósts og síma, heldur undirbúa málið rækilega og gefa þeim, sem taka ætti við hinni sameiginlegu forstjórn, tækifæri til að kynna sér málið til hlítar og til að athuga og undirbúa það í öllum einstökum atriðum, til þess að komizt verði hjá mistökum.

G. J. Hlíðdal.

Til skipulagsnefndar.

**Fylgiskjal II.**

PÓSTSTJÓRNIN

Reykjavík, 18. október 1927.

Með bréfi, dags. 13. þ. m., hefir hið háa ráðuneyti skýrt mér frá, að Alþingi hafi samþykkt svo hljóðandi þingsályktun:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta rannsaka, að hve miklu leyti unnt muni vera að sameina rekstur síma og pósts“,
og beðizt þess, að ég láti í té álit á þessu máli.

Út af þessu skal ég virðingarfyllst strax taka það fram, að mér virðist það vera auðvelt að sameina rekstur pósts og síma.

Það var gert í Danmörku síðastliðið sumar með 8 stuttum lagagreinum.

Vitaskuld er eigi hægt um leið og slík lög ganga í gildi að sameina allar póst- og símastöðvar, heldur verður að fela forstjóranum, sem ég geri ráð fyrir að verði einn, að annast það smám saman.

Árið 1922 kom til mála að sameina póst- og símastöðvar, og með bréfi til ráðuneytisins, dags. 11. nóv. 1922, gerði ég ráð fyrir, að sameining þessi yrði reynd með því að landssímastjóri og aðalpóstmeistari töluðu sig saman um það í hvert skipti, sem póst- eða símastaða losnaði, en eftir fenginni reynslu á ýmsum stöðum, sérstaklega á Akureyri, verð ég að álíta, að til þess að þessi sameining geti blessazt, verði að sameina landssímastjóra- og aðalpóstmeistaraembættin.

Sameiningin á póstmeistara- og stöðvarstjóraembættinu á Akureyri strandaði á því, að símastjórnin vildi láta póststjórnina taka ákveðinn mann úr þjónustu landssímans í starfið, sem póststjórnin áleit ekki hæfan til þess, og ég efast um, að þessum manni hefði verið haldið svo fast fram af símans hálfu, ef stjórn pósts og síma hefði verið í höndum eins og sama manns.

Viðskiptavelta pósthússins á Akureyri er fram undir 2 milljónir króna á ári, en skömmu eftir að ég hafði þvertekið fyrir að láta þennan mann taka við stjórn pósthússins á Akureyri setti landssímastjóri hann frá embætti sínu við landssímann fyrir sjóðþurrð og fleira.

Ég tek þetta fram til þess að benda á, að yfirstjórnin má eigi vera tvískipt.

Sameining pósts og síma er nú komin á í flestum þeim ríkjum, sem eru í alþjóðapóstfélaginu, og ástæðan til þess, að það er eigi komið á í sumum stórum ríkjum, eins og Bankaríkjunum í Norður-Ameríku, mun stafa af því, að símarnir eru reknir sem einkafyrirtæki.

Nýju ríkin hér í álfu, sem voru stofnsett eftir ófriðinn mikla, hafa sameinað póst og síma, og af ríkjum Norðurálfunnar munu það aðeins vera Sviss, Noregur og Svíþjóð, sem eigi hafa sameinað, en í báðum hinum síðartöldu löndum er sameiningin rædd af kappi.

Til þess að skera úr því, hvort heppilegt sé að sameina póst og síma hér á landi, er auðvitað eigi nægilegt að vísa til þess, að þetta sé gert nálega alstaðar annarsstaðar, því að skeð gæti, að mætti sýna fram á einhverja agnúa við sameininguna hér á landi.

En ég verð að játa, að ég get eigi komið auga á þá. Á hinn bóginn get ég bent á margt, sem mælir með sameiningunni.

Væntanlega má fækka starfsmönnum, bæði utan Reykjavíkur, þar eð sami maður getur unnið bæði póst- og símastörfin, og í Reykjavík, vegna þess að þá má koma á meiri og betri starfskiptingu, þannig að sami maður þurfi eigi að skipta sér milli of margra óskildra starfa. Þar af leiðandi væri hægt að fá færari starfsmenn og hafa þá færri, því að afkast hvers einstaklings yxi við þetta.

T. d. mætti spara að miklu leyti laun forstjóra annarar stofnunarinnar, því að þótt forstjórarnir hafi nú yfrið nóg að gera, þá má flytja mörg af störfum þeirra yfir á ódýrari menn.

Bæði við skrifstofustörfin og afgreiðsluna virðist mega spara mannahald eitthvað, ef sameining yrði, og sömuleiðis sennilega talsvert við sameining bréfbera og sendisveina símans.

Samfara mannafækkuninni kæmi húsnæðissparnaður töluverður. Líka mætti spara kostnað við eftirlitsferðir o. fl., þar eð þá gæti sami maður skoðað og rannsakað bæði póst- og símastöðvar, athugað staðhætti og samið við hreppsfélög og einstaklinga.

Ennfremur mætti auka vélanotkun á pósthúsinu og máske bæta flutningstæki pósta, þegar pósturinn hefði verkfræðideild með verkstæði sér til aðstoðar.

Eitt er það og, að oft kemur fyrir, að póstsjóður tapar fé á því, að símaávísanir eru missímaðar.

Ég hygg, að ef sami sjóðurinn eða sama stjórnin bæri tapið, mundu slíkar missímingar koma sjaldnar fyrir. Eins og nú er ástatt er síminn ábyrgðarlaus í slíkum tilfellum.

Sameining pósts og síma í öðrum löndum hefir haft í för með sér talsverða mannafækkun, en hún hefir af mannúðarástæðum eigi verið framkvæmd svo ítarlega sem hægt hefði verið, og svo mundi væntanlega verða hér líka fyrst í stað, en að sumu leyti yrði framkvæmdin á þessu auðveldari hér á landi, vegna þess að flestir starfsmanna utan Reykjavíkur hafa póst- og símastörf eigi fyrir aðalatvinnu.

Ég verð því að vera þeirrar skoðunar, að engin sérleg vandkvæði séu við það að koma á algerri sameiningu pósts og síma og að hún muni hafa betri og ódýrari rekstur í för með sér fyrir báðar stofnanirnar.

S. Briem.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

**Ed.** **94. Frumvarp**

til laga um loftskeytastöðvar á flutningaskipum.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Ingvar Pálmason.

1. gr.

Hvert íslenzkt vöruflutningaskip, sem notað er til vöruflutninga milli landa eða með ströndum fram, sem er 500 smálestir brúttó eða stærra, skal hafa loftskeytastöð og að minnsta kosti einn loftskeytamann, er öðlazt hefir starfsskírteini frá landssímanum.

2. gr.

Langdrægi stöðvanna skal undir venjulegum skilyrðum ekki vera minna en 300 sjómílur, miðað við kristalviðtæki án magnara.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglugerð um starfrækslu stöðvanna, en skilyrðum landssímans fyrir leyfisbréfum þeirra skal að öðru leyti fullnægt samkv. heimild í lögum nr. 82 14. nóv. 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, og ákvæðum reglugerðar 27. okt. 1933, um loftskeytastöðvar á skipum, með tilliti til öryggis mannslífa á sjónum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Eftir gildandi lögum og reglugerðum eru loftskeytastöðvar fyrirskipaðar á öllum farþegaskipum, stórum og smáum, og vöruflutningaskipum 1600 smál. brúttó og stærri. Samkvæmt þessu eru öll íslenzk skip, sem útbúin eru til fólksflutninga, útbúin með loftskeytatækjum. Hinsvegar eru nú íslenzk flutningaskip, sem ekki hafa enn loftskeytastöðvar og eru ekki skyldug til þess lögum samkvæmt.

Nauðsyn loftskeytastöðva á skipum, er sigla milli landa, er ótvíræð, hvort heldur er séð frá öryggi mannslífa eða fljótvirkari tilkynningum frá farmsendendum eða eigendum skipanna. Loftskeytastöðvar á skipum eru svo nauðsynleg björgunartæki, að löggjöfin verður að tryggja það, að engin skip séu án þeirra.

Nú sem stendur eru 5 skip, sem ekki hafa loftskeytastöðvar. Eru þau þessi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hekla ..... | brúttóstærð | 1214.81 | smál. |
| Katla ..... | — | 1209.19 | — |
| Edda ..... | — | 1450.70 | — |
| Columbus ..... | — | 1185.09 | — |
| Selfoss ..... | — | 775.00 | — |

Öllum þessum skipum er ætlað að staðaldri að sigla til útlanda, og sum þeirra eru útbúin til þess að flytja nokkra farþega.

Frumvarp þetta er flutt samkv. ósk Félags ísl. loftskeytamanna og sjómannafélaganna í Reykjavík og Hafnarfirði.

## Nd. 95. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 75 [Tilbúinn áburður].

Frá landbúnaðarnefnd.

Aftan við brtt. kemur: Ákvæði þetta gildir til ársloka 1937.

## Nd. 96. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 75 [Tilbúinn áburður].

Frá Héðni Valdimarssyni.

Á eftir orðunum „20 krónur á tonn“ komi: né yfir 40000 krónur á ári.

## Ed. 97. Breytingartillaga

við frv. til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með slátur fjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Þorsteini Briem.

Við 1. gr. Í stað orðanna „Landssamband iðnaðarmanna“ komi: Búnaðarfélag Íslands.

## Nd. 98. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: Gjaldið má þó eigi vera hærra en nemur álagningu Tóbakseinkasölunnar.
2. Við 7. gr. Fyrir „nokkurn forða“ í fyrri málslið komi: hæfilegan forða.

Alþingi, 15. okt. 1934.

Sigfús Jónsson, form. Ásgeir Ásgeirsson, frsm.

Stefán Jóh. Stefánsson.

## Nd. 99. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað í máli þessu. Undirritaður meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. (GÞ og TT) leggur til að fella frv.
Nánar í framsögu.

Alþingi, 16. okt. 1934.

Héðinn Valdimarsson, form. — Bergur Jónsson, fundaskr., frsm.
Stefán Jóh. Stefánsson.

## Nd. 100. Nefndarálit

um frv. til laga um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Orðin „þar sem fyrirtækið á heimili“ falli niður.
2. Við 6. gr. Orðin „eða honum varið til eflingar fyrirtækinu á annan hátt“ falli niður.

Alþingi, 16. okt. 1934.

Páll Zóphóníasson, form. — Emil Jónsson, fundaskr., frsm. — Jakob Möller.
Guðbr. Ísberg. — Bjarni Ásgeirsson.

## Nd. 101. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Siglufjarðarkaupstað land prestssetursins Hvanneyrar.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Frumvarpsgreinin orðist svo:
Ríkisstjórninni er heimilt, þegar bæjarstjórn Siglufjarðar óskar, að selja Siglufjarðarkaupstað land prestssetursins Hvanneyrar, að undanskilinni nægilegri lóð fyrir prestssetur.

**Ed.** **102. Frumvarp**

til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

Varðskip landsins skulu eiga heima í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Skipverjar allir skulu vera slysatryggðir á kostnað ríkissjóðs, eftir sömu reglum og gilda um slysatryggingu hjá Eimskipafélagi Íslands.

2. gr.

Skipstjórar varðskipanna og stýrimenn eru löggæzlumenn Íslands á landhelgisvæðinu og þeim hafhlutum, er með lögum kunna að vera sérstaklega friðaðir fyrir togaraveiðum.

3. gr.

Dómsmálaráðherra gerir starfssamning við skipstjóra til allt að 6 ára í senn, en skipstjóri gerir samninga í umboði útgerðarstjórnar skipanna við stýrimenn, vélstjóra, kyndara og aðra starfsmenn, er vinna í vél, bryta, matsveina, þjóna, loftskeytamenn, háseta og kafara, samkv. ákvæðum 6. gr. Í samningi má setja ákvæði um uppsagnarfrest fyrir hvorn samningsaðila.

Ráðherra getur vikið skipstjóra frá starfi án fyrirvara, eftir sömu reglum og embættismönnum úr embætti. Slíkur brottrekstur fellur þó úr gildi, ef meiri hluti sjávarútvegsnefnda beggja deilda Alþingis á sameiginlegum fundi mótmælir brottrekstrinum á næsta þingi eftir brottvísun.

4. gr.

Í samráði við útgerðarstjórn skipanna ræður yfirvélameistari aðra vélstjóra, kyndara og aðra starfsmenn í vél, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins.

Um þá starfssamninga, er skipstjóri gerir við skipverja, gilda uppsagnarfrestir frá beggja hálfu samkvæmt ákvæðum sjómannalaganna, nema öðruvísi sé ákveðið í starfs- eða kaupsamningi.

5. gr.

Skipstjórum og stýrimönnum á varðskipunum skal skylt að kenna hásetum, er á varðskipunum vinna, verklega sjómennsku, eftir því sem nánar kann að verða ákveðið í reglugerð. Dómsmálaráðuneytinu er heimilt að semja reglugerð um skyldur og störf skipverja á varðskipunum með tilliti til sérstöðu þeirra á sjónum, enda komi sú reglugerð ekki í bága við ákvæði sjómannalaganna. Skipverjar mega ekki taka þátt í neinskonar kaupdeilum.

6. gr.

Skipstjóri á varðskipi skal hafa laun eftir sömu reglum og skipstjóri á strandferðaskipum ríkissjóðs, að undanskilinni strandferðauppbót, nema öðruvísi verði ákveðið í launalögum.

Kaupgreiðslur og kjör til fullgildra háseta, kafara, viðvaninga, óvaninga, kyndara, mótormanna, smyrjara, rafmagnsmanna, bryta, matsveina, þjóna, loftskeytamanna, stýrimanna og vélstjóra séu í samræmi við slíkar greiðslur á strandferðaskipum ríkissjóðs, að undanskilinni strandferðauppbót stýrimanna og vélstjóra. Kaupgreiðslur og kjör á skipum þeim, er ríkið leigir til landhelgigæzlu, skulu ákveðin með samningum við hlutaðeigendur.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að búa varðskipin björgunartækjum, eftir því sem ástæða þykir til, og verja til þess fé úr landhelgisjóði eða ríkissjóði. Skip, sem er búið björgunartækjum til hjálpar strönduðum skipum, skal hafa kafara, einn eða fleiri, eftir ástæðum.

8. gr.

Nú fær varðskip laun fyrir björgun, og greiðast þá fyrst af björgunarlaununum öll útgjöld vegna björgunar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður varðskipsins, en af afganginum falla 25% til skipshafnar varðskipsins, og skiptist féð milli skipverja í réttu hlutfalli við mánaðartekjur hvers þeirra. Þó skal greiða ákveðna upphæð af hluta skipshafnar, að dómi skipstjóra, til þeirra manna, er mest hafa lagt sig í hættu við björgunina, áður en skipti fara fram. Að öðru leyti renna björgunarlaun í landhelgisjóð.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 7. maí 1928 og lög nr. 38 23. júní 1932, svo og önnur eldri lög og fyrirmæli, er kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga, þar með talin skipunarbréf, er byggjast á ákvæðum þeirra.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

## Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru sett í eina heild lögin um varðskip landsins og skipverja á þeim frá 1928 og breyting við þau lög frá 1932, ásamt nokkrum breytingum frá eldri lögum. Allt frá því lögin voru sett hefir ríkt veruleg óánægja meðal stýrimanna og vélstjóra yfir því ósamræmi á launum þeirra, er lögin hafa skapað þeim, miðað við hliðstæð störf á íslenzkum verzlunarskipum. Upphaflega gerðu lögin ráð fyrir, að starf yfirmanna yrði tryggt og varanlegt starf. Þessu var breytt með lögum frá 1932, þar sem heimilt var að segja þeim upp stöðum sínum samkv. ákvæðum sjómannalaganna. Yfirmannastarf á þessum skipum er því nú orðið öllu ótryggara á varðskipum ríkisins en á verzlunarskipum okkar almennt. Þetta leiðir af sér, að kaupgjald og önnur kjör þurfa að vera sízt lakari á þessum skipum en öðrum skipum, er útheimta samskonar þekkingu, ef hæfir menn eiga að fást í stöðurnar. Reynslan hefir þegar sýnt það, að varðskipin verða að liggja um kyrrt tímunum saman, af ástæðum, sem erfitt

er að ráða bót á, og því fyrirsjáanlegt, að til þess ráðs verður gripið, að segja upp stöðu sinni einum eða fleirum, um skamman eða langan tíma. Þeir, sem fyrir því verða, munu ekki binda sig eingöngu við starf á þessum skipum, ef annað er í boði, enda er nú þegar nokkur hætta á, að sumir af þeim mönnum, er á skipunum vinna, leiti að öðrum störfum eða skiprúmum, vegna þeirra lágu launa, er þeir nú búa við. Með frumvarpinu er fyrir það girt, að menn yfirgefi störf sín af þeim sökum, því að þá geta þeir flutzt af verzlunarskipi yfir á varðskip, eftir atvikum, og gagnkvæmt, án þess að eiga á hættu að missa af launum sínum.

Í sambandi við þessa breytingu á launafyrirkomulagi yfirmanna var nauðsynlegt að gera ýmsar minni háttar breytingar á öðrum greinum laganna, svo lögin færðust til fullkomins samræmis. Þá eru ýmsir starfsmenn á skipunum taldir upp, sem áður hefir ekki verið getið í lögunum, svo sem bryti, matsveinar, loftskeytamenn og vikadrengir. Verður það að teljast rétt, að þeir, sem á skipunum vinna, séu undir ákvæðum laganna, svo enginn ágreiningur geti orðið eftir á, hvaða lögum þeir skuli lúta um kaup og kjör, eins og átt hefir sér stað áður. Breyting á þessum lögum var flutt á síðasta þingi, og vísast að öðru leyti til greinargerðar fyrir því frv. (Alþt. 1933 aukaþing, þskj. 93).

Um 1. og 2. gr.

Greinarnar eru samhljóða 1. og 2. gr. laganna frá 1928 og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein er fellt niður, að dómsmálaráðherra geri samning við stýrimenn og vélstjóra, þar sem til er ætlazt, að þeir séu ráðnir samkv. samningum, er sömu stéttar menn gera við skipaútgerð ríkisins, en skipstjóri samkv. stöðu sinni geri starfssamning fyrir þessa menn, eins og hann hefir áður gert við háseta og kyndara. Þessi breyting er því nauðsynleg, svo samræmi fáist á lögunum. Að öðru leyti er greinin að mestu samhljóða 1. gr. laganna frá 1932.

Um 4. gr.

Þessi grein er að efni til samhljóða að mestu 4. gr. laganna frá 1928 og 1. gr. laganna frá 1932, þar sem vélstjóra er heimilt að ráða í skiprúm þá menn, sem hann á að stjórna, og skipstjóra aðra skipverja. Er þetta í samræmi við ákvæði sjómannalaganna. Um starfssamninginn sjálfan er átt við lögskráninguna, sem skipstjóra eða fulltrúa hans ber að inna af hendi.

Um 5. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 6. og 7. gr. laganna frá 1928 og þarfnast ekki skýringar. Aðeins vikið nokkru til að orðalagi.

Um 6. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 8. gr. laganna frá 1928. Með henni er felldur niður fastur kauptaxti skipstjóra, vélstjóra og stýrimanna og kaupákvörðunin sett á sama hátt og áður gilti um háseta og kyndara. Auk þeirra eru taldir upp

þeir starfsmenn skipanna, er nú vinna á þeim og hugsanlegir eru í framtíðinni. Lagaákvæði hafa ekki gilt um þá áður, en sjálfsagt er að taka alla starfsmenn skipanna með. Þá er ætlazt til, að lög þessi nái til allra þeirra skipa, er ríkið notar til strandvarna á hverjum tíma.

Um 7. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. laganna frá 1932, að því viðbættu, að kafari, einn eða fleiri eftir ástæðum, sé á björgunarskipi. Er nokkur hefð komin á um þetta, þar sem Óðinn og Ægir skiptast nú á um einn kafara, eftir því hvort skipið er í gangi. En björgunarskipi er nauðsynlegt að hafa slíka menn innanborðs með sérkunnáttu á því starfi.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laganna frá 1932, að því viðbættu, að gert er ráð fyrir, að áður en skipt er björgunarlaunum til skipverja, þá sé tekin ákveðin upphæð og skipt milli þeirra manna, er mest hafa lagt sig í hættu við björgunina. Skal skipstjóri ákveða þá upphæð og hvernig hún skiptist. Er þetta í fullu samræmi við ákvæði gildandi laga um björgun almennt samkvæmt siglingalögunum.

9. og 10. gr.

þurfa ekki skýringa við.

## Ed. 103. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum og efni til raflagna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á eftirtöldum vöruflokkum:

a. Bifreiðum allskonar og bifhjólum, hvort heldur er til mannflutninga eða vöruflutninga.
b. Bifreiða- og bifhjólahlutum, þar með töldum hjólbörðum (tires) og slöngum.
c. Mótorvélum allskonar, sem ganga fyrir olíu eða benzíni, og öllum hlutum til þeirra.
d. Rafmagnsvélum og áhöldum og raflagningaefni. Skal undir þann flokk telja: Rafmagnsmótora, rafala, aðrar rafmagnsvélar og vélahluta, rafgeyma og rafhylki, glóðarlampa (ljósakúlur), talsíma- og ritsímaáhöld, rafmagnsmæla, slökkvara og öryggi, loftskeytatæki, dýptarmæla, röntgentæki, koparvír og vafinn vír, snúrur og kabil úr kopar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á einum framantalinna vöruflokka án þess að hinir fylgi með, og henni er einnig heimilt að taka einkasölu

á einstöku vörutegundum innan vöruflokka þeirra, sem getur í 1. gr., án þess að tekin sé einkasala á þeim vöruflokki öllum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð allt nánara skipulag einkasölunnar, þar á meðal, hversu fer um vörur þær, sem um ræðir í 1. gr. og óseldar eru í landinu þegar einkasalan hefst.

4. gr.

Ríkisstjórnin leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölunnar, svo og til viðgerðarverkstæða fyrir bifreiðar og mótora, eftir því sem þykir þurfa, og er henni heimilt að taka það að láni. Heimilt skal ríkisstjórninni að leggja rekstur einkasölunnar að nokkrum hluta eða að öllu leyti undir þær ríkiseinkasölur, sem fyrir eru.

Verzlunarhagnaður af einkasölunni rennur í ríkissjóð.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—50000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum. Hver sá hlutur, sem ræðir um í 1. gr. a—d og ólöglega er fluttur inn í landið, skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasölunnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjármálaráðherra hefir farið þess á leit við nefndina, að hún bæri frv. fram, og samþykkti meiri hluti nefndarinnar (BSt og JBald, gegn atkv. MJ) að verða við þeim tilmælum, en meiri hl. nefndarinnar áskilur sér þó rétt til þess, að hafa óbundnar hendur um einstök atriði í frv., eða bera fram eða vera með breytingartill. við það.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv. frá fjármálaráðherra:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin hafi heimild til þess að taka einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum og öðrum þeim vörum, sem þeim fylgja og nánar er þar fram tekið um.

Er gert ráð fyrir heimild til handa ríkisstjórninni, sökum þess að mál þetta þarf nokkurn undirbúning áður en framkvæmdir gætu hafizt, en þó einkum vegna þess, að mjög misjafnan undirbúning þarf til þess að hefja verzlun með hinar einstöku vörutegundir, sem frumvarpið fjallar um. Hentar því mjög vel að geta byrjað með sumar þeirra, ef til vill í sambandi við einkasölur þær, er nú starfa, þótt eigi kynni að þykja fært að byrja verzlun með aðrar þá þegar.

Margar af þeim vörutegundum, sem frumvarpið fjallar um, eru mjög álagningarmiklar í verzlun, og því áreiðanlega nokkurra tekna von í ríkissjóð, ef verzlun væri með þær hafin af ríkinu, enda þótt verði þeirra væri í hóf

stillt. Jafnhliða má svo benda á það, sem ekki vegur minna í þessu sambandi, að með vörur þær, sem í frumvarpinu eru taldar, ríkir hinn mesti glundroði í verzlun, einkum vegna hinna óhæfilega mörgu tegunda af bifreiðum og vélum, sem í verzlun eru hér á landi. Kostar sá glundroði landsmenn stórfé árlega í kaupum á lélegum tækjum, og ekki síður vegna erfiðleika, sem oft eru á því, að ná í varahluti í hinar óalgengari tegundir.

Á Alþingi 1932 báru fjórir þingmenn fram frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina um einkasölu á bifreiðum og mótorvélum. Frumvarpi þessu fylgdu nokkrar skýrslur um bifreiðategundir og mótorvélategundir, sem í notkun voru í landinu. Hefir ekki unnizt tóm til að láta þessu frumvarpi fylgja slíkar skýrslur. Þykir því rétt að vísa til skýrslna þeirra, sem um þetta er að finna í þskj. 189 frá Alþingi 1932.

**Fylgiskjal.**

## BRÁÐABIRGÐAYFIRLIT

um innflutning á eftirtöldum vörutegundum árið 1933 eins og Hagstofan getur komizt næst nú:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bifreiðar til mannflutninga | 25 stk. | kr. | 71016,00 |
| — — vöruflutninga | 75 — | — | 231180,00 |
| Snjóbifreiðar | 3 — | — | 17667,00 |
| Bifreiðahlutar | 114989 kg. | — | 362735,00 |
| Bílabarðar | 71303 — | — | 251356,00 |
| | | Kr. | 933954,00 |
| Mótorar og rafalar | 16208 kg. | kr. | 46229,00 |
| Aðrar rafmagnsvélar & vélahlutar | 30676 — | — | 80197,00 |
| Rafgeymar o. fl. | 87795 — | — | 153700,00 |
| Glóðarlampar | 6482 — | — | 110013,00 |
| Talsíma- og ritsímaáhöld | 9349 — | — | 62106,00 |
| Rafmagnsmælar | 3402 — | — | 45203,00 |
| Slökkvarar | 7120 — | — | 39320,00 |
| Ryksugur | 1124 — | — | 10680,00 |
| Önnur rafmagnsáhöld | | ca. — | 173575,00 |
| Loftskeyta- og útvarpstæki | | — — | 484069,00 |
| Röntgentæki | 7690 — | — | 25346,00 |
| | | Kr. | 1230438,00 |
| Vafinn vír, snúrur, kabill | ca. 122000 kg. | ca. kr. | 185000,00 |
| Koparvír | 28825 — | — | 41641,00 |
| | | Kr. | 226641,00 |

## Ed. 104. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hluti fjárhagsnefndar telur ekki, eins og nú er ástatt, fært að lögleiða miklar hækkanir á einstökum tollum eða sköttum til ríkissjóðs. Telur hann nauðsyn bera til þess að knýja útgjöld ríkissjóðs niður eins og frekast er unnt, til þess að greiðsluhalli hverfi, án skatthækkana. Verði á hinn bóginn ómögulegt að komast hjá greiðsluhalla á fjárlögum án skatthækkana, telur hann þá leið færasta, að gefa ríkisstjórninni heimild til þess að innheimta sem flesta tekjustofna ríkissjóðs með þeim viðauka, sem þarf til þess að komizt verði hjá greiðsluhalla.

Um hækkun þá, sem þetta frumvarp fer fram á, vill minni hlutinn auk þess láta í ljós efa um, að ríkissjóði verði hún að miklu liði. Verð á tóbaksvörum er nú þegar spennt svo hátt, að hætt er við, að ný verðhækkun leiði til þess, að úr neyzlunni dragi eða smyglun fari í vöxt.

Alþingi, 16. okt. 1934.

Magnús Jónsson.

## Ed. 105. Nefndarálit

um frv. til laga um tekju- og eignarskattsauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og veitt því athygli, að niður hefir fallið að ákveða viðauka við eignarskatt, og mun þetta stafa af vangá. Ber nefndin fram breytingartill. þessu til leiðréttingar.

Samkv. þessu leggur n. til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Fyrir „tekjuskatt“ komi: tekju- og eignarskatt.

Alþingi, 16. okt. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Baldvinsson, form. | Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. | Magnús Jónsson, með fyrirv. |

## Nd. 106. Nefndarálit

um frumvarp til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá fjárhagsnefnd.

Eftir að hafa athugað frumvarp þetta leggur nefndin til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. okt. 1934.

Sigfús Jónsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. Jakob Möller, fundaskrifari.
Ásgeir Ásgeirsson. Ólafur Thors.

## Nd. 107. Nefndarálit

um frumvarp til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. okt. 1934.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Jakob Möller, fundaskr. Ásgeir Ásgeirsson, með fyrirv.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

## Nd. 108. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 16. okt. 1934.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Ásgeir Ásgeirsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

## Ed. 109. Nefndarálit

um frv. til l. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að bera fram breytingartillögur við frv., eða vera með breytingum á því.

Alþingi, 16. okt. 1934.

Páll Hermannsson, form., frsm. Jón Baldvinsson, fundaskr. Þorsteinn Briem.
Pétur Magnússon. Jónas Jónsson.

## Nd. 110. Frumvarp

til áfengislaga.

Frá allsherjarnefnd.

### I. KAFLI

### Almenn ákvæði.

1. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

2. gr.

Veiti Alþingi með sérstökum lögum heimild til tilbúnings áfengs öls á Íslandi, skal það, að því leyti sem þau lög ná til, vera undanþegið ákvæðum þessara laga um tilbúning, sölu og veitingar í landinu.

### II. KAFLI

### Innflutningur áfengis.

3. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnist. Áfengisverzlun ríkisins annast innflutninginn.

Sendiræðismönnum erlendra ríkja skal þó heimilt að flytja frá útlöndum hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna án tollgreiðslu og álagningar, en tilkynna skulu þeir Áfengisverzlun ríkisins í hvert skipti, er innflutningur á sér stað.

4. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt heimild í 3. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsiglan og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum. En aldrei má gefa öðrum né selja af þeim forða.

Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínum, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenzkt eða erlent. Hefir hann vald til þess að opna hirzlur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

5. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins, ella skal auglýsa það eftir reglum um vogrek. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá tilkynningu að áfengið sé sent úr landi á hans kostnað eða selt Áfengisverzlun ríkisins fyrir það verð, er hún kann að bjóða, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er og ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu innan 6 mánaða frá birtingu hennar, og skal þá telja 12 mánaða frestinn frá því, að hann segir til sín.

Gefi enginn eigandi sig fram áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

6. gr.

Enginn má taka við neinskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hér við land eða í íslenzkri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

## III. KAFLI

### Tilbúningur áfengis.

7. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar, sbr. þó 2. gr.

8. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefir verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í Menningarsjóð.

## IV. KAFLI

### Sala og veitingar áfengis.

9. gr.

Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 3. gr. Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af áfengisstyrkleika og gæðum. Álagning á vín þau, er um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, verður að vera innan þeirra takmarka, er þau lög setja.

10. gr.

Auk áfengis þess, sem um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, er Áfengisverzlun ríkisins heimilt að selja annað áfengi á núverandi útsölustöðum í kaupstöðum landsins.

Ríkisstjórninni er og heimilt að setja á stofn nýja útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kauptúnum. Áður en útsala er sett á stofn skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í hreppi þeim eða kaupstað, sem í hlut á, og þarf $^3/_5$ hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Nú hefir verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu samkvæmt framansögðu, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að tveimur árum liðnum.

11. gr.

Heimild til að selja aftur áfengi, er keypt hefir verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsölum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja. Smáskammtalæknum, sem lækningaleyfi hafa samkvæmt lögum, er og heimilt að selja smáskammtalyf með vínanda í, enda fylgi pöntun þeirra meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra.
2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.
3. Sala vínanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, skal lúta sömu reglum og um venjulegar verzlunarvörur gilda.

12. gr.

Dómsmálaráðherra hefir heimild til þess að leyfa veitingahúsum í kaupstöðum veitingar á vínum þeim, er um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923. Hann getur og leyft veitingar annara vína. Skal í veitingaleyfi eða reglugerð ákveða skilyrði fyrir veitingasölunni, þar á meðal um veitingastað og veitingatíma.

13. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni, að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni næsta virkan dag.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

## V. KAFLI

### Meðferð áfengis í landinu.

14. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs. Einnig er bannað að selja þeim manni áfengi, er sekur hefir gerzt um óleyfilega sölu áfengis.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

15. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist ólöglegt áfengi í vörzlum manns, skal honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 24. gr., ef ætla má að áfengið sé innflutt, en ella eftir 27. gr.

16. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 10. og 11. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

17. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 30. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

Menn með lögregluvaldi, þar á meðal lögregluþjónar, hreppstjórar eða sérstakir löggæzlumenn, hafa vald til að hefja lögreglurannsókn, hver í sínu umdæmi, gegn þeim, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Þeir hafa og vald til þess að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv., og stöðva þau á meðan á rannsókn stendur. Skyldir eru þeir að senda viðkomandi dómara þegar í stað skýrslu um rannsóknina og staðfest eftirrit af prófum, ef fram hafa farið, en dómarinn tekur málið til frekari meðferðar.

18. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 11. og 12. gr.

Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annara, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

## VI. KAFLI

## Ölvun.

19. gr.

Hver sá, sem sökum áberandi ölvunar veldur óspektum eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum eða skipum hér við land, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

20. gr.

Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar frávikningu úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sé um lækni að ræða, missir hann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir læknisleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

21. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar.

22. gr.

Séu skipstjórar, stýrimenn, bátaformenn eða vélstjórar ölvaðir við störf sín á skipi, sem þeir eiga að stjórna, sæta þeir sömu refsingu og embættismenn samkvæmt 20. gr. Kemur þá missir réttar til skipstjórnar, stýrimennsku eða vélgæzlu, eftir því sem við á, í stað embættismissis eða sýslunarmissis.

23. gr.

Ef flugmenn eða bifreiðastjórar eru undir áhrifum áfengis við flug eða akstur, varðar það missi flug- eða ökuskírteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

## VII. KAFLI

### Refsiákvæði.

24. gr.

Fyrir brot gegn 3. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

| | |
|---|---|
| Fyrsta sinni | kr. 1000— 5000 |
| Öðru sinni | — 2000—10000 |
| Þriðja sinni | — 4000—20000 |

Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má ennfremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða.

Gerist skipstjóri eða skipverji á íslenzku skipi sekur um brot samkv. þessum lið, skal hann skráður úr skiprúmi og sviptur rétti til skipstjórnar eða lögskráningar á íslenzkt skip um tiltekinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef um mjög stórfellt eða margítrekað brot er að ræða. Þegar refsingu samkvæmt þessari málsgrein er beitt, er heimilt að lækka að tiltölu aðra refsingu fyrir brotið, og jafnvel að láta hana niður falla, ef um smávægilegt brot í fyrsta sinn er að ræða.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggja.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal skipið gert upptækt með dómi handa ríkissjóði.

Brot gegn 3. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það

riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 100—3000 krónum. Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

25. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 3. gr., skal hann sekur um 500—5000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 24. gr. l., síðustu málsgrein.

Áfengi það skal gert upptækt, sem skotið var undan innsiglan eða vanrækt að skýra frá.

26. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 6. gr. varða refsingu samkvæmt 24. gr.

27. gr.

Brot gegn 7. gr. varða sektum, 500—5000 kr., og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, ef áfengið hefir verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er ítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

28. gr.

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 200—2000 kr. Ítrekað brot varðar sektum 400—5000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margítrekað, eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengisseðla. Lágmark leyfissviptingarinnar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 30. gr. 2. málsgr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

29. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefir til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 30. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 31. gr.

30. gr.

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum 200—2000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 400—5000 krónum.

Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi allt að 3 mánuðum.

31. gr.

Verði maður, sem leyfi hefir til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 16. gr., varðar það refsingu samkvæmt 30. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinn ekki skemur en einn mánuð, í annað sinn ekki skemur en 3 mánuði og í þriðja sinn að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæta sektum, 50—1000 krónum.

32. gr.

Brot gegn ákvæðum 14. gr. varða sektum frá 25—500 krónum.

33. gr.

Brot gegn 17. gr. varða sektum 50—2000 kr. og ítrekað brot 100—4000 kr.

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

34. gr.

Brjóti nokkur ákvæði 18. gr. 1. málsgr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 50—1000 kr. sekt og neytanda 25—500 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 18. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 50—2000 kr. sektum.

35. gr.

Brot gegn 19. gr. varða sektum frá 25—500 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

36. gr.

Brot gegn 20.—22. gr. varða sektum: Fyrsta sinn 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Þriðja sinni stöðu- eða starfsmissi samkvæmt ákvæðum áðurnefndra greina.

37. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 3., 6. gr. 1. málsgr. eða 7. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til þess að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum 50—4000 kr.

## VIII. KAFLI

### Ýms ákvæði.

38. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þess-

um, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

39. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

40. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

41. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

42. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 19. maí 1930, og öll þau lagaákvæði, er koma í bág við þessi lög.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er, eftir tilmælum dómsmálaráðherra, flutt af allsherjarnefnd, og hafa allir nefndarmenn óskoraðan rétt til þess að koma fram með brtt. við einstakar greinar frumvarpsins.

Svo hljóðandi athugasemdir fylgdu frumvarpinu:

Hinn 29. maí 1933 var í sameinuðu Alþingi samþykkt svo hljóðandi þingsályktun með 26:2 atkvæðum:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram þjóðaratkvæði á þessu ári meðal kjósenda í málefnum sveitar- og bæjarfélaga um það, hvort afnema skuli bann það gegn innflutningi áfengra drykkja, er felst í gildandi áfengislöggjöf.“

Samkvæmt þingsályktun þessari lét ríkisstjórnin fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu fyrsta vetrardag 1933. Greiddu 15884 kjósendur atkvæði með afnámi bannsins, en 11624 á móti. Í tilefni af úrslitum atkvæðagreiðslunnar var á aukaþinginu 1933 samþykkt í sameinuðu Alþingi svo hljóðandi dagskrártillaga með 26:16 atkvæðum:

„Sameinað Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að það lítur svo á, að þjóðaratkvgr., sem fór fram 1. vetrardag síðastliðinn, skeri úr um það, að áfengislöggjöf landsins beri að breyta samkv. þeim þjóðarvilja, sem þá kom fram, og í trausti þess, að ríkisstjórnin undirbúi slíka lagasetningu fyrir næsta reglulegt þing, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.“

Samkvæmt þannig yfirlýstum þings- og þjóðarvilja hefir verið undirbúin breyting sú á áfengislöggjöfinni, sem felst í frumvarpi þessu. Sökum samninga vorra við Spánverja og afstöðu vorrar gagnvart þeim, hefir ekkert verið hreyft við núgildandi ákvæðum um sölu Spánarvína. Að því er snertir aðalbreytinguna, leyfi til innflutnings og sölu sterkari drykkja en hingað til hefir verið heimilt, skýrir frv. sig sjálft. En um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Skilgreiningu á áfengi er haldið óbreyttri frá því, sem er í núgildandi áfengislöggjöf.

Um 2. gr.

Ef svo færi, að Alþingi heimilaði tilbúning áfengs öls á Íslandi, myndi til þess þurfa sérlög, og væri þá rétt, að þau hefðu einnig að geyma ákvæði um sölu og veitingar ölsins, sem væntanlega yrðu að nokkru frábrugðin ákvæðum þeim, er gilda um innflutt vín. Hinsvegar myndu ákvæði II. kafla um innflutning og VI. kafla um ölvun, svo og önnur ákvæði laganna, að því leyti, sem sérlögin mæltu ekki öðruvísi fyrir, ná til áfengs öls.

Um 3. gr.

Einkasölu ríkisins á áfengi er hér gefinn frjáls innflutningur hverskonar áfengis, sbr. 1. gr., og er afnám núgildandi innflutningsbanns í því fólgið.

Um 4. gr.

Sökum þess að hætta mun verða á smyglun, þrátt fyrir afnám bannsins, er núgildandi ákvæðum um stranga tollgæzlu haldið að mestu óbreyttum. Ekki þykir rétt að leyfa veitingar áfengis á skipum, eins og hér hagar til um strandferðir, en núgildandi ákvæðum um hæfilegan skipsforða af áfengi til handa skipverjum er haldið.

Um 5. gr.

Hér eru ákvæði um áfengi, sem berast kynni hingað til lands án þess að um ólöglegan innflutning sé að ræða. Eigendum er hér gefinn kostur á að flytja áfengið úr landi eða selja það Áfengisverzlun ríkisins fyrir verð, sem hún kynni að bjóða.

Um 6. gr.

Innflutningur ólöglegs áfengis er að vísu fullframinn þegar það er flutt inn í íslenzka landhelgi, sbr. 24. gr., en engu að síður þykir verða að taka eins strangt á því, ef tekið er við áfengi á sjó úti, þótt í landhelgi sé, t. d. úr erlendum skipum, og það flutt inn í landið.

Um 7. gr.

Bann við bruggun áfengis í landinu er látið haldast óbreytt frá eldri lögum. Ef ríkið tækist á hendur að framleiða áfenga drykki, myndi þurfa sérlög um það, og er því ekki ástæða til slíkrar heimildar í þessum lögum.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir, að andvirði upptækra muna samkv. þessari gr. renni í Menningarsjóð, í stað þess að áður rann það til ríkissjóðs.

Um 9. gr.

Áfengisverzlun ríkisins er ætlað að annast sölu innflutts áfengis, og skal verðlagning þess ákveðin af ríkisstjórninni með hliðsjón af styrkleika og gæðum. Ákvæði laga nr. 3 1923 haldast óbreytt.

Um 10. gr.

Þar eð í engu verður hreyft við núgildandi löggjöf um Spánarvín, verða núverandi útsölustaðir látnir haldast, og er þá ekki ástæða til að láta fara fram sérstaka atkvæðagreiðslu um sölu sterkari vína á þeim stöðum. Hinsvegar þykir ekki rétt að stofna til nýrra útsölustaða nema íbúar viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns samþykki það, og þykir rétt að binda samþykkið við ⅔ greiddra atkvæða. Þjóðaratkvæðið um afnám bannlaganna sýndi mjög mismunandi afstöðu ýmsra héraða til þess máls, og er ekki ætlazt til, að vínunum verði þrengt upp á bæjar- eða hreppsfélög gegn vilja þeirra. Hinsvegar er það ljóst, að því meiri takmarkanir sem gerðar eru, því meiri hætta verður á ólöglegri leynisölu áfengis.

Um 12. gr.

Ákvæði um ýmsar takmarkanir í sambandi við veitingar áfengis þykja fremur eiga heima í reglugerð en í sjálfum lögunum.

Um 14.—18. gr.

Þessar gr. þarfnast yfirleitt ekki skýringa. Ákvæðið í 2. mgr. 18. gr. er sett til að koma í veg fyrir, að farið verði í kringum bann við veitingum áfengra drykkja með málamyndafélagsstofnunum, sem auðvelt er að fá aðgang að.

Um 19. gr.

Ekki þykir ástæða til þess að refsa fyrir ölvun út af fyrir sig, geri hinn ölvaði sig ekki jafnframt sekan um óspektir á almannafæri eða aðra hneykslanlega framkomu.

Um 20.—23. gr.

Að mestu samhljóða 17.—20. gr. í l. nr. 64 1930. Í 20. gr. er nú tekið fram berum orðum, að refsing fyrir ölvun við skyldustörf skuli einnig ná til starfsmanna opinberra stofnana.

Um 24.—37. gr.

Refsingar fyrir ólöglegan innflutning og ólöglegan tilbúning áfengis verða að vera strangar, þrátt fyrir afnám bannsins. Ýms önnur refsiákvæði eru nokkuð færð niður frá því, sem nú er, og færð til meira samræmis.

Ákvæði í 24. gr. um sviptingu skipstjóraréttinda eða réttar til lögskráningar á skip er nýmæli, sem væntanlega verður drýgra til varnar ólöglegum innflutningi en háar sektir.

## Nd. 111. Tillaga

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að endurskoða fátækralöggjöfina og undirbúa löggjöf um almennar tryggingar.

Flm.: Thor Thors, Jóhann Jósefsson, Sigurður Kristjánsson, Garðar Þorsteinsson, Gunnar Thoroddsen, Jón Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna milliþinganefnd til þess að endurskoða fátækralöggjöfina og undirbúa löggjöf um almennar tryggingar. Skal hver þingflokkanna eiga rétt á að tilnefna einn mann í nefndina, en atvinnumálaráðherra tilnefnir formann nefndarinnar. Skal nefndin hafa lokið störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Nefndin skal ólaunuð.

### Greinargerð.

Nauðsyn almennrar tryggingarlöggjafar hefir verið rædd á Alþingi á undanförnum árum og grein gerð fyrir henni. Jafnframt hefir nokkuð verið lýst aðgerðum annara þjóða í þessum efnum. Er því óþarft að víkja að þessu hvorutveggja nokkuð nánar að svo stöddu.

Núverandi stjórnarflokkar hafa ákveðið að undirbúa löggjöf þá, er þingsályktun þessi tekur til. Þar sem slík löggjöf er afarvíðtæk og skiptir alla þjóðina hinu mesta máli, enda æskilegt, að svo takist um setningu hennar í öndverðu, að til frambúðar megi standa, þykir ráðlegt, að allir þingflokkar starfi að undirbúningi löggjafarinnar. Mundi það og flýta afgreiðslu málsins mjög á þingi og koma í veg fyrir óþarfa flokkastreitu um mál, sem samkv. eðli sínu hlýtur mjög að hvíla á þegnskap og þjóðfélagskennd allra landsmanna.

## Sþ. 112. Þingsályktun

um heimild handa ríkisstjórninni til að taka ábyrgð á láni.

(Afgreidd frá Sþ. 16. okt.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast vegna ríkissjóðs 40000 kr. lán, sem Sauðárkrókshreppur hefir fengið loforð fyrir hjá Handelsbanken í Kaupmannahöfn.

## Nd. 113. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir heimild til þess að setja á stofn skrifstofu til leiðbeiningar erlendum og innlendum ferðamönnum, og nefnist hún Ferðamannaskrifstofa ríkisins.

2. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal starfa að því að veita fræðslu um landið, innanlands og utan, með það sérstaklega fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á því.

3. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal jafnan veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu, um gistihús, farartæki, ákvörðunarstaði og annað, sem ferðamönnum er nauðsynlegt að fregna um.

4. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal hafa rétt til þess að heimta gjaldskrá af ferðamannaskrifstofum einstakra manna eða félaga, gistihúsum, veitingahúsum og eigendum fólksflutningabifreiða. Nú virðist einhver liður gjaldskránna ósanngjarn, og hefir þá Ferðamannaskrifstofa ríkisins heimild til þess að breyta honum, að fengnum tillögum nefndar, er ferðamannaskrifstofur einstaklinga eða félaga, eigendur gistihúsa og veitingahúsa og eigendur fólksflutningabifreiða hafa rétt til að tilnefna menn í, samkvæmt reglugerð, er ríkisstjórnin gefur út.

5. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal hafa eftirlit með hreinlæti á gistihúsum og veitingahúsum, prúðmannlegri umgengni og aðbúnaði ferðamanna. Finni Ferðamannaskrifstofa ríkisins ástæðu til umvöndunar, skal hún gera eigendum gistihúsanna og veitingahúsanna viðvart um það. Nú láta eigendur gistihúsa og veitingahúsa ekki skipast við umvöndun Ferðamannaskrifstofu ríkisins, og hefir þá ríkisstjórnin, að fengnum tillögum Ferðamannaskrifstofunnar, heimild til þess að svipta eigendur gistihúsa og veitingahúsa réttinum til þess að reka þau.

6. gr.

Ríkisstjórnin hefir heimild til þess að láta einhverja af ríkisstofnunum þeim, sem þegar eru starfandi, hafa Ferðamannaskrifstofu ríkisins með höndum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frv. þetta er samið af skipulagsnefnd atvinnumála og flutt samkvæmt ósk atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frv. þetta er lagt fyrir Alþingi fyrir þá sök, að augljóst þykir, að mikill skaði geti af því hlotizt, ef eigi sé gerð gangskör að því að greiða fyrir ferðamönnum, sem hingað til lands vilja leita. Ferðamannastraumurinn til landsins fer að vísu vaxandi, en þó má ætla, að hann gæti enn margfaldazt, ef hyggilega væri að því unnið að örva hann.

Það mun naumast orka tvímælis, að mikill ávinningur væri að því, ef þetta gæti tekizt. Ísland hefir að ýmsu leyti skilyrði til þess að verða eitt fremsta ferðamannaland álfunnar. Náttúran er hér svo fjölbreytt og svo ólík því, sem kostur er að líta á einum stað víðast hvar annarsstaðar, að hún hefir mikið aðdráttarafl fyrir menn. Auk þess hefir saga þjóðarinnar verið með þeim hætti, að marga fýsir að kynnast af eigin sjón og reynd því fólki, er hér býr. Með auknum ferðamannastraum mundi sá misskilningur, sem víðast hvar ríkir um Ísland, hverfa og með honum margskonar óhagræði, sem af honum stafar fyrir landsmenn.

En svo mikils sem um þetta atriði er vert, þá skiptir þó fjárhagshlið málsins ekki minna. Síðastliðið sumar komu til landsins 14 stór ferðamannaskip og með þeim um 500 farþegar á hverju til jafnaðar. Skip þessi greiddu um 40000 kr. í vitagjald. En örðugt er að gera sér grein fyrir, hvað mikið farþegar hafa greitt í landi fyrir akstur, máltíðir, varning o. s. frv. Kunnugum mönnum þykir þó ekki hátt reiknað að áætla þetta nálægt 20 kr. á mann, eða 140000 kr. fyrir alla farþega. Auk þeirra, sem með þessum skipum hafa komið, er kunnugt að minnsta kosti um átta hundruð útlenda ferðamenn, sem til landsins hafa komið með skipum, sem fastar áætlunarferðir hafa. Farþegar þessir hafa flestir dvalið hér frá 3 dögum til 3 vikur, og hlýtur því allmikið af erlendum gjaldeyri að hafa komið hingað til landsins með þeim.

Nú er það kunnugra manna mál, að unnt muni vera að örva ferðamannastrauminn að verulegum mun. Ástæða er t. d. til þess að ætla, að töluvert fleiri ferðamannaskip mundu koma hingað, ef vitagjald af þeim væri enn lækkað svo nokkru næmi. Yfirleitt greiða slík skip ekki vitagjald — eða þá mjög lágt — í öðrum löndum, því að annar gróði af komu skipanna er að jafnaði miklu meiri en þessum gjöldum nemur, en útgerðarfélögin hinsvegar ófús að senda þau þangað, er gjöldin eru há. En rétt þykir að hverfa ekki að því ráði að lækka vitagjaldið fyrr en nokkur reynsla hefir fengizt um það, hvern árangur þær ráðstafanir bera, sem stefnt er að með þessu frumvarpi.

Þungamiðja frumvarpsins er að auka fræðsluna um landið og vekja á þann hátt athygli ferðamanna á því. Þetta verk verður naumast gert, svo að haldi komi, nema ferðamannaskrifstofa, sem ríkið sjálft setur á fót og annast, sjái um það. Svo er til ætlazt, að skrifstofan gefi út bæklinga og auglýsingarit um landið, og mundi allmikill hluti af kostnaðinum fást inn með greiðslu fyrir þær auglýsingar, sem skipafélög, bifreiðafélög, gistihús og aðrir, sem einkum annast móttöku ferðamanna, mundu fá birt í ritunum. En óbeinn hagnaður af starf-

semi skrifstofunnar ætti margfaldlega að bæta upp þann beina kostnað, sem af skrifstofunni hlytist.

Jafnframt því, sem skrifstofan annaðist leiðbeiningar og auglýsingar um landið, er svo fyrir mælt í frumvarpinu, að hún hafi einnig eftirlit með því, að sanngjarnlega sé við ferðamennina skipt hér á landi. Skiptir það mjög miklu máli, að þessa sé vandlega gætt, því að misbrestur í þessu efni á einum stað kann að hafa víðtækar afleiðingar í för með sér. Hinsvegar er einnig gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að hlutaðeigendur fái tækifæri til þess að færa fram ástæður sínar fyrir réttmæti gjaldskránna.

Þá er og fyrirmæli um það í frumvarpinu, að ferðamannaskrifstofan hafi eftirlit með því, að aðbúnaður ferðamanna sé með þeim hætti, að sómi sé að.

Æskilegt væri, ef ríkisstjórnin sæi fært að sameina ferðamannaskrifstofuna einhverri ríkisstofnun, sem þegar er starfandi, en ekki þykir rétt að skylda hana til þess, ef annað þætti hentara.

## Nd. 114. Frumvarp

til laga um eftirlit með opinberum rekstri.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Fyrirtækjum þeim, sem ríkið hefir sett á stofn til þess að annast sérstök samgöngumál, verzlunarmál, verklegar framkvæmdir, ásamt verksmiðjustörfum, skal skipt í þrjá flokka, eftir eðli þeirra og viðfangsefnum, svo sem hér segir:

Í fyrsta flokki eru póstmálakerfið, landssíminn, ríkisútvarpið og skipaútgerð ríkisins.

Í öðrum flokki eru tóbakseinkasala ríkisins, áfengisverzlun ríkisins, víðtækjaverzlun ríkisins og áburðareinkasala ríkisins.

Í þriðja flokki eru skrifstofa vegamálastjóra, skrifstofa vitamálastjóra, skrifstofa húsameistara ríkisins, ríkisprentsmiðjan og landssmiðjan.

2. gr.

Nú setur ríkið á fót fleiri stofnanir, til þess að hafa með höndum sérstaka starfrækslu. Skal þá ríkisstjórnin skipa þeim, jafnskjótt og þær taka til starfa, í þann flokk, sem þær standa næst um starfrækslu.

3. gr.

Yfir hvern flokk fyrirtækja, sem um getur í 1. og 2. gr., skal skipa þriggja manna ráð, til þess að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með starfrækslunni. Skal ráð hvert ávallt hafa rétt til að aðgæta reikningshald og skjöl öll, er stofnunina varða. Ráð skal eigi koma sjaldnar saman á fund en sem svarar einu sinni mánuð hvern, en oftar ef þörf gerist.

Forstjórum stofnana þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, skal skylt að

leggja fyrir ráð það, sem stofnunin heyrir undir, öll mikilsvarðandi mál, sem starfræksluna varða, gera grein fyrir innkaupum, starfsmannahaldi, kaupgjaldi og tilhögun starfs, fjárhag, álagningu á vörum og öðrum meginreglum, sem starfrækslan miðast við.

Afrit af fundargerðum ráðsfundar skulu jafnóðum send ríkisstjórninni, og er forstjóri sendir ríkisstjórninni tillögur, er varða stofnun þá, er hann veitir forstöðu, þá skal álit ráðs ávallt fylgja tillögunum.

4. gr.

Ríkisstjórnin kallar öll ráð þau, er ræðir um í 3. gr., á sameiginlegan fund, til þess að ræða um samræming á störfum ríkisstofnananna og önnur þau atriði, er þær varða sameiginlega, eins oft og henni þykir þörf á, og leitar ávallt álits slíks sameiginlegs fundar við undirbúning fjárlaga.

5. gr.

Ráð þau, sem ræðir um í lögum þessu, skulu kosin á þriggja ára fresti af Alþingi, með hlutfallskosningu.

6. gr.

400 króna þóknun skal greidd hverjum manni í ráðunum, og skal stofnununum í hverjum flokki, er ræðir um í 1. gr., skylt að greiða þá þóknun að jöfnum hlutföllum fyrir sitt ráð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frv. þetta er samið af skipulagsnefnd atvinnumála og er flutt af meiri hluta allsherjarnefndar (HV, BJ, StJSt) að tilhlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins. Minni hlutinn hefir ekki viljað taka afstöðu til frumvarpsins. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Ríkisstofnunum þeim, sem hafa með höndum sérstök störf fyrir þjóðfélagið, svo sem verzlunarstörf, samgöngumál, verklegar framkvæmdir o. s. frv., er nú yfirleitt stjórnað þannig, að yfir hverja fyrir sig er settur forstjóri, sem annast allan reksturinn og tekur um hann ákvarðanir, þótt venjulega muni hann að vísu bera undir viðkomandi ráðherra ýms meiri háttar mál, sem stofnunina varða, og leita samþykkis hans, ef efnt er til verulegra breytinga á starfsháttum stofnunarinnar. Eins fer endurskoðun á reikningum hverrar stofnunar fram í stjórnarráðinu undir eftirliti ríkisstjórnarinnar. En það ræður af líkum, að ríkisstjórnin á þess sjaldnast kost að fylgjast verulega með um starfsháttu þessara fyrirtækja. En í stofnunum, sem hafa með höndum miklar fjárreiður, verður ekki sagt, að tryggilega sé um búið, ef aðeins einn maður fjallar um flestar ákvarðanir.

Með frumvarpi þessu er ætlazt til, að nokkur bót verði á þessu ráðin. Gerir

frumvarpið ráð fyrir, að fyrirtækjum ríkisins, sem sett hafa verið á stofn, eða sett kunna að verða á stofn, til þess að annast sérstök samgöngumál, verzlunarmál og verklegar framkvæmdir, skuli skipt í flokka, og hafi þriggja manna ráð með höndum eftirlit með rekstri fyrirtækja hvers flokks og sé forstjórunum til aðstoðar um ákvarðanir og stjórn. Ráð þau, sem hér er gert ráð fyrir, mundu hafa líka aðstöðu til fyrirtækjanna og forstjóranna og stjórnir hlutafélaga hafa til hlutafélaga og framkvæmdastjóra þeirra, að því undanskildu, að úrslitavald er í höndum ráðherra. Mun almennt litið svo á, sem stjórnir slíkra félaga séu nauðsynlegar til þess að hafa með höndum eftirlit og eiga þátttöku í ákvörðunum, hversu góðir sem framkvæmdastjórar kunna að vera. En til frekari tryggingar heilbrigðum rekstri fyrirtækja ríkisins er ennfremur svo fyrir mælt í frumvarpinu, að ríkisstjórninni sé gefinn kostur á að fylgjast náið með starfseminni, með því að fundargerðir ráðsfunda séu jafnóðum sendar henni og álit ráðs fylgi þeim tillögum, er forstjórar kunna að senda ríkisstjórninni.

Þá er ennfremur svo fyrir mælt í frumvarpinu, að ríkisstjórnin skuli hafa sameiginlega fundi með ráðunum öllum í heild sinni, til þess að ræða við þau um samræming á störfum ríkisstofnananna og um önnur þau atriði, er þær varða sameiginlega. Þetta ákvæði er sett í frumvarpið fyrir þá sök, að misbrestur nokkur virðist á því, að ríkisfyrirtækin hljóti þann stuðning hvert af öðru, sem æskilegt er og raunar sjálfsagt er. Þá er og mikilsvert fyrir ríkisstjórnina að ráðfæra sig við ráðin um undirbúning fjárlaganna.

Svo mætti virðast sem eðlilegt væri, að tryggingarstofnun ríkisins og meðferð á opinberum sjóðum kæmi undir lög þessi, en um þessi efni mun væntanlega verða fjallað með sérstakri löggjöf.

Sanngjarnt þykir, að Alþingi kjósi ráðin með hlutfallskosningu á þriggja ára fresti. Er mikils um það vert, að umboðsmenn þjóðarinnar á þingi eigi kost á að fylgjast sem nánast með rekstri ríkisstofnananna, og virðist því eðlilegt, að Alþingi kjósi þessa trúnaðarmenn.

## Nd. 115. Breytingartillögur

við frv. til laga um verzlun með tilbúinn áburð.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Gunnar Thoroddsen.

1. Við 1. gr. Greinin fellur niður.
2. Við 2. gr. Greinin verður 1. gr. og orðast svo:

   Heimilt er ríkisstjórninni að greiða bændum og öðrum þeim, er jarðrækt stunda, styrk úr ríkissjóði til kaupa á tilbúnum áburði. Styrkurinn má vera allt að 2 kr. fyrir hver 100 kg.

   Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að greiða aukastyrk, kr. 1.00 fyrir hver 100 kg., til þeirra, sem þurfa að flytja áburðinn innanlands lengri leið en 30 km. frá höfn, sem skip Eimskipafélags Íslands sigla á eftir áætlun.

3. Við 3. gr. Greinin verður 2. gr. og orðast svo:
   Hreppabúnaðarfélög safna skýrslum um notkun tilbúins áburðar, hvert í sínu umdæmi, og úthluta fyrir ríkisstjórnina styrk þeim, sem greint er í 1. gr.
4. Við 4. gr. Greinin fellur burt.
5. Við 5. gr. Greinin verður 3. gr.
6. Fyrirsögn frv. verður:
   Frv. til l. um styrk til áburðarkaupa.

Nd. **116. Frumvarp**

til laga um hafnargerð á Hornafirði.

Flm.: Þorbergur Þorleifsson.

1. gr.

Til hafnargerðar á Hornafirði veitist úr ríkissjóði helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 65000,00 — sextíu og fimm þúsund krónur — gegn helmingi úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns. Með kostnaði við hafnargerð teljast nauðsynlegar dýpkanir á höfninni og siglingaleiðinni.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 65000,00 — sextíu og fimm þúsund kr. — lán, er hafnarsjóður Hafnarkauptúns kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð Nesjahrepps og sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er stunga, grjót eða möl og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, er hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hreppsnefndar Nesjahrepps og sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu.

5. gr.

Bryggjur og önnur mannvirki við höfnina má ekki gera nema í samráði við hafnarnefnd og með samþykki hreppsnefndar Nesjahrepps. Hver sá, er gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefnd beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar. Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn þessari grein varðar sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eigenda.

6. gr.

Hreppsnefnd Nesjahrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 kosnir af hreppsnefnd Nesjahrepps, en 2 af sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára, gengur 1 úr árlega fyrstu 4 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 3 nefndarmanna skulu eiga heima í Hafnarkauptúni eða nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar er heimilt að innheimta þau gjöld, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Hornafjarðarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestargjald,
   b. Vitagjald,
   c. Vörugjald.

Undanskildar skulu þó þær vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

d. Bryggjugjald af skipum og bátum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.

e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.

f. Allt að 2% af magni afla skipa og báta, sem heima eiga í kauptúninu, svo og allra þeirra skipa og báta, er leggja þar afla á land.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Nesjahrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveðið, hver skuli greiða þau og innheimta. Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölul. 2. a, b og c.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar, og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningurinn skal endurskoðaður og úrskurðaður á sama hátt og hreppsreikningur.

16. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina,

góðri reglu eða öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—500 krónur. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

17. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á hreppsnefndarfundi, sem haldinn var í hreppsnefnd Nesjahrepps í síðastl. septembermánuði, tók hreppsnefndin til umræðu hafnarbætur á Hornafirði. Samþykkti hreppsnefndin að fela oddvita að skrifa Alþingi og sækja um styrk til dýpkunar bátaleiðarinnar nú þegar fyrir næstu vetrarvertíð. Bréf oddvita hefir verið sent Alþingi — dagbókarfskj. nr. 46.

Jafnframt ákvað hreppsnefndin að fela alþingismanni kjördæmisins að flytja á næsta þingi frumvarp til laga um hafnargerð á Hornafirði. Hefir hreppsnefndaroddvitinn sent mér svo hljóðandi símskeyti, dags. 11. þ. m.: „Hreppsnefnd Nesjahrepps felur yður að flytja frumvarp til laga um hafnarbætur á Hornafirði, í líkingu við önnur hafnarlög".

Það er alllangt síðan farið var að hugsa um hafnarbætur á Hornafirði. Var málið fyrst tekið til ýtarlegrar íhugunar árið 1917—1918 af N. P. Kirk verkfræðingi, og gaf hann skýrslu um málið. Vorið 1931 voru enn gerðar athuganir af Sigurði Thoroddsen verkfræðingi. Niðurstaðan af þeim athugunum voru tillögur, sem vitamálaskrifstofan sendi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 26. nóv. 1931. Till. þessar miðuðu að því að gera garða í og milli eyja, beggja megin við innsiglinguna, til þess að þrengja fyrir útrennsli vatnsins og þar með dýpka. Þessir garðar var áætlað að mundu kosta samtals ca. 116000 kr. Enn á ný hefir vitamálastjórnin tekið málið til athugunar, og leggur nú til, að dýpkuð verði innsiglingin með einhverskonar dýpkunartækjum, áætlar að það kosti um 20 þús. kr., og að gerður verði garður, sem á að halda dýpinu við, sem áætlað er að kosti 105 þús. krónur.

Allir, sem til þekkja, eru sammála um, að hafnarbætur þurfi á Hornafirði, og það er mjög aðkallandi vegna útgerðarinnar, að nú þegar fyrir næstu vertíð verði dýpkuð bátaleiðin, svo stærri vélbátar komist hindrunarlaust inn að bryggjum verstöðvarinnar í Höfn. Á vetrarvertíðinni er frá Hornafirði haldið út bátum víðsvegar af Austfjörðum. Frá Hornafirði stunda nú um 25 bátar, og mundu verða talsvert fleiri, ef aðstaðan væri bætt. Bæði er nú það, að bátaleiðin hefir á seinni árum grynnkað, og svo eru Austfjarðabátarnir alltaf að stækka, sem hefir það í för með sér, að meginhlutanum af bátaflotanum er meinað að nota aðstöðuna, þar sem hún er að öðru leyti bezt — í verstöðinni í Höfn. — Er þetta óbætanlegt tjón fyrir útgerðina á Austurlandi. Fiskimiðin út af Hornafirði og í bugtunum sitt til hvorrar handar eru þær gullkistur, sem allur Austfjarðabáta-

flotinn á að geta ausið úr á vetrarvertíðinni, en til þess þarf að bæta aðstöðuna á Hornafirði. Dýpkun bátaleiðarinnar á Hornafirði er því ekki hagsmunamál Austur-Skaftfellinga eingöngu, heldur allra Austfjarða. Munu líka Austfirðingar, sem til þekkja, yfirleitt líta svo á. Hefir fiskifulltrúinn af Austurlandi, Friðrik Steinsson, flutt þetta mál á yfirstandandi fiskiþingi, sem hagsmunamál fyrir alla útgerðina á Austurlandi. Þar sem nú þessar fyrirhuguðu hafnarbætur eru svona víðtækt hagsmunamál útgerðarinnar á Austurlandi yfirleitt, virðist vera sanngjarnt, að tillagið úr ríkissjóði sé dálitið hærra en venja er að ákveða í hafnarlögum, eða helmingur kostnaðar, eins og ákveðið er í lögum um lendingabætur á Eyrarbakka og í Þorlákshöfn.

Kostnaður við þessar fyrirhuguðu hafnarbætur á Hornafirði er minni en á nokkurri annari höfn á landinu, en hinsvegar gagnið mjög mikið, ef vel tekst. Eins og áður er sagt, er það, sem hér þarf að gera, dýpkun. Höfnin á Hornafirði er að öðru leyti góð og sjálfgerð, þegar inn fyrir Hornafjarðarós er komið. Eins og fyrr er greint, hefir fiskiþingið, er nú situr, tekið þetta mál til athugunar, og til sönnunar því, að litið sé svo á, að hér sé um víðtækt hagsmunamál að ræða fyrir Austfirði alla, vil ég að endingu leyfa mér að vitna í álit allsherjarnefndar fiskiþingsins, sem er svo hljóðandi:

„Eins og kunnugt er, er talsverð útgerð frá Hornafirði yfir vetrar- og vormánuði. Sækja þangað bátar frá Austfjörðum til veiða og dvelja þar yfir nefnt tímabil.

Hafa þannig gengið þaðan 23—25 bátar undanfarna vetur. Nú hagar svo til þar, sem aðalbryggjur og sjóbúðir standa, að þar er svo grunnt vatn, að einungis smæstu bátar geta notað aðstöðuna, og fljóta þó ekki þar um fjöru. Telja Hornfirðingar, að þarna grynni með hverju ári, og horfi til vandræða, ef ekkert er aðgert til að sporna við því. Þá ber á það að líta, að bátar þeir, er nú stunda veiðar frá Hornafirði, eru stærri bátar en þegar stöðin var reist. Þá er og á það að líta, að um talsverða bátaaukningu verður að ræða á Austfjörðum á þessu og næsta ári, og munu margir þeirra verða á Hornafirði yfir vetrarvertíðina, ef ástæður leyfa. Þetta verður þó því aðeins hægt, að unnt verði nú þegar að dýpka svonefnt Heppuræsi, sem liggur að aðalstöðinni.

Rannsóknir benda til, að framkvæma megi dýpkun þarna án mikils kostnaðar, en þörfin er mjög aðkallandi, að úr sé bætt fyrir næstu vertíð. Fyrir því leggur nefndin til:

„Fiskiþingið mælir eindregið með því við Alþingi og ríkisstjórn, að Hornfirðingum verði veitt aðstoð þegar á þessu hausti til að láta framkvæma dýpkun á Heppuræsi í Hornafirði.“

Fiskiþingið, 13. okt. 1934.

Ól. B. Björnsson, form. Níels Ingvarsson, ritari. Þorst. Þorsteinsson.“

Að öðru leyti mun ég rökstyðja þetta nánar í framsögu.

## Nd. 117. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Aftan við frvgr. komi:

1. Fyrir „frá Hesteyri að Sæbóli“ kemur: Frá Hesteyri um Sléttu að Sæbóli.
2. Fyrir „frá Sandeyri á Snæfjallaströnd um Stað í Grunnavík að Höfða í Grunnavíkurhreppi“ kemur: Frá Sandeyri um Stað í Grunnavík að Hesteyri, og frá Stað í Grunnavík um Höfða að Furufirði.

## Ed. 118. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 17. okt. 1934.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. og frsm. — Ingvar Pálmason, fundaskrifari. — Pétur Magnússon.

## Nd. 119. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og á l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim lögum.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. komi:

Hafi þingflokkur eigi tilnefnt þá tölu þingmanna, er honum ber, úrskurðar forseti, hverjir þingmenn úr flokknum skuli rétt kjörnir til efri deildar, og verður sá úrskurður eigi borinn undir atkvæði þingmanna.

## Nd. 120. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 22. okt. 1912, um sölu á eggjum eftir þyngd.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. okt. 1934.

Bjarni Ásgeirsson, form. — Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm. — Jón Pálmason.

Guðbr. Ísberg. — Héðinn Valdimarsson.

## Ed. 121. Nefndarálit

um frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar á Fögrueyri við Fáskrúðsfjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni hafa borizt tilmæli frá þm. Norður-Múlasýslu um að taka í frv. löggildingu á Höfnum við Finnafjörð. Eftir að nefndin hefir kynnt sér ástæður fyrir þeim tilmælum telur hún rétt að verða við þeim, og leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Á Fögrueyri við Fáskrúðsfjörð og Höfnum í Finnafirði skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.
2. Við 2. gr. Í stað „verzlunarlóðarinnar“ komi: verzlunarlóðanna.
3. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til laga um löggilding verzlunarstaða.

Alþingi, 16. okt. 1934.

| Sigurjón Á. Ólafsson, form. | Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm. | Pétur Magnússon. |
|---|---|---|

## Ed. 122. Nefndarálit

um till. til þál. um landhelgisgæzlu fyrir Vestfjörðum ásamt eftirliti með fiskiflotanum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndinni allri er það ljóst, að staðbundin landhelgisgæzla ásamt björgunarstarfsemi og eftirliti með fiskiflotanum, ekki einungis á Vestfjörðum, heldur einnig og engu síður í öðrum landshlutum, er sú leið, sem keppa ber að í landhelgismálum. En eins og nú er ástatt um skipakost og fjárframlög til landhelgisgæzlunnar, telur meiri hl. nefndarinnar ekki unnt að framfylgja þeirri kröfu, sem felst í þingsályktunartillögunni. Leggur því meiri hl. nefndarinnar til, að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 16. okt. 1934.

| Ingvar Pálmason, form., frsm. | Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. |
|---|---|

**Nd.** **123. Breytingartillaga**

við frv. til laga um verzlun með tilbúinn áburð.

Frá Hannesi Jónssyni.

Við 3. gr. Annar málsliður 3. gr. frv. orðist svo:

Heimilt er að leggja á áburðinn allt að 3%, en allan annan kostnað við framkvæmd laga þessara greiðir ríkissjóður.

**Sþ.** **124. Tillaga**

til þingsályktunar um bann gegn því að reisa nýjan bæ í hinu friðlýsta skóglendi við Vellankötlu í Þingvallasveit.

Flm.: Jónas Jónsson, Jón Baldvinsson.

Sameinað Alþingi ályktar, að með því að leyfi það, sem meiri hluti Þingvallanefndar hefir veitt Jóhanni Kristjánssyni bónda í Skógarkoti til að flytja bæ sinn niður að Vellankötlu og reisa hann þar og rækta nýtt tún, þar sem nú er samfellt skóglendi, verði að teljast hreint brot gegn anda laga nr. 59 frá 1928, um friðun Þingvalla, og tilganginum með setningu nefndra laga, þá er hér með lagt fyrir Þingvallanefnd að gera nú tafarlaust ráðstafanir til þess, að nefndur Jóhann Kristjánsson hætti þegar við byggingu húsa og jarðrask við Vellankötlu í Þingvallasveit.

Greinargerð.

Enda þótt í lögum nr. 59 frá 1928, um friðun Þingvalla, sé kveðið svo á, að ekkert jarðrask megi fara fram á hinu friðlýsta svæði, nema með leyfi Þingvallanefndar, þá leiðir það samt af tilgangi laganna og berum orðum, að landið sé æfinlega friðlýst, að Þingvallanefnd er ekki heimilt að láta fara fram annað jarðrask en það, sem nauðsynlegt er til að tilganginum um friðlýsinguna verði sem bezt náð, t. d. með nauðsynlegum girðingum o. s. frv. Þessa meginreglu laganna hefir meiri hluti Þingvallanefndar algerlega brotið, og það á svo alvarlegan hátt, að Alþingi sem verndari Þingvalla hlýtur að taka í taumana, eins og tillaga þessi gerir ráð fyrir.

Hér verða látin fylgja með nokkur skjöl, er snerta mál þetta. 1. Ágreiningsatkvæði minni hluta nefndarinnar (Jónasar Jónssonar) gegn því að leyfi þetta yrði veitt. 2. Bréf meiri hluta nefndarinnar (Magnúsar Guðmundssonar og Jakobs Möllers), þegar Jóhanni Kristjánssyni er veitt leyfið. 3. Bréf oddvitans í Þingvallasveit og eiganda Valhallar, Jóns Guðmundssonar. 4. Bréf hreppstjórans í Þingvallasveit, Einars Halldórssonar á Kárastöðum. 5. Bréf Halldórs bónda Jónassonar í Hrauntúni. 6. Bréf umsjónarmannsins á Þingvöllum, Guðm. Davíðssonar.

**Fylgiskjal I.**

**Útdráttur úr fundargerð Þingvallanefndar 14. sept. 1934.**

.... Jónas Jónsson .... bað um þetta bókað:

„Út af beiðni Jóhanns Kristjánssonar í Skógarkoti um að flytja bæ sinn niður að Vellankötlu, vil ég taka þetta fram:

Ég er algerlega mótfallinn, að byggt verði á þessum stað, vegna friðunarinnar. Liggja fyrir mótmæli umsjónarmannsins á Þingvöllum, oddvita og hreppstjóra sveitarinnar og frá bóndanum í Hrauntúni. Jón Baldvinsson, formaður Alþýðuflokksins, hefir leyft mér að geta þess, að hann sé algerlega mótfallinn þessari ráðabreytni, og má því búast við, að meiri hluti núverandi þings sé andvígur því, að þetta leyfi sé veitt. En þar af leiðir, að það er ábyrgðarhluti fyrir meira hluta nefndarinnar að taka ákvörðun, sem er andstæð vilja meira hluta Alþingis.

Ég álít, að komið geti til mála, að bygging á þessum stað sé að öðru leyti í ósamræmi við landslög, og áskil mér rétt til að láta fara fram athugun á því efni".

**Fylgiskjal II.**

ÞINGVALLANEFND

Reykjavík, 15. sept. 1934.

Herra bóndi Jóhann Kristjánsson, Skógarkoti.

Til svars bréfi yðar, dags. 24. maí þ. á., þar sem þér farið þess á leit að mega rífa hús ábýlisjarðar yðar og byggja upp af nýju í nánd við svokallaða Vatnskotsvík, á stað, sem þér hafið sýnt Þingvallanefndinni, er yður hér með tjáð, að nefndin hefir á fundi sínum í gær ákveðið með 2:1 atkv. að leyfa hið umbeðna með þeim skilyrðum, sem hér segir:

1. Að í hinum nýju húsum verði aldrei seldar veitingar né gisting, sem á nokkurn hátt keppi við gisti- og veitingahúsið á Þingvöllum (Valhöll), og áskilur Þingvallanefnd sér rétt til að fella fullnaðarúrskurð um það atriði, ef ágreiningur rís, enda sé eigandi húsanna skyldur til að hlíta þeim úrskurði.
2. Að hin nýju bæjarhús séu ekki stærri en 7 x 8 metrar, úr steinsteypu, með torfþaki, ekki hærri en ein hæð með risi, og sé farið eftir teikningu Jóhanns Fr. Kristjánssonar byggingameistara einnig að öðru leyti. Bæjarhúsin, sem nú eru í Skógarkoti, verði rifin og enginn hafist þar við eftir að flutt er í hið nýja hús.
3. Að ekki sé tekið stærra landsvæði undir tún kringum hina nýju byggingu en 4 hektarar, nema leyfi Þingvallanefndar komi til.
4. Að túni því, sem nú er í Skógarkoti, sé haldið í jafngóðri rækt og nú, meðan Þingvallanefnd krefst.

**Fylgiskjal III.**

Valhöll, 10 — 9 — 1934.

Herra alþingismaður Jónas Jónsson hefir sem Þingvallanefndarmaður leitað álits míns sem bónda í Þingvallasveit og eiganda gistihússins Valhallar um þá fyrirhuguðu nýbreytni að flytja býlið Skógarkot niður að Vellankötlu og reisa þar hús að nýju skammt ofan við þjóðveginn.

Sem bóndi get ég ekki séð, hvernig nýbýli geti borið sig fjárhagslega innan þjóðgarðsins, þar sem jafnmiklar hömlur eru lagðar á búrekstur og þar er.

Það er alltaf áhyggjuefni með nýbýli, að þau geti borið sig fjárhagslega. Þess vegna verður að velja staðhætti, þar sem góð aðstaða er til markaðar og ræktunar.

Jarðir þær, sem eru innan þjóðgarðsins, eru einar langbeztu jarðir þessarar sveitar, og studdist það við þá góðu fjárbeit, sem á þeim var, enda var nær því helmingur af sauðfénaði hreppsins á þeim. Galli hefir það verið, að erfitt hefir verið stundum með vatn í Hrauntúni og Skógarkoti, en úr því má bæta stórlega með mjög litlum kostnaði.

Ég hefi alltaf litið svo á, að ekki gæti orðið um verulegan búrekstur að ræða á þessum jörðum innan þjóðgarðsins, þegar fjáreign væri lögð niður, heldur gæti þar orðið einungis um sumardvalarstaði að ræða, enda hefir hið háa Alþingi litið svo á, þar sem kom fram í umræðum um friðunina, og beint tekið fram í friðunarlögunum, að bæta hreppnum upp þann skaða, sem hreppsfélagið sem heild og einstakir menn liðu við friðunina. Að sveitabúskapur geti borið sig á nýbýlum inni í þjóðgarðinum án sauðfjárbúskapar, get ég ekki skilið. Það, sem gæti hjálpað nýbýlunum eitthvað við, væru veitingar á beztu stöðunum í þjóðgarðinum, þangað sem fólk sækir mest. Ég hefi hér fleirtölu, því ég veit með vissu, að Halldór í Hrauntúni og ef til vill fleiri bíða eftir úrslitum þessa máls. Ég get ekki séð, að Þingvallanefnd geti neitað einum fremur en öðrum um nýbyggingarleyfi.

Ég vil biðja Þingvallanefnd að athuga, hvernig mín aðstaða verður í framtíðinni. Ég varð að flytja mín hús af beztu staðnum á Þingvöllum á annan lakari stað, en bót var í því máli, að Þingvallanefnd lofaði ákveðið, að ekki skyldu koma upp aðrir staðir til veitinga innan þjóðgarðsins, en ef það skyldi bregðast, að upp skyldu koma veitingastaðir á beztu stöðum innan þjóðgarðsins, þá fæ ég ekki séð, að ég geti rekið mitt hótel með líku sniði og verið hefir; þá hefi ég um það að velja að draga saman allan tilkostnað við reksturinn. Hvort hótelið verður þess megnugt þá að geta boðið tignustu gestum upp á sæmilegar móttökur hér á Þingvöllum, þannig að það verði alþjóð vansalaust, efast ég um. Til þess að hægt sé að reka hér myndarlegt hótel, sem þessum stað er samboðið, og hafa það opið í 2 til 3 mánuði af árinu, má ekki rýra þær tekjur, sem það nú hefir. Ég hefi lagt í ýms fjárhagsatriði til að reyna að endurbæta hótelið, t. d. mjög dýrt rafmagn með fleiru. Til að sanna þetta get ég lagt fram minn rekstrarreikning, og hefi ég eftir beztu vitund látið búið og þennan rekstur vinna með hagsýni saman. Hér á Þingvöllum verður alltaf að vera til sæmilegt hótel, sem getur tekið á móti gestum þjóðarinnar fyrirvaralítið, en ef hótelið eða tekjur

þess rýrnuðu til muna, þá er það ekki hægt fyrir einstakling án hjálpar að reka það í þeirri mynd, sem staðurinn krefst. Þingvallanefnd furðar ef til vill á því, að ég skuli gera veitingar að umræðuefni, þar sem hún lofar, að það skuli ekki koma fyrir, að veitingar verði leyfðar innan þjóðgarðsins öðrum en mér.

En getur Þingvallanefnd samningsbundið það, að ekki fari fram veitingar í neinni mynd á hinum nýju býlum? Ég efast mjög um það, að löggjöf um veitingar sé þannig, að það sé hægt, nema þá með sérstökum samningum við nýbyggjendur, og alltaf verður erfitt og dýrt að hafa eftirlit með mörgum stöðum, ef eftirlits er þörf.

Hvernig sem ég skoða þetta mál, get ég ekki séð neitt, sem mælt geti með nýbýlum innan þjóðgarðsins; ég held fyllilega, að reynslan muni sanna það, að það yrði óheillaspor bæði fyrir friðunina og þá, sem leggja peninga í nýbýli í þjóðgarðinum. Frá friðunarinnar sjónarmiði þá sé ég ekki, hvað meint hefir verið með flutningi húsanna fyrir alþingishátíðina, ef svo á að endurtaka samskonar byggingar á ný.

Ef til samninga kemur um nýbyggingu, bið ég Þingvallanefnd að lofa Pétri Magnússyni hæstaréttarmálaflutningsmanni að vera viðstaddur til að gæta þar hagsmuna minna.

Jón Guðmundsson.

Til Þingvallanefndarinnar, Reykjavík.

**Fylgiskjal IV.**

Sem svar við spurningu þinni sem nefndarmaður Þingvallanefndar, hvernig ég liti á nýbýli við Vellankötlu, vil ég taka þetta fram:

Ég hefi ekkert um þetta mál hugsað og veit ekki með vissu, hvar þar á að byggja, en með því aðeins að líta yfir landið virðist það fremur erfitt til ræktunar. Því fyrst mun þurfa að ryðja skóg, til þess að fá túnstæði, sem nokkru nemur, og vont að vinna það land, sem bæði er að líkindum grýtt og allt bundið sterkum skógarrótum.

Ef það er rétt, að Jón Guðmundsson sé búinn að gefa ríkissjóði gistihúsið Valhöll, þá virðist mér það helzt athugaverðast við þessa nýbýlis-hugmynd, ef þar yrði rekin greiðasala, sem nokkru nemur, og því er ekki að neita, að frá því fyrst að farið var að tala um byggingu við Vellankötlu, hefir alltaf verið talað um gistihús, en ekki ræktað býli. En hvort það hefir við nokkuð að styðjast, læt ég ósagt; ég hefi aldrei átt tal við Jóhann um þetta.

Virðingarfyllst.

Einar Halldórsson,
Kárastöðum.

Til hr. alþm. Jónasar Jónssonar.

**Fylgiskjal V.**

Þú hefir sem Þingvallanefndarmaður spurt mig sem kunnugan bónda í Þingvallasveit um álit mitt á þeirri nýbreytni, sem talað er um, að flytja býlið Skógarkot niður að Vellankötlu. Sem svar við þessu skal tekið fram, í fyrsta lagi: að með flutningi býlisins eru eyðilögð öll mannvirki og ræktun, sem þar hafa verið gerð öldum saman og fram á þennan dag. Í öðru lagi hefir fornmenjavörður landsins í áliti um friðun Þingvalla tekið skýrt fram, að engin nýbýli verði reist á Þingvallahrauni. Í þriðja lagi virðist flutningurinn gerður til þess að koma þarna upp greiðasölu framvegis, en hennar er sízt þörf hér um slóðir. Í fjórða lagi hefir enginn ábúandi hér í sveit, sem ég hefi átt tal við, mælt því bót að flytja býlið ofan að Vellankötlu.

P. t. Þingvöllum, 9. sept. 1934.

Halldór Jónasson,
frá Hrauntúni.

Til Jónasar Jónssonar alþingismanns, Reykjavík.

**Fylgiskjal VI.**

Þú hefir sem Þingvallanefndarmaður spurt mig um álit mitt sem skógræktarmanns og umsjónarmanns friðlýsta landsins á Þingvöllum á þeirri nýbreytni, sem talað er um, að flytja býlið Skógarkot ofan að Vellankötlu. Ég lít svo á, að flutningurinn á býlinu sé í alla staði ónauðsynlegur og að ýmsu leyti skaðlegur.

1. Hann hefir óhjákvæmilega í för með sér gereyðingu á gróðursælum og miklum skógi. Ekki einungis að þurfi að uppræta skóg þar, sem býlið á að standa, heldur líka í nánasta umhverfi þess. Þá verður og skógurinn fyrir átroðningi og skemmdum lengra frá kringum býlið, sem hann annars fengi að standa óhreyfður.
2. Samkvæmt 5. gr. í reglum um friðun Þingvalla er tekið fram, að ekkert skýli megi reisa á friðhelga svæðinu nema með leyfi umsjónarmanns á Þingvöllum og þar sem hann ákveður. Um flutning á býlinu þarf, að mínu áliti, hans samþykki að koma til. Má gera ráð fyrir, að umsjónin verði erfiðari og umfangsmeiri, þar sem ætla má, að í framtíðinni rísi þarna upp greiðasala, þó að nú sé látið í veðri vaka, að ekki sé til hennar stofnað.
3. Friðun Þingvalla er meira og minna í hættu, nái bústaðabreyting þessi fram að ganga, því að gera má ráð fyrir, að aðrir menn komi á eftir, þó síðar verði, og þykist eiga heimtingu á sömu friðindum og núverandi ábúandi á Skógarkoti fer fram á. Er þá komið hér út á braut, sem erfitt verður að snúa út af.

Þingvöllum, 10. sept. 1934.

Guðm. Davíðsson.

Til Jónasar Jónssonar alþingismanns, Reykjavík.

## Nd. 125. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hl. allsherjarnefndar leggur til, að frumvarp þetta verði fellt. Minni hl. telur, að þó að út af fyrir sig væri æskilegt, að meiri hl. bæjarfulltrúa stæði að kosningu bæjarstjórans, þá sé alls ekki tryggt, að sú leið, sem stungið er upp á í frv., geti komið því til leiðar. Kosningar í málefnum sveita og kaupstaða eru hlutfallskosningar, og til þess að tryggt væri, að meiri hl. bæjarfulltrúa stæði að kosningu bæjarstjórans, þyrftu flokksmenn bæjarstjórans að hafa á bak við sig sem næst meiri hl. kjósenda. Minni hl. telur, að nýjar kosningar mundu því aðeins baka bæjarfélaginu kostnað, enda telur hann, að þessi aðferð út af fyrir sig sé röng, og að bæjarfulltrúarnir verði að koma sér saman um val bæjarstjórans, þó enginn flokkur innan bæjarstjórnarinnar sé þess einn megnugur að fá bæjarstjórann kosinn.

Ennfremur lítur minni hl. svo á, að það sé alveg fráleitt, að atvinnumálaráðherra geti fyrirskipað nýjar kosningar án þess að meiri hl. bæjarstjórnar óski þess, eða jafnvel gegn vilja meiri hl. bæjarstjórnar.

Við leggjum því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 17. okt. 1934.

Thor Thors. Garðar Þorsteinsson.

## Ed. 126. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá Bernharð Stefánssyni og Einari Árnasyni.

Aftan við frvgr. bætist:

Í stað orðanna „með stöð í Öngulsstaðahreppi“ komi: með tveimur stöðvum í Öngulsstaðahreppi.

## Nd. 127. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við leggjum til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 17. okt. 1934.

Jakob Möller, frsm. Ólafur Thors.

## Nd. 128. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við leggjum til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 17. okt. 1934.

Jakob Möller, frsm. Ólafur Thors.

## Nd. 129. Frumvarp

til laga um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

### I. KAFLI

### Um skipulag og rekstur útvarps.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir einkaumboð til þess að reka útvarp á Íslandi. Hún lætur starfrækja útvarpsstöð í Reykjavík og má auka orku hennar, eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin lætur reisa endurvarpsstöðvar annarsstaðar á landinu, eftir því sem ástæður krefjast. Um orkuaukningu Reykjavíkurstöðvarinnar og byggingu endurvarpsstöðva fer eftir ákvörðunum Alþingis í hvert sinn.

Stöðvarnar og starfræksla þeirra nefnist einu nafni **Ríkisútvarpið** og ber undir kennslumálaráðuneytið.

2. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld Ríkisútvarpsins skal tekin sem sérstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju.

Tekjum Ríkisútvarpsins og þeirra starfsgreina, sem reknar verða á vegum þess, má eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar og útvarpsnota.

3. gr.

Kennslumálaráðherra skipar útvarpsstjóra og ákveður laun hans. Skal honum falið að annast allt, sem lýtur að rekstri útvarpsins, skrifstofuhaldi, daglegri umsjón og að hafa á hendi fjárreiður þess allar og reikningshald.

Kennslumálaráðherra skipar ennfremur aðra starfsmenn við Ríkisútvarpið og ákveður laun þeirra, að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri leitar álits og tillagna dagskrárstjórnar um val þeirra fastráðinna starfsmanna, sem vinna listræn störf og fræðslustörf við útvarpsdagskrá.

4. gr.

Dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins skipa sjö menn. Skulu þrír þeirra og þrír til vara kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn og þrír og þrír til vara sömuleiðis kosnir hlutfallskosningu meðal allra þeirra, sem útvarpsnotendur teljast og greitt hafa lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum.

Þegar eftir að kosning í dagskrárstjórn hefir farið fram á Alþingi, felur ráðuneytið skrifstofu Ríkisútvarpsins að annast um, að fram fari kosning af hálfu útvarpsnotenda. Heimilt er félögum útvarpsnotenda og einstökum útvarpsnotendum að bera fram kjörlista. Skulu á hverjum lista vera nöfn sex manna þeirra, er kjörgengir eru, og fylgi hverjum lista meðmæli að minnsta kosti 200 útvarpsnotenda. Kjörgengur er hver sá útvarpsnotandi, sem greitt hefir lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum, er ekki fastráðinn starfsmaður Ríkisútvarpsins og er búsettur í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að hann geti tekið þátt í störfum dagskrárstjórnar.

Kennslumálaráðherra ákveður í reglugerð nánar um tilhögun kosningarinnar og talningu atkvæða.

Kosning þessari skal vera lokið þegar þrír mánuðir eru liðnir frá því er kosning í dagskrárstjórn fer fram á Alþingi, og tekur þá hin nýkjörna dagskrárstjórn við störfum.

Kennslumálaráðherra skipar sjöunda mann í dagskrárstjórn, og er hann formaður hennar. Dagskrárstjórn velur sér ritara úr sínum hópi.

Nú koma ekki fram við kosningu í dagskrárstjórn af hálfu útvarpsnotenda neinir kjörlistar, og ferst kosning þá fyrir. Skipar þá kennslumálaráðherra þrjá menn í dagskrárstjórn af hálfu útvarpsnotenda til næstu fjögurra ára.

5. gr.

Dagskrárstjórnin tekur ákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað í höfuðefnum og leggur fullnaðarsamþykki á dagskrá áður en hún kemur til framkvæmda. Hún setur reglur um fréttaflutning útvarpsins og aðrar þær reglur, er þurfa þykir til gæzlu þess, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum, atvinnustofnunum, félögum og einstökum mönnum.

Kennslumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um störf dagskrárstjórnar, svo og um þóknun fyrir störfin.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum dagskrárstjórnar og hefir þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Hann getur skotið ákvörðunum dagskrárstjórnar, þeim er mjög varða fjárhag stofnunarinnar, undir úrskurð ráðuneytisins.

Útvarpsstjóri annast undirbúning dagskrár og hefir með höndum daglega umsjón með framkvæmd dagskrár og gæzlu þess, að settum reglum um fréttaflutning útvarpsins sé fylgt.

6. gr.

Hver sá maður, sem hagnýtir sér útvarp ríkisins, skal greiða til þess árlegt afnotagjald, og er gjaldskyldan bundin við heimili, sem heldur uppi lögskilum.

Ráðherra ákveður upphæð afnotagjaldsins um eitt ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og dagskrárstjórnar.

Óheimilt er hverjum manni að hagnýta sér útvarp ríkisins nema viðtæki hans hafi verið skrásett og tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins. Hvert það viðtæki, sem ekki er tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til Ríkisútvarpsins.

Heimilt er ráðherra að fela póststofum og póstafgreiðslum landsins að annast innheimtu afnotagjalda fyrir útvarp.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hagnýtingu útvarps, gjaldskyldu útvarpsnotenda og innheimtu afnotagjaldanna. Heimilt er í reglugerð að ákveða um innsiglun útvarpsviðtækja vegna vanskila á afnotagjöldum og um dráttarvexti.

7. gr.

Útvarpsstjóri semur ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur Ríkisútvarpsins, og skal hún send kennslumálaráðuneytinu í tæka tíð við undirbúning fjárlaga.

8. gr.

Ríkisútvarpið hefir sama rétt og landssíminn um nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er öllum að leggja svo nýjar lagnir, hvers kyns sem eru, að þær geti valdið baga eða óreglu á lögnum Ríkisútvarpsins, sem fyrir eru, eða tækjum, sem standa í sambandi við þær.

Ráðherra sker úr ágreiningi um þessi atriði.

9. gr.

Nú hafa einstakir menn, sveitarfélög eða bæjarfélög raflagnir, vélar eða tæki, hvers kyns sem eru, sem geta valdið truflunum á starfrækslu Ríkisútvarpsins, og er Ríkisútvarpinu þá heimilt að gera, á kostnað eiganda, nauðsynlegar ráðstafanir um þau tæki eða lagnir, til þess að hindra truflanir, sem af þeim geta hlotizt.

Mönnum, sem eru í þjónustu Ríkisútvarpsins þessara erinda og til eftirlits með útvarpsnotum, skal heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna og hús, ef nauðsyn krefur vegna starfsins, enda fari þeir ekki um híbýli manna fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi.

10. gr.

Í kirkjum, leikhúsum og samkomuhúsum, skólum, veitingasölum og hvarvetna þar, sem almennar skemmtanir eru haldnar eða mannfundir, þar sem umræður fara fram, skal útvarpinu heimilt, án endurgjalds eða nokkurra kvaða, að leggja um húsið nauðsynlegar leiðslur fyrir útvarp og koma þar fyrir útvarpstækjum húseigendum að skaðlausu.

Réttur til að útvarpa því, sem fram fer í húsakynnunum, er óviðkomandi þessum ákvæðum.

11. gr.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að útvarpa án endurgjalds:

a. Messugerðum, háskólaerindum og öðrum fræðsluerindum, sem kostuð eru eða styrkt af almannafé.
b. Umræðum á stjórnmálafundum og öðrum almennum mannfundum.

## II. KAFLI

### Um einkasölu á útvarpsviðtækjum.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reka einkasölu á viðtækjum fyrir útvarp. Skal þá engum öðrum en ríkisstjórninni eða þeim, sem hún felur það, heimilt að flytja inn í landið viðtæki eða verzla með þau.

13. gr.

Viðtæki skal samkvæmt lögum þessum telja hvert það tæki, sem hægt er að nota til þess að taka við útvarpi, einnig tækjahluta, varahluti slíkra tækja, rafhlöður og rafgeyma, sem notaðir eru við útvarpsviðtæki.

14. gr.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölunnar.

Allur verzlunarhagnaður af einkasölunni rennur til Ríkisútvarpsins.

15. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag einkasölunnar. Skal þar ákveðið meðal annars, hvaða hlutir til sendi- eða viðtækja fyrir útvarp skuli falla undir ákvæði þessara laga.

## III. KAFLI

### Ýms ákvæði.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum. Þó skulu brot gegn 12. gr. varða sektum frá 200—2000 kr.

Hvert það viðtæki eða hluti tækis, sem ólöglega er flutt inn í landið eða ætlað til sölu á óleyfilegan hátt, skal upptækt vera, og rennur andvirði þess í ríkissjóð.

Brot gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla um leið úr gildi lög nr. 62 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning þriggja manna í dagskrárstjórn og þriggja til vara samkv. 4. gr. skal fara fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög. Fer þá um kosningu af hálfu útvarpsnotenda svo sem fyrir er mælt í 4. gr. Fellur þá jafnframt niður umboð núverandi útvarpsráðs.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af meiri hluta allsherjarnefndar að beiðni atvinnumálaráðherra, og hafa flutningsmenn óskoraðan rétt til að koma fram með breytingar við einstakar greinar frumvarpsins.

Frumvarpinu fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Með útvarpslögunum, nr. 62 19. maí 1930, var gerð sú höfuðbreyting á skipun Ríkisútvarpsins, frá því sem það hafði verið fyrirhugað í lögunum frá 1928, að stofnunin var gerð sjálfstæð og óháð landssímanum, og stendur þannig um rekstur allan og fjárreiður beint undir ráðherra.

Við reynslu þá, sem fengin er, þykir hafa komið í ljós, að lögunum frá 1930 sé í nokkrum atriðum áfátt, einkum að því er tekur til skipunar útvarpsráðs og þátttöku útvarpsnotenda í þeirri skipun. Ennfremur vantar í hin eldri lög ýms mikilsverð ákvæði, sem tekin eru upp í þetta frumvarp.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir ástæða til að taka þetta fram:

### Um 1. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er ríkisstjórninni aðeins heimilað að láta reisa og starfrækja nýja loftskeytastöð, sem nota megi til þess að útvarpa tali og söng. Með ákvæðum 1. gr. frv. er ríkisstjórninni falið einkaumboð til þess að reka útvarp á Íslandi og jafnframt nánar kveðið á um ráðstafanir til þess að útvarpsreksturinn komi að notum fyrir alla landsmenn, eftir nánari ákvörðunum Alþingis í hvert sinn.

Í þessari grein er fyrirtækinu gefið nýtt heiti: Ríkisútvarpið. Nafnið „Útvarpsstöð Íslands í Reykjavík" er bæði þunglamalegt nafn og ófullnægjandi jafnskjótt og fleiri stöðvar kynnu að verða reistar á landinu.

Þá er hér lagt til, að útvarpið beri undir kennslumálaráðuneytið, en ekki atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið. Virðist útvarpsrekstur vera skyldari skólum landsins heldur en atvinnugreinum.

### Um 2. gr.

Í þessari grein er tekið upp það ákvæði, sem ekki er í núgildandi lögum, að tekjum Ríkisútvarpsins og þeirra starfsgreina, sem reknar verða á vegum þess, megi eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar og útvarpsnota. Um leið og útvarpsnotendur eru beint og óbeint látnir bera uppi kostnað við útvarpið að öllu leyti, þykir rétt að setja í lög ákvæði til varnar því, að þeir verði, gegnum rekstur þessa fyrirtækis, skattlagðir til almennra þarfa.

### Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um skipun útvarpsstjóra og starfsvið hans. Er hún að efni til samhljóða 5. gr. í núgildandi lögum, þó með þeirri viðbót, að hér er gert ráð fyrir íhlutun dagskrárstjórnar um val fastráðinna manna, sem að dagskrá vinna.

### Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um skipun dagskrárstjórnar og felur í sér höfuðbreyt-

ingu frá því, sem er í núgildandi lögum. Skal hér gefið nokkurt yfirlit um, hversu dagskrárstjórn útvarpsins er til orðin frá upphafi.

Með lögunum frá 1928 var svo ákveðið, að útvarpsráð skipuðu þrír menn: formaður skipaður af ráðuneytinu, einn maður tilnefndur af háskólanum og einn maður tilnefndur af útvarpsnotendum í landinu. Með lögunum frá 1930 er sú breyting gerð á þessu, að bætt er við einum fulltrúa tilnefndum af prestastefnu landsins og öðrum af barnakennurum landsins. Hinsvegar hafa kennarar við skóla landsins, frá því að barnaskólum sleppir og þangað til Háskólinn tekur við, ekki haft neina íhlutun um val í útvarpsráð. Atvinnuvegir landsins, landbúnaður, sjávarútvegur, iðnaður og verzlun hafa enga fulltrúa átt í útvarpsráði. Sú leið, sem farið hefir verið inn á, að skipa dagskrárstjórn fulltrúum stétta og stofnana, hefir því ekki náð tilgangi sínum og virðist langsótt að réttlátu marki.

Útvarpsnotendum landsins er með núgildandi lögum ákveðinn réttur til þess að hafa áhrif á val eins manns í útvarpsráðið. En sá réttur er bundinn þeim takmörkunum, að þeir gangi saman í félag til þess að geta neytt réttarins. Þetta ákvæði sviptir mikinn þorra útvarpsnotenda aðstöðunni til þess að eiga þátt í kosningu í útvarpsráð. Virðist ekki vera nein skynsamleg né réttlát ástæða til þess að torvelda útvarpsnotendum þannig hagnýtingu þess réttar, sem samkvæmt eðli málsins hlýtur að vera bundinn við hagnýtingu útvarps og greiðslu hins lögákveðna afnotagjalds fyrir útvarp.

Með fjórðu grein þessa frumvarps er í fyrsta lagi lagt til, að horfið sé frá þeirri leið, að skipa dagskrárstjórn útvarpsins fulltrúum stétta og stofnana, en lagt til, að hún sé skipuð á lýðræðislegan hátt, svo að skipunin verði á hverjum tíma í samræmi við vilja þjóðarinnar allrar og útvarpsnotendanna sérstaklega. Ríkið hefir upphaflega stofnað þetta fyrirtæki, ber á því fjárhagslega ábyrgð og setur því lög og reglugerðir. Þykir því rétt, að þrír af sex kjörnum fulltrúum í dagskrárstjórn séu kjörnir hlutfallskosningu á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Hinsvegar bera útvarpsnotendurnir uppi rekstur stofnunarinnar og er jafnframt ætlað að bera uppi kostnað við aukningu stöðvartækjanna. Þykir því réttlátt, að þeir fái óskoraðan og óhindraðan rétt til þess að kjósa aðra þrjá menn í dagskrárstjórnina. Loks er gert ráð fyrir, að formaður dagskrárstjórnarinnar verði, eins og áður, skipaður af ráðherra.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að kosningu útvarpsnotenda í dagskrárstjórn verði hagað með þeim hætti, að réttur þeirra njóti sín til fulls og að kosningin fari fram samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

Orðið dagskrárstjórn er hér notað í stað orðsins útvarpsráð, og svarar það ótvíræðlega til þess hlutverks, sem útvarpsráð hefir haft með höndum samkvæmt núgildandi lögum og sem er nánar til tekið í 5. gr. þessa frumvarps.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um störf dagskrárstjórnar og eru þau í engu frábrugðin því, sem nú er, samkvæmt ákvæðum núgildandi laga. En ákvæðin eru ótvíræð og getur ekki farið á milli mála um verkaskiptingu í stofnuninni.

Útvarpsstjóra er hér ekki ákveðinn atkvæðisréttur um ákvarðanir dagskrárstjórnar, með því að hann er um undirbúning og framkvæmd dagskrárinnar

framkvæmdarstjóri dagskrárstjórnar. Hinsvegar er honum ákveðinn réttur til þess að skjóta undir úrskurð ráðuneytis þeim ákvörðunum dagskrárstjórnar, sem mjög varða fjárhag stofnunarinnar.

Um 6. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 6. gr. í núgildandi lögum. Til viðbótar er mælt svo fyrir, að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um hagnýtingu útvarps, um gjaldskyldu útvarpsnotenda og innheimtu afnotagjaldanna.

Um 7., 8., 9. og 10. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

Um 11. gr.

Í a-lið þessarar greinar er bætt við háskólaerindum og öðrum fræðsluerindum, sem kostuð eru eða styrkt af almannafé.

Hinsvegar er sleppt b-lið í núgildandi lögum, með því að hann hefir reynzt gagnslaus.

Um 12., 13., 14. og 15. gr.

Gefa ekki ástæðu til athugasemda.

Um 16. gr.

Gefur ekki ástæðu til athugasemda.

Um 17. gr.

Gefur ekki ástæðu til athugasemda.

## Nd. 130. Breytingartillögur

við frv. til l. um að verja útflutningsgjaldi af síld til hlutaruppbótar sjómönnum.

Frá Sigurði Kristjánssyni og Jóhanni Þ. Jósefssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: svo og hver fjárhæð hlutur hvers hefir orðið, og hve lengi skipinu var haldið út.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

   Uppbótin er aðeins til skipverja, sem tekið hafa hlut úr síldarafla, veiddum til söltunar eða sérverkunar, og skal vera í öfugu hlutfalli við hlutarupphæðina, þannig að hlutirnir, að viðbættri uppbótinni, verði sem jafnastir, miðað við veiðitíma skipanna.

## Nd. 131. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 29 8. nóv. 1895, um hagfræðiskýrslur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með neðangreindum

BREYTINGUM.

1. Aftan við 2. gr. bætist nýr liður, svo hljóðandi:
   Ennfremur skulu skipamiðlarar skyldir að láta hagstofunni í té samskonar skýrslur um öll þau skip, sem þeir leigja til og frá landinu.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:
   Eigendur flutningstækja, sem hafa atvinnu af fólksflutningum eða vöruflutningum á þjóðvegum og hafa að minnsta kosti einn bíl í förum, skulu skyldir að láta í té, minnst árlega, skýrslur um flutningana samkvæmt skýrslueyðublöðum, er hagstofan semur.
3. Við 3. gr. Greinin verði 4. gr.
4. Við 4. gr. Greinin verði 5. gr.

Alþingi, 18. okt. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Héðinn Valdimarsson, form. | Bergur Jónsson, fundaskr. | Thor Thors, frsm. |
| Garðar Þorsteinsson. | Stefán Jóh. Stefánsson. | |

## Ed. 132. Nefndarálit

um frv. til laga um prestssetur í Grundarþingaprestakalli í Eyjafirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Tveir nefndarmenn (SÁÓ og IngP) áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögu við frv.

Alþingi, 18. okt. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurjón Á. Ólafsson, form. | Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm. | Pétur Magnússon. |

## Ed. 133. Breytingartillaga

við frv. til laga um prestssetur í Grundarþingaprestakalli í Eyjafirði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við 1. gr. Orðin „Ennfremur að selja“ ... til enda greinarinnar falli niður.

## Nd. 134. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 79 19. júní 1933, um heimild til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað mál þetta og leggur til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin lítur svo á, að 5. gr. laga nr. 79 frá 19. júní 1933 nái einnig til þessara frystihúsa, sem byggð verða eftirleiðis, þar til öðruvisi verður ákveðið, telur hún breytingu á þeim óþarfa, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. okt. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. | Páll Zóphóníasson, fundaskr. | Jón Pálmason. |
| Héðinn Valdimarsson. | Guðbr. Ísberg. | |

## Ed. 135. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála um, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðsins „verðeining“ í síðustu málsgr. komi: mælieining.

Einn nefndarmanna (JAJ) skrifar undir með fyrirvara.

Alþingi, 18. okt. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Ingvar Pálmason, form. | Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm. | Jón A. Jónsson, með fyrirv. |

## Ed. 136. Frumvarp

til laga um verzlun með tilbúinn áburð.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Samband ísl. samvinnufélaga taka í sínar hendur einkasölu á tilbúnum áburði frá 1. jan. 1935.

Frá þeim tíma er engum öðrum heimilt að flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð frá útlöndum til allra hafna, sem skip Eimskipafélags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á, þó aldrei yfir 20 krónur á tonn. Ákvæði þetta gildir til ársloka 1937.

3. gr.

Áburðurinn er ekki seldur öðrum en hrepps- og bæjarfélögum, búnaðarfélögum, samvinnufélögum og kaupmönnum. Heimilt er að leggja á áburðinn þann kostnað, sem af verzluninni með hann leiðir, umfram farmgjöld þau, sem um ræðir í 2. gr. Það skal vera undantekningarlaus regla, að áburðurinn sé greiddur við móttöku.

4. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að fela Sambandi ísl. samvinnufélaga, eða öðrum aðila er henta þykir, rekstur áburðarsölu ríkisins, og leggja fram eða ábyrgjast fé, er til þess þarf. Að öðru leyti setur ríkisstjórnin reglur um rekstur verzlunarinnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 52 frá 7. maí 1928 og lög nr. 12 frá 6. júlí 1931.

## Ed. 137. Frumvarp

til laga um tekju- og eignarskattsauka.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta aukreitis tekju- og eignarskatt fyrir árið 1934, sem nemur 40% af skattinum það ár samkv. gildandi lögum. Þó skal eigi innheimta lægri fjárhæð en 5 krónur hjá hverjum gjaldanda.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 74 27. júní 1921 og breytingum á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslu manna hluta af kaupi þeirra, sem nægi fyrir skattgreiðslunni.

Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ed.** **138. Frumvarp**

til laga um einkasölu ríkisins á fóðurmjöli og fóðurbæti.

Flm.: Jón Baldvinsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal þegar taka í sínar hendur innflutning til landsins á fóðurmjöli og fóðurbæti, svo sem: Olíukökum, baðmullarfræmjöli, sojamjöli, pálmakjarnamjöli og kökum, jarðhnetumjöli og kökum, manioka og tapiokamjöli, melasse (sætfóðri), klíði, hænsna- og fuglafóðri, svínamjöli, byggi, höfrum, maís, maísmjöli, öðru fóðri og fóðurblöndu.

2. gr.

Fóðurmjöl og fóðurbæti þann, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., selur hún kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum og kaupmönnum.

3. gr.

Nafn verzlunar ríkisins skal vera „Fóðurbætiseinkasala ríkisins".

4. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur fóðurbætiseinkasölunnar, semur reglugerð um framkvæmd laga þessara, skipar forstöðumann einkasölunnar, en ef hentugra þykir að leggja rekstur einkasölunnar undir einkasölur þær, sem fyrir eru, skal ríkisstjórninni það heimilt. Þá skal ríkisstjórninni og heimilt að fela stofnun, er þar til þykir hæf, að annast rekstur einkasölunnar.

5. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með fóðurbætisbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu, þegar lög þessi öðlast gildi.

6. gr.

Fóðurbætiseinkasala ríkisins skal selja fóðurbætinn með kostnaðarverði, að viðbættum 2 af hundraði. Fé því, sem þannig fæst, skal varið til að gera tilraunir með innlendan fóðurbæti. Nánari reglur um tilraunir þessar skulu settar í reglugerð.

7. gr.

Fóðurbætiseinkasala ríkisins skal jafnan hafa nokkurn forða af fóðurmjöli og öðrum fóðurbæti fyrirliggjandi í Reykjavík.

8. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð í smásölu á vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

9. gr.

Endurskoðendur landsreikninga skulu endurskoða reikninga einkasölunnar.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 50 kr. til 20 þús. kr., ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er þrennt, sem á að vinnast með frv. þessu. Í fyrsta lagi, að eigi sé til landsins fluttur annar fóðurbætir en sá, er reynsla hefir sýnt, að komi að beztu gagni. Hitt annað, að tryggja það, að jafnan séu til í landinu hæfilegar birgðir af hinum algengustu og nauðsynlegustu fóðurbætistegundum, og í þriðja lagi, að gerðar séu ýtarlegar tilraunir með fóðurbæti, annaðhvort úr innlendum efnum eingöngu eða blandaðan innfluttum fóðurtegundum. Telja flm., að þessum tilgangi yrði bezt náð með því, að ríkisstjórnin taki allan innflutning þessarar vörutegundar í sínar hendur, og raunar einu leiðina til þess, að ýtarlegar rannsóknir séu gerðar um innlendan fóðurbæti, enda er í frv. ætlað nokkurt fé til þessara rannsókna. Eftir innflutningi síðustu ára mundi sú fjárhæð, með 2% álagi, varla nema minna en 10—15 þúsundum króna á ári.

Vegna gjaldeyrisástæðna er mikil nauðsyn á því að spara kaup á erlendum vörum, og þá einnig á fóðurbæti, ef hægt væri í þess stað að nota innlendan fóðurbæti. Vafalaust er hægt, í öllu venjulegu árferði, að afla nægilegra heyja fyrir allan búpening landsmanna. En til þess að slíkt geti komið að gagni, þarf vafalaust að gera margvíslegar ráðstafanir, bæði um öflun heys, geymslu á því og flutning. Verður þó sjálfsagt ávallt að gera ráð fyrir nokkurri notkun fóðurbætis, sérstaklega vegna aukins búskapar í kaupstöðum landsins, og enn um langt skeið mikilli fóðurbætisnotkun, meðan lítil tök eru á því að kaupa við viðunandi verði gott innlent hey.

## Nd. 139. Frumvarp

til laga um verkamannabústaði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna í kaupstöðum og kauptúnum landsins.

2. gr.

Byggingarsjóður lánar til íbúðarhúsbygginga samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi 5 manna nefnd í

kaupstöðum og 3 manna nefnd í kauptúnum fært atvinnumálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn.

3. gr.

Byggingarsjóður skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefir verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðar eða kauptúns, þar sem ákveðið hefir verið að þörf sé fyrir starfsemi byggingarsjóðsins, sbr. 2. gr.
2. Tekjur samkv. 14. gr. laga nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.
3. Bæjarsjóðir og sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins.
4. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður. En hlutaðeigandi bæjarsjóður og sveitarsjóður, sbr. 2. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu. Lánin má taka í erlendri mynt og gefa út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

4. gr.

Byggingarsjóður veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni, og skal félagið reist á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir byggingarsjóður lán gegn 2. veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagður fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 85% af kostnaðarverði eignarinnar. Byggingarsjóður veitir lánin affallalaus, og ávaxtist og endurborgist þau með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár. Byggingarsjóði er þó heimilt að veita aðeins eitt lán, allt að 85% af kostnaðarverði eignarinnar, með fyrsta veðrétti.

5. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkissjóðsábyrgð, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

6. gr.

Byggingarfélög hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 4. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
2. að húsin séu gerð úr varanlegu efni, með tveggja og þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð, eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag byggginganna samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.
3. að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 4000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, að viðbættum 300 krónum fyrir hvern ómaga, þó ekki samtals yfir 5500 króna árstekjur, né yfir 5000 króna eignir.
4. að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, gegn a. m. k. 15% útborgun, og með sömu lánskjörum á eftirstöðvum kaupverðsins sem félagið nýtur hjá byggingarsjóði.
5. að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir, sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleigan metin reglulega á 5—10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi kaupstaður, sveitarfélag eða ríkið ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal kaupstað eða sveitarfélagi skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.
6. að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefir íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkv. mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.
7. að settar séu reglur í reglugerð, sem staðfest sé af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
8. að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra félaga.

7. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og

verzlanir. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 6. gr. 7. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

8. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 5 menn, valdir til 4 ára í senn. Kýs Alþingi 4 þeirra með hlutfallskosningu, en atvinnumálaráðherra skipar einn, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefir á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkvæmt reglugerð, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, enda er einni deild sjóðsins óheimilt að lána annari nema til bráðabirgða, ef sérstaklega stendur á og gegn sérstakri tryggingu.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinna samkv. 6. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn, einn eða fleiri í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður atvinnumálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélag hefir rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og hefir rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álítur, að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til atvinnumálaráðherra.

9. gr.

Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefir verið til bygginganna.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til 4 ára í senn.

10. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn heimilt að ákveða, að bæjarfélagið eða sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefir það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti að húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún, í samráði við stjórn byggingarsjóðs og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Byggingarsjóðir þeir, sem eru starfandi, þegar lög þessi öðlast gildi, renna sem deildir inn í byggingarsjóð landsins.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935 og falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 55 og 71 8. september 1931, svo og lög nr. 118 29. desember 1933.

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

Stjórn byggingarsjóðs og endurskoðendur skulu í fyrsta sinn kosnir á Alþingi 1934.

## Nd. 140. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararétt skulu öðlast eftirtaldir menn:

1. Augustsson, Bjarne August, fæddur í Noregi.
2. Sörensen, Reidar, fæddur í Noregi.
3. Keil, Max Robert Heinrich, fæddur í Þýzkalandi.

Ríkisborgararéttur þessara manna er þó því skilyrði bundinn, að þeir, áður en ár er liðið frá því, er lög þessi öðlast gildi, sanni fyrir dómsmálaráðherra, að þeir eigi ekki ríkisborgararétt þar, sem þeir eru fæddir.

Greinargerð.

Dómsmálaráðuneytið hefir sent nefndinni umsóknir framangreindra manna um ríkisborgararétt. Um einstaka umsækjendur skal þetta tekið fram:

1. Bjarne August Augustsson er fæddur í Mehle í Noregi 21. maí 1912. Fluttist til Íslands í aprílmánuði 1930 og hefir dvalið hér síðan, að undantekinni 3 vikna ferð til Englands. Talar og skilur íslenzka tungu. Er ókvæntur.
2. Reidar Sörensen er fæddur 20. október 1897 í Stött, Nordre Helgeland, Noregi. Fluttist til Íslands 9. september 1923 og hefir dvalið hér síðan. Ókvæntur.
3. Max Robert Heinrich Keil er fæddur í Luckau N.-L. í Þýzkalandi 14. jan. 1908. Fluttist til Íslands 29. sept. 1930 og hefir dvalið hér síðan, að undanteknum 2 sumarferðalögum til Þýzkalands. Ókvæntur, en trúlofaður íslenzkri stúlku.

Nd.

# 141. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa og starfrækja síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir haft þetta mál til meðferðar og athugað málavexti. Meðal annars var leitað umsagnar stjórnar Síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði. Fylgir svar hennar þessu nál.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

6. þm. Reykv. (SK) hefir sérstöðu í málinu.

Alþingi, 18. okt. 1934.

| Finnur Jónsson, form. | Bergur Jónsson, fundaskr. | Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. | Páll Þorbjörnsson. |
|---|---|---|---|

**Fylgiskjal.**

Stjórn Síldarverksmiðju ríkisins
Siglufirði.

Út af fyrirspurn háttv. sjávarútvegsnefndar neðri deildar í bréfi dags. 16. þ. m., viðvíkjandi frumvarpi um heimild handa ríkisstjórninni til kaupa á síldarbræðsluverksmiðjunni á Raufarhöfn, leyfum vér oss að taka fram eftirfarandi:

Raufarhöfn liggur ágætlega við síldarmiðum á Axarfirði, fyrir Sléttu, í Þistilfirði og Langanesmiðum, en bregðist síldveiði á þessum miðum eða sé meiri annarsstaðar, er Raufarhöfn samt eigi svo austarlega, að eigi sé tiltækilegt að fara þangað með síld af vestari miðum norðanlands. Framan af sumrinu í sumar var mikil síldveiði á Þistilfirði og við Langanes norðanvert, en oft er það, aðallega seinni hluta sumars, sem síldveiði er mikil við Rauðanúp á Sléttu, á Þistilfirði og á Langanesmiðum, þótt veiði sé ekki annarsstaðar. Þessi veiði eyðileggst oft, sérstaklega fyrir hinum smærri skipum, vegna þess hve erfitt er að fara með síldina til Siglufjarðar þaðan seinni hluta sumars, þegar allra veðra er von. Það myndi hjálpa þessum skipum mikið, ef þau ættu vísa bræðslu á Raufarhöfn, gera yfirferðarsvæði þeirra stærra og þar með aflamöguleikana meiri en nú er.

Síldarbræðsluverksmiðjan á Raufarhöfn hefir undanfarin ár keypt meiri hlutann af síldinni af norskum veiðiskipum; keypti hún t. d. síðastl. sumar af erlendum skipum 29984 hl. á móti 21398 hl. af íslenzkum skipum. Í sumar tók verksmiðjan því á móti samtals 51382 hl. síldar, og er það miklu meira en verksmiðjan hefir áður tekið á móti á einu sumri. Samkvæmt skýrslum Fiski-

félags Íslands hefir verksmiðjan undanfarin 4 ár tekið á móti síld sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 1930 ..... | 16123 hl. |
| 1931 ..... | 28481 — |
| 1932 ..... | 8666 — |
| 1933 ..... | 34982 — |

Núverandi eigandi verksmiðjunnar, Fredr. Gundersen A/S, Bergen, mun hafa yfirtekið verksmiðjuna vegna skuldaskipta við Gustav Evanger, sem lét byggja verksmiðjuna. Hefir núverandi eigandi verksmiðjunnar jafnan viljað selja hana, og eigi viljað leggja í þann kostnað að koma þar upp lýsisgeymi eða gera aðrar þær umbætur, sem nauðsynlegt væri að gera, ætti verksmiðjan að vera starfhæf til frambúðar. Síðastl. vor var verksmiðjan boðin ríkissjóði til kaups fyrir norskar kr. 35000,00, eða tæpar 39 þús. ísl. kr. Hvort það tilboð stendur ennþá, er oss ókunnugt um, en vér höfum heyrt, að komið hafi verið upp nýrri og stærri pressu þar í sumar, sem eigi hafi þó komið að fullum notum vegna þess, að vélaafl vantaði fyrir viðbótinni. Samkvæmt áætlun Þórðar Runólfssonar, vélaeftirlitsmanns ríkisins, sem hefir samið lýsingu á síldarbræðsluverksmiðjunni á Raufarhöfn, dags. 13. apríl 1934 og vér látum hér með fylgja afrit af, þá telur hann, að það muni kosta 165 þúsund krónur að koma verksmiðjunni í fullkomlega starfhæft stand til frambúðar, miðað við það ástand, sem verksmiðjan var í fyrir síðustu vertíð. Ef gengið er út frá þessum endurbótum og sölutilboði núverandi eiganda, eins og það var síðastl. vor, myndi verksmiðjan kosta liðl. 200 þús. krónur. Er varlega áætlað, að þá muni verksmiðjan vinna úr 600 málum á sólarhring, og má þá telja, að stofnkostnaður hennar, miðað við afkastagetu, sé eigi óeðlilega hár.

Hingað til hefir jafnan verið nokkur vafi á því frá ári til árs, hvort verksmiðjan yrði rekin, og hefir það valdið kvíða og áhyggjum meðal hreppsbúa, sem réttilega telja fjárhagsafkomu sína undir því komna, hvort verksmiðjan sé rekin eða eigi.

Það má óhikað telja það alsverða stoð fyrir síldarútveginn, ef verksmiðjan á Raufarhöfn getur verið í fullum gangi árlega, en það teljum vér, að myndi vera betur tryggt, ef ríkisstjórnin hefði þá heimild til að kaupa verksmiðjuna, sem farið er fram á í téðu frumvarpi.

Virðingarfyllst

p. t. Reykjavík, 17. október 1934.

Í stjórn Síldarverksmiðju ríkisins

Jón L. Þórðarson. Sveinn Benediktsson. Þormóður Eyjólfsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

## Ed. 142. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júli 1911.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrir 4., 6., 7., 12., 13. og 14. lið 1. gr. laganna komi:

4. a. af rauðvíni kr. 1,00 af hverjum lítra.
   b. af ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum slíkum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,50 af hverjum lítra.
6. a. af óunnu tóbaki 4 kr. af hverju kg.
   b. af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki, kr. 6,40 af hverju kg.
7. a. af tóbaksvindlum 16 kr. af hverju kg.
   b. af vindlingum (sigarettum) kr. 14,40 af hverju kg. Vindlingarnir skulu tollaðir að meðtöldum pappírnum, öskjum og dósum, sem þeir eru seldir í.
12. a. af öllum tegundum af suðusúkkulaði og iðnsúkkulaði kr. 1,50 af hverju kg.
   b. af kakaódeigi kr. 1,00 af hverju kg.
13. a. af kakaódufti 50 au. af hverju kg.
   b. af kakaóbaunum brenndum, muldum og ómuldum 50 au. af hverju kg.
   c. af kakaóbaunum óbrenndum og ómuldum 35 au. af hverju kg.
14. Af öllum tegundum af brjóstssykri, konfekti, átsúkkulaði og sykruðum ávöxtum kr. 3,00 af hverju kg.

Verði ágreiningur um flokkun framangreindra tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1935 að innheimta með 25% gengisviðauka tolla af þeim vörum, sem taldar eru í 1. gr. laga þessara.

3. gr.

Lög nr. 48 27. júní 1925 og lög nr. 116 19. desember 1933 eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

## Nd. 143. Tillaga

til þingsályktunar um að auka ljósmagn Vestmannaeyjavitans á Stórhöfða.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess að auka ljósmagn Vestmannaeyjavitans á Stórhöfða fyrir næstu vertíð.

Á s t æ ð u r.

Þingsályktun þessi er flutt fyrir tilmæli vélbátaformanna í Vestmannaeyjum. Stórhöfðavitinn á Vestmannaeyjum er reistur árið 1906. Vitinn er hvítur leifturviti. Ljósið er olíuljós, sjónarlengd er talin í sjómannaalmanakinu 18 sm.

Útvegur Vestmannaeyinga hefir mikið aukizt síðustu áratugi, vertíðin lengzt og sjósókn aukizt til stórra muna. Nú sækja vélbátarnir á yztu mið, þegar frá byrjun janúarmánaðar, allt að 30 sjómílur í hörðustu vetrarveðrum. Eru bátar oft úti um 20 klst. Álit sjómanna er það, að ljósmagn vitans samsvari ekki þeim kröfum, er sjósóknin útheimtir, eins og hún er orðin.

## Nd. 144. Frumvarp

til laga um að verja útflutningsgjaldi af síld til hlutaruppbótar sjómönnum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Verja ber þeim mismun á útflutningsgjaldi af síld, veiddri árið 1934, sem greiddur hefir verið samkvæmt lögum nr. 60 27. júní 1921, og venjulegu útflutningsgjaldi eins og það er á öðrum fiski, til hlutaruppbótar sjómönnum, er veiddu síld á innlendum skipum til verkunar og útflutnings á síðastliðnu sumri.

Uppbótin greiðist þegar út hefir verið flutt síld sú, er söltuð hefir verið eða verkuð á því ári.

2. gr.

Hver sá, er saltað hefir eða verkað síld til útflutnings á annan hátt, er skyldur til að gefa ríkisstjórninni, þegar þess er krafizt, sundurliðaða skýrslu um söltun sína og útflutning, og um hve margar tunnur hvert skip hefir lagt í land til verkunar af hverri tegund síldar.

3. gr.

Hver sá, er skip gerði út á síldveiðar á síðastl. sumri, er skyldur til að gefa ríkisstjórninni skýrslu, þegar þess er krafizt, um það, hvaða skipverjar eigi hlut úr síld, er lögð hefir verið upp til söltunar af skipi hans eða skipum, og úr hve mörgum tunnum hver maður á hlut, svo og hver fjárhæð hlutur hvers hefir orðið, og hve lengi skipinu var haldið út.

4. gr.

Uppbótin af útflutningsgjaldinu greiðist skipverjum á hverju skipi í hlutfalli við veiði þá, er skipið hefir lagt á land til söltunar og út hefir verið flutt. Skiptist hún milli skipverja, þannig að þeir, sem ráðnir voru fyrir fast kaup eða eigi áttu hlutdeild í verðhækkun aflans, fái eigi uppbót, þeir, sem ráðnir voru fyrir nokkurt kaup og hlut úr afla, fá uppbót, hlutfallslega því minni sem

fastakaupið var meiri hluti af kaupi þeirra. Að öðru leyti skiptist uppbót af veiði hvers skips jafnt milli skipverja á því skipi.

5. gr.

Ríkisstjórnin skipar einn mann, sjómannafélag Reykjavíkur annan og sjómannafélag Hafnarfjarðar hinn þriðja í nefnd til að sjá um úthlutun uppbótarinnar. Nú verður ágreiningur um úthlutunina, og sker þá ríkisstjórnin úr.

6. gr.

Nú vanrækir einhver skyldur sínar um skýrslugjöf, sbr. 2. eða 3. gr., og má þá skylda hann, að viðlögðum dagsektum, allt að 50 kr. á dag, til uppfyllingar á þeim.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 145. Breytingartillögur

við frv. til laga um að verja útflutningsgjaldi af síld til hlutaruppbótar sjómönnum.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Uppbótin er aðeins til skipverja, sem tekið hafa hlut úr síldarafla, veiddum til söltunar eða sérverkunar, og skal hún skiptast jafnt milli þeirra án tillits til hlutarupphæðar hvers skipverja, þó þannig, að tekið skal tillit til þess, hvern tíma skipverjinn vann við veiðina.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin skipar einn mann, sjómannafélag Reykjavíkur annan og útgerðarmannafélag Akureyrar hinn þriðja í nefnd til að sjá um úthlutun uppbótarinnar. Nú verður ágreiningur um úthlutunina, og sker þá atvinnumálaráðherra úr.

## Nd. 146. Breytingartillaga

við frv. til l. um leiðbeiningar fyrir konur gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 1. gr. 2. málsgr. falli niður.

## Nd. 147. Breytingartillögur

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Jóhanni Þ. Jósefssyni.

1. Við 7. gr. Á eftir orðunum í upphafi greinarinnar „Byggingarfélagi, er kemur upp sambyggingum“ komi: eða sérstæðum húsum.
2. Við 11. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Byggingarfélögum er þó heimilt að leita til sérfróðra manna um teikningar af fyrirhuguðum byggingum, og ber ríkissjóður kostnað þann, er af því leiðir.

## Nd. 148. Frumvarp

til laga um bæjargjöld á Akureyri.

Flm.: Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar skal heimilt, til þess að standa straum af útgjöldum kaupstaðarins, að svo miklu leyti sem eigi þykir fært að ná nægum tekjum handa bæjarfélaginu með niðurjöfnun útsvara, að leggja á allar vörur, sem fluttar eru til eða frá Akureyri, sérstakt vörugjald, er nemi allt að tvöföldu vörugjaldi til Akureyrarhafnar eins og það nú er eða verður á hverjum tíma, og skal ákveða upphæð gjaldsins, tilhögun innheimtu og annað, er þurfa þykir, með reglugerð, saminni af bæjarstjórn Akureyrar og staðfestri af atvinnumálaráðherra. Í reglugerð má og ákveða, að aðfluttar vörur megi eigi afhenda og eigi afgreiða vörur til útflutnings nema sýnd sé kvittun fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Vörugjald þetta má taka lögtaki.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935 og gilda til ársloka 1937.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun bæjarstjórnar Akureyrar. Var ályktun um þetta efni samþykkt á bæjarstjórnarfundi af öllum fulltrúum bæjarins, að einum (fulltrúa kommúnista) undanskildum. Bæjarstjórn Akureyrar færir sem ástæðu fyrir tilmælum sínum um flutning þessa frumvarps, að útgjöld bæjarins fari hraðvaxandi ár frá ári, m. a. vegna aukinna framlaga til atvinnubóta, en gjaldþol bæjarmanna fari hinsvegar þverrandi, einkum vegna þess, hve mjög útgerðin hefir dregizt saman þar síðustu árin. Sé nú svo komið, að ókleift megi

telja að jafna þeirri upphæð niður á gjaldendur bæjarins með útsvörum eingöngu, er fullnægi brýnni tekjuþörf hans, og sé því eigi um annað að ræða en að leita annara úrræða. Þykir einna tiltækilegast að fara þá leið, sem hér er farið fram á að heimiluð verði um stundarsakir.

Það er kunnugt, að Akureyrarhöfn er ein af beztu höfnum landsins og hafnar- og bryggjugjöld eru þar ótrúlega lág. Það gjald, sem hér er farið fram á að heimilað verði að taka í bæjarsjóð, er því — sem betur fer — ekki tilfinnanlegt. Hér við má og bæta því, að bæjarstjórnin hefir ákveðið, ef frumvarp þetta verður að lögum að efni til, að breyta vörugjaldinu til hafnarinnar þann veg, að lækka það af þungavöru, en hækka það eitthvað af glysvarningi og munaðarvöru.

## Ed. 149. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Þorsteinn Briem.

Aftan við frvgr. bætist:

Lína frá Bugðustöðum í Hörðudal um Hól eða Seljaland að Vífilsdal hinum neðri.

Lína frá Tjaldanesi í Saurbæ um Kverngrjót að Hvammsdal, með aukalínu að Staðarhóli.

## Ed. 150. Frumvarp

til laga um yfirstjórn nokkurra ríkiseigna í Ölfusi.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

1. gr.

Fimm manna nefnd þeirri, sem samkvæmt 9. gr. laga um sjúkrahús, nr. 30 frá 1933, skal hafa á hendi yfirstjórn sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana ríkisins, skulu falin umráð eftirnefndra jarðeigna ríkisins í Ölfusi: Reykjakots, Reykja, Reykjahjáleigu, Kross og Valla.

2. gr.

Til þess að öðrum en ríkinu eða ríkisstofnunum sé leyfð notkun á landi Reykja og Reykjakots, þarf leyfi Alþingis að koma til.

3. gr.

Sérhver sá, sem öðlazt hefir leiguréttindi eða önnur réttindi yfir landi jarðanna Reykja og Reykjakots, skal vera skyldugur að láta réttindi þessi af hendi við ríkið. Um framkvæmd eignarnáms þessa fer eftir lögum nr. 61 frá 1917, um framkvæmd eignarnáms.

## Greinargerð.

Þegar Reykjaeignin var keypt samkvæmt heimild Alþingis, var það fyrst og fremst tilgangurinn, að tryggja ríkinu hinn mikla hverahita í sambandi við mikil og góð ræktunarskilyrði, til þess að á þessum eignum mætti, til mikilla almennra hagsbóta, starfrækja á þessum stað margskonar opinberar stofnanir. Var byrjað að hagnýta þessi góðu skilyrði til að reka þar hressingarhæli og gróðurhús, önnur hin mestu og beztu, sem til eru hér á landi.

Samkvæmt rannsókn, sem Þorkell Þorkelsson veðurfræðingur gerði fyrir ríkisstjórnina, eru í landi þessara fimm jarða um 100 hverir og heitar uppsprettur. Er í þessu fólgin geysimikil orka, sem kalla má, að ekki hafi verið notuð svo að nokkru nemi, en allir, sem til þekkja, sjá, hve mikils virði þessi eign er fyrir þjóðfélagið.

Landsspítalinn, sem nú er orðinn, og verður þó fremur síðar, mesta heilbrigðismálastofnun landsins, hefir ekkert bú til sinna afnota, og getur tæplega haft það í nágrenni Reykjavíkur. En hann gæti haft sitt eigið bú á Reykjum, og hefir fengið þaðan mjólk og grænmeti, en hvorttveggja sem bráðabirgðaráðstöfun. En það gæti orðið landsspítalanum til hins mesta gagns og sparnaðar, að geta haft á Reykjum bú við sitt hæfi og eftir sínum þörfum.

Ríkið hefir fjölmargar aðrar þarfir, sem fullnægja má á Reykjum. Þar mætti hafa hinar fullkomnustu tilraunir með notkun hverahita við ræktun. Þar mætti reka margháttaða lækninga- og hressingarstarfsemi fyrir veikt fólk og þreytt. Þar mætti hafa barnahæli og gamalmennahæli. Þar ætti ef til vill að hafa uppeldisstofnun fyrir heyrnarlaus og blind börn. Rektor menntaskólans óskar mjög eftir, að þar væri unnt að hafa skála, sem nemendur menntaskólans hefðu aðgang að um helgar og á vorin, er þeir vildu vera um stund út úr bænum sér til hressingar. Þá hefir komið fram ósk til ríkisstjórnarinnar frá leiðtogum verkamanna í Hafnarfirði og Reykjavík um, að á þessu hveralandi mætti koma upp einföldum sumardvalarstað fyrir konur og börn úr Reykjavík.

Sú stjórn, sem bar fram til sigurs málið um kaup á Reykjum og stóð fyrir þeirri byrjun á hagnýtum framkvæmdum, sem þar hafa verið gerðar, lagði fyrir Alþingi frv. um, að Reykjaeignin öll skyldi jafnan vera undir sömu yfirstjórn og landsspítalinn, og þar með dregin út úr daglegu reiptogi skiptandi stjórnarvalda. Málið kom fyrir landbúnaðarnefnd efri deildar og mætti þar eindreginni mótstöðu frá einum af þáverandi þingmönnum Framsóknarflokksins, Jóni Jónssyni. Vegna þeirrar mótstöðu náði málið ekki fram að ganga í það sinn. Litlu síðar urðu stjórnarskipti, vorið 1932, og sá flokkur, sem frá byrjun hafði mjög lagzt á móti að kaupa Reykjaeignina, fékk þá yfirstjórn heilbrigðismálanna og þar með Reykjaeignarinnar. Varð þá alger stefnubreyting í meðferð Reykjaeignarinnar. Lét þáverandi heilbrigðismálaráðherra Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra þá fljótlega fá til einkanotkunar landspildu rétt við túnið á Reykjum. Sótti sami maður allfast á og vildi ná undir sig um 30 dagsláttum af bezta ræktarlandi Reykjatorfunnar, einmitt því, sem fyrst þarf að nota, ef um stórfellda garðrækt er að ræða eða ef margmennar mann-

úðarstofnanir eru starfræktar við jarðhitann í Reykjalandi. Þegar hér var komið, risu upp ábúendur á Krossi og Völlum, sem áttu að nokkru óskipt land til afnota með Reykjum, og mótmæltu landafsalinu til Sigurðar Sigurðssonar. Lét stjórnin þó þar við sitja og færði nokkuð niður landstærðina, en samdi í þess stað um 75 ára erfðafestu, sem mun þykja nokkuð einkennileg leiguráðstöfun, eins og hér stendur á. En af ástæðu þeirri, sem tilgreind er hér að framan, mun mega líta svo á, að þetta landafsal sé líka ólöglegt.

Samhliða þessu gerði hin sama ríkisstjórn annan álíka samning um Reykjakot við Magnús Kristjánsson, fyrrum ráðsmann á Reykjum. En hann hefir lýst því yfir, að hann myndi fús að sleppa sínum réttindum, ef hann fái mannvirki sín keypt eftir mati, hvenær sem landið þarf að halda á Reykjakotseigninni. Er það fremur að þakka þegnskap Magnúsar en framsýni ríkisstjórnarinnar, að ekki verður varanlegur skaði að þessari ráðstöfun.

Hér er lagt til, að öll Reykjaeignin verði lögð undir varanleg umráð þeirrar nefndar, sem á að hafa umráð og yfirumsjón með sjúkrahúsum landsins, og að tekin verði með eignarnámi þau varanlegu réttindi, sem afsöluð hafa verið Sigurði Sigurðssyni í landi Reykjaeignar.

Hér fylgja með þeir þrír samningar, sem fyrrverandi ríkisstjórn hefir gert um landsafsal úr Reykjaeigninni.

**Fylgiskjal I.**

DÓMSMÁLARÁÐHERRANN

GERIR KUNNUGT: Að með bréfi þessu er Sigurði búnaðarmálastjóra Sigurðssyni leigð til 75 ára frá síðustu fardögum að telja og til viðbótar við landspildu þá, er honum með bréfi dómsmálaráðuneytisins var leigð 2. nóv. 1932, landspilda sú, sem lýst er undir tölulið 1, með eftirtöldum nánari skilyrðum.

1. Hin leigða landspilda er 3,6 ha. að flatarmáli og er mæld út úr landi Reykjatorfunnar í Ölfusi. Hún takmarkast að ofan af línu, sem liggur í beinu framhaldi af norðurmörkum af erfðafestulandi Sigurðar Sigurðssonar úr Reykjum, að skurði niður undan Reykjahjáleigu, beygir þar lítið eitt og liggur suðaustur 245 metra. Takmörkin að austan eru hornlína (90°) frá þeim endapunkti suður til Varmár, og er sú lína 158 metra löng, að sunnan ræður Varmá takmörkum. Meiri hluti lands þessa er mýrlendi, sundurgrafið af lækjarskorningum frá fjallinu niður til Varmár, en nokkur hluti af landinu eru móar. Brotið hefir verið af landi þessu 2600 fermetrar.
2. Landspildan er leigð til ræktunar. Vatns- og veiðiréttindi í Varmá fyrir landinu fylgja og með í leigunni. Leigutaki öðlast rétt til að byggja á landspildunni nauðsynleg hús vegna ræktunarinnar.
3. Leigutaki skal hafa girt landið gripheldri girðingu áður en 1 — eitt - - ár er liðið frá því honum var afhent landið, og ræktað allt landið innan 10 ára að túni eða matjurtagörðum. Girðingar, sem eru á landinu, fylgja með.
4. Ef girðingum er ekki viðhaldið eða leigulandið gengur úr sér að rækt, svo til auðnar horfi, hvorttveggja eftir mati tveggja óvilhallra dómkvaddra

manna, fellur landið aftur til ríkissjóðs án endurgjalds, þó að óskertum rétti þeirra, er veð kunna að eiga í réttindum yfir landinu, en ríkisstjórnin hefir forkaupsrétt að mannvirkjum þeim, er kunna að vera á landinu, önnur en ræktunarbætur, eftir mati þar til dómkvaddra manna.

5. Landið er leigulaust í 3 fyrstu árin. Síðan greiði leigutaki kr. 15.00 — fimmtán krónur — árlega pr. ha. Árgjaldið greiðist í fardögum ár hvert, í fyrsta skipti 1938.
6. Leigutaki greiði alla skatta og skyldur til hins opinbera, er lagðir kunna að vera á landið sem gjaldstofn.
7. Leigutaki getur ekki búið neina kröfu á hendur leigusala, þótt svo kynni að fara, að hið leigða land við landskipti falli að öllu eða nokkru leyti undir Kross eða Velli. Hið sama er og, ef réttindi núverandi ábúanda Kross eða Valla kynnu að vera því til fyrirstöðu, að leigutaki haldi leiguréttindum yfir landi þessu.
8. Leigutaka er heimilt að selja leigurétt sinn, veðsetja hann eða ráðstafa honum á annan hátt.

Af bréfi þessu eru tvö samhljóða frumrit, og heldur hvor samningsaðili sinu.

Í dómsmálaráðuneytinu, 14. júlí 1934.

M. Guðmundsson.

/ Gissur Bergsteinsson.

Við leigusamningi, sem þessum er samhljóða, hefi ég undirritaður tekið, og skuldbind ég mig til að halda hann í öllum greinum.

Reykjavík, 14. júlí 1934.

Sig. Sigurðsson.

**Fylgiskjal II.**

DÓMSMÁLARÁÐHERRANN

GERIR KUNNUGT: Að með bréfi þessu er Sigurði búnaðarmálastjóra Sigurðssyni leigð til 75 ára landspilda sú, sem lýst er undir tölulið 1, með eftirtöldum nánari skilyrðum.

1. Hin leigða landspilda er 1.05 ha. að flatarmáli. Hún liggur norðan Varmár gegnt Fagrahvammi í Ölfusi. Landið takmarkast að norðan af skurði og framhaldi hans, 95 m. vestur og 60 m. austur frá endum skurðsins. Að austan eru sett merki og myndar takmarkalínan 90° horn við skurðlínuna. Að sunnan takmarkast landið af Varmá og að vestan af Laugalæk, sbr. viðfestan uppdrátt Búnaðarfélags Íslands, dags. 21. sept. 1932.
2. Landspildan er leigð til ræktunar. Vatns- og veiðiréttindi í Varmá fyrir landinu fylgja og með í leigunni. Leigutaki öðlast rétt til að byggja á landspildunni nauðsynleg hús vegna ræktunarinnar.

3. Leigutaki skal hafa girt landið gripheldri girðingu áður en ½ — hálft — ár er liðið frá því honum var afhent landið og ræktað allt landið innan 5 ára að túni og matjurtagörðum.
4. Ef girðingum er ekki viðhaldið eða leigulandið gengur úr sér að rækt, svo til auðnar horfi, hvorttveggja eftir mati tveggja óvilhallra manna dómkvaddra, fellur landið aftur til ríkissjóðs án endurgjalds, þó að óskertum rétti þeirra, er veð kunna að eiga í réttindum yfir landinu, en ríkisstjórnin hefir forkaupsrétt að mannvirkjum þeim, er kunna að vera á landinu, önnur en ræktunarbætur, eftir mati þar til dómkvaddra manna.
5. Í leigu eftir landspildu þessa greiði leigutaki kr. 20.00 — tuttugu krónur — árlega. Árgjaldið greiðist í fardögum ár hvert, í fyrsta skipti 1933.
6. Leigutaki greiði alla skatta og skyldur til hins opinbera, er lagðir kunna að verða á landið sem gjaldstofn.
7. Leigutaka er heimilt að selja leigurétt sinn, veðsetja hann eða ráðstafa honum á annan hátt.

Af bréfi þessu eru tvö samhljóða frumrit, og heldur hvor samningsaðili sínu.

Í dómsmálaráðuneytinu, 2. nóvember 1932.

M. Guðmundsson.

/Gissur Bergsteinsson.

Við leigusamningi, sem þessum er samhljóða, hefi ég undirritaður tekið, og skuldbind ég mig til að halda hann í öllum greinum.

Reykjavík, 2. nóvember 1932.

Sig. Sigurðsson.

Vitundarvottar:
I. Magnúsdóttir.
Þórður Jensson.

**Fylgiskjal III.**

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

byggir hér með Magnúsi Kristjánssyni, Reykjum Ölveshreppi, með lífstíðarábúð fyrir hann og konu hans, jörðina Reykjakot í Ölveshreppi í Árnessýslu, frá fardögum 1934 að telja með eftirfarandi skilyrðum:

1. Ráðuneytið áskilur sér rétt til jarðhita og notkunaraðstöðu hans í landi jarðarinnar, að svo miklu leyti, sem sú notkun kemur ekki í bága við notkun leiguliða.
2. Hús þau, er eru á jörðinni, þegar leiguliði flytur þangað, skulu virt í hendur honum til niðurrifs, en ekki til viðhalds.
3. Hús þau, girðingar og önnur mannvirki, er leiguliði kann að gera á jörðinni og eru henni til nytja, að áliti ráðuneytisins og samþykkt af því, skuld-

bindur ráðuneytið sig til að kaupa við dauða leiguliða eða burtför frá jörðinni, fyrir hæfilegt verð, að undangengnu mati dómkvaddra manna.

4. Kostnað þann, er leiguliði kann að hafa af því að gera bílfæran veg frá Grýtu að Reykjakoti, skal leiguliða heimilt að greiða með afgjaldi jarðarinnar.
5. Leiguliða skal heimilt að endurleigja slægju- og beitinytjar jarðarinnar, ef hann þarfnast þeirra ekki sjálfur, þó svo, að jörðin rýrni að engu leyti né gangi úr sér við þetta.
6. Í eftirgjald greiði leiguliði kr. 250 — tvö hundruð og fimmtíu krónur, — er greiðist dómsmálaráðuneytinu fyrir 31. desbr. ár hvert.
7. Leiguliði skal svara öllum sköttum og skyldum af jörðinni. Hann skal vandlega yrkja tún og engjar og halda við innstæðukúgildum.
8. Að öðru leyti fer um réttindi og skyldur leiguliða eftir ábúðarlögum.

Af byggingarbréfi þessu eru tvö samhljóða frumrit, og heldur hvor samningsaðili sínu.

Í dómsmálaráðuneytinu, 7. september 1933.

M. Guðmundsson.

/Gissur Bergsteinsson.

## Sþ. 151. Tillaga

til þingsályktunar um vátryggingar á fiskibátum.

Frá Ingvari Pálmasyni og Gísla Guðmundssyni.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, á hvern veg verði bezt fyrir komið vátryggingum á fiskibátum, og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um þau mál.

Ennfremur í því sambandi, að lög nr. 65 7. maí 1928, um að leggja Samábyrgðina niður sem sjálfstæða stofnun, komi ekki til framkvæmda, þó ástæða verði til, fyrir þann tíma.

### Greinargerð.

Vátryggingu hinna smærri skipa og báta innan fiskiflota landsmanna mun nú vera mjög ábótavant og vátryggingarnar, að minnsta kosti sumar, að ýmsu leyti alls ekki hentugar. Nokkuð af skipum og bátum er tryggt í Samábyrgð Íslands, nokkuð í Sjóvátryggingarfélagi Íslands og eitthvað í erlendum vátryggingarstofnunum. En allmikið af smærri og stærri fiskibátum er hvergi vátryggt. Virðist vera full ástæða til, að þetta mál verði rannsakað ýtarlega og reynt að finna hentuga leið til þess að koma þessari grein tryggingarmála í betra horf en nú er.

Að því er snertir síðari lið tillögunnar, þá er hann fram kominn af þeirri

ástæðu, að álitamál er, hvort rétt er eða hentugt að leggja Samábyrgðina undir stjórn hinna annara tryggingarstofnana ríkisins, sem hafa með höndum alóskyldar tryggingar. Er því með þessum lið farið fram á, að fyrirmælum laga nr. 65 7. maí 1928 um þetta efni verði frestað, þó núverandi samábyrgðarstjóri léti af störfum, þar til rannsókn þeirri er lokið, sem um ræðir í fyrri lið tillögunnar.

## Ed. 152. Nefndarálit

um breyting á lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við fyrirsögn frv. Fyrir orðin „breyting á lögum“ komi: framlenging á gildi laga.

Alþingi, 19. okt. 1934.

| Jón Baldvinsson, form. | Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. | Magnús Jónsson. |
|---|---|---|

## Ed. 153. Nefndarálit

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga um verðtoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Fyrir „1927“ komi: 1926.

Alþingi, 19. okt. 1934.

| Jón Baldvinsson, form. | Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. | Magnús Jónsson. |
|---|---|---|

**Nd.** **154. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 1. september ár hvert. Ráðherra getur þó, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað stangarveiði til 10. september.

2. gr.

2. málsgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Til veiði þeirrar, er ræðir um í 1. málsgrein, þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Skal skírteinið gefið út til tiltekins tíma og hljóða á nafn, eða vera gefið út fiskiræktarfélagi til handa. Skírteini um veiði til klaks heimilar þó eigi veiði í öðrum fiskihverfum en því, sem klakið er starfrækt við, nema með fullu samþykki veiðieigenda og fiskiræktarfélaga, ef til eru. Binda má leyfið því skilyrði, að hæfilegri tölu seiða sé sleppt í vatn það, sem veitt er í,

3. gr.

Aftan við 1. lið 22. gr. laganna bætist: Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef veiðimálastjóri mælir með því.

4. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 28. greinar laganna komi: 3,5 cm.

5. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 29. greinar laganna komi: 3,5 cm.

6. gr.

Aftan við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

3. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að leyfilegt sé samkvæmt 2. málsgr., og vill hvorugur víkja. Skal þá mat skera úr ágreiningnum.

7. gr.

Á eftir 84. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 85. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því):

1. Nú hefir einhver sá, sem veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann mátti áður einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati (sbr. 83. gr.).

2. Kröfur um bætur skulu sendar ráðherra. Leitar hann um þær umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og skipar matsmenn. Skaðabætur greið-

ist að ½ úr ríkissjóði og ½ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi sýslu eða sýslna.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti landbúnaðarnefnd neðri deildar frumvarp til laga um breyting á lögunum um lax- og silungsveiði frá 23. júní 1932. Er frumvarp það á þskj. 36 frá því þingi. Frumvarp þetta gekk í gegnum neðri deild með nokkrum viðaukum, en í efri deild varð það eigi útrætt. Hafði þó landbúnaðarnefnd þeirrar deildar athugað frumvarpið og gert við það lítilsháttar breytingu.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, er að miklu leyti samhljóða frumvarpi neðri deildar á síðasta þingi. Þær einar breytingar eru á því gerðar, að tillaga landbúnaðarnefndar efri deildar er að nokkru leyti tekin upp, og því inn í bætt, að undanþágu megi veita frá skilyrðislausu banni við silungsveiði í net í vötnum, þar sem ekki er starfrækt klak, á tímabilinu frá 27. sept. til 31. jan. ár hvert.

Nánar í framsögu.

## Nd. 155. Lög

um tekju- og eignarskattsauka.

(Afgreidd frá Nd. 19. okt.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta aukreitis tekju- og eignarskatt fyrir árið 1934, sem nemur 40% af skattinum það ár samkv. gildandi lögum. Þó skal eigi innheimta lægri fjárhæð en 5 krónur hjá hverjum gjaldanda.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 74 27. júní 1921 og breytingum á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslu manna hluta af kaupi þeirra, sem nægi fyrir skattgreiðslunni.

Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 156. Nefndarálit

um frv. til laga um opinberan ákæranda.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar (HV, BJ og StJSt) hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að meiri hl. núverandi alþingismanna hefir í opinberum málefnasamningi ákveðið, að gagngerð endurskoðun skuli fara fram á núverandi réttarfarslöggjöf, þar á meðal að sjálfsögðu á fyrirmælunum um meðferð opinberra mála, og kemur þá einnig til álita lögskipun opinbers ákæranda, og í trausti þess, að ríkisstjórnin muni leggja fyrir Alþingi 1935 frumvarp til nýrrar réttarfarslöggjafar, er nái til meðferðar opinberra mála, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. okt. 1934.

| Héðinn Valdimarsson, form. | Bergur Jónsson, fundaskr. | Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. |
|---|---|---|

## Nd. 157. Nefndarálit

um frv. til laga um vinnumiðlun.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hl. allshn. álítur, að ekki sé þörf slíkrar löggjafar, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það virðist ekki vera nein ástæða til þess að skylda kaupstaði landsins til þess að setja upp hjá sér slíkar skrifstofur, með því fyrirkomulagi, sem þar er gert ráð fyrir. Enda mundi þessi skrifstofa hafa allverulegan kostnað í för með sér, og ekki sanngjarnt að setja slík útgjöld á bæjarsjóði, e. t. v. gegn ósk meiri hluta viðkomandi bæjarstjórna. Ef nauðsyn yrði vinnumiðlunarskrifstofu, eða einhverrar svipaðrar stofnunar, mundu bæjarstjórnir vitanlega setja þær á stofn, og þyrfti þá engrar löggjafar við. Hér í Reykjavík hefir ráðningarskrifstofa þegar verið sett á stofn af bæjarstjórn Reykjavíkur. Þessi skrifstofa er að vísu ekki enn tekin til starfa, en allur nauðsynlegur undirbúningur er þegar hafinn. Þessi skrifstofa, er bæjarstjórnin þannig hyggst að reka, er vitanlega undir eftirliti bæjarráðs, en í því eiga sæti 5 menn, kosnir hlutfallskosningu af bæjarfulltrúum. Það virðist eðlilegast, að bæjarstjórn Reykjavíkur fái sjálf að ákveða um fyrirkomulag og rekstur ráðningarskrifstofunnar, í stað þess að þvinga fram, gegn vilja meiri hl. bæjar-

stjórnar, skrifstofubákn, sem aðeins mundi gera vafasamt gagn. Mundi þegar vakna sterk andúð gegn slíkri skrifstofu, sem rekin væri á kostnað bæjarins, — en gegn vilja bæjarstjórnar, — og væri það eitt út af fyrir sig nægilegt til þess að útiloka, að gagnlegum tilgangi skrifstofunnar væri náð.

Þó það að sjálfsögðu standi ekki berum orðum í frv., að það sé fram komið til höfuðs þeirri ráðningarskrifstofu, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefir sett á stofn, þá telur minni hl. nefndarinnar hinsvegar engan vafa á, að svo sé. Er hér gerð augljós tilraun til þess að skerða með löggjöf þann sjálfsagða rétt, er meiri hl. bæjarstjórnar hefir til þess, samkv. öllum lýðræðisreglum, að ráða sjálfur sínum málum.

Minni hl. nefndarinnar telur því, að ekki eigi með löggjöf að svipta bæjarstjórnir forráðum sinna mála, enda sé þá, að því er snertir ráðningarskrifstofu Reykjavíkur, ærinn tími til þess, ef reynslan sýndi, að rekstur hennar fullnægði ekki þeim kröfum, er gera skal til slíkra stofnana.

Minni hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. okt. 1934.

Garðar Þorsteinsson, frsm. Thor Thors.

## Nd. 158. Frumvarp

til laga um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þegar stofnað er hér á landi, eftir að lög þessi öðlast gildi, nýtt iðn- eða iðjufyrirtæki í þeim greinum, sem ekki hafa verið starfræktar hér á landi áður, þá skal fyrsta fyrirtækið í hverri grein vera undanþegið greiðslu á tekju- og eignarskatti í ríkissjóð og á útsvari í bæjar- eða sveitarsjóð í 3 ár eftir að það var stofnað. Eftir þann tíma greiði fyrirtæki þessi útsvör og skatta sem aðrir, samkvæmt gildandi lögum.

2. gr.

Það teljast ný iðn- og iðjufyrirtæki samkvæmt lögum þessum:

a) sem framleiða vörur, er ekki hafa áður verið búnar til hér á landi,
b) sem við framleiðsluna nota nýjar aðferðir, sem ekki hafa verið notaðar hér áður og í verulegum atriðum eru frábrugðnar eldri aðferðum og taka þeim fram, og
c) sem til framleiðslunnar nota innlend hráefni, er ekki hafa verið notuð hér áður.

3. gr.

Verði ágreiningur um, hvað teljast skuli ný iðn- og iðjufyrirtæki, sker atvinnumálaráðherra úr því, að fengnum tillögum Landssambands iðnaðarmanna.

4. gr.

Sé hið nýja fyrirtæki hluti úr öðru stærra, kemur skatta- og útsvarseftirgjöf þessi því aðeins til framkvæmda, að reikningshaldi hins nýja fyrirtækis sé haldið algerlega aðgreindu frá öðru reikningshaldi fyrirtækisins, enda nái eftirgjöfin þá aðeins til þess hlutans, sem nýr er.

5. gr.

Nú telur einhver sig hafa stofnað nýtt fyrirtæki samkvæmt lögum þessum og vill njóta hlunninda þeirra, er þau fela í sér, og skal hann þá senda atvinnumálaráðherra skýrslu um það og ósk um, að þetta fyrirtæki verði undanþegið útsvari og skatti í næstu 3 ár. Úrskurð ráðherra skal síðan senda viðkomandi skattanefnd og niðurjöfnunarnefnd.

6. gr.

Hlunnindi þau, sem lög þessi veita, koma því aðeins til framkvæmda, að sá arður, sem fyrirtækinu kann að safnast þau 3 ár, sem lögin taka til, verði óskiptur lagður í varasjóð fyrirtækisins, að frádregnum í mesta lagi 4% af stofnfé.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 159. Frumvarp

til laga um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Frá 1. janúar 1935 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn nokkra tegund af eldspýtum né vindlingapappír.

Ákvæði laga þessara um eldspýtur taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi, ef birgðirnar eru eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar eru meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 10. og 11. grein.

2. gr.

Tóbakseinkasala ríkisins skal annast innkaup á eldspýtum þeim og vindlingapappír, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., og selja kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum og kaupmönnum, en eigi öðrum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með birgðir þær af eldspýtum og vindlingapappír, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1935, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Gjaldið má þó eigi vera hærra en nemur álagningu tóbakseinkasölunnar.

4. gr.

Tóbakseinkasala ríkisins skal leggja frá 25 til 100 af hundraði á eldspýtur, eftir því sem henta þykir um hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Á vindlingapappír skal tóbakseinkasölunni heimilt að leggja jafnmikið sem hún telur heppilegt.

5. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll þar, sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir.

6. gr.

Ágóða þann, sem verður af rekstri þessarar einkasölu, skal telja með tekjum tóbakseinkasölu ríkisins.

7. gr.

Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa hæfilegan forða af eldspýtum og vindlingapappír fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað af vörusendingum innanlands greiði viðskiptamenn.

8. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð á eldspýtum og vindlingapappír í smásölu.

9. gr.

Á umbúðir allra tegunda af eldspýtum og vindlingapappír, sem einkasalan flytur inn, skal vera letrað „Tóbakseinkasala ríkisins“.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 50 til 20000 krónum, ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skulu vörur þær, sem lög þessi taka til, sem inn er fluttar í heimildarleysi, gerðar upptækar og afhendast tóbakseinkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þesum skal fara sem almenn löreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ed.** **160. Frumvarp**

til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til þess að greiða fyrir innanlandsverzlun með sláturfjárafurðir skipar ríkisstjórnin 5 manna kjötverðlagsnefnd til eins árs. Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefnir einn mann, Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga tilnefna í sameiningu einn, Landssamband iðnaðarmanna einn, Alþýðusamband Íslands einn og landbúnaðarráðherra einn mann í nefndina, sem jafnframt er formaður hennar.

Nefndin ræður fulltrúa, sem annast dagleg störf. Hún getur valið sér trúnaðarmenn eða skipað eftirlitsnefndir, eftir því sem þörf krefur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Kjötverðlagsnefndin ákveður verðlag á kjöti á innlendum markaði í heildsölu og smásölu.

Enginn má selja eða kaupa kjöt við öðru verði en því, sem nefndin ákveður á hverjum stað á hverjum tíma.

3. gr.

Enginn má slátra sauðfé til sölu, né verzla með kjöt af því í heildsölu, án leyfis kjötverðlagsnefndar. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem nú eru starfandi, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annara félaga. Ennfremur getur nefndin veitt leyfi þeim verzlunum öðrum, sem árið 1933 áttu eða starfræktu sláturhús, sem fullnægðu ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933.

Í leyfi getur nefndin ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands.

4. gr.

Greiða skal verðjöfnunartillag af öllu slátruðu sauðfé, nema því, sem framleiðendur nota til heimilisþarfa. Upphæð tillagsins má nema allt að 8 aurum á hvert kg. af kjöti, eftir nánari ákvörðun kjötverðlagsnefndar. Heimilt er nefndinni að ákveða mismunandi verðjöfnunartillag eftir kjöttegundum.

Verðjöfnunartillagið hefir lögtaksrétt til loka næsta árs eftir að slátrun fór fram.

5. gr.

Þeir, sem slátra fé til sölu, skulu gefa kjötverðlagsnefnd skýrslu um daglega slátrun, staðfestar af kjötmatsmönnum, og standa skil á verðjöfnunartillaginu til nefndarinnar. Gjalddagi er þegar slátrun fer fram.

Nefndin geymir verðjöfnunarsjóð á tryggum stað, þann tíma sem hún hefir hann undir höndum.

6. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal varið þannig:

a. Til endurgreiðslu verðjöfnunartillagsins af því kjöti, sem út er flutt.
b. Til að greiða fyrir sölu sláturfjárafurða innanlands.
c. Til verðuppbótar á útflutt dilkakjöt. Verðuppbótin má þó ekki verða svo há, að nettóverð útflutta kjötsins verði hennar vegna fyllilega eins hátt og nettóverð sömu tegunda af kjöti, sem selt er á verðhæsta innlendum markaði. Það verð, sem Samband ísl. samvinnufélaga greiðir deildum sínum fyrir útflutt kjöt af framleiðslu hvers árs, telst útflutningsverð á því ári.

Verði afgangur í verðjöfnunarsjóði, þegar greitt hefir verið samkvæmt framansögðu, skal honum varið til uppbótar á öllu seldu kjöti, þannig, að sá verðmismunur, sem nefndin hefir ákveðið, raskist ekki.

7. gr.

Greiða skal jafnháa verðuppbót samkvæmt ákvæðum 6. gr. á hvert kg. sömu tegundar af útfluttu dilkakjöti, hvaðan sem það er af landinu.

8. gr.

Skylt er öllum, sem verzla með sláturfjárafurðir, að láta kjötverðlagsnefnd í té allar upplýsingar og skýrslur, er hún óskar eftir, viðvíkjandi sölu og söluhorfum á sláturfjárafurðum, bæði innanlands og utan.

9. gr.

Landinu skal skipta í verðlagssvæði eftir aðstöðu til markaðs og flutninga. Nefndin skal ákveða verðlag á hverju verðlagssvæði fyrir sig.

10. gr.

Kjötverðlagsnefnd gerir þær ráðstafanir, er hún telur þurfa til þess, að innlendi markaðurinn notist sem bezt. Hún hefir eftirlit með því, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og í allri meðferð sláturfjárafurða og verzlun með þær. Í því skyni getur nefndin takmarkað fjölda útsölustaða, þar sem henni virðist þurfa, svo og takmarkað flutninga milli verðlagssvæða, ef hún telur hættu á, að markaður verði á einhverjum stað ofhlaðinn.

11. gr.

Kjötverðlagsnefnd er heimilt, ef hún telur þess þörf, að láta ákvæði þessara laga um sölu og verðjöfnunartillag gilda um nautakjöt og fleiri sláturfjárafurðir.

12. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Í reglugerð má ákveða sektir við brotum gegn henni.

13. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum, allt að 10000 krónum. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

14. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

## Nd. 161. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Flm.: Pétur Halldórsson.

Við 1. gr. Síðari málsliður gr. orðist svo: Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir undanþegnar álaginu.

## Nd. 162. Tillaga

til þingsályktunar um miðunarstöð í Vestmannaeyjum.

Flm.: Páll Þorbjörnsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma upp miðunarstöð í Vestmannaeyjum svo fljótt sem unnt er.

### Greinargerð.

Loftskeytastöðin í Vestmannaeyjum vinnur nú jafnframt skeytaviðskiptum sem radioviti. Þetta kemur eingöngu þeim skipum að gagni, sem hafa miðunartæki um borð. Miðunartæki eru svo dýr, að ekki eru líkur til, að þau verði algeng í minni skipum, auk þess sem ógerningur mun vera að starfrækja þau í smærri vélskipum. Hinsvegar þurfa skip ekki annað en loftskeytastöð eða talstöð til að hafa gagn af miðunarstöð í landi. Fjöldi vélbáta og línuveiðagufuskipa hefir nú þegar talstöðvar, og munu þær flestar leigðar af landssímanum fyrir ákveðið gjald (100 kr. um árið). Allar líkur eru til, að allflestir bátar, sem veiðar stunda við Vestmannaeyjar, mundu fá sér slíkar talstöðvar eftir að miðunarstöð væri komin í landi, og væri þá öryggi þeirra á sjónum stórum bætt.

## Nd. 163. Breytingartillaga

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Thor Thors, Garðari Þorsteinssyni.

Við 4. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Í kaupstöðum, þar sem íbúar eru fleiri en 10000, geta þó tvö slík byggingarfélög notið hlunninda laga þessara.

## Nd. 164. Breytingartillögur

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 4. gr. Á eftir fyrri málsgreininni komi:
   Heimilt er að stofna deildir, sem hafi sérsamþykktir. innan byggingarfélags, þegar 50 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn félagsins.
2. Við 6. gr. Á eftir 3. tölulið komi nýr töluliður, sem verður 4. töluliður, svo hljóðandi:
   4. að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarsjóðsins ákveður.
3. Við 10. gr. Aftan við greinina bætist:
   Byggingarfélögum er þó heimilt að fela sérfróðum mönnum að gera uppdrætti af húsum félagsmanna, og úrskurðar atvinnumálaráðherra þá um uppdrættina og greiðslur úr ríkissjóði fyrir þá.

## Nd. 165. Breytingartillögur

við frv. til laga um vinnumiðlun.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 2. gr. 7. töluliður orðist svo:
   7. að halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum og milli kaupstaða og sveita, eftir því sem við verður komið.
2. Við 3. gr. Fyrri málsgreinin orðist svo:
   Stjórn hverrar vinnumiðlunarskrifstofu skal skipuð þrem mönnum. Er einn þeirra tilnefndur af hlutaðeigandi bæjarstjórn, og er hann formaður nefndarinnar, annar af verkalýðsfélagi eða fulltrúaráði verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands og hinn þriðji af félagi atvinnurekenda, ef slík félög eru til í kaupstaðnum. Nú er vinnumiðlunarskrifstofa stofnuð í kaupstað, þar sem ekki starfar verkalýðsfélag innan Alþýðusambands Ís-

lands eða félag atvinnurekenda, og skal þá annar og þriðji stjórnarmaður tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands og Félagi íslenzkra atvinnurekenda.

3. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist:
   Kostnaður af símtölum, símskeytum og póstsendingum greiðist þó allur úr ríkissjóði.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Með reglugerð, sem atvinnumálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum bæjarstjórna, má ákveða nánar um störf og fyrirkomulag vinnumiðlunarskrifstofanna. Atvinnumálaráðherra setur og reglur um samband og samvinnu vinnumiðlunarskrifstofa. Heimilt er að fela sérstökum fulltrúa í atvinnumálaráðuneytinu öll störf, er lúta að vinnumiðlun milli kaupstaða og héraða.

## Nd. 166. Breytingartillaga

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Við 4. gr. Á eftir fyrri málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú er fleira en eitt byggingarfélag stofnað í kaupstað eða kauptúni, og veitir byggingarsjóður þá því félagi lán, sem fyrst hefir hafið byggingarstarfsemi, en ef hvorugt eða ekkert félaganna hefir byrjað slíka starfsemi, þá því félagi, er fyrr eða fyrst er stofnað.

## Nd. 167. Breytingartillögur

við frv. til laga um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. Fyrri málsl. 2. málsgr. hljóði svo:
   Ákvæði laga þessara ná eigi til eldspýtnaforða skipa, sem koma til landsins, ef hann telst hæfilegur handa skipverjum og farþegum.
2. Við 4. gr. Síðasti málsliður orðist svo:
   Heildsöluálagning á vindlingapappír er óbundin.

## Ed. 168. Breytingartillaga

við frv. til l. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 3. gr. Fyrir „Leyfi skal veita ... frá 19. júní 1933“ kemur:
Leyfi skal veita:

1. Samvinnufélögum bænda, þeim sem nú eru eða stofnuð verða.
2. Kjötsölufélögum bænda, er stofnuð kunna að verða og hafa hið minnsta 12 meðlimi.
3. Félögum og einstaklingum, þeim er áttu eða starfræktu sláturhús árið 1933.

## Ed. 169. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaða.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á Fögrueyri við Fáskrúðsfjörð og Höfnum í Finnafirði skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þá er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðanna, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

## Sþ. 170. Tillaga

til þingsályktunar um skipun lögfræðinganefndar til þess að undirbúa endurbætur á réttarfarslöggjöfinni.

Flm.: Jónas Jónsson, Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nú þegar nefnd þriggja lögfræðinga til þess að hefja þegar í stað undirbúning um gagngerðar breytingar og endurbætur á réttarfarslöggjöf landsins, í einkamálum og opinberum málum, eftir fullkomnustu erlendum fyrirmyndum.

Kostnaðinn við nefndarstörfin skal greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Undirbúningur hefir þegar verið hafinn í máli þessu, á þann veg aðallega, að einn af hæstaréttardómurunum var erlendis nokkurn tíma á þessu ári til þess að undirbúa endurskipulag á réttarfari í einkamálum. En með því að telja verður eðlilegt, að mál þetta sé undirbúið sem rækilegast, þannig að fleiri aðilar úr lögfræðingastétt rannsaki úrlausn máls þessa, áður en það kemur fyrir Alþingi, verður að telja nauðsynlegt að skipa nefnd þessa. Jafnframt ber á það að líta, að það er ekki aðeins eðlilegt, heldur hagkvæmt og jafnvel nauðsynlegt að taka bæði atriðin í réttarfarsmálum til athugunar samtímis, enda réttarfarið í opinberum málum ekki síður úrelt en réttarfar í einkamálum.

## Sþ. 171. Tillaga

til þingsályktunar um greiðslu fyrir náttúrufræðisafn Guðmundar G. Bárðarsonar.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Thor Thors, Þorbergur Þorleifsson.

Sameinað Alþingi ályktar, að greiðsla fyrir náttúrufræðisafn Guðmundar G. Bárðarsonar, sem ræðir um í 7. tölulið 1. gr. laga nr. 50 frá 19. júní 1933, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, skuli fram fara úr þeim hluta Menningarsjóðs, er verja skal til náttúrufræðilegra rannsókna.

Greinargerð.

Í 7. lið laga nr. 50 frá 19. júní 1933 er mælt svo fyrir, að Menningarsjóði skyldi skylt að kaupa landinu til handa náttúrufræðisafn Guðmundar G. Bárðarsonar. En samkv. lögum um Menningarsjóð, nr. 54 frá 1928, er tekjum sjóðsins skipt í þrjá jafna hluta, og annast einn hluti sjóðsins útgáfu bóka, annar kaup á listaverkum, en hinum þriðja hluta skal varið til náttúrufræðilegra rannsókna. Nú hafa lög nr. 50 frá 1933 verið framkvæmd þannig, þrátt fyrir einróma mótmæli Menntamálaráðs Íslands, að sá hluti af andvirði náttúrufræðisafns Guðmundar G. Bárðarsonar, sem þegar hefir verið af höndum inntur, hefir verið greiddur úr óskiptum Menningarsjóði, þannig að fé lista- og bókaútgáfudeildar hefir verið varið til kaupanna. En þetta þykir óeðlilegt og óréttlátt. Auk þess er það þannig, að náttúrufræðideild Menningarsjóðs hefir yfir nokkru fé að ráða, en lista- og bókaútgáfudeildir eru alveg tæmdar af fé. Sýnist því full ástæða til þess að haga greiðslunni á þá leið, er í tillögunni greinir.

## Nd. 172. Frumvarp

til laga um breyt. á l. nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

Flm.: Thor Thors.

1. málsl. 3. gr. laganna orðist svo:

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir, vegi, byggingar og hverskonar mannvirki, er hafnarnefnd telur nauðsynleg í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk hreppsnefndar og hafnarnefndar Ólafsvíkur. Telur hafnarnefnd, að hana skorti nægilega heimild til eignarnáms, er hún telur nauðsynlegt vegna hafnargerðarinnar. Í frv. er heimildin rýmkuð

## Ed. 173. Breytingartillaga

við frv. til l. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 3. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: svo og þeim sauðfjáreigendum, sem gera það sennilegt fyrir nefndinni, að þeir hafi undanfarandi selt kjöt millilíðalaust til neytenda.

## Ed. 174. Breytingartillaga

við frv. til l. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Þorsteini Briem.

Við 4. gr. Aftan við greinina bætist:
Ennfremur er nefndinni heimilt að veita undanþágu frá verðjöfnunargjaldi af kjöti af mylkum ám.

## Nd. 175. Frumvarp

til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43 31. maí 1927.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Þorbergur Þorleifsson.

1. gr.

21. gr. fátækralaganna orðist svo:
Hver sá, sem er fullra 16 ára að aldri og hefir íslenzkan ríkisborgararétt, á framfærslusveit þar, sem hann á lögheimili, er hann verður fyrst þurfandi sveitarstyrks.
Verði ekki upplýst, hvar sá, er verður þurfandi fyrir sveitarstyrk, á lögheimili, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, sem hann hefir dvalið lengst í á síðastliðnu ári, reiknað frá þeim degi að telja, er hann upplýsti fyrir réttum aðila, að hann væri þurfandi fyrir sveitarstyrk.

2. gr.

Í stað 58. gr. til 61. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:
Hvorki dvalarsveit né framfærslusveit hafa rétt til að krefjast þess, að þurfamaður sé fluttur fátækraflutningi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Eins og atvinnuháttum er hagað nú með þjóðinni, er ekki hægt að sjá neina skynsamlega ástæðu til þess að láta mann vinna sér sveitfesti með tveggja ára dvöl í sveitinni. Með því getur hann ekki skapað þau verðmæti í viðkomandi sveitarfélagi, er réttlæti, að það eigi að ala önn fyrir honum, ef hann brestur getu til þess sjálfur. Þess vegna er hér gert ráð fyrir, að hver verði sveitfastur þar, sem hann á lögheimili, þá er hann verður styrks þurfandi.

Þurfamannaflutningarnir hafa löngum þótt ómannúðlegir, enda mikið hættir, en verði ofannefnt ákvæði samþykkt, þá hverfur að mestu ástæðan fyrir þurfamannaflutningunum, og er því lagt til, að þeir séu gerðir óheimilir að lögum, svo tryggt sé, að þeir eigi sér ekki stað.

## Ed. 176. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Öll síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir vegin, ef seljandi óskar þess.

Til seljenda teljast allir þeir, sem taka laun sín eða hluta þeirra sem aflahlut eða uppbót (premíu), er miðast við afla.

Hver bræðsluverksmiðja skal jafnan hafa tiltækar hæfar síldarvogir, er taki í einu að minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem síldin er vegin í.

Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af síld, og telst það mælieining.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Þar, sem síld er mæld eða vegin samkv. 1. gr., ber hlutaðeigandi yfirvaldi að löggilda nægilega marga mælingarmenn, sem annast mælingu eða vigtun á síldinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Mælingarmenn sjá um, að mæliker þau eða vogir, sem notuð eru, séu löggilt og skoðuð árlega, áður en byrjað er að nota þau.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

Brot gegn lögunum varða sektum, frá 300—30000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

## Ed. 177. Lög

um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 22. okt.).

1. gr.

Fyrstu málsgr. 3. gr. laganna skal orða svo:

Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings, og gengst hann fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og tveggja skrifara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda á þann hátt á Alþingi 1934, að kosinn skal annar varaforseti jafnskjótt sem lögin hafa hlotið staðfestingu.

## Ed. 178. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað orðanna „ársloka 1934“ í 5. gr. laga nr. 11 2. júní 1933 komi: ársloka 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 179. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 1. gr. Orðin „ef seljandi óskar þess“ í 1. málsgr. falli niður.

## Sþ. 180. Tillaga

til þingsályktunar um notkun lántökuheimildar frá 1932.

Frá fjármálaráðherra.

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að nota hluta af því, sem ónotað er af lántökuheimild þeirri, er veitt var með lögum nr. 67 23. júní 1932, til þess að taka 20000 sterlingspunda bráðabirgðalán hjá Hambros Bank Ltd., London.

## Ed. 181. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga um verðtoll.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, svo og lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, skulu gilda til ársloka 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 182. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 29 8. nóvember 1895, um hagfræðiskýrslur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Iðnfyrirtæki þau, sem eru tryggingarskyld samkv. lögum nr. 72 8. sept. 1931, um slysatryggingar, eru skyld til að láta hagstofunni árlega í té skýrslu um magn og verð framleiðslu sinnar, um notkun hráefna og aðstoðarefna, um tölu og samanlagðan vinnutíma verkamanna og starfsmanna ásamt útborguðu vinnukaupi, svo og aðrar upplýsingar um fyrirtækið samkvæmt eyðublöðum, sem hagstofan semur í samráði við iðnráð Reykjavíkur.

2. gr.

Útgerðir innlendra skipa, sem notuð eru til farþega- eða vöruflutninga, eru skyldar til að láta hagstofunni í té skýrslur um hverja ferð skipanna, þar sem tilgreind sé í réttri tímaröð hver höfn, sem skipið hefir komið á, ásamt því vörumagni, sem það hefir lagt þar á land eða tekið þar til flutnings, svo og tölu farþega frá hverjum stað og til hvers staðar. Sama skylda hvílir á útgerðum erlendra skipa, sem eru í áætlunarferðum milli hafna hér á landi eða milli Íslands og útlanda, og ber aðalafgreiðsla útgerðarinnar hér á landi ábyrgð á því, að skýrslum þessum sé skilað til hagstofunnar í tæka tíð. Ennfremur skulu skipamiðlarar skyldir að láta hagstofunni í té samskonar skýrslur um öll þau skip, sem þeir leigja til og frá landinu.

3. gr.

Eigendur flutningstækja, sem hafa atvinnu af fólksflutningum eða vöruflutningum á þjóðvegum og hafa að minnsta kosti einn bíl í förum, skulu skyldir að láta í té, minnst árlega, skýrslur um flutninga samkvæmt skýrslueyðublöðum, er hagstofan semur.

4. gr.

Um skýrslur þær, sem um ræðir í 1. og 2. gr. laga þessara, gilda hin almennu fyrirmæli laga nr. 29 8. nóvember 1895.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

## Sþ. 183. Þingsályktun

um notkun lántökuheimildar frá 1932.

(Afgreidd frá Sþ. 22. okt.).

Samhljóða þskj. 180.

## Nd. 184. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Sé barnsfúlga sú, er barnsföður (meðlagsskyldum) er skylt að borga með óskilgetnu barni samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, ekki greidd á réttum gjalddaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt, áður en eitt ár er liðið frá gjalddaga, að krefjast þess, að fúlgan verði greidd henni af sveitarfé í dvalarsveit hennar, þó eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í. En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður atvinnumálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfélag um 3 ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna, hinn sama á öllu landinu. Beiðni barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, eða samningur, staðfestur af honum og löglega birtur, og lífsvottorð barnsins, enda láti móðirin uppi þá skýrslu um framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds), sem hún er fær um.

Sama rétt og um ræðir í 1. mgr. á móðir óskilgetins barns, þó að barnsfaðir eigi ekki framfærslurétt hér á landi. Meðlag þetta endurgreiðist dvalarsveit úr ríkissjóði.

Nú hækkar meðalmeðlag samkvæmt ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins, og hefir þá barnsmóðir rétt til að krefjast þess, að dvalarsveit hennar, gegn endurgreiðslu frá framfærslusveit barnsföður, greiði henni hið auglýsta meðalmeðlag frá þeim tíma, er hið nýja meðalmeðlag gekk í gildi, án þess að meðlagsúrskurðinum þurfi að breyta með úrskurði valdsmanns.

Meðlagið skal talinn sveitarstyrkur til handa barnsföður (meðlagsskyldum) frá dvalarsveit móður, og fer um endurgjald á honum sem öðrum sveitarstyrk.

2. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Nú líða meira en 12 mánuðir frá því, að konan varð heil, eða meira en 12 mánuðir frá endanlegum dómi í barnsfaðernismáli, sem höfðað hefir verið innan lögákveðins tíma, þangað til hún leitar dvalarsveitar út af gjaldkræfu framlagi samkvæmt 29. og 30. gr., og er dvalarsveit þá eigi skylt að inna það af hendi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 15 31. maí 1927.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að bæta hag mæðra óskilgetinna barna.

### Um 1. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. laga nr. 15 1927.

2. mgr. er nýtt ákvæði, sem heimilar barnsmóður rétt til þess að krefja dvalarsveit sína um meðalmeðlag með barni sínu, enda þótt barnsfaðirinn eigi ekki framfærslurétt hér á landi.

Þegar svo stendur á, þykir rétt, að ríkissjóður endurgreiði dvalarsveit meðalmeðlagið, þar sem dvalarsveit getur ekki endurkrafið meðlagið frá framfærslusveit barnsföður. Hér verður um smávægileg útgjöld að ræða fyrir ríkissjóð, þar sem tilfelli þessi eru fá og að sjálfsögðu mun hlutaðeigandi ráðuneyti reyna að innheimta meðlagið hjá barnsföður.

3. mgr. er nýtt ákvæði. Þegar meðalmeðlag hækkar samkvæmt ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins, getur það oft verið erfiðleikum bundið fyrir barnsmóður að fá meðlag það, sem ákveðið er í meðlagsúrskurðinum, hækkað með nýjum úrskurði valdsmanns, þar sem barnsfaðir á heima, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 46 1921, og þykir því sanngjarnt að veita barnsmóður rétt til þess að krefjast hins hækkaða meðalmeðlags án undangengins úrskurðar valdsmanns. Þar sem meðalmeðlögin eru birt í B-deild Stjórnartíðindanna, virðist sérstök birting fyrir barnsföður ekki nauðsynleg.

### Um 2. gr.

Þegar höfða þarf barnsfaðernismál, hefir frestur sá, 6 mánuðir, sem tiltekinn er í 31. gr. laga nr. 46 1921, reynzt allt of stuttur. Í mörgum tilfellum hefir barnsmóðir glatað rétti sínum á hendur dvalarsveit til greiðslu barnsfararkostnaðar og styrks samkvæmt 29. gr. og 36. gr., þótt henni verði á engan hátt kennt um dráttinn.

## Nd. 185. Nefndarálit

um frv. til laga um verzlunarlóð Ísafjarðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. okt. 1934.

Héðinn Valdimarsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. Bergur Jónsson, fundaskr.
Thor Thors. Garðar Þorsteinsson.

## Ed. 186. Frumvarp

til laga um fávitahæli.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Ríkisstjórnin sér um, jafnóðum og fé er veitt til þess í fjárlögum, að stofnuð séu:

a. Skólaheimili fyrir unga vanvita og hálfvita eða börn og unglinga, sem kenna má ofurlítið til munns eða handa.
b. Hjúkrunarhæli fyrir örvita eða þá fávita, unga og gamla, sem ekkert geta lært og ekkert unnið til gagns.
c. Vinnuhæli fyrir fullorðna fávita, sem vinnufærir eru að einhverju leyti, en verða þó að teljast ófærir til að vinna alveg fyrir sér eða stunda vinnu á almennum heimilum.

2. gr.

Hagnýta má í þessum efnum einkastofnanir eða stofnanir bæjarfélaga, ef þær hljóta meðmæli landlæknis, eftirlitsnefndar fávitahæla og ráðuneytið samþykkir gjaldskrá þeirra.

3. gr.

Skólaheimili, eitt eða tvö eftir því sem þörf krefur, taki börn og unglinga fram að tvítugsaldri og leitist við að kenna þeim undirstöðuatriði almennustu barnaskólanámsgreina, en leggi þó sérstaklega rækt við að kenna þeim einhverja þá vinnu, sem að gagni má verða.

Þegar nægilega rúmgott eða rúmgóð skólaheimili eru fyrir hendi, sé ákveðið með sérstökum lögum, að allir fávitar á skólaaldri, sem eitthvað má kenna, séu skólaskyldir. Jafnframt sé þá ákveðið, hvaða undirbúningsmenntun kennarar þeirra eiga að hafa.

4. gr.

Hjúkrunarhælið sé í þremur aðgreindum deildum, fyrir karla, konur og börn. Örvitum, eða fávitum á lægsta þroskastigi, sé þar veitt öll sú nærgætni og aðhlynning sem auðið er.

5. gr.

Vinnuhælin séu 2 eða í tveimur deildum, fyrir karla og konur. Þangað skal tekið, þegar þess er óskað og ástæður leyfa, ungt fólk frá skólaheimilum fávita, eða aðrir fávitar á svipuðu þroskastigi, og leitazt við að veita þeim vinnu við þeirra hæfi um lengri eða skemmri tíma, eftir því sem nauðsyn ber til.

6. gr.

Heilbrigðisstjórnin setur þriggja manna eftirlitsnefnd með öllum þessum heimilum eða hælum fávita, til 4 ára í einu.

Formaður nefndarinnar sé læknir, sérfróður um mein fávita, ef kostur er, en auk þess séu jafnan kennari og kona í nefndinni. Kostnaður við eftirlitsferðir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Foreldrar fávita, eða fæðingarhreppur, séu foreldrarnir fátækir, greiða ferðakostnað fávita til skóla eða hælis og fjórða hluta meðgjafar með þeim þar, þó aldrei hærra daggjald en réttir framfærendur greiða samtímis með geðveiku fólki á geðveikrahælum ríkisins.

Ríkissjóður greiðir þrjá fjórðu hluta meðgjafarinnar og launar kennurum að öllu leyti á skólaheimilum, sem ríkið stofnar eða viðurkennir fyrir fávita.

8. gr.

Framfærslustyrkur fávita telst ekki fátækrastyrkur, en fávitar vinna sér ekki sveitfesti, þótt þeir dvelji utan fæðingarsveitar sinnar.

9. gr.

Ráðuneytið setur með sérstakri reglugerð ákvæði um:

a. Hvernig safna skal nákvæmum skýrslum um tölu fávita og hagi þeirra.
b. Hvernig aðgreina skal börnin, sem ætluð er vist á skólaheimili eða hjúkrunarhæli.
c. Hvernig eftirliti skal hagað með aðbúð þeirra fávita, sem dvelja ekki í fyrrnefndum hælum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Vér Íslendingar erum svo langt á eftir allflestum eða öllum menningarþjóðum að því er aðhlynningu og uppeldi fávita snertir, að ekki má svo búið standa lengur. Fávitarnir eru að minnsta kosti um 200, og um 80 í þeim hóp á barns-

aldri. — Nákvæmar skýrslur um það eru enn ókomnar, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að safna þeim.

Handa öllum þessum hóp er ekki til nema eitt rúmlega ársgamalt lítið hæli, sem stendur þó hálftómt, — getur tekið 25, en hefir ekki nema 9 vegna féleysis framfærenda fávitanna.

En þótt ekki sé fært kostnaðar vegna að reisa hæli handa öllum þeim fávitum, sem þangað þyrftu að fara, er mikilsvert að gera sér ljóst, að hverju skuli stefnt og hvernig skuli skipuleggja uppeldi og hjúkrun fávita.

Reynsla annara þjóða sannar, að það er sjálfsagt að aðgreina fávita eftir vitsmunaþroska, aldri og kyni, og þótt fjöldinn sé þar meiri en hér og skiptingin geti því verið margbreyttari en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, er þó aðalflokkunin á sama veg, og hana verður að gera þegar í upphafi, ef vel á að fara, hvort sem um einkastofnun eða ríkisstofnun er að ræða. Fyrir því tel ég réttmætt að samþykkja þetta frumvarp nú þegar, enda þótt ríkið hafi því miður ekki fé fyrir hendi að þessu sinni til að reisa fávitahæli.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þessi aðgreining: skólaheimili, hjúkrunarhæli og vinnuhæli, þykir sjálfsögð alstaðar þar, sem nokkurt skipulag er á málefnum fávita. Sömuleiðis þykir sanngjarnt að tengja ekkert fávita- og því síður fábjána-nafn við hælin. Foreldrar þeirra hafa nóg að bera, þótt þeir séu ekki særðir með því nafni í hvert sinn, sem minnzt er á dvalarstað barna þeirra. — Vera má, að einhver sakni þess, að ekki skuli í sérstakri lagagrein gerð grein fyrir, hvað átt er við með orðunum vanviti, hálfviti og örviti. En væntanlega ber frumvarpið með sér, hvað í þeim orðum felst. Vanvitar koma næstir á eftir tornæmum börnum að vitþroska, ná svipaðri dómgreind og 7 til 10 ára gömul börn.

Hálfvitar eru lægri, ná vitþroska á borð við 3 til 7 ára börn, en geta þó sumir lært einhverja vinnu. Lægstir eru örvitar, ná ekki vitþroska 3 ára barns. En orðið fávitar er samnefni þeirra allra.

Um 2. gr.

Einstaklingar hafa hvarvetna orðið á undan ríkisstjórnum um stofnun fávitahæla, þótt síðar hafi þau að meira eða minna leyti komizt flest í umsjón ríkisins. Virðist sjálfgefið, að ríkið hagnýti sér slík hæli, styrki þau og hafi eftirlit með þeim, og gæti þess, að þau, hvert um sig, ef fleiri eru, taki að sér sérstakt hlutverk í þessum efnum.

Um 3. gr.

Erlend reynsla sannar, að fjölmörg börn úr fávitahópi, sem ekkert læra heima, geta lært ýmislegt sér til gagns, ef þau komast nógu snemma til kennara, sem kunna að kenna fávitum. Sem dæmi þess má nefna: Kirkjumálaráðuneytið norska lét safna skýrslum um alla unglinga, sem útskrifazt höfðu frá 3 skólaheimilum fávita í Noregi árin 1911—1920. Svör komu viðvíkjandi 604 úr þeim hópi, og voru þau á þessa leið:

187 eða 30,96% unnu alveg fyrir sér.
92 — 15,24% unnu fyrir sér að mestu leyti.
137 — 22,69% unnu fyrir sér að dálitlu leyti.
127 — 21 % unnu ekkert fyrir sér.
21 — 3,48% voru orðnir geðveikir.
40 — 6,63% voru dánir.

Annarsstaðar hefir árangurinn stundum verið betri.

Margoft vilja foreldrar vanvita og hálfvita ekki senda þá frá sér, þótt góður fávitaskóli sé þeim opinn, og lítið er hirt um að senda þá, sem engan eiga að, og læra svo þessi börn ekkert, nema ef til vill einhverja ósiði. Því ber nauðsyn til, að þau verði skólaskyld að lögum sem önnur börn, þegar nógu stór skóli eða skólar eru til handa þeim öllum. Kennarar fávita verða að hafa góða sérmenntun, ef vel á að fara, en á meðan verið er að byrja og að einhverju leyti verður að nota erlenda kennslukrafta, er varhugavert að setja lagaákvæði um það, þótt að því sé stefnt síðar.

Um 4. gr.

Um nauðsyn og tilgang hjúkrunarhælis mun óþarft að ræða.

Um 5. gr.

Við vaxandi samkeppni um flesta vinnu dragast þeir aftur úr, sem minnstan hafa máttinn, en við iðjuleysi komast fávitarnir alveg á annara framfæri, öllum til leiðinda, og verða oft og einatt glæpamenn. Erlendar rannsóknir sýna, að stór hópur þeirra manna, sem árum saman sitja í fangelsum, eru í raun réttri fávitar. Fyrir því eru fávitum ætluð vinnuhæli í öllum menningarlöndum á vorum dögum.

Þótt það sé ekki beinlínis tekið fram í þessu frumvarpi, er að sjálfsögðu ætlazt til þess, að þau hæli, sem ríkisstjórn lætur reisa, séu í sveit, þar sem nóg er landrými til útivistar og útivinnu, og svo nálægt hvert öðru, að sami forstjóri geti séð um fleiri en eitt hæli. Þó gæti komið til mála, að skólaheimilin yrðu tvö, annað nyrðra en hitt syðra, svo hægara yrði um heimsóknir aðstandenda. Mætti svo hafa vinnuhæli fyrir konur í sambandi við annað og vinnuhæli fyrir karlmenn í sambandi við hitt. En þar sem ætla má, að ríkisstjórn gæti allrar hagsýni í þeim efnum, þykir óþarft að setja um það lagaákvæði.

Til skamms tíma þótti sjálfsagt að hafa fávitahæli karla og kvenna sem fjærst hvort öðru, þar eð fávizka vanvita og hálfvita er harla oft arfgeng, og hverju þjóðfélagi tjón að þeirri fjölgun. En nú þykir minni ástæða til þess, þar eð víða er farið að gera fávita ófrjóa og hjálpa þeim fávitum með læknisaðgerð, sem þjást af óeðlilega áköfum kynhvötum.

Um 6. gr.

Læknisfræði, uppeldisfræði og kærleiksrík nærgætni eiga allar erindi til eftirlits með fávitahælum, og því er farið fram á, að eftirlitsnefnd sé svo skipuð sem þessi grein segir.

Óþarft virðist að ætla nefndarmönnum sérstaka þóknun meðan hælið er

ekki nema eitt, eða þó tvö væru, en opin leið að ákveða hana síðar, er starfið vex. Fyrir því er ekkert á persónulega þóknun minnzt hér.

Um 7. gr.

Danir greiða úr ríkissjóði alla meðgjöf með fávitum á hælum og skólaheimilum sínum, og aðrar þjóðir greiða ríflegan hluta hennar, og svipað verður ríkissjóður vor að gera, ef nokkurt verulegt lið á að verða að stofnun fávitahæla hérlendis; enda virðist lítil ástæða til, að ríki, sem tekur svo ríflegan þátt í t. d. aðhlynningu geðveikra og berklaveikra og uppeldi daufdumbra, létti ekki verulega undir fjárhagsbaggann, þar sem fávitar og framfærendur þeirra eiga í hlut.

Um 8. gr.

Sú lagagrein er svo sjálfsögð, að óþarft mun um að ræða.

Um 9. gr.

Heilbrigðisstjórnin er færust um að setja þau ákvæði, sem hér ræðir um. Enda eru nægar fyrirmyndir til hliðsjónar hjá nágrannaþjóðum vorum.

Um 10. gr.

Æskilegt er, að frumvarp þetta verði sem fyrst að gildandi lögum, þar sem þau mundu verða bæði styrkur og leiðbeining því fávitahæli, sem þegar er reist, og gætu orðið öðrum til hvatningar að hefjast handa, ef langt skyldi verða þangað til veitt verður fé í fjárlögum til að reisa fávitahæli.

## Ed. 187. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um bændaskóla, nr. 51 19. maí 1930.

Flm.: Þorsteinn Briem.

Á eftir 10. gr. laganna komi 5 nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatala laganna samkvæmt því:

a. (11. gr.). Við bændaskólann á Hvanneyri skal vera sérstök deild til framhaldsnáms fyrir búfræðinga. Námstími er frá 1. október til 20. júní.

b. (12. gr.). Skilyrði fyrir inntöku í deildina eru þessi:
   a. Að nemandi hafi lokið búfræðiprófi í bændaskóla og hlotið 1. einkunn.
   b. Að hann hafi stundað verklegt búnaðarnám sem svarar einu missiri, samkvæmt nánari ákvæðum, sem sett verða í reglugerð.
   c. Að hann sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.

   Heimilt er þó að veita undanþágu um einkunn og verklegt nám, ef sérstakar ástæður þykja til og skólastjóri mælir með því.

c. (13. gr.). Við framhaldsnám búfræðinga skulu kenndar þessar námsgreinar: Stærðfræði, jarðræktarfræði, land- og hallamælingar, búfjárræktarfræði ásamt fóðurfræði og undirstöðuatriðum í meðferð helztu búfjársjúkdóma, búreikningar, landbúnaðarlöggjöf og landbúnaðarhagfræði.

d. (14. gr.). Nemendur skulu að námi loknu taka próf í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru í framhaldsdeild.
e. (15. gr.) Atvinnumálaráðuneytið skal í samráði við skólastjóra og Búnaðarfélag Íslands gefa út reglugerð fyrir framhaldsdeildina með nánari ákvæðum um framhaldsnámið og próf í deild þessari, svo og um verklegt framhaldsnám.

## Greinargerð.

Það skiptir íslenzkan landbúnað miklu, að sem bezt verði vandað til undirbúningsfræðslu bænda, og sérstaklega þeirra manna, sem ætlað er að verða aðstoðarmenn þeirra og leiðbeinendur í vandasömum störfum, eða taka að sér stjórn sameiginlegra verklegra framkvæmda í búnaði. Þetta hefir ýmsum helztu mönnum bændastéttarinnar verið ljóst um alllangt skeið. Kemur það m. a. fram í svo hljóðandi áskorun, er Búnaðarþing 1933 samþykkti og sendi Alþingi:

„Búnaðarþingið beinir því til Alþingis, að það láti athuga möguleika fyrir innlendu framhaldsnámi í búfræði, er helzt fari fram í sambandi við annanhvorn bændaskólann, og miðast námið við undirbúningsmenntun þeirra manna, er hafa með höndum leiðbeiningarstörf fyrir búnaðarsambönd eða forstöðu stærri búnaðarframkvæmda.

Tillögur, er byggðar séu á þessum athugunum, leggist fyrir næsta Alþingi."

Með því skipulagi, sem Búnaðarfélag Íslands hefir komið á félagsmálastarfsemi bænda, er verksvið búnaðarsambandanna meðal annars að inna af hendi viðtækt leiðbeiningarstarf fyrir bændur. Með fjölgun búnaðarsambandanna, auknum félagslegum framkvæmdum bænda og vaxandi nauðsyn breyttra búnaðarhátta verður æ ríkari þörfin fyrir menn með viðtækri búnaðarmenntun, er færir séu að leiðbeina bændum um þessi efni, hver í sínu héraði.

Hingað til hafa menn orðið að afla sér allrar viðtækari búnaðarmenntunar á erlendum búnaðarháskólum, því hið almenna nám við bændaskólana er ekki einhlítt. Þetta erlenda nám er of dýrt, samanborið við þau kjör, sem unnt er að bjóða starfsmönnum búnaðarsambandanna (héraðsráðunautunum). Og auk þess fjallar hin viðtækari búnaðarmenntun þessara erlendu stofnana í ýmsu um efni, sem fjarskyld eru búnaðarháttum hér á landi. Hinsvegar hafa innlendar rannsóknir og tilraunir síðustu ára aukið mjög innlenda búfræðiþekkingu, og er mikilsvarðandi, að hún komi að sem beztum notum.

Virðist því tími til kominn að stofna til innlendrar kennslu fyrir þá menn, er takast fyrrgreind störf á hendur fyrir búnaðarsamböndin og verkleg félagsfyrirtæki bænda.

Nauðsynlegt er, að nám þeirra sé þannig hagað, að þeir fái aflað sér staðgóðrar þekkingar í jarðyrkju og búfjárrækt, bæði bóklega og verklega, og menntun þeirra sé miðuð við innlenda staðhætti og sérstöðu þjóðarinnar í landbúnaði.

Þessu virðist eðlilegast og auðveldast að koma í framkvæmd með verklegu námi við bændaskólana, á fyrirmyndarbúum, er þau komast á fót, eða hjá fyrirmyndarbændum, og að við bændaskólann á Hvanneyri verði komið á eins vetrar framhaldsnámi fyrir efnilega búfræðinga.

## Ed. 188. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka síldarbræðslustöð á leigu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, eftir atvikum, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 22. okt. 1934.

| Ingvar Pálmason, form. | Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. | Jón A. Jónsson, frsm. |
|---|---|---|

## Ed. 189. Frumvarp

til laga um verkamannabústaði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna í kaupstöðum og kauptúnum landsins.

2. gr.

Byggingarsjóður lánar til íbúðarhúsbygginga samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi 5 manna nefnd í kaupstöðum og 3 manna nefnd í kauptúnum fært atvinnumálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn.

3. gr.

Byggingarsjóður skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefir verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðar eða kauptúns, þar sem ákveðið hefir verið að þörf sé fyrir starfsemi byggingarsjóðsins, sbr. 2. gr.
2. Tekjur samkv. 14. gr. laga nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.
3. Bæjarsjóðir og sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins.
4. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður. En hlutaðeigandi bæjarsjóður og sveitarsjóður, sbr. 2. gr.,

stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu. Lánin má taka í erlendri mynt og gefa út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

4. gr.

Byggingarsjóður veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni, og skal félagið reist á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

Í kaupstöðum, þar sem íbúar eru fleiri en 10000, geta þó tvö slík byggingarfélög notið hlunninda laga þessara.

Heimilt er að stofna deildir, sem hafi sérsamþykktir, innan byggingarfélags, þegar 50 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn félagsins.

Nú er fleira en eitt byggingarfélag stofnað í kaupstað eða kauptúni, og veitir byggingarsjóður þá því félagi lán, sem fyrst hefir hafið byggingarstarfsemi, en ef hvorugt eða ekkert félaganna hefir byrjað slíka starfsemi, þá því félagi, er fyrr eða fyrst er stofnað.

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir byggingarsjóður lán gegn 2. veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagður fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 85% af kostnaðarverði eignarinnar. Byggingarsjóður veitir lánin affallalaus, og ávaxtist og endurborgist þau með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár. Byggingarsjóði er þó heimilt að veita aðeins eitt lán, allt að 85% af kostnaðarverði eignarinnar, með fyrsta veðrétti.

5. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkissjóðsábyrgð, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

6. gr.

Byggingarfélög hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 4. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
2. að húsin séu gerð úr varanlegu efni, með tveggja og þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð, eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag byggginganna samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.
3. að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 4000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, að viðbættum 300 krónum fyrir hvern ómaga, þó ekki samtals yfir 5500 króna árstekjur, né yfir 5000 króna eignir.

4. að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarsjóðsins ákveður.
5. að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, gegn a. m. k. 15% útborgun, og með sömu lánskjörum á eftirstöðvum kaupverðsins sem félagið nýtur hjá byggingarsjóði.
6. að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnar, sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleigan metin reglulega á 5—10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi kaupstaður, sveitarfélag eða ríkið ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal kaupstað eða sveitarfélagi skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.
7. að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefir íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkv. mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.
8. að settar séu reglur í reglugerð, sem staðfest sé af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
9. að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra félaga.

7. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlanir. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 6. gr. 8. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

8. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 5 menn, valdir til 4 ára í senn. Kýs Alþingi 4 þeirra með hlutfallskosningu, en atvinnumálaráðherra skipar einn, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefir á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkvæmt reglugerð, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Skal

hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, enda er einni deild sjóðsins óheimilt að lána annari nema til bráðabirgða, ef sérstaklega stendur á og gegn sérstakri tryggingu.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinna samkv. 6. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn, einn eða fleiri í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður atvinnumálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélag hefir rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og hefir rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álítur, að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til atvinnumálaráðherra.

9. gr.

Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefir verið til bygginganna.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til 4 ára í senn.

10. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn heimilt að ákveða, að bæjarfélagið eða sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefir það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti að húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún, í samráði við stjórn byggingarsjóðs og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir, öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

Byggingarfélögum er þó heimilt að fela sérfróðum mönnum að gera uppdrætti af húsum félagsmanna, og úrskurðar atvinnumálaráðherra þá um uppdrættina og greiðslur úr ríkissjóði fyrir þá.

12. gr.

Byggingarsjóðir þeir, sem eru starfandi, þegar lög þessi öðlast gildi, renna sem deildir inn í byggingarsjóð landsins.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935 og falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 55 og 71 8. september 1931, svo og lög nr. 118 29. desember 1933.

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

Stjórn byggingarsjóðs og endurskoðendur skulu í fyrsta sinn kosnir á Alþingi 1934.

## Ed. 190. Frumvarp

til laga um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Frá 1. janúar 1935 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn nokkra tegund af eldspýtum né vindlingapappír.

Ákvæði laga þessara ná eigi til eldspýtnaforða skipa, sem koma til landsins, ef hann telst hæfilegur handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar eru meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 10. og 11. grein.

2. gr.

Tóbakseinkasala ríkisins skal annast innkaup á eldspýtum þeim og vindlingapappír, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., og selja kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum og kaupmönnum, en eigi öðrum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með birgðir þær af eldspýtum og vindlingapappír, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1935, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Gjaldið má þó eigi vera hærra en nemur álagningu tóbakseinkasölunnar.

4. gr.

Tóbakseinkasala ríkisins skal leggja frá 25 til 100 af hundraði á eldspýtur, eftir því sem henta þykir um hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Heildsöluálagning á vindlingapappír er óbundin.

5. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll þar, sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir.

6. gr.

Ágóða þann, sem verður af rekstri þessarar einkasölu, skal telja með tekjum tóbakseinkasölu ríkisins.

7. gr.

Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa hæfilegan forða af eldspýtum og vindlingapappír fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað af vörusendingum innanlands greiði viðskiptamenn.

8. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð á eldspýtum og vindlingapappír í smásölu.

9. gr.

Á umbúðir allra tegunda af eldspýtum og vindlingapappír, sem einkasalan flytur inn, skal vera letrað „Tóbakseinkasala ríkisins".

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 50 til 20000 krónum, ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skulu vörur þær, sem lög þessi taka til, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, gerðar upptækar og afhendast tóbakseinkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

11. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 191. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 15 25. jan. 1934, um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. okt. 1934.

Finnur Jónsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr., frsm. Páll Þorbjörnsson.
Sigurður Kristjánsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

## Nd. 192. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Í stað orðanna „þriðjung aðflutningsgjalds" í b-lið 2. gr. laganna komi: hálft aðflutningsgjald.

Á eftir orðunum „kaffibætir“ í c-lið sömu greinar komi: ⅔ aðflutningsgjalds. Og í stað orðanna „⅓ aðflutningsgjalds“ í d-lið sömu greinar komi: ½ aðflutningsgjald.

2. 1. gr. frv. verði 2. gr., 2. gr. verði 3. gr. og 3. gr. verði 4. gr.

Alþingi, 22. okt. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Sigfús Jónsson, form., frsm. | Ásgeir Ásgeirsson, með fyrirvara. | Stefán Jóh. Stefánsson. |

## Nd. 193. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á eftir orðinu „landhelgi“ í niðurlagi 1. málsgr. 3. gr. komi: Sömuleiðis til afla á íslenzkum skipum, þótt ekki sé hann veiddur eða verkaður í landhelgi.
2. Orðin „1. gr.“ í niðurlagi 3. málsgr. 5. gr. falli niður.

Alþingi, 22. okt. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Sigfús Jónsson, form. | Ásgeir Ásgeirsson, frsm. | Stefán Jóh. Stefánsson. |

## Nd. 194. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá Thor Thors og Garðari Þorsteinssyni.

Við 2. gr. Á eftir orðunum „og getur atvinnumálaráðherra þá ákveðið“ bætist: að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

**Nd.** **195. Frumvarp**

til framfærslulaga.

Flm.: Jónas Guðmundsson, Emil Jónsson.

## I. KAFLI

### Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar, og honum haga svo sem hún telur rétt vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Framfærslustyrk skal endurgjalda eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af styrkþega sjálfum eða framfærslumanni (2.—19. gr.).

Sá, er framfærslustyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, er ekki hafa náð þeim aldri, enda fylgi þau henni, og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins og fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega ekki foreldrar verða framfærsluþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

7. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér eða ráða verustað þess.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á framfærsluþurfi tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar er framfærsluþurfi á lögheimili eða er staddur, skera úr.

8. gr.

Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sifjalögum, að því leyti sem lög þessi ná ekki til.

9. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast af ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt og er á hans vegum.

10. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eða og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstökum háska er bundinn, eða af hverri annari sök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

11. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs eða húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sérstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sérstakt sjúkrafæði — í allt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kennt, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í allt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann og ekki yfir 5 kr. um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eftir læknisráði, hvort heldur í sjúkrahús eða annað, enda sé hvorki því né húsbónda þess um leguna að kenna.

12. gr.

Samningur milli húsbónda og hjús um það, að vistinni skuli lokið þegar er hjúið verður sjúkt, skal ógildur, og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því að vistráðin hafa verið bundin slíkum skilmála eða af því, að svo hefir verið um samið eftir að það varð sjúkt, þá losast húsbóndinn eigi fyrir það við skyldu sína til framfærslu á hjúinu eftir lögum þessum, hvorki gagnvart hjúinu sjálfu né framfærslumanni þess.

13. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sé á enda, nema læknir lýsi yfir því áliti, að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, né öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burtu, og skal hann þá standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins.

14. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað og hjúkrunar, en hefir ekki efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greftrun þess, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarsjóði, ef með þarf.

15. gr.

Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir siglingalögum.

Framfærslumaður skipverja eða framfærslusveit eiga sömu framfærslukröfu á hendur útgerðarmanni og skipverji, ef hann neytir ekki réttar síns.

16. gr.

Ef iðnnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eftir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sé sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eftir að nemandi varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefir svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart sveitarsjóði, er leggja verður með nemanda.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 9., 10. og 13. gr. laga þessara ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 10. gr. og ofangreind fyrirmæli um rétt lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sé eigi til heimilis hjá lærimeistaranum.

17. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með framfærsluþurfa sinn eða ómaga, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærslu framfærsluþurfans eða ómagans, gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin álítur, að hann sé fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð yfirvalds, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né heldur um framfærslu þá, er getur um í 9.—16. gr.

18. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (8. gr.).

19. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (18. gr.) löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða ... skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (27. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr.), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnsins eru þess eigi megnugir að framfæra það án sveitarstyrks, eða barnið eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

## II. KAFLI

### Um framfærslurétt.

20. gr.

Ríkið allt er sameiginlegt framfærslufélag, og á hver sá, sem hefir íslenzkan ríkisborgararétt, framfærslurétt í heimilissveit sinni, en heimilissveit er sá hreppur eða kaupstaður, þar sem maður hefir síðast átt lögheimili a. m. k. eitt ár.

21. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hér á landi, eiga sama framfærslurétt sem íslenzkir ríkisborgarar meðan þeir dvelja hér.

Aðrir utanríkismenn eignast framfærslurétt hér á landi, þegar þeir fá íslenzkan ríkisborgararétt.

22. gr.

Maður, sem hefir öðlazt framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur

eigi notið þeirra réttinda, sem bundin eru við ríkisborgararétt. En öðlist hann aftur ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann [illegible] dvelja í.

Nú verður maður, sem eigi á heimtingu á framfærslurétti hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í dvalarsveit hans.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslenzks ríkisborgara, og ráðherra álítur, að ekki verði komizt hjá því að veita manni þeim viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er hann til þess kýs.

## III. KAFLI

### Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

23. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé, svo sem verða má, hvorstveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar styrkþega.

24. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu styrkþega.

25. gr.

Framfærsluþurfum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé lagður þeim á heimili þeirra, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara í sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða atvinnustofnun, sem er undir umsjón lögreglustjóra og ráðherra hefir sett reglur fyrir.

26. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf fátækrastjórn leyfi foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema heimilislíf foreldranna megi teljast siðspillandi fyrir börnin eða þar fari illa um þau.

Engu síður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

Ekki má fátækrastjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

27. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan að-

búnað og hæfilega fræðslu og venjast algengri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talin framfærslustyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

28. gr.

Sóknarprestar, kennarar og barnaverndarnefndir skulu líta eftir því, að fyrirmælum í 26. og 27. gr. sé fylgt, og yfir höfuð, að vel sé farið með börn þau, er ræðir um, svo og alla aðra framfærsluþurfa í sóknum þeirra, sem og börn framfærsluþurfa, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef einhverjum ofangreindra aðila þykir einhversstaðar vera misbrestur á þessu og getur eigi með umvöndun komið lögun á það, ber þeim að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

29. gr.

Fátækrastjórn skal gera sér allt far um að stuðla að því, að börn, sem eru undir umsjá hennar, séu þannig uppalin, að þau geti séð fyrir sér sjálf, þá er þau eru af ómagaaldri.

30. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita styrks vegna þess að að þeim þrengir um stund, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn vísa á atvinnu, ef fæst; en ella, ef þess er kostur, útvega styrkþega vinnu við framkvæmdir hjá bæjar- eða sveitarfélagi. Kaupgjald við slíka vinnu skal eigi vera lægra en kauptaxti verklýðsfélaga á staðnum segir fyrir um.

## IV. KAFLI

**Um endurgreiðslu framfærslustyrks og vald sveitarstjórnar yfir styrkþegum.**

31. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur eftir þessum lögum.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldri, sem er á lífi, ef annað er dáið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

32. gr.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefjast nokkurs endurgjalds á styrk, veittum af sveitarfé til að greiða:

a. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum undir 14 ára aldri, og

b. Greftrunarkostnað þurfamanna, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.

33. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau voru þá í, og ekkert á ekkju, ef hún hefir skylduómaga.

34. gr.

Fyrir þeginn sveitarstyrk getur sveitarstjórn beiðzt lögtaks á skuldum eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

35. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur framfærsluþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær framfærsluþurfa í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

36. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir framfærslustyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða gefinn eftir, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðunum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að framfærslustyrkurinn sé endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

37. gr.

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara í viðunanlega vist og vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um megn og greidd er með venjulegu kaupgjaldi, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum

var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu á vinnuhæli ríkisins, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til ríkissjóðs, enda greiði hann kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum að því er meðlagið snertir.

38. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglustjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

39. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt.

40. gr.

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af ríkissjóði.

## V. KAFLI

### Um styrkveitingar og niðurjöfnun fátækrakostnaðar.

41. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af heimilissveit.

42. gr.

Verði maður styrkþurfi utan heimilissveitar sinnar, skal honum veittur styrkur af dvalarsveit, eins og hann væri þar heimilisfastur, en heimilissveit skal endurgreiða dvalarsveit styrkinn að ⅔ hlutum.

43. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en 1. marz næsta ár, sendir sveitarstjórn til atvinnumálaráðuneytisins yfirlit yfir framfærslukostnað þann, sem hún hefir haft og sundurliðað á þann hátt, sem ráðuneytið ákveður. Atvinnumálaráðuneytið leggur síðan saman allan framfærslukostnað landsins, eftir skýrslum sveitarfélaganna, og finnur þannig meðaltalsframfærslukostnað ársins á mann, miðað við mannfjölda í landinu það ár. Ríkissjóður endurgreiðir síðan:

a. Til Reykjavíkurkaupstaðar ⅓ hluta þess, sem fram yfir er meðaltalsframfærslukostnað landsins, margfaldað með íbúatölu Reykjavíkur.
b. Til annara kaupstaða og sveitarfélaga ⅔ hluta þess, sem fram yfir er meðaltalsframfærslukostnað landsins, margfaldað með íbúatölu viðkomandi kaupstaðar eða sveitarfélags.

Nái framfærslukostnaður á mann í einhverju sveitarfélagi ekki meðaltalsframfærslukostnaði alls landsins, kemur ekki til endurgreiðslu úr ríkissjóði. Lækki framfærslukostnaður í landinu niður í 10 kr. á mann, falla framlög úr ríkissjóði niður í þessu skyni.

44. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittan framfærslustyrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Sannist það á einhverja sveitarstjórn, að hún vísvitandi gefi rangar skýrslur eða upplýsingar í þeim tilgangi að öðlast endurgreiðslur frá ríkissjóði, sem henni ekki bera samkvæmt lögum þessum, missir viðkomandi sveitarfélag rétt til allrar endurgreiðslu úr ríkissjóði það ár, auk þeirrar hegningar, sem viðkomandi sveitarstjórn kann að baka sér með slíku athæfi samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

45. gr.

Áður en styrkþurfa sé veittur framfærslustyrkur, skal — nema styrksþörfin sé svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unnt er — sveitarstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra styrkþurfa með vottum, til þess að fá skýrslu um þessi atriði:

1. Nafn, fæðingarstað og aldur styrkþurfa. Sé hann giftur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gifzt.
2. Æfiferil hans eftir 16 ára aldur.
3. Hvort og hvenær hann hafi þegið framfærslustyrk, og hvort styrkurinn sé endurgoldinn.
4. Heimilisástæður hans og hag yfirleitt og hvers vegna hann sé styrkþurfi orðinn.

Sé skýrslan gefin fyrir lögreglustjóra, skal hún tekin í rétti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún rituð á eyðublað, er ráðherra semur, gefin undir eiðstilboð, undirrituð af hreppstjóra, tveim vitundarvottum og styrkþurfa sjálfum. Nú verða hjón þurfandi fyrir sig og börn sín, og gefur þá maðurinn hina umræddu skýrslu, ef hann er viðstaddur eða til hans næst án of mikillar tafar. Að öðrum kosti gefur konan skýrsluna eftir beztu vitund, og sé skýrslu hennar í einhverju ábótavant, þá skal úr bæta svo fljótt sem hægt er og á þann hátt, sem hentast er.

Ef barn yngra en 16 ára þarfnast styrks, og hvorugt foreldra er innansveitar, þá skal leita skýrslna um barnið hjá þeim mönnum nærstöddum, sem helzt mega af vita.

46. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðila var kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af framfærslu milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslenzks og dansks ráðherra.

## VI. KAFLI

### Sérstakur styrkur úr ríkissjóði.

47. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur erlendis, og er þá skylt að endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess styrkþurfa og skylduliðs hans frá útlöndum, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin fátækralög, nr. 43 1927, lög nr. 68 23. júní 1932, svo og önnur þau ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í flestum greinum samhljóða frumvarpi til framfærslulaga, sem flutt hefir verið á nokkrum undanförnum þingum af þingmönnum Alþýðuflokksins. Þó eru hér gerðar breytingar á ýmsum mikilsverðum atriðum frá því, sem er, og verður vikið nánar að því síðar.

Öllum er það ljóst, að mjög brýna nauðsyn ber til þess að breyta núverandi fátækralögum. Ber þar tvennt til fyrst og fremst. Annað er það, að kostnaðurinn við fátækraframfærsluna er nú orðinn svo mikil byrði á einstöku sveitarfélögum, að þau fá varla undir risið hjálparlaust. Hitt er þeir örðugleikar, sem á því eru að framkvæma núgildandi fátækralög á þann hátt, sem þau gera ráð fyrir. Eru þessi atriði öllum þeim, er við sveitarstjórn hafa fengizt, svo kunn, að óþarfi er um það að fjölyrða.

Aðalbreytingarnar, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, eru þessar:

1. Framfærslusveit hvers manns verður hér eftir sá hreppur eða kaupstaður, sem maður er búsettur í.
2. Fátækraflutningur er afnuminn.
3. Kröfur um endurgreiðslur frá einu sveitarfélagi á annað falla að mestu niður.
4. Sveitfestitíminn er afnuminn.
5. Hverju sveitarfélagi er gert að greiða til fátækramála hjá sér meðaltalsframfærslugjald, miðað við fátækrakostnað alls landsins eftir íbúatölu, og auk þess ⅔ í Reykjavík og ⅓ utan Reykjavíkur af því, sem þar er fram yfir. Hitt greiðir ríkissjóður.
6. Þau sveitarfélög, sem ekki ná þessu meðaltali, fá enga endurgreiðslu.
7. Með þessu fyrirkomulagi eru **sveitirnar** losaðar við alla framfærslu þurfamanna, sem dvelja utan sveitarfélagsins, en kaupstaðir og kauptún — og aðrir þeir hreppar, sem mjög mikla framfærslu hafa, — eiga nú vísa endurgreiðsluna frá ríkissjóði á nokkrum hluta framfærslukostnaðar, í stað þess að áður varð aldrei vitað, hvað mundi innheimtast hjá öðrum sveitum.

Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar fyrir árið 1932, en það er síðasta árið, sem fullnaðarskýrslur liggja fyrir um, hefir fátækraframfærsla á öllu landinu numið kr. 1879959.00 og skiptist þannig á kaupstaði og sveitir:

1. Reykjavík ..... kr. 823015.00 (íbúar 30565)
2. Aðrir kaupstaðir og kauptún (500 íb.) — 694527.00 (íbúar 26755)
3. Hreppar og smákauptún ..... — 362417.00 (íbúar 54245)

Það ár hefði endurgreiðslan numið samkvæmt frumvarpi þessu:

1. Til Reykjavíkur ..... kr. 100000.00
2. Til kaupstaða og kauptúna ..... — 160000.00

3. Til hreppa og smákauptúna smávægileg.

Útgjöld úr ríkissjóði hefðu þá orðið ca. 260 þús. kr., eða um 60 þús. kr. hærri en þau eru nú áætluð í fjárlögum.

Fyrir 1933 liggja enn ekki fyrir fullnaðarskýrslur, og sést bezt af því, hve seint þetta gengur allt með því fyrirkomulagi, sem nú er á þessum hlutum. Er slíkt alveg ótækt. Auk þess vita bæjar- og sveitarstjórnir ekkert, hvað mikilli endurgreiðslu þær mega nú gera ráð fyrir, en það gætu þær vitað, væri svo að farið sem hér er ráðgert.

Að gert er ráð fyrir, að endurgreiðslan til Reykjavíkur sé ⅓, en til annara kaupstaða ⅔, stafar af því, að Reykjavík stendur að öllu leyti betur að vígi en önnur bæjarfélög landsins um öflun tekna í bæjarsjóð sinn og nýtur auk þess beinna og óbeinna hlunninda í mörgum greinum á kostnað alls landsins.

Ýmsar aðrar smærri breytingar felast í þessu frumvarpi, og mun nánar gerð grein bæði fyrir þeim og frv. í heild í framsögu.

## Ed. 196. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 10. nóv. 1913, um forðagæzlu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. okt. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Páll Hermannsson, form., frsm. | Jón Baldvinsson, fundaskr. | Jónas Jónsson. |
| | Þorsteinn Briem. | |

## Nd. 197. Nefndarálit

um frv. til laga um matsstjóra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir einróma samþykkt að leggja það til, að frv. nái fram að ganga. Hún telur, að með því sé fengin meiri trygging fyrir vönduðu fiskimati og fyrir betra samræmi í matinu en nú er.

Rétt er að taka það fram í þessu sambandi, að nefndin telur, að mjög þurfi að vanda til um val á þeim manni, er þetta starf verður falið.

Til þess að enginn vafi geti á því leikið, að fiskimatsmenn og yfirfiskimatsmenn eigi að hlýða þeim reglum um fiskimatið og annað, er því við kemur, þykir nefndinni hlýða að setja skýrt ákvæði um það í frv.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. 4. málsgr. Á eftir 2. málsl. komi: Skylt er öllum fiskimatsmönnum og yfirfiskimatsmönnum að hlýða fyrirskipunum matsstjóra að því er starf þeirra snertir.

Alþingi, 24. okt. 1934.

Finnur Jónsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Bergur Jónsson, fundaskr.
Páll Þorbjörnsson. Sigurður Kristjánsson.

## Ed. 198. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 101 19. júní 1933 [Vegalög].

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Þorsteinn Briem.

Aftan við 2. gr. laganna B. 13 bætist nýr liður:
14. *Skógarstrandarvegur:* Frá Vesturlandsveginum á Skógstagli í Miðdölum um Hörðudal og Skógarströnd til Stykkishólms.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt til þess að bæta úr brýnni þörf, og verður nánari grein gerð fyrir málinu í framsögu.

## Ed. 199. Tillaga

til þingsályktunar um vistarskóla fyrir vanheil börn og unglinga.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um skólaheimili fyrir daufdumba, blinda, fatlaða og málhalta.

Greinargerð.

Daufdumb börn hafa notið allmikils námsstyrks hjá þjóðfélagi voru yfir 60 undanfarin ár[1]) — og njóta enn, eins og landsreikningarnir sýna. Er mér fjarri skapi að telja það eftir, en virðist þó kenna of mikils misréttis, að gengið skuli hafa verið framhjá þeim blindu, fötluðu og málhöltu oftast nær allan þennan tíma.

1) Sbr. tilskipun handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja frá 26. febr. 1872 og lög um kennslu heyrnar- og málleysingja frá 19. júní 1922.

Aðrar fjölmennari þjóðir hafa fyrir löngu reist ýmiskonar skólaheimili fyrir hvern flokk þessara barna, en þar sem vér erum svo fámennir, virðist langeðlilegast, að ekki væri nema ein uppeldisstofnun fyrir öll þessi börn og unglinga, og henni síðan skipt í 4 aðgreindar deildir. Þá þyrfti ekki nema einn aðalskólastjóra, sumir kennarar gætu kennt í fleiri en einni aðaldeild og auk þess yrði húsnæði, fæði og aðhlynning tiltölulega miklu ódýrara heldur en ef hver flokkur væri á alveg sérstöku skólaheimili. Þess vegna eru daufdumbir nefndir með hinum, en ekki af því, að ég telji gildandi lög um kennslu daufdumbra aðfinnsluverð að öðru leyti.

Í heilbrigðisskýrslum frá 1931 telur landlæknir blint fólk vera um 400 að minnsta kosti, en langflest komið á efri ár. Enda sækja blindraskóla Blindravinafélagsins ekki nema 4 eða 5 börn.

Fatlaða fólkið ber frá fæðingu eða eftir veikindi eða slysfarir þau líkamsmein, að það getur ekki unnið fyrir sér nema það njóti sérstakrar aðhlynningar lækna og kennslu við þess hæfi. Engar skýrslur eru til hérlendis um, hvað það er margt, en vafalaust skiptir það mörgum tugum, ef ekki hundruðum. Það má ekki lengur dragast, að þjóðfélagið komi því betur til hjálpar en að útvega örfáum fötluðum mönnum gervilimi.

Málhaltir munu vera á annað hundrað; örfáir þeirra njóta kennslu í málleysingjaskólanum, en allir þeir, sem stama eða eru holgóma, fá enga hjálp, enda þótt oftast sé hægt að lækna þá á fáum mánuðum, eftir því sem skýrslur herma, t. d. frá „Statens Institut for Talelidende“ í Danmörku. Landlæknir segir í fyrrnefndum heilbrigðisskýrslum, þar sem hann getur um málhalta: „Mun nú enginn hér fást við lækningu þessa leiða kvilla, sem er mikil ómenning“. — Er það hverju orði sannara; en nú dvelur íslenzk kennslukona erlendis til að læra þessar lækningar, svo hún getur væntanlega tekið að sér slíkt starf innan skamms, ef þjóðfélagið vill hagnýta sér þekkingu hennar.

Sem sagt, það má ekki lengur dragast, að fullt skipulag komist á þessi mannúðarmál, og því tekur væntanlega bæði löggjafarþing og stjórn vel þessari þingsályktunartillögu.

## Ed. 200. Frumvarp

til laga um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jón Baldvinsson, Jónas Jónsson.

1. gr.

Á eftir B. 8. í 2. gr. laganna bætist fjórir nýir liðir:

a. *Hellissandsvegur:* Frá vegamótum austan Fróðárheiðar, um Breiðuvík til Hellusands.

b. *Grundarfjarðarvegur:* Frá Stykkishólmsvegi um Helgafellssveit til Grundarfjarðar.

c. *Skógarstrandarvegur:* Frá Vogaskeiði í Helgafellssveit, inn fyrir Álftafjörð um Skógarströnd að Skógstagli í Miðdölum.
d. *Heydalsvegur:* Frá Stykkishólmsvegi um Heydal að Bildhóli á Skógarströnd.

2. gr.

Á eftir C. 12. í 2. gr. laganna komi nýr liður:

*Köldukinnarvegur:* Frá Krossi í Ljósavatnsskarði um Köldukinn og á Reykdælabraut hjá Garði í Aðaldal.

Greinargerð.

Með þessu frv. er ætlazt til, að teknir séu inn í vegalögin nokkrir nauðsynlegir vegir í Snæfellsnessýslu og Þingeyjarsýslu.

Nánar í framsögu.

## Nd. 201. Frumvarp

til laga um síldarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Finnur Jónsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Enginn má reisa síldarverksmiðju hér á landi, né heldur stækka síldarverksmiðju, sem fyrir er, nema að fengnu leyfi atvinnumálaráðherra.

2. gr.

Ríkissjóður hefir að öðru jöfnu forkaupsrétt að síldarverksmiðjum þeim, sem nú eru í landinu eða síðar kunna að verða reistar.

3. gr.

Síldarverksmiðjur þær, sem ríkið nú á eða síðar kann að eignast, skulu reknar samkv. lögum þessum, sé eigi öðruvísi ákveðið.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn verksmiðjanna til þriggja ára í senn. Gengur einn úr stjórninni árlega, í fyrsta og annað skipti eftir hlutkesti, síðan eftir kjöraldri.

Nú hefir ríkissjóður eignazt svo margar síldarverksmiðjur, að atvinnumálaráðherra telur þurfa að fjölga stjórnarmönnum, og getur hann þá bætt tveim mönnum í stjórn verksmiðjanna til þriggja ára.

Stjórn verksmiðjanna hefir aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu stjórnarmenn dvelja þar yfir síldveiðitímann, nema þeir séu fjarverandi í erindum verksmiðjanna. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Stjórn verksmiðjanna kýs sér formann úr sínum flokki, ræður framkvæmdarstjóra og ákveður starfssvið hans og laun. Hún hefir á hendi sölu afurða verksmiðjanna, með ráði framkvæmdarstjóra.

5. gr.

Nú er ríkissjóður eigandi síldarbræðslustöðvar, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samvinnufélagi síldveiðimanna, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, enda hafi báðar deildir Alþingis lagt samþykki sitt á söluna. Ennfremur er það skilyrði fyrir slíkri sölu, að þátttaka í samvinnufélaginu sé almenn, bæði meðal útgerðarmanna og sjómanna.

6. gr.

Verksmiðjurnar kaupa ekki síld af framleiðendum, nema með sérstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en taka við henni til vinnslu fyrir þeirra reikning.

7. gr.

Áður en árleg starfræksla hefst, skal stjórn verksmiðjanna leita loforða íslenzkra útgerðarmanna um tölu skipa, sem fá munu verksmiðjunum afla sinn til vinnslu, og gera samninga við útgerðarmenn þar um. Skulu samningsbundnir viðskiptamenn ganga fyrir viðskiptum. Skal áætlun um viðskiptamagnið vera fyrir hendi fyrir 15. maí ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku, í samráði við stjórn verksmiðjanna, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiptamagni, hvort verksmiðjurnar verði reknar það ár.

Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjurnar geti unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjanna ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka þá síld til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjurnar.

8. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hér segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði, eins og hann er á hverjum tíma.
2. Afborgunum af stofnkostnaði síldarstöðvanna, svo sem um er samið á hverjum tíma við lánveitendur eða ríkissjóð.
3. 2% fyrningargjaldi af húsum, mannvirkjum, vélum og áhöldum.
4. 5% gjaldi í varasjóð.

Áætlunarverð síldarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 6. gr., má greiða eigendum með allt að 70% við afhendingu síldar til vinnslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, eftir að reikningsskil hafa verið gerð um sölu hvers árs.

9. gr.

Síldarverksmiðjunum skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af síldarmjöli, sem

slík félög hafa pantað fyrir 15. ágúst ár hvert og síldarbræðslurnar geta látið af höndum. Skulu félögin skyld að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi fyrir 10. nóv. það ár, sem þær eru gerðar. Félögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum frá 1000 til 10000 kr.

10. gr.

Reikningsár verksmiðjanna skal vera almanaksárið. Verksmiðjustjórnin skal gera reikningsskil fyrir starfsárið, svo fljótt sem auðið er, og eigi síðar en 15. febrúar ár hvert. Atvinnu- og samgöngumálaráðherra skipar tvo endurskoðendur til eins árs í senn. Skulu þeir hafa lokið endurskoðuninni fyrir 1. apríl hvert ár. Að þeim tíma loknum skal verksmiðjustjórnin tafarlaust senda atvinnumálaráðherra afrit af rekstrarreikningi og efnahagsreikningi verksmiðjanna, áritaða af endurskoðendum, og skýrslu um störf og rekstur verksmiðjanna á árinu.

Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

11. gr.

Verksmiðjurnar eru undanþegnar aukaútsvari og tekju- og eignarskatti.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjanna setur atvinnumálaráðuneytið með sérstakri reglugerð.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um stofnun síldarbræðslustöðva, nr. 49 7. maí 1928, og lög um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar, nr. 42 14. júní 1929, og lög um breytingar á þeim lögum, nr. 10 27. apríl 1932. Jafnframt fellur niður umboð núverandi verksmiðjustjórnar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ríkissjóður á nú tvær verksmiðjur til bræðslu síldar og hin þriðja verður væntanlega fullgerð á sumri komanda. Þar eð verksmiðjurekstur þessi er orðinn mjög umfangsmikill, verður að telja nauðsyn á að setja hann í fastar skorður með lögum, er miðuð séu við aukninguna og þær breyttu ástæður, sem nú eru orðnar frá því fyrsta verksmiðjan var reist.

Afköst síldarverksmiðjanna í landinu aukast nú á þessu ári og hinu næsta um rúmlega 80 af hundraði. Geta verksmiðjurnar nú unnið úr svo mikilli síld, að full ástæða er til að athuga í hvert sinn og óskir koma fram um að stækka verksmiðjur þær, sem nú eru fyrir, eða reisa aðrar nýjar, hvort eigi þurfi þá jafnframt að fjölga veiðiskipum, því eins og nú er komið málum, fara saman hagsmunir ríkisins og mikils þorra útgerðarmanna um, að verksmiðjurnar hafi jafnan næga síld til vinnslu.

Virðist því rétt að láta aukningu síldarverksmiðjanna vera háða eftirliti ríkisstjórnarinnar. Þá virðist og rétt, að ríkissjóður hafi að öðru jöfnu forkaupsrétt að þeim síldarverksmiðjum, sem nú eru til í landinu, eða síðar verða reistar, svo mikilla hagsmuna sem ríkið hefir að gæta um vinnslu síldarinnar. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að atvinnumálaráðherra sé heimilt að fjölga stjórnarmönnum um tvo, eignist ríkið síldarverksmiðjur á fleiri stöðum, svo nauðsynlegt þyki vegna eftirlits.

Þá hefir verið breytt eldri ákvæðum um framlag til fyrningarsjóðs og ýmsu fleiru, sem að áliti flutningsmannanna mátti betur fara.

Nánar í framsögu.

## Ed. 202. Nefndarálit

um. frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum og efni til raflagna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég hefi ekki getað orðið meðnefndarmönnum mínum sammála um flutning á þessu frumvarpi, og vil ég greina hér nokkrar ástæður fyrir því:

1. Hér er um að ræða að langmestu leyti beinar nauðsynjavörur við framleiðslu, flutninga, samgöngur og daglegt líf manna. Það er því ekki um það að ræða, að taka óþarfa- eða munaðarvöru í einkasölu til tekjuöflunar ríkissjóði, heldur hlýtur fylgi við frumvarp þetta að vera sprottið af þeirri skoðun, að verzlun fari betur úr hendi hjá ríkinu en einstaklingum. En því fer mjög fjarri, að ég aðhyllist þá skoðun, enda mótmælir reynsla Íslendinga að fornu og nýju þessari skoðun mjög sterklega.
2. Reynslan sýnir, að í einkasölu stirðnar verzlunin og verður óhentugri notendum, hvort heldur er litið á vöruúrval, verðlag eða afgreiðslu alla, en það þakar landsmönnum stórtjón, ef um nauðsynjavörur er að ræða.
3. Ríkinu, sem oftast er í talsverðri fjárþröng, hættir mjög við því, að grípa til þess ráðs að hagnast óeðlilega á verzlun, sem það rekur. Myndi það í þessum tilfellum koma mjög hart niður á framleiðslu og samgöngum.
4. Reynsla undanfarinna ára hefir sýnt, að gjaldeyrir er síður sparaður handa þeim verzlunarfyrirtækjum, sem ríkið rekur, heldur en til einstaklinga.
5. Með því að taka æ fleiri og fleiri verzlunargreinar undir ríkið, eru bæjarfélög svipt einum af drýgstu tekjustofnum sínum, sem er útsvör af verzlun. Hlýtur bráðlega, ef svo skal halda áfram, að reka að því, að bæjarfélög og hreppsfélög komast í þrot, nema þeim sé þá á annan hátt séð fyrir tekjustofnum.
6. Erfitt er að sjá í fljótu bragði, hvernig fara á um alla þá menn, sem við svona breytingar verða atvinnulausir. Engin trygging er fyrir því, að þeir menn, sem hingað til hafa starfað að verzlun með allar þær vörur, sem nú er lagt til að ríkið taki að verzla með, bæði í þessu frumvarpi og öðrum

skyldum því — engin trygging er fyrir því, að þessir menn sitji fyrir atvinnu við ríkisverzlanirnar, og því síður að fyrir þeim öllum verði séð á þann hátt. En á tímum eins og þessum er þetta mjög alvarlegt mál. Framleiðslan virðist yfirleitt verða fremur að dragast saman en aukast, og atvinnuleysi verður því ærið, þó að ríkið gripi ekki inn í og skapi með aðgerðum eins og þessum fjölmenna atvinnuleysingjastétt kaupmanna og verzlunarmanna.

Gegn þessum og fleiri mótrökum eru rök meðhaldsmanna frumvarpsins þau helzt, að í frjálsri verzlun komi of margar tegundir bifreiða og mótora á markaðinn. Af flestum tegundunum sé hinsvegar svo lítið til, að ekki sé hægt að hafa varahluti til í landinu, en það orsaki tafir og óþægindi. Reynslan sýnir, að þessi ástæða er veigalítil. Allur fjöldi þessara véla eru af fáum tegundum, og nóg til af varahlutum í þær tegundir. Hinir, sem vilja samt sem áður kaupa óalgengari tegundir, hafa sínar ástæður til þess, sem þeim ætti að vera heimilt að hafa og bera sjálfir ábyrgð á. Oft og einatt er það t. d. þannig til komið, að menn fá nýja tegund sem sýnishorn, og getur það leitt til þess, að reynslan sýni, að fengur hafi verið af þessari nýju tegund. Að öðrum kosti hættir hún að flytjast, og fæst með þessu eðlilegt úrval, sem reynslan hefir skapað, og mun það affarasælast.

Alþingi, 24. okt. 1934.

Magnús Jónsson.

## Nd. 203. Frumvarp

til laga um breyting á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febr. 1872.

Flm.: Jónas Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 1. gr. tilskipunarinnar bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er að veiða með herpinót í netlögum annars manns, án þess að landshlutur sé greiddur, enda sé nótinni ekki fest við land né lagt við festar í netlögum. Nótinni telst ekki lagt við festar, þótt skip, sem er að hafa veiði úr herpinót, liggi fyrir akkeri. Nú er slíkri nót fest við land eða lagt við festar innan netlaga, og skal þá greiða landshlut sem að framan segir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt beiðni frá allsherjarnefnd Fiskiþingsins er frumvarp þetta flutt, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Um þetta eru engin ákvæði í lögum. Er það ekki að furða, því lögin, sem þetta kemur inn á, eru frá 1872 og jafnvel eldri, en herpinót er hinsvegar ekki notuð hér fyrr en skömmu eftir aldamót (1905).

Það er þess vegna full þörf á skýrum og nýrri ákvæðum. Þetta sannar meðal annars það, að út af þessu hafa risið málaferli (á Austfjörðum), sem enn eru ekki útkljáð.

Í bréfi til Fiskifélagsins hefir erindreki félagsins í Austfirðingafjórðungi skrifað svo hljóðandi út af þessu máli:

„Um síldveiði hafa engin lagafyrirmæli verið sett síðan að byrjað var að veiða með herpinótum hér við land. Yngstu fyrirmæli um þetta er að finna í tilsk. frá 12. febr. 1872, um síldar- og ufsaveiði með nót. Þá er ennfremur að finna allmörg gildandi fyrirmæli um einkarétt landeiganda á veiði í netlögum í tilsk. frá 1849, ásamt allmörgum miklu eldri fyrirmælum framan úr forneskju, sem ennþá eru í gildi. Eðlilega er margt af þessum fyrirmælum löngu úrelt, enda í reyndinni ekki annað en dauður bókstafur. Gæti ég nefnt fjölmörg dæmi því til sönnunar. Það væri því full þörf að taka gildandi fyrirmæli um veiði í netlögum og rétt landeiganda til rækilegrar athugunar og setja um þetta ný lög, sem betur hæfa þeim tíma, er vér lifum á. Mér vitanlega hefir það aldrei þekkzt áður hér á landi, að landshlutur væri greiddur af síld, er veiðist í herpinætur, þótt einhver hluti nótarinnar lendi inn í netlög, þegar nótin er ekki fest við land".

Nefndin er þess fullviss, að hér er þörf nýrra fyrirmæla, og leggur því til, að gerð verði ofangreind breyting á tilskipun 12. febr. 1872 um síldar- og ufsaveiði með nót.

## Nd. 204. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum.

Flm.: Páll Þorbjörnsson, Pétur Ottesen.

5. gr. laganna skal orða svo:

Sá hefir rétt til að vera 1. vélstjóri á mótorskipi með 150—500 hestafla vél, er verið hefir 2. vélstjóri við 150—500 hestafla vél í 24 mánuði, en rétt til að vera 2. vélstjóri við þá vélarstærð hefir sá einn, sem hefir verið 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél í 24 mánuði.

Þó skal vélstjóri, sem stundað hefir vélgæzlu í 36 mánuði sem 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél, miðað við gildistöku þessara laga, hafa rétt til að vera 1. vélstjóri við 150—500 hestafla vél.

### Greinargerð.

Lagabreyting þessi er fram borin vegna kröfu fjölda margra vélstjóra og formanna í öllum aðalútgerðarstöðum landsins og byggð á þeirri nauðsyn, er

af því leiðir, hve mjög mótorvélaafl hefir verið aukið í samskonar skipum, og þar að auki skipin stækkuð, síðan lög þessi voru samþykkt fyrir 10 árum. Það er sannanlegt, að í samskonar skipum og þá tíðkuðust voru 50—60 ha. mótorar, eru nú 130—150 ha. mótorar, jafnvel stærri, og má telja víst, að bátar stækki óðum og þar með mótorarnir.

Nú vita allir, sem þekkingu hafa á mótorskipum, að breytingar á vélum við aukinn ha.-fjölda útheimtir ekki meiri kunnáttu, því aðallega koma til greina stærðarhlutföll á sömu hlutum.

Í þessum kröfum er miðað við svo langa verklega reynslu, því verklega þekkingin við þetta starf hefir virzt hafa mesta þýðingu, þó námsskeið Fiskifélagsins komi að mjög miklum notum og æskilegt væri, að þau væri hægt að fullkomna, eftir því sem kröfur til vélstjóra aukast. Vegna aukins vélaafls í mótorskipum er þegar vöntun á mönnum með réttindum samkvæmt gildandi lögum til þess að fullnægja þörfinni, en gnægð af mönnum með verklegri og bóklegri þekkingu til þessa starfs, ef réttindi þeirra verða aukin samkvæmt frumvarpinu.

## Ed. 205. Framhaldsnefndarálit

um frv. til l. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir, í félagi við landbúnaðarráðherra, tekið frv. þetta til yfirvegunar á ný.

Við 2. umræðu komu fram ýmiskonar tillögur til breytinga á frv. Vill nefndin að nokkru taka til greina sumar þær tillögur, svo sem þá, að kjötverðlagsnefnd verði heimilað að veita slátrunarleyfi þeim einstökum fjáreigendum, sem hafa við að búa sérstaka erfiðleika um rekstur eða flutning fjárins til sláturhúss. Sömuleiðis að bændum verði leyfilegt að selja hangikjöt úr búum sínum beint til neytenda. Jafnframt telur n. rétt, að lögin taki einnig til sölu sláturfjár á fæti. Einnig að undanþiggja megi verðjöfnunargjaldi kjöt af mylkum ám, og að verðjöfnunargjaldið geti numið allt að 10 aurum á hvert kg. kjöts. Einn nefndarmanna (PM) er mótfallinn því að heimila hækkun á verðjöfnunargjaldinu.

Nefndin leggur því til, að gerðar verði á frv. eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað 1. málsl. komi:
      Enginn má slátra sauðfé til sölu, né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis kjötverðlagsnefndar. Heimilt skal

þó sauðfjáreigendum, er reykja kjöt á heimilum sínum, að selja það beint til neytenda, enda greiði þeir af því verðjöfnunargjald um leið og afhending fer fram.

b. Á eftir „19. júní 1933“ komi: Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárins til sláturhúss, að illfært sé að dómi nefndarinnar.

2. Við 4. gr.

a. Í stað „8“ komi: 10.

b. Aftan við fyrri málsgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ennfremur er nefndinni heimilt að veita undanþágu frá verðjöfnunargjaldi af kjöti af mylkum ám.

Alþingi, 25. október 1934.

Páll Hermannsson, form., frsm. Jón Baldvinsson, fundaskr. Pétur Magnússon.

Þorsteinn Briem. Jónas Jónsson.

## Nd. 206. Nefndarálit

um frv. til laga um prestssetur í Grundarþingaprestakalli í Eyjafirði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Orðin „Ennfremur að selja“ til enda greinarinnar falli niður.

Alþingi, 25. okt. 1934.

Héðinn Valdimarsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. Bergur Jónsson, fundaskr.

## Nd. 207. Nefndarálit

um frv. til l. um prestssetur í Grundarþingaprestakalli í Eyjafirði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hluti allsherjarnefndar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. okt. 1934.

Garðar Þorsteinsson, frsm. Thor Thors.

## Nd. 208. Nefndarálit

um frv. til l. um löggilding verzlunarstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. okt. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Héðinn Valdimarsson, form. | Garðar Þorsteinsson, frsm. | Bergur Jónsson, fundaskr. |
| Thor Thors. | Stefán Jóh. Stefánsson. | |

## Ed. 209. Nefndarálit

um frv. til laga um bráðabirgðaútflutningsskýrslur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin fellst á, að nauðsynlegt sé að afla útflutningsskýrslna á þann hátt, að fyrir liggi ábyggilegar skýrslur um útflutning, einkum sjávarafurða, sem næst mánaðarlega. Þar sem Fiskifélagi Íslands hefir, með lögum 26/1925, verið falið að safna aflaskýrslum, verður að álita hentugt, að félaginu sé einnig falið að afla útflutningsskýrslnanna.

Auk þess að fá vitneskju um magn og verð útflutnings sjávarafurða, er nauðsynlegt að fá sem ábyggilegastar upplýsingar um, til hvaða lands varan er flutt, jafnframt hvaða tegund vöru um er að ræða, og verð hennar f. o. b., eða áætlað verð, ef ekki er selt f. o. b. Með frumvarpinu er þó ekki ætlazt til, að á hinum opinberu skýrslum, sem félagið gefur út mánaðarlega, sé verðsins getið.

Þá er þess og vænzt, að dagblöðin fái skýrslurnar til birtingar.

Að undanförnu hefir Fiskifélagið fengið símskeyti um aflasölur togaranna jafnóðum og sala hefir farið fram, og er þar getið magns og verðs aflans. Ennfremur hefir félagið fengið afrit af aflasölu skipanna, og er þar tilgreind tegund og verð hverrar tegundar og flokkun tegunda eftir stærð.

Nefndin leggur til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.
   a. Eftir „Saltfiskur verkaður og óverkaður“ kemur: og hertur fiskur.
   b. Fyrir „síma Fiskifélaginu magn“ kemur: síma Fiskifélaginu verð og magn.
2. Við 6. gr. Eftir „láta útgerðarmönnum“ kemur: bönkum.

Alþingi, 25. október 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Ingvar Pálmason, form. | Jón A. Jónsson, frsm. | Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. |

Sþ. **210. Tillaga**

til þingsályktunar um verndun einkaleyfa og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða fyrir útvegun þeirra.

Flm.: Emil Jónsson, Páll Zóphóníasson, Bjarni Ásgeirsson, Guðbrandur Ísberg, Jakob Möller.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka möguleikana fyrir því, að Ísland verði þátttakandi í millirikjasamningum um verndun einkaleyfa, og gera síðan ráðstafanir til, að þeirri rannsókn lokinni, að Ísland gangi inn í þessa samninga, ef hún telur það æskilegt og tiltækilegt.

Ennfremur ályktar Alþingi að veita ríkisstjórninni heimild til, meðan á rannsókn þessari stendur, að styrkja þá Íslendinga til kaupa á einkaleyfum fyrir uppgötvanir sínar erlendis, sem ekki eru þess umkomnir fjárhagslega að geta það sjálfir, ef ríkisstjórnin, að fengnum tillögum Verkfræðingafélags Íslands eða annara þar til hæfra manna, telur uppgötvanir þeirra þess virði, að einkaleyfi séu keypt fyrir þær víðar en á Íslandi.

## Greinargerð.

Í lögum um einkaleyfi, nr. 12 20. júní 1923, er ekki sérstaklega gert ráð fyrir því, að Ísland gangi inn í þessa samninga, og yfirleitt engar ráðstafanir gerðar til að tryggja Íslendingum rétt á uppgötvunum sínum erlendis.

Með vaxandi „tekniskri“ menntun landsmanna aukast líkurnar fyrir því, að eitthvað það komi fram hér, sem almennt gildi hefir um allan heim, og er þá nauðsynlegt, að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja þessum mönnum einkarétt til uppgötvana sinna hvar sem er.

Nú sem stendur verður hver sá íslenzkur borgari, sem taka vill einkaleyfi erlendis fyrir uppgötvun sína, að gera það strax í öllum þeim löndum, sem til mála koma, áður en komið er með uppgötvunina opinberlega fram; annars getur hann átt á hættu að missa að miklu eða öllu leyti einkaleyfisréttinn í því eða þeim löndum, sem ekki er sótt um leyfið í. Umsóknir þessar kosta allmikið fé, en uppfinningamenn eru aftur oft á tíðum svo fátækir, að þeir eiga þess ekki nokkurn kost að fara þessa leið.

Síðari hluti tillögunnar fer fram á að veita þessum mönnum fjárhagslegan stuðning, þangað til séð verður, hvort þeir samningar verða gerðir, sem aðaltillagan fer fram á.

Nánar í framsögu.

**Nd.** **211. Frumvarp**

til laga um iðnlánasjóð.

Flm.: Emil Jónsson.

1. gr.

Til stuðnings iðnaðarmönnum og smærri iðjurekendum skal á næstu 10 árum leggja 25000 kr. á ári úr ríkissjóði í sérstakan sjóð, er heitir iðnlánasjóður.

2. gr.

Atvinnumálaráðuneytið veitir lán úr iðnlánasjóði, eftir tillögum frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna og eftir þeim reglum, er hér fara á eftir.

3. gr.

Lánin veitast iðnrekendum og smærri iðjurekendum, sem erfitt eiga um lántöku á annan hátt, til kaupa á vélum og stærri áhöldum (ekki handverkfærum), og einnig til rekstrar, ef sérstaklega stendur á og viðunandi trygging er í boði.

4. gr.

Við afgreiðslu lánanna skal þess gætt, að lánveitingin styðji ekki að óheilbrigðri og óeðlilegri samkeppni við önnur starfandi innlend samiðnarfyrirtæki. Lánin má ekki nota til endurgreiðslu á eldri lánum, nema með sérstöku leyfi ráðherra, enda sé brýn nauðsyn að svo verði gert.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra auglýsir einu sinni á ári eftir umsóknum um lán úr sjóði þessum. Lánbeiðnum skal fylgja:

a. Ýtarleg umsögn um það, til hvers lánið á að notast, hvaða vélar og áhöld á að kaupa, kaupverð þeirra, hvar þær eigi að setjast og til hvers þær eigi að notast.
b. Rekstrar- og efnahagsreikningur lánbeiðanda fyrir síðastliðin 3 ár.
c. Brunatryggingarskírteini verkstæðisins.
d. Yfirlýsing frá viðskiptabanka lánbeiðanda um bankaviðskipti hans, og að bankinn geri ekki kröfu til þess, að lánið verði notað til greiðslu eldri lána.
e. Fasteignamat og veðbókarvottorð þeirra fasteigna, sem lánbeiðandi kann að eiga.
f. Nafn, aldur, menntun og heimili lánbeiðanda, svo og aðrar upplýsingar, er krafizt kann að verða.

6. gr.

Upphæð lánanna ákveðst eftir því, til hvers það á að notast. Ekkert lán má þó fara fram úr 5000 kr. og ekki fram úr ⅘ hlutum andvirðis véla þeirra, er kaupa á, sé það notað til vélakaupa. Smærri lán en 300 kr. veitast ekki.

7. gr.

Lánin skulu tryggð með veði í hinum keyptu munum, tryggum sölusamningum, ef um rekstrarlán er að ræða, sjálfskuldarábyrgð, ábyrgð rekstrarlána-

félags iðnaðarmanna, þar sem hver félagsmaður ábyrgist frá 100—1000 kr., eða á annan hátt, sem ráðuneytið telur jafntryggan.

8. gr.

Lánstíminn er allt að 12 ár. Vextir ákveðast eitt skipti fyrir öll fyrirfram fyrir hvert lán, ½% hærri en lægstu ríkislánsvextir, sem fáanlegir voru árið fyrir lántökuárið. Lánin má veita afborgunarlaus 2 fyrstu árin, en eftir það afborgist þau með jöfnum afborgunum. Atvinnumálaráðherra ákveður vaxtafót lánanna.

9. gr.

Ráðuneytið getur heimtað allar þær upplýsingar, sem það telur þurfa til þess að geta ákveðið, hvort óhætt sé og réttmætt að veita umbeðið lán. Það getur látið rannsaka rekstur lánbeiðanda og endurskoða reikningshald hans, og einnig leitað álits sérfræðinga. Kostnað við slíka rannsókn greiðir lánbeiðandi. Annar kostnaður við stjórn iðnlánasjóðs greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Óheimilt er stjórn sjóðsins, stjórn Landssambands iðnaðarmanna og trúnaðarmönnum þeirra að láta óviðkomandi í té nokkuð af þeim upplýsingum, sem gefnar eru í sambandi við lántökur þessar.

11. gr.

Lán eru ekki veitt til að byrja atvinnurekstur, heldur aðeins slíkum atvinnurekendum, sem hafa með atvinnurekstri í nokkur ár sýnt, að óhætt ætti að vera að lána þeim peninga.

12. gr.

Þegar lánin eiga að notast til að kaupa vélar eða áhöld, greiðast þau til seljanda, en ekki lántakanda sjálfs, og er lántakandi jafnan skyldur að hlíta þeim ákvæðum, er ráðuneytið kann að setja um gerð og tegund vélanna.

13. gr.

Til þess að tryggja það, að vélum þeim, sem settar eru að veði fyrir lánum úr iðnlánasjóði, sé jafnan haldið vel við og í veðhæfu ástandi, skal ráðuneytið fela vélaeftirlitsmanni ríkisins að hafa sérstakt eftirlit með vélum þessum og gefa árlega skýrslu um ástand þeirra. Sannist það, að vélum þessum sé ekki haldið vel við, svo að hætta geti verið á, að þær verði ekki næg trygging fyrir láni því, sem út á þær er veitt, getur ráðherra sagt upp láninu fyrirvaralaust.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

Greinargerð.

Eitt af því, sem iðnaðarmönnum háir mest í lífsbaráttu þeirra og framfaraviðleitni, er vöntun á lánsfé út á þær tryggingar, er þeir hafa að bjóða. Þeir

þurfa flestir að fá sér áhöld og vélar að meira eða minna leyti, oft fyrir talsvert fé, en geta venjulega ekki fengið lán út á þessi áhöld, vegna þess að þær peninga- og lánsstofnanir, sem þegar eru til í landinu, telja þau ekki nægilega tryggt veð. Þar sem margir þeirra þurfa auk þess allmikið rekstrarfé og verða að lána viðskiptamönnum sínum til lengri eða skemmri tíma, en safnast sjálfum seint fé, er skiljanlegt, að þessi skortur á lánsfé kreppi svo mjög að hjá mörgum, að þeim sé nær því ókleift að halda áfram atvinnurekstri sínum. Svíar, Norðmenn og Danir hafa þegar stofnað sjóði, með framlagi af ríkisfé, til bjargar þessu máli, en hér hefir ekkert verið gert í því skyni til þessa. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, miðar að því að bæta að litlu leyti úr þessari lánsfjárþörf. Er vonazt til þess, að nokkur hjálp geti orðið að þessum sjóði, þótt hvorki sé árlegt framlag hátt né langt gengið í því að lána án allgóðra trygginga.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Með því að hafa hið árlega framlag svona lágt, finnur ríkissjóður lítið til þess, en á hinn bóginn safnast þegar saman kemur.

Um 2. gr.

Sjálfsagt virðist, að Landssamband iðnaðarmanna (stjórn þess og trúnaðarmenn) gefi upplýsingar um lánbeiðendur og geri tillögu um lánveitingarnar. Þannig er þetta í nágrannalöndunum.

Um 3. gr.

Tilgangur lánanna er aðallega sá, að gera iðnaðarmönnum og smærri iðnrekendum kleift að fá sér áhöld til eflingar atvinnurekstri sínum. Á hinn bóginn mun nokkuð erfitt að tryggja rekstrarlán svo viðunandi sé, og þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir, að fé ríkissjóðs verði lánað nema gegn sæmilegum tryggingum, þá er ekki gert ráð fyrir, að rekstrarlán verði veitt nema sérstaklega standi á.

Um 4. gr.

Hér er ákvæði um, að lán megi ekki veita, ef líkur séu til, að það geti orðið til hnekkis starfandi iðnfyrirtækjum innanlands, umfram það, sem skapast af eðlilegri og heilbrigðri samkeppni, og þar sem sjóðnum er ætlað að bæta úr þörf fyrir lán, sem nú eru svo að segja ófáanleg, er vitanlega ekki rétt að nota hann til þess að greiða eldri lán.

Um 5. gr.

Virðist ekki þurfa skýringa við.

Um 6. gr.

Það geta verið skiptar skoðanir um það, hve há lánin megi vera, en það virðist ekki rétt að hafa þau hærri en ⅓ hins árlega framlags. Í Danmörku og Noregi er hámarkið 5000 kr., og hefir reynzt nægilegt.

Um 7. gr.

Aðaltryggingin fyrir lánunum verða áhöld þau, sem fyrir þau eru keypt. Í sumum tilfellum getur þó viðbótartrygging verið nauðsynleg, og alltaf við rekstrarlánin. Til þess að létta undir með að útvega tryggingar fyrir lánunum, er gert ráð fyrir, að nokkrir samiðnarmenn geti myndað rekstrarlánafélög, sem taka lán handa félagsmönnum eða ábyrgjast lán handa þeim til skiptis.

Um 8. gr.

Ef gera þarf ráð fyrir, að ríkið þyrfti að taka lán til þess að inna af hendi framlög þau, sem nefnd eru í 1. gr., þykir rétt, að vextirnir af lánunum séu fastákveðnir allan lánstímann, þannig, að þeir standi undir þeim vaxtagreiðslum, sem ríkið þarf að inna af hendi vegna lánanna, og ½% að auki í stjórnarkostnað. Að vísu geta vextir lánanna með því móti orðið mismunandi, eftir því hvenær lánið er tekið, en það virðist vera aukaatriði í þessu sambandi.

Um 9.—10. gr.

Virðast ekki þurfa skýringa við.

Um 11. gr.

Það er vitanlegt, að áhættumeira er að lána byrjendum en atvinnurekendum, sem eru orðnir reyndir og ráðnir og vita, hvar hætturnar liggja. Og þótt oft geti verið nauðsynlegt að hjálpa byrjendum af stað, þykir ekki rétt, að iðnlánasjóður taki það hlutverk að sér, og láni ekki öðrum en þeim, sem sýnt hafa, að þeir kunni með fé og atvinnurekstur að fara.

Um 12. gr.

Til frekari tryggingar því, að lánin verði notuð eins og til er ætlazt, þykir rétt, að þau séu borguð út beint til þeirra, sem eiga að fá peningana frá lántakanda.

Um 13.—14. gr.

Virðast ekki þurfa skýringa við.

## Ed. 212. Breytingartillaga

við frv. til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni og Jóni Baldvinssyni.

Við 3. gr. Aftan við 1. málsgr. komi: Þó skal þeim mönnum, er nú hafa skipunarbréf í höndum, tryggt starf þann tíma, er skipunarbréfið hljóðar um, svo framt að ríkið hefir landsins eigin skip til landhelgisgæzlu og björgunarstarfs.

**Nd.** **213. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga nr. 52 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Lög nr. 52 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, skulu gilda til ársloka 1936.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af sjávarútvegsnefnd eftir áskorunum sjómanna í Reykjavík og víðar, og lætur nefndin áskorun sjómanna í Reykjavík fylgja hér með.

**Fylgiskjal.**

Þar eð undanþágan frá dragnótalögunum, sem gerð var á fyrra þingi 1933, er útrunnin í árslok 1934, og því óheimilt að veiða með dragnót í landhelgi eftir ársbyrjun 1935, þá finnum við, sem höfum stundað dragnótaveiðar undanfarin ár, brýna nauðsyn bera til, að undanþágan verði framlengd fyrir eftirkomandi tíma.

Eru til þess þær ástæður, að allir trillubátar hér frá Reykjavík, sömuleiðis allir þilbátar minni en 16 smálestir, og nokkrir stærri, hafa eingöngu notað dragnót frá maímánuði og svo lengi fram á haust, er tíð hefir leyft, 6—8 síðustu árin, með þeim árangri, að mannskapur þessara báta hefir haft sæmilega, stundum ágæta atvinnu af þessum veiðum og bátarnir unnið fyrir daglegum rekstri, og sumir haft frekari hagnað af þessum en öðrum veiðum á undanförnum árum.

Héðan frá Reykjavík munu vera nær 20 bátar, sem stunduðu þessar veiðar nú í sumar. Flestir þessir bátar mundu annars liggja aðgerðalausir, of litlir til síldveiða, of dýrir til annara veiða þann tíma, sem lítið aflast en langt að sækja. Á hverjum bát munu vera að jafnaði 4 menn; það eru því 70—80 menn, sem hafa haft atvinnu við þessar veiðar — aðeins frá Reykjavík —, en enga atvinnu ella. Þarna eru því atvinnubætur fyrir fjölda manns.

Nú er nýlega útgefin reglugerð um að senda verðmætasta fiskinn á útlendan markað. Ekkert veiðarfæri veiðir verðmætasta fiskinn (rauðsprettuna) eins vel og dragnótin. Í dragnót aflast líka oft vel af þorski og ýsu, og ekki sjáum við, hvaðan Reykjavíkurbæ hefði komið nýr og góður fiskur daglega undanfarin sumur, ef dragnót hefði verið bönnuð í landhelgi, en í dragnót kemur enginn fiskur svo smár, að hann sé ekki nothæfur, og ekki smærri en kemur á lóð, þ. e. **hún drepur ekki ungviði.**

Reynsla okkar af dragnótinni er í stuttu máli þessi: aflar vel, ódýr í notkun, og að því er bezt verður séð, skaðlaus fyrir aðrar veiðar.

Verði dragnótaveiðar bannaðar í landhelgi, er allstór atvinnuvegur lagður í rústir og allir áðurnefndir bátar útilokaðir frá að bjarga sér á nokkurn hátt, þar eð svo hagar til hér, að engan fisk er að fá á neitt annað veiðarfæri um sumartímann, því eins og flestir vita, eru sumarmið Faxaflóa undirlögð af togurum, útlendum og innlendum, og öll bátamið fyrir utan landhelgislínu, og því gereyðilögð fyrir bátunum, enda enginn svo grunnhygginn að leggja lóð eða net þar, sem þó mætti vonast eftir afla; togarar tæta það óðara sundur og okkar dýru veiðarfæri horfin fyrir fullt og allt. Dæmin eru deginum ljósari.

Andstæðingar dragnótarinnar hér við flóann eru Garðmenn, og hefir Guðmundur í Gerðum haft orð fyrir þeim, en þeir hafa enga útgerð — fremur en aðrir hér á Suðurlandi — yfir sumarið, fyrr en þeir leggja þorskanet í ágústmánuði, og þá úti á hrauni fyrir utan dragnótasvæðið. Þeir hafa haft hin beztu fiskiár, síðan farið var að nota dragnót í Garðsjó. Andstaða þeirra er því varla skiljanleg.

Hafnamenn fengu líka lögverndaðan Hafnaleir á sínum tíma allt árið. Nú á síðari árum nota þeir sjálfir dragnót, og vitum við ekki til, að þeir láti nú á sér bæra, enda hefir fiskur gengið grynnst og verið með mesta móti vetrarvertíðir síðustu ára á því svæði.

Þar sem telja má upplýst, bæði af áliti fiskifræðinga, athugunum okkar dragnótamanna og staðreyndum um fiskafla á dragnótasvæðunum, að dragnótin er ekki skaðleg, og að bátar þessir geta ekkert gert sér til gagns með öðru en því að nota dragnót, sem verður þó að vera í landhelgi, þá leyfum við okkur að vona, að háttvirt Alþingi líti með sanngirni á okkar mál.

Þess vegna skorum við undirritaðir bátaeigendur og formenn á háttvirt Alþingi að gera ráðstafanir til, að leyft verði að veiða með dragnót í landhelgi eftir sömu reglum og tvö undanfarin sumur.

Reykjavík, 12. okt. 1934.

Virðingarfyllst.

Magnús Þórarinsson, m/b Dagný. Einar Sigurðsson, m/b Víkingur. Sigurður Í. Hannesson, m/b Bára. Amilius Jónsson, m/b Svan. Ögmundur Jósefsson, m/b Erlingur. Jón Þórarinsson, m/b Jökull. Guðm. Sigurðsson, m/b Þór. Guðm. Ingvarsson, m/b Hafsteinn. Haraldur Jónsson, m/b Haraldur. Haraldur Jónsson, m/b Aldan. Guðmundur Guðjónsson, m/b Ásta. Pétur E. Þórðarson, m/b Fálki. Stefán Ólafsson, m/b Óðinn og Marz. Bjarni Andrésson, m/b Dagsbrún. Jón Þorbjörnsson, m/b Guðbjörg. Jón Eyjólfsson, m/b Aðalbjörg (opið skip). Eyjólfur Eyjólfsson, m/b Sigrún. Haraldur Jónsson, m/b Björgvin. Albert Þorvarðarson, m/b Baldur.

Til Alþingis Íslands, Reykjavík.

**Nd.** **214. Frumvarp**

til laga um vinnumiðlun.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í hverjum kaupstað landsins skal stofnuð vinnumiðlunarskrifstofa, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar ákveður, eða atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir.

2. gr.

Hlutverk vinnumiðlunarskrifstofu er:

1. að veita endurgjaldslausa milligöngu, verkamönnum jafnt sem atvinnurekendum, um vinnusölu og vinnukaup,
2. að miðla vinnu á milli bæjarbúa, eftir því sem unnt er,
3. að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjum og ríki til atvinnubóta, svo og annari vinnu, er ríki, bæir eða opinberar stofnanir fela skrifstofunni að úthluta,
4. að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því sem auðið er, og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði,
5. að aðstoða við atvinnuleysisskráningar eftir lögum nr. 57 frá 7. maí 1928, og láta fram fara atvinnuleysisskráningar, eftir fyrirmælum bæjarstjórnar eða atvinnumálaráðherra,
6. að veita opinberum stofnunum, svo og verklýðsfélögum innan Alþýðusambands Íslands og félögum atvinnurekenda, upplýsingar um tölu atvinnulausra og hagi þeirra, eftir því sem unnt er,
7. að halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum og milli kaupstaða og sveita, eftir því sem við verður komið,
8. að inna af höndum þau störf, er skrifstofum þessum kann að vera falið með lögum eða reglugerðum.

3. gr.

Stjórn hverrar vinnumiðlunarskrifstofu skal skipuð fimm mönnum. Er einn þeirra tilnefndur af atvinnumálaráðherra, og er hann formaður stjórnarinnar, tveir þeirra skulu kosnir af hlutaðeigandi bæjarstjórn með hlutfallskosningu, einn útnefndur af verklýðsfélagi eða fulltrúaráði verklýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, ef til er í kaupstaðnum, og einn af félagi atvinnurekenda þar á staðnum. Nú er vinnumiðlunarskrifstofa stofnuð í kaupstað, þar sem ekki starfar verklýðsfélag innan Alþýðusambands Íslands, eða félag atvinnurekenda, og skipar atvinnumálaráðherra þá menn í þeirra stað í stjórnina. Sama gildir og, ef einhver þeirra aðila, sem nefndir eru í grein þessari, tilnefnir ekki fulltrúa af sinni hálfu í stjórn vinnumiðlunarskrifstofu.

Kosning og skipun stjórnarmanna er til fjögurra ára í senn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir og skipaðir af sömu aðilum til sama tíma. Laun stjórnarmanna skulu ákveðin af hlutaðeigandi bæjarstjórn með samþykki atvinnumálaráðherra.

4. gr.

Stjórn vinnumiðlunarskrifstofu ræður forstöðumann skrifstofunnar, svo og aðstoðarmenn, ef þurfa þykir. Hún ákveður og laun starfsmanna, setur þeim starfsreglur og hefir yfirumsjón með störfum þeirra og rekstri skrifstofunnar yfirleitt.

5. gr.

Allur kostnaður við vinnumiðlunarskrifstofur greiðist að tveim þriðju hlutum úr hlutaðeigandi bæjarsjóði, og að einum þriðja hluta úr ríkissjóði. Kostnaður af símtölum, símskeytum og póstsendingum greiðist þó allur úr ríkissjóði.

6. gr.

Með reglugerð, sem atvinnumálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum bæjarstjórna, má ákveða nánar um störf og fyrirkomulag vinnumiðlunarskrifstofanna. Atvinnumálaráðherra setur og reglur um samband og samvinnu vinnumiðlunarskrifstofa. Heimilt er að fela sérstökum fulltrúa í atvinnumálaráðuneytinu öll störf, er lúta að vinnumiðlun milli kaupstaða og héraða.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 215. Frumvarp

til laga um mat á fiskúrgangi.

Flm.: Jónas Guðmundsson.

1. gr.

Allan hertan fiskúrgang (hryggi og hausa) og úrgang, sem seldur er til framleiðslu á fiskmjöli hér á landi eða til útflutnings, skal meta af þar til skipuðum opinberum matsmönnum. Nánari fyrirmæli um hirðingu og meðferð skreiðar gefa matsmenn, samkvæmt erindisbréfi, er þeim verður sett.

2. gr.

Matsmenn á skreið skipar lögreglustjóri á hverjum stað. Skulu það að jafnaði, þegar því verður við komið, vera sömu menn og hafa á hendi fiskimatið.

Áður en matsmenn taka til starfa skulu þeir undirrita eiðstaf, er ráðuneytið fyrirskipar.

3. gr.

Þóknun matsmanna fyrir starf þeirra við matið greiðir eigandi skreiðar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð um matið.

4. gr.

Matsmenn mega ekki taka við nokkurri þóknun frá þeim, er metið er fyrir, eða öðrum, annari en þeirri, sem ákveðin er í reglugerð um matið.

Þeir mega ekki vera í þjónustu þeirra, er metið er fyrir, eða kaupenda skreiðar.

5. gr.

Sá, sem selur skreið án þess áður að láta meta hana og fá vottorð um matið, skal sæta 500—2000 kr. sektum í ríkissjóð. Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.

6. gr.

Um hegningu fyrir brot matsmanna gegn ákvæðum laga þessara fer eftir ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram að tilhlutun Félags íslenzkra fiskmjölsframleiðenda, en í því félagi eru flestar eða allar fiskmjölsverksmiðjur hér á landi, og fylgir því frá formanni félagsins svo hljóðandi greinargerð:

„Það er álit allra fiskimjölsframleiðenda á Íslandi, að nauðsynlegt sé, að nú þegar verði sett lög um mat á skreið allri, sem seld er til fiskimjölsframleiðslu hér á landi, og eins til útflutnings. Ástæður fyrir þessum kröfum er reynsla sú, er framleiðendur hafa fengið síðan framleiðsla á fiskimjöli byrjaði hér á landi. Það virðist vera augljóst, að það er nauðsynlegt að vanda til framleiðslu skreiðar, ef framleiða á fyrsta flokks vöru, sem er fær um að keppa við aðrar þjóðir, í þeim löndum, sem fiskimjöl er notað. Undanfarið hefir borið mikið á því, að ekki hefir verið vandað til skreiðar sem skyldi, og hefir þess vegna ekki fengizt eins gott verð fyrir ísl. fiskimjöl eins og keppinautar okkar hafa fengið fyrir þessa vöru. Eins virðist það vera nauðsynlegt að hafa samræmi í mati og meðferð á þessari framleiðslu, til þess að einstaka menn ekki geti hagnazt á kostnað þeirra, sem vilja vanda sína vöru og leggja mikið á sig til þess að ná sem beztum árangri hvað vörugæði snertir, en bera mjög lítið meira úr býtum en þeir, sem ekkert gera fyrir þessa vöru, en ætlast til að fá eins hátt verð og þeir framleiðendur, sem hafa fyrsta flokks skreið. Þetta verður ekki lagfært nema með matslögum á svipuðum grundvelli og fiskimatslögin, þar sem hver framleiðandi ber úr býtum eftir gæðum framleiðslunnar.

Fiskiúrgang mundi þurfa að meta á svipaðan hátt og hér greinir:

**Í fyrsta flokki** væru algerlega gallalausir hausar og hryggir, þ. e. skreið, sem ekki hefir skemmzt af rotnun eða orðið óeðlileg að þyngd vegna óhreininda, svo sem sands og moldar. Ennfremur yrði það skilyrði þess, að skreiðin metist í fyrsta flokk, að varan sé fullþurr þá er hún er vegin, og þar með nógu gömul, en það er hún ekki fyrr en kinnfiskurinn er orðinn vel harður og hvítur. Er þá gert ráð fyrir, að vatnsinnihald skreiðarinnar sé sem næst 15%.

**Í annan flokk** félli sú skreið, sem ber þess menjar, að einhver rotnun hafi átt sér stað á hráefninu, enda þótt sú rotnun sé óveruleg. Svo og skreið sú, sem er sandborin, þó óverulegt sé.

**Í þriðja flokki** yrði sú skreið, er rotnað hefir svo mjög, að kinnfiskur annar er horfinn. Svo og ef augu hafa rotnað burtu, annað eða bæði. Undir þennan flokk félli einnig skreið sú, sem er sand- eða moldarborin, svo að áberandi sé, þannig að sand hefir fest í tálknum áður en skreiðin varð það þurr, að hún varðist skemmdum. Ákvæði þyrftu og að vera um það, að tjargaðar línur væru ekki notaðar við verkun skreiðar, og að ekki mætti meta, vigta eða útskipa þurrum fiskiúrgangi nema í þurru veðri. Ennfremur að skreið mætti ekki byrja að meta fyrir 15. júní ár hvert.“

## Sþ. 216. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn innlendra fóðurefna.

Flm.: Jón Auðunn Jónsson, Jón Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka fóðurgildi innlendra fóðurefna, með það fyrir augum að spara eftir föngum kaup á erlendum fóðurbæti.

Á s t æ ð u r .

Það er upplýst, að til landsins er flutt erlent fóður og fóðurbætir fyrir um hálfa milljón króna á ári, og fara þessi kaup vaxandi. Það er skoðun margra, að þessi kaup mætti að skaðlausu spara að miklum mun, ef fullkomin rannsókn á næringargildi innlendra fóðurefna væri fyrir hendi og á hvern hátt hagkvæmast væri að nota þau til fóðurblöndunar.

Með tillögu þessari, ef samþykkt verður, fær stjórnin nauðsynlega heimild til fjárgreiðslu í þessu skyni.

## Ed. 217. Breytingartillögur

við frv. til laga um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

   Ef kona, sem vitjar héraðslæknis eða annars starfandi læknis, sem er sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, er sjúk á þann hátt, að læknirinn telur það lífshættu fyrir hana eða varanlegt heilsutjón að verða barnshafandi og fæða barn, er honum skylt að aðvara hana í því efni og láta henni í té leiðbeiningar til þess að koma í veg fyrir, að hún verði barnshafandi.

Ef um gifta konu er að ræða, sem þannig er ástatt um, eða konu, sem býr ógift með barnsföður sínum, er lækninum skylt að gefa eiginmanni hennar, eða barnsföður, leiðbeiningar gegn barngetnaði, eða gera á honum viðeigandi aðgerð, ef hann óskar, til þess að koma í veg fyrir, að konan verði barnshafandi.

Ráðherra gefur út og landlæknir fær læknum í hendur leiðbeiningar fyrir veiklað fólk um varnir gegn barngetnaði.

2. Við 2. gr. Greinin falli burt. Greinatalan breytist eftir því og tilvitnanir til greinanna í öðrum greinum frumvarpsins.
3. Við 3. gr. Síðasta málsgr. orðist þannig:

Það er að koma til leiðar fæðingu fyrir tíma, að framkalla fæðingu áður en kona hefir tekið léttasótt og fæðing hafizt af sjálfu sér.

4. Við 9. gr. Síðasta málsgr. falli burt.
5. Við 10. gr. Greinin orðist þannig:

Þegar kona hefir oftar en einu sinni alið vanskapað barn eða haldið meðfæddum sjúkdómi, sem ástæða er til að ætla, að sé arfgengur í ætt föðursins, er héraðslækni skylt að benda honum á hættuna, sem yfir vofir, og veita honum þá aðgerð, ef hann óskar, sem komi í veg fyrir, að hann auki kyn sitt framvegis.

Sama gildir um móðurina, þegar eins stendur á um arfgeng mein í hennar ætt.

6. Fyrirsögn frv. orðist þannig:

Frv. til laga um leiðbeiningar fyrir veiklað fólk um varnir gegn barngetnaði og um fóstureyðingar.

## Nd. 218. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin er öll á einu máli um, að frambærileg rök skorti fyrir því, að krefjast allt annars og margfalt hærra útflutningsgjalds af síld en annari útflutningsvöru landsmanna, og þykir því rétt að aðhyllast þá uppástungu ríkisstjórnarinnar, að lækka útflutningsgjald síldar úr einni krónu á tunnu ofan í 1½% af andvirði síldarinnar með umbúðum, kominnar á skipsfjöl í íslenzkri höfn, enda þótt það muni ríkissjóð sem næst 120 þús. kr. árlega, ef miðað er við verkun síldar að undanförnu.

Í frv. er stungið upp á, að afnumið sé með öllu útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum. Út af því vill minni hl. benda á, að útflutningsgjald af síldarmjöli er 10 krónur af hverri smálest, eða milli 5% og 7% miðað við verðlag síðustu ára. Verði talið fært að afsala ríkissjóði tekjum af þessum gjaldstofni, útflutningsgjaldinu, frekar en orðið er með lækkun síldartollsins, verður að

telja alveg óhjákvæmilegt að byrja á því að færa gjaldið á síldarmjölinu til samræmis við gjald af annari útflutningsvöru landsmanna, og mun minni hl. flytja um það breytingartillögu. Samkv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands var á árinu 1932 alls flutt út 7618 smál. af síldarmjöli. Andvirði þess nam um 1250 þús. kr. Á því ári hefði tekjumissir ríkissjóðs af þessari tolllagabreytingu numið um 57 þús. kr. Á síðasta ári var útflutningurinn talinn 9885 smál., að andvirði 1660 þús. kr. Það ár hefði tekjumissirinn því orðið um 74 þús. kr. Verði breytingartillagan samþykkt, liggur fyrir að athuga, hvort Alþingi treystist til að leggja inn á þá braut að afnema útflutningsgjöldin, smátt og smátt eða í einu lagi. Er út af fyrir sig mjög æskilegt, að það yrði gert, enda eru þess víst ekki dæmi, að önnur ríki skattleggi útflutning landsmanna, en hinsvegar eru víða veitt há útflutningsverðlaun.

Verði hnigið að því, er minni hlutinn ásáttur um, að byrjað verði á landbúnaðarvörunum. En sé ætlunin ekki sú, að aflétta þessu gjaldi af annari útflutningsvöru, er mjög varhugavert að stíga þetta spor, sem áreiðanlega reisir kröfur um sömu fríðindi til handa öðrum atvinnurekstri landsmanna, en gegn slíkum kröfum verður þá ekki lengi staðið. Og því síður er ástæða til að rasa um ráð fram í þessum efnum, sem telja má fullupplýst, að bændur, sem fríðindanna eiga að njóta, meti þau sáralítils. Kom það gleggst fram í umræðum um samskonar frumvarp, er lagt var fyrir Alþingi vorið 1933. Kvaddi þá hver þingbóndinn sér hljóðs af öðrum, til þess að andmæla frumvarpinu.

**Jón í Stóradal** sagði: „munar það hvorki til né frá fyrir bændur, hvort það er fellt niður eða ekki, þar sem það mun ekki nema meiru en 10—15 aur. á hvern dilk".

**Lárus Helgason** sagði: „Þetta frumv. mun vera eitt af þeim, sem eiga að miða að því að styrkja landbúnaðinn. Ég verð að segja, að mér finnst um svo lítið að ræða, að tæplega sé gerlegt að togast mikið á um það.

Ef gengið er inn á þá braut að afnema útflutningsgjald af afurðum atvinnuveganna, þá býst ég við, að því yrði haldið áfram".

**Sveinn í Firði** var enn berorðari. Ræða hans var stutt og laggóð og hljóðaði þannig:

„Ég er ekki svo lítilþægur sjálfs mín vegna eða stéttarbræðra minna, að ég vilji taka á móti þessu tilboði. Ég álít þetta skipta svo sáralitlu fyrir landbúnaðinn. En hinsvegar getur það vakið eftirtölur og orðið til þess, að fram komi kröfur um hliðstæða niðurfærslu á útflutningsgjöldum á öðrum afurðum. Tel ég enda hið síðarnefnda alveg víst. Þetta vildi ég taka fram áður en málið er tekið af dagskrá, en skírskota að öðru leyti til þess, sem sagt hefir verið á móti frumvarpinu".

**Bjarni Ásgeirsson** sagði: „Þetta er sannarlega ekki stórmál og mér finnst það leiðinlegt mál. ....

Fyrst og fremst álít ég þetta mál ákaflega lítils virði fyrir útflytjendur landbúnaðarafurða, þar sem um er að ræða ca. 10 aura gjald á kjötkropp, en aftur á móti vel til þess fallið að koma inn illu blóði hjá öðrum stéttum þjóðfélagsins".

Af greindum ummælum og ýmsum öðrum, er féllu við umræðu málsins á Alþingi 1933, er það bert, að annarsvegar telja bændur þessi fríðindi nauða

lítils virði, og hinsvegar finnst þeim eðlileg og sjálfsögð afleiðing af niðurfellingu útflutningsgjalds af landbúnaðarvörum, að gjald þetta verði einnig fellt niður af öðrum útflutningsvörum landsmanna.

Er þetta í fullu samræmi við framangreint álit minni hlutans á þessu máli, en samkvæmt því ber minni hl. nú fram till. um að samræma útflutningsgjald af síldarmjöli við annað útflutningsgjald, og verði hún samþykkt, mun minni hl. samþykkja, að niður falli með öllu útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, ef það er yfirlýstur vilji Alþingis, að stefnt sé að því að fella niður allt útflutningsgjald.

Rétt þykir að leiða athygli að því, að með 5. gr. þessa frv. eru úr gildi felld lög nr. 11 29. maí 1925. Með þeim lögum var útflutningsgjaldið hækkað úr 1% upp í 1½% og jafnframt tilskilið, að til ársloka 1926 rynni hækkunin til Ræktunarsjóðs Íslands, en frá 1. jan. 1927 skyldi ¾ hlutum tekjuaukans „varið til rekstrarkostnaðar við strandgæzluskip", en ¼ hluti renna til ræktunarsjóðsins, „unz framlag til sjóðsins samkvæmt lögum þessum hefir numið 1 milljón króna", eins og stendur í 3. gr. nefndra laga.

Ákvæðið um, að útflutningsgjald skuli vera 1½%, er tekið upp í 1. gr. þessa frv., og gjaldskylda ríkissjóðs til ræktunarsjóðs er ætlazt til að haldist, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Hinsvegar er með öllu niður felld skyldan til að verja ¾ hlutum tekjuaukans, eða ¼ hluta alls útflutningsgjaldsins, til rekstrarkostnaðar strandgæzluskipanna. Minni hlutinn er þessu andvígur, og mun því bera fram breytingartillögu um, að það ákvæði haldist.

Jafnframt bendir minni hlutinn á, að upphaflega þegar ákveðið var, að gjaldauki laganna frá 1925 skiptist milli ræktunarsjóðs og strandvarnanna, vakti það fyrir löggjafanum, að báðir höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur, nytu góðs af gjaldinu í eitthvað svipuðu hlutfalli og þeir greiddu það í ríkissjóð. Ef þess vegna niður verður fellt útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, leiðir af sjálfu sér, að þessi gjaldskylda ríkissjóðs til ræktunarsjóðs er burtu fallin, og mun minni hl. því bera fram breytingartillögu um það við 3. umr., ef útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum verður afnumið. Ríkissjóðinn munar þetta 60—70 þús. kr., en starfsemi ræktunarsjóðsins hnekkir það ekki. Starfsemi ræktunarsjóðs byggist á því, að vera milliliður milli lánveitanda og lántakanda. Eigið fé er 2 milljónir 929 þúsundir króna, auk varasjóðs, 215 þús. kr., og hefir hann heimild til að gefa út jarðræktarbréf fyrir sexfaldri upphæð sjóðsins. Til þessa hefir hann þó ekki gefið út slík bréf fyrir meira en 2 millj. 866 þús. kr.

Að lokum þykir minni hl. rétt að leiða athygli að því, hversu frumvarp þetta, eins og raunar ýms önnur, er fjármálaráðh. leggur fyrir Alþingi, er illa undirbúið. Gildandi tolllagaákvæði, sem hefir haft talsverða fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð, er með frumvarpinu fellt niður, án þess ráðherra hafi verið það ljóst. Útflutningsgjald af fiskmjöli, sem lækkað var á Alþingi 1933, er nú meira en tvöfaldað, einnig fyrir handvömm og án þess ráðherra hafi gert sér það ljóst. Og enn eru minni háttar villur í frumvarpinu. Hefir nefndin séð fyrir leiðréttingu á sumu af þessu, en einstakir þingmenn á öðru. Ekki er í greinargerð frumvarpsins minnzt á, hver áhrif það hefir á fjárhag ríkissjóðs, og ekki

er heldur gerð nein grein fyrir ýmsum nýmælum frumvarpsins og afleiðingum þeirra. Tefur slíkur undirbúningur þingmála öll þingstörfin mjög mikið.

Minni hl. nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Á eftir 1. gr. komi ný grein, 2. gr., svo hljóðandi:
   Af hverjum 100 kg. af óþurrkuðum fiskúrgangi skal greiða í ríkissjóð kr. 0.50. Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er út óunnin til bræðslu, kr. 0.25. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum, kr. 1.00.
   Greinatalan breytist samkvæmt þessu.
2. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist: en ¼ hluta teknanna skal verja til rekstrarkostnaðar strandgæzluskipanna.

Alþingi, 26. okt. 1934.

Ólafur Thors, frsm. Jakob Möller.

## Ed. 219. Frumvarp

til laga um bann gegn útflutningi á síldarmjöli.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Útflutningur á síldarmjöli úr landinu er bannaður, nema leyfi landbúnaðarráðherra komi til.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða allt að 10000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af nefndum brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**Bráðabirgðalög**

um bann gegn útflutningi á síldarmjöli.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gerum kunnugt:* Með því að forsætisráðherra og landbúnaðarráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að þar sem bændur víðsvegar á landinu hafi, vegna óvenjulegra óþurrka, ekki getað aflað nægilegra heyja til búa sinna, sé bráðnauðsynlegt að tryggja, að ekki verði fóðurskortur, en á þessu megi ráða nokkra bót með því að banna útflutning á því síldarmjöli, sem til sé í landinu, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess, að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög um þetta efni.
Því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Útflutningur á síldarmjöli úr landinu er bannaður nema leyfi landbúnaðarráðherra komi til.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða allt að 10000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af nefndum brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gert á Amalíuborg, 26. september 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## Nd. 220. Frumvarp

til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Til þess að greiða fyrir innanlandsverzlun með sláturfjárafurðir skipar ríkisstjórnin 5 manna kjötverðlagsnefnd til eins árs. Samband íslenzkra sam-

vinnufélaga tilnefnir einn mann, Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga tilnefna í sameiningu einn, Landssamband iðnaðarmanna einn, Alþýðusamband Íslands einn og landbúnaðarráðherra einn mann í nefndina, sem jafnframt er formaður hennar.

Nefndin ræður fulltrúa, sem annast dagleg störf. Hún getur valið sér trúnaðarmenn eða skipað eftirlitsnefndir, eftir því sem þörf krefur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Kjötverðlagsnefndin ákveður verðlag á kjöti á innlendum markaði í heildsölu og smásölu.

Enginn má selja eða kaupa kjöt við öðru verði en því, sem nefndin ákveður á hverjum stað á hverjum tíma.

3. gr.

Enginn má slátra sauðfé til sölu, né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis kjötverðlagsnefndar. Heimilt skal þó sauðfjáreigendum, er reykja kjöt á heimilum sínum, að selja það beint til neytenda, enda greiði þeir af því verðjöfnunargjald um leið og afhending fer fram. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem nú eru starfandi, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annara félaga. Ennfremur getur nefndin veitt leyfi þeim verzlunum öðrum, sem árið 1933 áttu eða starfræktu sláturhús, sem fullnægðu ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933. Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárins til sláturhúss, að illfært sé að dómi nefndarinnar.

Í leyfi getur nefndin ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands.

4. gr.

Greiða skal verðjöfnunartillag af öllu slátruðu sauðfé, nema því, sem framleiðendur nota til heimilisþarfa. Upphæð tillagsins má nema allt að 10 aurum á hvert kg. af kjöti, eftir nánari ákvörðun kjötverðlagsnefndar. Heimilt er nefndinni að ákveða mismunandi verðjöfnunartillag eftir kjöttegundum.

Ennfremur er nefndinni heimilt að veita undanþágu frá verðjöfnunargjaldi af kjöti af mylkum ám.

Verðjöfnunartillagið hefir lögtaksrétt til loka næsta árs eftir að slátrun fór fram.

5. gr.

Þeir, sem slátra fé til sölu, skulu gefa kjötverðlagsnefnd skýrslu um daglega slátrun, staðfestar af kjötmatsmönnum, og standa skil á verðjöfnunartillaginu til nefndarinnar. Gjalddagi er þegar slátrun fer fram.

Nefndin geymir verðjöfnunarsjóð á tryggum stað, þann tíma sem hún hefir hann undir höndum.

6. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal varið þannig:

a. Til endurgreiðslu verðjöfnunartillagsins af því kjöti, sem út er flutt.
b. Til að greiða fyrir sölu sláturfjárafurða innanlands.
c. Til verðuppbótar á útflutt dilkakjöt. Verðuppbótin má þó ekki verða svo há, að nettóverð útflutta kjötsins verði hennar vegna fyllilega eins hátt og nettóverð sömu tegunda af kjöti, sem selt er á verðhæsta innlendum markaði. Það verð, sem Samband ísl. samvinnufélaga greiðir deildum sínum fyrir útflutt kjöt af framleiðslu hvers árs, telst útflutningsverð á því ári.

Verði afgangur í verðjöfnunarsjóði, þegar greitt hefir verið samkvæmt framansögðu, skal honum varið til uppbótar á öllu seldu kjöti, þannig, að sá verðmismunur, sem nefndin hefir ákveðið, raskist ekki.

7. gr.

Greiða skal jafnháa verðuppbót samkvæmt ákvæðum 6. gr. á hvert kg. sömu tegundar af útfluttu dilkakjöti, hvaðan sem það er af landinu.

8. gr.

Skylt er öllum, sem verzla með sláturfjárafurðir, að láta kjötverðlagsnefnd í té allar upplýsingar og skýrslur, er hún óskar eftir, viðvíkjandi sölu og söluhorfum á sláturfjárafurðum, bæði innanlands og utan.

9. gr.

Landinu skal skipta í verðlagssvæði eftir aðstöðu til markaðs og flutninga. Nefndin skal ákveða verðlag á hverju verðlagssvæði fyrir sig.

10. gr.

Kjötverðlagsnefnd gerir þær ráðstafanir, er hún telur þurfa til þess, að innlendi markaðurinn notist sem bezt. Hún hefir eftirlit með því, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og í allri meðferð sláturfjárafurða og verzlun með þær. Í því skyni getur nefndin takmarkað fjölda útsölustaða, þar sem henni virðist þurfa, svo og takmarkað flutninga milli verðlagssvæða, ef hún telur hættu á, að markaður verði á einhverjum stað ofhlaðinn.

11. gr.

Kjötverðlagsnefnd er heimilt, ef hún telur þess þörf, að láta ákvæði þessara laga um sölu og verðjöfnunartillag gilda um nautakjöt og fleiri sláturfjárafurðir.

12. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Í reglugerð má ákveða sektir við brotum gegn henni.

13. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum, allt að 10000 krónum. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

14. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

## Nd. 221. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40 8. sept. 1931, um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar.

Flm.: Ólafur Thors, Jakob Möller, Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

1. málslið 1. gr. laga nr. 40 8. sept. 1931 skal orða svo:

Ráðherra er skylt að endurgjalda iðnaðarmanni eða iðjurekanda vörutoll og verðtoll, er greiddur hefir verið í ríkissjóð af efnivörum til iðnaðar, er hlutaðeigandi hefir notað til iðnaðarframleiðslu sinnar, eftir þessum reglum:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er nú orðið öllum almenningi ljóst, að vegna innflutningshafta viðskiptaþjóðanna verða Íslendingar að beina hagnýtingu mannsorkunnar inn á nýjar brautir, og eins og nú horfir, verður ekki komið auga á aðra eðlilegri og farsælli lausn þess vanda en að styðja sem bezt þann iðnað, sem á síðari árum hefir sprottið upp í landinu.

Eitt af því, sem háir vexti innlends iðnaðar, er, að ýms ákvæði tollalöggjafarinnar veita erlendum iðnaði beina vernd í samkeppninni við innlendan iðnað, og er mörg efnivara til iðnaðar hærra tolluð en unnar iðnaðarvörur, sem gerðar eru úr sömu efnivörum.

Til þess að ráða bót á þessu, bar fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, Jón Þorláksson borgarstjóri, fram frumvarp, er náði lögfestu á haustþinginu 1931. Í 1. gr. þess frv. er ráðherra **heimilað** að endurgjalda vörutoll og verðtoll af efnivörum til iðnaðar eftir vissum reglum, og mun það hafa verið tilgangur löggjafans, að sú heimild yrði notuð. Svo hefir þó eigi verið í framkvæmdinni, og er því hér borið fram frv. um að breyta þeirri heimild í **skyldu.**

Æskilegast hefði verið að breyta tollalöggjöfinni í samræmi við þennan tilgang, en ekki þykir tímabært að bera fram frv. um það, m. a. og fyrst og fremst vegna þess, að meðan iðnaðurinn er í örum vexti, er miklum vandkvæðum bundið að umlykja þarfirnar með slíkri tolllagabreytingu.

## Nd. 222. Breytingartillögur

við frv. til laga um vinnumiðlun.

Frá Garðari Þorsteinssyni og Thor Thors.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er atvinnumálaráðherra að stofna vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins.
   Heimili hennar og varnarþing skal vera í Reykjavík.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins skal vera:
   1. Að gera tillögur til ráðningarskrifstofa kaupstaðanna um fyrirkomulag og úthlutun atvinnubótavinnu eða annarar vinnu, sem kostuð er af ríkissjóði.
   2. Að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því sem auðið er, og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði.
   3. Að veita opinberum stofnunum, svo og verklýðsfélögum innan Alþýðusambands Íslands og félögum atvinnurekenda upplýsingar um tölu atvinnulausra, eftir því sem auðið er.
   4. Að standa í sambandi við ráðningarskrifstofur kaupstaðanna og veita þeim allar þær upplýsingar í atvinnumálum, er þær kynnu að óska, og halda uppi innbyrðis sambandi á milli vinnumiðlunar í kaupstöðum og milli kaupstaða og sveita, eftir því sem við verður komið.
   5. Að inna af hendi þau störf, er henni kunna að verða falin með lögum eða reglugerðum.
3. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Stjórn vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins skal skipuð 3 mönnum. Félag ísl. atvinnurekenda tilnefnir 1 mann, Alþýðusamband Íslands tilnefnir annan, og atvinnumálaráðherra skipar þann þriðja, og er hann formaður. Kosning og skipun stjórnarinnar er til fjögurra ára í senn. Jafnmargir varamenn skulu og skipaðir samtímis og tilnefndir á sama hátt.
   Laun stjórnarmanna skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra.
4. Við 4. gr. Í stað „vinnumiðlunarskrifstofu“ komi: vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins.
5. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Allur kostnaður við rekstur vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins, þar með talin laun stjórnarinnar, greiðist úr ríkissjóði.

6. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
   Með reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur, má ákveða nánar um störf og fyrirkomulag vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins.
7. Á eftir 6. gr. komi ný grein, er verður 7. gr., svo hljóðandi:
   Í hverjum kaupstað landsins skal bæjarstjórn heimilt að stofna ráðningarskrifstofu. Hlutverk hennar skal vera:
   1. Að veita endurgjaldslausa milligöngu verkamönnum jafnt sem atvinnurekendum um vinnusölu og vinnukaup.
   2. Að miðla vinnu milli bæjarbúa, eftir því sem unnt er.
   3. Að úthluta vinnu þeirri, sem kostuð er af bæjarsjóðum, svo og annari vinnu, er skrifstofunni kann að verða falið að úthluta, sbr. 2. gr. 1. lið.
   4. Að framkvæma atvinnuleysisskráningar eftir lögum nr. 57 frá 7. maí 1928, og láta fram fara atvinnuleysisskráningar eftir fyrirmælum bæjarstjórna eða vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins.
8. Á eftir 7. gr. komi ný grein, er verður 8. grein, svo hljóðandi:
   Ráðningarskrifstofur kaupstaðanna skulu skyldar að láta vinnumiðlunarskrifstofu ríkisins í té allar skýrslur um atvinnuhagi bæjarbúa, eftir því sem unnt er, og um tölu atvinnulausra, og aðrar þær upplýsingar, er vinnumiðlunarskrifstofa ríkisins kann að óska í þessum efnum.
9. Á eftir 8. gr. komi ný grein, er verður 9. gr., svo hljóðandi:
   Stjórnir ráðningarskrifstofa kaupstaðanna skulu skipaðar þrem mönnum. Er einn útnefndur af viðkomandi bæjarstjórn, og er hann formaður. Annar af verklýðsfélagi eða fulltrúaráði verklýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, og hinn þriðji af félagi atvinnurekenda. Nú er ráðningarskrifstofa sett á stofn innan kaupstaðar, þar sem ekki starfar verklýðsfélag innan Alþýðusambands Íslands, eða félag atvinnurekenda, og skal þá annar og þriðji stjórnarmaður tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands og Félagi íslenzkra atvinnurekenda.
10. Á eftir 9. gr. komi ný grein, er verður 10. gr., svo hljóðandi:
    Stjórn ráðningarskrifstofu hvers kaupstaðar ræður forstöðumann skrifstofunnar, svo og aðstoðarmenn, ef þurfa þykir. Hún ákveður, í samráði við viðkomandi bæjarstjórn, laun starfsmanna, setur þeim starfsreglur og hefir umsjón með rekstri skrifstofunnar yfirleitt.
11. Á eftir 10. gr. komi ný gr., er verður 11. gr., svo hljóðandi:
    Allur kostnaður við rekstur ráðningarskrifstofa kaupstaðanna skal greiddur úr viðkomandi bæjarsjóði.
12. Við 7. gr. Greinin verður 12. gr.

**Ed.** **223. Frumvarp**

til laga um lögreglustjóra í Ólafsfirði.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Einar Árnason.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps, lögfræðing til að hafa á hendi hreppstjórastörf í Ólafsfjarðarhreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda, enda sé hann sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjóri skal hafa að launum 2000 kr. á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, sem 2. gr. tiltekur, fær hann auk þess fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps, og eru ástæðurnar teknar fram í bréfi oddvitans, sem hér með fylgir.

**Fylgiskjal.**

ODDVITI ÓLAFSFJARÐARHREPPS

Ólafsfirði, 18. sept. 1934.

Á almennum hreppsfundi, sem haldinn var í Ólafsfjarðarhreppi í Eyjafjarðarsýslu þann 17. febrúar síðastl., var samþykkt svo hljóðandi tillaga:

„Fundurinn telur nauðsynlegt, að stofnað verði sérstakt lögreglustjóraembætti í Ólafsfjarðarhreppi, með svipuðu fyrirkomulagi og í Bolungavík, og felur hreppsnefndinni að beita sér fyrir því við þing og stjórn, að það fáist sem fyrst.“

Fyrir því leyfum vér oss hér með að fara fram á, að hið háa Alþingi verði við þessum tilmælum hreppsbúa og stofni þegar á þessu ári sérstakt lögreglustjóraembætti í Ólafsfjarðarhreppi, og sé svo ákveðið, að lögreglustjórinn sé skyldur til að gegna störfum hreppsnefndaroddvita.

Ástæðan til, að þetta er fram komið, er sú, að með stækkun kauptúnsins verður alltaf meiri og meiri þörf á manni, sem hefir lögreglustjóravald; auk þess eru oddvitastörf sveitarinnar orðin allumfangsmikil, svo að erfitt er orðið að fá hæfa menn til að hafa starfið með höndum, þar sem það er, eins og kunnugt er, afarilla launað, svo menn standast ekki við að setja til baka aðra atvinnu þess vegna. En hjá því verður ekki komizt, ef ekki á að vanrækja þau störf, sem af hverjum oddvita verður að heimta.

Svipað mætti segja um hreppstjórastarfið.

Af því, sem þegar hefir verið tekið fram, treystum vér því, að hið háa Alþingi bregðist vel við máli þessu og stofni með lögum þegar á næsta þingi umbeðið lögreglustjóraembætti í Ólafsfjarðarhreppi.

F. h. hreppsnefndarinnar.

Þorv. Sigurðsson.

Til Alþingis, Reykjavík.

## Nd. 224. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu.

Frá Þorbergi Þorleifssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin setur á stofn skrifstofu í Reykjavík, sem hefir með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu fyrir innlenda og erlenda ferðamenn, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Skrifstofa þessi nefnist ferðamannaskrifstofa ríkisins.
2. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðunum „að veita“ komi: með fræðsluritum, útvarpserindum og á annan hátt.
   b. Fyrir orðið „því“ í lok greinarinnar komi: landinu.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Til þess að veita ferðamannaskrifstofu ríkisins forstöðu skal ráðinn maður með víðtæka þekkingu á landinu og kunnáttu í að minnsta kosti tveimur höfuðtungum álfunnar. Atvinnumálaráðherra ákveður laun hans og fær honum erindisbréf. Forstöðumaður skrifstofunnar ræður annað starfsfólk, eftir því sem ástæður krefjast. Laun fastráðinna starfsmanna

skulu ákveðin af ráðherra, að fengnum tillögum forstöðumanns skrifstofunnar.

4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Ferðamannaskrifstofa ríkisins hefir yfirumsjón með því, að ferðamönnum, innlendum og útlendum, sem þess óska, veitist hverskonar farbeini. Hún gerir samninga við skipafélög, bifreiðafélög eða eigendur bifreiða, hesteigendur, svo og umráðamenn annara farartækja, um flutninga á ferðamönnum og um fargjöld.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal stuðla að því í hvívetna að örva straum ferðamanna til landsins og um landið, til aukinna hagsmuna fyrir landsmenn. Jafnframt skal hún ávallt hafa gát á því, að viðskiptum landsmanna við ferðamenn sé í hóf stillt og að þau séu drengileg.

5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Til þess að standa straum af ferðamannaskrifstofu ríkisins skal taka gjald af ferðamönnum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Nú hrekkur ekki gjald það, sem þannig er tekið, til þess að standa straum af rekstri skrifstofunnar, og greiðir þá ríkissjóður það, sem til skortir. Tekjuafgangur, sem verða kann af rekstrinum, rennur í ríkissjóð.

6. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Atvinnumálaráðuneytið ákveður nánar í reglugerð um fyrirkomulag og rekstur ferðamannaskrifstofu ríkisins. Heimilt er í reglugerð að ákveða um hámarkstaxta á fargjöldum, svo og öðrum farbeina, ef ástæður krefjast. Í reglugerð skal ákveðið um fyrirkomulag og innheimtu gjalds af ferðamönnum samkv. 6. gr.

7. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frv. til laga um ferðamannaskrifstofu ríkisins.

## Ed. 225. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 frá 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Eftir að hafa kynnt sér ástæður þær, sem frv. er byggt á, leggur nefndin til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 27. okt. 1934.

| Ingvar Pálmason, | Jón A. Jónsson, | Sigurjón Á. Ólafsson, |
|---|---|---|
| form. | frsm. | fundaskr. |

## Ed. 226. Nefndarálit

um frv. til laga um að verja útflutningsgjaldi af síld til hlutaruppbótar sjómönnum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir athugað frv. og er sammála um efni þess og tilgang. Einn nefndarmanna (JAJ) er þó ekki samþykkur þeim ákvæðum frv., er greina, hvernig hlutaruppbótinni skuli úthlutað, og skilar því sérstöku nefndaráliti.

Meiri hlutinn telur, að ekki sé hægt að úthluta á annan veg en frv. greinir, án þess að rifta þeim ákvæðum, er sjómennirnir voru almennt ráðnir fyrir á síldveiðum síðastl. sumar, og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 27. okt. 1934.

| | |
|---|---|
| Ingvar Pálmason, form. | Sigurjón Á. Ólafsson, frsm., fundaskr. |

## Nd. 227. Frumvarp

til laga um að prestlaunasjóður skuli felldur niður og um innheimtu prestsgjalda.

Flm.: Jónas Guðmundsson, Jón Sigurðsson, Bjarni Bjarnason.

1. gr.

Prestlaunasjóður er felldur niður. Allt fé, er til sjóðs þessa skyldi falla, rennur framvegis til ríkissjóðs, sem launar prófasta og sóknarpresta þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Sýslumenn, bæjarfógetar og tollstjórinn í Reykjavík innheimta hin lögmæltu prestsgjöld og greiða í ríkissjóð, að frádregnum 6% fyrir innheimtuna.

Prestsgjald fellur í gjalddaga 1. apríl.

Sóknarnefndir ljúka innheimtu gjalda, sem fallin eru í gjalddaga.

Sóknarnefndir skulu senda hlutaðeigandi innheimtumanni, ekki síðar en í lok janúarmánaðar, skýrslur, eins og til þessa hafa verið gerðar, um gjaldskylda menn.

3. gr.

Ákvæði laga nr. 46, nr. 47 og nr. 50 frá 1907, og nr. 40 frá 1909, er ekki samrímast lögum þessum, taka viðeigandi breytingum, svo eru úr gildi numin önnur ákvæði, er fara í bága við lögin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

Greinargerð.

Á Alþingi 1933 var flutt samhljóða frumvarp og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Prestlaunasjóðurinn hefir í rauninni frá byrjun (1907) aldrei verið til nema á pappírnum. Ríkissjóður hefir alla tíð orðið að greiða meginið af því fé, er þurft hefir til launa handa prestunum, og það er nú sýnt, að ríkissjóður verður að halda þeim framlögum áfram. Kirkjujarðasjóður hefir jafnan orðið að greiða mikinn kostnað og óhjákvæmilegan vegna prestssetra og annara kirkjueigna, sem að öðrum kosti hefðu lent á ríkissjóðnum, auk þess sem sá sjóður á nú samkv. nýjum lögum að leggja fram vaxtalág lán til húsa á prestssetrum til móts við ríkissjóðsstyrk. Má því ekki vænta svo mikils fjár úr kirkjujarðasjóði eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Prestlaunasjóður getur því ekki haft þær tekjur, að hann gæti innt það hlutverk af hendi, er honum var ætlað í byrjun, og verður þá eigi séð, hvers vegna ætti að halda honum sem sérstökum sjóði. Slíkt væri fyrirhöfnin ein. Er því lagt til, að prestlaunasjóðurinn sé felldur niður og að allar tekjur hans renni í ríkissjóð.

Innheimtu prestsgjalda, sem hefir verið í höndum sóknarnefnda, þykir rétt að fela valdsmönnum þeim, er greinir í frumvarpinu. Þeir innheimta hvort sem er gjöld á öllum heimilum hvers umdæmis, og þeir hafa að öllu betri aðstöðu í þessum efnum en sóknarnefndirnar.

Vegna þess að tíminn er fullnaumur frá manntali til núverandi gjalddaga prestsgjalda (31. desember), þykir heppilegra að hafa gjalddagann 1. apríl.

Rétt hefir þótt að gera ráð fyrir, að valdsmenn þessir njóti þess hundraðshluta af gjöldunum, sem sóknarnefndir hafa notið til þessa.

## Ed. 228. Lög

um breyting á lögum nr. 44 10. nóv. 1913, um forðagæzlu.

(Afgreidd frá Ed. 27. okt.).

Samhljóða þskj. 61.

## Ed. 229. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild rannsóknarstofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni barst erindi frá Lyfsalafél. Íslands, þar sem farið er fram á, að frv. verði breytt allverulega. Erindi þetta sendi nefndin landlækni til umsagnar, en hann beindi því til formanns Rannsóknarstofu háskólans og óskaði umsagnar.

Hefir nefndinni nú borizt umsögn formanns rannsóknarstofunnar ásamt bréfi frá landlækni.

Ennfremur barst nefndinni erindi frá Lyffræðingafélagi Íslands, til landlæknis, um sama efni. Eru bréf þessi prentuð sem fylgiskjöl með áliti þessu.

Að öllum þessum gögnum athuguðum leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. okt. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurjón Á. Ólafsson, form. | Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm. | Pétur Magnússon. |

**Fylgiskjal I.**

LYFSALAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 17. október 1934.

Í tilefni af frumvarpi til laga um heimild rannsóknastofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar, vill Lyfsalafélag Íslands leyfa sér að koma fram með eftirfarandi athugasemdir.

Í 1. grein frumvarpsins er Rannsóknarstofu Háskólans veitt heimild til að láta úti og selja hverskonar bóluefni, blóðvetni (serum) og svipuð efni, er hún vinnur sjálf eða útvegar. Ennfremur er ráðherra heimilt að veita R. H. leyfi til að selja hverskonar lyf gegn sjúkdómum, er hún fæst við rannsóknir á.

Í 2. grein er gengið enn lengra, því samkvæmt henni getur ráðherra veitt öðrum ríkisrannsóknastofum leyfi til að láta úti lyf og lyfjavörur, er þær vinna sjálfar — sem þýðir, að þeim er veitt smásöluleyfi á sinni eigin framleiðslu.

Í greinargerðinni, sem fylgir frumvarpinu, er þess getið, að rannsóknastofur erlendis selji sjálfar framleiðsluvörur sínar.

Þetta er ekki nema að nokkru leyti rétt hvað bóluefni og blóðvetni snertir, þannig að þessum tveim tegundum er útbýtt ókeypis af stofnuninni, sem framleiðir þau, þar sem bólusetning og blóðvatnsinnsprautun er framkvæmd á ríkisins kostnað. Sú eina sala, sem á sér stað á þessum tegundum, er útflutningur til annara landa.

Hin staðhæfingin, að rannsóknastofur erlendis selji sjálfar lyfjaframleiðslu sína til neytenda, er röng. Öll lyf, hvort sem þau eru framleidd af rannsóknastofum ríkisins eða einkafyrirtækjum, eru seld fyrir milligöngu lyfjabúða.

Til frekari skýringar á nokkrum þeim ástæðum, sem liggja til grundvallar fyrir þessu, viljum vér benda á:

Að lyfsalastéttin hefir sérþekkingu á allri lyfjagerð, og að það tekur 5½ árs nám, að afloknu stúdentsprófi, að fullnuma sig í lyfjafræði. Starf lyfjafræðinga og lyfsala er ekki eingöngu falið í því, að framleiða lyf; þeir athuga einnig þau lyf, er aðrir framleiða, en þeir selja. Og í þessu sambandi er vert að geta þess, að það kemur fyrir, að lyfjafræðingar þurfa að eyðileggja lyf, sem að þeirra dómi reynast ekki nothæf. Ennfremur viljum vér benda á, að sú kvöð og skylda fylgir lyfjabúðum, að samrýma hvern þann lyfseðil, sem komið er með og beðið um afgreiðslu á, hvort það, sem á honum stendur, sé ekki lífshættu-

legt fyrir sjúklinginn, eða hvort samsetningin sé rétt. Það kemur oft fyrir, að lyfseðlar hafi verið leiðréttir með aðstoð lyfjafræðinganna, og þannig fyrirbyggð skökk samsetning og afhending lyfja. Þessi ákvæði og skyldur, sem hvíla á lyfjafræðingunum, eru sett til tryggingar fyrir almenning.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er þessari tryggingu kippt burtu. Þá getur ólyfjafrótt fólk fengið aðgang að því, að selja almenningi lyf, án þess að það sé því starfi vaxið. Og stríðir þetta á móti framþróun menningarinnar, að sérþekking við hvert starf fái ekki að njóta sín.

Lyfsalafélag Íslands hefir ekkert við það að athuga, þó R. H. eða aðrar rannsóknastofur ríkisins úthluti eða láti af hendi bóluefni og blóðvetni á sama hátt og á sér stað hjá „Statens Seruminstitut" í Kaupmannahöfn, en hinsvegar álítum vér, að frumvarpið ætti ekki að ná lengra.

Það er engum erfiðleikum bundið, að lyfjabúðir annist útlát lyfja og lyfjavara, sem framleidd eru af R. H. eða öðrum ríkisstofnunum; það yrði aðeins frekari trygging fyrir almenning. Hinsvegar sameinast það illa, að rannsóknastofa, sem er byggð og starfrækt með það fyrir augum, að annast rannsóknir, fari einnig að fást við verzlun. Eru þetta svo ólík störf, að þau sameinast illa í sömu húsakynnum, nema því aðeins, að húsakynni séu tvískipt og hver deild með sínu starfsfólki.

Í sambandi við lyfjasölu R. H. má benda á, að Rannsóknarstofan hefir síðastliðið ár bæði í ræðu og riti auglýst og selt ormaveikispillur (Tetrachlorkolefni) fyrir sauðfé, á 4 aura stk. Var þess getið í útvarpsræðum, að pillurnar væru seldar fyrir kostnaðarverð. Á sama tíma voru pillurnar (sem eru framleiddar erlendis, þar sem ekki er hægt að framleiða þær hér á landi) seldar í lyfjabúð á 2,5 aura stk., og það með álagningu. Nú í sumar og vetur hefir R. H. bæði í útvarpi og blöðum auglýst hið sama ormaveikislyf í lítratali á ýmist kr. 7.00 og kr. 7.50 pr. ltr., en samtímis er þetta selt í lyfjabúð á kr. 5.00 pr. ltr. Er þetta lítilsháttar sýnishorn af því, hversu heppilegt er, að rannsóknastofur fáist við lyfjasölu.

Í þessu sambandi er vert að benda á það verð, sem R. H. tekur fyrir 1 glas af bóluefni í 50 kindur; eru það kr. 4.00 pr. glas. Danska bóluefnið kostar hér á landi kr. 3.50 í 100 kindur, og er það þó dýrara að framleiða, þar sem það er duft, en íslenzka bóluefnið fljótandi. Sýnir þetta dæmi, sem hin fyrri, að hér er tekið hærra verð en góðu hófi gegnir, og er það að sjálfsögðu óréttmætt, að gera lyf, lyfjavörur og bóluefni dýrara en nauðsynlegt er, og það með aðstoð auglýsinga undir merki vísindalegra rannsókna.

Það er síður en svo, að það sé til baga fyrir rannsóknastofur ríkisins að skipta við lyfjabúðir landsins; þeim er það engu síður hagstætt en læknunum. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að lyfsalar safni öllum þeim skýrslum og gögnum, sem þarf í sambandi við hvern þann sjúkdóm, sem rannsóknar þarf við, og hlýtur það að vera miklu hentugra fyrir bændur landsins, að geta snúið sér til lyfjabúðanna, sem eru dreifðar út um landið, heldur en til einnar rannsóknastofu í Reykjavík.

Í greinargerðinni er þess getið, að hægast sé að leiðbeina um rétta notkun og fylgjast með um árangurinn, ef R. H. hafi söluréttinn. Þessi staðhæfing hefir

ekki við nein rök að styðjast, því öll þau lyf, sem lyfjabúðirnar láta úti, hafa leiðarvísi, sem segir til um notkun lyfjanna. Er því hér ekki um annað að ræða en það, sem ávallt hefir átt sér stað í lyfjabúðum. Sérhver læknir, sem ávísar lyfi, skrifar á lyfseðilinn leiðarvísi um, hvernig lyfið skuli nota. Þessi leiðarvísir er skrifaður utan á umbúðir lyfjanna á sérstaka þar til gerða miða.

Í þessu sambandi er ennfremur vert að geta þess, að erlendis er álitið sjálfsagt, að engin lyf séu afhent til almennrar notkunar, fyrr en full vissa er fengin um árangurinn, og eru alstaðar reknir sérstakir búgarðar í þessu skyni. Væri því réttara að nota þau bú, sem þegar eru ríkiseign, t. d. Hvanneyrarbúið og búið á Hólum, til þessara rannsókna, svo komizt verði hjá að gera tilraunir með bústofn einstakra bænda, ef til vill að þeim óafvitandi og með efasömum árangri.

Samkvæmt ofangreindum ástæðum viljum vér leyfa oss að fara þess á leit við háttvirta allsherjarnefnd efri deildar Alþingis, að hún vilji leggja til við háttvirta efri deild Alþingis, að R. H. og öðrum rannsóknastofum ríkisins verði aðeins veitt leyfi til þess að láta af hendi til almennings bóluefni og blóðvetni, en ekki réttur til þess að láta úti eða selja lyf eða lyfjavörur.

Virðingarfyllst.

Lyfsalafélag Íslands.

P. L. Mogensen,
formaður.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

**Fylgiskjal II.**

LYFFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS
L. F. Í.

Stjórn Lyffræðingafélags Íslands hefir borizt „frumvarp til laga um heimild rannsóknarstofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar".

Eins og heiti frumvarpsins ber með sér, er efalaust svo til ætlazt, að heimild sú, sem frumvarpið á að veita nefndum stofnunum þessum, sé aðeins bundin við sjálfstæðar rannsóknir þeirra og sölu þeirra lyfja, sem nauðsynlegar teljast í sambandi við þær rannsóknir.

Oss virðist samt sem orðalag 1. greinar frumvarpsins, síðari málsgrein, kunni að geta valdið misskilningi um þetta atriði, og að svo geti orðið álitið eftir núverandi orðalagi hennar, sem hún veitti rannsóknarstofnunum víðtækari réttindi til lyfjasölu en til er ætlazt, og að þá sé um leið gengið á rétt lyfjabúða, svo sem hann er nú ákveðinn, og því sé nauðsynlegt að breyta orðalagi þessarar greinar, svo síðar meir geti ekki orðið um deilt, hvað við sé átt.

Leyfum vér oss því hér með að benda yður, herra landlæknir, á það, hvort eigi væri heppilegra að orða síðari málsgrein 1. greinar t. d. þannig:

„Ráðherra er heimilt að veita Rannsóknarstofu Háskólans leyfi til að láta

úti og selja hverskonar lyf, er hún framleiðir sjálf gegn sjúkdómum, er hún fæst við sjálfstæðar rannsóknir á, og þau lyf önnur, er nauðsynleg kunna að teljast vegna sjálfstæðra rannsókna hennar".

Væntum vér, að þér, herra landlæknir, takið bendingar vorar um hér greint atriði til athugunar og breytið umræddri málsgrein þannig, að eigi geti síðar meir valdið misskilningi, hvað í ákvæðinu felist.

Virðingarfyllst.

f. h. Lyffræðingafélags Íslands.

Aksel Kristensen, formaður. G. Kaaber, ritari.

Landlæknirinn, Reykjavík.

**Fylgiskjal III.**

RANNSÓKNARSTOFA HÁSKÓLANS
(Pathological Laboratory University of Iceland).

Reykjavík, 22. okt. 1934.

Út af erindi Lyfsalafélags Íslands til efri deildar Alþingis, dags. 17. þ. m., sem þér hafið, herra landlæknir, sent mér til umsagnar með bréfi yðar dags. 19. þ. m., skal ég leyfa mér að gera eftirfarandi athugasemdir.

1. Stjórn lyfsalafélagsins fullyrðir, að sú staðhæfing sé röng, að rannsóknastofur erlendis selji framleiðslu sína beint til neytenda. Svo er að sjá, sem erlendis nái ekki út fyrir meira en Danmörku hjá lyfsölunum, og getur þetta þá verið rétt. Mér er kunnugt um þá stofnun, sem hingað til mun hafa framleitt einna mest af bráðapestarbóluefni, en það er Moredun Research Institute í Edinborg. Þessi stofnun er rekin af brezka ríkinu til að rannsaka húsdýrasjúkdóma, og þegar ég kom þangað sumarið 1929, sýndu þeir mér, hvernig þeir létu úti bráðapestarbóluefni beint til bændanna, alveg milliliðalaust. Á serumstofnuninni í Prag og Labpasteur í París, sem er framleiðsludeild Pasteurstofnunarinnar, eru sum lyf látin beint til neytenda.

Annars er næsta undarlegt, að lyfsalarnir skuli ekki hafa hreyft sig fyrr, og nú, þegar þeir fara að hreyfa sig, þá skuli andmæli þeirra fyrst snúast gegn Rannsóknastofu Háskólans. Síðan um aldamót hefir verið selt hér bráðapestarbóluefni af Magnúsi Einarssyni dýralækni, og, síðan hann dó, af ekkju hans, og hafa lyfsalarnir aldrei kvartað undan því.

Þó er engan veginn svo að skilja, að bráðapestarbóluefni okkar hafi ekki mátt ganga í gegnum lyfjabúðir. Sumir lyfsalar úti á landi hafa haft það til sölu, en við höfum þá jafnframt tryggt okkur, að ekki hafi verið lagt nema mjög lítið á það, og hafa þeir lyfsalar, sem selt hafa bóluefnið, gætt fyllsta hófs í því, svo

að undan því ber engan veginn að kvarta. En hér í Reykjavik hefi ég ekki álitið það neinn ávinning, hvorki fyrir framleiðendur né kaupendur, að bóluefni okkar gengi í gegnum lyfjabúðirnar. Til að gæta fyllstu varúðar, er skrifað nafn og heimilisfang hvers manns, sem bóluefni kaupir, og hvaða númer af því honum er afhent, til að við getum vitað, hvar hvert glas lendir, ef einhverjar misfellur skyldu koma í ljós á bóluefninu eftir að við höfum prófað það. Þessa öryggisráðstöfun tel ég betur komna í höndum okkar en annara, því að bóluefnið er ekkert vanalegt lyf, heldur gróður af lifandi sýklum, sem undir vissum kringumstæðum geta orðið mjög hættulegir.

Þá kvartar lyfsalafélagið um, að bóluefni okkar sé of dýrt og segir að það eigi að vera ódýrara en danska bóluefnið, sem er duft, en lögurinn hljóti að vera ódýrari. Mikil virðist sú þekking vera, sem á bak við þetta stendur. Auðvitað hafa lyfsalarnir ekki hugmynd um, hvernig þetta bóluefni er búið til, og sennilega ekki heldur það danska. En ég læt mér nægja að vísa til stéttarbræðra þeirra, Burroughs Wellcome í Englandi, sem framleiða bóluefni mjög svipað okkar bóluefni. Það bóluefni er lögur eins og okkar bóluefni, en skammturinn kostar ekki 8 aura eins og af okkar bóluefni, heldur 6 pence, eða ca. 56 aura í kindina. Þarna fá þó lyfsalarnir sjálfir að ákveða verðið.

2. Þá er R. H. borið á brýn, að hún okri á ormameðulunum, sem hún hefir selt til bænda. Í fyrra gerði ég tilraunir til að eyða ormum í sauðfé og komst að þeirri niðurstöðu, að tetraklórkolefni reyndist bezt til þess, og þótti vissast að gefa það í hylkjum.

Til að geta boðið bændum lyfið sem ódýrast, leitaði ég fyrir mér um verð á þessum lyfjum erlendis hjá stórum og áreiðanlegum lyfjaframleiðendum og fékk lægsta tilboðið hjá stærsta og þekktasta lyfjaframleiðslufirma Englands, nl. 22 sh. pr. 1000 hylki, ef a. m. k. 100000 hylki væru keypt í einu. Þessi hylki voru seld í enskum lyfjabúðum á 6 sh. 6d 100 stk., eða rúma 7 aura stk. Hér seldum við á 3 aura stykkið, ef 1000 voru keypt, en 4 aura, ef telja þyrfti úr kössunum. Ég skal geta þess, að ég spurði einn lyfsala þessa bæjar, sem var nýkominn úr utanför og hafði einmitt kynnt sér verð á samskonar hylkjum erlendis, hvað hann héldi, að hann gæti selt slík hylki á. Hann hélt, að hann gæti selt þau á ca. 10 aura stykkið.

Þó að einn lyfsali hér í bænum hafi selt svipuð hylki á 2½ aura eftir að við byrjuðum að selja okkar, þá hefi ég fyllstu ástæðu til að efast um, að sú sala hafi borgað sig, hvað þá gefið ábata, þó að ég eigi hinsvegar hálfbágt með að trúa, að verðið hafi verið sett svona lágt af hreinum mannkærleika.

3. Viðvíkjandi ormalyfjasölu okkar, sem nú fer í hönd, er þetta að segja: Meðal það, sem við ráðleggjum, er eitur, sem verkar skaðlega á lifur skepnunnar, og er mikið undir því komið, að lyfið sé nógu hreint. Tetraklórkolefni apótekanna er, eftir upplýsingum formanns lyfsalafélagsins, venjuleg verzlunarvara, en ekki sérstaklega hreinsað, eins og það lyf, sem við látum úti, til að hafa sem fyllsta tryggingu fyrir, að lyfið skaði ekki. Þetta hreinsaða tetraklórkolefni er næstum því tvöfalt dýrara en hin venjulega verzlunarvara, kostar á verðlista firma þess, sem við skiptum við, 13/8 pr. 4 kg., þar sem hitt kostar aðeins 7/9. Annars er ormalyf R. H. alls ekki sama lyfið og það, sem lyfjabúðin hér

hefir látið úti, því að saman við tetraklórkolefni okkar er annað lyf, sem lengir verkun þess og bætir.

Þá segir í erindi lyfsalafélagsins, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að lyfjabúðir safni öllum þeim skýrslum og gögnum í sambandi við hvern þann sjúkdóm, sem rannsóknar þarf við. Þar til er því að svara, að maður hlýtur að fá miklu fyllri upplýsingar, þegar bændurnir skipta beint við R. H., koma hingað sjálfir, svo að maður getur talað við þá, enda mjög oft svo, að þeir æskja að fá að tala við mig, til að fá ýmsar upplýsingar, sem lyfsalinn mundi sjaldnast geta gefið þeim. Þegar þeir skrifa pantanir sínar, geta þeir oft um árangurinn, en ekki er víst, að þeir gerðu það eins, ef þeir skiptu við lyfsalana, sem þeir vita, að hafa litla þekkingu á viðkomandi sjúkdómum. Yfirleitt tel ég einmitt mikilsvert, að öll sala á þeim lyfjum, sem hér er um að ræða, sé í einni hendi, svo að maður geti fylgzt sem bezt með árangrinum, og einmitt vegna þess, að þá er hægast að dæma um lyfjaþörfina og haga innkaupum eftir því, heldur en ef hver lyfjabúð ætti að panta fyrir sig, en sérstaklega er þó með því fengin trygging fyrir því, að lyfin séu nógu hrein og góð. Auk þess er enginn efi á því, hvað sem lyfsalarnir segja, að við fáum lyfin ódýrari fyrir það, hvað við getum pantað þau í stórum stíl (nú t. d. 1800 lítra af ormalyfi í einu) og látum þau úti ódýrari en lyfsalarnir mundu geta látið jafngóða vöru.

Það, sem sagt er um tilraunastarfsemi R. H., tel ég ekki koma lyfsölunum við. Þó skal ég geta þess, að aldrei er hægt að fullprófa lyf á einum eða tveimur búgörðum, þegar lyfið á að nota handa öllum sauðfjárstofni landsins. Aðstæður geta verið mismunandi, féð mismunandi þolið, eftir því hvar er á landinu, og er margreynt, að töluverður munur er á þessu.

Dálítið einkennileg, svo ekki sé dýpra tekið í árinni, er staðhæfing lyfsalanna um, að lagafrv. það, sem um er rætt, heimili ólyfjafróðu fólki að selja almenningi lyf, án þess að það sé því starfi vaxið, og að þetta stríði á móti framþróun menningarinnar. Úr því að lyfsalarnir hafa vitað svona miklu meira um þessi lyf heldur en við, því hafa þeir þá ekki selt þau fyrir löngu gegn ormaveikinni? Því byrja þeir fyrst á að selja þau þegar ég ráðlegg þau? Hvers vegna verða þeir, sem keypt hafa ormalyf í lyfjabúð hér, alltaf að koma til mín til að fá leiðbeiningar? Hvers vegna getur lyfsalinn engan leiðarvísi gefið um notkunina? Veit ekkert, hvernig á að nota lyfið, ekkert annað en það, sem ég hefi sagt í blöðum og útvarpi. Og af þessu draga lyfsalarnir svo þá ályktun, að fáfræði **okkar** geti orðið hvorki meira né minna en hindrun fyrir framþróun menningarinnar.

Samkvæmt þessu, sem ég hefi hér tekið fram, vil ég leyfa mér að halda fast við ákvæði áðurnefnds frumvarps til laga um heimild rannsóknastofunnar til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar.

Fylgiskjölin, 3 að tölu, endursendast hér með.

Niels Dungal.

**Fylgiskjal IV.**

LANDLÆKNIRINN

Reykjavík, 23. okt. 1934.

Erindi yðar, dags. 19. þ. m., viðvíkjandi frumvarpi um heimild rannsóknarstofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar, hefi ég beint til forstöðumanns Rannsóknastofu Háskólans til umsagnar, er hann hefir látið mér í té í bréfi, dags. 22. þ. m., og hér fylgir með í afriti.

Hefi ég litlu sem engu við þá umsögn að bæta.

Ég vil aðeins geta þess, að Lyffræðingafélagi Íslands stendur ekki annar eins ótti af frumvarpinu og lyfsölunum, svo sem sjá má af bréfi, dags. 16. þ. m., er það hefir ritað mér því viðvíkjandi og hér fylgir með í afriti. Breytingartillaga lyffræðinganna er þó alveg þýðingarlaus og getur jafnvel orðið villandi. Hvað eru „sjálfstæðar" og hvað „ósjálfstæðar" rannsóknir? Ég legg þess vegna á móti því, að hún verði tekin til greina.

Um verð það, er Rannsóknastofan setur á vörur sínar, er það að segja, að hver eyrir að frádregnum kostnaði rennur til hennar sjálfrar sem ríkisstofnunar. Ríkisstjórnin hefir og jafnan í sinni hendi að ákveða verðið, og ef Alþingi kynni að þóknast að láta útbýta varnarlyfjum eða læknislyfjum ókeypis, sem að vísu gæti verið ákjósanlegt í ýmsum tilfellum, er Rannsóknastofan trygging fyrir því, að ríkisstjórnin geti fengið það gert við kostnaðarverði.

Vilm. Jónsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

## Ed. 230. Frumvarp

til laga um bráðabirgðaútflutningsskýrslur.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fiskifélag Íslands skal safna skýrslum um útflutning á allskonar sjávarafurðum.

2. gr.

Fiskifélagið gefur út á mánuði hverjum skýrslur um útflutninginn; nær skýrslugerð þessi aðeins til magns vörunnar, nema öðruvísi sé ákveðið. Á skýrslum þessum skal tilgreina, hvert varan er flutt.

Félagið skal samtímis birta yfirlit um fiskbirgðir í landinu.

3. gr.

Til skýrslugerðarinnar skal afla þeirra gagna, sem hér segir:

*Saltfiskur, verkaður og óverkaður, og hertur fiskur.*

Yfirfiskimatsmenn skulu afhenda Fiskifélaginu afrit af hverju farmskírteini fiskjar, sem matsmaður hefir ritað á vottorð. Þessi afrit skulu þeir senda með fyrstu ferð og jafnframt fela undirmatsmönnum, sem undirskrifa í umboði þeirra, að gera hið sama.

Á afriti farmskírteinis skal tilgreina ákvörðunarstað vörunnar. Ef hann er ekki tilgreindur, skal sendandi tilkynna félaginu svo fljótt sem unnt er, hver viðtökustaðurinn varð.

*Ísfiskur, ísuð síld og ísuð hrogn:*

Útflytjendur skulu, svo fljótt sem unnt er, afhenda félaginu afrit af sölureikningi með tilgreindu vörumagni og verði.

Á reikningnum skal tilgreina þann þunga, sem tilkynntur er þeirri stofnun, sem fjallar um innflutningsskýrslur í hlutaðeigandi landi.

Til bráðabirgða skulu útflytjendur láta umboðsmenn sína erlendis síma Fiskifélaginu magn aflans þegar er salan hefir farið fram, frá Bretlandi það magn í enskum vættum (cwts.), sem tilkynnt er fiskimálaráðuneyti þar, en frá öðrum löndum þunga, talinn í kg.

Nú er varan seld beint af framleiðendum í erlend skip, sem kaupa fyrir eiginn reikning, og skulu þá umboðsmenn hins erlenda skips gefa skýrslu um vörumagn og verð, sundurliðaða á þann hátt, sem félagið fyrirskipar.

Af öllum öðrum sjávarafurðum eða vörum, sem að nokkru eða öllu leyti eru unnar úr þeim, skal lögreglustjóri á útflutningsstaðnum halda eftir einu eintaki af útflutningsskýrslu um vöruna og senda Fiskifélaginu með fyrstu ferð.

4. gr.

Nú er ákvörðunarstaður vörunnar ekki nægilega ákveðinn eða upplýsingar þær, sem í farmskírteininu felast, ekki fullnægjandi, og getur þá Fiskifélagið krafið útflytjandann um frekari upplýsingar, og skal honum skylt að láta þær í té, að svo miklu leyti sem hann getur.

5. gr.

Nú þarf Fiskifélagið að safna upplýsingum um birgðir, sem til eru í landinu af einhverjum þeim afurðum, er um getur í 1. gr., og skal þá eiganda eða umráðamanni vörunnar skylt að láta félaginu eða umboðsmönnum þess í té, svo fljótt sem auðið er, skýrslur um þær birgðir, sem hann hefir umráð yfir.

6. gr.

Fiskifélaginu er skylt að láta útgerðarmönnum, bönkum og kaupsýslumönnum í té vitneskju um útflutning og birgðir af vörum þeim, sem það safnar skýrslum um. Þó skal það ekki gefa upplýsingar um útflutning eða birgðir einstakra manna eða félaga, nema með leyfi þeirra eða eftir dómsúrskurði.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið með reglugerð, að skýrslur þær, sem um ræðir í lögum þessum, skuli einnig ná til verðmætis vörunnar, og einnig sett nánari ákvæði um framkvæmdir laga þessara, ef þurfa þykir.

8. gr.

Gefi nokkur vísvitandi ranga skýrslu, skal hann sæta refsingu samkv. 156. gr. alm. hegningarlaga frá 1869.

Tregðist nokkur við að láta í té skýrslu, sem Fiskifélagið hefir krafið um, setur félagið honum hæfilegan frest til þess að hafa skilað skýrslunni, en að frestinum liðnum má þröngva honum til þess með dagsektum, 20—100 kr. á dag.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 1. mgr. 8. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Mál út af öðrum brotum á lögum þessum skulu sæta meðferð sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 231. Breytingartillögur

við frv. til l. um bráðabirgðaútflutningsskýrslur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 7. gr. Fyrir „framkvæmdir“ kemur: framkvæmd.
2. Við 8. gr. Eftir „20—100 kr. á dag“ kemur: og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í bréfi til hlutaðeiganda.
3. Við 9. gr. Fyrir „sæta meðferð“ á síðari staðnum kemur: rekin.

## Ed. 232. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 212 [Varðskip].

Frá Pétri Magnússyni.

Tillgr. orðist þannig:

Þeim mönnum, er ráðnir hafa verið til starfa á varðskipunum, skal þó tryggð vinna á þeim til loka ráðningartímans, enda noti ríkið skipin til landhelgisgæzlu eða björgunarstarfsemi.

## Nd. 233. Frumvarp

til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Varðskip landsins skulu eiga heima í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Skipverjar allir skulu vera

slysatryggðir á kostnað ríkissjóðs, eftir sömu reglum og gilda um slysatryggingu hjá Eimskipafélagi Íslands.

2. gr.

Skipstjórar varðskipanna og stýrimenn eru löggæzlumenn Íslands á landhelgisvæðinu og þeim hafhlutum, er með lögum kunna að vera sérstaklega friðaðir fyrir togaraveiðum.

3. gr.

Dómsmálaráðherra gerir starfssamning við skipstjóra til allt að 6 ára í senn, en skipstjóri gerir samninga í umboði útgerðarstjórnar skipanna við stýrimenn, vélstjóra, kyndara og aðra starfsmenn, er vinna í vél, bryta, matsveina, þjóna, loftskeytamenn, háseta og kafara, samkv. ákvæðum 6. gr. Í samningi má setja ákvæði um uppsagnarfrest fyrir hvorn samningsaðila. Þeim mönnum, er ráðnir hafa verið til starfa á varðskipunum, skal þó tryggð vinna á þeim til loka ráðningartímans, enda noti ríkið skipin til landhelgisgæzlu eða björgunarstarfsemi.

Ráðherra getur vikið skipstjóra frá starfi án fyrirvara, eftir sömu reglum og embættismönnum úr embætti. Slíkur brottrekstur fellur þó úr gildi, ef meiri hluti sjávarútvegsnefnda beggja deilda Alþingis á sameiginlegum fundi mótmælir brottrekstrinum á næsta þingi eftir brottvísun.

4. gr.

Í samráði við útgerðarstjórn skipanna ræður yfirvélameistari aðra vélstjóra, kyndara og aðra starfsmenn í vél, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins.

Um þá starfssamninga, er skipstjóri gerir við skipverja, gilda uppsagnarfrestir frá beggja hálfu samkvæmt ákvæðum sjómannalaganna, nema öðruvísi sé ákveðið í starfs- eða kaupsamningi.

5. gr.

Skipstjórum og stýrimönnum á varðskipunum skal skylt að kenna hásetum, er á varðskipunum vinna, verklega sjómennsku, eftir því sem nánar kann að verða ákveðið í reglugerð. Dómsmálaráðuneytinu er heimilt að semja reglugerð um skyldur og störf skipverja á varðskipunum með tilliti til sérstöðu þeirra á sjónum, enda komi sú reglugerð ekki í bága við ákvæði sjómannalaganna. Skipverjar mega ekki taka þátt í neinskonar kaupdeilum.

6. gr.

Skipstjóri á varðskipi skal hafa laun eftir sömu reglum og skipstjóri á strandferðaskipum ríkissjóðs, að undanskilinni strandferðauppbót, nema öðruvísi verði ákveðið í launalögum.

Kaupgreiðslur og kjör til fullgildra háseta, kafara, viðvaninga, óvaninga, kyndara, mótormanna, smyrjara, rafmagnsmanna, bryta, matsveina, þjóna, loftskeytamanna, stýrimanna og vélstjóra séu í samræmi við slíkar greiðslur á strandferðaskipum ríkissjóðs, að undanskilinni strandferðauppbót stýrimanna og vélstjóra. Kaupgreiðslur og kjör á skipum þeim, er ríkið leigir til landhelgigæzlu, skulu ákveðin með samningum við hlutaðeigendur.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að búa varðskipin björgunartækjum, eftir því sem ástæða þykir til, og verja til þess fé úr landhelgisjóði eða ríkissjóði. Skip, sem er búið björgunartækjum til hjálpar strönduðum skipum, skal hafa kafara, einn eða fleiri, eftir ástæðum.

8. gr.

Nú fær varðskip laun fyrir björgun, og greiðast þá fyrst af björgunarlaununum öll útgjöld vegna björgunar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður varðskipsins, en af afganginum falla 25% til skipshafnar varðskipsins, og skiptist féð milli skipverja í réttu hlutfalli við mánaðartekjur hvers þeirra. Þó skal greiða ákveðna upphæð af hluta skipshafnar, að dómi skipstjóra, til þeirra manna, er mest hafa lagt sig í hættu við björgunina, áður en skipti fara fram. Að öðru leyti renna björgunarlaun í landhelgisjóð.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 7. maí 1928 og lög nr. 38 23. júní 1932, svo og önnur eldri lög og fyrirmæli, er kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga, þar með talin skipunarbréf, er byggjast á ákvæðum þeirra.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

## Nd. 234. Frumvarp

til laga um matsstjóra.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar matsstjóra, er hafi á hendi yfirstjórn alls fiskimats á landinu.

Matsstjóri skal hafa fullkomna þekkingu á meðferð fiskjar, allt frá því hann er veiddur og þar til hann er fullverkaður til útflutnings.

Matsstjóri skal hafa vakandi auga á öllum nýjungum á sviði fiskimatsins. Ber honum að ferðast árlega til aðalneyzlulandanna í því skyni að kynna sér kröfur neytenda.

Matsstjóri efnir til fundarhalda með yfirfiskimatsmönnum svo oft sem þurfa þykir. Skal hann skýra þeim frá nýjum kröfum neytenda og setja þeim reglur um fiskimatið. Skylt er öllum fiskimatsmönnum og yfirfiskimatsmönnum að hlýða fyrirskipunum matsstjóra að því er starf þeirra snertir. Skal matsstjóri ferðast um landið og hafa eftirlit með allri framkvæmd matsins.

Matsstjóri sker úr öllum ágreiningi, er snertir fiskimatið.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra setur matsstjóra erindisbréf.

3. gr.

Matsstjóri skal hafa 8000 kr. í árslaun, auk dýrtíðaruppbótar. Laun hans greiðast úr ríkissjóði.

Ferðakostnaður matsstjóra greiðist úr ríkissjóði samkvæmt reikningi, er atvinnumálaráðherra úrskurðar, svo og skrifstofukostnaður matsstjóra, ef hann að dómi ráðherra er óhjákvæmilegur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 235. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Við getum ekki fallizt á það, að fært sé að fella niður tollívilnun þá, sem veitt er innlendum iðnaðarfyrirtækjum í 3. gr. greindra laga og l. nr. 42 8. sept. 1931. Við lítum svo á, að ákvæði nefndra laga verði að skilja þannig, að jafnframt því sem þessi ívilnun var ákveðin, hafi verið gefið loforð um, að hún skyldi haldast óbreytt til ársloka 1935, og var þá ekki aðeins ósæmilegt að gera nokkra breytingu á þessu fyrir þann tíma, heldur einnig vafasamt, að það fengi staðizt. Hér við bætist svo, að það má telja alveg fullvíst, að sú tollhækkun á innlendri framleiðslu, sem af þessu mundi leiða, hefði þær afleiðingar, að innlenda framleiðslan minnkaði, en að innflutningur færi að sama skapi vaxandi á erlendum vörum, sem komið gæti í stað innlendu vörunnar. Nægir í þessu sambandi að benda á kaffibæti og kaffi, öl og aðfluttar drykkjarvörur. Og verður þá ekki hjá því komizt að vekja alveg sérstaka athygli á því, hvílík fásinna það er, að hækka að miklum mun framleiðslutollinn á kaffibætinum, sem framleiddur er í landinu, en samtímis, með niðurfelling gengisviðauka á kaffitollinum, að lækka innflutningstoll á kaffibaunum og hvetja þannig til óþarfa innflutnings og gjaldeyriseyðslu.

Alþingi, 27. okt. 1934.

Ólafur Thors. Jakob Möller,
fundaskr., frsm.

## Nd. 236. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 192 [Gjald af innlendum tollvörutegundum].

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. tölul. brtt. skal orða svo:
Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:
Á eftir orðinu „kaffibætir“ í c-lið 2. gr. laganna komi: ⅖ aðflutningsgjalds.

## Nd. 237. Breytingartillögur

við frumv. til l. um matsstjóra.

Frá Sigfúsi Jónssyni og Gísla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Við 1. málslið 1. gr. bætist: Matsstjóri skal jafnframt gegna yfirfiskimatsmannsstörfum í einu umdæmi.
   b. Orðin „Ber honum að ferðast árlega til aðalneyzlulandanna í því skyni að kynna sér kröfur neytenda“, falli burt.
2. Við 3. gr. Í stað „8000 kr. í árslaun með dýrtíðaruppbót“ komi: 6000 kr. í árslaun.
3. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um fiskimatsstjóra.

## Nd. 238. Frumvarp

til laga um fyrning verzlunarskulda og um vaxtatöku af verzlunarskuldum.

Flm.: Gísli Sveinsson, Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Þorbergur Þorleifsson.

1. gr.

Verzlunarskuldir, þ. e. skuldir, sem stafa af úttekt í búðum og verzlunum, fyrnast á 2 árum, og eins þótt þær séu viðurkenndar og samningur um þær gerður, eða viðskiptum haldið áfram milli kaupanda og seljanda.

Fyrningarfrestur telst frá áramótum næstu á eftir að verzlunarskuld var stofnuð.

2. gr.

Bannað er að reikna vexti af skuldum þeim, er 1. gr. ræðir um, og er samningur um vaxtatöku af þeim ógildur.

3. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. gilda einnig um þær verzlunarskuldir, eða kröfur út af skuldum fyrir úttekt, sem þegar eru stofnaðar, nema seljandi og kaupandi hafi gert upp viðskipti sín og samið um þau skriflega fyrir 1. janúar 1936, en eigi má þó reikna eða semja um vexti af þeim skuldum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1935, og eru frá sama tíma úr gildi felld ákvæði laga nr. 14 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfuréttinda, að því er tekur til verzlunarskulda, svo og ákvæði 38. gr. laga nr. 39 19. júní 1922, um lausafjárkaup, er snerta vexti af verzlunarskuldum.

### Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á aukaþinginu í fyrra, og var þá í greinargerð við það komizt svo að orði: „Verzlunarskuldirnar eru orðnar þjóðarböl. Nú má gera

ráð fyrir, að hreinsað verði að nokkru til um skuldir bænda með tilstyrk Kreppulánasjóðs, og er þá hin mesta nauðsyn að láta ekki fara í sama farið aftur, heldur reisa nokkrar skorður við því. Að því miðar þetta frv.“ — — — Þessi rök eru enn í fullu gildi, enda hefir málið síðan hlotið stuðning manna víðsvegar um landið og almennur bændafundur í Rvík á síðastl. vetri hallaðist eindregið að frv., með þeirri breytingu einni, að fyrningartíminn yrði tvö ár í stað eins, svo sem nú er lagt til að verði.

Af framkvæmd þessa máls ætti það að fljóta sem óhjákvæmilegt atriði, að hafizt yrði í alvöru handa um stofnun rekstrarlánafélaga úti um héruðin, svo að viðskipti almennings verði rekin á heilbrigðum grundvelli, sem mjög hefir skort á undanfarna áratugi.

Nánar í framsögu.

## Nd. 239. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

Flm.: Gísli Sveinsson, Jón Sigurðsson, Guðbr. Ísberg.

1. gr.

Í stað orðanna „2 krónum“ í 14. gr. téðra laga komi: 1 krónu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og tekur ákvæði þeirra einnig til gjalds sýslu- og bæjarfélaga fyrir árið 1934.

Greinargerð.

Með lögum nr. 43 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, var svo ákveðið í 14. gr., um kostnaðinn við berklaveika á sjúkrahúsum landsins, að héruðin greiddu hann allt að $^2/_5$, en ríkið að $^3/_5$ hlutum. Með lögum nr. 44 20. júní 1923 var bætt við þessa grein því ákvæði, að ef útgjöld sýslu- eða bæjarfélags til þessa yrðu á einhverju ári meiri en 2 kr. á hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu, skyldi ríkissjóður endurgreiða mismuninn. Loks var með lögum nr. 42 31. maí 1927 gerð sú gagnbreyting á þessu fyrirkomulagi, að allur berklakostnaður skyldi greiddur úr ríkissjóði, en hvert sýslu- og bæjarfélag greiddi þó upp í þann kostnað gjald til ríkissjóðs, er „nemi 2 krónum fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu“, eins og það er orðað, — en ef það gjald færi fram úr $^2/_5$ kostnaðar við sjúklinga hlutaðeigandi héraðs, skyldi endurgreitt úr ríkissjóði það, er umfram var, ákvæði, sem aftur var kippt burtu með l. nr. 46 23. júní 1932, svo að nú standa héruðin með gjaldið eitt, án nokkurrar vonar um nokkra endurgreiðslu. — Þannig eru þá að þessu leyti orðin ákvæði 14. gr. berklavarnalaganna, sem í heild sinni teljast nú vera frá 1929.

Þetta afdráttarlausa gjald, upphæð tvöföld við íbúatöluna, hefir orðið héruðunum næsta þungbært, enda er það, að segja má, hæsti fastagjaldaliðurinn hjá öllum sýslufélögum landsins, enda skiptir það mörgum þús. kr. á ári hjá meðal-

stórum sýslum. Með dýrtíð og þar af leiðandi sveitarþyngslum, verður brátt ekki undir þessu gjaldi risið, því að, eins og kunnugt er, verða hrepparnir að standast allan kostnað sýslufélags hvers, og er ekki um neina tekjustofna þar að ræða aðra en þennan eina: að leggja á mannfólkið „eftir efnum og ástæðum“, sem með hækkandi gjöldum til ríkissjóðs á alla vegu verður allsendis ófullnægjandi tekjuöflunarleið; sumir hreppar eru og alveg að gefast upp og verða gjaldþrota.

Nú er ekki líklegt, að sveitar- eða sýslufélögunum verði í bráð séð fyrir nýjum tekjustofnum, og hinsvegar má áfram gera ráð fyrir, að byrðar þeirra aukist á ýmsa lund, svo að til einhvers ráðs þarf að grípa. Í sjálfu sér voru það frá byrjun ólög, að demba berklakostnaðinum á þennan hátt á héruðin, og ætti því helzt að fella gjaldið allt burtu. En flm. frv. þessa hafa þó eftir atvikum eigi talið rétt að fara þá leið um sinn, heldur „meðalveginn“, að lækka gjaldið um helming (úr 2 kr. í 1 kr.), og má það a. m. k. sanngjarnt þykja.

## Nd. 240. Breytingartillögur

við frv. til laga um matsstjóra.

Frá Jóni Ólafssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrsta málsgr. orðist svo:
      Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa matsstjóra, er hafi á hendi yfirstjórn fiskimats á landinu, eða að fela fiskifulltrúa Íslands á Spáni yfirstjórn fiskimatsins, enda dvelji fiskifulltrúinn þá svo lengi hér á landi á ári hverju sem nauðsyn þykir til fundarhalda með fiskimatsmönnum og eftirlitsferða. Nú verður fiskifulltrúanum falin matsstjórnin, og greiðist þá aukakostnaður hans vegna þess starfs úr ríkissjóði, sbr. 3. gr.
   b. Síðasta málsgr. orðist svo:
      Atvinnumálaráðherra setur reglur um fiskimat, að fengnum tillögum matsstjóra og yfirfiskimatsmanna. Matsstjóri sker úr öllum ágreiningi um fiskimat, en í forföllum hans yfirfiskimatsmaðurinn í Suðurlandsumdæminu.
2. Við 3. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Ef sérstakur matsstjóri er skipaður, skal hann hafa 8000 kr. í árslaun, auk dýrtíðaruppbótar. Launin greiðist úr ríkissjóði.

## Nd. 241. Frumvarp

til laga um bráðabirgðaútflutningsskýrslur.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Fiskifélag Íslands skal safna skýrslum um útflutning á allskonar sjávarafurðum.

2. gr.

Fiskifélagið gefur út á mánuði hverjum skýrslur um útflutninginn; nær skýrslugerð þessi aðeins til magns vörunnar, nema öðruvísi sé ákveðið. Á skýrslum þessum skal tilgreina, hvert varan er flutt.

Félagið skal samtímis birta yfirlit um fiskbirgðir í landinu.

3. gr.

Til skýrslugerðarinnar skal afla þeirra gagna, sem hér segir:

*Saltfiskur, verkaður og óverkaður, og hertur fiskur.*

Yfirfiskimatsmenn skulu afhenda Fiskifélaginu afrit af hverju farmskírteini fiskjar, sem matsmaður hefir ritað á vottorð. Þessi afrit skulu þeir senda með fyrstu ferð og jafnframt fela undirmatsmönnum, sem undirskrifa í umboði þeirra, að gera hið sama.

Á afriti farmskírteinis skal tilgreina ákvörðunarstað vörunnar. Ef hann er ekki tilgreindur, skal sendandi tilkynna félaginu svo fljótt sem unnt er, hver viðtökustaðurinn varð.

*Ísfiskur, ísuð síld og ísuð hrogn:*

Útflytjendur skulu, svo fljótt sem unnt er, afhenda félaginu afrit af sölureikningi með tilgreindu vörumagni og verði.

Á reikningnum skal tilgreina þann þunga, sem tilkynntur er þeirri stofnun, sem fjallar um innflutningsskýrslur í hlutaðeigandi landi.

Til bráðabirgða skulu útflytjendur láta umboðsmenn sína erlendis síma Fiskifélaginu magn aflans þegar er salan hefir farið fram, frá Bretlandi það magn í enskum vættum (cwts.), sem tilkynnt er fiskimálaráðuneyti þar, en frá öðrum löndum þunga, talinn í kg.

Nú er varan seld beint af framleiðendum í erlend skip, sem kaupa fyrir eiginn reikning, og skulu þá umboðsmenn hins erlenda skips gefa skýrslu um vörumagn og verð, sundurliðaða á þann hátt, sem félagið fyrirskipar.

Af öllum öðrum sjávarafurðum eða vörum, sem að nokkru eða öllu leyti eru unnar úr þeim, skal lögreglustjóri á útflutningsstaðnum halda eftir einu eintaki af útflutningsskýrslu um vöruna og senda Fiskifélaginu með fyrstu ferð.

4. gr.

Nú er ákvörðunarstaður vörunnar ekki nægilega ákveðinn eða upplýsingar þær, sem í farmskírteininu felast, ekki fullnægjandi, og getur þá Fiskifélagið krafið útflytjandann um frekari upplýsingar, og skal honum skylt að láta þær í té, að svo miklu leyti sem hann getur.

5. gr.

Nú þarf Fiskifélagið að safna upplýsingum um birgðir, sem til eru í landinu af einhverjum þeim afurðum, er um getur í 1. gr., og skal þá eiganda eða umráðamanni vörunnar skylt að láta félaginu eða umboðsmönnum þess í té, svo fljótt sem auðið er, skýrslur um þær birgðir, sem hann hefir umráð yfir.

6. gr.

Fiskifélaginu er skylt að láta útgerðarmönnum, bönkum og kaupsýslumönnum í té vitneskju um útflutning og birgðir af vörum þeim, sem það safnar skýrslum um. Þó skal það ekki gefa upplýsingar um útflutning eða birgðir einstakra manna eða félaga, nema með leyfi þeirra eða eftir dómsúrskurði.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið með reglugerð, að skýrslur þær, sem um ræðir í lögum þessum, skuli einnig ná til verðmætis vörunnar, og einnig sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, ef þurfa þykir.

8. gr.

Gefi nokkur vísvitandi ranga skýrslu, skal hann sæta refsingu samkv. 156. gr. alm. hegningarlaga frá 1869.

Tregðist nokkur við að láta í té skýrslu, sem Fiskifélagið hefir krafið um, setur félagið honum hæfilegan frest til þess að hafa skilað skýrslunni, en að frestinum liðnum má þröngva honum til þess með dagsektum, 20—100 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í bréfi til hlutaðeiganda.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 1. mgr. 8. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Mál út af öðrum brotum á lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 242. Lög

um breyting á lögum nr. 15 25. jan. 1934, um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 29. okt.).

Samhljóða þskj. 25.

## Nd. 243. Frumvarp

til laga um afnám l. nr. 31 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og l. nr. 50 16. okt. 1907, um sölu kirkjujarða.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Bergur Jónsson, Páll Zóphóníasson, Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

Lög nr. 31 20. október 1905, um sölu þjóðjarða, og lög nr. 50 16. október 1907, um sölu kirkjujarða, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögunum 1905 og 1907 er ráðherra veitt heimild til að selja ábúendum þjóðjarðir og kirkjujarðir, með vissum takmörkunum. Mun vart orka tvímælis lengur, að lög þessi hafa ekki náð tilgangi sínum, en orðið til mikils ógagns. Þrátt fyrir það, að fjöldi opinberra jarðeigna hefir verið seldur einstökum mönnum fyrir sáralítið verð, er helmingur bænda í landinu enn leiguliðar, en hið lága verð opinberu jarðeignanna hefir aðeins komið fyrstu kaupendum þeirra að liði. Er því fyllilega tímabært að hætta nú þegar allri sölu opinberra jarða og nema söluheimildina úr lögum. Að sjálfsögðu á þá einnig að setja á þessu eða næsta þingi löggjöf um ábúð þeirra, er tryggi ábúendum full not jarðanna og arðs af umbótum á þeim.

## Nd. 244. Breytingartillögur

við frv. til laga um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá Sigurði Einarssyni.

1. Við 6. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:
   Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem hagnýtir sér útvarp ríkisins, skal greiða til þess árlegt afnotagjald.
2. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Heimilt er í reglugerð að ákveða um undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af útvarpi, eftir reglum, sem kennslumálaráðherra setur.

## Nd. 245. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 70 27. júní 1921 hljóði svo:

Af öllum íslenzkum afurðum, öðrum en landbúnaðarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, með þeim undantekningum, sem getið er um í 2. gr., skal greiða útflutningsgjald í ríkissjóð, er nemi 1½% af verði afurðanna.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, 2. gr., svo hljóðandi:

Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli og fóðurmjöli skal greiða í ríkissjóð

kr. 1.00. Af hverjum 100 kg. af óþurrkuðum fiskúrgangi kr. 0.50. Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er út óunnin til bræðslu, kr. 0.25. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum, kr. 1.00.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

3. gr.

4. gr., sem verður 5. gr., hljóði svo:

Til afurða þeirra, er í 1. gr. getur, telst afli af skipum, sem hafa rétt til þess að fiska í landhelgi og gera það að einhverju leyti, eða verka hann í landhelgi, þótt eigi sé fluttur í land. Ennfremur nær gjaldið til afla, sem veiddur er utan landhelgi, ef hann er saltaður, verkaður eða fluttur á milli skipa á höfnum inni eða í landhelgi. Sömuleiðis til afla á íslenzkum skipum, þótt ekki sé hann veiddur eða verkaður í landhelgi.

4. gr.

Eftir 10. gr., sem verður 11. gr., kemur ný grein, svo hljóðandi:

1/12 hluti tekna þeirra, er fást samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal ganga sem framlag ríkissjóðs til ræktunarsjóðs Íslands, unz framlög ríkissjóðs til hans samkv. l. nr. 11 1925 og þessum lögum hafa numið samtals 1 millj. kr.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög nr. 11 29. maí 1925, um breyting á l. nr. 70 1921, um útflutningsgjald o. fl.

Lög nr. 60 27. júní 1921, um útflutningsgjald á síld o. fl.

Lög nr. 52 8. sept. 1931.

Lög nr. 27 11. nóv. 1899, um útflutningsgjald af hvalafurðum.

Lög nr. 58 19. júní 1933, um breyting á l. nr. 70 1921.

Lög nr. 2 5. jan. 1934, um breyting á l. nr. 52 1931.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þá er þau hafa öðlazt staðfesting konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 70 27. júní 1921, og gefa þau út að nýju svo breytt.

## Nd. 246. Frumvarp

til laga um, að efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlenda framleiðslu, skuli undanþegið innflutningstollum.

Flm.: Guðbr. Ísberg.

1. gr.

Efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur, skal undanþegið hverskonar innflutningstollum til loka ársins 1936.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það mun láta nærri, að notaðar séu í landinu að meðaltali um 200 þús. síldartunnur á ári, sem mundu kosta um 1 millj. króna, ef allar væru innfluttar. Ef hinsvegar væri innflutt efni í allar þessar tunnur og þær smíðaðar hér, mundi sparast sem næst helmingur þessarar upphæðar. Af þessu er augljóst, að keppa ber að því, að smíði tunnanna fari fram hér á landi. Vísir til tunnugerðar er til í landinu, en sú iðnaðargrein á mjög í vök að verjast, og það svo, að legið hefir við borð, að hin innlenda tunnugerð félli með öllu niður sum árin. Sem stendur þykir ekki fært að leggja til, að tollur af tilbúnum tunnum verði hækkaður, en slíkt gæti vitanlega komið til mála, þegar innlend tunnuframleiðsla er komin í fastara horf. Hér er því lagt til sem bráðabirgðaúrræði, að innflutningstollur (vörutollur) af efni í tunnur verði felldur niður næstu 3 ár. Ef gert er ráð fyrir, að smíðaðar verði innanlands 50 þús. tunnur næsta ár, þá nemur tolltap ríkissjóðs ca. 9500 krónum. Er það að vísu dálítil upphæð, en þó hverfandi lítil í samanburði við þann sparnað fyrir þjóðarbúið, sem verið er að keppa að með þessu frumvarpi.

Kjöttunnur munu eigi hafa verið smíðaðar hér á landi enn sem komið er. Um þær er þó svipað að segja sem síldartunnurnar. Þær 50 þús. krónur, sem vér greiðum árlega út úr landinu fyrir smíði þeirra ca. 10 þús. kjöttunna, er vér notum, væru betur komnar í vösum landsmanna sjálfra.

## Sþ. 247. Tillaga

til þingsályktunar um aðstoð við fiskibáta og eftirlit með veiðarfærum.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að hægt sé að hafa varðskip eða varðbát til aðstoðar fiskibátum og eftirlits með veiðarfærum á vertíð á þeim stöðum við landið, þar sem slík aðstoð og eftirlit er talið nauðsynlegt.

Greinargerð.

Tillaga þessi er fram komin meðal annars í tilefni af ályktun, sem samþykkt var á fundi, sem boðað var til af útvegsmönnum í Gerðahreppi 28. þ. m., og skýrslum, sem þar voru gefnar um tjón það, sem útvegsmenn á Reykjanesi hafa beðið af ágangi togara á síðustu vertíðum. Flutningsmaður þessarar tillögu, sem staddur var á fundinum, fékk mjög eindregin tilmæli frá ýmsum fundarmönnum um að styðja að því, að teknar yrðu til greina kvartanir útvegs-

manna í þessum efnum. Var þess og getið, að kvörtunum útvegsmanna í fyrravetur hefði lítt verið sinnt í ráðuneyti því, er stjórnaði landhelgisgæzlunni. Þykir mér rétt, að Alþingi verði kunn greinargerð sú, er tillögunni fylgdi af hálfu fundarboðenda, en sú greinargerð var svo hljóðandi:

„Við Faxaflóa stunda fiskveiðar um 100 vélbátar 12—50 smálesta að stærð, og þar að auki fjöldamargir opnir bátar. Sýnist full þörf að hafa skip til taks, ef þarf að veita aðstoð einhverjum af þessum bátum.

Gagnvart eftirliti með veiðarfærum viljum við upplýsa þörfina hvað við kemur Miðnessjó. Undanfarnar vertíðir hefir ágangur togara verið mjög mikill, og aukizt með hverri vertíð. Síðastliðna vertíð kom það mjög oft fyrir, að svo til hver einasti af bátum þeim, sem stunduðu veiðar frá Sandgerði, tapaði línu í togara, frá 3 til 4 bjóðum hver bátur, og það stundum dag eftir dag. Það þarf ekki að taka fram, hversu gífurlegt tjón þetta er. Og ef þetta heldur áfram að aukast og ekkert er að gert, getur þetta orðið til þess að gereyðileggja aflamöguleika með línu á þessum slóðum. Ef varðskip væri á þessum slóðum, þegar ágangur togara er sem mestur, sérstaklega ef með því væri maður, sem þekkti til á miðunum, gæti það gert mikið gagn, með því að bægja togurum frá línusvæðinu. Nokkrir bátar hafa talsenditæki. Æskilegt væri, að varðskip hefði samband við þá sem oftast og fái upplýsingar hjá þeim um ágang togara."

Það er vitanlegt, að á ýmsum fleiri stöðum er þörf slíkrar aðstoðar, sem hér um ræðir, og eftirlits með því, að eigi séu skemmd veiðarfæri. Tillagan fjallar um, að stjórnin geri ráðstafanir til, að þetta geti komizt í framkvæmd.

Til þess að svo megi verða, mun vera þörf nokkurrar endurskipulagningar á landhelgisgæzlunni. Enda er nú tækifæri til þess í sambandi við undirbúning þann, sem nú þegar er hafinn um byggingu björgunarbáta á ýmsum stöðum. Ættu þessir bátar að annast landhelgisgæzlu og þá jafnframt það starf, sem tillagan gerir ráð fyrir, en ríkissjóður að greiða rekstrarkostnað. Myndi verða að þessu mikill sparnaður fyrir ríkissjóð, samanborið við það, að séð sé fyrir landhelgisgæzlu og björgunarstarfi með stórum skipum eingöngu.

Nánar í framsögu.

**Nd.** **248. Breytingartillaga**

við frv. til laga um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Við 6. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er í reglugerð að ákveða um undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af útvarpi, eftir reglum, sem kennslumálaráðherra setur.

## Nd. 249. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu.

Frá allsherjarnefnd.

Við 6. gr. Greinina skal orða svo:

Atvinnumálaráðherra ákveður í reglugerð nánar um fyrirkomulag og rekstur Ferðamannaskrifstofu ríkisins, og um tölu, launakjör og starfsvið starfsmanna skrifstofunnar. Ráðherra hefir heimild til þess að láta einhverja af ríkisstofnunum þeim, sem þegar eru starfandi, hafa Ferðamannaskrifstofu ríkisins með höndum. Rekstrarhalli, sem verða kann af skrifstofunni, greiðist úr ríkissjóði.

## Ed. 250. Frumvarp

til laga um fangelsi.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson, Jónas Jónsson, Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem í eru 700 íbúar eða fleiri, skal reisa fangelsi, til þess að geyma í gæzlufanga og aðra, sem teknir hafa verið fastir um stundarsakir.

2. gr.

Kostnaður af byggingu fangelsa greiðist að hálfu úr hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitarsjóði, en að hálfu úr ríkissjóði, og skal, meðan þörf er á, árlega veitt fé í þessu skyni í fjárlögum.

3. gr.

Nú telur bæjarstjórn eða hreppsnefnd nauðsyn á, að fangelsi sé reist á staðnum, og skal hún þá snúa sér til dómsmálaráðherra með beiðni um framlag úr ríkissjóði í þessu skyni. Slíkri beiðni skal fylgja skýrsla um nauðsynina, nákvæm áætlun um kostnað og uppdráttur að gerð hússins.

4. gr.

Ef fleiri beiðnir berast ráðherra en fjárveiting leyfir að teknar séu til greina, skal hann velja úr og veita féð þar, sem þörfin telst mest.

5. gr.

Ráðherra hefir þá íhlutun um byggingu fangelsa, sem nauðsynleg er til þess að tryggja vandaðan frágang, hæfilega stærð þeirra og hóflegan kostnað.

6. gr.

Nú er fangelsi á staðnum, en það þarfnast endurbóta eða viðauka, og skal þá að öllu svo með fara sem segir í 1.—5. gr.

7. gr.

Ráðherra getur veitt leyfi til, að afplána megi sektir, einfalt fangelsi og fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í fangelsum þeim, sem ræðir um í lögum þessum, þó ekki lengur en 2 mánuði, enda sé fangelsi svo vel útbúið, að föngum sé engin hætta búin.

8. gr.

Rekstrarkostnaður fangelsa þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði. Að öðru leyti setur dómsmálaráðherra með reglugerð fyrirmæli um rekstur fangelsa og annað, er þurfa þykir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjárveitinganefnd hafa borizt ýms erindi og áskoranir um fjárframlög til að reisa fangahús. Vegna þessa og með því að engin lög eru til um skiptingu kostnaðar af slíkum framkvæmdum, þótti nefndinni rétt, að flutt væri þetta frv., því að allir nefndarmenn eru á eitt sáttir um það, að löggæzla í landinu verði ekki tryggð nema hægt sé að fangelsa þá, sem valda óspektum eða brjóta lög á annan hátt.

Nefndin fól þeim meðlimum sínum, sem sæti eiga í efri deild, að flytja málið þar.

## Nd. 251. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 78 frá 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

20. gr. laga nr. 78 frá 19. júní 1933 orðist svo:

Stjórn Búnaðarbankans annast stjórn Kreppulánasjóðs án endurgjalds. Þó er ráðherra heimilt að ákveða, að bankastjórum Búnaðarbankans, nema aðalbankastjóra, sé greidd allt að 3000 kr. aukaþóknun hvorum úr Kreppulánasjóði árið 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

Greinargerð.

Stjórn Kreppulánasjóðs skipa nú 3 menn, og hafa þeir að launum kr. 7200,00 hver. Einn þeirra er aðalbankastjóri Búnaðarbankans, er hefir þar að launum kr. 19200,00, annar er bankastjóri í sama banka, með kr. 7200,00 laun-

um. Miklum hluta lánveitinganna úr Kreppulánasjóði verður lokið um áramót, og virðist auðvelt fyrir stjórn Búnaðarbankans að annast sjóðstjórnina, þegar frá næstu áramótum, endurgjaldslaust, að öðru leyti en því, að á næsta ári gæti verið sanngjarnt að greiða bankastjórunum aukaþóknun, öðrum en aðalbankastjóranum, sem hefir mjög há laun fyrir.

## Nd. 252. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. okt. 1934.

Sigfús Jónsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. Ásgeir Ásgeirsson.

## Ed. 253. Nefndarálit

um frv. til l. um loftskeytastöðvar á flutningaskipum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Ég hefi ekki getað orðið sammála meiri hl. nefndarinnar um að mæla með samþykkt frv.

Ég skal ekki mótmæla því, að það eykur öryggi skipverja að hafa loftskeytastöð á skipum, en á hitt vil ég benda, að bæði hljóðdýptarmælir, svo og talstöð munu að mestu ná sama tilgangi.

Þau skip, sem skylduð yrðu til að kaupa og starfrækja loftskeytastöð við lögfestingu frv., eru flutningaskip þau, sem nýverið eru keypt til landsins. Starfsemi þeirra félaga, sem skipin eiga, er ný og félögin févana. Samkeppni annara þjóða, einkum Norðmanna, er svo mikil, að ástæða er til að óttast, að þessi nýja og okkur nauðsynlega atvinnugrein verði að hætta, ef ekki er gætt fullrar sanngirni í kröfum til hennar, einkum meðan hún er á byrjunarstigi.

Útgerð þessi hefir mun meiri rekstrarkostnað en sambærileg útgerð aðalkeppinautanna, Norðmanna. Sem dæmi þess má nefna mannahald og kaupgreiðslu á skipum sömu stærðar.

| Íslenzk flutningaskip, mánaðarkaup | ísl. kr. | Norsk flutningaskip, mánaðarkaup | n. kr. |
|---|---|---|---|
| Skipstjóri | 700,00 | Skipstjóri | 600,00 |
| 1. stýrimaður | 450,00 | 1. stýrimaður | 260,00 |
| 2. stýrimaður | 350,00 | 2. stýrimaður | 175,00 |
| 1. vélstjóri | 612,00 | 1. vélstjóri | 400,00 |
| 2. vélstjóri | 465,00 | 2. vélstjóri | 300,00 |
| 3. vélstjóri | 350,00 | 3. vélstjóri, enginn | |
| Þrír kyndarar | 780,00 | Tveir kyndarar | 288,00 |
| | | Donkey maður | 165,00 |
| Þrír fullg. hásetar | 675,00 | Þrír fullg. hásetar | 432,00 |
| Bryti | 350,00 | Bryti | 233,00 |
| Tveir viðvaningar | 336,00 | Einn viðvaningur | 77,00 |
| Óvaningur | 98,00 | Óvaningur | 35,00 |
| Vikadrengur | 50,00 | Vikadrengur | 35,00 |
| 17 menn ísl. kr. | 5216,00 | 15 menn n. kr. | 3000,00 |
| | | á 111/- ísl. kr. | 3330,00 |

Mannakaupskostnaðurinn á sambærilegum skipum er árl. um 23000 kr. meiri en hjá aðalkeppinautunum, á ísl. skipi 62592 kr., norsku 39960 kr.

Í norska blaðinu „Fiskeren“ var á sínum tíma hótunargrein, þar sem sagt var, að þessi útgerð Íslendinga skyldi ekki verða langlíf. Þessi útgerð Íslendinga væri atvinnusvipting fyrir þau norsk skip og norska sjómenn, sem hingað til hefðu haft fiskflutningana frá Íslandi til Miðjarðarhafslandanna. Á það var bent, að norsk skip hefðu miklum mun lægri útgerðarkostnað, og þá sérstaklega í kaupgjaldi á skipunum, að auðvelt ætti að vera að keppa ísl. skipin út.

Afkoma þessarar útgerðar er allt annað en álitleg eins og nú stendur, og aukin útgjöld, þó ekki séu stórvægileg, geta valdið því, hvort þessi útgerð þrífst eða verður að hætta.

Aukinn kostnaður fyrir hvert þeirra 5 skipa, sem hér um ræðir, mundi verða sem næst þessi:

Stofnkostnaður, áhöld með klefa 6000—7000 kr.

Árlegur rekstrarkostnaður, kaup og fæði 1 manns og viðhald tækja 4500—5000 kr.

Ég tel, að það sé hættulegt fyrir afkomu útgerðarinnar að bæta þessum kostnaði á hana meðan keppinautarnir eru ekki skyldir til hins sama.

Hinsvegar tel ég, að þessari útgerð sé fært að hafa talstöð í skipunum. Kostnaður við talstöð mundi verða um 6/800 kr. á ári og slík stöð mundi í fleiri tilfellum veita sama öryggi og loftskeytastöð. Sífellt fjölgar þeim skipum, sem fara landa milli, án þess að þau hafi loftskeytastöð, einkum eru það hin smærri fiskiskip, línuveiðagufuskip og stærri mótorskip, sem nú fara landa milli í fisksöluerindum. Þykir ástæða til að skylda þessi skip, engu síður en vöruflutningaskipin, til þess að hafa talsímastöð.

Af greindum ástæðum legg ég til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Öll skip, sem eru í förum milli landa, skulu hafa talsímastöð. Undanþegin þessari kvöð eru þó þau skip, sem hafa loftskeytastöð.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Landssímastjóri ákveður afl og bylgjulengd stöðvar og setur reglur um starfrækslu hennar.
3. Við 3. gr. Greinin falli burt.
4. Fyrirsögnin verði:
   Frumvarp til laga um skyldu milliferðaskipa til að hafa talsímastöð.

Alþingi, 30. okt. 1934.

Jón A. Jónsson.

## Nd. 254. Lög

um löggilding verzlunarstaða.

(Afgreidd frá Nd. 30. okt.).

Samhljóða þskj. 169.

## Nd. 255. Lög

um prestssetur í Grundarþingaprestakalli í Eyjafirði.

(Afgreidd frá Nd. 30. okt.).

Samhljóða þskj. 43.

## Nd. 256. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt eins og það er á þingskjali 178.

Alþingi, 29. okt. 1934.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Jakob Möller, fundaskr. Stefán Jóh. Stefánsson.
Ásgeir Ásgeirsson. Ólafur Thors.

## Nd. 257. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. um verðtoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. okt. 1934.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Jakob Möller, fundaskr. Stefán Jóh. Stefánsson.
Ásgeir Ásgeirsson. Ólafur Thors.

## Nd. 258. Nefndarálit

um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í þessu máli, því þótt tveir nefndarmanna (JakM, ÓTh) tjáðu sig samþykka sumum af breytingum þeim, sem meiri hl. nefndarinnar kom sér saman um, þá voru þeir þó mótfallnir frumvarpinu í aðalatriðum þess og munu skila sérstöku áliti.

Hinsvegar leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „innborgað stofnfé“ komi: innborguðu stofnfé.
2. Við 6. gr. Skattstiginn á skattskyldum tekjum frá 10000—100000 krónur breytist þannig:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Af 11000 | til 12000 | kr. greiðist | 1040 | kr. af | 11000 | og 17 | % af afgangi |
| — 12000 | — 13000 | — — | 1210 | — — | 12000 | — 18 | — — — |
| — 13000 | — 14000 | — — | 1390 | — — | 13000 | — 19 | — — — |
| — 14000 | — 15000 | — — | 1580 | — — | 14000 | — 20 | — — — |
| — 15000 | — 16000 | — — | 1780 | — — | 15000 | — 21 | — — — |
| — 16000 | — 17000 | — — | 1990 | — — | 16000 | — 22 | — — — |
| — 17000 | — 18000 | — — | 2210 | — — | 17000 | — 23 | — — — |
| — 18000 | — 19000 | — — | 2440 | — — | 18000 | — 24 | — — — |
| — 19000 | — 20000 | — — | 2680 | — — | 19000 | — 25 | — — — |
| — 20000 | — 22000 | — — | 2930 | — — | 20000 | — 27 | — — — |
| — 22000 | — 25000 | — — | 3470 | — — | 22000 | — 29 | — — — |
| — 25000 | — 28000 | — — | 4340 | — — | 25000 | — 31 | — — — |
| — 28000 | — 33000 | — — | 5270 | — — | 28000 | — 33 | — — — |

Af 33000 til 38000 kr. greiðist 6920 kr. af 33000 og 35 % af afgangi
— 38000 — 44000 — — 8670 — — 38000 — 37 — — —
— 44000 — 50000 — — 10890 — — 44000 — 38,5— — —
— 50000 og þar yfir — 13200 — — 50000 — 40 — — —

3. Við 7. gr. Greinin falli niður og greinatalan breytist samkv. því.
4. Við 8. gr. stafl. f. bætist: nema skattfrjálst sé samkvæmt sérstökum lögum.
5. Við 9. gr.:
   a. Í stað „⅓“ í 4. málsgr. komi: helming.
   b. Í stað „4%“ í 6. málsgr. komi: 5%.
   c. Í stað „⅓ hluti“ í sömu málsgr. komi: helmingur.
   d. Í stað orðanna „skal telja helming þeirrar fjárhæðar“ í næstsíðasta málsl. sömu málsgr. komi: skal telja ⅗ þeirrar fjárhæðar.
6. Við 11. gr. b-lið. Aftan við liðinn bætist ný málsgr., á þessa leið:
   Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga og nemur meiru en varasjóði, má flytja á milli ára og draga frá skattskyldum tekjum þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð.
7. Við 16. gr. Greinin falli niður og greinatalan breytist samkv. því.
8. Við 32. gr.
   a. Í b-lið greinarinnar á eftir orðinu „yfirskattanefndarmenn“ komi: utan Reykjavíkur.
   b. c-liður orðist þannig: Borgun til skattstjóra, yfirskattanefndarmanna í Reykjavík og ríkisskattanefndar fer eftir samningi við fjármálaráðherra.

Alþingi, 29. okt. 1934.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Ásgeir Ásgeirsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

**Fylgiskjal.**

**Skattur og útsvar á hjónum með 3 börn í Reykjavík.**

| Hreinar tekjur | Skattur skv. stjfrv. (leiðr.) með 10% viðauka á skatt 30 kr. og þar yfir | Skattur % af tekjum | Útsvar samkv. stiga niðurjöfnunarnefndar með 10% á útsvör yfir kr. 40 | Útsvar % af tekjum | Samtals | Skattur og útsvar samtals % af tekjum að frádregnum skatti og útsvari fyrra árs |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2500 | „ | | „ | | „ | |
| 3000 | „ | | „ | | „ | |
| 4000 | 10,00 | 0,25 | 25,00 | 0,63 | 35,00 | 0,88 |
| 5000 | 33,00 | 0,66 | 65,00 | 1,3 | 98,00 | 2 |
| 6000 | 77,00 | 1,3 | 150,00 | 2,5 | 227,00 | 3,8 |
| 7000 | 154,00 | 2,2 | 230,00 | 3,3 | 384,00 | 5,5 |
| 8000 | 253,00 | 3,2 | 340,00 | 4,3 | 593,00 | 7,4 |
| 10000 | 506,00 | 5,1 | 660,00 | 6,6 | 1166,00 | 11,7 |
| 12000 | 803,00 | 6,7 | 990,00 | 8,3 | 1793,00 | 15 |
| 14000 | 1144,00 | 8,2 | 1320,00 | 9,4 | 2464,00 | 17,6 |

| Hreinar tekjur | Skattur skv. stjfrv. (leiðr.) með 10% viðauka á skatt 30 kr. og þar yfir | Skattur % af tekjum | Útsvar samkv. stiga niðurjöfnunarnefndar með 10% á útsvör yfir kr. 40 | Útsvar % af tekjum | Samtals | Skattur og útsvar samtals % af tekjum að frádregnum skatti og útsvari fyrra árs |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 16000 | 1529,00 | 9,6 | 1650,00 | 10,4 | 3179,00 | 19,9 |
| 18000 | 1958,00 | 10,9 | 2035,00 | 11,3 | 3993,00 | 22,2 |
| 20000 | 2431,00 | 12,2 | 2455,00 | 12,3 | 4886,00 | 24,4 |
| 25000 | 3817,00 | 15,3 | 4215,00 | 16,9 | 8032,00 | 32,1 |
| 30000 | 5456,00 | 18,2 | 6415,00 | 21,4 | 11871,00 | 39,6 |
| 35000 | 7249,00 | 20,7 | 8615,00 | 24,6 | 15864,00 | 45,3 |
| 40000 | 9152,00 | 22,9 | 10815,00 | 27 | 19967,00 | 49,9 |
| 45000 | 11165,00 | 24,8 | 13015,00 | 29 | 24180,00 | 53,7 |
| 50000 | 13249,50 | 26,5 | 15215,00 | 30,4 | 28464.50 | 56,9 |
| 60000 | 17600,00 | 29,3 | 19615,00 | 32,7 | 37215,00 | 62 |
| 80000 | 26400,00 | 33 | 28415,00 | 35,5 | 54815,00 | 68,5 |
| 100000 | 35200,00 | 35,2 | 37215,00 | 37,2 | 72415,00 | 72,4 |

## Ed. 259. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Mál þetta er komið frá háttv. neðri deild og var samþ. þar breytingalaust. Meiri hl. nefndarinnar hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Ókunnugt er um afstöðu eins nefndarmannsins (PM), er sökum veikinda gat ekki mætt á fundi nefndarinnar þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 30. okt. 1934.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. Ingvar Pálmason, fundaskr.

## Ed. 260. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Tveir nefndarmanna (PM og ÞBr) voru veikir og mættu því ekki á fundi, þá er ákvörðun var tekin um málið.

Alþingi, 30. okt. 1934.

Páll Hermannsson, form., frsm. Jón Baldvinsson, fundaskr. Jónas Jónsson.

## Ed. 261. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Tveir nefndarmanna (PM og ÞBr) voru veikir og mættu því ekki á fundi, þá er ákvörðun var tekin um málið.

Alþingi, 30. okt. 1934.

| Páll Hermannsson, form., frsm. | Jón Baldvinsson, fundaskr. | Jónas Jónsson. |
|---|---|---|

## Ed. 262. Nefndarálit

um frv. til l. um bann gegn útflutningi á síldarmjöli.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Tveir nefndarmanna (PM og ÞBr) voru veikir og mættu því ekki á fundi, þá er ákvörðun var tekin um málið.

Alþingi, 30. okt. 1934.

| Páll Hermannsson, form., frsm. | Jón Baldvinsson, fundaskr. | Jónas Jónsson. |
|---|---|---|

## Nd. 263. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Flm.: Finnur Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 20. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Atvinnumálaráðherra er heimilt að veita þeim mönnum, er skipstjóraréttindi hafa á íslenzku skipi í innanlandssiglingum, allt að 60 rúmlesta, rétt til skipstjórnar á slíku skipi, þótt stærra sé, en þó eigi yfir 150 rúmlestir. Slíkan rétt má þó þeim einum veita, er stýrt hefir skipi í 60 mánuði hið minnsta, enda sanni hann, að skipi hans hafi ekki hlekkzt á undir stjórn hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra, svo og meginmál laga nr. 49 27. júní 1925 og laga nr. 31 8. sept. 1931, inn í lög nr. 40 19. júní 1922 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt sökum þess, að það hefir komið í ljós, að það er mjög bagalegt, að þannig sé gengið frá lögunum um atvinnu við siglingar, að eigi megi veita undanþágu þannig, að skipstjóri geti í einstökum tilfellum öðlazt rétt til þess að stýra nokkru stærra skipi en prófskírteini hans hljóðar upp á. Hinsvegar er sjálfsagt að binda það föstum skilyrðum, að sá einn geti fengið slíka undanþágu, sem reynzt hefir öruggur í starfi sínu, en þetta er gert með ákvæðunum um það, að sá einn geti fengið slíka undanþágu, sem stýrt hefir skipi í 60 mánuði hið minnsta, og ennfremur, að hann geti fært sönnur á, að skipi hans hafi ekki hlekkzt á undir stjórn hans.

## Nd. 264. Frumvarp

til laga um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist allt að tvö hundruð þúsund króna lán fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi, til þess að láta smíða skip til flutninga um Faxaflóa, enda sé lánið einnig tryggt með 1. veðrétti í skipinu.

2. gr.

Ríkisstjórnin leggur fram ⅓ hlutafjár í h/f Skallagrími, allt að 50 þúsund krónur, og er heimilt að skipta framlaginu í jafnar greiðslur, allt að 10 þús. kr. á ári, á næstu 5 árum.

3. gr.

Ríkisstjórnin á rétt á að skipa einn mann í stjórn félagsins og annan endurskoðanda þess.

Greinargerð.

H/f Skallagrímur í Borgarnesi keypti fyrir 2 árum gufuskipið „Suðurland“, sem um nokkur ár hefir verið notað til póst-, farþega- og vöruflutninga á milli Reykjavíkur og Borgarness, og hefir félagið síðan annazt þessa flutninga. Hafa

samgöngur þessar og sömuleiðis rekstur fyrirtækisins farið félaginu prýðilega úr hendi. Nú er skip þetta orðið gamalt og slitið og verður ekki notað lengur nema með svo stórkostlegri viðgerð, að ekkert viðlit er að ráðast í það. Nú hefir félagið hafizt handa um útvegun nýs skips til þessara flutninga og þegar fengið tilboð um smíði nýs skips, sem bæði væri mjög vandað og á allan hátt sniðið eftir þörfum þessarar flutningaleiðar. Skipið kostar samkvæmt tilboðinu 290 þúsund krónur. Fjórða hlutann á að greiða fyrirfram, en ¾ á næstu 5 árum með jöfnum greiðslum. Auk þess er það gert að skilyrði, að skipið sjálft og ábyrgð ríkisins sé sett sem trygging fyrir eftirstöðvum skipverðsins, þar til það er að fullu greitt. En félagið treystir sér ekki til áð leggja út í þetta fyrirtæki, nema það hafi tryggt sér hlutafé sem svarar helmingi af kaupverði skipsins, eða um 150 þús. krónur. Og þar sem héraðsbúar — eða félagið — ekki megna að leggja fram meira en 90—100 þús. kr., fara þeir fram á, að ríkissjóður leggi til ⅓ hluta, eða 50 þúsund krónur. Munurinn aðeins sá, að félagið leggur sitt framlag til nú þegar, en ríkissjóði er ætlað að leggja sitt framlag til á næstu 5 árum. Þar sem hér er um að ræða nauðsynjamál, ekki aðeins eins héraðs, heldur einnig margra annara sýslna landsins, virðist mega búast við fullum skilningi háttvirts Alþingis á því og þeim stuðningi, sem hér er farið fram á.

Nánar í framsögu.

## Nd. 265. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Frá Guðbrandi Ísberg.

Við 1. gr. Meginmál greinarinnar orðist þannig:

Af öllum íslenzkum afurðum, sem fluttar eru til útlanda, með þeim undantekningum, sem getið er um í 2. gr., skal greiða útflutningsgjald í ríkissjóð, er nemi 1% af verði afurðanna. Af sjávarafurðum skal ennfremur greiða ½% aukagjald, er gangi til þess að standa straum af rekstri strandgæzluskipanna til landhelgisgæzlu.

## Ed. 266. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flm.: Jón Baldvinsson.

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Lína frá Setbergi við Grundarfjörð að Hallbjarnareyri.

Greinargerð.

Af bæjum þeim, sem eru á nesinu milli Grundarfjarðar og Kolgrafarfjarðar, er nú sótt í síma inn að Setbergi, og þó það sé ekki ýkjalöng leið, er

það oft erfitt ferðalag að vetri til. Er hér stungið upp á því, að símalína sé lögð frá Setbergi út að Hallbjarnareyri og að þessu leyti bætt úr erfiðleikum þeirra, er á þessu svæði búa.

## Nd. 267. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. okt. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Héðinn Valdimarsson, form. | Thor Thors, frsm. | Bergur Jónsson, fundaskr. |
| Stefán Jóh. Stefánsson. | Garðar Þorsteinsson. | |

## Ed. 268. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., og vill hún gera á því leiðréttingu við 6. gr. Hefir þar verið tekinn upp óbreyttur málsliður úr 12. gr. laganna, um að andvirði upptækrar vöru renni í ríkissjóð, og telur nefndin þá endurtekningu óþarfa.

Einn nefndarmanna (MJ) var eigi viðstaddur á fundi nefndarinnar, er málið var afgreitt, og hefir hann því óbundið atkvæði um málið.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 6. gr. Greinina skal orða svo:

Á eftir orðunum „inn eru fluttar“ í 12. gr. laganna komi: eða framleiddar.

Alþingi, 31. okt. 1934.

| | |
|---|---|
| Jón Baldvinsson, form., frsm. . | Bernh. Stefánsson, fundaskr. |

## Nd. 269. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Sigurði Einarssyni.

1. Við 3. gr. Á eftir orðunum „gerist meðlimir annara félaga“ komi: Slátrunarleyfi skal og veita félögum neytenda fyrir það fé, er þau kaupa til neyzlu meðal meðlima sinna eingöngu.
2. Við 5. gr. Á eftir orðunum „verðjöfnunartillaginu til nefndarinnar“ komi: Stjórn neytendafélags, sem fengið hefir slátrunarleyfi, skal og senda slíka skýrslu og standa skil á verðjöfnunartillaginu.

## Nd. 270. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Aftan við 3. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Hverskonar aðgerð á afla telst verkun, t. d. ef afli er saltaður, ísaður, slægður o. s. frv.

## Sþ. 271. Tillaga

til þingsályktunar um gæzlu veiðarfæra í Faxaflóa.

Flm.: Ólafur Thors, Páll Þorbjörnsson, Pétur Ottesen, Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta varðskip hafast við að staðaldri í Faxaflóa á tímabilinu frá 15. janúar til 15. maí ár hvert, til þess að gæta veiðarfæra fiskimanna.

### Greinargerð.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu voru staddir á almennum kjósendafundi í Gerðum síðastl. sunnudag. Á þeim fundi var einum rómi samþykkt að fela okkur að bera fram á Alþingi slíka tillögu, og voru færð sterk rök fyrir mikilli nauðsyn á slíku eftirliti. Frummælandi þessa máls lagði fram á fundinum skriflega greinargerð fyrir málinu, og er nokkur hluti hennar prentaður á þingskjali 247. Ber greinargerðin með sér, að auk hinnar miklu þarfar á eftirliti með veiðarfærum er og rík þörf á því, að varðskip sé stöðugt á þessum

slóðum yfir vertíðina, til þess að veita aðstoð öllum þeim bátafjölda, er veiðar stunda í Faxaflóa á þeim tíma ársins, og hafa samskonar áskoranir borizt frá útvegsmönnum og sjómönnum bæði á Akranesi og í Keflavík.

Á þessum fundi var einnig staddur Gísli Guðmundsson alþm. Hann hefir nú flutt þingsályktunartillögu um aðstoð við fiskibáta og eftirlit með veiðarfærum, á þskj. 247. Sú tillaga er svo almennt orðuð, að við flm. þessarar tillögu teljum, að einu gildi, hvort hún verður samþykkt eða ekki, vegna þess að gera verður ráð fyrir, að ríkisstjórnin muni alveg án aðhalds Alþingis gera það, sem hún telur „hægt", til þess að hafa eftirlit „á þeim stöðum við landið, þar sem slík aðstoð og eftirlit er talið nauðsynlegt". Slíkt gerir sérhver ríkisstjórn á öllum tímum. Hitt er svo aðalatriðið, að við flm. viljum með flutningi tillögu okkar, að Alþingi kveði upp úr um, hverja þörf *það* telur brýnasta, þannig að verði hún samþykkt, sé fengin full trygging fyrir því, að þessi ákveðna þörf verði leyst.

## Nd. 272. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Frv. þetta er flutt af meiri hl. allsherjarnefndar eftir beiðni svonefndrar „skipulagsnefndar".

Minni hl. nefndarinnar vildi ekki eiga þátt í flutningi þessa máls, sökum þess að hann telur ekki nauðsynlegt að stofna þessa skrifstofu, og baka þar með ríkissjóði útgjalda.

Að vísu má telja, að skylt sé að gera ýmsar ráðstafanir til þess að hæna hingað erlenda ferðamenn, en öll auglýsingastarfsemi í þá átt getur vitanlega farið fram að tilhlutan ríkisvaldsins án þess að skrifstofa slík sem þessi sé stofnuð.

Allar upplýsingar um land og þjóð munu erlendir ferðamenn nú geta fengið hjá þeim ferðamannaskrifstofum, sem þegar eru hér starfandi, auk þess sem erlendar ferðamannaskrifstofur munu nú geta gefið allar umbeðnar upplýsingar. Ferðamannaskrifstofur þær, sem hér starfa, eru umboðsmenn helztu erlendra ferðamannaskrifstofa, og er með því fengin trygging fyrir því, að ferðamenn séu ekki látnir greiða óvenjuleg eða ósanngjörn gjöld hér.

Þó frv. samkv. orðum sínum aðeins **heimili** stjórninni að setja hér á stofn þessa skrifstofu, gerum við ráð fyrir, að ríkisstjórnin muni, ef frv. verður að lögum, bráðlega hefja rekstur þessarar skrifstofu.

Alþingi, 31. okt. 1934.

Garðar Þorsteinsson, frsm. Thor Thors.

Sþ. **273. Tillaga**

til þingsályktunar um landhelgisgæzlu, björgunarmál og skipaskoðun.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Ásgeir Ásgeirsson, Páll Þorbjörnsson, Ingvar Pálmason, Jóhann Þ. Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka:

1. Á hvern hátt bezt verði séð fyrir öruggri landhelgisgæzlu, án þess að ríkissjóði sé íþyngt um of.
2. Á hvern hátt bezt verði fyrir komið björgunarstarfsemi í framtíðinni, og hvort hægt sé að sameina hana landhelgisgæzlunni.
3. Skipulag og löggjöf um eftirlit með skipum og bátum og allt, er miðar til öryggis sjófarendum.

Niðurstöður þessarar rannsóknar og tillögur séu lagðar fyrir næsta fjárlagaþing. Óhjákvæmilegur kostnaður við rannsókn þessa og undirbúning lagafrumvarpa greiðist úr ríkissjóði.

## Greinargerð.

Ríkið á nú 3 skip, útbúin til landhelgisgæzlu. Nú virðist svo komið, að ríkinu sé ofvaxið að standast kostnað af rekstri þeirra allra, allt árið. Skipin liggja uppi til skiptist, og raunin vill verða sú, að rúmlega eitt skip er að jafnaði við gæzlu. Er tvímælalaust sú landhelgisvörn ófullnægjandi.

Samfara landhelgisgæzlunni annast skipin björgunarstörf, Þór við Vestmannaeyjar á vetrarvertíð og Ægir og Óðinn eru notuð til hjálpar við skipströnd o. fl. Þessi störf eru oft tímafrek, þar sem skipströnd eru mjög tíð, og miklum örðugleikum háð að ná skipunum á flot aftur, enda tekst það oft ekki. Á meðan skipin eru bundin við slík störf, er landhelgisgæzlan oft lítil sem engin.

Það er því full nauðsyn á, að athugað sé ýtarlega, hvernig skipa má þessum málum framvegis, hvernig unnt sé að skipa landhelgisgæzlu og björgunarstörfum, svo að hvorutveggja megi telja vel borgið, og kostnaðurinn verði þó bærilegur fyrir ríkissjóð. Skoðanir manna eru nú nokkuð á reiki um þessi mál, og er það að vonum.

Það, sem athuga þarf, er, hvaða stærð skipa sé bezt fallin til landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, ef unnt er að sameina störfin, hve mörg þau þyrftu að vera og ennfremur, hver rekstrarkostnaður yrði. Óskir almennings um að fjölga björgunarskipum fara nú sívaxandi. En það er bersýnilegt, að útgerðarkostnaður fullkominnar björgunarstarfsemi og landhelgisgæzlu verður óbærilegur, nema samstarfi verði á komið.

Í sambandi við þessa rannsókn er full nauðsyn á að taka til athugunar skipulag og löggjöf um eftirlit með öryggi skipa. Háværar raddir heyrast um það, að öryggi skipa, sérstaklega hinna smærri, sé ekki sem bezt borgið. Eru mörg dæmi því til sönnunar, að skoðun skipa víðsvegar um land er í ýmsu ábótavant. Hér er um að ræða mál, sem allir landsmenn, er starfa á sjónum, og aðstandendur

þeirra telja eitt hið mikilsverðasta. Enda á þjóðin í heild sinni of mikið undir því, hvernig háttað er um útbúnað og meðferð alla á þeim tækjum, sem eru undirstaða undir velmegun hennar og þúsundir manna eiga líf sitt undir. Mál þetta er því eitt hið stærsta björgunarmálið og full nauðsyn á, að því sé hreyft og tekið til grandgæfilegrar athugunar.

## Nd. 274. Breytingartillaga

við frumv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 13. gr. Orðin „sem hér segir“ í 1. málsl., svo og a-, b- og c-liður gr., falli burt, en í staðinn komi: 500 kr., en 1000 kr., ef um hjón er að ræða, sem samvistum eru. Ennfremur 500 kr. fyrir hvert barn innan 14 ára og hvern skylduómaga, hafi hann ekki sjálfur efni á að kosta framfæri sitt. Hafi skylduómagi tekjur, lækkar frádráttur sem þeim nemur, og fellur í burt, ef tekjuupphæðin nemur 400 kr. eða meiru.

## Ed. 275. Frumvarp

til laga um fiskimatsstjóra.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar matsstjóra, er hafi á hendi yfirstjórn alls fiskimats á landinu.

Matsstjóri skal hafa fullkomna þekkingu á meðferð fiskjar, allt frá því hann er veiddur og þar til hann er fullverkaður til útflutnings.

Matsstjóri skal hafa vakandi auga á öllum nýjungum á sviði fiskimatsins. Ber honum að ferðast árlega til aðalneyzlulandanna í því skyni að kynna sér kröfur neytenda.

Matsstjóri efnir til fundarhalda með yfirfiskimatsmönnum svo oft sem þurfa þykir. Skal hann skýra þeim frá nýjum kröfum neytenda og setja þeim reglur um fiskimatið. Skylt er öllum fiskimatsmönnum og yfirfiskimatsmönnum að hlýða fyrirskipunum matsstjóra að því er starf þeirra snertir. Skal matsstjóri ferðast um landið og hafa eftirlit með allri framkvæmd matsins.

Matsstjóri sker úr öllum ágreiningi, er snertir fiskimatið.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra setur matsstjóra erindisbréf.

3. gr.

Matsstjóri skal hafa 8000 kr. í árslaun, auk dýrtíðaruppbótar. Laun hans greiðast úr ríkissjóði.

Ferðakostnaður matsstjóra greiðist úr ríkissjóði samkvæmt reikningi, er atvinnumálaráðherra úrskurðar, svo og skrifstofukostnaður matsstjóra, ef hann að dómi ráðherra er óhjákvæmilegur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 276. Breytingartillögur

við frv. til áfengislaga.

Frá Héðni Valdimarssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Við 2. gr. Greinin falli burt.
2. Við 7. gr. Orðin „sbr. þó 2. gr.“ falli burt.
3. Við 9. gr. Í stað orðanna „ og gæðum“ komi: og innkaupsverði.
4. Við 10. gr.
   a. Aftan við fyrstu málsgrein bætist: en annarsstaðar ekki.
   b. 2. og 3. málsgr. greinarinnar falli niður.
5. Við 11. gr.
   a. Aftan við 1. tölul. bætist: og landlæknis.
   b. Tölul. 3 orðist þannig:
      Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vinanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, svo og um vinanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annara verklegra nota.
6. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Dómsmálaráðherra hefir heimild til að leyfa einu veitingahúsi í Reykjavík veitingaleyfi á áfengum drykkjum, sem til landsins er heimilt að flytja.
   Í veitingaleyfi eða reglugerð skal ákveða skilyrði fyrir veitingasölunni, þar á meðal um veitingatíma.
7. Við 13. gr. Greinin orðist þannig:
   Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni:
   a. að áfengissölubúðir skuli lokaðar á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til hádegis næsta virkan dag,
   b. að lögreglustjórum skuli heimilt að loka útsölu eða veitingastað fyrirvaralaust um einn eða fleiri daga, þegar þeim virðist ástæða til,
   c. að sölulaun áfengis í útsölum og veitingastað megi aldrei fara fram úr ákveðnu hundraðsgjaldi, mismunandi fyrir útsölur og veitingastað,
   d. að áfengisverzlun ríkisins og útsölustöðum hennar skuli óheimilt að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkv. lögum þessum.

8. Við 14. gr. Í stað orðanna „um óleyfilega sölu áfengis“ komi: um óleyfilega sölu eða aðra óleyfilega meðferð áfengis.
9. Við 23. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
   Verði slys af völdum ölvaðs flugmanns eða bifreiðarstjóra á öðrum mönnum, skal það jafnan varða missi flug- eða ökuskírteinis fyrir fullt og allt.
10. Á eftir 23. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
    Leiki vafi á um, hvort sakborningur samkv. þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal úr því skorið með blóðrannsókn, er læknir framkvæmir.
11. Á eftir VI. kafla komi nýr kafli:

## VII. KAFLI

### Áfengisvarnir.

24. gr.

Ráðherra skal skipa sér til aðstoðar ráðunaut í áfengismálum, að fengnum tillögum frá þeim bindindisfélögum, sem njóta opinbers styrks.

25. gr.

Áfengisvarnarnefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, 7 manna í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík, þar sem nefndin skal skipuð 9 mönnum. Áfengismálaráðunautur skipar formenn nefndanna, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnum, með hlutfallskosningu. Kjörtími nefndarmanna er 4 ár í senn. Nefndarstarfið er ólaunað, en borgaraleg skylda að taka við kosningu yfir eitt kjörtímabil.

Verksvið nefndanna skal ákveðið með reglugerð, sem ráðherra gefur út. Áfengismálaráðunautur hefir umsjón með framkvæmd hennar.

26. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um fræðslu í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, um skaðleg áhrif áfengisnautnar.

Greinatala breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

## Ed. 277. Lög

um löggilding verzlunarstaðar á Hvalskeri við Patreksfjörð.

(Afgreidd frá Ed. 31. okt.).

Samhljóða þskj. 91.

## Ed. 278. Lög

um breyting á lögum nr. 21 frá 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

(Afgreidd frá Ed. 31. okt.).

Samhljóða þskj. 51.

## Nd. 279. Nefndarálit

um frv. til l. um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta er flutt af meiri hl. allsherjarnefndar að beiðni atvinnumálaráðherra, en það mun samið af svo kallaðri „skipulagsnefnd". Minni hl. allsherjarnefndar óskaði ekki að taka þátt í flutningi þessa máls, að órannsökuðu máli, enda taldi hann, að málið bæri frekar undir menntamálanefnd, og má til rökstuðnings þess vísa til þess ákvæðis í frv., að útvarpið er látið falla undir kennslumálaráðuneytið, í stað atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins. En meiri hl. allsherjarnefndar vildi eigi fallast á þetta.

Minni hl. hefir leitað eftir umsögn útvarpsráðs um frv., en hún er enn ókomin, og getur minni hl. eigi beðið lengur eftir henni.

Höfuðbreyting sú, er frv. þetta gerir á núgildandi lögum um útvarpsrekstur ríkisins, er um skipun útvarpsráðs. Er sú nýbreytni tekin upp, að þrír menn séu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu þingi, þrír kosnir hlutfallskosningu af útvarpsnotendum, en formaður skipaður af ráðherra. Aðalefni þessarar breytingar telur minni hl. til bóta, en álítur þó, að útvarpsnotendur, sem bera uppi rekstur stofnunarinnar, eins og viðurkennt er í greinargerð frv., eigi frekari rétt til íhlutunar um málefni útvarpsins en ráð er gert fyrir í frv. Telur minni hl. rétt, að útvarpsnotendur öðlist rétt til að kjósa meiri hl. útvarpsráðs, enda er nægilega séð fyrir afskiptum ríkisvaldsins af málefnum útvarpsins með kosningu Alþingis á þrem mönnum í útvarpsráð og skipun kennslumálaráðherra á útvarpsstjóra.

Þá telur minni hl., að kennslumálaráðherra beri að leita tillagna útvarpsráðs um skipun útvarpsstjóra, en þetta ákvæði núgildandi laga hefir verið fellt niður úr frv., enda þótt svo segi í greinargerð frv. um 3. gr., er fjallar um þetta atriði, að hún sé „að efni til samhljóða 5. gr. í núgildandi lögum". Er hér því rangt frá skýrt í greinargerð frumvarpsins.

Loks telur minni hl. það óviðeigandi, að ákveðið skuli, að umboð núverandi útvarpsráðs falli þegar niður, eftir að unnt hefir verið að kjósa nýtt útvarpsráð. Núverandi útvarpsráð er skipað til 1. júlí 1936. Er það óheppileg og hættuleg regla af hendi Alþingis að flæma menn úr stöðum, sem þeir hafa verið löglega skipaðir í, löngu áður en starfstími þeirra er útrunninn. Eiga

menn rétt á að njóta nokkurs öryggis um störf sín í þágu ríkisvaldsins eða einstakra stofnana þess. Vill minni hl. því gera þá breytingu á frv., að núverandi útvarpsráð sitji út sinn þegar ákveðna tíma.

Að þessu athuguðu leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 1. málsl. orðist svo: Ríkisstjórnin hefir einkarétt til að reka útvarp á Íslandi.
2. Við 3. gr. 1. og 2. málsl. orðist svo: Kennslumálaráðherra skipar útvarpsstjóra, að fengnum tillögum útvarpsráðs. Skulu laun hans ákveðin 7500 kr. auk dýrtíðaruppbótar, enda gegni hann engum launuðum aukastörfum.
3. 2. málsgr. 3. gr. orðist svo: Kennslumálaráðherra skipar ennfremur aðra starfsmenn við ríkisútvarpið og ákveður laun þeirra, í samræmi við launakjör annara svipaðra starfsmanna ríkisins, að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri leitar álits og tillagna útvarpsráðs um val þeirra fastráðinna starfsmanna, sem vinna listræn störf og fræðslustörf við útvarpið.
4. Við 4. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þrír þeirra og þrír til vara kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn og fjórir og fjórir til vara sömuleiðis kosnir hlutfallskosningu meðal allra þeirra, sem útvarpsnotendur teljast og greitt hafa lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum.
   b. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
      Eftir að kosning í útvarpsráð hefir farið fram á Alþingi, felur ráðuneytið skrifstofu ríkisútvarpsins að annast um, að fram fari kosning af hálfu útvarpsnotenda. Heimilt er félögum útvarpsnotenda og einstökum útvarpsnotendum að bera fram kjörlista. Skulu á hverjum lista vera nöfn átta manna o. s. frv.
   c. 3. málsgr. orðist svo:
      Kennslumálaráðherra ákveður í reglugerð nánar um tilhögun kosningarinnar og talningu atkvæða, enda sé fulltrúum útvarpsnotenda tryggður réttur til eftirlits með kosningunni.
   d. 4. málsgr. falli niður.
   e. 5. málsgr. orðist svo:
      Útvarpsráð kýs sér formann og ritara.
   f. Í stað orðsins „dagskrárstjórn“ í 6. málsgr. og alstaðar síðar í frv. komi: útvarpsráð.
5. Við 5. gr.
   a. 1. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
      Útvarpsráðið hefir yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi útvarpsins og ræður útvarpsefni.

b. Í stað „Hún“ í upphafi 2. málsl. sömu málsgr. komi: Það.
c. Á undan orðunum „óhlutdrægni gagnvart“ í sama málsl. komi: fyllsta.

6. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 62 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.
7. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið falli niður.

Alþingi, 31. okt. 1934.

Thor Thors, frsm. Garðar Þorsteinsson.

## Nd. 280. Frumvarp

til laga um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Ólafur Thors, Jóhann Þ. Jósefsson, Garðar Þorsteinsson, Guðbrandur Ísberg, Pétur Ottesen, Thor Thors.

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal stofna sérstakan sjóð, sem nefnist Skuldaskilasjóður útgerðarmanna.

Ætlunarverk Skuldaskilasjóðs er að hjálpa fiskiskipaeigendum til að koma atvinnurekstri sínum á heilbrigðan fjárhagsgrundvöll, meðal annars með því að ná hagkvæmum samningum við lánardrottna og aðra kröfuhafa um eftirgjafir skulda.

Veitir Skuldaskilasjóður fiskiskipaeigendum lán í þessu augnamiði, eftir þeim reglum, sem nánar eru tilgreindar í lögum þessum.

2. gr.

Stofnfé Skuldaskilasjóðs er 5 milljónir króna. Skal þess aflað sem hér segir:

1. Fiskveiðasjóður Íslands leggur sjóðnum til kr. 250 þúsund í reiðufé.
2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, eins og það nú er ákveðið með lögum nr. 70 27. júní 1921, og lögum um breyt. á þeim lögum, nr. 11 29. maí 1925, og í lögum nr. 60 27. júní 1921 rennur óskert í Skuldaskilasjóð árin 1935 til 1940, að báðum þeim árum meðtöldum.
3. Til þess að nægilegt fé sé fyrir hendi, þegar Skuldaskilasjóður tekur til starfa, skal ríkisstjórnin, fyrir hönd ríkissjóðs, útvega og ábyrgjast lán handa sjóðnum, allt að þrem milljónum íslenzkra króna, eða tilsvarandi upphæð í erlendri mynt. Endurgreiðir sjóðurinn lánið með jöfnum afborgunum á 8 árum.

Útflutningsgjald það, sem er áskilið Skuldaskilasjóði í 2. lið þessarar greinar, er til tryggingar skilvísri greiðslu lánsins.

3. gr.

Lán úr Skuldaskilasjóði eru veitt eigendum fiskiskipa, til þess að ná samningum um eftirgjafir skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum.

Lán má og veita þeim mönnum, sem rekstur hefir verið stöðvaður hjá, og þá til þess að þeir haldi eignum sínum og geti hafið rekstur á ný.

Ennfremur má veita lán til þess að eignast aftur útgerðartæki og aðrar eignir í sambandi við útgerð, ef lánbeiðendur hafa þegar verið sviptir þeim vegna fjárhagsörðugleika.

4. gr.

Lán úr Skuldaskilasjóði eru afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu síðan endurgreiðast á 20 árum með jöfnum afborgunum.

Lánin veitast gegn þeim tryggingum, sem sjóðstjórnin tekur gildar. Skulu þau vera forgangsskuldir, næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru í lögum.

Lánin eru vaxtalaus fyrstu þrjú ár lánstímans, en að þeim þrem árum liðnum getur sjóðstjórnin ákveðið, að greiða skuli vexti af lánum sjóðsins, allt að 3% p. a.

Verði eigandaskipti að hinni veðsettu eign, eða afborgun samkvæmt samningi er ekki innt af hendi innan tveggja mánaða frá réttum gjalddaga, getur stjórn Skuldaskilasjóðs ákveðið, að lánið sé þegar allt fallið í gjalddaga. Þó skal veita skuldunaut gjaldfrest, ef hann leggur fram skilríki, sem stjórn Skuldaskilasjóðs tekur gild, fyrir því, að hann geti ekki innt afborgunina af höndum án hnekkis fyrir atvinnurekstur sinn, en hann hinsvegar heldur veðinu vel við og stundar áfram þann atvinnurekstur, sem lánið upphaflega var veitt til stuðnings.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. greinar laga um veð, 4. nóv. 1887, er lántakanda rétt að veðsetja Skuldaskilasjóði veiðarfæri og húsgögn í einu lagi og án sérstakrar sundurliðunar, jafnt það, er veðsetjandi á, þegar veðsetning fer fram, og það, er hann síðar kann að eignast.

Gengur veð sjóðsins fyrir öllum síðari veðsetningum lausafjár eða einstakra muna.

Nú flytur veðsali í aðra þinghá, eftir að skuldabréf hefir verið þinglesið, og heldur sjóðurinn þá veði sínu, þótt skuldabréfið sé eigi þinglesið á ný í þeirri þinghá, sem veðsali flutti í.

6. gr.

Stjórn Skuldaskilasjóðs skal skipuð þrem mönnum. Skulu þeir skipaðir af ráðherra þeim, sem fer með sjávarútvegsmál, og samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsnefnda Alþingis. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarnefndarmanna.

Lánveitingum úr sjóðnum skal lokið innan tveggja ára frá því er hann tók til starfa. Eftir það hefir Fiskveiðasjóður Íslands á hendi afgreiðslu hans og reikningshald. Er starfssvið stjórnar Skuldaskilasjóðs eftir það eigi annað

en að taka ákvarðanir um framkomnar beiðnir um breytingar á afborgunum og öðrum lánskjörum.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum Fiskveiðasjóðs, úrskurðaðir af ráðherra þeim, sem fer með sjávarútvegsmál, og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

7. gr.

Til aðstoðar stjórn Skuldaskilasjóðs og lánbeiðendum til fyrirgreiðslu skal í hverju sveitarfélagi og í hverjum kaupstað, þar sem útgerð er rekin til fiskiveiða, skipaður skuldaskilaumboðsmaður.

Stjórn Skuldaskilasjóðs skipar skuldaskilaumboðsmenn og ákveður þóknun til þeirra.

Ennfremur skipar stjórn Skuldaskilasjóðs tvo menn á sömu stöðum til þess að virða eignir lánbeiðanda. Getur sjóðstjórnin ákveðið, að skuldaskilaumboðsmaður skuli vera annar virðingarmannanna.

8. gr.

Umsóknir um lán úr Skuldaskilasjóði skulu sendar skuldaskilaumboðsmanni í þeim hreppi eða kaupstað, sem lánbeiðandi á heima í, en stílaðar skulu þær vera til sjóðstjórnarinnar.

Lánbeiðni skal fylgja:

a. Afrit af síðustu skattskýrslu lánbeiðanda.
b. Sundurliðuð skýrsla um eignir og skuldir lánbeiðanda, eins og þær eru, þegar um lánið er beðið. Skal þar fram tekið, hverjir eru skuldaeigendur, hver lánskjör eru og hverjar tryggingar.
c. Skýrsla um ábyrgðir, sem á lánbeiðanda hvíla. Skal þar fram tekið, hverjar aðrar tryggingar en ábyrgð hans eru fyrir þeim skuldum.
d. Vottorð hreppstjóra um það, hve lengi lánbeiðandi hefir rekið útgerð til fiskveiða.

Skuldaskilaumboðsmaður skal tafarlaust láta virðingarmenn Skuldaskilasjóðs virða eignir lánbeiðanda, og senda síðan lánbeiðnina, svo fljótt sem auðið er, til sjóðstjórnarinnar, með þeim gögnum, er henni fylgdu, virðingargerð virðingarmanna og rökstuddu áliti sínu um hag lánbeiðanda og afkomuhorfur fyrir rekstur hans.

9. gr.

Um leið og skuldaskilaumboðsmaður sendir lánbeiðni til stjórnar Skuldaskilasjóðs skal hann tilkynna það skiptaráðanda. Er þá hverskonar aðför vegna skulda lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þar til samningum um skuldaskil er lokið á einhvern hátt. Kröfuréttur, hverju nafni sem nefnist, fyrnist ekki á þessu tímabili.

Frá því að lánbeiðni er send og þar til skuldaskilum er lokið, ef lánbeiðni er sinnt, má lánbeiðandi ekki gera neinar þær ráðstafanir, er gera hag hans lakari en áður. Hann má ekki selja eignir sínar, fram yfir venjulega afurðasölu, og ekki greiða áður stofnaðar skuldir.

10. gr.

Innan mánaðar frá því að stjórn Skuldaskilasjóðs fær lánbeiðni í hendur, ásamt gögnum þeim, sem tilskilin eru í 8. gr., skal hún veita úrskurð um það, hvort lán verður veitt, ef samningar takast við kröfuhafa. Skal hún þá þegar, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, skora á þá, sem fjárkröfur eiga á hendur lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir, að lýsa kröfum sínum fyrir sjóðstjórninni innan 6 vikna frá síðustu birtingu auglýsingarinnar. En auglýsingin skal þrisvar birt.

Í auglýsingunni skal fram tekið, að ótryggðar kröfur og ábyrgðir, sem lánbeiðandi er í fyrir aðra, falli niður, ef þeim er ekki lýst áður en hinn auglýsti frestur er liðinn.

Ef kröfuhafi, sem ekki hefir lýst viðurkenndri kröfu áður en tilskilinn frestur var liðinn, færir fyrir því sterkar líkur meðan á skuldaskilum stendur, að hann hafi ekki átt kost á því að sjá auglýsinguna, getur sjóðstjórnin þó tekið kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður allar þær kröfur, sem ekki er lýst innan hins auglýsta frests.

11. gr.

Þegar er skuldakröfuinnköllun hvers lánbeiðanda er lokið, skal sjóðstjórnin boða á skuldaskilafund alla þá, er kröfum hafa lýst. Á sama hátt lánbeiðanda.

Jafnframt skal sjóðstjórnin semja frumvarp til skuldaskila fyrir lánbeiðanda. Skal í frumvarpinu fyrst greint milli skulda þeirra, sem samningar ná ekki til, og hinna, sem ætlazt er til, að um sé samið, og síðan gerð glögg grein fyrir því, hvernig ætlazt er til, að samið verði um síðartöldu skuldirnar.

Frumvarpið skal vera til sýnis í skrifstofu stjóðstjórnarinnar þeim, er hlut eiga að máli, að minnsta kosti vikutíma fyrir skuldaskilafund.

12. gr.

Skuldaskilafundur er lögmætur, ef hann hefir verið undirbúinn og boðaður samkvæmt 8., 10. og 11. gr. laga þessara og lánbeiðandi er þar mættur, eða umboðsmaður hans, ásamt meiri hluta sjóðstjórnarinnar og kröfuhöfum, er ráða yfir meiri hluta skulda þeirra, er um skal semja.

Frumvarpið og þær breytingartillögur, sem fram kunna að koma við það á fundinum, skal ræða og síðan bera undir atkvæði kröfuhafa, sem mættir eru. Atkvæðisrétt hafa menn í hlutfalli við það, sem kröfur þeirra nema af samanlagðri kröfuupphæð þeirri, sem samningar eiga að ná til.

Sé frumvarpið breytt orðið að lokinni atkvæðagreiðslu um breytingartillögur, getur sjóðstjórnin gert eitt af þrennu:

1. Látið frumvarpið svo breytt fara undir atkvæði.
2. Ákveðið um það aðra umræðu.
3. Lýst yfir, að samningaumleitun verði ekki haldið áfram.

Ef engar breytingar eru samþykktar við frumvarpið, lætur sjóðstjórnin fara fram atkvæðagreiðslu um það á fundinum.

Hljóti frumvarpið atkvæði svo margra kröfuhafa, að þeir ráði yfir meiru

en helmingi af kröfum þeim, sem samningar eiga að ná til, er sjóðstjórninni heimilt að staðfesta það, og er það þá bindandi fyrir alla kröfuhafa, eins þá, sem greitt hafa atkvæði móti því eða ekki mætt á fundinum.

Frumvarp, sem sjóðstjórnin hefir staðfest, leysir skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar kröfu, sem undan greiðslu er skilin í hinu staðfesta frumvarpi, svo og undan ábyrgðum, eftir því, sem þar er fyrir mælt.

13. gr.

Skuldir þær, sem samningar ná ekki til samkvæmt 11. gr., eru:

1. Skuldir tryggðar með veði í fasteign eða skipi. Þó ekki hærri fjárhæð en virðingarmenn Skuldaskilasjóðs virða þessar eignir.
2. Skuldir tryggðar með handveði.
3. Skuldir tryggðar með veði í lausafé, ef sú tryggingargerð fór fram að minnsta kosti ári áður en lánbeiðni var send sjóðstjórninni.

   Um tölulið 2. og 3. gildir þó sama undantekning eins og um 1. lið.
4. Forgangskröfur skv. 83. gr. skiptalaganna, að svo miklu leyti, sem eignir skuldunauts teljast að hrökkva fyrir þeim.

14. gr.

Þegar skuldaskilasamningur hefir verið staðfestur, skal lánið þegar afgreitt, og sér stjórn sjóðsins um skuldaskilin að öllu leyti samkvæmt skuldaskilasamningnum.

15. gr.

Skuldaskilasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Bækur sjóðsins, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum eru undanþegin stimpilgjaldi.

Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

16. gr.

Gjaldagi lána úr Skuldaskilasjóði er 1. nóvember ár hvert.

17. gr.

Í reglugerð fyrir Skuldaskilasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt eigi sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í lögum þessum, og fari þau þó eigi í bága við nein ákvæði laganna.

18. gr.

Þegar Skuldaskilasjóður hefir að fullu greitt lán þau, sem hann hefir tekið, eða tekin hafa verið af ríkissjóði hans vegna, skulu eignir sjóðsins renna í stofnsjóð Fiskiveiðasjóðs Íslands, jafnóðum og útlán Skuldaskilasjóðs afborgast.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ástæður.

Á aðalþinginu 1933 báru sjálfstæðismenn í Nd. fram þingsályktunartillögu um að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka hag og rekstrarafkomu sjávarútvegsins og gera tillögur til umbóta.

Skömmu eftir þinglok skipaði ríkisstjórnin milliþinganefnd í málið. Er frv. þetta samið af þeirri nefnd, og var til þess ætlazt, að það yrði flutt sem stjórnarfrumvarp. Ríkisstjórnin hefir þó eigi séð sér fært að taka málið að sér á þessu þingi, og heldur eigi sjávarútvegsnefnd Nd. Er því frv. flutt af nokkrum þingmönnum, sem telja, að málið ráði bót á svo brýnni þörf, að eigi megi láta undir höfuð leggjast að freista þess að lögfesta fyrirmæli frv. þegar á þessu þingi.

Frá milliþinganefndinni fylgdi frv. svo hljóðandi

## Greinargerð.

Samkvæmt þeirri athugun, sem milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum hefir látið gera á fjárhagsástæðum sjávarútvegsmanna, voru eignir þeirra í árslok 1932 ca. 32,5 milljónir króna, en skuldir ca. kr. 26,5 milljónir. Skuldir móti eignum þannig 81,8%.

Við þetta er það að athuga, að nokkuð skortir á, að efnahagsskýrslur hafi fengizt frá öllum sjávarútvegsmönnum. Einnig það, að árin 1933 og 1934 hefir útgerðin vitanlega verið rekin með halla. Hlutföllin milli eigna og skulda hafa því alveg eflaust versnað síðan í árslok 1932.

Tilgangur Alþingis með því að fyrirskipa rannsókn á fjárhagsástæðum og afkomuhorfum sjávarútvegsmanna var eflaust sá, að með því yrði fundinn grundvöllur til að byggja á aðgerðir til viðreisnar atvinnurekstri þeirra. Nú er það víst, að saman þarf að fara rétting fjárhagsins og ráðstafanir, er geri útvegsmönnum unnt að láta tekjurnar að minnsta kosti standast á við útgjöldin.

En þótt þetta tvennt þurfi að fara saman, verður samt að greina það hvort frá öðru og vinna að hvoru fyrir sig. Með það fyrir augum hefir milliþinganefndin samið frumvarp þetta um skuldaskil sjávarútvegsmanna.

Það, sem fyrst liggur fyrir, er það, að gera sér grein fyrir, hversu mikið fé þarf til þess að koma útgerðinni á heilbrigðan fjárhagsgrundvöll.

Skuldir útgerðarmanna í tveim hinum lakari efnahagsflokkum (þeirra, sem skulda 75—100% móti eignum, og þeirra, sem skulda yfir 100% móti eignum), eru samtals kr. 20251905,00. En eignir sömu manna eru samtals kr. 19897526.00. Til þess að skuldir þessara manna komist niður í 65% móti eignum — en lakari hlutföll milli eigna og skulda geta að voru áliti varla talizt heilbrigður fjárhagur —, þyrftu þær að lækka um nál. 7 milljónir. Þegar það er svo tekið með í reikninginn, að fjárhagur sumra þeirra, sem eru í 2. flokki (skulda 50—75% móti eignum), þyrfti einhverra lagfæringa með, einnig það, að í efnahagsyfirlitið vantar eflaust einhverja, sem eru hjálpar þurfi, og loks það, sem mestu varðar í þessu sambandi, að hagur útvegsmanna hefir eflaust versnað árin 1933 og 1934, — þá virðist nefndinni, að gera þurfi ráð fyrir 8—10 millj. kr. skuldalækkun alls hjá útgerðarmönnum.

Eins og frumvarpið sýnir, ætlast nefndin til að þessu marki verði náð með samningum við lánardrottna um eftirgjafir skulda. En til þess að svo verulegar skuldaeftirgjafir fáist, að náð verði því marki, sem hér er sett, verður allmikið fé að vera fyrir hendi til skuldalúkningar. Sýnist nefndinni, að fé þetta þyrfti að vera allt að 5 millj. kr., og hefir því gert ráð fyrir, að stofnfé Skuldaskilasjóðs verði sú fjárhæð.

Varla munu skiptar skoðanir um það nú orðið, að það sé einhver mesta þjóðarnauðsyn, að sjávarútvegur landsmanna fái staðizt. Á honum hvílir mestur þungi ríkisbúsins, auk þess að verulegur hluti þjóðarinnar hefir lífsframfæri sitt af þessum atvinnureksti. Af þessu er alveg ljóst, að hvorki almenningur né ríkissjóður fær staðizt það, að útvegurinn færist að nokkrum mun saman.

Ef athuguð eru viðskipti ríkissjóðs og sjávarútvegsins, þá sést, að þar hefir verið háður ójafn leikur undanfarin ár. Flestir þeir, sem greiða veruleg gjöld í ríkissjóð, fá tekjur til þess frá sjávarútveginum, eftir ýmsum leiðum. Innflutningsgjöld af vörum til útgerðarinnar eru geysihá. En auk þess eru tekin stórmikil bein gjöld af fiskiflotanum í ríkissjóð.

Á móti þessu kemur ekki það, sem teljandi sé frá ríkinu í þarfir fiskiflotans, annað en það, sem varið er til vita og landhelgisgæzlu, og svo smástyrkir til lendingarbóta.

Ofan á þetta bætist svo það, að lögð eru þung útflutningsgjöld til ríkissjóðs á alla framleiðslu útgerðarmanna.

Útflutningsgjöld til ríkissjóðs af sjávarafurðum hafa 5 síðastliðin ár verið þessi:

| | | |
|---|---|---|
| 1928 | kr. | 1 207 000.00 |
| 1929 | — | 1 116 000.00 |
| 1930 | — | 1 003 000.00 |
| 1931 | — | 856 000.00 |
| 1932 | — | 865 000.00 |

Að meðaltali *rúmlega ein milljón króna á ári.*

Engin fiskiveiðaþjóð í Norðurálfunni nema Íslendingar leggur útflutningsgjald til ríkissjóðs á sjávarafurðir, en sumar þeirra veita beinan styrk til fiskiveiða eða verðlauna fyrir útflutning sjávarafurða. Það virðist líka ekki rétt hugsað, að leggja einskonar refsingu við framleiðslu nauðsynjavara til útflutnings. En bert er, hver fjarstæða það er að láta atvinnugrein, sem almenningur hefir uppeldi sitt af og rekin er með stórkostlegum tekjuhalla ár eftir ár, greiða af framleiðslunni sömu árin milljónir króna í *beinan* skatt til ríkissjóðs.

Að öllu þessu athuguðu: Hversu mikið ríkið og landsfólkið á undir afkomu útgerðarinnar, hversu miklar fórnir hún hefir fært ríkissjóði, og hversu illa hún nú er stödd, mun flestum sýnast, að útgerðin eigi kröfu á því, að ríkið rétti hag hennar.

Þessi krafa væri óefað réttmæt, þótt ríkissjóður ætti að leggja féð fram beinlínis. En nú standa svo sakir, að telja má að minnsta kosti líklegt, að útgerðin þurfi engin *bein* framlög úr ríkissjóði til þess að komast á heilbrigðan fjárhagsgrundvöll.

Eftir þeim áætlunum, sem milliþinganefndin hefir gert um skuldaskil fiskiskipaeigenda, eiga útflutningsgjöldin af sjávarafurðum næstu 6 ár að nægja til þessa, með þeim skuldaeftirgjöfum, sem líklegt er að fást myndu.

Þetta, að sjávarútvegurinn þarf ekki að krefjast beinna fórna af ríkissjóði, og þess vegna ekki stuðnings annara atvinnuvega til fjárhagsviðreisnar sér, heldur hyggst að rétta sig við af eigin rammleik, gerir það miklu eðlilegra og sjálfsagðara, að hinn óbeini stuðningur sé veittur.

Um einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er hin eina lánsstofnun, sem eingöngu er ætlað það hlutverk að styðja sjávarútveginn. Honum er og ætlað að leggja Skuldaskilasjóði ¼ milljón króna í upphafi. Eðlilegt virðist því, að Skuldaskilasjóður starfi í sambandi við þessa lánsstofnun.

Rétt þykir, að fiskiskipaeigendur einir eigi kost á lánum úr Skuldaskilasjóði. Annar atvinnurekstur í sambandi við útgerð, svo sem fiskikaup og vinnsla úr sjávarafurðum, telst frekar til verzlunar og iðnrekstrar heldur en til sjávarútvegs.

Um 2. gr.

Ætlazt er til, að stofnfé Skuldaskilasjóðs verði 5 milljónir króna. Nú er gert ráð fyrir, að Fiskveiðasjóður Íslands leggi fram 250 þús. kr. af þessari upphæð. Vantar þá 4¾ millj. kr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum hefir 5 síðastl. ár (1928—1932) verið að meðaltali rúml. ein milljón kr. á ári. Síðustu tvö árin var það þó ekki nema 856—865 þús. kr. Og með tilliti til þess að líklegt er, að útflutningsgjald af saltaðri síld lækki, þykir ekki fært að áætla útflutningsgjöldin næstu 6 ár hærri en 750—800 þús. kr. á ári. En það ætti þó að nægja til þess að fylla 5 milljónir með framlagi Fiskveiðasjóðs.

Um 3. gr.

Fyrsta málsgrein er áður skýrð.

Um síðari málsgreinar er það að segja, að bankarnir eru öðruhverju að taka rögg á sig og „gera menn upp“ einn og einn. Nú mun eflaust standa svo á, er Skuldaskilasjóður tekur til starfa, að rekstur hafi verið nýlega stöðvaður hjá einhverjum útgerðarmönnum, og að eignum þeirra sé ekki ráðstafað, þótt þeir hafi ekki lengur ráð á þeim né geti talizt eigendur útgerðar. Þykir rétt, að menn þessir eigi kost á því, ekki síður en aðrir, sem árferðið hefir leikið hart, að þeim sé hjálpað til að rétta hlut sinn.

Um 4. gr.

Það er ekki óvenjulegt, að lán séu afborgunarlaus eitt til tvö fyrstu ár lánstímans. Þegar eins stendur á og hér, að lánið er beinlínis ætlað til efnahagsviðréttingar, er nauðsynlegt, að lántakandi fái eitthvert svigrúm, áður en afborganir hefjast.

Um lánstímann geta verið skiptar skoðanir. Lán úr Kreppulánasjóði eru veitt til allt að 42 ára. En verðmæti þau, er standa að baki lánum til sjávarút-

vegsins, eru yfirleitt miklu skjótari fyrningu háð heldur en þau verðmæti, sem venjulega eru trygging fyrir landbúnaðarlánum. Þykir því sjálfsagt að hafa lánstímann miklu styttri hér. Virðist nefndinni, að hann mætti ekki vera lengri en 20 ár, en til greina gæti komið að hafa hann mismunandi langan, eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar, sem þá miðaði lánstímann að einhverju leyti við tryggingarnar.

Nefndin telur rétt, að vaxtakjör á lánum þessum séu sérstaklega vægileg, vegna þess, að það er sjávarútvegurinn sjálfur, sem á að leggja lánsfé fram.

Um 5. gr.

Gera má ráð fyrir, að hin verðmætari og tryggari veð lántakanda verði yfirleitt bundin, áður en til þess kemur að tryggja lán Skuldaskilasjóðs. Verður þá sjóðurinn að sætta sig við síðari veðrétti og tryggingar í lausafé. Virðist því réttmætt, að vegna Skuldaskilasjóðs séu veittar undantekningar þær, sem um ræðir í 5. gr.

Um 6. gr.

Í framkvæmd verður Skuldaskilasjóður deild í Fiskveiðasjóði Íslands. Fiskveiðasjóður leggur honum til hluta af stofnfénu, og eignast hann að lokum. Réttmætt virðist því, að hann annist afgreiðslu og reikningshald sjóðsins eftir það, að lánveitingum er lokið. Hinsvegar virðist ekki rétt, að stjórn Fiskveiðasjóðs, sem hefir einhliða hagnað af því að ná lánunum inn sem skjótast og gersamlegast, fái einnig rétt til ákvörðunar um greiðslufresti og því um líkt.

Um 7. gr.

Sjálfsagt er, að í hverju hæfilegu umdæmi verður að vera einhver milliliður milli lánbeiðanda og sjóðstjórnarinnar. Of þunglamalegt er að hafa til þess nefnd manna, og virðist því bezt, að það sé einn valinn maður.

Þessi maður yrði fyrst og fremst trúnaðarmaður sjóðstjórnarinnar, þótt hann aðstoðaði einnig lánbeiðendur, og er því sjálfsagt, að sjóðstjórnin velji hann sjálf.

Ekki má ætlast til, að sjóðstjórnin hlíti öðru mati en því, er hún lætur sjálf framkvæma, á eignum lánbeiðanda. Og þar sem gera verður ráð fyrir, að hún venjulega veldi þann mann fyrir skuldaskilaumboðsmann, sem bezt væri til þess fallinn að gera slíka efnahagsathugun, virðist rétt, að hann geti orðið annar virðingarmanna, ef sjóðstjórninni sýnist svo.

Um 8. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 9. gr.

Ætlazt er til, að eftir það, að lánbeiðni er tekin fyrir, verði skuldaskilum hraðað sem mest. Ætti það því ekki að valda miklum óþægindum fyrir kröfuhafa, þótt stöðvaðar séu aðfarir að lánbeiðendum meðan á skuldaskilum stendur. En það er alveg nauðsynlegt, að skuldaskilum verði ekki raskað á þann hátt. Jafnsjálfsagt er að mæla svo fyrir, að kröfur fyrnist ekki á þessum tíma.

Að öðru leyti er ekki ástæða til að skýra ákvæði þessarar greinar.

Um 10. gr.

Þarf engra skýringa.

Um 11. gr.

Í 13. gr. er fram tekið, hverjar þær skuldir eru, sem samningar ná ekki til. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringa.

Um 12. gr.

Til mála gat komið að mæla svo fyrir, að skuldaskilafundur væri lögmætur, ef löglega var til hans boðað, án tillits til þess, hvort fleiri eða færri kröfuhafar mættu.

Það mundi knýja kröfuhafa til að mæta, en höfuðskilyrði fyrir því, að samningar takist, eru ætíð þau, að þeir, sem hlut eiga að máli, hittist og talist við.

Nefndin sá þó ekki fært að ganga svo langt, og telur að treysta verði því, að yfirleitt verði virt svo mikils sú þjóðarnauðsyn, sem lausn þessara mála er, að aðilar verði fúsir til að mæta, eða láta mæta, á skuldaskilafundum. En ófært þykir, að minni hluti kröfuhafa geti stöðvað samninga orðalaust með fjarveru sinni.

Oftast mundi sjóðstjórnin hætta samningum, ef stórbreytingar yrðu gerðar á frumvarpi hennar. En rétt þykir að gera ráð fyrir, að þá megi taka upp samninga þegar aftur af nýju, því ekki er loku fyrir skotið, að þá gengi saman, þótt það tækist ekki í fyrstu.

Líklegt er að sönnu, að þessi aðferð yrði höfð, þótt ekkert ákvæði væri um það í lögunum. En sé það rétt, er þá ekki heldur neitt á móti því, að lögin geymi ákvæði um það.

Eðlilegt virðist, að meiri hlutinn bindi minni hlutann, þegar þjóðarnauðsyn má teljast að samningar náist, og er því ákveðið, að afl atkvæða, samkv. kröfuupphæð, ráði úrslitum á skuldaskilafundum.

Um 13. gr.

Í þessari grein er gengið út frá því, að veðhafar haldi þeim veðtryggingum, sem þeir hafa fyrir skuldum sínum. En sökum þess, að algengt er, að lánsstofnanir, er lána sjávarútvegsmönnum, taki veð í eignum manna fyrir miklu hærri fjárhæð heldur en veðin eru verð, þykir nauðsynlegt að undanskilja ekki skuldaskilasamningum hærri fjárhæð en þá, sem veðið er virt af virðingarmönnum Skuldaskilasjóðs. Að öðrum kosti mundi oft fara svo, að einn lánardrottinn gæti varnað því, að unnt væri að gera skuldaskilasamning og rétta við fjárhag skuldunauts.

Í eðli sínu tryggir ekki veðið heldur hærri fjárhæð en þá, sem það sjálft er vert.

Hliðstæð ákvæði eru í lögum um Kreppulánasjóð, svo hér er ekki um neina nýung að ræða. Hefir og fleirum en Íslendingum sýnzt hið sama, því í kreppuhjálparlögum Norðmanna eru hliðstæð ákvæði.

Um 14. gr.

Öruggast er, að stjórn Skuldaskilasjóðs sjái að öllu leyti um skuldaskil samkvæmt skuldaskilasamningi. Bæði er henni það auðveldast og kostnaðar-

minnst, þar eð allir aðilar mæta hjá henni, og svo veitir það nauðsynlega tryggingu fyrir því, að lán úr sjóðnum gangi eingöngu til þess, sem þau eru ætluð.

Um 15., 16. og 17. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 18. gr.

Eðlilegt virðist, að það, sem endurgreiðist af lánum Skuldaskilasjóðs, gangi til eflingar sjávarútvegi landsmanna, þar eð sjávarútvegurinn á að leggja lánsfé til. Fiskveiðasjóðurinn er sú lánsstofnun, sem eingöngu er ætlað að styðja sjávarútveginn, en skortir mjög fé til þess að fullnægja ætlunarverki sínu.

## Nd. 281. Frumvarp

til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Ólafur Thors, Sigurður Kristjánsson, Thor Thors, Pétur Ottesen, Guðbrandur Ísberg, Garðar Þorsteinsson.

### I. KAFLI

**Skipulag sjóðsins og ætlunarverk.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fiskveiðasjóður Íslands. Tilgangur hans er að styðja sjávarútveg landsmanna með hagkvæmum stofnlánum.

2. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sérstakri stjórn, sbr. 16. gr. Ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Sérstaka lagaheimild þarf þó hvert sinn til þess að taka lán handa sjóðnum.

3. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess getur sjóðurinn haft umboðsmenn eða umboðsskrifstofur þar, sem sjóðstjórnin telur þörf á.

### II. KAFLI

**Stofnfé Fiskveiðasjóðs og ávöxtun reiðufjár.**

4. gr.

Stofnfé Fiskveiðasjóðs skal aukið þannig:

1. Ríkissjóður leggur sjóðnum til 1 milljón króna. Greiðist tillag þetta á þann

hátt, að ríkissjóður greiðir sjóðnum fyrir árslok 1935 kr. 83333,34 og tekur að sér frá og með 1. júlí 1935 að greiða, sem sína eigin skuld, eftirstöðvar af skuld Fiskveiðasjóðs við Den danske Landmandsbank í Kaupmannahöfn, kr. 916666,66.

2. Fiskveiðasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 47 19. maí 1930 skal renna í sjóðinn óskert.
3. Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega jafnmikið fé og fiskveiðasjóðsgjaldið nemur.
4. Eignir varasjóðs og veðtryggingarsjóðs renna í stofnsjóð.
5. Þegar útrunninn er sá tími, sem útflutningsgjald af sjávarafurðum rennur í Skuldaskilasjóð útgerðarmanna, skal gjald þetta ganga óskert til Fiskveiðasjóðs Íslands í tíu ár.

5. gr.

Reiðufé Fiskveiðasjóðs skal ávaxta með sem beztum vaxtakjörum í innlánsdeild Útvegsbanka Íslands h/f, Reykjavík.

## III. KAFLI

### Útlánastarfsemi Fiskveiðasjóðs.

6. gr.

Fé Fiskveiðasjóðs má einungis lána sem hér segir:

1. Gegn fyrsta veðrétti í skipum, eigi stærri en 60 rúmlesta og séu þau ætluð til fiskiveiða.
2. Gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrarbræðslustöðvum, fiskimjölsverksmiðjum og öðrum iðnfyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu fiskiafurða.
3. Gegn fyrsta veðrétti í fiskverkunarstöðvum.
4. Gegn fyrsta veðrétti í hverskonar fiskiskipum landsmanna, stærri en 60 rúmlesta.

Veiting lána samkvæmt þessum lið skal hafin jafnskjótt og sjóðurinn verður aðnjótandi útflutningsgjaldsins af sjávarafurðum, sbr. 4. gr. 5. lið, og skal þá sett sérstök viðbótarreglugerð um þessa tegund útlána.

7. gr.

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að $\frac{2}{5}$ virðingarverðs. Sé einnig um aukatryggingar að ræða, fasteignaveð, handveð í auðseljanlegum verðbréfum, eða bæjar- eða sýsluábyrgð, má lána allt að $\frac{3}{5}$ virðingarverðsins.

Um lán til eldri skipa en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar í hvert sinn.

Lengsti lánstími samkvæmt þessum lið er 12 ár, og hámark láns út á eitt skip kr. 30000,00.

8. gr.

Út á eignir, sem tilgreindar eru í 6. gr. 2. lið, má lána allt að helmingi virðingarverðs, ef um nýja eign er að ræða. Lengstur lánstími er 15 ár og hámark láns kr. 24000,00.

9. gr.

Lán út á eignir, sem tilgreindar eru í 6. gr. 3. lið, skal því aðeins veita, að um fullkomna fiskverkunarstöð sé að ræða: fiskþurrkunarreita með tilsvarandi geymsluhúsum fyrir fisk, blautan og fullverkaðan, saltgeymsluhúsi, fiskþvottahúsi, svo og öðrum tækjum, sem nauðsynleg eru til fullkominnar saltfiskverkunar.

Lengstur lánstími samkvæmt þessum lið má vera 15 ár, og hámark lána til hvers lántakanda kr. 12000,00, þó ekki yfir helming virðingarverðs.

10. gr.

Vextir af lánum úr Fiskveiðasjóði skulu vera 5% — fimm af hundraði — á ári og greiðast fyrirfram fyrir eitt ár í senn, eða fyrir hluta úr ári, miðað við hinn almenna gjalddaga á lánum úr Fiskveiðasjóði, sem skal vera hinn 1. nóvember ár hvert.

Nú er afborgun og vextir eigi greitt fyrir 15. nóvember, og má þá ennfremur reikna ½% dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst.

11. gr.

Eignir þær, sem Fiskveiðasjóður tekur að veði, skulu virtar á kostnað lántakanda, af mönnum, sem stjórn sjóðsins tilnefnir, og eftir þeim reglum, sem nánar verða tilgreindar í reglugerð sjóðsins.

Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

Skylt er lánþega að hafa hið veðsetta vátryggt í vátryggingarstofnun, sem stjórn sjóðsins tekur gilda. Ef vanrækslа verður á þessu, er lánveitanda heimilt að annast vátrygginguna og innheimta iðgjaldið á gjalddaga lánsins, enda skulu tryggingar þær, sem sjóðurinn hefir, þá einnig vera fyrir slíkum greiðslum jafnt og fyrir láninu sjálfu.

## IV. KAFLI

### Um greiðslufall lána og réttindi Fiskveiðasjóðs.

12. gr.

Verði eigandaskipti að eign, sem er veðsett Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt þegar, að nokkru eða öllu leyti. Seljanda og kaupanda er skylt að tilkynna sjóðstjórninni eigandaskipti þegar í stað.

13. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði ekki greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það er eigi svo gild trygging sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar í stað, án uppsagnar.

14. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða að láta leggja það sjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Fiskveiðasjóður ber hinsvegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóður getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram á skrifstofu uppboðshaldara.

Fiskveiðasjóður hefir rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um það í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur eða menn vita ekki um heimili hans, og skal þá stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

15. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fiskveiðasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

## 5. KAFLI

### Stjórn sjóðsins, endurskoðun og reikningsskil.

16. gr.

Yfirumsjón Fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, sem fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefir á hendi framkvæmdastjórn sjóðsins og annast alla starfrækslu hans. Skal Fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bankanum, með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Kostnaður við rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans, eftir reikningi sem ráðherra úrskurðar.

17. gr.

Reikningar Fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, sem ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

18. gr.

Stjórn sjóðsins skal á miðju hverju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins. Skal það yfirlit birt í B-deild Stjórnartíðindanna. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning, og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Skal ársreikningurinn birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reikningsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið.

## 6. KAFLI

## Önnur ákvæði.

19. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Bækur sjóðsins, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi.

Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

20. gr.

Nú verða vanskil með greiðslu vátryggingariðgjalda fyrir skip, og er þá viðkomandi vátryggingarfélagi skylt að rannsaka, hvort skipið sé veðsett Fiskveiðasjóði, og ef svo reynist, þá að tilkynna sjóðnum tafarlaust um greiðslubrest iðgjaldsins. Sama gildir, ef skipseigandi lætur vátryggingu falla úr gildi og endurnýjar ekki vátryggingarsamning sinn við félagið.

21. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveiðasjóð Íslands má setja þau ákvæði um starfrækslu sjóðsins, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði laganna.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum, sem fara í bága við lög þessi.

## Ástæður.

Á aðalþinginu 1933 báru sjálfstæðismenn í Nd. fram þingsályktunartillögu um að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka hag og rekstrarafkomu sjávarútvegsins og gera tillögur til umbóta.

Skömmu eftir þinglok skipaði ríkisstjórnin milliþinganefnd í málið. Er frv. þetta samið af þeirri nefnd, og var til þess ætlazt, að það yrði flutt sem

stjórnarfrv. Ríkisstjórnin hefir þó eigi séð sér fært að taka málið að sér á þessu þingi og heldur eigi sjávarútvegsnefnd Nd. Er frv. því nú flutt af nokkrum þingmönnum, sem telja, að málið ráði bót á svo brýnni þörf, að eigi megi láta undir höfuð leggjast að freista þess að lögfesta fyrirmæli frv. þegar á þessu þingi.

Frá milliþinganefndinni fylgdi frv. svo hljóðandi

## Greinargerð.

Með lögum nr. 46 19. maí 1930 var sú stefna tekin, að efla Fiskveiðasjóð Íslands, svo að hann yrði fær um að veita stofnlán bátaútvegi landsmanna, bæði til bátakaupa og út á smærri iðnaðarfyrirtæki í sambandi við útveginn.

Þá hafði á nokkrum undanförnum þingum verið rætt mikið um nauðsyn þess, að efla sjóðinn og nokkur frumvörp verið flutt í því skyni, þó ekki fengju þau afgreiðslu. Meðal annars hafði þá verið um það rætt, að láta sjóðinn starfa í tveimur deildum, stofnlánadeild og rekstrarlánadeild.

Með stofnun Útvegsbanka Íslands, 1930, varð hinsvegar sú breyting á lánastarfseminni í landinu, að ætlazt var til, að Útvegsbankinn tæki að sér það hlutverk, fyrst og fremst, að vera viðskiptabanki útgerðarinnar og sjá henni fyrir starfsfé, að svo miklu leyti sem Landsbankinn ekki hafði tekið það að sér.

Lögin um Fiskveiðasjóð voru því afgreidd eins og fyrr segir, þannig, að hann skyldi annast stofnlánastarfsemi handa bátaútveginum.

Eignir Fiskveiðasjóðs voru, þegar þessi lög voru sett, eða í árslok 1930:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Útlán, 64 lán, ..... | kr. 368355,75 |
| 2. | Verðbréf ..... | — 203400,00 |
| 3. | Innstæður í bönkum ..... | — 116128,27 |
| | Samtals | kr. 687884,02 |

Starfsfé sjóðsins skyldi nú aukið með þrennu móti:

1. Ríkissjóði var gert að leggja fram 1 milljón króna.
2. Sérstakt verðgjald, Fiskveiðasjóðsgjald (⅛%), var lagt á allar útfluttar sjávarafurðir, og skyldi gjald þetta renna í Fiskveiðasjóð.
3. Í þriðja lagi var sjóðnum heimilað að gefa út vaxtabréf, með ábyrgð ríkissjóðs, allt að 1500000 krónum.

Í framkvæmd hefir þetta orðið þannig, að ríkissjóður er ekki farinn að greiða neitt af sínu framlagi. Fiskveiðasjóðsgjaldið hefir orðið:

| | | |
|---|---|---|
| Árið | 1931 ..... | kr. 43924,20 |
| — | 1932 ..... | — 48168,86 |
| — | 1933 ..... | — 51633,74 |

Í árslok 1930 tók sjóðurinn lán í Den danske Landmandsbank, d. kr. 1250000,00.

Þannig aukinn tók svo Fiskveiðasjóður til starfa í aprílmánuði 1931, undir stjórn Útvegsbankans.

Frá þeim tíma og til ársloka 1933 hefir sjóðurinn lánað:

| | | |
|---|---|---|
| Til skipa ..... | kr. | 740900,00 |
| — iðnaðarfyrirtækja ..... | — | 474700,00 |
| | Samtals kr. | 1215600,00 |

Milliþinganefndin í sjávarútvegsmálum lítur svo á, að það sé fyrir margra hluta sakir heppilegt, að ein sérstök stofnun annist veitingu stofnlána til útgerðarinnar og telur því sjálfsagt, að Fiskveiðasjóður verði gerður þess megnugur að taka þessar lánveitingar að sér að fullu.

Það er hinsvegar bersýnilegt, að sjóðurinn verður innan skamms uppiskroppa með reiðufé, ef ekkert er að gert. Og þá yrði hann það auðvitað alveg sérstaklega, ef nokkuð væri rýmkað verksvið hans, en á því telur nefndin mikla þörf.

Af skuld sjóðsins við Den danske Landmandsbank verður að greiða árlega nokkuð á annað hundrað þúsundir króna í afborganir og vexti (árið 1933 kr. 140625,00), en afborganir og vextir, sem sjóðurinn fékk af útlánum sínum 1933, voru samtals kr. 268159,31.

Sést af þessu, að lítið er afgangs til lánveitinga, en hinsvegar aðkallandi nauðsyn að endurnýja fiskiskipastólinn og ýms iðnaðarfyrirtæki í sambandi við útgerðina. En þetta verður ekki gert nema með því móti, að greiður aðgangur sé að lánum til þessara hluta.

Með því nú að nefndin telur nauðsynlegt að rýmka nokkuð starfssvið sjóðsins og lánakjör og auka starfsfé hans, þá hefir hún ráðizt í það að semja frumvarp til nýrra laga fyrir Fiskveiðasjóð Íslands.

Stofnfé Fiskveiðasjóðs leggur nefndin til að verði aukið þannig: í fyrsta lagi, að ríkissjóður leggi fram þá einu milljón króna, sem lögin frá 1930 gerðu ráð fyrir að hann legði sjóðnum til.

Nú með því að ríkissjóði mundi veita erfitt að snara þessari upphæð út, þá er hér stungið upp á því, að ríkissjóður greiði upphæðina á þann hátt, að hann taki að sér skuld Fiskveiðasjóðs við Landmandsbankann, sem verður eftir næstu áramót kr. 916666,66, og greiði sjóðnum í peningum, fyrir árslok 1935, það sem á vantar milljónina.

Í lögunum frá 1930 er svo fyrir mælt, að greiðslu þessarar milljónar króna skuli lokið fyrir árslok 1941. Með þeirri tilhögun, sem hér er stungið upp á, yrði ríkissjóður að greiða upphæðina, með vöxtum, á 11 árum, en hefði annars þurft að inna greiðsluna af hendi á sjö árum.

Fiskveiðasjóði væri það hinsvegar hinn mesti styrkur að losna við afborgana- og vaxtagreiðslur af láninu, og gæti þá varið þeim mun hærri fjárhæð árlega til útlána, sem þessum greiðslum nemur.

Þá er lagt til, að ríkissjóður leggi sjóðnum til árlega jafnháa upphæð og fiskveiðasjóðsgjaldið nemur. Undanfarin þrjú ár hefir fiskveiðasjóðsgjaldið

verið að meðaltali c. 47900 krónur á ári. Auðsætt er, að gjald þetta nær skammt til þess að fullnægja vaxandi fjárþörf sjóðsins. En með því nú að gjald þetta er beint tillag frá útgerðinni sjálfri, til stofnunar, sem þó er eign ríkisins og undir þess stjórn, þá þykir full sanngirni mæla með því, að ríkissjóður leggi jafnt á móti.

Gert er ráð fyrir því, að varasjóður Fiskveiðasjóðs, sem nú er ca. kr. 40000,00, og veðtryggingarsjóður, ca. kr. 6000,00, renni í stofnsjóð og verði þar með felldir niður sem sérstakir sjóðir.

Um varasjóðinn er það að segja, að ekki virðist nein ástæða til að hafa hann, þar sem eigið fé Fiskveiðasjóðs (stofnsjóður) er það mikið, að sjóðurinn stendur á fjárhagslega öruggum grundvelli, og þó að hann kynni að taka lán, þá verður það aldrei svo hátt, að það verði eigi talið fullkomlega tryggt með eignum sjóðsins.

Þegar ákvæðið um stofnun varasjóðs var sett í lögin, virðist hafa verið farið eftir útlendum fyrirmyndum, þar sem tilsvarandi stofnanir gefa út vaxtabréf, margfalda upphæð á við eigið fé, sem þá þykir rétt að tryggja samningsbundna innlausn á, með sérstökum varasjóði. Hér er ekki slíku til að dreifa. Það kemur vafalaust aldrei til þess, að Fiskveiðasjóður taki stærri lán en sem svarar eigin fé hans í stofnsjóði, og sýnist það vera ærin trygging fyrir lánveitanda.

Veðtryggingarsjóðnum var ætlað að greiða sjóveð, er falla kynnu á skip, sem veðsett væri Fiskveiðasjóði, en sjóður þessi myndast þannig, að sérstakt gjald, ¼% p. a., er innheimt af þeim útlánum Fiskveiðasjóðs, sem tryggð eru með veði í skipum.

Þegar nú Fiskveiðasjóður eflist stöðugt og vex með ári hverju, þá virðist ekki skipta verulegu máli fyrir sjóðinn, að innheimta þetta aukagjald, sem undanfarið hefir ekki numið nema sem svarar tvö þúsund krónum á ári. Og þar sem gjaldið er illa séð af útgerðarmönnum, en hinsvegar brýn nauðsyn að létta vaxtabyrðar útgerðarinnar, þá er lagt til, að gjaldið hverfi úr sögunni.

Nefndinni er ljóst, að það er ekki síður nauðsynlegt að hugsa fyrir sæmilega viðunandi stofnlánum til hinnar svokölluðu stórútgerðar, línuveiðagufuskipa og botnvörpunga, heldur en þátaútvegsins.

Togarafloti landsmanna er nú aðeins 35 skip. Meðalaldur þessara skipa er rúmlega 14 ár. Síðan 1. janúar 1931 hafa farizt fimm íslenzkir togarar, en enginn nýr togari bætzt við.

Öllum almenningi er kunnugt, að togaraútgerðin hefir gengið svo illa undanfarin ár, að hún sjálf á enga varasjóði til endurnýjunar skipunum, og þegar útgerðin skilar ekki arði, þá er heldur ekki við því að búast, að einstaklingar sjái sér fært að leggja fram það fé, sem þarf í þessu skyni. Og ekki munu bankarnir hugsa sér lánveitingar til þessara hluta.

Það er því bersýnilegt, að togarafloti Íslendinga er innan skamms alveg úr sögunni, ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að unnt verði að endurnýja hann.

Ekkert vit er í því, að loka augunum fyrir þeim háska, sem þarna blasir

við. Verður ekki séð, að annað ráð sé tiltækilegra til þess að forðast þann ófarnað en að efla lánstofnun, sem veitt gæti hagfelld lán til endurnýjunar flotans. Virðist ekkert eðlilegra en að útgerðinni sjálfri sé leyft að vinna þetta nauðsynjaverk, ef hún reynist þess megnug.

Nefndin leggur því til, að útflutningsgjaldið af sjávarafurðum verði í 10 ár látið renna í Fiskveiðasjóð.

Gert er ráð fyrir, að útflutningsgjaldið verði ekki undir 750 þús. kr. á ári, eða 7½ milljón króna í 10 ár.

Með þessu móti telur nefndin, að Fiskveiðasjóður mundi verða fær um að annast stofnlánastarfsemi allrar útgerðar landsmanna.

En með því að nefndin hefir í öðru frumvarpi gert ráð fyrir því, að gjald þetta verði næstu sex ár notað til skuldaskila og fjárhagslegrar viðreisnar útgerðinni, þá er ekki reiknað með því, að Fiskveiðasjóður fái þessar tekjur fyrr en að liðnum þeim sex árum, eða í fyrsta sinn árið 1941.

Ætlazt er til þess, að nánari fyrirmæli um tilhögun lána til togara og línugufuskipa verði sett í viðbótarreglugerð, er gefin verði út um leið og sjóðurinn verður fær um að hefja þessa grein lánastarfseminnar.

Um einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1., 2. og 3. gr.

Þessar greinar kveða nokkuð skýrar á um skipulag sjóðsins en gert er í núgildandi lögum.

Um 4. gr.

Þessi grein hefir þegar verið skýrð hér að framan.

Um 5. gr.

Þessi grein er í samræmi við núgildandi ákvæði í 27. gr. reglugerðar sjóðsins.

Um 6. gr.

1. og 2. liður. Rétt þykir að taka það fram, þó óþarft ætti það að vera, að sjóðnum er eingöngu ætlað að veita lán út á þau skip, sem stunda fiskveiðar.

Með því að bátaútgerð er í daglegu talin útgerð skipa allt að 60 rúmlesta, sbr. og það, að smáskipapróf veitir réttindi til að stýra það stórum skipum, þá þykir rétt, að miðað sé við það stærðartakmark á meðan sjóðurinn er á því stigi, að hann getur ekki byrjað lánveitingar til stórútgerðarinnar.

3. liður. Stjórn sjóðsins mun hafa litið svo á, að b-liður 4. gr. fiskveiðasjóðslaganna heimilaði ekki að lána út á fiskverkunarstöðvar. Um þennan skilning eru nokkuð skiptar skoðanir. Nefndin vill taka af öll tvímæli í þessu efni og setja ákvæði um lánveitingar til verkunarstöðva.

Það er vitað, að útgerðarmönnum er það í flestum tilfellum hinn mesti styrkur að hafa aðstöðu til þess að verka fiskinn sjálfir. Þess vegna þykir sjálfsagt, að Fiskveiðasjóður aðstoði menn í þessu efni með hagkvæmum lánum.

4. og 5. liður. Efni þessara liða hefir þegar verið rætt hér að framan.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að breyta nokkuð heimildinni til lánsákvörðunar út á ný skip.

Í stað þess að nú er heimilt að lána helming virðingarverðs, þá er lagt til, að lána megi allt að 2/5 út á ný skip, en allt að 3/5 ef aukatryggingar fylgja. Hámark lána eða lánstíma breytist þó ekki. Mundi þessi tilhögun verða til mikils hagræðis fyrir útgerðarmenn, en þó án verulega aukinnar áhættu fyrir sjóðinn.

Rétt þykir að greina á milli lánveitinga til nýrra skipa og eldri. Verður lánsákvörðun til eldri skipa að vera eftir áliti sjóðstjórnarinnar í hvert sinn, en það liggur í hlutarins eðli, að ekki verður lánað jafnmikið út á þau og ný skip.

Um 8. gr.

Til þess að gera mönnum hægra fyrir með stofnsetningu iðnaðarfyrirtækja í sambandi við sjávarútveginn, er lagt til, að lána megi til þessara hluta allt að helmingi virðingarverðs. En með því að öll lánastarfsemi sjóðsins miðast fyrst um sinn við þarfir bátaútvegsmanna eingöngu, þá þykir ekki ástæða til að hafa hámark þessara lána hærra en 24 þús. krónur.

Um 9. gr.

Um lánveitingar samkvæmt þessari grein hefir þegar verið rætt. Til þess að sem flestir geti orðið lána aðnjótandi, þykir ekki unnt að lána meira en 12 þús. kr. í einn stað.

Um 10. gr.

Erfið afkoma útgerðarinnar réttlætir fyllilega það, að lagt er til að útlánsvextir sjóðsins lækki niður í 5%. Og með þeirri tilhögun fjáröflunar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, á sjóðnum ekki að vera nauðsynlegt að taka hærri vexti.

Um 11.—18. gr.

Í þessum greinum eru sett ýms fyrirkomulagsatriði, mestmegnis samhljóða því, sem nú er, en þó lítið eitt fyllri.

Um 19. gr.

Í samræmi við aðrar tillögur nefndarinnar um það, að létta lánakjör útgerðarinnar, þá er einnig lagt til að viðskipti við sjóðinn séu stimpilfrjáls. Þá þykir og sjálfsagt, að sjóðurinn hafi sama rétt og Landsbankinn til ókeypis veðbókarvottorða.

Þess má geta, að tilsvarandi lánsstofnanir í Noregi og Danmörku njóta sömu hlunninda og ræðir um í þessari grein.

Um 20. gr.

Með því að til eru lagaákvæði um forgangsveðrétt til tryggingar vátryggingariðgjöldum skipa (Samábyrgðin), þá þykir sjálfsagt, að vátryggingarfélögin séu jafnan skyld að tilkynna Fiskveiðasjóði vanskil á greiðslu iðgjalda.

**Nd.** **282. Frumvarp**

til laga um vátryggingar opinna vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Fiskifélagi Íslands skal falið að gangast fyrir stofnun bátaábyrgðarfélaga fyrir opna vélbáta (trillubáta), í svo mörgum verstöðvum, er þurfa þykir, til þess að eigendur þeirra báta, er um ræðir, eigi kost á að vátryggja báta sína í ábyrgðarfélagi í verstöð sinni eða nágrenni.

Fiskifélagið semur frumvarp að félagslögum, ásamt reglugerð fyrir hvert félag.

2. gr.

Í félagslögum skal vátryggingariðgjald ákveðið 5% á ári af virðingarupphæð.

Þegar vátryggður bátur stendur á landi fjóra til sex mánuði samanlagt á ári (eða meira), er skylt að endurgreiða hluta af vátryggingariðgjaldinu, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð, þó ekki yfir 25%. Nú stendur bátur á landi lengur en sex mánuði, og má þá endurgreiða allt að 40% af iðgjaldinu.

3. gr.

Nú hefir félag verið stofnað samkvæmt lögum þessum, og skal samábyrgð Íslands á fiskiskipum þá skylt, er þess er leitað, að endurtryggja fyrir hvert félag helming samanlagðrar áhættuupphæðar með sömu kjörum og félagið, að því tilskildu, að lögfest sé í félagslögunum:

a ð félagsmenn ábyrgist sameiginlega ábyrgðarskuldbindingar félagsins.

a ð vátryggingin nái aðeins til ⅘ hluta virðingarverðs í hverjum fyrsta flokks bát, en ⅕ hluti sé hvergi tryggður, og til ¾ hluta í hverjum annars flokks bát, en ¼ hluti sé hvergi tryggður.

a ð félagið bæti aðeins algerðan bátstapa. Þó skal skylt að bæta tjón á bát, er orsakast við það, ef bát er siglt í strand til að bjarga lífi skipshafnar.

a ð lög félagsins og reglugerð hafi verið samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.

a ð Samábyrgðin samþykki val virðingarmanna félagsins.

4. gr.

Sérhverjum eiganda opins vélbáts (trillubáts), sem gengur til fiskiveiða á vertíðum, er skylt að hafa bát sinn vátryggðan fyrir sjótjóni samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Ákveða má í reglugerð, að iðgjöld fyrir vátryggingar báta samkvæmt lögum þessum hafi lögtaksrétt.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ástæður.

Frv. þetta er samið af milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, og hefir atvinnumálaráðherra mælt með því, að sjávarútvegsnefnd flytti það. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að taka sjálfstætt tillit til breytinga, sem fram kunna að verða bornar.

Frá milliþinganefndinni fylgdi frumvarpinu eftirfarandi

## Greinargerð.

Milliþinganefndin í sjávarútvegsmálum hefir sérstaklega athugað það ástand, er ríkir hvað snertir vátryggingar á hinum opnu vélbátum (trillubátum), er til fiskiveiða ganga hér við land. Bæði heyrir rannsókn á vátryggingarkjörum skipanna undir athugun á hag útgerðarinnar, og auk þess var nefndinni sérstaklega bent á ástandið, hvað tryggingar á opnu vélbátunum snertir, af stjórn Útvegsbanka Íslands h/f, með bréfi því, dags. 17. apríl 1934, sem fylgir þessari greinargerð.

Nefndin kynnti sér þetta mál, eftir því sem föng voru á. Hefir hún bæði átt bréfaviðskipti og samtöl við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f um vátryggingar opnu vélbátanna.

Hinn opni vélbátafloti telst nefndinni til, að verið hafi í árslok 1932 394 bátar, og mun ekki vera of hátt áætlað, að hver slíkur vélbátur sé um 2000 kr. virði að meðaltali. Er þá hér um skipastól að ræða, sem er um 800000 króna virði. Við athugun á aflamagni vélbátanna árið 1932 hefir nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að á „trillurnar“ hafi aflazt 19,6% af samanlögðu aflamagni vélbátaflotans það ár.

Opnu vélbátarnir eru því mjög þýðingarmikill aðili í bátafiskiveiðum vorum. Hin mikla aukning „trillubáta“-flotans hin síðari ár stafar, að áliti nefndarinnar, að nokkru leyti af því, að menn hafa vegna fjárskorts síður ráðið við það að eignast betri og þiljaða báta en „trillubátana“, og því orðið að taka þann síðari kostinn.

Þessi skipakostur, sem fleytir um fimmta hluta alls bátafiskaflans að landi, er því nær alveg óvátryggður. Tíu slíkir bátar munu nú vera vátryggðir hjá Sjóvátryggingarfélaginu. Í bréfi frá Samábyrgð Íslands til nefndarinnar, dags. 6. júní þ. á., segir um þetta:

„.... Þá teljið þér og það með réttu, að þörfin muni vera mest aðkallandi hvað snertir vátryggingu trillubáta. Saga þessa máls er, að svo miklu leyti sem Samábyrgðin þekkir hana, þessi: Á Fiskiþinginu 1928 var stjórn þess félags falið, í samráði við Samábyrgðina, að semja uppkast að lagafrv. og reglugerð fyrir héraðafélög, sem svo var gert ráð fyrir, að endurtryggja hjá vátryggingarfélagi hér í Reykjavik. Frumvörp þessi voru samin og að sögn forseta Fiskifélagsins send öllum deildum þess þá um haustið, en ekki er Samábyrgðinni kunnugt um, að eitt einasta félag hafi verið stofnað af þessu tægi, menn sýnilega ekki viljað eða komið sér saman um að leggja neitt á sig í þessu skyni, hvorki ómak né áhættu.

Þetta, að stofna héraðafélög, er taki að sér vátryggingu trillubáta, þó aðeins fyrir algerðum skiptapa og með þeim vátryggingarkjörum, þ. e. iðgjaldsupphæð, að félögin fái endurtryggðan helming vátryggingarupphæðarinnar frá félögum hér í bænum, er hin *eina* leið, sem farin verður í þessu máli. Því til tafar hefir önnur leið víst verið reynd, þ. e. bein trygging, en mun hafa gefizt illa, þar sem hlutaðeigandi félag mun alveg hafa kippt að sér hendinni og hætt að taka að sér slíkar vátryggingar.

Ekki getur Samábyrgðin látið neitt uppi um það, hvar helzt ætti að stofna héraðafélög eða yfir hve stórt svæði hvert félag ætti að ná. Það fer eftir staðháttum og áliti kunnugra manna á hverjum stað, en víðast hvar, ef ekki alstaðar, gætu þau náð til eða yfir fleiri en einn útgerðarstað. ...“

Af þessu er auðsætt, hversu ástandið er með vátryggingar opnu bátanna, og virðist nefndinni nauðsyn bera til þess, að freistað sé að ráða bót á því. Bæði er hér um mikið verðmæti að ræða og svo eru þessar eignir ekki veðhæfar eins og nú er.

Í bréfi Samábyrgðarinnar, því sem hér var birtur kafli úr, er því lýst, hversu mistekizt hafi að fá menn til að ganga í félög með frjálsum samtökum. Nefndin hefir rætt við forstjóra Samábyrgðar Íslands um endurtryggingu fyrir félög í héruðum, er önnuðust tryggingarnar, og hefir komizt að samkomulagi við hann í öllum höfuðatriðum um grundvöll fyrir skipulagi, er gerði Samábyrgðinni það kleift að taka að sér endurtryggingarnar.

Þá hefir nefndin ennfremur rætt þetta mál, og þó einkum þær aðferðir til að koma skipan á þessi mál, er í frv. felast, við forseta Fiskifélagsins, en Fiskifélagið hefir þegar undirbúið stofnun héraðafélaga, með því að útbúa frv. til félagslaga og reglugerða fyrir væntanleg vátryggingarfélög. Tjáði forsetinn sig samþykkan hugmynd nefndarinnar í öllum höfuðatriðum og sagði Fiskifélagið jafnfúst og áður til að koma þessari vátryggingarstarfsemi af stað.

Það er talið víst, að Sjóvátryggingarfélagið hafi orðið að hækka iðgjöldin, svo sem raun varð á, vegna þess, hve lítil þátttaka varð í tryggingunum. Í viðræðum við forstjóra Samábyrgðarinnar kom það og ljóst fram, að því aðeins væri unnt að hafa endurtryggingariðgjöld hófleg, að þátttaka væri almenn í tryggingunum.

Þegar litið er til þeirrar reynslu, sem fengin er, virðist nefndinni nauðsynlegt að gera bátaeigendum þeim, er hér eiga hlut að máli, skylt að hafa báta sína vátryggða, og hefir nefndin horfið að því ráði.

Nefndin telur, að mjög verði að stilla í hóf með öll gjöld, sem eigendum bátanna er gert að greiða í sambandi við vátrygginguna.

Inntökugjald í félögin má ekki, að hennar áliti, fara fram úr ½% af vátryggingarupphæð, og virðingargjald eigi yfir 8 kr. til hvers virðingarmanns og endurvirðing helmingi lægri.

**Fylgiskjal.**

**Bréf Útvegsbanka Íslands h/f til nefndarinnar.**

Reykjavík, 17. apríl 1934.

Í tilefni af rannsókn þeirri á kjörum útvegsmanna, sem háttvirt milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum vinnur nú að, og með tilliti til knýjandi nauðsynjar þess, að allt sé gert, sem unnt er, til þess að bæta rekstrarskilyrði útvegsins, leyfum vér oss hér með að benda nefndinni á eitt atriði, sem mjög væri æskilegt, að tekið yrði til skjótrar athugunar og endurbóta, eftir því sem mögulegt er, en það eru vátryggingarskilyrði smábáta eða svonefndra trillubáta.

Það mun hafa verið svo, fyrst í stað eftir að notkun trillubáta fór að aukast, að þeir voru ekki vátryggðir. En með vaxandi lánaþörf útvegsmanna varð þeim nauðsynlegt að fá lán út á bátana sem veð, en það var ekki unnt með öðru móti en því, að bátarnir væru vátryggðir.

Því var það, að Sjóvátryggingarfélag Íslands gerði á árinu 1930 (eða 1931) tilraun með að vátryggja trillubáta, og að því er félagið hefir tjáð oss, hafði það þá von um, að notkun trygginganna mundi verða það almenn, að unnt yrði að hafa hóflega iðgjaldagreiðslu. Var iðgjaldið ákveðið 5% yfir árið, endurgreiðslulaust, og 3% fyrir hálft ár. Ef einungis var tryggt gegn algerðu tapi, var iðgjaldið 4% allt árið og 2% hálft árið.

Vegna lítillar þátttöku útvegsmanna í tryggingum þessum og sérstakra óhappa, sem félagið varð fyrir með þá fáu báta, sem það tryggði, hefir það nú nýlega ákveðið að hækka iðgjöldin þannig, að þau verði 10% á ári, með endurgreiðslurétti fyrir allt að 4 mánaða landstöðu (iðgjald þann tíma ⅛%), þannig að hin raunverulega greiðsla verður sem næst 7,20%. Þó verða bátaeigendur sjálfir að bera fyrstu 300 krónur af öllum sköðum og fimmta hluta af því, sem þar er fram yfir.

Það liggur í augum uppi, að svona há iðgjöld eru mjög tilfinnanlegur baggi á útvegsmenn, og það svo, að freistingin verður mjög sterk að hafa bátana óvátryggða. En þá er aftur komið í sama horfið með öryggisleysið gagnvart veðhafa.

Vér teljum það hinsvegar líklegt, að með aðstoð ríkisstjórnarinnar, og ef til vill í samvinnu við Fiskifélagið, megi takast að skipuleggja þessar — og reyndar allar tryggingar fiskibáta — á betri og að verulegum mun hagkvæmari hátt en nú er, og teljum vér ákjósanlegast, að milliþinganefndin í sjávarútvegsmálum beiti sér fyrir málinu.

Virðingarfyllst

Útvegsbanki Íslands h/f

Jón Ólafsson. Jón Baldvinsson.

Til milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum, Reykjavík.

## Nd. 283. Breytingartillaga

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjármálaráðherra.

Við 9. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Undanþeginn skal tekjuskatti helmingur þess hluta af hreinum tekjum skattgreiðenda, einstaklinga og félaga, sem gengur til þess að jafna rekstrartöp þriggja síðustu ára og varasjóður hrekkur ekki fyrir. Skal rekstrartap hvers árs jafnað út af fyrir sig, þannig að fyrst sé jafnað tap fyrsta hallaársins af þeim þremur, sem til greina geta komið. Undanþágan kemur þó því aðeins til greina, að skattgreiðandi hafi gert fulla grein fyrir rekstrartapinu á framtali sínu til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð.

## Ed. 284. Nefndarálit

um frv. til laga um verzlunarlóð Ísafjarðar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að fengnum upplýsingum, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (PM) var fjarverandi sökum veikinda, er málið var afgreitt.

Alþingi, 1. nóv. 1934.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.
Ingvar Pálmason, fundaskr.

## Nd. 285. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febr. 1872.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. nóv. 1934.

Finnur Jónsson, form.
Páll Þorbjörnsson, frsm.
Bergur Jónsson, fundaskr.
Sigurður Kristjánsson.
Jóhann Þ. Jósefsson.

## Nd. 286. Nefndarálit

um frv. til l. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir, eftir að hafa athugað frumvarpið, orðið sammála um að mæla með því, að það nái fram að ganga, en þrír nefndarmenn, þeir GÍ, JónP og HV, áskilja sér þó rétt til að flytja við það breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, er fram koma.

Alþingi, 1. nóv. 1934.

Bjarni Ásgeirsson, form. Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm. Jón Pálmason.
Guðbr. Ísberg. Héðinn Valdimarsson.

## Nd. 287. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild handa skipulagsnefnd atvinnumála til þess að krefjast skýrslna o. fl.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir klofnað í málinu. Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt, til þess að skipulagsnefnd atvinnumála geti fullnægt ætlunarverki sínu, að henni sé fengið það vald til að fá skýrslur um hag ríkis og þjóðar og um atvinnurekstur landsmanna yfirleitt, sem frumvarpið heimilar. Leggur meiri hluti allsherjarnefndar því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Minni hlutinn (GÞ og TT) er mótfallinn frumvarpinu.

Alþingi, 1. nóv. 1934.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm. Bergur Jónsson, fundaskr. Stefán Jóh. Stefánsson.

## Nd. 288. Breytingartillögur

við frv. til l. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Jóni Pálmasyni og Guðbrandi Ísberg.

1. Við 1. gr. Fyrsta málsgr. orðist þannig:
   Til þess að greiða fyrir innanlandsverzlun með sláturfjárafurðir skipar ríkisstjórnin 7 manna kjötverðlagsnefnd til eins árs í senn.

Þessar stofnanir tilnefna sinn manninn hver í nefndina:
1. Samband íslenzkra samvinnufélaga,
2. Búnaðarfélag Íslands,
3. Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga sameiginlega,
4. Landssamband iðnaðarmanna,
5. Alþýðusamband Íslands,
6. Verzlunarráð Íslands.

Landbúnaðarráðherra skipar 7. manninn, sem sé formaður nefndarinnar.

2. Við 3. gr. Greinina skal orða þannig:

Enginn má slátra sauðfé til sölu, né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu, án leyfis kjötverðlagsnefndar. Heimilt skal þó sauðfjáreigendum, er reykja kjöt á heimilum sínum, að selja það beint til neytenda, enda greiði þeir af því verðjöfnunargjald um leið og afhending fer fram. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum bænda, sem til eru og stofnuð kunna að verða, og einnig þeim verzlunum öðrum, sem árið 1933 starfræktu sláturhús, sem fullnægðu ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933. Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur og flutning fjárins til sláturhúss, að illfært sé að dómi nefndarinnar.

Í leyfi getur nefndin ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands.

## Nd. 289. Frumvarp

til laga um kaup á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Páll Þorbjörnsson, Magnús Torfason.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að gefa út ríkisskuldabréf fyrir allt að 2 milljónum króna. Ríkisskuldabréf þessi, sem bera 4% ársvexti, eru afborgunarlaus næstu 5 ár, en greiðast því næst með jöfnum afborgunum á 30 árum eftir inndrætti.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um inndráttinn.

2. gr.

Skuldabréfum þeim, er um ræðir í 1. gr., skal varið til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f. Þau ein hlutabréf skulu keypt, er sannað verður, að hafi verið gefin út til þeirra manna, er áttu sparisjóðsfé (innlán í bók eða á skírteini) í Íslandsbanka og tekið hafa á móti hlutabréfum sem hluta af þeirri innstæðu. Hlutabréfin skulu keypt við nafnverði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. júní 1935.

## Ástæður.

Þegar verið var að reyna að bjarga Íslandsbanka árið 1930, var meðal annars leitað til sparifjáreigenda, þeirra er innstæðu áttu í bankanum, og fengin loforð þeirra um hlutafjárkaup bankanum til stuðnings. Brugðust fjölmargir sparifjáreigendur drengilega við, og munu flestir þeirra, er til var leitað, hafa lofað helmingi innstæðufjár síns til viðreisnar bankanum.

Margir urðu þó þeir, er ekkert lögðu af mörkum, meðal annars vegna þess, að á þeim skamma tíma, er söfnunarnefndin hafði til starfa, náðist alls ekki til allra þeirra, er hlut áttu að máli. Málalok urðu þau, sem kunnugt er, að stofnaður var nýr banki að tilhlutun ríkisvaldsins, Útvegsbanki Íslands h/f, er tók við eignum og skuldum Íslandsbanka.

Þeim hluta sparifjárins, er lofað hafði verið til endurreisnar Íslandsbanka, var svo haldið eftir sem hlutafé í hinum nýja banka, Útvegsbanka Íslands h/f.

Ríkissjóður er aðalhluthafi bankans með 4½ millj. króna hlutafé. Áhrifa annara innlendra hluthafa en ríkisins hefir frá öndverðu lítið gætt, og er nú svo komið, að þeirra gætir alls ekkert. Þeir hafa í framkvæmdinni engin áhrif á skipun yfirstjórnar bankans eða annað, er máli skiptir.

Nú hefir svo skipazt, að ríkið hefir tekið ábyrgð á innstæðufé bankans, eins og það ábyrgist innstæðufé í þjóðbankanum, og er nú svo komið, að fremur má telja Útvegsbankann ríkisstofnun en einkafyrirtæki.

Um það mætti deila, hvort rétt hafi verið að halda sparifénu inni í Útvegsbankanum sem hlutafé, þar sem því var lofað til viðreisnar Íslandsbanka, en ekki til stofnunar nýs banka, eins og raun varð á, en það verður ekki gert hér frekar að umtalsefni.

Á hitt skal bent, að þeir, sem settu sparifé sitt fast á þennan hátt, í þeim tilgangi að firra þjóðina vandræðum og verja viðskiptabanka sinn falli, hafa orðið fyrir misrétti, samanborið við þá, er engu vildu fórna í þessu skyni og hafa haldið sparifé sínu óskertu og síðan fengið vernd ríkisins á innieign sinni.

Vitanlegt er, að allur fjöldinn af sparifjáreigendum, þeim er fram lögðu fé sitt eins og áður segir, gerðu það af litlum efnum í öndverðu, og þá ekki síður hitt, að efnahagur manna yfirleitt hefir stórum versnað undanfarin kreppuár og bagi manna þeim mun meiri, þeirra er fé sitt eiga í hlutabréfum, sem engum arði svara.

Eftir því, sem næst verður komizt, munu þau hlutabréf, sem hér er um að ræða, nema um 1,8 millj. krónum.

Með frv. er farið fram á, að ríkið yfirtaki umrædda hlutafjáreign sparifjáreigenda á þann hátt, er þar segir. Til þess að gera ríkinu þetta sem auðveldast, er innlausn skuldabréfanna frestað fyrst um sinn nokkur ár og síðan dreift á langt árabil, svo langt, að það að vísu rýrir verðgildi bréfanna, ef þau ganga kaupum og sölum. Hinsvegar yrðu þau veðhæf, trygg og arðberandi eign og aðstaða eigenda þeirra því stórum bætt frá því, sem nú er.

Með ákvæðum frv., ef það næði lögfestingu, er ríkissjóði að vísu bundin nokkur byrði, en eins og nú er komið, mælir öll sanngirni með því, að ríkisvaldið, sem er aðaleigandi bankans, ábyrgist skuldbindingar hans að verulegu

leyti og hefir óskoruð yfirráð hans, geri nú, þótt seint sé, þær ráðstafanir, sem hér er farið fram á, eða aðrar svipaðar, til þess að leiðrétta þá misbresti, er urðu að þessu leyti við stöðvun Íslandsbanka á aðbúnaði ríkisvaldsins við fjölda af sparifjáreigendum í landinu.

## Nd. 290. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 89 (Útflutningsgjald).

Frá Guðbrandi Ísberg, Páli Zóphóníassyni, Emil Jónssyni og Jakob Möller.

Við b-lið. Málsgreinin orðist svo:
Af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum, kr. 3,00.

## Ed. 291. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 8. nóv. 1895, um hagfræðiskýrslur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurjón Á. Ólafsson, form. | Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm. | Pétur Magnússon. |

## Sþ. 292. Tillaga

til þingsályktunar um gæzlu veiðarfæra fyrir Norðurlandi.

Flm.: Garðar Þorsteinsson, Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta varðskip eða varðbát hafast við að staðaldri fyrir Norðurlandi á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert, til þess að gæta veiðarfæra fiskimanna.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt eftir beiðni fjölmargra útgerðar- og sjómanna á Norðurlandi. Fram til þessa tíma hafa fiskimenn getað nokkurnveginn veitt í friði fyrir ágangi togara. En síðastliðin 2—3 ár hefir brugðið mjög til hins verra í

þeim efnum, og hafa fiskimenn orðið fyrir miklu tjóni vegna þess að togarar hafa eyðilagt veiðarfæri þeirra.

Það virðist því vera full ástæða til þess, að ríkisstjórnin láti eitt af varðskipum ríkisins vernda veiðarfæri fiskimanna á þessum slóðum.

Þess skal getið, að fiskimenn frá Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Hrísey, Litla-Árskógssandi og Grenivík sækja um þetta leyti árs á svipaðar veiðistöðvar, og eftirlitið verður því af þeim sökum léttara.

## Ed. 293. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Aðalatriði þessa frumvarps er það ákvæði 1. greinar, að ríkisstjórnin dragi undir áfengisverzlun ríkisins einkarétt til þess að flytja inn eða framleiða nokkrar vörur, sem hingað til hafa verið frjálsar. Er hér því um að ræða enn eina tilraun til þess að kæfa vísi að innlendum iðnaði og takmarka verzlunaratvinnu manna, gersamlega að ástæðulausu.

Í aths. við frumvarpið er færð sú ástæða fyrir þessu, að það myndi „létta stórum eftirlit með notkun iðnaðaráfengis". En þessi ástæða er jafnskjótt hrakin nokkrum línum síðar, þar sem það er upplýst, að „áfengisverzlunin ein hefir undanfarið haft rétt til framleiðslu á bökunardropum og hárvötnum, þar sem notaður er spíritus til framleiðslunnar".

Um einkasölu á „pressugeri" er það sagt, að hún eigi að gera bruggurum erfiðara fyrir um sína ólöglegu atvinnu. Enginn mun hafa á móti því að torvelda þessa iðju bruggaranna, en þar virðast svo margir þröskuldar á leið, að það verður næstum því broslegt að ætla að hindra þessi lögbrot með því að bæta þessum litla þröskuldi við, að ná í pressuger á ólöglegan hátt.

Heyrzt hefir, að misfellur þær, sem orðið hafa á framleiðslu sumra þessara vara, séu taldar með knýjandi ástæðum til þess, að þetta frv. verði samþykkt. En vitanlega má koma í veg fyrir þesshättar misfellur með eftirliti, og það eftirlit verður að hafa, jafnvel þótt áfengisverzlunin hefði einkarétt til framleiðslunnar.

Um önnur atriði frumvarpsins er það að segja, að þau eru ýmist mjög smávægileg eða til hins lakara.

Leggur því minni hlutinn til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 1. nóv. 1934.

Magnús Jónsson.

## Sþ. 294. Tillaga

til þingsályktunar um tollakjör innlends iðnaðar.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Emil Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka tollakjör innlends iðnaðar og þeirra iðngreina, sem líklegt er, að gætu þrifizt hér á landi, og leggja fyrir næsta þing tillögur um breytingar og viðauka við gildandi tollalöggjöf, sem nauðsynlegar eru til að tryggja landsmönnum sem mesta atvinnu.

Kostnaður, sem verður af rannsókn þessari og undirbúningi frumvarpa, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Innlendur iðnaður hefir aukizt allverulega síðustu árin, og ber nauðsyn til þess, að vexti hans og viðgangi séu sköpuð svo góð skilyrði sem Alþingi hefir tök á. Er nú kominn tími til, að tollmál iðnaðarins séu athuguð í samhengi, og er það tilgangurinn með þessari tillögu.

## Nd. 295. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir orðinu „kaffibætir“ í c-lið 2. gr. laganna komi: ⅔ aðflutningsgjalds.

2. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Efnivörur til framleiðslu á innlendum tollvörutegundum skulu undanþegnar verðtolli.

3. gr.

Lög nr. 42 8. sept. 1931 eru úr gildi felld.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

## Nd. 296. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 283 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Í stað „þriggja síðustu ára“ í fyrsta málsl. komi: tveggja síðustu ára.

## Ed. 297. Nefndarálit

um frv. til l. um að verja útflutningsgjaldi af síld til hlutaruppbótar sjómönnum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Ég er fyllilega samþykkur aðalefni frv., því, að útflutningsgjald af síld verða lækkað og mismuninum varið til uppbótar handa þeim sjómönnum, sem stunduðu síldveiðar á síðastliðnu sumri og unnu gegn hlut eða hundraðsgjaldi af afla. Ágreiningur minn við meiri hl. nefndarinnar er aðeins um það, hvernig hlutaruppbótinni beri að skipta, svo að það komi sem réttlátast niður og verði að sem mestu gagni til að bæta úr brýnustu þörfum sem flestra.

Með því fyrirkomulagi í úthlutun uppbótar, sem frv. gerir ráð fyrir, fá þeir, sem mest hafa aflað og hafa hæstan hlut, mesta uppbótarfjárhæð. Þar sem ríkissjóður, með því að lækka lögbundið útflutningsgjald, leggur fram fé til þess að bæta þessum hluta sjómanna erfiða afkomu, virðist öll sanngirni mæla með því, að þeir, sem versta afkomu hafa haft, fái ekki lægstan styrk eða hlutaruppbót.

Samkv. 4. gr. frv. er ætlazt til, að hásetar fái hlutaruppbótina eftir tunnutali veiddrar síldar í salt. Nú er það vitað, að af sumum skipum hefir nokkur hluti saltsíldarinnar verið seldur hærra verði en almenna verðið var, en það mun hafa verið kr. 5.00—5.50 tunnan. Munu þess nokkur dæmi, að allt að ⅓ þess afla, sem saltaður var, hafi af sumum skipum verið greiddur skipverjum með 10 kr. tunnan. Þetta á við um þau skip, sem lengst stunduðu veiðina.

Það verður að teljast miður sanngjarnt, að veita þeim skipverjum hlutarbót, sem fengið hafa nær tvöfalt verð á við aðra, á þennan hluta aflans.

Eftir þeirri afgreiðslu, sem málið fékk í neðri deild, er sjáanlegt, að breytingar í sömu átt og þar kom fram ná ekki samþykki beggja deilda.

Hinsvegar vil ég þó freista þess að bæta að einhverju leyti aðstöðu þeirra sjómanna, sem minnst hafa borið úr býtum, og legg því til,

1. að ekki verði greidd uppbót þeim sjómönnum, sem fengu yfir 7 króna jafnaðarverð fyrir hverja tunnu saltaðrar eða sérverkaðrar síldar, og aldrei hærri uppbót en það, að meðalverð þeirrar síldar, sem uppbót er miðuð við, verði sjö krónur tunnan.
2. að uppbótin miðist að hálfu við aflamagn — tunnufjölda — og að hálfu við veiðitíma.

Legg ég því til, að frumv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 4. gr. Fyrir „Uppbótin af útflutningsgjaldinu ... út hefir verið flutt“ kemur: Uppbót sú, sem fæst við lækkun útflutningsgjaldsins, greiðist skipverjum á hverju skipi **að hálfu** í hlutfalli við aflamagn — tunnufjölda — þeirrar síldar, sem útflutningsgjaldslækkunin nær til, og **að hálfu** í hlutfalli við veiðitíma skipsins. Enginn getur fengið hærri uppbót en svo, að samanlagt söluverð

og uppbót verði sjö krónur fyrir hverja tunnu síldar þeirrar, sem uppbót er greidd fyrir.

Alþingi, 1. nóv. 1934.

Jón Auðunn Jónsson.

## Nd. 298. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frv. þessu er farið fram á, að hækkaður verði tollur á allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki, um kr. 1.60 á kg., auk gengisviðauka, og yrði öll hækkunin því kr. 2.00 á kg. Auk þess er lagt til, að hækkaður verði tollur á tóbaksvindlum um kr. 3.20 á kg., á vindlingum um kr. 1.60 og á brjóstsykri, konfekti o. fl. um kr. 1.00 á kg., auk gengisviðaukans, en gengisviðaukann á tolli af þeim vörum, sem taldar eru í 1. gr., er lagt til að framlengja til ársloka 1935.

Við getum fallizt á, að frv. þetta verði samþykkt, að öðru leyti en því, að við erum algerlega mótfallnir þeirri hækkun á tóbakstollinum (af neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki), sem frv. ráðgerir. Þessi tollur er nú kr. 4.80 á kg., og að viðlögðum gengisviðauka kr. 6.00 á kg. Tollurinn er því þegar svo hár, samanborið við verð vörunnar, að af þeirri ástæðu virðist nokkuð vafasamt, að fært sé að hækka hann. Auk þess er þessi tollur þegar orðinn svo tilfinnanlegur skattur á neytendur, að ekki er á bætandi, ekki sízt vegna þess, hve ranglátur hann er, þar sem enginn munur er gerður á tollinum eftir gæðum eða dýrleika vörunnar, og kemur hann því þyngst og verst niður á þeim, sem minnstu hafa úr að spila. En þó að tóbak sé talið „óþarfi“, þá er það nú svo, að það er og verður almenn neyzluvara, og tollhækkun sú, sem hér er um að ræða, verður þannig að kalla má almennur nefskattur á alla tóbaksneytendur, er væntanlega nemur ekki minna en 10 kr. á hvern.

Alþingi, 1. nóv. 1934.

Jakob Möller, fundaskr., frsm. Ólafur Thors.

## Nd. 299. Breytingartillaga

við frumv. til l. um breyt. á l. nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Frá Guðbrandi Ísberg.

Við 2. gr. Fyrir orðin „Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli ... kr. 1.00“ komi: Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli ... kr. 0.50.

## Nd. 300. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 89 (Útflutningsgjald).

Frá Páli Þorbjörnssyni.

Við b-lið. Málsgreinin orðist svo:

Af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum, kr. 2.00.

## Ed. 301. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 70 27. júní 1921 hljóði svo:

Af öllum íslenzkum afurðum, öðrum en landbúnaðarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, með þeim undantekningum, sem getið er um í 2. gr., skal greiða útflutningsgjald í ríkissjóð, er nemi 1½% af verði afurðanna.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, 2. gr., svo hljóðandi:

Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli skal greiða í ríkissjóð kr. 1.00. Af hverjum 100 kg. af óþurrkuðum fiskúrgangi kr. 0.50. Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er út óunnin til bræðslu, kr. 0.25. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum, kr. 3.00.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

3. gr.

4. gr., sem verður 5. gr., hljóði svo:

Til afurða þeirra, er í 1. gr. getur, telst afli af skipum, sem hafa rétt til þess að fiska í landhelgi og gera það að einhverju leyti, eða verka hann í landhelgi, þótt eigi sé fluttur í land. Ennfremur nær gjaldið til afla, sem veiddur er utan landhelgi, ef hann er saltaður, verkaður eða fluttur á milli skipa á höfnum inni eða í landhelgi. Sömuleiðis til afla á íslenzkum skipum, þótt ekki sé hann veiddur eða verkaður í landhelgi.

Hverskonar aðgerð á afla telst verkun, t. d. ef afli er saltaður, ísaður, slægður o. s. frv.

4. gr.

Eftir 10. gr., sem verður 11. gr., kemur ný grein, svo hljóðandi:

1/12 hluti tekna þeirra, er fást samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal ganga

sem framlag ríkissjóðs til ræktunarsjóðs Íslands, unz framlög ríkissjóðs til hans samkv. l. nr. 11 1925 og þessum lögum hafa numið samtals 1 millj. kr.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög nr. 11 29. maí 1925, um breyting á l. nr. 70 1921, um útflutningsgjald o. fl.

Lög nr. 60 27. júní 1921, um útflutningsgjald á síld o. fl.

Lög nr. 52 8. sept. 1931.

Lög nr. 27 11. nóv. 1899, um útflutningsgjald af hvalafurðum.

Lög nr. 58 19. júní 1933, um breyting á l. nr. 70 1921.

Lög nr. 2 5. jan. 1934, um breyting á l. nr. 52 1931.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þá er þau hafa öðlazt staðfesting konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 70 27. júní 1921, og gefa þau út að nýju svo breytt.

## Nd. 302. Frumvarp

til laga um bygging og ábúð á jörðum, sem eru almannaeign.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Allar jarðir og hjáleigur, sem eru eign ríkissjóðs, kirkna landsins eða sjóða, sem eru almannaeign (kristfjárjarðir, gjafasjóða, sem ekki má skerða, sýslusjóða eða hreppssjóða), skal næst þegar þær losna úr ábúð, eða þegar núverandi ábúandi óskar þess, byggja á erfðafestu eftir lögum þessum.

Undanþegnar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem þegar eru ákveðnar sem bústaður embættismanns, eða til annarar opinberrar notkunar, svo og þær, er að dómi viðkomandi sýslunefndar teljast líklegar til opinberra nota eða útskiptingar í náinni framtíð.

2. gr.

Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 1. grein, skal vera 3% af landverði jarðarinnar eins og það er þegar erfðafestan kemst í framkvæmd, og 2% af verði jarðarhúsa og álagi því, er inni stendur hjá ábúanda.

Jarðarafgjöld skal greiða sýslumönnum á manntalsþingum.

3. gr.

Erfðafesturétturinn erfist þannig:

1. Það hjónanna, sem lengur lifir, heldur réttinum meðan það lifir, og eins þó það giftist aftur.

2. Börn af fyrra hjónabandi þess hjónanna, sem erfðafesturéttinn átti, sitja fyrir börnum af síðara hjónabandi þess, enda hafi báðir foreldrar barnsins átt erfðafesturéttinn á sínum tíma.
3. Foreldrar skulu helzt sjálfir koma sér saman um, hvert af börnunum skal erfa erfðafesturéttinn, og tilkynna það sýslumanni.
4. Komi hjón sér ekki saman um það eftir 3. tölul. þessarar greinar, hvert barnanna skuli erfa erfðafesturéttinn, skulu börnin, þegar það yngsta þeirra er orðið átján ára, koma sér saman um það, að viðstöddum sýslumanni, er skal vinna að því að koma slíku samkomulagi af stað og á.
5. Náist ekki samkomulag um það eftir 3. eða 4. lið hér að ofan, hvert barnanna skuli erfa erfðafesturéttinn, skal elzti sonur erfa hann.
6. Sé hann dáinn, eða afsali hann sér réttinum, skal elzta dóttir erfa hann.
7. Sé hún dáin eða vilji ekki nytja jörðina, þá skal næstelzti sonur erfa hann, þá næstelzta dóttir, og svo áfram eftir aldri, þannig að til skiptis komi sonur og dóttir.
8. Sé ekkert barn til eftir fyrra hjónaband þess hjónanna, er á erfðafesturéttinn, eða vilji það eða þau ekki nytja jörðina, koma börn af síðara hjónabandi til greina, og þá í sömu röð og að ofan greinir með börn af fyrra hjónabandi.
9. Séu börnin yngri en getur í 4. lið, og hafi ekki verið tekin ákvörðun um, hvert þeirra skuli erfa erfðafesturéttinn, þegar hann kemur til ráðstöfunar, þá skal sýslumaður ráðstafa honum, eftir tillögu meiri hluta hreppsnefndar, þar til börnin geta tekið ákvörðun um, hvert þeirra skuli erfa réttinn (sbr. 4. tölul.).
10. Óski ekkert barnanna að nota erfðafesturéttinn og nytja jörðina áfram, þá skal byggja jörðina öðrum.

4. gr.

Deyi hjón barnlaus eða óski ekkert barnanna að nytja jörðina, skal sýslumaður byggja jörðina öðrum, og skal þá ætíð fara eftir tillögu meiri hluta hreppsnefndar um það, hver jörðina fær.

Þurfi sýslumaður til bráðabirgða að byggja jörð, sem er í erfðafestuábúð (sbr. 3. gr. 9. lið), skal afgjaldið aldrei vera hærra en það, sem borgað er eftir jörðina, að viðbættum vöxtum af verði þeirra húsa, sem á jörðinni eru framyfir það, sem það opinbera á, er svari til þeirra lánsvaxta, er á byggingunum hvíla, ef nokkrir eru, en ella sparisjóðsvaxta.

5. gr.

Meðan sama ætt heldur jörðinni skal afgjaldið ekki hækka. Þegar við jörð tekur ný ætt (sbr. 4. gr.), skal fara fram á jörðinni nýtt mat, og skal sá, er við henni tekur, borga afgjald eftir hana miðað við það mat, en að öðru leyti eins og um getur í 2. gr.

6. gr.

Þegar ábúandaskipti milli ætta verða á jörðum, sem byggðar eru eftir lögum þessum, skal fara fram úttekt á húsum af lögskipuðum úttektarmönnum.

Við þá úttekt skal meta, hvers virði hús jarðareiganda eru með álagi, og má viðtakandi ráða, hvort hann kaupir húsin eða hann borgar eftir þau eins og segir í 2. gr.

Á sama hátt skal meta hús fráfaranda á jörðinni. Náist ekki samkomulag um, að viðtakandi kaupi þau, skulu þau flokkuð í tvo flokka af úttektarmönnum, hús, sem þarf á jörðinni vegna búrekstrar, og hús, sem jörðinni eru ekki nauðsynleg. Hin fyrri er viðtakandi skyldur að kaupa eftir matsverði, en um hin síðari fer eftir samkomulagi. Náist ekki samkomulag um kaup á þeim, skal rífa þau af erfingjum fráfaranda, svo viðtakanda verði sem minnstur bagi að.

7. gr.

Heimilt er ábúendum á þeim jörðum, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að skipta þeim milli barna sinna. Skal þá gera greinileg landamerki milli jarðarhlutanna, og skoðast þeir úr því sem sjálfstæðar jarðir. Ekki skal leiga hækka á jörð, þó henni sé skipt eftir þessari grein, meðan sama ætt heldur ábúðinni á jörðum þeim, sem til verða við skiptin, en hætti ættin að nota einhverja jörðina, sem til hefir orðið við skiptin, fer um hana sem fyrir er mælt í 5. og 6. gr.

8. gr.

Þyki atvinnumálaráðherra, sýslunefnd eða hreppsnefnd ástæða til að skipta jörð, sem byggð er eftir lögum þessum, til þess að ný jörð geti myndazt, þá skal sýslumaður hlutast til um, að svo verði gert. Skal hann þá fá mann með sérþekkingu á mati og skiptingu landa til að skipta jörðinni ásamt tveim mönnum, er hann dómkveður til þess. Skulu þeir þá meta, hver verðhækkun hefir orðið á landinu síðan sú ætt tók við því, sem hefir það þá, og að því búnu framkvæma skiptin. Skal þá hver ný jörð, sem til verður við skiptin, metast sér til verðs, og svo gamla jörðin eins og hún verður eftir skiptin. Sá, sem hefir ábúð á jörðinni, skal fá fullar bætur fyrir það, sem jörðin hefir hækkað í verði fyrir atbeina ættar hans, og aldrei má það land, sem hann hefir eftir, vera minna virði en landverð jarðarinnar var þegar hans ætt tók við jörðinni.

Um bygging þeirra jarða, sem til verða við skiptingu jarða eftir þessari grein, fer eftir fyrirmælum 2., 5. og 6. gr. laga þessara.

9. gr.

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðunum til varanlegra húsabóta á jörðunum. Þó má það lán aldrei vera hærra en það, að afgjald af því, að vöxtum meðtöldum, verði jafnhátt og afgjaldið eftir jörðina húsalausa eftir lögum þessum.

10. gr.

Fyrir afgjald það, sem inn kemur árlega fyrir jarðir ríkisins (þjóð- og kirkjujarðir), sem byggðar eru eftir lögum þessum, skal kaupa jarðir, sem ríkinu bjóðast, en þó aldrei hærra verði en fasteignamatsverði. Leiguliðar þessara jarða mega ekki vinna af sér afgjaldið með jarðabótum eftir jarðræktarlögum.

Ákvæði þessarar greinar öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. jan. 1937.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31 20. okt. 1905 og lög nr. 50 16. nóv. 1907, svo og önnur ákvæði eldri laga, sem koma í bága við lög þessi.

12. gr.

Að öðru leyti en fyrir er mælt í lögum þessum fer um réttindi og skyldur ábúanda og landsdrottins eins og fyrir er mælt í ábúðarlögum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Með lögunum um sölu þjóð- og kirkjujarða frá 1905 og 1907 var tekin sú stefna, að stuðla að því, að sem flestir bændur landsins gætu orðið sjálfseignarbændur. Það, sem fyrir löggjöfunum vakti, var vitanlega það, að jarðirnar yrðu þá betur setnar og meira bættar heldur en leigujarðirnar, sem mörg dæmi voru til um og eru enn, sem eðlilegt er, með þeirri ábúðarlöggjöf, sem þá gilti og gilt hefir til þessa. Það orkar nú ekki tvímælis, að í slóð þessarar löggjafar fylgdu miklar og margháttaðar framfarir í búnaði frá því, sem áður hafði verið, bæði jarða- og húsabætur á hinum nýju sjálfseignarjörðum, sem um tíma fjölgaði ekki alllítið. Að þessu stuðlaði einnig efling Ræktunarsjóðsins, er fékk andvirði hinna seldu þjóðjarða og gaf bændum kost á ódýrum lánum til framkvæmda á jörðum sínum.

Stefnu þessari hefir verið fylgt til þessa, bæði með því að hvetja bændur til að kaupa ábýlisjarðir sínar og með bættum lánstofnunum, til að gera þeim það kleift. Þrátt fyrir þetta verður ekki annað sagt en að fremur hægt hafi miðað að því marki, er sett var, að flestir eða allir bændur gætu eignazt ábýli sín. Það sýna eftirfarandi tölur um fjölda sjálfseignarbænda í landinu:

| | 1918 | % | 1930 | % |
|---|---|---|---|---|
| Sjálfseignarbændur | 3212 | 48 | 3218 | 52 |
| Leiguliðar | 3562 | 52 | 2970 | 48 |

Á þessu sést, að ennþá er ekki nema röskur helmingur bænda sjálfseignarbændur, og á síðustu 12 árum hefir þeim ekki fjölgað nema um 6, en fækkunin hefir þó gengið út yfir leiguliðana. Af þessum 2970 leigujörðum 1930 eru 754 eign ríkis og kirkju og um 200 í annari opinberri eign. Þannig eru um 2000 leigujarðir í eign einstakra manna, og má fullyrða, að ábúðarkjör á þeim séu sízt betri en á jörðum í opinberri eign. Hitt er þó alvarlegra, að hin tíða jarðasala, sem fylgir einkaeign á jörðum, hefir leitt af sér óeðlilega hækkun á jarðarverðinu í landinu, svo að fjöldi hinna svokölluðu sjálfseignarbænda er að því kominn að sligast undir þeim lánum, sem á þær hafa hlaðizt, þegar kostnaður við framkvæmdir á þeim hefir bætzt ofan á jarðarverðið.

Það er því fyllilega tímabært að athuga, hvort ekki sé unnt að finna einhvert það fyrirkomulag á ábúðarréttinum, sem hafi þá kosti, er sjálfsábúðin

hefir fram yfir þá leiguábúð, sem til þessa hefir tíðkazt, en sé að einhverju leyti laus við áðurnefnda ókosti; leiguábúð, er gefi ábúandanum og afkomendum hans kost á að njóta verka sinna á jörðinni og því hvöt til að bæta hana, án þess að leggja á þá fjárhagslegar byrðar, sem eru þeim ofviða, vegna hins óhæfilega háa kaupverðs jarðanna. Það ábúðarfyrirkomulag, sem hér er stungið upp á, er tilraun í þessa átt. Verði það að lögum og fái að sýna sig, fæst eftir nokkur ár samanburður við annað ábúðarfyrirkomulag í landinu, er sker úr því, hvað er hagfelldara bændunum og þjóðinni í heild.

## Nd. 303. Breytingartillaga

við frv. til laga um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

Frá Thor Thors og Bergi Jónssyni.

Við 1. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Einnig skal skipið annast flutninga um Breiðafjörð, á sama hátt og eigi sjaldnar en e/s Suðurland hefir gert undanfarin ár.

## Ed. 304. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um afnotagjald útvarpsnotenda.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir fengið umsögn útvarpsstjóra og Gunnlaugs Briems verkfræðings um þetta mál. Með skírskotun til ástæðna þeirra, er þeir taka fram í umsögnum sínum, sem hér með fylgja, leggur nefndin til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að unnið verði að því að gera útvarpsnotendum þeim, sem rafhlöðutæki nota, sem hægast fyrir um að ná til hleðslustöðva, til þess að þeim notist sem bezt af tækjunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. nóv. 1934.

| Jón Baldvinsson, form. | Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. | Magnús Jónsson. |
|---|---|---|

**Fylgiskjal I.**

ÚTVARPSSTJÓRINN

Reykjavík, 27. okt. 1934

Háttvirt fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis hefir með bréfi dags. 15. þ. m. sent mér til umsagnar tillögu til þingsályktunar á þingskjali 58.

Um leið og ég leyfi mér að senda háttvirtri nefnd hjálagða umsögn verkfræðings útvarpsins, herra Gunnlaugs Briem, skal ég leyfa mér að fara um þetta mál nokkrum orðum:

Eins og umsögn verkfræðings útvarpsins ber með sér, er *reksturskostnaður straumtækja* að meðaltali *hærri* en *rafhlöðutækja*. Er þó hér gert ráð fyrir jöfnum notkunartíma. En hann er yfirleitt lengri í kaupstöðum og sjávarþorpum en í sveitum.

Kostnaðarins vegna virðist því sízt meiri ástæða til þess að lækka afnotagjald af rafhlöðutækjum heldur en af straumtækjum, einkum þar sem raforka er dýr.

Í greinargerð fyrir þingsályktunartillögunni er réttilega bent á örðugleika þá, sem eru samfara hleðslu rafgeyma í strjálbýli, þar sem langt er að sækja til rafmagns. Í sambandi við það er rétt að benda háttvirtri nefnd á það, að samkvæmt heimild í fjárlögum þessa árs, 22. gr. XIV, *hefir 30 mönnum í strjálbýli landsins verið á þessu ári veittur styrkur allt að 400 kr. í stað, til þess að koma upp hentugum hleðslustöðvum* og sem jafnframt hafa orðið ljósastöðvar fyrir viðkomandi heimili. Þetta hefir þegar dregið nokkuð úr hleðsluvandræðunum.

Ég vil, að fengnu áliti verkfræðingsins og að athuguðu þessu máli, leyfa mér að leggja á móti því, að tillaga þessi verði látin ná fram að ganga. Leyfi ég mér að gera í eftirfarandi atriðum fyllri grein fyrir þessu viðhorfi mínu:

1. Reksturskostnaður rafhlöðutækja er *ekki* meiri en straumtækja, heldur þvert á móti.
2. Úr hleðsluörðugleikum, sem eru sérstakir fyrir rafhlöðutæki, þar sem langt er að sækja til rafmagns, *verður ekki bætt með lækkun afnotagjaldsins*, heldur verður að ryðja þeim úr vegi *með því að bæta úr ástandinu*. Þetta verður gert á tvennan hátt:
   a. Með því að styrkja menn til þess að koma upp hentugum hleðslustöðvum, eins og nú er þegar byrjað á og eins og ég legg til að unnt verði að gera framvegis eftir nánari ákvörðunum ráðuneytis (sbr. 8. gjaldlið útvarpsins fyrir árið 1935).
   b. Með því að nota svonefndar „air-cell"-rafhlöður, sem verkfræðingurinn hefir lýst á bls. 1 í umsögn sinni.
3. Hleðsluörðugleikar á tiltölulega litlum svæðum á landinu *réttlæta ekki lækkun afnotagjalds hvarvetna, þar sem rafhlöðutæki eru notuð en hleðsluörðugleikar eru litlir eða engir*. Þessvegna á ekki að jafna misræmi í aðstöðu til hagnýtingar útvarps með misjöfnu afnotagjaldi, *heldur með því að bæta úr sérstökum örðugleikum, þar sem þeir eru fyrir.*

4. Innheimta á misjöfnu afnotagjaldi í hinum ýmsu landshlutum yrði mjög örðug og *myndi kosta mikla aukna vinnu við eftirlit og á skrifstofu.*
5. Lækkun afnotagjaldsins vegna sérstakra, staðbundinna örðugleika myndi koma óréttlátlega niður og hafa í för með sér ísjárverða skerðingu á tekjum stofnunarinnar. Þetta er sérstaklega varhugavert nú, með því að stofnunin þarf á næstu árum á öllu sínu fé að halda vegna fyrirhugaðrar og bráðnauðsynlegrar aukningar stöðvartækjanna.

Af þessum ástæðum verð ég að leggja á móti tillögu þessari og vona að háttvirt fjárhagsnefnd verði mótfallin því að hún nái fram að ganga.

Virðingarfyllst

Jónas Þorbergsson.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

## Fylgiskjal II.

*RÍKISÚTVARP ÍSLANDS*

Reykjavík, 24. okt. 1934

Samkvæmt beiðni yðar, herra útvarpsstjóri, hefi ég athugað rekstrarkostnað útvarpstækja og borið saman meðalkostnað viðtækja fyrir rafhlöður og tækja, sem eru tengd beint við rafveitukerfi (straumtækja).

**Rafhlöðutæki.**

*Stofnkostnaður:*

Verð útvarpstækja, sem nægja fyrir stöðina á Suðvesturlandi, er nú 110 kr. (með rafhlöðum og rafgeymum). Þar við bætist loftnetsefni, sem kostar um 15—20 kr. Útvarpstæki, sem duga í hinum fjarlægari landshlutum, kosta 205 kr. eða 220 kr. með loftneti og öllu tilheyrandi efni. Enn stærri tæki, sem duga þar sem aðstaðan er allra verst og eru einkum ætluð fyrir útlönd, kosta frá 270—300 kr. með öllu efni.

*Raforka:*

Meðalstraumeyðsla rafhlöðutækjanna er 0,4 amp. úr rafgeymi og 8 milliamp. úr rafhlöðum. Gjald fyrir hleðslu rafgeyma er víðast hvar 1,00—1,50 kr. og er venjulega hið sama fyrir stóra og litla rafgeyma. Sé reiknað með að hver hleðsla endist 100 stundir, verður hleðslukostnaðurinn 1—1½ eyrir/std., en helmingi lægri við stærri rafgeyma, sem endast 200 std. Almenningur kaupir venjulega litla rafgeyma og lætur hlaða þá 10—12 sinnum á ári. Hið árlega hleðslugjald verður þá *10—18 kr./ári.*

Sumstaðar þarf að sækja hleðslu langan veg og yfir torfærur, og bætist þá við flutningskostnaður og hætta á að rafgeymirinn skemmist. Þar sem svo er ástatt, kemur til greina að nota svonefndar „air-cell" rafhlöður, sem ekki þurfa neina hleðslu, en eiga að endast allt að 1500 stundir. Kostnaðurinn með þeim verður þá rúmlega 3 aurar/std. Kostnaður vegna glóstraumsins reiknast

því 1—3 aurar/std. með flutningskostnaði, áætlað að meðaltali 2½ aurar/st. eða með 3ja stunda notkun á dag um *25 kr. á ári.*

Kostnaður af endurnýjun rafhlaðna verður að meðaltali um 3 aur/std. eða *30 kr. á ári* með 3ja stunda notkun á dag. Samkvæmt sölu Viðtækjaverzlunarinnar á rafhlöðum á síðasta ári koma 20—25 kr. á hvert rafhlöðutæki að meðaltali.

*Lampar:*

Kostnaður af endurnýjun lampa í rafhlöðutæki er talinn að meðaltali 1½ eyrir/std.

**Straumtæki.**

*Stofnkostnaður:*

Verð straumtækja fyrir Suðvesturland um 200 kr., en annarsstaðar 300 kr. og þar yfir.

*Raforka:*

Verð raforku frá rafveitum er mjög mismunandi, 0.50—1.50 kr./kwstd. (Stykkishólmur 0.80 kr., Siglufjörður 0.75 kr., Akureyri og Reykjavík um 50 aur. o. s. frv.) og er þá samkv. venju reiknað með verði ljósrafmagns.

Meðalrafmagnseyðsla straumtækja hefir mælzt að vera um 40 watt. Gjaldið fyrir raforku útvarpstækja verður því 2—6 aur/std. eftir rafmagnsgjaldskrá á hverjum stað.

*Lampar:*

Kostnaður af endurnýjun lampa í straumtæki er talinn að meðaltali um 4 aurar á klst.

**Samanburður á rekstrarkostnaði rafhlöðutækja og straumtækja:**

Miðað við 3ja stunda daglega notkun, verður árlegur kostnaður vegna raforku og lampa að meðaltali:

Fyrir rafhlöðutæki kr. 70.00 á ári.

Fyrir straumtæki kr. 70.00 til 110.00 á ári, eða um 85 kr. að meðaltali.

Annar viðhaldskostnaður er yfirleitt talsvert meiri við straumtæki heldur en rafhlöðutæki, en hann er að meðaltali lítill á móti kostnaðinum af raforku og lömpum.

Hinsvegar er það athyglisvert, að straumtæki eru yfirleitt notuð miklu meira en rafhlöðutæki, hvort sem það nú stafar af því að kaupstaðarbúar hafi yfirleitt meira laust fé eða fjölþættari áhugamál, meiri tungumálakunnáttu og æfingu í að heyra góða tónlist, eða af því að það er auðveldara að halda góðum hljóðstyrk og tóngæðum í straumtækjum. Ég gizka á, að hlustað sé að meðaltali um 750 stundir á rafhlöðutæki, en um 1500 stundir á straumtæki á ári. Raforku- og lampakostnaður rafhlöðutækja verður þá um 50 kr. á ári, en straumtækjanna um 115 kr. á ári.

Virðingarfyllst,

G. Briem.

Til útvarpsstjórans, Reykjavík.

## Nd. 305. Breytingartillaga

við frv. til laga um útvarpsrekstur ríkisins.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Bergur Jónsson.

Við 3. gr. Í stað 1. málsl. komi: Kennslumálaráðherra skipar útvarpsstjóra. Skulu árslaun hans vera kr. 7500.00, auk dýrtíðaruppbótar.

## Nd. 306. Nefndarálit

um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin er sammála um að gera nokkrar breytingar á frumvarpinu, og mun meiri hl. nefndarinnar bera þær fram ásamt öðrum breytingum, sem hann vill gera á frv.

Að öðru leyti hefir nefndin ekki getað orðið sammála. Vill meiri hl. samþ. frv., en minni hl. fella það, nema á því fáist sú höfuðbreyting, er síðar greinir.

Eins og kunnugt er, eru útsvörin aðal- eða eini tekjustofn bæjar- og sveitarsjóða, og hafa þau farið mjög hækkandi á síðari árum. Samtímis hefir ríkið lagt æ lengra inn á þá braut að beita beinum sköttum, tekju- og eignarskatti, og þannig stofnað til samkeppni við bæjar- og sveitarsjóði um tekjur af þessum gjaldstofni.

Reynslan hefir hér á landi fært skýrar sannanir fyrir því, að beitingu beinna skatta eru settar ákveðnar skorður, sem tilgangslaust er að reyna að komast úr. Það hefir sýnt sig alveg ótvírætt, að eftir því sem ríkið hefir gerzt aðgangsharðara um beitingu tekju- og eignarskattsins. hefir útsvarið reynzt bæjarfélögunum, og þá einkum þeim, sem tekju- og eignarskatturinn lendir þyngst á, brigðulli tekjustofn. Þannig hefir Reykjavíkurbær undir forustu fyrrv. form. niðurjöfnunarnefndar, Eysteins Jónssonar, lagt inn á þá braut að leggja svokallað umsetningargjald til grundvallar fyrir álögum á borgarana. Vestmannaeyjum hefir með lögum verið heimilað að leggja gjöld á aðfluttar og útfluttar vörur, og nú liggur fyrir Alþingi beiðni frá bæjarstjórn Akureyrar um samskonar gjald handa Akureyri.

Allt hnígur þetta í rauninni að því sama, þ. e. a. s. að bæjarfélögin eru að leggja inn á nýja braut til tekjuöflunar, og í stað þess að jafna niður eftir efnum og ástæðum, eru nú neyzluvörur og framleiðsluvörur almennings gerðar að gjaldstofni. Með öðrum orðum, innflutningstollar og útflutningsgjöld eru nú ekki aðeins greidd til ríkisþarfa, heldur og til sveitarþarfa.

Með frv. þessu er farið fram á gífurlega hækkun á tekju- og eignarskattinum. Nái það lögfestu, þrýstir löggjafinn þar með sveitar- og bæjarsjóðum æ

lengra inn á beitingu á tollum. Má slíkt heita furðulegur skrípaleikur, er Alþingi, eða meiri hl. þess, þannig færir álagning og innheimtu tolla af nauðsynjavörum almennings yfir á bæjar- og sveitarsjóði, sem þó standa allt öðruvísi og verr að vígi til þessa en ríkið, eingöngu í því skyni að láta líta svo út, sem þessi sami þingmeirihluti sé andvígur tollum á nauðsynjum almennings. Hér þykir þó rétt að geta þess, að 6. landskjörinn þingm., Jónas Guðmundsson, lýsti því yfir í ræðu, er hann nýverið flutti í Nd. Alþingis, að honum væri kunnugt um, að víða á landinu væru útsvörin orðin svo úr hófi há, að ekki mætti ganga lengra í þeim efnum.

Aðstaða þingmeirihlutans til þessa máls er dálítið svipuð viðleitni til þess að villa almenningi sýn, eins og kemur fram í tollafrumvörpum þeim, er fjármálaráðherra leggur nú fyrir Alþingi. Þar er af létt gengisviðauka af kaffi og mikið látið af fórnfýsi fátækum almenningi til handa, og nemur þessi gengisviðauki 75 þús. kr. árlega. En samtímis ber svo ráðherrann fram frumvörp um að hækka tollinn á export-kaffi um 75 þús. kr., og á munntóbaki, neftóbaki og reyktóbaki um nær 140 þús. kr. Hér er því nær þrítekið með annari hendinni það, sem ráðherrann lætur rétta almenningi með hinni, og sjálfsagt ekki ætlazt til þess, að því sé gaumur gefinn.

Til þess að gera gleggri grein fyrir, hve gífurleg sú skatthækkun er, sem í frumvarpinu felst, eru hér birtar skýrslur, er sýna samanburð á skattstiga laganna frá 1921 og frumvarpsins.

Er samanburðurinn byggður bæði á skattskyldum tekjum og hreinum tekjum.

**Samanburður á tekju- og eignarskattlögunum frá 1921 og frumvarpi stjórnarinnar með 10% viðaukanum.**

Sýnir samanburðurinn jafnframt þær ívilnanir, sem skattþegnum eru veittar með hækkuðum persónufrádrætti:

A. Skattskyldar tekjur:

| | | Einhleypingar: | | | | 5 manna fjölskylda: | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | utan Reykjavíkur. | | í Reykjavík. | | utan Reykjavíkur. | | í Reykjavík: | |
| Tekjur: | Lög 1921: | Frv.: | Hækkun: | Frv.: | Hækkun: | Frv.: | Hækkun: | Frv.: | Hækkun: |
| 1000 | 7 | 10 | 41% | 8 | 10% | 9 | 26% | 6 | ÷21% |
| 2000 | 22 | 31 | 41— | 26 | 20— | 29 | 30— | 22 | 0— |
| 3000 | 42 | 73 | 70— | 64 | 47— | 68 | 62— | 55 | 31— |
| 4000 | 72 | 146 | 102— | 131 | 82— | 139 | 92— | 116 | 60— |
| 5000 | 112 | 243 | 117— | 223 | 100— | 233 | 108— | 204 | 82— |
| 6000 | 162 | 362 | 124— | 338 | 108— | 350 | 116— | 314 | 94— |
| 7000 | 222 | 493 | 123— | 466 | 105— | 480 | 116— | 440 | 98— |
| 8000 | 292 | 635 | 117— | 606 | 104— | 620 | 112— | 578 | 98— |
| 9000 | 372 | 785 | 106— | 757 | 103— | 772 | 107— | 726 | 95— |
| 10000 | 462 | 952 | 106— | 919 | 99— | 935 | 102— | 886 | 92— |
| 12000 | 672 | 1302 | 94— | 1267 | 89— | 1285 | 91— | 1232 | 87— |
| 14000 | 922 | 1675 | 82— | 1638 | 78— | 1657 | 89— | 1601 | 74— |
| 20000 | 1912 | 2926 | 53— | 2882 | 51— | 2904 | 52— | 2838 | 48— |

B. Hreinar tekjur:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1000 | 3 | 4 | 47% | 2 | +27% |
| 2000 | 14 | 20 | 36— | 15 | 6— |
| 3000 | 32 | 51 | 58— | 42 | 31— |
| 4000 | 57 | 108 | 90— | 92 | 62— |
| 5000 | 92 | 194 | 110— | 174 | 89— |
| 6000 | 137 | 301 | 120— | 277 | 102— |
| 7000 | 192 | 427 | 122— | 400 | 109— |
| 8000 | 257 | 563 | 119% | 535 | 108% |
| 10000 | 417 | 869 | 108— | 836 | 100— |
| 12000 | 617 | 1214 | 97— | 1179 | 91— |
| 14000 | 857 | 1582 | 84— | 1544 | 80— |
| 20000 | 1817 | 2816 | 54— | 2772 | 52— |

Hækkunin byrjar á tekjum milli 3 og 4 þús. kr. utan Rvíkur. Kemst upp í 100% á 7000 kr. tekjum, en hæst í 115% á 9000 kr. tekjum. Í Reykjavík kemst hækkunin hæst í 97% á 10000 kr. tekjum.

Í skýrslunni er aurum og hluta úr prósentu sleppt.

Þá skal ennfremur með fáum tölum sýnt, hversu miklu hærri tekjuskatturinn er hér en í Danmörku, ef frv. nær lögfestu:

| Hreinar tekjur | Reykjavík | Kaupmannahöfn | Rvík **hærri** en Kbh. |
|---|---|---|---|
| 4000 | 92,40 | 64 | 44% |
| 6000 | 277,20 | 145,50 | 90— |
| 10000 | 836.00 | 389,00 | 115— |
| 15000 | 1733,60 | 787,00 | 120— |

Sé miðað við skattskyldar tekjur, verður munurinn ennþá meiri.

Þess skal getið, að með lögum frá 1931 var heimilað sem „exstraordinær Foranstaltning i Anledning af Landbrugskrisen“ að innheimta tekju- og eignarskattinn með 25% viðauka.

Í Englandi er enginn tekjuskattur af 4000 kr. Af 6000 kr. er hann 45 kr. og af 10000 kr. 430 kr.

Í Reykjavík verður samanlagður skattur og útsvar af 4 þús. kr. *hreinum tekjum* 237,40 kr., eða 5,9% af tekjunum, af 6 þús. kr. 617,20 kr., eða 10,3%, og af 10 þús. kr. 1781 kr., eða 17,8%.

Eins og skýrslur þessar bera með sér, verður tekju- og eignarskattur hér á landi alveg óhæfilega hár, ef frv. nær fram að ganga, og miklu hærri en með þeim þjóðum, sem eiga hlutfallslega margfaldan þjóðarauð. Er það þó viðurkennd hagfræðileg regla, að því varlegar beri að beita beinum sköttum, sem fjársöfnunin er skemur á veg komin.

Af þessum ástæðum, og þeim öðrum, er að framan greinir, telur minni hl. með öllu ótækt að samþ. frv. óbreytt. Hinsvegar er minni hl. fús til samvinnu um málið, ef bæjar- og sveitarsjóðum er tryggður ákveðinn hluti teknanna. Um það náðist ekki samkomulag í nefndinni, þar eð meiri hl. nefndarinnar vildi alls ekki, að bæjar- og sveitarsjóðir nytu góðs af þessum tekjustofni. Mun því minni hlutinn bera fram tillögu, er að þessu lýtur.

Aðstaða minni hl. til málsins veltur algerlega á því, hver verða afdrif þeirrar tillögu.

Um aðrar breytingar, sem í frv. felast, vill minni hl. taka þetta fram:

Til þessa hefir sérstakur skattstigi gilt fyrir hlutafélög, og hefir skatt-

gjaldið verið miðað við hlutfallið milli eigin fjár félagsins og skattskyldra tekna þess. Nú er ætlazt til, að skattgjaldið fari aðeins eftir upphæð skattskyldra tekna, en það brýtur í bága við rökrétta hugsun, og mismunar mönnum, eftir því hvort þeir leggja fé sitt í hlutafélög, sem hafa mikið eða lítið hlutafé. Verða þeir harðar úti, sem leggja í stærri félögin, en hlutafjárupphæð hlutafélags segir auðvitað ekkert um efnahag hluthafanna.

Þetta er misrétti, sem auk þess er skaðlegt af því það getur dregið úr mönnum að leggja fram fé í stærri hlutafélög, en þau eru nær eina leiðin, sem jafnfátækri þjóð og Íslendingum er fær til úrlausnar ýmsum nauðsynlegum og hagkvæmum viðfangsefnum. Er togaraútvegurinn þess gleggst dæmi.

Ríkissjóður mun skaðast á þessari breytingu, enda hafa hlutafélög, sem ekki hafa mikið hlutafé en mikið hafa grætt, orðið að gjalda mjög háan tekjuskatt.

Ýmsar smærri breytingar felast í frumvarpinu. Mun gerð grein fyrir þeim í framsögu og ef til vill bornar fram breytingartill. við 3. umr.

Breytingartill. á þskj. 258 hafa verið ræddar í nefndinni, og er minni hl. samþykkur flestum þeirra og mun skýra það nánar í framsögu. Skal sérstaklega vakin athygli á 6. brtt., sem heimilar að draga tap fyrri ára frá tekjum, áður en þær koma til skatts. Er hér vikið að gömlu ágreiningsefni, hinni svokölluðu þriggja ára meðaltalsreglu, er byggð var á sömu hugsun. Er þó tillaga þessi, sem nefndin stendur að óskipt, fullkomnara ráð til réttlætis, að öðru en því, að hún kemur ekki til framkvæmda fyrr en varasjóður er tæmdur. Er það tvímælalaus galli, sem væntanlega verður lagfærður, eftir að reynslan hefir kveðið upp sinn dóm.

Nefndinni bárust tilmæli frá fjármálaráðherra um að leiðrétta nær eitt hundrað talnavillur, er hann taldi stafa af misritun, misprentun eða misgáningi. Ér það mikil slysni, ef helmingur talnanna í slíku frumvarpi er rangur, og bendir til þess, að heldur ekki þetta frumvarp hafi verið nægilega gaumgæfilega athugað áður en ráðherra lagði það fyrir Alþingi.

Breytingartillögu sína mun minni hl. bera fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. nóv. 1934.

| | |
|---|---|
| Jakob Möller, | Ólafur Thors, |
| fundaskr. | frsm. |

## Nd. 307. Nefndarálit

um frv. til l. um fiskiráð.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir ekki orðið sammála um frumvarpið. Sér meiri hl. sér eigi fært að leggja til, að það verði að lögum.

Í nefndinni færði meiri hl. fram þær ástæður fyrir þessari afstöðu sinni til frumvarpsins, að fiskiráðinu væri ekki samkvæmt því fengið nægilegt vald, né

heldur fjárráð, til þess að framkvæma vilja sinn. Ekki sá meiri hl. sér heldur fært að koma fram með breytingartillögur til umbóta því, er hann taldi áfátt vera.

Minni hl. telur ástæður meiri hl. ekki á rökum byggðar. Eru þær alveg efalaust misskilningur, sem stafar af takmarkaðri þekkingu á eðli þessa máls.

Við minnihlutamennirnir höfum báðir starfað undanfarna mánuði í milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum. Hafa rannsóknir þær og athuganir, sem sú nefnd hefir gert og gera látið, fært okkur heim sanninn um það, að ægilegur háski vofir yfir sjávarútveginum vegna markaðsörðugleika. Veldur þessu mest fábreytni í hagnýtingu sjávarafurðanna og sívaxandi söluörðugleikar í gömlu markaðslöndunum. Hefir milliþinganefndin komizt að mjög svipaðri niðurstöðu og flutningsmaður þessa frumvarps um leiðir til þess að afstýra þessum háska.

Það er staðreynd, að sumpart vantar neytendur fyrir ísl. sjávarafurðir á þeim stöðum og í því verkunarástandi, sem þær nú eru boðnar til sölu, og sumpart eru sölu þeirra skorður settar af milliríkjasamningum. Fiskiráðinu er ætlað að finna þessa neytendur og rannsaka, hvernig breyta þurfi verkunaraðferðum á sjávarafla landsmanna, til þess að fenginn verði nægilegur fjöldi neytenda fyrir hann. Að sjálfsögðu hagar fiskiráðið starfi sínu svo, að stöðug samvinna verði milli þess og Sölusambands ísl. fiskframleiðenda og stjórnar Verðjöfnunar- og markaðsleitarsjóðs. Er engin ástæða til að ætla annað en að mikill og fullnægjandi árangur verði af starfi þess. Og engin ástæða er til að ætla það, að fiskiráðið þurfi á að halda neinu valdi til þess að neyða fiskframleiðendur til að þiggja ráð og hjálp til að selja framleiðslu sína. Mundi og auðvelt fyrir fiskiráðið að fá aðstoð löggjafarvaldsins, ef til þyrfti.

Að áliti minni hl. fer frv. fram á, að gerðar séu ráðstafanir til að afstýra þeim geigvænlegasta háska, sem ógnað hefir atvinnulífi þjóðarinnar í núlifandi manna minni. Leggur hann því til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að þóknun til fiskiráðsins sjálfs fyrir störf þess verði greidd úr ríkissjóði.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Þóknun til fiskiráðsmanna fyrir störf þeirra greiðist úr ríkissjóði, eftir úrskurði ráðherra.

Alþingi, 2. nóv. 1934.

Sigurður Kristjánsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

## Nd. 308. Breytingartillaga

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Á eftir 57. gr. komi ný grein, er verður 58. gr., svo hljóðandi:

Þar til öðruvísi verður ákveðið skal tekju- og eignarskattur, sem innheimt-

ur er samkvæmt lögum þessum, að hálfu renna í ríkissjóð og að hálfu í bæjar- eða sveitarsjóð, þar sem skatturinn er innheimtur.

58. gr. verður 59. gr. og 59. gr. verður 60. gr.

## Ed. 309. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem leyft er að flytja til landsins og í er meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja til landsins eða framleiða hér á landi ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar og pressuger.

Lög þessi taka ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef farið er með það samkvæmt áfengislögunum.

2. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna, svo og um sölu á öðrum vörutegundum, sem inn eru fluttar eða framleiddar hér og lög þessi ná til.

3. gr.

Síðasti málsl. 4. gr. laganna, „Sjúkrahúsum má þó ekki selja vín né ómengaðan spiritus“, falli niður.

4. gr.

Fyrri málsl. fyrri málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af vörugæðum og áfengisstyrkleika, þegar um áfengi er að ræða.

5. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Verzlunin skal jafnan hafa forða í Reykjavík af vörum þeim, er um ræðir í 1. gr. Viðskiptamenn verzlunarinnar greiði flutningskostnað á vörunum innanlands.

6. gr.

Á eftir orðunum „inn eru fluttar“ í 12. gr. laganna komi: eða framleiddar.

7. gr.

Þeim, sem birgðir eiga af vörum, er ríkið með lögum þessum öðlast einkarétt til að framleiða eða flytja inn, skal skylt að gefa áfengisverzlun ríkisins

skýrslu um birgðir sínar þegar lögin öðlast gildi, og ennfremur skal þeim skylt að afhenda henni birgðir sínar, ef hún æskir þess, fyrir matsverð.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

## Ed. 310. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum og efni til raflagna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. d. Liðinn skal orða svo:
   Rafmagnsvélum og áhöldum og raflagningarefni. Skal undir þann flokk telja: Rafmagnsmótora, rafala, aðrar rafmagnsvélar og vélahluta, rafgeyma og rafhylki, rafmagnslampa, glóðarlampa (ljósakúlur), rafmagnsmæla, rofa og öryggi, loftskeytatæki, dýptarmæla, röntgentæki, talsíma- og ritsímaáhöld, eirvír og vafinn vír, snúrur og strengi (kabil) úr eir.
2. Við 4. gr. Á eftir „ríkiseinkasölur“ komi: eða ríkisstofnanir.
3. Fyrirsögn frv. skal orða svo:
   Frumvarp til laga um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum o. fl.

## Nd. 311. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka síldarbræðslustöð á leigu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 3. nóv. 1934.

Finnur Jónsson, form., frsm. Bergur Jónsson, fundaskr. Sigurður Kristjánsson.
Jóhann Þ. Jósefsson. Páll Þorbjörnsson.

## Nd. 312. Frumvarp

til laga um innlánsvexti og vaxtaskatt.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða vexti af innlánsfé í bönkum og sparisjóðum.

2. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefir ákveðið innlánsvexti eftir 1. gr., er öllum þeim, er eiga verðbréf, skuldabréf eða önnur bréf, er árlega gefa vexti, skylt að greiða í ríkissjóð hluta af vöxtunum, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

3. gr.

Vaxtabréfaskattur sá, sem um ræðir í 2. gr., skal vera það hár, að eigendur bréfanna fái aldrei hærri vexti af fé sínu en 1½% yfir venjulega sparisjóðsvexti. Það, sem bréfin gefa hærri vexti, skal greiða í ríkissjóð.

4. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — ákveða og innheimta vaxtabréfaskatt, og skal hvert skuldabréf sýnt þeim árlega, um leið og skatturinn er greiddur, og þeir þá merkja það sérstökum stimpli, er sanni sýningu og greiðslu skattsins.

5. gr.

Lögreglustjóri getur falið stjórnum stofnana, sem gefið hafa út flokka af verðbréfum, að framkvæma fyrir sína hönd stimplun þeirra bréfa, sem þær hafa gefið út, og innheimta af þeim vaxtaskattinn samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Vanræki einhver að greiða vaxtaskatt og láta stimpla skuldabréf árlangt, skal greiða skattinn 10-faldan fyrir hvert ár, er skattgreiðsla dregst.

7. gr.

Undanþegnir vaxtaskatti eru vextir af þeim skuldabréfum, sem eru eign erlendra manna, enda sé það sannanlegt og skuldabréfin þinglesin eign þeirra áður en ár er liðið frá staðfestingu laga þessara.

8. gr.

Þinglesning skuldabréfa, sem vexti gefa og vaxtaskatt ber að greiða af eftir lögum þessum, hefir því aðeins áframhaldandi gildi, að bréfið sé sýnt og stimplað árlega eftir lögum þessum (4. og 5. gr.).

9. gr.

Lög frá 7. maí 1928, nr. 20, um þinglýsingu, falla úr gildi að því leyti sem þau koma í bága við þessi lög.

10. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, frá 100—1000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með brotin skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Það mun ekki fjarri, að atvinnuvegir okkar styðjist við 170 milljónir af lánsfé, auk þess sem framleiðendur sjálfir eiga í framleiðslutækjunum. Þetta fé er atvinnuvegunum ætlað að ávaxta og útlánsvextir frá 4½ og upp í 7% og jafnvel hærri.

Af lánsfé atvinnuveganna eru um 60 milljónir (tæpar) sparifé landsmanna sjálfra, og er það af bönkum og sparisjóðum ávaxtað með 4 til 4½%.

Háværar raddir hafa heyrzt um það, að útlánsvextir þurfi að lækka. Byggjast þær á því, að atvinnuvegirnir gangi nú svo erfiðlega, að ekkert samræmi sé milli afkomu þeirra annarsvegar og vaxtatekna sparifjáreigenda hinsvegar.

Í öllum okkar nágrannalöndum sýna opinberar skýrslur, að landbúnaðurinn þar ávaxtar höfuðstólinn, sem bundinn er í honum, með tæpum og liðugum 2% að hæst 2,8.

Hér á landi er þetta fyrst rannsakað nú nýlega. Guðmundur Jónsson kennari á Hvanneyri hefir unnið úr 8 búreikningum (maí 1933 til maí 1934), 6 úr Borgarfirði, 1 úr Eyjafirði og 1 úr Árnessýslu. Niðurstaðan er sú, að höfuðstóllinn er vaxtaður með 3%. En í þessum samanburði er rétt að benda á það, að þegar athugað er, hverjir þessir bændur eru, þá má fullyrða, að þessi prósenta er til muna hærri en vera mundi, ef hagur fleiri bænda úr fleiri sýslum væri athugaður. Það mun því mega segja, að landbúnaðurinn ávaxti höfuðstólinn, sem í honum stendur, hér á landi líkt og annarsstaðar.

Eftir þeim upplýsingum, er fyrir liggja um afkomu sjávarútvegsins, er ekki hægt að ætla, að hann sé nú færari um að ávaxta höfuðstól með háum vöxtum, og mun mega ætla, að ástand hans sé ekki betra en landbúnaðarins.

Um iðnaðinn mun mega segja svipað. Það er því alveg sýnt, að enginn af þeim atvinnuvegum — nema kannske verzlunin —, sem hér eru, er fær um að borga þá vexti, sem nú er krafizt, og greiðslu þeirra þá krafizt, er gerir halla á atvinnurekstrinum. Jafnframt er líka víst, að væri mögulegt að lækka vextina, þá mundi afkoma atvinnuveganna verða miklum mun betri og nýtt líf færast í þá, atvinna því aukast, og atvinnuleysið minnka eða hverfa.

Þetta frumvarp er til þess samið og fram borið að reyna að finna leið til að lækka vextina og koma aftur á samræmi milli vaxtatekna peningamannanna og atvinnutekna alls almennings.

Sú leið er farin, að heimila ráðherra að ákveða innlánsvexti, og er þá gert ráð fyrir, að þeir verði *lækkaðir verulega*.

Til þess að fyrirbyggja, að menn taki fé sitt út úr sparisjóðum og bönkum og verji því til verðbréfakaupa eða privat útlána, til þess á þann hátt að ávaxta þá hærra, er gert ráð fyrir því, að af engu skuldabréfi eða skuldaviðurkenningu megi taka hærri vexti en 1½% fram yfir venjulega innlánsvexti, eins og þeir eru ákveðnir af ráðherra á hverjum tíma, en það, sem þar er fram yfir, renni í ríkissjóð.

Vegna framtíðarverðbréfasölu hefir mér þó þótt rétt að láta vexti þá, er erlendir menn eiga að fá hér af skuldum sínum, vera undanþegna verðbréfaskatti.

## Nd. 313. Nefndarálit

um frv. til laga um fiskiráð.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir haft frv. til meðferðar, og virtist enginn nefndarmanna telja sér fært að fylgja því óbreyttu. Tveir nefndarmanna töldu sig vilja gera á því nokkrar breytingar og skila sérstöku nál., en undirritaður meiri hluti taldi enga leið til þess, að frv. næði tilgangi sínum, þó að lögum yrði, nema það væri samið upp alveg að nýju. Bæði er í frv. gert ráð fyrir, að fiskiráðið verði útnefnt að nokkru leyti af stofnunum, sem enginn veit, hvort verða starfandi á þeim tíma, sem frv. kynni að fá staðfestingu, og því alls engin trygging fyrir, að ráðið yrði nokkru sinni fullskipað, og ennfremur er fiskiráðinu með frv. ekki gefið neitt vald né aðstaða til þess að koma tillögum sínum í framkvæmd, hversu nýtilegar sem þær kynnu að verða. Frv. er því að áliti meiri hl. nefndarinnar svo losaralega samið og vanhugsað, að engin leið er til að breyta því, svo vit verði í. Hinsvegar er meiri hl. nefndarinnar fyllilega sammála þeirri viðurkenningu, sem í frv. felst um að hin frjálsa samkeppni hafi leitt sjávarútveginn forsjárlaust út í hið mesta öngþveiti, svo hann stendur nú höllum fæti gegn þeim örðugleikum, er að honum steðja. Vill meiri hl. því fallast á þá hugsun, sem virðist vera á bak við frv., þó í þoku sé, um að nauðsyn beri til að skapa sjávarútveginum nokkra forystu, en telur, að þessu verði bezt fyrir komið í sambandi við löggjöf um útflutning og sölu á síld og fiski, sem væntanlega verður lögð fyrir hv. Alþingi að tilhlutun hæstv. ríkisstjórnar. Fyrir því leggur meiri hl. til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að í væntanlegri löggjöf um sölu á síld og fiski, er afgreiðslu fái á Alþingi því, er nú situr, verði séð fyrir forystu hæfustu manna til þess að gera ráðstafanir og framkvæmdir um bjargráð fyrir sjávarútveginn út úr því öngþveiti, sem hann er nú kominn í, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Finnur Jónsson, form., frsm. meiri hl. | Bergur Jónsson, fundaskr., með fyrirv. | Páll Þorbjörnsson. |

## Ed. 314. Nefndarálit

um frv. til laga um loftskeytastöðvar á flutningaskipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin er ósammála um afgreiðslu þessa máls. Vill minni hl. aðeins lögskipa talstöðvar. Meiri hl. er hinsvegar óbreyttrar skoðunar um það, að loft-

skeytastöðvar eru að miklum mun meira öryggi fyrir lífi manna, skipi og farmi, og ekki sízt á skipum, sem eru á langleiðum. Nefndin hefir leitað álits landssímastjóra um málið. Segir hann meðal annars um þetta: „Firðritunarstöð eða firðtalstöð". „Flestar skipa-loftskeytastöðvar vinna á hinu hærra bylgjusviði (600—800 m), og er alþjóða-kallbylgja þeirra 600 m. Hinsvegar er talstöðvum ætlað lægra bylgjusvið (175—196 m.) með 182 m. kallbylgju. Með því nú að bæði langflest skip og langflestar strandastöðvar halda hlervörð (hlusta) reglulega á 600 m. bylgju, þá verður að telja, að ólíkt meira öryggi fáist með loftskeytastöð (með 600 m. kallbylgju) en með firðtalsstöð (með 182 m. kallbylgju)".

Kostnaðarhliðin í þessu tilfelli virðist ekki svo mikil, að ástæða sé til að undanskilja þessi skip loftskeytastöðvum. Verð slíkra stöðva mun vera frá 4000—6000 kr., dálítið dýrari með talútbúnaði. Rekstrarkostnaður ætti heldur ekki að þurfa að verða tilfinnanlegur, þar sem heimilt mun vera að láta einhvern yfirmanna skipsins, með loftskeytakunnáttu, annast alla afgreiðslu stöðvarinnar. Slíkt er alvanalegt á erlendum flutningaskipum. Um þetta atriði segir landssímastjóri svo: „Í tilefni af fyrirspurn yðar um, hvort nokkur vandkvæði séu á því, að stýrimenn eða aðrir skipsmenn geti jafnframt starfað sem loftskeytamenn, skal upplýst, að engin ákvæði í alþjóðareglum né heldur íslenzkum sérreglum eru því til fyrirstöðu, enda tíðkast það víða annarsstaðar (t. d. á Norðurlöndum og í Þýzkalandi), sérstaklega á vöruflutningaskipum".

Meiri hlutinn sér því ekki ástæðu til að hverfa frá stefnu sinni um loftskeytastöðvar á þessum skipum. Aftur á móti hefir það upplýstst, að í frv. er farið fram á óþarflega sterka stöð, og er því rétt að gera breytingu þar á.

Við leggjum því til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Afl stöðvanna skal vera minnst 125 vatt í loftneti á 600 metra öldulengd, og fullnægja að öðru leyti ákvæðum um loftskeytastöðvar í skipum.

Alþingi, 3. nóv. 1934.

| | |
|---|---|
| Ingvar Pálmason, form. | Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm. |

## Nd. 315. Breytingartillaga

við frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 52 19. júní 1933, um breyt. á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Frá Jóhanni Þ. Jósefssyni.

Við frumvarpsgreinina bætist: með þeirri breytingu, að annar málsliður 1. gr. (Á Breiðafirði ... eða báðum) falli niður.

## Nd. 316. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Á eftir 2. gr. frv. kemur ný gr., sem verður 3. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

6. gr. laganna hljóði svo:

Fjármálaráðherra setur reglugerð um vörugerðina, um húsrúm og útbúnað, þar sem vörugerðin fer fram, um geymslu á tilbúnum en óafhentum vörum, um afhendingu og sölu varanna og um bókhald vörugerðar, svo og um eftirlit til tryggingar gjaldheimtunni. Í reglugerðinni má ákveða sektir um brot gegn henni, þar á meðal dagsektir, svo og missi leyfisbréfs til tollvörugerðar.

Heimta má gjaldheimtumaður drengskaparvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

## Nd. 317. Nefndarálit

um frumv. til laga um hafnargerð á Hornafirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Til hafnargerðar á Hornafirði veitist úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 52000.00 — fimmtíu og tvö þúsund krónur —, gegn ⅗ úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns. Með kostnaði við hafnargerð teljast nauðsynlegar dýpkanir á höfninni og innsiglingaleiðinni.
2. Við 2. gr. Fyrir „65000.00 — sextíu og fimm þúsund“ komi: 78000.00 — sjötíu og átta þúsund.
3. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist: Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir einstakra manna, sem liggja að höfninni og nauðsynleg kynnu að verða til hagnýtingar hennar.

Alþingi, 3. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Einnur Jónsson, form. | Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. | Bergur Jónsson, fundaskr. |

Sigurður Kristjánsson. Páll Þorbjörnsson.

## Nd. 318. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 279 [Útvarpsrekstur ríkisins.]

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við tölulið 4, staflið f. Orðið „síðar“ falli niður.

## Ed. 319. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa og starfrækja síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. nóv. 1934.

| Ingvar Pálmason, | Sigurjón Á. Ólafsson, | Jón A. Jónsson, |
|---|---|---|
| form., frsm. | fundaskr. | með fyrirv. |

## Sþ. 320. Tillaga

til þingsályktunar um rekstrarlán til smáútgerðarmanna.

Flm.: Garðar Þorsteinsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að hlutast til um, að smáútgerðarmönnum verði, áður en næstkomandi vertíð byrjar, veitt rekstrarlán til útgerðarinnar. Lánið sé allt að 1000 krónum fyrir hvern bát innan við 8 tonn, en allt að 3000 krónum fyrir hvern bát stærri en 8 tonn.

Lánin séu veitt gegnum Landsbanka Íslands eða útibú hans, gegn 1. veðrétti í óveiddum afla.

Við lánveitinguna sé þess gætt, að féð sé aðeins notað til kaupa á olíu, veiðarfærum eða öðru, er útgerðin þarfnast, en ekki til greiðslu eldri skulda.

### Greinargerð.

Tillaga þessi er fram borin vegna þess, að smáútgerðarmenn eru nú svo fjárhagslega illa staddir, að bein nauðsyn er til þess, að hlutazt sé til um, að þeim sé veitt rekstrarlán, og mun þeim flestum nauðsynlegt, að það lán sé veitt áður en útgerðin byrjar.

Í lögum er heimild til þess fyrir banka og sparisjóði að veita lán gegn veði í

óveiddum afla. Hefir verið mjög erfitt að fá slík lán, að minnsta kosti norðanlands.

Með tillögu þessari er því til þess ætlazt, að ríkisstjórnin hlutist til um, að Landsbankinn veiti nauðsynleg rekstrarlán gegn veði í óveiddum afla, og mun þá, ef tillagan verður samþykkt, hvíla skylda á ríkisstjórninni að útvega bankanum fé til þessa, ef þess gerðist þörf. — Samþykkt tillögunnar mun auk þess örva fátæka útgerðarmenn til þess enn á ný að freista hamingjunnar, en það mun nú svo komið, að margir þeirra treystast alls ekki til þess að hefja útgerð á ný, án þess að vita, að Alþingi, ríkisstjórn og bankar vilji styðja að tilraunum þeirra í þeim efnum.

Ef til vill má ná svipuðum árangri, ef bankaábyrgð fæst fyrir framangreindum upphæðum, og mundi e. t. v. með því móti vera auðveldara að gæta þess, að lánið, sem veita á, verði ekki notað til greiðslu eldri skulda.

## Sþ. 321. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á tjóni einstakra manna af völdum ofviðris 26. og 27. okt. síðastl.

Flm.: Garðar Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka tjón það, er einstakir menn urðu fyrir í ofviðrinu 26. og 27. okt. síðastl.

Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að bæta þeim, sem urðu fyrir tilfinnanlegustu tjóni, skaðann að einhverju leyti, enda hafi farið fram rannsókn á fjárhag viðkomandi manna og sú rannsókn leitt í ljós nauðsyn þess, að tjónið sé bætt.

### Greinargerð.

Það er vitað, að ýmsir þeir, sem búa við sjó fram, hafa misst svo að segja aleigu sína í ofviðrinu, er geisaði í lok síðasta mánaðar. Það er því nauðsynlegt, að það sé rannsakað, hve mikinn skaða einstakir menn hafi beðið, og ríkisstjórnin komi þeim, sem urðu fyrir tilfinnanlegustu tjóni, til hjálpar að einhverju leyti.

Sérstaklega er til þess ætlazt, að fátækum útvegsmönnum og sjómönnum, sem hafa misst e. t. v. nær aleigu sína, sé hjálpað, enda mun þeim veitast erfiðast að reisa við atvinnu sína án aðstoðar ríkisvaldsins.

## Nd. 322. Frumvarp

til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

Flm.: Magnús Torfason, Hannes Jónsson.

1. gr.

Fasteignaskattur, er fellur í sýslum landsins, greiðist í sýsluvegasjóð sýslu þeirrar, er fasteignin liggur í, fyrsta sinn 1935. Skatt þennan getur sýslunefnd hækkað allt að helmingi.

2. gr.

Lögreglustjóri greiðir oddvita sýslunefndar skatt þennan, jafnóðum og hann er innheimtur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Þær breytingar á gildandi lögum, sem í frumvarpi þessu felast, eru aðeins tvær. Önnur sú, að fasteignaskattinum er breytt úr því að vera ríkisskattur, í það að vera skattur til sýslusjóða. Hin, að heimild er gefin til þess að hækka hann, ef sýslunefnd vill, þó innan þröngra takmarka.

Hin fyrri þessara breytinga er grundvallarbreyting, og þykir því rétt að fara um hana nokkrum orðum. Það, sem um hana er sagt, á og einnig við hina síðari.

Samkvæmt gildandi lögum er héruðunum veitt talsvert rífleg sjálfstjórn á pappírnum. Og fram til síðustu tíma var kjördæmaskiptingu þannig fyrir komið, að allmikil trygging var fyrir héraðsvaldið, þótt kjördæmaskiptingin í sjálfu sér verði ekki talin liður í sjálfstjórn héraðanna.

Með stjórnarskrárbreytingunni og kosningalögunum nýju var þessu þó allmjög raskað, þannig, að áhrifavald héraðanna á Alþingi er stórum rýrt, og er því ástæða til þess að vera vel á verði um sjálfstjórn héraðanna.

Þeir skattstofnar, sem héruðunum eru ætlaðir og þau mega ekki án vera, hafa stórrýrnað á síðustu árum, enda á þá gengið af ríkisvaldinu. En af þessu leiðir fjárhagsleg vandræði héraðanna, og má svo fara, ef fram er gengið svo sem nú horfir, að héruðin verði allsendis ófær til að inna af hendi skyldur sínar lögum samkvæmt, og þá því fremur með öllu máttvana til þess að gera nokkuð umfram ströngustu lagaskyldur. Er þá svo komið, að héraðsleg sjálfstjórn er að engu orðin, nema á pappírnum, og héraðsstjórnirnar sjálfar ekki annað en sýslunarmenn ríkisvaldsins.

Bændaflokkurinn telur þessa stefnu stórhættulega og þjóðinni til ófarnaðar.

Frumvarpið er því fram borið fyrst og fremst til þess að marka stefnu flokksins í þessu máli, með því að tryggja héruðunum varanlegan tekjustofn, sem ekki verði seilzt inn á af öðrum, og leggja þannig tryggari grundvöll að raunverulegri sjálfstjórn héraðanna, en án fjármagns er hún engin.

Fasteignaskatturinn hefir orðið fyrir valinu, bæði af því, að fasteignir eru taldar eðlilegasti tekjustofn héraðanna, auk skatts af tekjum og eignum, og svo vegna þess, að löggjafinn hefir þegar fengið þær héruðunum í þessu skyni að nokkru leyti (lóða- og húsaskatturinn í ýmsum bæjum, sýsluvegasjóðsskattur).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að skatturinn renni í sýslusjóð, og er það gert sakir þess, að flestar meiri háttar framkvæmdir ná til meira en eins hreppsfélags, og njóta hreppsfélögin því styrks til þeirra úr sýslusjóði.

Þetta frumvarp er að vísu aðeins byrjun á mikilsverðu máli og langt frá því að vera nokkur fullnaðarlausn þess. Fjárhæðin, sem um er að ræða, er einnig lítil, og engan veginn svo að nægi, þótt ekki hafi þótt rétt að fara lengra að sinni.

Samkvæmt síðasta fasteignamati nemur skatturinn því, sem hér segir, og skiptist þannig:

| Sýslur: | Landverð Matsverð kr. | Skattur kr. | Húsaverð Matsverð kr. | Skattur kr. | Skattur samtals kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| Rangárvalla- ..... | 1562600 | 4687.80 | 1296000 | 1944.00 | 6631.80 |
| Árnes- ..... | 3416300 | 10249.00 | 3685400 | 5527.00 | 15776.00 |
| Gullbringu- ..... | 1827000 | 5481.00 | 3037100 | 4555.00 | 10036.00 |
| Kjósar- ..... | 1669300 | 5007.90 | 2050100 | 3075.00 | 8082.90 |
| Borgarfjarðar- ..... | 1645600 | 4936.80 | 2336700 | 3505.00 | 8441.80 |
| Mýra- ..... | 1190900 | 3572.20 | 1666500 | 2499.70 | 6071.90 |
| Snæf.- og Hnapp.- .. | 1349400 | 4048.30 | 1889600 | 2834.20 | 6882.50 |
| Dala- ..... | 1014800 | 3044.40 | 608800 | 913.00 | 3957.60 |
| A.-Barð.- ..... | 442000 | 1326.00 | 321900 | 482.90 | 1808.90 |
| V.-Barð.- ..... | 574300 | 1725.00 | 1216000 | 1824.00 | 3549.00 |
| V.-Ísafjarðar- ..... | 654700 | 1964.00 | 1724700 | 2587.00 | 4551.00 |
| N.-Ísafjarðar- ..... | 1168500 | 3505.50 | 2222000 | 3333.00 | 6838.50 |
| Stranda- ..... | 665100 | 1995.30 | 697400 | 1046.00 | 3041.30 |
| V.-Húnavatns- ..... | 838000 | 2514.00 | 586800 | 880.00 | 3394.00 |
| A.-Húnavatns- ..... | 1224800 | 3674.00 | 1018000 | 1527.00 | 5201.00 |
| Skagafjarðar- ..... | 1992400 | 5977.20 | 1674400 | 2511.60 | 8488.80 |
| Eyjafjarðar- ..... | 2218000 | 6654.00 | 2697100 | 4045.60 | 10699.60 |
| S.-Þingeyjar- ..... | 1824700 | 5474.10 | 2510800 | 3766.20 | 9240.30 |
| N.-Þingeyjar- ..... | 892000 | 2676.00 | 1115400 | 1673.10 | 4349.10 |
| N.-Múlas.- ..... | 1617400 | 4852.20 | 1240300 | 1860.00 | 6712.20 |
| S.-Múlas.- ..... | 1673000 | 5019.00 | 3192600 | 4788.90 | 9807.90 |
| A.-Skaft.- ..... | 500500 | 1501.50 | 730300 | 1095.40 | 2596.90 |
| V.-Skaft.- ..... | 610000 | 1830.00 | 706800 | 1060.20 | 2890.20 |
| Samtals: | 30571300 | 91715.20 | 38224700 | 57334.00 | 149049.20 |

## Nd. 323. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

6. gr. laganna orðist svo:

Allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, skal bæta með A- og D-fjörefnum á þann hátt, sem fyrir verður mælt af ráðherra, að fengnum tillögum rannsóknarstofu háskólans, og ekki á annan hátt.

Atvinnumálaráðherra getur, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, ákveðið, að í öllu smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, sé tiltekinn hundraðshluti af íslenzku smjöri. Skylt er að blanda erlent smjörlíki, sem selt er hér á landi, sama hundraðshluta af íslenzku smjöri og ákveðið er um innlent smjörlíki á sama tíma. Skal sú blöndun fara fram hér á landi og undir sama eftirliti sem íslenzku

smjörlíkisgerðirnar eru háðar. Áður en ráðherra hefir fyrirskipað með auglýsingu um blöndun smjörlíkis með smjöri, má ekki verzla með smjörlíki blandað smjöri, og eftir að slík auglýsing hefir verið birt, má ekki verzla með smjörlíki blandað smjöri í öðrum hlutföllum né á annan hátt en fyrir er mælt í auglýsingunni.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmdir ákvæða þessarar greinar, eftir því sem þurfa þykir.

### Greinargerð.

Smjörlíki er nú unnt að bæta með fjörefnum, þannig að það að því leyti getur jafnazt á við smjör. Smjörlíkisverksmiðjurnar auglýsa hver í kapp við aðra yfirburði bætiefna síns smjörlíkis, og er einskis hófs gætt í því skrumi. Almenningur kann hér ekkert um að dæma, og auk þess mjög erfitt og kostnaðarsamt að skera úr því með sífelldum rannsóknum, hvort bætiefnin reynast í smjörlíkinu eins og gumað er af. Er kunnugt, að því hefir í sumum tilfellum farið alls fjarri. Má fara nærri um, hverjir misbrestir geta verið hér á, þegar sumum smjörlíkisverksmiðjunum reynist um megn að fylgja einföldustu og sjálfsögðustu fyrirmælum smjörlíkislaganna, og upplýsingar þeirra um blöndun smjörs í smjörlíki hafa nær aldrei reynzt svara til staðreynda, en í ýmsum tilfellum sannazt að vera skrum eitt.

Öruggasta ráðið til að tryggja það, að allt smjörlíki sé jafnan á viðunandi hátt bætt fjörefnum, og smjörmagn þess, ef um það er að ræða, svari til þess, sem lofað er, og til að vernda almenning fyrir hættulegu skrumi um þessi efni, er að fyrirskipa fastar opinberar reglur hér að lútandi, er óheimilt sé út af að bregða, jafnframt því sem sérstökum opinberum eftirlitsmanni sé falið að hafa nákvæmt eftirlit með því, að reglunum sé fylgt. Slíkan eftirlitsmann er heimilt að skipa samkvæmt smjörlíkislögunum. Er nú í ráði, að það verði gert, og í undirbúningi reglugerð fyrir hann til að starfa eftir. Þyrfti sú reglugerð að ná til þeirra atriða, sem hér hefir verið rætt um. Ef Alþingi getur fallizt á frv., væri þess vegna ákjósanlegt, að afgreiðslu þess yrði hraðað.

Rannsóknarstofa háskólans er þess albúin að segja fyrir um fjörefnabætingu smjörlíkis og að fylgjast með öllum nýungum á því sviði.

## Ed. 324. Frumvarp

til laga um almennan húsmæðjórnar- og vinnuskóla fyrir konur í Reykjavík.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Stofna skal í Reykjavík almennan húsmæðjórnar- og vinnuskóla fyrir konur. Skal hann veita konum þá kunnáttu, verklega og bóklega, sem telja verður nauðsynlega til þess að geta innt af hendi venjuleg störf á heimilum og stjórn þeirra.

2. gr.

Yfirstjórn skólans er í höndum þriggja manna skólanefndar, er ráðherra skipar. Í nefndinni skulu eiga sæti tvær konur og einn karlmaður.

3. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum skólanefndar, forstöðukonu, og kennslukonur eftir því sem þörf verður fyrir, þó eigi færri en tvær auk forstöðukonu. Leita skal tillagna forstöðukonu um val kennslukvenna. Skal haga kennaravali þannig, að sérfræðingar geti kennt þær námsgreinar, sem ákveðnar eru eða síðar verða ákveðnar við skólann.

4. gr.

Námsgreinar eru bæði verklegar og bóklegar.

A. Verklegar námsgreinar eru þessar:
   1. Matreiðsla allskonar, og sé sérstök áherzla lögð á matreiðslu grænmetis, einkum úr innlendum efnum, svo og það, að fullrar hagsýni og nýtni sé ávallt gætt.
   2. Framreiðsla matar og drykkjar.
   3. Ræsting og þvottur.
   4. Saumur og hirðing fatnaðar.
   5. Hagkvæm vinnubrögð til hentugrar og smekklegrar heimilishögunar.

B. Bóklegar námsgreinar eru þessar:
   1. Efnafræði, sérstaklega efnasambönd fæðunnar.
   2. Heilsufræði, einkum hjúkrunarfræði og meðferð ungbarna.
   3. Einföld bókfærsla, til þess að geta haft yfirlit yfir efnahag heimilis.

5. gr.

Reisa skal hús handa skólanum í Reykjavík og útbúa hann með nauðsynlegum innanstokksmunum og kennsluáhöldum. Leggur ríkissjóður fram $\frac{2}{3}$ stofnkostnaðar, gegn $\frac{1}{3}$ annarsstaðar að.

Verði það talið hentugra að taka á leigu húsnæði handa skólanum fyrst um sinn, skal það gert, og telst þá innbú og kennsluáhöld til stofnkostnaðar.

Skólinn er rekinn fyrir ríkisfé.

6. gr.

Skólinn starfar 9 mánuði á ári.

7. gr.

Laun forstöðukonu og kennslukvenna skulu vera þau sömu og tilsvarandi laun við gagnfræðaskóla.

8. gr.

Nánari ákvæði um námsefni, námstilhögun og annað, sem skólann varðar, svo sem aldurstakmark, skólagjöld o. fl., getur ráðherra sett eftir tillögum skólanefndar.

## Greinargerð.

Engum getur dulizt nauðsynin á því, að veita konum þá menntun, er sérstaklega þarf til þess að stjórna heimili og leysa heimilisstörfin sem bezt af hendi. Alþingi hefir og sýnt skilning sinn á þessu máli, með því að veita styrk til húsmæðrafræðslu víðsvegar um land. Reykjavík hefir þó hingað til farið mjög varhluta í þessum efnum, þó að hún sé höfuðstaður landsins, flest heimilin þar og þangað leiti flestir, sem afla sér einhverrar sérmenntunar.

Við kvennaskólann í Reykjavík starfar að vísu hússtjórnardeild, þar sem fram fer fullkomin tilsögn og æfing í öllu, sem snertir heimilisstjórn og heimilisstörf, en þegar þess er gætt, hve fáum stúlkum deildin getur veitt viðtöku, aðeins 12, og utanbæjarstúlkur ganga fyrir um inntöku, enda heimavistarskóli, sem ekki er eins hentugur fyrir bæjarbúa, er það auðsætt, að sú fræðsla er harla ófullnægjandi með tilliti til fjöldans og þarfar ungra kvenna á námi og æfingu í starfsgreinunum, sem venjulega verða æfistarf þeirra að meira eða minna leyti.

Aðrir landshlutar standa tiltölulega betur að vígi í þessum efnum en Reykjavík. Þannig eru t. d. tveir hússtjórnarskólar á Vesturlandi, tveir á Norðurlandi og einn á Austurlandi. Á Suðurlandi er aftur á móti enginn sérstakur hússtjórnarskóli. Það virðist þó liggja í augum uppi, að langfjölmennasti hluti landsins megi sízt verða útundan í þessum efnum. Fyrir því er þetta frv. fram komið.

## Fylgiskjal.

Undirritaðar konur, sem saman voru komnar á fund 19. okt. 1934 til þess að ræða um nauðsyn á stofnun húsmæðraskóla í Reykjavík, skora á ríkisstjórn og Alþingi að veita ríflegan styrk til stofnunar almennum húsmæðraskóla og vinnuskóla hér í bænum, og sé styrkur þessi miðaður við framlög ríkissjóðs til héraðsskóla og húsmæðraskóla annarsstaðar á landinu.

Virðingarfyllst.

Reykjavík, 19. október 1934.

Guðrún Pétursdóttir, Skólavörðustíg 11 A. Laufey Vilhjálmsdóttir. Elín Briem Jónsson, Bókhlöðustíg 7. Ingibjörg Cl. Þorláksson, Bankastræti 11. Ragnhildur Pétursdóttir. Jóhanna Egilsdóttir. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Soffía Jónsdóttir Claessen. Margrét K. Jónsdóttir, Vesturgötu 17. Halldóra Bjarnadóttir. Anna Ásmundsdóttir. Jónína Jónatansdóttir. Kristín Vídalín Jacobson. Inga L. Lárusdóttir. Helga Sigurðardóttir, Lækjargötu 14. Guðrún Hannesdóttir, Ránargötu 6 A. Kristín A. Thoroddsen, Fríkirkjuveg 3.

## Ed. 325. Breytingartillaga

við frv. til l. um breytingar á l. nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 2. gr. Á eftir orðunum „og getur atvinnumálaráðherra þá“ kemur: eftir tillögu meiri hluta bæjarstjórnar.

## Ed. 326. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá samgöngumálanefnd.

Fyrir nefndinni lágu tvö frumvörp, á þskj. 49 og 266, og auk þess brtt. á þskj. 117, 126 og 149, og ennfremur beiðni hv. þm. Strandamanna um línu að Eyjum við Bjarnarfjörð.

Nefndin hefir fengið umsögn landssímastjóra um þær till. til breytinga og viðauka á símakerfinu, sem fram hafa komið í ofangreindum tillögum, og leggur til, eftir að hafa kynnt sér allar ástæður, að tillögum landssímastjóra verði fylgt um afgreiðslu þeirra.

Um einstakar tillögur vill nefndin taka þetta fram:

**Þingskjal 49:**

Um 1. Nefndin telur, að skapast mundi fullkomið öryggisleysi um veðurfregnir frá Dalatangavita, ef gerð væri sú breyting á línunni þangað, sem till. fer fram á. Nefndin hefir leitað álits veðurstofunnar um þessa till., og leggur hún á móti breytingunni; sama gerir og landssímastjóri.

Um 2. Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Línan er 23,4 km., og leggur nefndin til, að till. verði samþ.

Um 3. Lína frá Búðum til Hafnarness. Þessi lína er einkalína. Viðhald línunnar hefir verið vanrækt af eigendum og notkun línunnar sífellt minnkandi.

Þar sem mikið er enn óunnið af nauðsynlegum nýbyggingum landssímalína, telur nefndin, eða meiri hluti hennar, ótækt, að landssíminn yfirtaki einkasímalínur, og leggur á móti till.

Um 4. Lína frá Geirólfsstöðum að Arnhólsstöðum. Línan er 4—5 km. Stóra sker byggðina, svo Skriðdælir austan árinnar komast oft ekki á símastöðina, sem er vestan árinnar. Nefndin leggur til, að till. verði samþ.

**Þingskjal 117:**

Um 1. Meiri hl. nefndarinnar leggur á móti till., enda telur landssímastjóri, að hér sé um fyrirkomulagsatriði að ræða, sem hann athugi þegar línan verður lögð.

Um 2. Nefndin leggur til, að þessi till. verði samþykkt. Að sumu er hér um fyrirkomulagsbreytingu að ræða, sem landssímastjóri þegar hefir ákveðið, en ný lína aðeins frá Höfða að Furufirði, og hefir landssímastjóri fallizt á till.

**Þingskjal 126:**

Þetta er skipulagsatriði, og er nefndin sammála landssímastjóra um, að slíkt eigi ekki að taka upp í ritsímalög.

**Þingskjal 149:**

Um 1 og 2. Landssímastjóri álítur, að báðar þessar línur eigi að vera einkalínur. Landssímalínur á þessum stöðum koma ekki að notum nema einum bæ hvor, því ekki verði stöðvum skipað þéttar en svo á landssímalínur.

Nefndin fellst á skoðun landssímastjóra og getur ekki mælt með þessum till.

**Þingskjal 266:**

Lína þessi er um 8 km. Nefndin hefir leitað umsagnar landssímastjóra um till., og mælir hann eftir atvikum með, að lína þessi verði tekin inn í ritsímalögin, og mælir nefndin með, að svo verði gert.

Nefndin leggur til, í samræmi við það, sem að framan segir, að frv. á þskj. 49 verði samþ. með þessum

BREYTINGUM:

1. „Lína frá Brekku .... Dalatanga“ falli niður.
2. „Lína frá Búðum .... til Hafnarness“ falli niður.
3. Við frvgr. bætist:
   a. Frá Sandeyri um Stað í Grunnavík, og frá Stað í Grunnavík um Höfða að Furufirði.
   b. Lína frá Setbergi við Grundarfjörð að Hallbjarnareyri.

Alþingi, 5. nóv. 1934.

| Sigurjón Á. Ólafsson, form. | Jón A. Jónsson, frsm. | Páll Hermannsson, fundaskr. |
|---|---|---|

## Nd. 327. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. 4. b. Aftan við liðinn komi: Undanþegin frá þessum tolli er berjakvoða og Pectine, sem flutt er til landsins til sultugerðar.
2. Við 1. gr. 6. b. Í stað „6,40“ komi: 5,20.

## Nd. 328. Tillaga

til þingsályktunar um strandferðir.

Flm.: Bergur Jónsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að fá felld niður þau ákvæði úr milliríkjasamningum milli Íslands og annara ríkja, sem kunna að vera því til fyrirstöðu, að Íslendingar geti tekið strandferðir við Ísland að fullu í sínar hendur.

### Greinargerð.

Flm. framanritaðrar tillögu hafa borið fram í hv. Nd. frv. til laga um strandferðir, í þeim höfuðtilgangi, að Íslendingar taki að fullu í sínar hendur strandferðir við landið. Við umræðurnar var því hreyft og borið fram sem ástæða til andstöðu við frv., að ákvæði þess kæmu í bága við milliríkjasamninga. Frv. var vísað til samgmn. Nd., og hafa nú verið athuguð þau ákvæði milliríkjasamninga, sem hér geta komið til greina. Á því getur leikið nokkur vafi, hvort samningsákvæði þessi brjóti í bága við ákvæði frv., og með því að hætt er við, að sumir líti svo á, að frv. geti eigi samrýmzt samningsákvæðunum og vilji því eigi ljá málinu fylgi, virðist öruggara, til þess að ná þeim aðaltilgangi, sem fyrr greinir, að reyna til að fá ákvæði milliríkjasamninganna felld niður, svo landsmenn verði frjálsir að því að haga máli þessu að vild sinni.

## Ed. 329. Frumvarp

til laga um útvarpsrekstur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### I. KAFLI

**Um skipulag og rekstur útvarps.**

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir einkarétt til að reka útvarp á Íslandi. Hún lætur starfrækja útvarpsstöð í Reykjavík og má auka orku hennar, eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin lætur reisa endurvarpsstöðvar annarsstaðar á landinu, eftir því sem ástæður krefjast. Um orkuaukningu Reykjavíkurstöðvarinnar og byggingu endurvarpsstöðva fer eftir ákvörðunum Alþingis í hvert sinn.

Stöðvarnar og starfræksla þeirra nefnist einu nafni **Ríkisútvarpið** og ber undir kennslumálaráðuneytið.

2. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld Ríkisútvarpsins skal tekin sem sérstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju.

Tekjum Ríkisútvarpsins og þeirra starfsgreina, sem reknar verða á vegum þess, má eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar og útvarpsnota.

3. gr.

Kennslumálaráðherra skipar útvarpsstjóra. Skulu árslaun hans vera kr. 7500.00, auk dýrtíðaruppbótar. Skal honum falið að annast um allt, sem lýtur að rekstri útvarpsins, skrifstofuhaldi, daglegri umsjón og að hafa á hendi fjárreiður þess allar og reikningshald.

Kennslumálaráðherra skipar ennfremur aðra starfsmenn við Ríkisútvarpið og ákveður laun þeirra, í samræmi við launakjör annara svipaðra starfsmanna ríkisins, að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri leitar álits og tillagna útvarpsráðs um val þeirra fastráðinna starfsmanna, sem vinna listræn störf og fræðslustörf við útvarpið.

4. gr.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þrír þeirra og þrír til vara kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn og þrír og þrír til vara sömuleiðis kosnir hlutfallskosningu meðal allra þeirra, sem útvarpsnotendur teljast og greitt hafa lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum.

Þegar eftir að kosning í útvarpsráð hefir farið fram á Alþingi, felur ráðuneytið skrifstofu Ríkisútvarpsins að annast um, að fram fari kosning af hálfu útvarpsnotenda. Heimilt er félögum útvarpsnotenda og einstökum útvarpsnotendum að bera fram kjörlista. Skulu á hverjum lista vera nöfn sex manna þeirra, er kjörgengir eru, og fylgi hverjum lista meðmæli að minnsta kosti 200 útvarpsnotenda. Kjörgengur er hver sá útvarpsnotandi, sem greitt hefir lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum, er ekki fastráðinn starfsmaður Ríkisútvarpsins og er búsettur í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að hann geti tekið þátt í störfum útvarpsráðs.

Kennslumálaráðherra ákveður í reglugerð nánar um tilhögun kosningarinnar og talningu atkvæða, enda sé fulltrúum útvarpsnotenda tryggður réttur til eftirlits með kosningunni.

Kosning þessari skal vera lokið þegar þrír mánuðir eru liðnir frá því er kosning í útvarpsráð fer fram á Alþingi, og tekur þá hið nýkjörna útvarpsráð við störfum.

Kennslumálaráðherra skipar sjöunda mann í útvarpsráð, og er hann formaður þess. Útvarpsráð velur sér ritara úr sínum hópi.

Nú koma ekki fram við kosningu í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda neinir kjörlistar, og ferst kosning þá fyrir. Skipar þá kennslumálaráðherra þrjá menn í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda til næstu fjögurra ára.

5. gr.

Útvarpsráðið tekur ákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað í höfuðefnum og leggur fullnaðarsamþykki á dagskrá áður en hún kemur til framkvæmda. Það setur reglur um fréttaflutning útvarpsins og aðrar þær reglur, er þurfa þykir til gæzlu þess, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og fyllsta

óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum, atvinnustofnunum, félögum og einstökum mönnum.

Kennslumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um störf útvarpsráðs, svo og um þóknun fyrir störfin.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefir þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Hann getur skotið ákvörðunum útvarpsráðs, þeim er mjög varða fjárhag stofnunarinnar, undir úrskurð ráðuneytisins.

Útvarpsstjóri annast undirbúning dagskrár og hefir með höndum daglega umsjón með framkvæmd dagskrár og gæzlu þess, að settum reglum um fréttaflutning útvarpsins sé fylgt.

6. gr.

Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem hagnýtir sér útvarp ríkisins, skal greiða til þess árlegt afnotagjald.

Ráðherra ákveður upphæð afnotagjaldsins um eitt ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Óheimilt er hverjum manni að hagnýta sér útvarp ríkisins nema viðtæki hans hafi verið skrásett og tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins. Hvert það viðtæki, sem ekki er tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til Ríkisútvarpsins.

Heimilt er ráðherra að fela póststofum og póstafgreiðslum landsins að annast innheimtu afnotagjalda fyrir útvarp.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hagnýtingu útvarps, gjaldskyldu útvarpsnotenda og innheimtu afnotagjaldanna. Heimilt er í reglugerð að ákveða um innsiglun útvarpsviðtækja vegna vanskila á afnotagjöldum og um dráttarvexti.

Heimilt er í reglugerð að ákveða um undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af útvarpi, eftir reglum, sem kennslumálaráðherra setur.

7. gr.

Útvarpsstjóri semur ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur Ríkisútvarpsins, og skal hún send kennslumálaráðuneytinu í tæka tíð við undirbúning fjárlaga.

8. gr.

Ríkisútvarpið hefir sama rétt og landssíminn um nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er öllum að leggja svo nýjar lagnir, hvers kyns sem eru, að þær geti valdið baga eða óreglu á lögnum Ríkisútvarpsins, sem fyrir eru, eða tækjum, sem standa í sambandi við þær.

Ráðherra sker úr ágreiningi um þessi atriði.

9. gr.

Nú hafa einstakir menn, sveitarfélög eða bæjarfélög raflagnir, vélar eða tæki, hvers kyns sem eru, sem geta valdið truflunum á starfrækslu Ríkisútvarpsins, og er Ríkisútvarpinu þá heimilt að gera, á kostnað eiganda, nauðsyn-

legar ráðstafanir um þau tæki eða lagnir, til þess að hindra truflanir, sem af þeim geta hlotizt.

Mönnum, sem eru í þjónustu Ríkisútvarpsins þessara erinda og til eftirlits með útvarpsnotum, skal heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna og hús, ef nauðsyn krefur vegna starfsins, enda fari þeir ekki um híbýli manna fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi.

10. gr.

Í kirkjum, leikhúsum og samkomuhúsum, skólum, veitingasölum og hvarvetna þar, sem almennar skemmtanir eru haldnar eða mannfundir, þar sem umræður fara fram, skal útvarpinu heimilt, án endurgjalds eða nokkurra kvaða, að leggja um húsið nauðsynlegar leiðslur fyrir útvarp og koma þar fyrir útvarpstækjum húseigendum að skaðlausu.

Réttur til að útvarpa því, sem fram fer í húsakynnunum, er óviðkomandi þessum ákvæðum.

11. gr.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að útvarpa án endurgjalds:

a. Messugerðum, háskólaerindum og öðrum fræðsluerindum, sem kostuð eru eða styrkt af almannafé.
b. Umræðum á stjórnmálafundum og öðrum almennum mannfundum.

## II. KAFLI

### Um einkasölu á útvarpsviðtækjum.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reka einkasölu á viðtækjum fyrir útvarp. Skal þá engum öðrum en ríkisstjórninni eða þeim, sem hún felur það, heimilt að flytja inn í landið viðtæki eða verzla með þau.

13. gr.

Viðtæki skal samkvæmt lögum þessum telja hvert það tæki, sem hægt er að nota til þess að taka við útvarpi, einnig tækjahluta, varahluti slíkra tækja, rafhlöður og rafgeyma, sem notaðir eru við útvarpsviðtæki.

14. gr.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölunnar.

Allur verzlunarhagnaður af einkasölunni rennur til Ríkisútvarpsins.

15. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag einkasölunnar. Skal þar ákveðið meðal annars, hvaða hlutir til sendi- eða viðtækja fyrir útvarp skuli falla undir ákvæði þessara laga.

III. KAFLI

**Ýms ákvæði.**

16. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum. Þó skulu brot gegn 12. gr. varða sektum frá 200—2000 kr.

Hvert það viðtæki eða hluti tækis, sem ólöglega er flutt inn í landið eða ætlað til sölu á óleyfilegan hátt, skal upptækt vera, og rennur andvirði þess í ríkissjóð.

Brot gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla um leið úr gildi lög nr. 62 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Kosning þriggja manna í útvarpsráð og þriggja til vara samkvæmt 4. gr. skal fara fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög. Fer þá um kosningu af hálfu útvarpsnotenda svo sem fyrir er mælt í 4. gr. Fellur þá jafnframt niður umboð núverandi útvarpsráðs.

## Nd. 330. Lög

um framlenging á gildi laga nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll.

(Afgreidd frá Nd. 5. nóv.).

Samhljóða þskj. 178.

## Nd. 331. Lög

um framlenging á gildi laga um verðtoll.

(Afgreidd frá Nd. 5. nóv.).

Samhljóða þskj. 181.

## Ed. 332. Lög

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

(Afgreidd frá Ed. 5. nóv.).

Samhljóða þskj. 32.

## Nd. 333. Frumvarp

til laga um útgerðarsamvinnufélög.

Flm.: Bergur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Markmið útgerðarsamvinnufélaga er að reka fiskveiðar á samvinnugrundvelli, svo sem nánar verður ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Nú vilja menn stofna útgerðarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 5 menn eða fleiri verða ásáttir um stofnun slíks félags og bindast samtökum um að gerast meðlimir þess, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar ríkisstjórnarinnar á þeim.

3. gr.

Félagar útgerðarsamvinnufélags geta þeir einir orðið, sem eru fastir starfsmenn félagsins, á skipum þess eða í landi, enda er óheimilt að ráða fasta starfsmenn hjá félaginu, nema þeir um leið gerist félagar og undirriti samþykktir þess.

4. gr.

Sérhver félagi útgerðarsamvinnufélags ber takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, sem miðast við 500 krónur.

5. gr.

Félagsmaður, er fer úr félaginu, eða bú þess, sem deyr, ber ábyrgð samkvæmt 4. gr. á skuldbindingum félagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en eitt ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu.

6. gr.

Á skip útgerðarsamvinnufélags skulu skipverjar ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla. Hlutur skal vera full greiðsla fyrir vinnu hvers skipverja, á skipi eða í þjónustu skips. Skipverji á skipi útgerðarsamvinnufélags getur ekki öðlazt sjóveðrétt í skipi félagsins eftir 236. gr. siglingalaganna, nr. 56 frá 1914. Nánari ákvæði um hlutaráðningu og hlutaskipti getur ríkisstjórnin sett með reglugerð.

7. gr.

Í samþykktir útgerðarsamvinnufélags skal setja ákvæði um stofnsjóð, er standi til tryggingar greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánum og öðrum föstum lánum félagsins. Tekjur sjóðsins skulu vera þær, sem hér segir:

1. Árlegt gjald, 3% af óskiptum brúttóársafla félagsins og 3% af kaupi fastra starfsmanna þess, sem ekki eru hlutarmenn.

2. Árlegt tillag frá hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélagi, er nemi jafnhárri upphæð og ársgjaldið samkvæmt tölulið 1 verður árlega.

Stofnsjóður skal ávaxtaður í Fiskveiðasjóði Íslands, og skulu vextir af honum um hver áramót lagðir við höfuðstól. Félagi eða félagsstjórn er óheimilt að skerða stofnsjóð.

Þegar innstæða stofnsjóðs nemur orðið svo hárri upphæð, miðað við skuldir félagsins og eignir, að lánstrausti og nauðsynlegum framtíðarrekstri þess sé borgið að dómi hlutaðeigandi lánsstofnana og ríkisstjórnar, getur ríkisstjórnin heimilað, að árlega sé greidd úr sjóðnum upphæð, sem svari til tillags í sjóðinn sama ár skv. 1. lið þessarar greinar, og gangi upphæðin til greiðslu á innstæðum manna í stofnsjóð, þannig að fyrst greiðist elztu innstæðurnar á hverjum tíma. Sá hluti af árstillagi sjóðsins, sem samkvæmt tölulið 1 telst af brúttóaflahlut félagsins sjálfs, kemur þó ekki til skipta, heldur skal hann falla niður umrætt tímabil. Á sama hátt fellur og niður tillag bæjar- eða hreppsfélags samkv. tölulið 2.

Við félagsslit skal innstæðufé stofnsjóðs, að loknum öllum skuldbindingum, sem á félaginu hvíla, skipt upp á milli allra þeirra, er í sjóðinn hafa lagt, í réttu hlutfalli við samanlögð tillög þeirra.

8. gr.

Í varasjóð útgerðarsamvinnufélags greiðist árlega 2% af óskiptum brúttóársafla félagsins og 2% af kaupi fastra starfsmanna, sem ekki eru hlutarmenn. Í varasjóð skal og greiða árlegan tekjuafgang félagsins, að frádregnum þeim uppbótum til hlutarmanna, sem ákveðnar kunna að verða með reglugerð þeirri, er ræðir um í niðurlagi 6. gr.

Fé varasjóðs má nota sem veltufé í þarfir félagsins.

Innstæðufé varasjóðs sé ekki útborgað við félagsslit, heldur skal það, að loknum öllum skuldbindingum, sem á félaginu hvíla, ávaxtað undir umsjón hlutaðeigandi bæjar- og hreppsstjórnar, unz annað útgerðarsamvinnufélag með sama markmiði tekur til starfa í því bæjar- eða hreppsfélagi. Fær það félag þá umráð sjóðseignarinnar, að áskildu samþykki bæjar- eða hreppsstjórnar og ríkisstjórnar.

9. gr.

Fjárreiðum hvers einstaks skips útgerðarsamvinnufélags skal haldið aðgreindum í bókhaldi félagsins, þannig að sjá megi á hverjum tíma rekstrarafkomu þess. Um reikningsskil fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

10. gr.

Forstjórar útgerðarsamvinnufélaga skulu samþykktir af ríkisstjórninni. Um stjórn, endurskoðun og félagsfundi fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921. Um skrásetningu og félagsslit fer eftir ákvæðum sömu laga.

11. gr.

Útgerðarsamvinnufélög, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, svo og þau útgerðarfélög, sem þegar eru stofnuð og ríkið er í ábyrgð fyrir, skulu vera undir eftirliti Skipaútgerðar ríkisins, eða annarar stofnunar ríkisins, sem ríkisstjórnin ákveður. Kaup skipa og skipsvéla fyrir félögin skulu vera bundin samþykki þeirrar stofnunar, enda ber henni skylda til að veita félögunum nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar við slík kaup. Stofnunin skal á hverju ári senda stjórnarráðinu umsögn sína um efnahag og afkomuhorfur félaganna.

12. gr.

Samþykktum þeirra útgerðarfélaga, sem nú eru starfandi og ríkið er í ábyrgð fyrir, skal breytt í samræmi við lög þessi, og ber sýslumönnum og bæjarfógetum að sjá um það, hverjum í sínu umdæmi, að þetta verði gert eins fljótt og við verður komið.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa framleiðslutæki sjávarútvegsins víða gengið mjög úr sér, án þess að ný tæki kæmu í staðinn, er fullnægðu kröfum nútímans og atvinnu- og framleiðsluþörf hins mikla fjölda landsmanna, er býr við sjávarsíðuna. Þetta hefir valdið svo miklu atvinnuleysi og fjárhagsvandræðum í bæjum og kauptúnum, að nokkur þeirra hafa komizt í fullkomin fjárþrot. Til þess að bæta úr þessu ástandi, hefir ríkið hvað eftir annað orðið að hlaupa undir bagga og ganga í ábyrgðir fyrir útgerðarfélög, sem stofnuð hafa verið þar, sem mest hefir sorfið að. Þessa leið hefir orðið að fara vegna þess, að hlutaðeigandi félög hefir skort bæði fé og lánstraust til að kaupa skip og annað, sem fyrirtækin þörfnuðust.

Nú verður varla deilt um það, að ríkisábyrgðir í stórum stíl eru næsta varhugaverðar. Það er því fullkomin þörf á því, að fundin verði leið til þess að afla þessum atvinnufyrirtækjum nauðsynlegs lánstrausts á einhvern annan hátt en með ríkisábyrgð.

Það, sem meðal annars hefir einkum staðið í vegi fyrir nauðsynlegu lánstrausti til handa þessum fyrirtækjum, er sjóveðshætta sú, sem á skipum hvílir samkvæmt gildandi lögum. Hún hefir meðal annars orðið þess valdandi, að lánsstofnanir hafa ekki þorað að lána út á fyrsta veðrétt skipanna, nema svo lítinn hluta af verði þeirra, að það hefir að öllum jafnaði verið ófullnægjandi.

Með frumvarpi þessu er meðal annars að mestu leyti ráðin bót á þessu. Þar er reynt hvorttveggja í senn, að skapa þessum atvinnufyrirtækjum öruggan lánstraustsgrundvöll til að reisa á útgerðina, og að tryggja heilbrigðan og sjálfstæðan framtíðarrekstur þeirra.

Jafnframt þessu frumvarpi verður lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, þar sem sjóðnum er heimilað að lána mun meira en nú er gert út á skip útgerðarsamvinnufélaga, og um leið

gert ráð fyrir, að hann verði efldur svo að starfsfjármagni, að hann geti að verulegu leyti bætt úr hinni brýnu lánsþörf til smáskipakaupa.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram eftirfarandi:

1. og 2. gr. þurfa engra skýringa.

Um 3. gr.

Með föstum starfsmönnum er átt við lögskráða skipverja og þá starfsmenn félagsins í landi, sem það þarf að ráða til sín um lengri tíma. Þykir rétt, að þeir síðarnefndu verði einnig félagsskyldir, þar eð þeir þiggja fasta atvinnu hjá félaginu.

Um 4. gr.

Rétt þykir að hafa hér aðeins takmarkaða ábyrgð, sem miðast við viðráðanlega upphæð frá hverjum félagsmanni. Með henni er lánveitendum tryggð sú ábyrgð af hálfu félagsmanna, sem líklegt er að þeir geti fullnægt, og skapað aðhald fyrir meðlimina um að gæta hagsmuna félagsins.

5. gr. skýrir sig sjálf.

Um 6. gr.

Hlutaráðning miðar að því, að sjómenn hljóti laun fyrir vinnu sína í réttu hlutfalli við það, sem útgerðin gefur af sér, og þykir því rétt að lögbjóða hana í þessum félögum. Nánari ákvæði um þesskonar ráðningar og hlutaskipti í einstökum atriðum þykir rétt að leyfa að setja með reglugerð. Það mál krefst ýtarlegrar rannsóknar, og er ekki tiltækilegt að lögbjóða neitt um það, fyrr en að henni lokinni.

Skipverji á samkvæmt þessari grein hlut sinn og getur ráðstafað honum á þann hátt, er hann vill. Hefir hann þar með fengið greidda vinnu sína og getur því ekki átt kröfu á útgerðina, er sé tryggð með sjóveði í skipi. Dómstólar landsins hafa þó ekki skorið úr því, hvort þetta sé svo um almennar hlutaráðningar. Þykir því rétt að taka af skarið um þetta að því er snertir skip þessara félaga.

Um 7. gr.

Með stofnsjóðnum er reynt að leggja grundvöll að nauðsynlegu lánstrausti þessara félaga.

Rétt þykir, að hlutaðeigandi bæjar- og hreppsfélög styrki þessi bjargráðafyrirtæki með árlegu tillagi. Bæði er það, að félögin verða til að létta byrðar sveitarfélaganna og auka tekjur þeirra, og auk þess hljóta allir gjaldendur á staðnum, á einn og annan hátt, að njóta hagnaðar af slíkum atvinnurekstri. Það er því sanngjarnt, að allir leggi eitthvað af mörkum til félaganna, og það því fremur, sem þessir sjóðir geta, sbr. síðustu málsgr. 8. gr., orðið varanleg eign allra bæjar- eða hreppsbúa, til að tryggja atvinnu þeirra og afkomu.

8.—10. gr. þurfa engra skýringa.

Um 11. gr.

Þá er svo stendur á, að ríkið verður beint eða óbeint að hlaupa undir bagga með áhættusömum atvinnurekstri og taka á sig að verulegu leyti þá áhættu, sem við hann er bundin, er óhjákvæmilegt, að það tryggi eftir föngum með rækilegu eftirliti, að til þeirra fyrirtækja sé stofnað af viti og þau rekin með fyrirhyggju. Reynsla undanfarinna ára hefir sýnt mjög áþreifanlega, hversu mjög hefir víða skort á, að þessu væri að heilsa. Óheppileg kaup á skipum og vélum og vanræksla á viðhaldi þeirra, forsjárleysi um öflun beitu og ýmiskonar annað sleifarlag er búið að valda bæði ríki og einstaklingum stórtjóni. Má gera sér vonir um, að hægt verði að fyrirbyggja slíkt að stórum mun með aðstoð þeirri og eftirliti, sem hér er kveðið á um, að ríkið láti í té.

Fleiri greinar þurfa ekki skýringa við.

## Nd. 334. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Bergur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

3. gr. laganna breytist svo:

Í stað orðanna „allt að 1½ milljón kr.“ komi í báðum stöðum: allt að 3 milljónum kr.

Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Bjargráðasjóðs, sjóðs Brunabótafélags Íslands, sjóðs Slysatryggingar ríkisins, svo og annara sjóða, sem eru undir umsjón ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til að kaupa handhafavaxtabréf Fiskveiðasjóðs, og ákveður fjármálaráðherra árlega upphæðina.

2. gr.

2. málsgr. 5. gr. hljóði svo:

Skipakaupalán mega nema allt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 30000 kr. til eins lánþega. Veita má þó útgerðarsamvinnufélögum, sem stofnuð verða og rekin samkvæmt sérstökum lögum um slík félög, lán út á hvert skip, er nemi allt að ⅘ kaupverðs. Félög þessi skulu sitja fyrir lánum úr sjóðnum.

3. gr.

Við 6. gr. bætist stafliður c, svo hljóðandi:

Gegn 1. veðrétti í skipum útgerðarsamvinnufélaga, sem stofnuð eru og rekin samkvæmt sérstökum lögum um slík félög, allt að ⅘ virðingarverðs, enda gangi þá veðréttur sjóðsins fyrir öllum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði.

Lán þessi séu auk þess tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélags.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpinu vísast til ástæðna fyrir frumvarpi til laga um útgerðarsamvinnufélög, sem nú er lagt fyrir Alþingi.

## Nd. 335. Breytingartillaga

við frv. til l. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Hannesi Jónssyni og Magnúsi Torfasyni.

Við 1. gr. Fyrsta málsgr. orðist þannig:

Til þess að greiða fyrir innanlandsverzlun með sláturfjárafurðir skipar ríkisstjórnin 5 manna kjötverðlagsnefnd til eins árs. Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefnir einn mann, Sláturfélag Suðurlands einn, Kaupfélag Borgfirðinga einn, Búnaðarfélag Íslands einn og landbúnaðarráðherra einn mann í nefndina, sem jafnframt er formaður hennar.

## Nd. 336. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild handa skipulagsnefnd atvinnumála til þess að krefjast skýrslna o. fl.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í 1. gr. þessa frv. er hinni svokölluðu „skipulagsnefnd“ gefin heimild til þess „að heimta skýrslur munnlegar eða bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, stjórnendum félaga og stofnana, um þau atriði, **sem hún telur þörf á í starfi sínu“.** Til þess að gera sér grein fyrir réttmæti eða nauðsyn þessa ákvæðis, verður að athuga, hverskonar nefnd þessi svokallaða „skipulagsnefnd“ er, hvert er tilefni hennar og upphaf og hver er tilgangur hennar.

Í kosningaávarpi Alþýðuflokksins fyrir síðustu kosningar, hinni svokölluðu 4 ára áætlun, sem að loknum kosningum varð stefnu- og starfsskrá núverandi hæstv. ríkisstjórnar, segir svo:

„Stofnuð sé ráðgefandi nefnd **sérfróðra** manna, þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni **vísindalegum** rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt tillögur um, hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Planökonomi)“.

Í skipunarbréfi nefndarinnar, dags. 29. ágúst síðastl., er henni fengið þetta verkefni:

„Að hafa með höndum rannsókn á fjármálum ríkis og þjóðar og á hverskonar atvinnurekstri í landinu, framkvæmdum og framleiðslu, svo og á sölu og dreifingu afurða innan lands og utan og verzlun með aðfluttar vörur. Rannsókn þessi skal jafnt ná til framkvæmda og atvinnureksturs ríkis og bæja sem einstakra manna og félagsfyrirtækja".

Þá er nefndinni falið að koma með tillögur og áætlanir um aukinn atvinnurekstur, framkvæmdir og framleiðslu í landinu. Í tillögunum beri að leggja áherzlu á, að efldur verði sá atvinnurekstur, sem fyrir er og rekinn er á heilbrigðum grundvelli. Loks er nefndinni fyrirskipað að hafa það markmið fyrir augum í öllum tillögum sínum, „að útrýma atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar, svo að nýtt fjör megi færast í alla atvinnuvegi þjóðarinnar og kaupgeta hinna vinnandi stétta aukist".

Margt af þessum fyrirmælum og boðorðum nefndarinnar er aðeins almennt orðagjálfur. Annað er að mestu leyti þess efnis, að allir stjórnmálaflokkar gætu tekið undir. Hver gæti t. d. haft á móti því, að sérfræðingar framkvæmi vísindalegar rannsóknir á opinberum framkvæmdum og geri tillögur um fasta stjórn og skipulag á þjóðarbúskapnum? Eða að rannsökuð séu fjármál þjóðarinnar og atvinnurekstur, í þeim tilgangi að efla þann heilbrigða atvinnurekstur, sem fyrir er, og færa nýtt fjör í atvinnulífið, svo að hagur þeirra, sem atvinnuna stunda, megi batna? Vissulega geta allir verið sammála um þetta.

Hefði nú þetta verið hinn raunverulegi og sanni tilgangur hæstv. ríkisstjórnar, hefði hún að sjálfsögðu valið menn í nefndina eingöngu út frá sjónarmiði sérþekkingar og hæfileika til að leysa hið mikla og víðtæka starf hennar. En þetta hefir ekki verið gert. Í nefndina hefir einvörðungu verið valið frá pólitísku sjónarmiði og þeir menn skipaðir í nefndina, meðal annara, sem allra harðvítuglegast og ofsafengnast hafa barizt í stjórnmálabaráttu undanfarinna ára, og er hér átt við háttv. 2. þm. Reykv. (HV) og háttv. þm. S.-Þ. (JJ). Verður þó a. m. k. um þann síðartalda eigi sagt, að hann hafi neina sérfræði til brunns að bera í atvinnumálum þjóðarinnar. Og nefndin er algerlega einlit pólitískt, þar sem hana skipa 3 Alþýðuflokksmenn og 2 framsóknarmenn, sem vitað er um að standa lengst til vinstri í flokki sínum. Enginn andstæðingur hæstv. ríkisstjórnar hefir þótt hafa þá þekkingu á atvinnumálunum, að hann væri hæfur til þessara starfa, og má slíkt einkennilegt heita, þar sem vitað er, að einmitt í þeirra hópi eru flestir þeir menn, er mest hafa látið til sín taka í atvinnulífi þjóðarinnar bæði til lands og sjávar, mestu hafa áhætt, mest hafa reynt og mestu afrekað.

Svo einlitt val og ofstækisfullt er vissulega óviturlegt. Það vekur þegar í stað tortryggni og andúð þess meiri hluta þjóðarinnar, sem er í andstöðu við hæstv. ríkisstjórn. Ef stefnt hefði verið að alþjóðarheill, er val nefndarmannanna fullkomlega óverjandi. Því að á slíkum erfiðleikatímum og nú blasa við þjóð vorri á öllum sviðum, þar sem ný vandræði steðja svo að segja daglega að atvinnulífi þjóðarinnar og framleiðslu, var það vissulega skylda hverrar stjórnar, er einhverja viðleitni vill sýna til að vera ríkisstjórn og hefja sig úr viðjum klíkuskapar og flokksofstækis, að kalla til samstarfs alla þá þekkingarríkustu og sér-

fróðustu krafta, sem völ er á í okkar fáliðaða þjóðfélagi. En þetta var ekki gert, enda þótt það kostaði riftun á kosningaloforðinu um vísindalega rannsók hinna sérfróðu. Flokksmarkið var sett á nefndina.

Nú mætti ætla, að þetta væri gert af vangá. Svo er þó eigi. Umræður hér á háttv. Alþingi um þetta mál, svo og skrif dagblaðs þess hæstv. ráðherra, sem nefndina hefir skipað og á að taka við tillögum hennar, sýna það glögglega, að hér hefir hæstv. atvinnumálaráðherra vitandi vits og beinínis í ákveðnum flokkslegum tilgangi valið þessa menn, og **einmitt þessa menn.** Skal nú þessum tilgangi lýst.

Við 1. umr. þessa máls í hv. neðri deild kvaðst hæstv. atvinnumálaráðherra eigi hafa talið kleift að skipa sjálfstæðismenn í nefndina, vegna þess, eins og hann komst að orði, „að Sjálfstæðisflokkurinn hefir til þessa haldið því fram, að atvinnurekstur allur og viðskipti eigi að vera í höndum einstaklinga.“ Ennfremur sagði hæstv. ráðherra: „Ég get lýst því yfir sem minni skoðun, að nefndin eigi ekki ýkjamikinn kost þess að gera verulegar breytingar til bóta, án þess að ganga lengra eða skemmra inn á þær leiðir, sem samflokksmenn hv. þm. kalla venjulega **þjóðnýtingu.** Mér er engin launung á þessu.“

Það verður nú eigi sagt, að ráðherrann sé myrkur í máli. Sjálfstæðismenn eru ófærir til starfa í nefndinni, af því að þeir halda fram einstaklingsrekstri, og breytingar til bóta eru eigi hugsanlegar nema með þjóðnýtingu.

Alþýðublaðið, málgagn hæstv. atvinnumálaráðherra, er, eins og að venju lætur, ennþá opinskárra. Þar segir í forystugrein 27. okt. þ. á.: „Með skipun nefndarinnar var viðurkennt í fyrsta sinni, að þjóðarbúið bæri að skipuleggja, það er að haga svo öllu atvinnulífi, að það sé miðað við þarfir þjóðarinnar. Með þessu ráði er stefnt að þjóðnýtingu atvinnuveganna“ o. s. frv. Ennfremur: „Skiptir í þessu sambandi minna máli, hvort framleiðslutækin eru talin eign þjóðfélagsins, kaupstaða, sveitarfélaga eða félaga verkamanna.“ Loks segir blaðið, út af ummælum hæstv. atvinnumálaráðherra hér í hv. deild um hugsanlega þátttöku Sjálfstæðisflokksins í nefndinni: „Flokkurinn, sem hefir það á sinni stefnuskrá að gera sem flesta, helzt alla, að sjálfstæðum atvinnurekendum og að fjarlægja öll afskipti þess opinbera frá rekstri þeirra, kemur og biður að lofa sér **að vera með í því að undirbúa þjóðnýtingu atvinnuveganna.**“

Það þarf því ekki frekar vitnanna við. Og hæstv. atvinnumálaráðherra og málgagn hæstv. ríkisstjórnar eru bæði fullskýr og fullgild vitni í þessu máli. Tilgangur nefndarinnar er því að leggja í rústir atvinnurekstur einstaklinganna og taka upp svokallaða þjóðnýtingu. **Það er,** með öðrum orðum, **verið að undirbúa upptöku sócíalismans** á Íslandi.

Rannsóknarheimild þeirri, sem felst í þessu frumvarpi, er svo ætlað að vera nefndinni hjálp til þess að ná fyrrgreindu markmiði. Af þessum ástæðum mótmælum við eindregið frv. og leggjum til, að það verði fellt.

Alþingi, 5. nóv. 1934.

Thor Thors, frsm. Garðar Þorsteinsson.

## Nd. 337. Breytingartillögur

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Undanþeginn tekjuskatti er arður af allt að 10000 króna sparifjárinnieign einstaklinga.
2. Við 11. gr. Í stað „300 krónur“ í e-lið komi: 500 krónur.

## Nd. 338. Frumvarp

til laga um frystigjald beitusíldar.

Flm.: Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Þau samvinnufélög, er fengið hafa styrk úr ríkissjóði samkv. 5. gr. laga nr. 79 frá 19. júní 1933, til greiðslu stofnkostnaðar við að reisa frystihús, skulu skyld að taka að sér frysting beitusíldar útgerðarmanna með þeim skilyrðum, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Útgerðarmenn búsettir innan þess hrepps, þar sem frystihúsið er rekið, eiga kröfu til þess að fá frysta síld til beitu í frystihúsinu fyrir kostnaðarverð. Þó skal útgerðarmönnum aðeins heimilt að fá frysta síld fyrir sína eigin útgerð, eða þá útgerð, er þeir stjórna, séu þeir ekki sjálfir eigendur, og skal þeim óheimilt að selja síldina til annara.

3. gr.

Til þess að ákveða, hver sé hinn raunverulegi kostnaður við frysting síldarinnar, skal kosin þriggja manna matsnefnd. Tilnefnir félag útgerðarmanna einn, stjórn frystihússins eða eigendur þess annan, og hreppsnefnd þess hrepps, þar sem frystihúsið er rekið, hinn þriðja, og er hann formaður. Kosning matsnefndarinnar gildir fyrir eitt ár í senn og skal hún hafa farið fram fyrir 15. júlí ár hvert.

4. gr.

Til þess að ákveða frystigjaldið skal stjórn frystihússins eða eigendum þess skylt að gefa matsnefndinni allar upplýsingar um rekstur frystihússins undanfarin ár, svo og aðrar þær upplýsingar, er nefndin telur við þurfa.

5. gr.

Matsnefndin skal einnig meta, hvað kostar að geyma síldina á mánuði hverjum.

6. gr.

Eftir að matsnefndin hefir fengið allar nauðsynlegar upplýsingar um rekstur frystihússins skal ákveða, hver hinn raunverulegi kostnaður við frystingu og geymslu sé, og skal eigendum frystihússins, svo og útgerðarmönnum skylt að hlýða þeim úrskurði.

7. gr.

Nú neitar stjórn frystihússins eða eigendur þess að taka síld til frystingar, og skal þá matsnefndin kveða upp rökstuddan úrskurð um það, hvort sú neitun sé byggð á gildum ástæðum. Nú úrskurðar matsnefnd, að neitun frystihússtjórnar eða eigenda frystihússins sé ekki byggð á gildum ástæðum, og skal þá frystihúsið taka síldina til frystingar að viðlögðum dagsektum, er matsnefndin ákveður. Óréttmæt neitun varðar, auk sekta, skaðabótaskyldu til viðkomandi útgerðarmanns. Dagsektir samkvæmt þessari grein skulu og renna til þess aðila, er neitunin hefir komið fram gegn. Gera má aðför fyrir dagsektum.

8. gr.

Neitun um móttöku síldar til frystingar, byggð á því, að frystihúsið eða eigendur þess sjálfir aðeins frysti eigin síld, skal þó því aðeins talin gild ástæða fyrir að synja um móttöku síldar frá útgerðarmanni til frystingar, að eigendur hússins færi matsnefndinni sannanir fyrir því, að húsið geti ekki afkastað meiru en þörf félagsmanna krefur og reki eigi verzlun með frysta síld.

9. gr.

Nú hefir útgerðarmaður ekki átt kost á því að afhenda til frystingar ferska síld, en frystihúsið eða eigendur þess hafa frysta síld til sölu, og skal þá útgerðarmaður eiga kröfu til þess að fá síldina keypta með kostnaðarverði, eins og það verð er ákveðið af matsnefndinni.

10. gr.

Nú rekur samvinnufélag fleiri en eitt frystihús, en hefir ekki fengið styrk samkv. 5. gr. l. nr. 79 frá 1933 til greiðslu stofnkostnaðar þeirra allra, og skulu þá lög þessi ná til þeirra frystihúsa samvinnufélagsins, sem ekki hafa sérstaklega verið styrkt.

11. gr.

Brot á lögum þessum varða 200—1000 króna sektum, og skal með mál út af brotum gegn þeim farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Sektagreiðsla eða greiðsla dagsekta leysir ekki aðila undan skaðabótaskyldu samkv. almennum reglum skaðabótaréttarins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Með l. nr. 79 frá 19. júní 1933 voru heimilaðar ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppu þeirrar, er nú gengur yfir. Meðal annars var í 5. gr. nefndra laga ríkisstjórninni heimilað að greiða allt að ¼ hluta af stofnkostnaði frystihúsa samvinnufélaga. Þessi styrkveiting, sem ætlazt var til, að næði til þeirra frystihúsa, sem aðallega frysta kjöt til útflutnings, var veitt sökum þeirra erfiðleika, sem landbúnaðurinn hefir undanfarið átt við að stríða. Nú er svo komið, að sjávarútvegurinn mun eiga við engu minni erfiðleika að stríða en landbúnaðurinn, og þetta frumvarp miðar að því að lækka að örlitlu leyti einn útgjaldalið sjávarbóndans og sjómannsins.

Ríkissjóður hefir þegar greitt til stofnkostnaðar frystihúsa samvinnufélaga eins og hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Til Verzlunarfél. Hrútfirðinga | kr. 18179.80 |
| 2. | — Kaupfélags Svalbarðseyrar | — 15736.46 |
| 3. | — — V.-Húnvetninga | — 26678.95 |
| 4. | — — Þingeyinga | — 43642.22 |
| 5. | — — Stykkishólms | — 21104.65 |
| 6. | — — Eyfirðinga | — 50481.10 |
| 7. | — — Héraðsbúa | — 23310.65 |
| 8. | — — N.-Þingeyinga | — 26842.50 |
| 9. | — — Vopnfirðinga | — 15477.65 |
| 10. | — — Skagfirðinga | — 30058.28 |
| 11. | — Sláturfél. A.-Húnvetninga | — 30625.20 |
| 12. | — — Skagfirðinga | — 15260.20 |
| 13. | — — Suðurlands | — 56711.40 |

Hafa þannig verið greiddar samkv. heimild fyrrgreindra laga til samvinnufélaga rúml. 364 þús. krónur.

Þó að styrkurinn hafi aðallega verið veittur vegna frystihúsa, er aðallega frysta kjöt til útflutnings, þá er þó vitað, að þessi sömu frystihús jafnframt frysta síld til beitu í stórum stíl.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi aflað mér, mun raunverulegur kostnaður við að frysta síld nema 4—5 au. pr. kg., og geymsla síldar mun kosta ca. 1 eyri pr. kg. á mánuði. Þetta getur að vísu verið nokkuð misjafnt, eftir stærð og gerð frystihúsanna. Hinsvegar munu útgerðarmenn nú greiða mun meira gjald fyrir frystingu síldarinnar. — Með því hinsvegar, að ríkissjóður hefir þegar styrkt samvinnufélögin vegna frystihúsabygginga í svo stórum stíl, sem raun ber vitni um, þá virðist ekki nema réttmætt, að Alþingi hlutist til um, að þau félög, er þannig hafa fengið styrk úr ríkissjóði, láti útgerðarmenn, sem þurfa að leita til þeirra með frystingu síldar, einnig njóta þessa styrks óbeint.

Í frv. þessu er farið fram á það, að útgerðarmenn, sem eiga heimili, eða reka útgerð sína innan sama hrepps og frystihúsið er rekið, fái frysta síld til beitu til útgerðarinnar fyrir það verð, er frystingin raunverulega kostar. Þar eð frystingarkostnaðurinn getur verið misjafn, er til þess ætlazt, að þriggja manna nefnd ákveði frystigjaldið fyrir eitt ár í senn.

Með því er fengin trygging fyrir því, að ekki sé gengið á rétt hvorugs aðila, enda ber frystihússtjórninni að veita allar nauðsynlegar upplýsingar um rekstur frystihússins undanfarin ár.

Nú er svo komið, að í flestum minni útgerðarstöðvum er aðeins eitt frystihús, og gæti það því komið sér mjög illa, ef frystihússtjórn eða eigendur þess neituðu að taka við síld til frystingar. Það er þess vegna til þess ætlazt í frv., að matsnefndin kveði upp úrskurð um það, hvort slík neitun sé réttmæt, t. d. vegna þess að frystihúsið sé þegar fullt. Ef neitunin byggist hinsvegar ekki á réttmætum ástæðum, er nefndinni gefið vald til þess að skylda frystihússtjórnina, að viðlögðum dagsektum, til þess að taka við síldinni. Naumast þarf þó að gera ráð fyrir, að til slíks þurfi að koma. — Styrkurinn úr ríkissjóði hefir verið bundinn við ákveðin íshús. Hinsvegar er það vitað, að sum samvinnufélög eiga fleiri en eitt frystihús, sem öll eru rekin í sambandi hvert við annað, þó styrkur hafi aðeins fengizt vegna eins þeirra.

Það þykir því rétt, þegar svo er ástatt, að binda ekki skylduna til frystingar við það frystihús eitt, sem hefir verið sérstaklega styrkt, heldur nær skyldan til allra frystihúsa samvinnufélagsins, þó félagið hafi aðeins fengið styrk vegna eins þeirra.

## Nd. 339. Breytingartillögur

við frumv. til laga um skipulag á fólksflutningum á landi.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

I. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema hafa fengið til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Þó er póstmálastjórninni heimilt að nota eigin bifreiðar á þeim leiðum, er henni þykir henta, enda fullnægi bifreiðar hennar settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, en rúma fleiri en 6 farþega, enda sé umbúnaður þeirra, til öryggis og þæginda farþegum, samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.

II. Við 5. gr.

1. Í stað „2 ár“ í a-lið komi: 3 ár.
2. Orðið „ávallt“ í b-lið falli burt.
3. Á eftir b-lið komi nýr liður, er verður c-liður, svo hljóðandi:
   að sérleyfishafi noti þær tegundir og gerðir bifreiða og fullnægi að öðru leyti skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um búnað bifreiða til öryggis og þæginda farþegum.
4. c-liður verði d-liður, d-liður verði e-liður og e-liður verði f-liður.

5. Á eftir f-lið komi nýr stafliður, er verði g-liður, svo hljóðandi:
að bifreiðarstjórar á bifreiðum, er rúma fleiri en 6 farþega samkvæmt skoðunarvottorði, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

III. Á eftir 6. gr. komi ný grein, er verður 7. gr., svo hljóðandi:
Heimilt er ráðherra að ákveða, að ákvæði laga þessara nái einnig til bifreiða, sem rúma færri en 6 farþega, ef þær hafa fastar áætlunarferðir á ákveðnum leiðum.

IV. Við 7. gr. Greinin verður 9. gr. og orðist svo:
Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10—1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál. Brjóti sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkv. þeim, er auk þess heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

V. Við 8. gr. Greinin falli burt, en í hennar stað komi ný grein, svo hljóðandi:
Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins og um nágrenni, sem áður hefir verið veitt sérleyfi til, og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en þrem mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

VI. Við 9. gr., sem verður 10. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1935.

## Nd. 340. Breytingartillögur

við frv. til laga um skipulag á fólksflutningum á landi.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum nema hafa fengið til þess leyfi. Fyrir slíkt leyfi greiðist ekkert sérstakt gjald (sbr. þó 7. gr. e.).

2. Á eftir 1. gr. komi 2 nýjar greinar, er verða 2. og 3. gr., og skulu orðast svo:
a. (2. gr.). Leyfi til fólksflutninga í leigubifreiðum án fastra áætlunarferða á ákveðnum leiðum veitir lögreglustjóri, hver innan síns umdæmis, þar sem bifreið er skrásett. Leyfið er ekki tímabundið, en lögreglustjóri getur svipt menn leyfinu, ef sérstakar ástæður eru til. — Samgöngumálaráðherra getur í reglugerð ákveðið, með hvaða skilyrðum leyfi skuli veitt, sérstaklega að því er snertir öryggi og þægindi farþega.
Til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar

eru til vöruflutninga, þarf þó ekki leyfi, enda sé umbúnaður þeirra til öryggis og þæginda farþegum samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.

b. (3. gr.). Til fólksflutninga í leigubifreiðum í föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum þarf sérleyfi.

Sérleyfi veitir:

a. Bæjarstjórn til flutninga innan bæjar og um nágrenni bæjarins. Til flutninga milli tveggja nærliggjandi bæja veita hlutaðeigandi bæjarstjórnir sérleyfi. Nú næst ekki samkomulag um veitingu leyfis, og sker þá ráðherra úr.

b. Sýslunefnd til flutninga eingöngu innan sýslunnar.

c. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til allra annara flutninga.

3. Við 2. gr. Greinin verður 4. gr. og orðast svo:

Vegamálastjórnin hefir með höndum, í samráði við póstmálastjórnina, yfirstjórn og eftirlit með flutningum þeim, sem sérleyfi þarf til samkvæmt 3. gr.

4. Við 3. gr., sem verður 5. gr. Fyrir „póstmálastjórnarinnar" kemur: vegamálastjórnarinnar.

5. Við 4. gr., sem verður 6. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:

Við veitingu sérleyfis skal skylt að gæta þess í skipulagning flutninga, er sérleyfi þarf til, að almenningi ....

6. Við 5. gr., sem verður 7. gr. Greinina skal orða svo:

Nú sækir félag eða einstaklingur um sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og er þá heimilt að veita það með þeim skilyrðum, er hér segir:

a. að sérleyfið gildi fyrir 4 ár og sé óframseljanlegt.

b. að sérleyfishafi noti þær tegundir og gerðir bifreiða og fullnægi að öðru leyti skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um búnað bifreiða til öryggis og þæginda farþegum.

c. að sérleyfishafi sé skuldbundinn til þess að láta bifreiðar sínar vera í förum á tilteknum leiðum samkvæmt áætlun, reglum og flutningagjaldskrá, er veitandi sérleyfis setur.

d. að póstmálastjórninni sé heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu bifreiða í fólksflutningum milli landsfjórðunga samkvæmt taxta, er um semur milli hennar og eiganda bifreiðar eða nefndar þeirrar, er um ræðir í 5. gr.

e. að sérleyfishafi sé skyldur að flytja ákveðið magn póstflutnings ókeypis, eða fyrir gjald eftir reglum, er póstmálastjórn setur. Skal jafnan leita álits póstmálastjórnar um þetta atriði áður en sérleyfi er veitt samkv. 3. gr.

f. að bifreiðastjórar á bifreiðum, er rúma fleiri en 6 farþega samkvæmt skoðunarvottorði, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

7. Við 6. gr. Greinin fellur burt.

8. Við 7. gr., sem flyzt til og verður 9. gr.

a. Framan við greinina kemur:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10 til 500 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

b. „Þegar í stað“ í lok greinarinnar fellur burt.

9. Við 8. gr.
   a. Eftir „er henni þykir henta“ kemur: enda fullnægi bifreiðar hennar settum reglum fyrir sérleyfishafa.
   b. „Hafi sérleyfi .... samkvæmt 6. gr.“ fellur burt.
10. Við fyrirsögn frv. Í staðinn fyrir „á landi“ kemur: með bifreiðum.

## Nd. 341. Nefndarálit

um frumv. til l. um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í þessu máli. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. sé samþykkt óbreytt, en tveir nefndarmenn (SK og JJós) skila sérstöku áliti.

Alþingi, 6. nóv. 1934.

| Finnur Jónsson, form., frsm. | Bergur Jónsson, fundaskr. | Páll Þorbjörnsson. |
|---|---|---|

## Nd. 342. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Frumvarpsgreinina skal orða svo:

Sá hefir rétt til að vera 1. vélstjóri á mótorskipi með 150—250 hestafla vél, er verið hefir 2. vélstjóri við 150—250 hestafla vél í 24 mánuði, en rétt til að vera

2. vélstjóri við þá vélarstærð hefir sá einn, sem hefir verið 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél í 24 mánuði.

Þó skal vélstjóri, sem stundað hefir vélgæzlu í 36 mánuði sem 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél, miðað við gildistöku þessara laga, hafa rétt til að vera 1. vélstjóri við 150—250 hestafla vél.

Alþingi, 6. nóv. 1934.

Finnur Jónsson, form. Páll Þorbjörnsson, frsm. Bergur Jónsson, fundaskr.
Jóhann Þ. Jósefsson. Sigurður Kristjánsson.

## Nd. 343. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Í stað orðanna „Skipi hans hafi ekki hlekkzt á undir stjórn hans“ komi: honum hafi ekki orðið á í skipstjórn.

Alþingi, 6. nóv. 1934.

Finnur Jónsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr. Sigurður Kristjánsson, frsm.
Jóhann Þ. Jósefsson. Páll Þorbjörnsson, með fyrirvara.

## Nd. 344. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Pétri Halldórssyni.

Við 2. gr. Við fyrri málsgrein bætist: Skal hún leitast við að haga svo verðlagi á kjöti, að kjötbirgðir í landinu aukist ekki frá ári til árs.

**Nd.** **345. Frumvarp**

til laga um barnafræðslu.

Frá menntamálanefnd.

## I. KAFLI

### Um fræðsluskyldu og undanþágur.

1. gr.

Öll börn á landinu eru skólaskyld á aldrinum 7—14 ára. Skólaskyldan hefst 1. maí það almanaksár, sem barnið verður fullra 7 ára, og endar með fullnaðarprófi það ár, sem það verður fullra 14 ára.

Þar, sem nægilegt húsrými og kennslukraftar eru fyrir hendi, er skólanefnd heimilt að leyfa 6 ára börnum skólavist yfir maí og júnímánuð ár hvert.

2. gr.

Undanþágu frá skólavist má veita, þegar full trygging þykir fengin fyrir því, að barnið bíði á engan hátt hnekki við það, en skyld eru þau börn, er slíka undanþágu fá, að ganga undir öll próf, sem fyrirskipuð eru eða fyrirskipuð kunna að verða af fræðslumálastjórninni fyrir börn á skólaskyldualdri. (Þetta nær einnig til handiðju og líkamsuppeldis).

Fræðslumálastjóri getur veitt undanþágu, þegar heil skólahverfi óska að fá að kenna börnum heima upp að vissu aldurstakmarki. Aldrei má þó veita þá undanþágu lengur en til 8 ára aldurs.

Námsstjóri getur veitt undanþágu þegar:

a. Beðið er um leyfi fyrir einstök börn til undanþágu frá skólavist.
b. Beðið er um leyfi fyrir barn til að taka fullnaðarpróf yngra en 14 ára.
c. Aðstandendur vilja láta skólaskylt barn í smábarnaskóla, vegna þess að það er seinþroska eða af öðrum jafngildum ástæðum.

Allar slíkar umsóknir til námsstjóra skulu stílaðar til hans, en sendar skólastjóra þess skóla, sem barnið á sókn að. Skólastjóri sendir svo beiðnina til námsstjóra ásamt eigin umsögn.

Umsókn til fræðslumálastjóra stílist til hans, en sendist námsstjóra til umsagnar, en hann sendir þær aftur fræðslumálastjóra.

Allar umsóknir um undanþágur skulu skrifaðar á þar til gerð eyðublöð, sem fræðslumálastjórnin gefur út.

3. gr.

Undanþágu frá skólaskyldu skal og veita þeim börnum, sem að dómi kennara og skólalæknis eru óhæf til náms eða skóladvalar með öðrum börnum vegna andlegs eða siðferðislegs vanþroska. Skal stofna, svo fljótt sem við

verður komið, hæli, eitt eða fleiri, fyrir þessi börn. Hæli þessi séu starfrækt af ríkinu og á kostnað þess eftir reglum, er fræðslumálastjórnin setur.

Ríkið kostar skólavist þeirra barna, sem vegna blindu, heyrnardeyfu eða annara líkamsgalla geta ekki stundað nám í venjulegum barnaskólum.

4. gr.

Hvert námshæft barn, sem er fullra 14 ára, á:

1. að geta lesið móðurmálið skýrt og áheyrilega og sagt munnlega frá því, er það les. Það skal og geta gert skriflega og nokkurnveginn ritvillulausa og mállýtalausa grein fyrir því efni, er það þekkir vel. Kunna skal það utanbókar nokkur íslenzk kvæði, einkum ættjarðarljóð og söngljóð, og geta skýrt rétt frá efni þeirra með eigin orðum.
2. að skrifa læsilega og hreinlega rithönd.
3. að hafa lesið með leiðsögn og skýringum valda kafla úr bibliunni eða bibliusögum, sérstaklega um líf og kenningu Krists. Skal lögð áherzla á, að það hugfesti einkum orð hans og hafi þau rétt eftir. Kunna skal barnið utanbókar nokkra valda sálma.
4. að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og kunna undirstöðuatriði almennra brota, tugabrota og prósentureiknings og vera leikið í að beita þessari kunnáttu til úrlausnar auðveldum dæmum, sem fyrir koma í daglegu lífi, meðal annars til að reikna flatarmál og rúmmál einfaldra hluta. Það skal og vera leikið í að reikna með lágum tölum í huganum.
5. að vita nokkuð um merkustu menn þjóðar vorrar að fornu og nýju og þau tímabil, er þeir lifðu á.
6. að vera leikið í að nota landabréf og hafa fengið sem ljósasta þekkingu á átthögum sínum, náttúru Íslands, högum þjóðar vorrar og þjóðskipulagi. Það skal og bera skyn á legu og atvinnuvegi helztu landa í Evrópu, vita hvernig álfur og höf liggja á hnettinum og hafa fengið nokkra þekkingu í jarðeðlisfræði.
7. að hafa vanizt á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar, sem það hefir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim. Það skal vita um helztu atriði, er að hollustuháttum lúta, meðal annars um áhrif heilsuspillandi nautnameðala, t. d. vínanda og tóbaks, og hafa nokkra þekkingu á byggingu og störfum mannlegs líkama. Ennfremur skal það þekkja nokkrar íslenzkar jurtir og geta skýrt frá lifnaðarháttum og einkennum helztu dýra, einkum innlendra.
8. að kunna nokkur einföld sönglög, einkum sálmalög og lög við íslenzk ættjarðarljóð.
9. að geta gert einfaldar dráttmyndir.
10. að hafa fengið nokkra tilsögn í handiðju og
11. að hafa stundað leikfimi, a. m. k. þá leikfimi, sem hægt er að stunda áhaldalítið og án sérstaks húsnæðis.

5. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem 4. gr. ræðir um, skulu börn á skólaskyldualdri öðlast þá frekari fræðslu, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugerðum einstakra barnaskóla.

## II. KAFLI

### Um skólahald og kennsluskipun.

6. gr.

Alstaðar á landinu, þar sem því verður við komið, skulu vera fastir heimangönguskólar fyrir öll skólaskyld börn. Heimavistarskólar skulu vera fyrir öll þau börn, sem sökum vegalengdar geta ekki gengið í skóla. Eru aðstandendur þessara barna skyldir að kosta dvöl þeirra hinn lögskipaða námstíma, sbr. þó 9. gr.

Lágmark hins árlega námstíma þeirra barna, er enga undanþágu fá, skal vera:

a. Í heimangönguskólum með 3 kennara eða fleiri:
   1. Fyrir 7—9 ára börn 37 vikur á ári, 600 kennslustundir.
   2. Fyrir 10—14 ára börn 24 kennsluvikur á ári, 700 kennslustundir.
b. Í heimangönguskólum með 1—2 kennurum skal kennsluviknafjöldi vera hinn sami og í stærri skólum, en kennslustundafjöldi má fara ofan í 4200.
c. Í heimavistarskólum skal hvert skólaskylt barn stunda nám minnst 12—13 vikur á ári, og séu námsvikur aldrei færri en 88 alls á aldrinum 7—14 ára, nema undanþága hafi verið veitt.

7. gr.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, sem börn hafa á framfæri, fyrirskipunum, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum, án þess að geta þó fært fram gildar ástæður eða afsakanir, og varðar það þá dagsektum, 2—5 kr., eftir úrskurði lögreglustjóra til skólanefndar. Sektin rennur í fræðslusjóð (bæjarsjóð).

Sé um veruleg eða ítrekuð brot að ræða, skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd, sem í samráði við skólastjóra og námsstjóra hefir rétt til að svipta aðstandendur umráðarétti yfir barninu.

8. gr.

Geti framfærandi barns á lögskipuðum skólaskyldualdri fyrir fátæktar sakir ekki staðizt kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skóladvöl þess eða fræðslu, skal sá kostnaður að einhverju eða öllu leyti greiðast úr fræðslusjóði (bæjarsjóði) sem önnur gjöld til skólahalds. Umsóknir um slíkan styrk skulu komnar til skólanefndar fyrir þann tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir.

9. gr.

Hin lögskipaða fræðsla 7—14 ára barna veitist ókeypis, og greiðist kostnaðurinn við hana úr fræðslusjóði (bæjarsjóði) að öðru en því, sem ríkið leggur til kennaralaun.

## III. KAFLI

### Um skólahverfi og skólanefndir, fræðsluhéruð og fræðsluráð.

10. gr.

Hver sýsla og hver kaupstaður á landinu er fræðsluhérað út af fyrir sig. Þó getur hreppur eða hluti úr hreppi einnar sýslu fallið undir fræðsluhérað annarar sýslu, ef slíkt hentar betur vegna skiptingar í skólahverfi.

Hvert fræðsluhérað er eitt eða fleiri skólahverfi, og er einn barnaskóli í hverju.

11. gr.

Í hverju skólahverfi er skólanefnd skipuð 5 mönnum, nema þar, sem sami hreppur skiptist í fleiri skólahverfi. Þar skulu vera 3 menn í skólanefnd, og kjósa hreppsbúar 2 þeirra.

Þar, sem skólahverfi og hreppur falla saman, kjósa hreppsbúar 4 menn í skólanefnd.

Þar, sem 2 hreppar eða partar úr tveimur hreppum mynda skólahverfi, skulu 2 kosnir í skólanefnd úr hvorum hreppi.

Þar, sem 3 eða 4 hreppar eða partar úr 3 eða 4 hreppum mynda skólahverfi, skal 1 maður kosinn úr hverjum hreppi. Þó hefir hreppshluti því aðeins rétt til að kjósa skólanefndarmann, að a. m. k. ¼ hreppsbúa eigi þar heima.

Séu hrepparnir aðeins 3, skipar námsstjóri 1 mann í nefndina.

Kosning skólanefndarmanna fer fram á sama hátt og þá er kosið er í hreppsnefndir og samtímis, þegar því verður við komið. Um atkvæðisrétt og kjörgengi í skólanefndir gilda sömu reglur og við sveitarstjórnarkosningar.

Þar, sem skólar eru fleiri en einn í sama kaupstað, er skólanefnd fyrir hvern skóla skipuð 5 mönnum. Kýs fræðsluráð kaupstaðarins 2 þeirra, en skipaðir kennarar viðkomandi skóla 2 utan kennaraliðsins.

Þar, sem kaupstaður er eitt skólahverfi, kýs nýkosin bæjarstjórn 4 skólanefndarmenn, og er skólanefndin þar jafnframt fræðsluráð kaupstaðarins.

Varamenn skulu kosnir í allar skólanefndir á sama hátt og aðalmenn og jafnmargir.

Fræðslumálastjóri skipar formenn allra skólanefnda.

Fræðsluráð skal vera í hverju skólahéraði, skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum með fleirum en einum barnaskóla skulu 4 fræðsluráðsmenn kosnir hlutbundnum kosningum af nýkosinni bæjarstjórn, en fræðslumálastjórn skipar formann.

Utan kaupstaða kýs sýslunefnd 4 fræðsluráðsmenn, og skulu eigi fleiri en einn þeirra vera úr sama skólahverfi, nema þar, sem skólahverfi eru færri en fræðsluráðsmenn. Sýslumaður er 5. maður í fræðsluráði og formaður þesss.

Allar kosningar í skólanefndir og fræðsluráð gilda til 4 ára í senn í kaupstöðum og 3 ára í sveitum.

12. gr.

Formaður kallar skólanefnd saman til funda svo oft sem þörf krefur. Skylt er honum að kalla hana saman, þótt ósk um það komi aðeins frá einum

nefndarmanna eða skólastjóra, sem ávallt skal boðaður á fundi skólanefndar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Skólanefndin getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé viðstaddur. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, skal atkvæði formanns ráða. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn skólanefndarmaður hefir atkvæðisrétt um þau mál, er snerta hann sjálfan persónulega.

13. gr.

Skólanefnd hefir umsjón með allri barnafræðslu í skólahverfi sínu, með þeim takmörkunum, er sett kunna að verða í erindisbréfum skólastjóra og námsstjóra. Hún auglýsir eða lætur auglýsa kennarastöður, þegar þær eru lausar, og tekur á móti umsóknum um þær. Mæla skal hún með þremur umsækjendum í hverja stöðu, ef svo margir sækja, og í þeirri röð, er hún óskar þeirra.

Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á um kennara, en námsstjóra, ef um skólastjóra er að ræða. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólanefndar annarsvegar og skólastjóra eða námsstjóra hinsvegar, getur hvor aðili um sig gert tillögur til fræðslumálastjórnarinnar, og skal fylgja tillögunum rökstudd greinargerð.

Stundakennara og forfallakennara ræður skólastjóri í samráði við skólanefnd.

Skólanefnd hefir eftirlit með skólasókn skólaskyldra barna í skólahverfinu og annast um það, með aðstoð skólastjóra, að þau skorti ekkert, er þau þurfa með, svo að skólavistin verði þeim að sem fyllstum notum. Skylt er henni að hafa umsjón með skólahúsum og annast um, að herbergi þau, sem þar eru ætluð til kennslu og íbúðar, séu útbúin í fullu samræmi við þær kröfur, sem heilbrigðisstjórnin gerir til þeirra. Hún sér um útvegun kennsluáhalda þeirra, sem skylt er að hafa í skólanum, semur skýrslur — eða lætur semja — um skólaskyld börn í skólahverfinu og útgjöld vegna skólahalds næsta ár, og sendir hvorttveggja fræðsluráði innan þess tíma, er það ákveður.

Ritari skólanefndar annast þær skriftir, sem nefndin felur honum, færir fundargerðir inn í fundarbók nefndarinnar og sendir jafnan skólastjóra afrit af þeim.

Utan kaupstaða skal einn skólanefndarmanna vera féhirðir skólans. Hann tekur á móti því fé, sem veitt er úr fræðslusjóði til skólahalds í skólahverfinu, og hefir á hendi allar útborganir fyrir skólann. Í lok hvers reikningsárs semur hann reikning yfir allar tekjur og gjöld skólans og leggur hann fyrir skólanefnd. Síðan sendist reikningurinn fræðsluráði til endurskoðunar og samþykktar.

Afrit af reikningnum sendist fræðslumálastjórninni.

Reikningsár skólanna ar almanaksárið.

Aðrar framkvæmdir fyrir skólanefnd hefir formaður á hendi, enda ber hann ábyrgð á, að öll störf nefndarinnar séu samvizkusamlega unnin.

Fræðslumálastjórnin gefur út fyrirmyndir að skólareglugerðum, annari fyrir heimangönguskóla og hinni fyrir heimavistarskóla. Skólanefndir semja

síðan reglugerðir eftir þessum fyrirmyndum, hver fyrir sinn skóla, og gera breytingar á eldri reglugerðum, þegar þurfa þykir. Reglugerðir þessar eða breytingar við þær senda skólanefndirnar síðan fræðslumálastjórn til samþykktar.

Þá fyllir skólanefnd úr skýrslur þær, sem fræðslumálastjórnin heimtar af henni um hag barnafræðslunnar í skólahverfinu.

Verði ágreiningur milli skólanefndar og fræðsluráðs um fjárframlög til skólahalds, skal hann lagður undir úrskurð fræðslumálastjórnarinnar.

## IV. KAFLI

### Um fræðslusjóði og skólabyggingarsjóði.

14. gr.

Fræðslusjóður skal vera í hverju fræðsluhéraði, er stendur straum af öllum útgjöldum til fræðslunnar, og er honum aflað tekna á þann hátt, að þegar gerð hefir verið heildaráætlun um kostnað við skólahald í fræðsluhéraðinu samkvæmt skýrslum og áætlunum skólanefnda, skal reiknað út, hvað gjaldið verður á barn að meðaltali. Skal svo allri upphæðinni jafnað niður á hreppa fræðsluhéraðsins í hlutfalli við tölu skólaskyldra barna í hverjum hreppi. Jafna skal niður svo hárri upphæð árlega, að öruggt megi telja, að hún nægi fyrir útgjöldum sjóðsins næsta ár.

15. gr.

Stofnaður skal skólabyggingarsjóður í hverju fræðsluhéraði utan kaupstaða, og skal honum varið til bygginga, viðbótarbygginga og endurbygginga barnaskólahúsa og vaxta og afborgana af lánum, sem tekin hafa verið til slíkra bygginga.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

a) 10% af þeim tekjum sýslusjóðs, sem lagðar eru á hvern hrepp eftir skattaframtali og íbúatölu hreppsins,
b) 15%—20% af tekjum fræðslusjóðs sýslunnar,
c) andvirði gamalla skólahúsa og skólaáhalda, er seld kunna að verða,
d) sektir samkvæmt 7. gr. þessara laga,
e) samskot, gjafir, vinnuloforð o. s. frv., sem sjóðnum kann að áskotnast.

Fyrsti liður fellur niður að nokkru eða öllu leyti, þegar sjóðurinn þarf hans ekki lengur með.

Þau skólahverfi ganga fyrir um byggingu skólahúsa, sem bezt styðja að því sjálf, t. d. með vinnuloforðum og öðrum frjálsum framlögum til skólabyggingarsjóðs.

16. gr.

Fræðsluráð hefir á hendi stjórn fræðslusjóðs og skólabyggingarsjóðs, tekur á móti áætlunum skólanefnda um rekstrarkostnað skólanna í fræðsluhéraðinu og skýrslum um tölu skólaskyldra barna, semur áætlun um útgjöld sjóðs-

ins og jafnar niður fræðslusjóðsgjaldinu. Skal það innheimt með sýslusjóðsgjöldum og á sama hátt.

Fræðsluráð og viðkomandi skólanefnd annast framkvæmdir, þegar byggja á nýjan skóla í fræðsluhéraðinu.

Fræðslumálastjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um fræðslusjóði og skólabyggingarsjóði.

17. gr.

Þar, sem ekki eru þegar fastir skólar, skulu þeir reistir á næstu árum þannig, að hvert skólahverfi á landinu hafi eignazt heimangönguskóla eða heimavistarskóla fyrir árslok 1945.

Ríkissjóður greiðir allt að þriðjungi kostnaðar við að reisa fasta heimangönguskóla utan kaupstaða, en helming kostnaðar við byggingu heimavistarskóla. Hinn hlutann greiðir viðkomandi skólabyggingarsjóður.

Ríkisstyrkurinn er bundinn því skilyrði, að skólalóðin sé eign skólans og að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt stærð hennar, skólastaðinn og uppdrátt að húsinu, og að það sé byggt undir eftirliti trúnaðarmanns hennar.

## V. KAFLI

### Um einkaskóla.

18. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórninni að löggilda barnaskóla, sem reknir eru fyrir fé einstakra manna eða stofnana, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún samþykkir, enda lúti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar.

Kennarar við slíka skóla skulu uppfylla öll skilyrði, sem sett eru eða sett kunna að verða um rétt til að kenna í barnaskólum landsins.

Börn, er slíkan skóla sækja, þurfa ekki að fá leyfi til þess, en forstöðumaður hans skal í byrjun hvers skólaárs senda viðkomandi námsstjóra og skólanefnd skýrslu um það, hvaða börn muni sækja skólann á því ári.

Ekki eiga slíkir skólar heimtingu á styrk af almannafé.

## VI. KAFLI

### Um próf.

19. gr.

Halda skal árlega próf í kunnáttu og leikni allra fullnaðarprófsbarna og annara skólaskyldra barna í landinu. Þó er ekki skylda að prófa hin síðarnefndu í öðru en móðurmáli og reikningi.

Kennarinn (kennararnir) heldur prófin.

Heimil eru frekari árspróf, ef skólastjóri eða námsstjóri óskar þess og fræðslustjórnin samþykkir.

Prófdómarar skulu vera við fullnaðarpróf og landspróf, og séu þeir skipaðir af skólanefnd í kaupstöðum, en námsstjóra annarsstaðar á landinu.

Prófdómarar hafa sama tímakaup og tímakennarar í viðkomandi skóla.

Kostnaður við árlegt próf greiðist úr fræðslusjóði.

Hin árlegu próf skulu haldin að vorinu, eða í lok árlegrar skóladvalar hvers aldursflokks.

Öll skólaskyld börn eru skyld að koma til prófs.

Nú kemur skólaskylt barn ekki til prófs án gildra forfalla, og getur þá prófdómari og prófandi leitað aðstoðar viðkomandi lögreglustjórnar til þess að ná barninu á prófstað. Er lögreglustjórnin skyld að veita þá aðstoð, sem hún getur og þörf er á.

Heimilt er að prófa barn heima, sem ekki getur komizt á prófstað.

20. gr.

Nú hefir námshæft 14 ára barn ekki náð lögskipaðri kunnáttu og eigi staðizt fullnaðarpróf, og skal þá skólanefnd í samráði við skólastjóra sjá því fyrir frekari fræðslu, unz það stenzt prófið, og eigi ber því skylda til að endurtaka prófið, nema í þeim námsgreinum, er felldu það.

Skólastjóri og skólalæknir ákveða, hvers skal krafizt af þeim börnum, sem að þeirra dómi teljast óhæf til að ljúka lögskipuðu fullnaðarprófi.

21. gr.

Þau börn, sem með fullnaðarprófi hafa sýnt það, að þau hafi lokið lögskipuðu námi, skulu fá vottorð um kunnáttu sína og þroska, undirritað af skólastjóra eða prófanda og prófdómara.

22. gr.

Fræðslumálastjórnin setur reglur um tilhögun prófa og skýrslur þær, er henni skal senda árlega.

23. gr.

Skólastjórar senda árlega þær skýrslur, sem fræðslumálastjórnin fyrirskipar viðvíkjandi hag barnafræðslunnar.

Prófdómarar skulu undirrita prófskýrslur ásamt skólastjóra og senda skólanefnd eða námsstjóra skriflegt álit sitt um kennsluna og skólastarfið, ef þess er óskað.

## VII. KAFLI

### Um námsstjóra.

24. gr.

Auk þeirrar umsjónar og eftirlits með kennslunni, sem lögin ætla skólanefndum og fræðslustjórn, skulu settir eftirlitsmenn með barnafræðslunni í landinu, og nefnast þeir námsstjórar. Skulu valdir hinir hæfustu menn úr stétt íslenzkra barnakennara til þess starfs, og séu þeir skipaðir til 5 ára í

senn. Stjórn S. Í. B. gerir tillögur um val námsstjóranna, til leiðbeiningar fyrir fræðslumálastjórnina.

Landinu öllu utan kaupstaða skal fræðslumálastjórnin skipta í 6 eftirlitssvæði, og sé einn námsstjóri í hverju.

25. gr.

Skólastjórar barnaskólanna í kaupstöðum skulu vera námsstjórar, hver í sínum skóla. Þeim skal látin í té aðstoð við daglegt eftirlit og skrifstofuhald, svo að þeir geti gegnt námsstjórninni. Fer um það eftir nánari ákvörðunum fræðslumálastjórnar og skólanefndar á hverjum stað.

Heimilt er fræðslumálastjórninni að skipa sérstakan námsstjóra fyrir kaupstaðaskóla, ef ástæða þykir til.

26. gr.

Námsstjórar eru skyldir að heimsækja alla barnaskóla á eftirlitssvæðinu, meðan þeir eru starfandi, a. m. k. einu sinni á ári. Þeir skulu veita kennurum og skólanefndum allar þær leiðbeiningar, sem þeir geta, líta eftir störfum þeirra og leitast við að samræma öll störf skólanna á eftirlitssvæðinu. Þeir hafa rétt til íhlutunar um allt það, er barnafræðslu og starfrækslu barnaskóla varðar, hver í sínu héraði.

Námsstjórar veita einstökum börnum undanþágu frá skólaskyldu (sbr. 2. gr.), skipa skólanefndarmann, ef svo stendur á (sbr. 11. gr.), mæla með mönnum í skólastjórastöður (sbr. 13. gr.) og skipa prófdómara í sínu umdæmi (sbr. 19. gr.).

27. gr.

Fræðslumálastjórnin gefur út erindisbréf fyrir kennara, skólastjóra, námsstjóra, skólanefndir og fræðsluráð. Skal þar nánar tekið fram um skyldur þeirra og störf. Hún skal og í samráði við skólaráð semja skrá yfir þau kennslutæki, er hverjum skóla ber að hafa til afnota.

## VIII. KAFLI

### Ýms ákvæði.

28. gr.

Læknisefirliti með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir því, sem fræðslumálastjórnin ákveður í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna.

29. gr.

Lögboðin leyfi í barnaskólum landsins skulu vera þessi:

1. desember, jólafrí frá 16. des. til 3. jan., að báðum dögunum meðtöldum, öskudagurinn, páskaleyfi frá pálmasunnudegi til 3. í páskum, að báðum dögunum meðtöldum, og sumardagurinn fyrsti.

30. gr.

Svo fljótt sem verða má skal komið á fót og starfrækt rannsóknardeild í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands, er starfi í sem nánustu sambandi við barnaskóla og aðrar uppeldisstofnanir landsins (sbr. 3. gr. laga nr. 31 frá 23. júní 1932, um byggingu háskóla).

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru frá sama tíma numin úr gildi lög um fræðslu barna, nr. 40 1926, og önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við lög þessi, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þar, sem ekki eru komnir fastir skólar samkvæmt fyrirmælum þessara laga, og á meðan svo stendur, gilda ákvæði hinna eldri fræðslulaga um farkennara og farkennslu, að öðru en því, er snertir stjórn þessara mála í héraði og fyrirkomulag gjaldanna, en þar skulu ákvæði 10. og 11. gr. frv. gilda og sömuleiðis 15. gr.

Heimilt er þó fræðslumálastjórn að veita undanþágu frá ákvæðum 11. gr. frv. um skólanefndir, þannig að ein skólanefnd starfi í sama hreppi eins og nú, þó farskólar séu fleiri en einn og hafi þar fleiri eða færri kennslustaði.

Á tveimur næstu árum fari fram, á kostnað ríkisins, rækileg rannsókn á því, hvernig hagkvæmast verði að skipta landinu í skólahverfi.

Að þeirri rannsókn lokinni gerir fræðslumálastjórnin tillögur um skiptingu, og skulu þær lagðar fyrir viðkomandi sýslunefndir til samþykktar, svo fljótt sem við verður komið. Náist ekki samkomulag, fellir fræðslumálastjórnin úrskurð um málið.

**Kennsluskipun.**

*Kaupstaðaskólar og stærri kauptúnaskólar.*

7—9 ára börn: 1. maí—30. júní og 1. sept.—30. sept. 26 tímar á viku 338 tímar
7—9 ára börn: 1. okt.—15. des. og 15. jan.—30. apr. 12 tímar á viku 288 tímar
10—14 ára börn: 1. okt.—15. des. og 15. jan.—30. apr. 32 tímar á viku 768 tímar
Kennslustundir alls á aldrinum 7—14 ára: 4950.

*Smærri heimangönguskólar (1—2 kennara).*

7—9 ára börn: 1. maí—15. júní og 1. sept.—15. okt. 26 tímar á viku 338 tímar
7—9 ára börn: 15. okt.—15. des. og 3. jan.—1. maí 10 tímar á viku 240 tímar
10—14 ára börn: 15. okt.—15. des. og 3. jan.—1. maí 24 tímar á viku 576 tímar
Kennslustundir alls á aldrinum 7—14 ára 4038.

*Heimavistarskólar.*

I. flokkur (7—9 ára börn) 1. maí—15. júní og 1. sept.—15. okt.
II. flokkur (9—12 ára börn) 15. okt.—15. des. og 1. apr.—30. apr.

III. flokkur (12—14 ára börn) 3. jan.—30. apr.

Kennsla að meðaltali 13 vikur á ári eða alls 91 vika. (30 tímar á viku eða alls 2730 tímar).

*Kennslutímar nú:*

7½ mánaðar skóli og 7 ára skólaskylda: ca. 4000—4500 tímar.
7 mánaða skóli og 4 ára skólaskylda ca. 3300 tímar.
6 mánaða skóli og 4 ára skólaskylda ca. 2880 tímar.
Farkennsla 32—48 vikur alls eða ca. 960—1440 tímar.

## Greinargerð.

Menntamálanefnd neðri deildar hefir orðið sammála um að flytja þetta frumvarp, þó ekki séu líkur til, að það verði afgreitt á þessu þingi, til þess að um það geti orðið opinberar umræður áður en til úrslita kemur. Einstakir nefndarmenn eru óbundnir um þær tillögur til breytinga á núgildandi fræðslulögum, sem gerðar eru í frumvarpinu.

Kennslumálaráðherra sendi nefndinni frumvarpið með svofelldu bréfi, dags. 29. október:

„Hér með leyfi ég mér að senda háttv. menntamálanefnd neðri deildar meðfylgjandi frv. til laga um barnafræðslu á Íslandi.

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd, er skipuð var 8. júní síðastl. til þess að endurskoða lög um fræðslu barna.

Leyfi ég mér að óska þess, að háttv. nefnd taki frv. þetta til nákvæmrar athugunar og jafnframt, hvort eigi væri rétt að leita álits skólanefnda og kennara um frv. fyrir næsta þing.

H. Guðmundsson.

Menntamálanefnd neðri deildar Alþingis".

En frv. var sent kennslumálaráðuneytinu af milliþinganefnd með bréfi, dags. 21. sept., er svo hljóðar:

„Með bréfi dags. 8. júní s. l. skipaði kennslumálaráðherrann oss undirritaða, sem aðalmenn. til þess, samkvæmt tillögum skólaráðs barnaskólanna, „að endurskoða lög um fræðslu barna, nr. 40 frá 1926", og er ætlazt til, „að nefndin hafi lokið störfum svo snemma, að hægt verði að leggja frumvarp um þetta efni fyrir næsta Alþingi". Ennfremur var Björn H. Jónsson skólastjóri skipaður sem varamaður í nefndina, og tók hann að sér skrifstofustarfið og vann að öðru leyti mikilsvert starf.

Nefndin byrjaði fundi sína í júlímánuði og hefir síðan haldið fjölda funda, aflað sér margháttaðra upplýsinga, innlendra og erlendra, rætt málið við ýmsa leiðandi menn í kennarastétt og aðra, og að lokum lagt uppkastið að frv. fyrir skólaráðið.

Þann stutta tíma, sem nefndin hefir haft til starfa, hefir hún reynt að nota eftir föngum, og sendir nú hinu háa ráðuneyti eftirfarandi frumvarp með greinargerð.

Að vísu skýrir frumvarpið sjálft stefnu þá, sem nefndin leggur til að tekin verði í þessum málum, en þó skal vísað til niðurlagsorða greinargerðarinnar, þar sem saman eru dregin helztu atriði í hinu nýja skipulagi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Snorri Sigfússon, form. Sigurður Thorlacius. Pálmi Jósefsson“.

Hér fer á eftir greinargerð milliþinganefndarinnar:

Um 1. gr.

Búast má við, að sumum þyki langt gengið, þar sem lagt er til, að skólaskyldan verði hér eftir bundin við 7 ára aldur, en fyrir okkur, sem bezt þekkjum alla aðstöðu, er þetta sú nauðsynlegasta umbót, sem gera þarf á fræðslulögunum, og undirstöðuskilyrði þess, að aðrar umbætur komi að tilætluðum notum. Skulu nú færð nokkur rök að því.

Árið 1907, þegar fræðslulögin voru fyrst samþykkt og skólaskyldu komið á að nafninu til fyrir 10—14 ára börn, var aðstaðan öll ákaflega ólík því, sem hún nú er orðin, heimilin voru fjölmennari og fastbyggðari stofnanir, og það voru þess vegna miklu betri ástæður til að kenna börnum heima að meira eða minna leyti, það sem fólkið annars kunni sjálft, eins og t. d. lestur.

Í kaupstöðum, kauptúnum og sjóþorpum má það heita undantekning nú orðið, ef heimilin kenna börnunum að lesa, hvað þá heldur meira. Það er líka skiljanlegt, þar sem t. d. heimilisfaðirinn er sjómaður og að heiman mikinn hluta ársins, en móðirin e. t. v. með stóran barnahóp, og þar að auki að hlaupa í vinnu, þegar hún fær hana.

Í sveitum er ástandið orðið litlu betra, fólkið ekki venjulega fleira en það, að allir hafa nóg að gera og meira en það, ekki sízt á einyrkjaheimilum, sem alltaf er að fjölga.

En það, sem mestu máli skiptir, er sú staðreynd, að meiri hluti heimilanna er búinn að gefa frá sér uppfræðsluna og tekur hana aldrei að sér aftur. Þá staðreynd verða allir að gera sér ljósa og haga sér eftir því. Það er komið svo, að þó börnin séu ekki skólaskyld fyrr en þau verða 10 ára, er þeim komið fyrir til lestrarnáms hjá fólki, sem við það fæst sérstaklega, þó að flest af því hafi enga sérfræðslu fengið um kennslu barna. Þetta gefst misjafnlega, eins og við er að búast, en hitt er þó miklu alvarlegra, að þeim börnum fjölgar með hverju árinu, sem lítið eða ekkert er hirt um og sem koma svo í skólana 10 ára gömul svo illa undirbúin, að dvöl þeirra þar verður þeim fyrir þá sök ekki að hálfum notum, og dregur jafnvel mjög úr árangrinum af skólavist annara barna, sem með þeim eru og lengra eru komin.

Þá má heldur eigi gleyma að benda á þann skatt, sem á barnaheimilin leggst með þessu móti, því hann er mjög tilfinnanlegur. Í bæjum og þorpum

munu framfærendur barna nú þurfa að borga 6—10 kr. mánaðarlega fyrir barnið hjá lestrarkennara, og verður það mjög tilfinnanlegt öllum þorra heimila og þeim fátækustu ókleift, og fara því fjölmörg börn, eingöngu fyrir getuleysi foreldra, algerlega á mis við allt lestrarnám fyrr en í skólann kemur. Hljóta allir að sjá, hve hagkvæmara það er og vænlegra til góðs árangurs, að hið opinbera safnaði þessum börnum saman til sameiginlegs lestrarnáms til kennara, sem lært hefir nútímatök á því starfi og gæti því kennt miklu fleiri börnum saman í einu.

Yrði því kostnaður við lestrarnámið á hvert barn miklu lægri og kæmi auk þess réttlátlegar og betur við, enda hafa þau mörgu héruð, sem komin eru með skólaskylduna niður í 7 ára aldur, komið auga á þetta augljósa mál, en þess þurfa allir með eins og nú er komið.

Grundvallaratriði fræðslunnar í skólunum er og hlýtur æfinlega að verða það að gera börnin læs, skrifandi og reiknandi. Nú er því svo varið með allar þessar námsgreinar; þar gildir fyrst og fremst löng æfing og leikni. Þessi æfing og leikni næst bezt á ákveðnu aldursskeiði, og henni þarf að vera lokið að mestu þegar barnið er 10 ára. Náist hún ekki fyrir það aldursmark, kemur hún annaðhvort seint eða aldrei, og allt annað nám fer þá meira og minna út um þúfur, jafnvel hversu vel gefið sem barnið annars kann að vera.

Allir, sem komnir eru til vits og ára og eitthvað hafa þurft fyrir lífinu að hafa, vita, hve mikið öll ánægja af daglegum störfum veltur á því að vera leikinn í að vinna þau. Þetta á vitanlega jafnt við um nám sem annað. Öllum hlýtur að vera auðskilið, hversu mikill munur er á því, þegar á að kynna sér eitthvert efni, að vera liðugt um að lesa, geta svo að segja flogið yfir efnið, þurfa ekki annað en renna augunum yfir línurnar til þess að finna aðalatriðin, eða hinu, að komast ekkert áfram og auk þess að týna öðruhverju þræðinum vegna atriðisins við að átta sig á einstökum orðum og setningum.

Þá er það alkunna, að þeim manni, ungum eða gömlum, sem er létt um að skrifa og skrifar vel, er æfinlega ljúft að taka pennann, en hinum, sem skrifar bæði stirt og illa, er æfinlega raun að því að þurfa að gera það.

Eitt af því raunalegasta, sem fyrir okkur kennara kemur, er að fylgjast með vonlausu striti margra unglinga, sem eru að læra reikning. Þeir eru búnir að reka sig á þörfina á að kunna hann og leggja sig nú alla fram, skilningurinn er farinn að þroskast og þeim eru nú fengin dæmi eins og þau koma fyrir í daglegu lífi. En þau ráða ekkert við verkefnið, öll hugsun, allt starf heilans lamast af stritinu við að vinna þann hluta starfsins, sem fyrir löngu á að vera orðinn svo æfður, að hann nái alls ekki til heilans, heldur sé unninn svo að segja alveg hugsunarlaust.

Hugsum okkur deild 10 ára barna, sem öll eru orðin reglulega vel læs og skrifandi, þau eru komin yfir alla byrjunarörðugleika í stafsetningu, og þau eru orðin leikandi lipur í að velta fyrir sér öllum lægri tölum. Þau þurfa ekki að hugsa sig um, heldur vita, að 9 við 48 er 57, að 7 frá 43 er 36, að $7 \times 12$ eru 84, að $2 \times 34$ eru 68 og þar af leiðandi að 68 deilt með 2 eru 34 o. s. frv.

Þessi börn eru búin að eignast lyklana að þinghöll þekkingarinnar, sem þau geta nú opnað sjálf og byrjað að ferðast um upp á eigin spýtur. Skóla-

starfið mundi verða allt annað, skemmtilegra og gagnlegra en það er nú, og árangurinn margfaldur.

Þessu marki ætti að vera hægt að ná, ef frumvarp þetta yrði að lögum, og þá fyrst væri tilgangi barnafræðslunnar nokkurnveginn náð.

Þá er að athuga, hvort þetta sé framkvæmanlegt.

Það getur varla heitið, að kaupstaðirnir komi til greina í þessu sambandi, því þar er skólaskyldan ýmist komin ofan í 7 eða 8 ára aldur og því lítil sem engin breyting frá því, sem nú er. Í einstaka kauptúni og sjávarþorpi er búið að færa skólaskylduna ofan í 7 ár, og víða liggur við borð, að það verði gert. En svo að segja alstaðar er orðin þörf á að gera það.

Með því fyrirkomulagi, sem hér er stungið upp á, kostar þetta víðast hvar enga húsnæðisaukningu, en aðeins lengingu á starfstíma kennaranna, sem þarf að komast á hvort sem er.

Eins og nú er standa hin dýru skólahús ónotuð og öll kennslutæki óhreyfð a. m. k. 5—6 mán. ársins, og vel flestir kennarar hafa þá annaðhvort lítið eða ekkert að gera. Það er því auðsætt mál, að til þess að geta lokið lögskipaðri fræðslu á 6—7 mánuðum, eða skemur, þurfa skólahúsin að vera stór og skóli að standa svo að segja frá morgni til kvölds. Þess vegna er svo komið t. d. í bæjunum og ört vaxandi þorpum, að stöðugt þarf að stækka gamla skóla eða byggja nýja, og er þetta að verða illbærilegur útgjaldaliður, og sér þó síður en svo fyrir endann. Það er því auðsjáanleg fjárhagsleg nauðsyn, að þessi dýru hús séu notuð lengur á ári en nú er gert, og kennsla yngri barnanna, sem lítið eða ekkert hafa að gera hvort eð er, sé færð yfir á vorið og haustið, svo þau geti frekar en nú rýmt fyrir eldri börnunum á veturna. Þetta mundi verka þannig, að skólahús, sem er talið að sé að verða of lítið með núverandi skipulagi, gæti orðið nægilega stórt um langt skeið, ef hin nýja kennsluskipun kæmist á, og þar að auki mundi þessi kennsluskipun fækka kennurum stórum frá því, sem vera þyrfti, ef hið eldra fyrirkomulag héldist, með heimild um niðurfærslu skólaskyldu, sem svo fjöldinn mundi nota hvort eð væri.

Erfiðast verður náttúrlega að framkvæma þetta þar, sem verður að hafa heimavistarskóla í sveitum. Þó kostar það ekki meira húsnæði eftir tillögum frumvarpsins. Það er þá aðeins kostnaðurinn við dvöl barnanna í heimavistarskólunum. Það einkennilega er, að þar, sem heimavistarskólar eru komnir á og gott fyrirkomulag er á öllu, þykir sá kostnaður ekki nærri því eins tilfinnanlegur eins og margir halda, sem ekki hafa reynt það. En svo er þess að gæta, að öll þau heimili, sem sýna það og sanna, að þau geta annazt fræðslu yngstu barnanna sjálf, geta fengið leyfi til að gera það. Þá eru aðeins eftir þau heimili, sem annað tveggja vilja láta börnin í skóla eða geta alls ekki annazt fræðslu þeirra fram að 10 ára aldri, en það er einmitt vegna barnanna frá hinum síðar nefndu heimilum, sem lagt er til að færa skólaskylduna niður. Og því miður eru þau heimili nokkuð mörg.

Niðurfærsla skólaskyldunnar er í framkvæmdinni ekki önnur breyting en það, að þegar hún er komin á, verður ekki lengur hægt að trassa það, hvorki af aðstandendum barnanna né því opinbera, að láta þau börn nógu snemma í skóla, sem í raun og veru þurfa þess nauðsynlega með. Það mundi auk þess

herða mjög á umhyggjunni fyrir þeim börnum, sem kennt væri heima eftir sem áður.

Það er rétt að minna á það í þessu sambandi, að við lestrarprófið 1930, en það er nákvæmasta landsprófið í lestri, sem haldið hefir verið, kom ýmislegt fram, sem styður mjög þetta mál. Það kom í ljós við þetta próf, að 8% af þeim börnum, sem þá útskrifuðust, máttu teljast ólæs. Þetta þýðir vitanlega, að með sama áframhaldi verður nálega 12. hver maður á landinu ólæs eftir nokkur ár, en nú má einmitt búast við, að ástandið fari versnandi, ef ekkert er að gert. Þess skal getið, að sveitirnar höfðu verri útkomu en kauptúnin og kaupstaðirnir, eða 10%, sem máttu teljast ólæs. Það kom ennfremur skýrt í ljós við þetta próf, að af þeim börnum, sem komu ólæs í skólana, verða miklu færri læs í sveitunum, og er það að vonum, þar sem skóladvölin er svo stutt.

Það kom ennfremur í ljós við þetta próf, að ca. 40% af 9 ára börnum uppfylltu ekki þær kröfur, sem fræðslulögin gera nú um lestrarkunnáttu, og það þótt svo vægilega sé farið í sakirnar sem frekast er unnt. Verst var ástandið í kauptúnaskólunum, en sjáanlegt, að þar vannst furðanlega mikið á til 14 ára aldurs. Í sveitunum var það í meðallagi, eða tæplega það, en þar hafði minnst breytzt til batnaðar upp að 14 ára aldri.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fátt eða ekkert, sem valdið getur misskilningi. Þar er aðeins nánar ákveðið um allar undanþágur en verið hefir og miðað við það fyrirkomulag á fræðslumálunum, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Það virðist sjálfsagt, að þegar heilt skólahverfi vill fá undanþágu fyrir yngstu börnin, komi það undir úrskurð fræðslumálastjóra, en aftur á móti er það bæði óþarft og of vafningasamt að láta aðrar undanþágubeiðnir ganga svo langt.

Um 3. gr.

Þessi grein, um vanheil og blind eða heyrnardauf og mállaus börn o. s. frv., er að sumu leyti ný í fræðslulögum. En ekki getur það leikið á tveimur tungum, að ríkinu beri skylda til að kosta nám andlega eða líkamlega vanheilla barna, ekki síður en þeirra heilbrigðu, nema miklu fremur sé. Hinsvegar virðist ekki rétt að ákveða það með lögum, hvort ríkið skuli sjálft reka blindra- og málleysingjaskóla eða kosta dvöl barnanna í einkaskólum. Það er að verða alveg óhjákvæmilegt að fá hér á landi hæli fyrir siðferðislega gölluð börn, og geta barnaverndarnefndir kaupstaðanna og aðrir, sem hafa þau mál með höndum, bezt um það borið. Með stækkun bæjanna og þorpanna fjölgar slíkum börnum hér sem annarsstaðar. Það hefir verið eina úrræðið hingað til, að koma þessum börnum fyrir á sveitaheimilum, en bæði er það, að þeim heimilum fer fækkandi, sem hafa ástæður til þess að taka slík börn, og þó að þau séu nokkur til enn, geta þau fengið meira en nóg af efnilegum börnum og fást því ekki til að taka hin.

Það er ekki hyggilegt að byggja stórt hæli til að byrja með; ætti það að

vera uppi í sveit, þar sem svo hagaði til, að fjölbreytt verkefni væri fyrir hendi. Mætti t. d. benda á stað eins og t. d. Reykhóla í Barðastrandarsýslu. Reykhólar er jörð, sem hefir mikla möguleika til lands og sjávar og sem framfleytti mjög stóru heimili til skamms tíma. Nú reynist öllum erfitt að búa þar, vegna þess að jörðin er fólksfrek. Þarna er mjög vel fallið til garðræktar í stórum stíl, og þarna væri nóg starfssvið fyrir tápmikla og ódæla stráka. Á það skal bent, að það gagn, sem slíkt hæli mundi gera, yrði e. t. v. miklu meira óbeint en beint. Vandræðabörn eru nú örugg, hvernig sem þau haga sér, vegna þess að ekkert er hægt að gera við þau.

Um 4. gr.

Kröfurnar, sem gerðar eru til kunnáttu 14 ára barna, eru mjög lítið breyttar frá því, sem er í núgildandi fræðslulögum. Þær kröfur eru mjög rúmar og þurfa að vera það, svo að skólarnir hafi nægilegt olbogarými til eðlilegrar þróunar.

Í 4. lið er dregið lítið eitt úr kröfunum um kunnáttu í brotum, en það er byggt á þeirri reynslu, að vegna þessarar kröfu hefir víða verið gert allt of mikið að því að „keyra börnin áfram“ í reikningi, og svo hefir heilbrigða og nauðsynlega undirstöðu vantað. Aftur á móti virðist sjálfsagt að bæta við kröfunni um nokkurn skilning á prósentureikningi, þar sem varla er skrifuð svo blaðagrein eða haldin svo ræða um hagnýt mál, að þar komi ekki fyrir prósentur. Prósentureikningur er líka svo auðveldur, að þessi krafa ætti ekki að vera of hörð.

Þá hefir verið bætt við tveimur liðum, handiðju og leikfimi. Hvorttveggja er kennt nú orðið í flestum föstum skólum, og þar sem gert er ráð fyrir, að fastir skólar komist á um land allt, virðist sjálfsagt að gera þessa kröfu.

Um 5. gr.

5. gr. er tekin upp úr gömlu lögunum og þarf því ekki skýringa við.

Um 6. gr.

Hér er það fyrst og fremst kennsluskipunin, sem gera þarf grein fyrir. Í kaupstöðum og stærri kauptúnum er fyrirkomulagið hugsað þannig, að árlegur námstími eldri barnanna er frá 1. okt til 1. maí, að frádregnu mánaðar jólafríi. Kennslutími þeirra yrði því réttir 6 mánuðir, eða eins og lágmarkið er nú, en sennilega yrði kennslustundafjöldi dálítið meiri.

7—9 ára börnin eiga aftur á móti að koma í skólann 1. okt. og vera til júníloka, að jólamánaðarfríinu frádregnu, eða 9 mánuði alls á ári. Þann tíma skólaársins, sem eldri börnin eru, fá þau aðeins 2 tíma kennslu á dag, eða 12 tíma kennslu á viku, en hina 3 mánuðina eru þeim ætlaðir 26 tímar á viku. Vitanlega ætlast enginn til, að þau sitji við bóklegt nám 4—5 tíma á dag, en þau eiga að vera í skólanum og undir handleiðslu kennaranna þennan tíma, eða jafnvel lengur. Þá hafa kennararnir ekki öðru að sinna en þeim, og á þá að vera hægt að haga skólastarfinu eins og þarf að haga því fyrir börn á þeim aldri. Það er einmitt einn höfuðkosturinn við þetta fyrirkomulag, að vegna

þess hve rúmt verður um kennarana í starfinu, verður hægt að skipta yngri börnunum í fleiri deildir og smærri, taka þau út af fyrir sig, sem dragast aftur úr, og gera yfirleitt allt, sem þarf að gera, svo að þau hafi öðlazt þá námstækni, sem nauðsyn er á, þegar þau fara inn í eldri flokk skólans. Frí yngri barnanna verður aldrei nema 2 mánuðir í einu, en það er mjög mikils virði, vegna þess, að þá týna þau að engu ráði niður af því, sem þau hafa numið. En eins og fyrirkomulagið er nú, týna þau mjög miklu niður yfir sumarið.

Búast má við, að ýmsum verði námsviknafjöldi 7—9 ára barna kaupstaðanna þyrnir í augum, þar sem þeim er ætlað að sækja skóla 37 vikur á ári. Er þessi langi skólatími ekki hættulegur heilsu og lífsgleði barnanna?

Í fyrsta lagi er þess að gæta, að enda þótt námsvikunum fjölgi, þá verður fjöldi kennslustunda á ári litlu eða engu meiri en nú er. Munurinn er aðeins sá, að allmikið af námstíma þessara barna flyzt frá vetrinum yfir á vor og haust. Nú munu heilsufræðingar yfirleitt sammála um að telja það æskilegt, að börn í norðlægum löndum fái hvíld frá erfiðu námi í svartasta skammdeginu, og á það við því fremur sem börnin eru yngri. Lenging jólaleyfis úr 1½ viku í mánuð er því út af fyrir sig tvímælalaust til bóta, enda í samræmi við þá stefnu, sem tekin hefir verið upp á Norðurlöndum í þeim efnum. Sama ætti að mega segja yfirleitt um stytting námstíma yngri barnanna á dag að vetrinum. Það léttir nám þeirra og gefur þeim aukin tækifæri til útivistar þann tíma ársins, sem mótstöðukrafturinn er minni. Þá er að líta á það, sem kemur í stað vetrarstundanna, sem niður falla, skólavist barnanna í maí, júní og september. Þennan tíma er þeim ætlað að vera 4—5 stundir í skóla á dag. En eins og þegar er tekið fram, er ekki til þess ætlazt, að nærri öllum þeim tíma verði varið til innisetu við bóklegt nám. Börn á þessum aldri eru ófær um að vinna lengi í senn að hverju sem er, en læra mest og varanlegast í stuttum skorpum með vakandi áhuga. Inninámið yrði því aðallega fólgið í stuttum lestrar-, skriftar- og reikningsstundum, en skólatímanum annars mest varið til útileika, útiíþrótta og gönguferða út í náttúruna í nágrenni skólans. Á útiferðum þessum er lagður grundvöllur að jurta- og dýrafræði, landafræði og jafnvel sögufræði. Þá gefast og tækifæri til að kenna móðurmálið á lifrænni hátt og staðbetri en kostur er á við kyrrsetunám að vetrarlagi. Skólastarfsemi af þessu tægi hefir þegar verið nokkuð reynd hér á landi í vorskólum kaupstaðanna og gefist vel. Það hefir sýnt sig, að mikið útinám þarf ekki að vera á kostnað bóknámsins, heldur þvert á móti gerir það lifrænna og minnisstæðara. Á það er vert að benda í þessu sambandi, að mikill hluti barna hinna stærri kaupstaða, einkum Reykjavíkur, hefir ekki aðra staði til útivistar að sumrinu en rykugar göturnar með reyk og gufum, sem draga mikið úr krafti sólargeislanna. Með skólavistinni væri börnunum tryggð dagleg dvöl á leikvelli, þar sem gera verður ráð fyrir hreinu lofti, en auk þess ætti þeim að vera tryggðar, ef ekki daglega, þá a. m. k. vikulega ferðir út í sveit, þar sem loftið er hreint og sólskinið áhrifamikið. Mundi ekki þannig hæfileg dagleg áreynsla í hreinu lofti fullkomlega vega upp á móti sjálfri skólasetunni?

Ekkert er eins tilfinnanlegt nú í öllum okkar skólamálum eins og það,

hve illa börnin eru að sér 10 ára. Af þeirri ástæðu verða barnaskólarnir að taka að sér hlutverk smábarnaskólanna, unglingaskólarnir að taka að sér hlutverk barnaskólanna og sérskólarnir að taka að sér hlutverk unglingaskólanna, og svo verður enginn skólinn að hálfu gagni.

Um 7. gr.

Fyrri hluti greinarinnar er í núgildandi fræðslulögum, en síðari hlutinn, sem er nýr, er í samræmi við barnaverndarlögin.

Um 8. gr.

Á efni þessarar greinar eru ekki aðrar breytingar frá því, sem nú er, en þær, sem leiðir af skipulagsbreytingunni. Ekki bætist annað við þær kröfur, sem hingað til hafa verið gerðar, en það, að eitthvað þarf sennilega að greiða af dvalarkostnaði fátækra barna í heimavistarskólum.

Um 9. gr.

Greinin er að efni til hin sama og 13. gr. núgildandi laga, að öðru en því, að fræðslusjóður kemur fyrir hreppssjóð.

Um 10. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að öllu landinu verði skipt niður í skólahverfi, sem ekki verði miðuð við hreppana eins og fræðsluhéruðin eru nú yfirleitt, heldur við það, að svo mörg börn eigi sókn að hverjum skóla, sem sæmilegt þykir að ætla einum kennara eða fleirum til kennslu. Þetta fyrirkomulag á að geta sparað kennara, áhöld o. s. frv. að miklum mun frá því, sem nú er, og gert skólahaldið á þann hátt miklu ódýrara. Það má nefna sem dæmi, að í 4 hreppum Árnessýslu, Laugardal, Grímsnesi, Grafningi og Þingvallasveit, hafa undanfarið verið 4 kennarar, einn í hverjum hreppi, en eftir tillögum okkar á að vera einn skóli fyrir þessa hreppa alla, og einn kennari nægir fullkomlega, þó skólaskyldan sé færð niður í 7 ár.

Víða verður að skipta hreppum, svo að hæfilega mörg börn eigi sókn að hverjum skóla, og það kemur jafnvel fyrir, að heill hreppur úr einni sýslu og hálfur hreppur úr annari sýslu eigi bezta samleið um skóla.

Þetta mundi verða illframkvæmanlegt með því fyrirkomulagi á fjármálum skólanna, sem verið hefir, en með stækkun fræðsluhéraðanna og því fjármálafyrirkomulagi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eiga engir tilfinnanlegir árekstrar að geta orðið.

Um 11. gr.

Skólanefndir er hugsað að hafi stjórn þessara mála á svipaðan hátt og nú er, en þó með þeirri breytingu, að ein skólanefnd sé fyrir hvern skóla. Með því móti mætti telja líklegt, að hlynnt yrði betur að hverjum skóla. En þar, sem svo háttar, að fleiri en eitt skólahverfi yrði í einum hreppi, er ætlazt til, að ekki séu þó fleiri menn en þrír í skólanefnd, og ætti það að nægja, a. m. k. í litlum skólahverfum í sveit. Hitt verður réttara í mannmörgum bæjum, eins og t. d. Reykjavík, að 5 menn séu þar í skólanefnd í hverju skólahverfi, og

mætti þá teljast eðlilegt, að skipaðir kennarar fengju að velja 2 þeirra, en ekki er hugsað, að þeir séu starfandi kennarar. Yrði þá þar sú skipun þessara mála, að bæjarstjórn skipi 4 fræðsluráðsmenn á sama hátt og hún kýs nú skólanefnd, en fræðsluráðið veldi svo 2 menn í skólanefnd fyrir hvern skóla. Annars eru fræðsluráðin hugsuð fyrst og fremst sem fjármálamiðstjórn skólanna í fræðsluhéruðunum og einskonar tengiliður milli skólahverfanna. Og úr því að sýslumenn innheimta öll gjöld til fræðslusjóðanna, bókfæra þau og hafa reikningshaldið á hendi, virðist heppilegast, að þeir séu sjálfkjörnir formenn fræðsluráðanna.

Annað í þessari grein mun eigi þurfa að skýra.

Um 12. gr.

Grein þessi er svo að segja alveg eins og í núgildandi fræðslulögum, nema að bætt er inn í því ákvæði, að skólastjóri sitji jafnan á skólanefndarfundi og hafi þar málfrelsi og tillögurétt. Þetta virðist alveg sjálfsagt, enda er það víða lögákveðið, t. d. í Svíþjóð og víðar.

Um 13. gr.

Er að efninu til tekin upp úr núgildandi fræðslulögum, en sumt fyllra og sumu vikið til samræmis við frumvarpið.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir, að hver hreppur greiði fræðslugjald í hlutfalli við tölu skólaskyldra barna í hreppnum. Virðist það óhjákvæmilegt, svo ekki verði kritur milli hreppanna og óánægja út af því, að einn hreppur þykist verða verr úti en annar. Með þessu fyrirkomulagi á gjöldum til fræðslunnar, sem greinin gerir ráð fyrir, kunna e. t. v. sveitahrepparnir að hafa einhvern hag, en þeir standa líka verr að vígi að öðru leyti. Að vísu verkar þetta sem nefskattur á hreppa, en ekki einstaklinga, því vitanlega eru fræðslugjöldin innifalin í öðrum gjöldum til sveitaþarfa, sem eru lögð á eftir efnum og ástæðum.

Um 15. gr.

Greinin þarf að efni til ekki mikilla skýringa. Slíkan samlagssjóð skólahverfanna verður að stofna og sjá honum fyrir tekjum, því annars er hætt við, að örðugra verði um allar framkvæmdir, ef ekki er lagt nokkurt fé til hliðar í þessu skyni árlega. Vel má vera, að hentugri tekjustofnar finnist, og ekki leggur nefndin neina áherzlu á, að þeir séu aðeins þessir, en aðalatriðið er, að sjóðurinn fái nokkrar fastar tekjur á hverju ári. Nefndin hefir athugað þessa tekjuöflunarleið, eins og nú er og með tilliti til þess ástands, sem verða mundi, ef frv. yrði að lögum, og álítur, að öllu þessu sé stillt í hóf. Höfuðverkefni sjóðsins er vitanlega það, að standa straum af byggingu skólahúsa, og yrði yfirleitt farin sú leið, sem búast má við, að héruðin tækju byggingarlán til langs tíma, þá ætti aliður greinarinnar að geta fljótlega fallið burt. Á það er að líta, að í flestum fræðsluhéruðum eru nú einhver skólahús til, að vísu sum aðeins til óhægðar og tjóns, en sem mætti þó líklega í flestum tilfellum gera einhverja peninga úr,

en þó eru sem betur fer víða í þorpum og þéttbýli nýleg og góð skólahús, sem með þeirri kennsluskipun, sem hér er gert ráð fyrir, myndu um langt skeið verða nægjanlega stór, og léttir það mikið það átak, sem gera þarf í þessum efnum. Erfiðast er auðvitað þar, sem svo er ástatt, að reisa þarf allt frá grunni, en ekki er sýnilegt, að hægt sé að draga það öllu lengur að hefjast þar einnig handa, ef allt á ekki að keyra um þverbak í menningarmálum strjálbýlisins.

Fræðsluráð á að vera dómbært um hvorttveggja, hvert skólahverfi hefir unnið mest fyrir sjóðinn og skapað hagstæðasta möguleika til byggingar heima fyrir, og hvert þeirra aftur á móti þarfnast mest skjótra aðgerða í byggingamálum.

Um 16. gr.

Fyrri hluti þessarar greinar á ekki að geta orðið misskilinn, en um síðustu málsgrein er það að segja, að það er nokkuð örðugt að ákveða glögga verkaskiptingu milli skólanefndar og fræðsluráðs, þegar á að byggja skóla. Verður því að treysta á, að um það verði samkomulag, ekki síst þegar þess er gætt, að trúnaðarmaður fræðslumálastjórnar á að hafa umsjón með hverri slíkri byggingu. Nánari ákvæði um ýmsar framkvæmdir fræðsluráðs í byggingarmálum og samvinnu þess við skólanefnd má setja í reglugerð.

Um 17. gr.

Helztu gallarnir, sem komið hafa í ljós við reynsluna á núverandi skipulagi eru þessir:

1. Víðast er ekkert húsnæði fyrir farskólana, og verður því að semja við einstök heimili þennan og þennan veturinn um að taka kennara og börn í vist um lengri eða skemmri tíma. Oft gengur þetta hörmulega illa, eins og við er að búast, þar sem engum ber skylda til að gera það. Vegna þessara örðugleika er víðast orðið mjög erfitt að fá nokkurn mann viljugan í skólanefnd. Oft verður niðurstaðan sú, að kennslan er látin fara fram þar, sem flest börn eru í heimili, án tillits til þess, hvort húsakynni séu viðunandi. Einhverjum kann nú að virðast svo, að húsnæði, sem hægt er að nota til íbúðar fyrir börn, sé einnig hæft til kennslu. En þar er ólíku saman að jafna. Fyrst er nú það, að húsakynni geta verið sæmileg fyrir heimilisfólkið, þótt þau verði ófullnægjandi, t. d. loftrýmið, þegar nokkur aðkomubörn bætast við. Þá er kuldinn, sem oftast mun vera alvarlegasta hættan við kennslustofur farskólanna. Börnum heimilisins getur liðið sæmilega og heilsu þeirra engin hætta búin, meðan þau eru frjáls að því að vera ýmist úti á hreyfingu eða þar í húsinu, sem hlýjast er, t .d. eldhúsinu eða í baðstofu. Allt öðru máli gegnir, þegar börnin eru skylduð til að sitja um kyrrt við bóknám klukkustundum saman í stofu, þar sem annars er e. t. v. mjög lítið verið að vetrinum, og illa eða ekkert hitað. Þar við bætist svo, að sæti og borð eru alls ekki sniðin við barna hæfi og birtan oft ófullnægjandi. En þetta er einmitt sú raunasaga, sem margir farkennarar hafa að segja, að þeir eru, gegn betri vitund, neyddir til að kenna í stofum, þar sem heilsu barnanna og þeirra sjálfra er stefnt í tvísýnu vegna kulda, raka, loftleysis og óhæfilegra sæta og óhollrar birtu. Kunnugt er um farkennara fleiri en einn, sem talið er með sterkum líkum,

að hafi misst heilsuna af þessum ástæðum. Hvað mun þá um börnin, óhörðnuð á viðkvæmasta vaxtarskeiði? Hér er um mjög alvarlega hættu að ræða fyrir æsku sveitanna, og þarf skjótra umbóta við, ef vel á að fara.

2. Kjör og starfsskilyrði farkennara eru þannig, að flestum mun finnast það hreinasta neyðarbrauð að þurfa að hlíta þeim til lengdar. Auk húsakynnanna, sem þegar er vikið að, eru launin hin hraklegustu, svo og þeir höfuðókostir, sem því fylgja, að hrekjast úr einum stað í annan með bækur og áhöld, eða réttara sagt nærri bóka- og áhaldalaus, vantandi allt til alls. Flestir farkennarar eru ráðnir frá ári til árs, og mjög réttlausir gagnvart skólanefndum og háðir þeim. Mætti t. d. benda á ákveðið dæmi þess, að skólanefndir hafa sagt kennurum upp stöðunni vegna þess, að þeir hafa gert hærri kröfur en nefndinni líkaði til húsnæðis, áhalda og annara starfsskilyrða. Þetta, sem nú hefir verið talið, og ýmislegt fleira, sem ekki er tök að rekja hér, verður þess valdandi: Í fyrsta lagi, að ómögulegt hefir reynzt að fá nógu hæfa menn til að taka að sér farkennslu í sveitum landsins. Í öðru lagi, þar sem hæfir menn fást, una þeir sjaldan starfinu nema stutta stund. Ættu allir að geta séð, hvílíkur voði það er menningu sveitanna, ef nokkur hluti þeirra manna, sem taka að sér uppfræðslu æskunnar, veljast fremur til starfsins af því, að þeir eiga ekki annars úrkosta, en af áhuga og menntun til að rækja það, og ef hinir, menntuðu hæfileikamennirnir, sem fást til starfsins, hverfa frá því jafnskjótt og þeim býðst eitthvað annað, eða eru hraktir á brott vegna þess, að þeir skilja hlutverk sitt og gera kröfur til að fá skilyrði til að rækja það sómasamlega. Þetta er því ískyggilegra, þar sem það er alkunn staðreynd, að árangur kennslustarfsins er, sennilega fremur en í flestum öðrum starfsgreinum, háður hæfileikum og menntun þess, en vinnur það. Það eitt, að börn farskólanna fá nýjan kennara á hverju ári, er mjög illt og hætt við, að sá maður hafi minni áhuga á starfinu og umbótum á fræðslumálum sveitarinnar, sem ætlar sér að flytja í burtu við fyrsta tækifæri.

3. Um 40% af þeim börnum, sem koma í farskólana 10 ára gömul, eru svo illa undirbúin, að þeim verður ekki hálft gagn af skólavistinni, og skólatíminn er svo stuttur, að engin von er til, að úr undirbúningsleysinu sé hægt að bæta. Sérstaklega gildir þetta um þá námsgreinina, sem mest á ríður, en það er lesturinn. Hætt er við, og má reyndar telja alveg víst, að á næstunni fari lestrarundirbúningur heimilanna versnandi frá því, sem nú er, eftir því sem fólkinu á heimilunum fækkar og einyrkjaheimilum fjölgar. Þá er og vert að benda á eina staðreynd í þessu sambandi, eigi síður mikilsverða, en hún er sú, að með fólksfækkuninni í sveitunum og þeirri atvinnu- og þjóðlífsbyltingu, sem farið hefir fram samtímis henni, hefir kippt burtu að mestu grundvellinum undan hinu forna menningaruppeldi sveitaheimilanna. Það er alkunnugt, að frá því að Ísland byggðist hefir ýmist blómgazt eða viðhaldizt sérkennileg og stórmerk menning í sveitum landsins. Það eitt, hvernig íslenzk tunga hélt velli í sveitunum, fögur og þróttmikil, gegnum langvarandi niðurlægingu og áþjáningartímabil í sögu þjóðarinnar, sýnir bezt, hversu þróttmikið andlegt líf sveitirnar hafa alið og varðveitt, og það var ekki einungis borið uppi af fáeinum mönnum, heldur öllum almenningi. Uppistaða þessarar menningar var tvímælalaust hin fjölmennu sveitaheimili með sínum fjölbreyttu vinnuháttum, mörgu tómstundum og marg-

vislegu fræða- og fróðleiksstarfsemi. Á heimilunum drukku börn og unglingar í sig hina þjóðlegu menningu, kynntust sögu og bókmenntum þjóðarinnar og lærðu flest þau störf, sem atvinnulíf þjóðarinnar þá útheimti af fullorðnum mönnum að kunna. Nú eru þessi uppeldisskilyrði sveitaheimilanna að miklu leyti úr sögunni og verða það sennilega ennþá víðar á næstu árum. Það virðist því einsætt, að ef ekkert verður að gert, þá muni menning sveitanna í náinni framtíð bíða þann hnekki, sem þjóðinni allri stendur ískyggileg hætta af. En það, sem þarf að gera, er að skapa uppvaxandi kynslóð sveitanna menningarskilyrði í samræmi við kröfur og þarfir hins nýja tíma. Bezta og að því er séð verður eina ráðið til þess er það, að láta börnunum í té ný menningarheimili, skóla á líkan hátt og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, og fá hina beztu og sérfróðustu menn til að veita þeim forstöðu.

Hið sama virðist hafa vakað fyrir milliþinganefndinni í fræðslumálum frá 1922, og að hún telji heimavistarskóla-fyrirkomulagið hið eina til frambúðar. Telur hún, eftir svörum, er henni höfðu borizt við spurningum um þetta atriði, er hún hafði sent út um land, að sú skoðun sé orðin nokkuð almenn, að það sé hið rétta. En það er aftur á móti víst, að síðan 1922 hafa augu manna opnazt enn betur fyrir nauðsyn heimavistarskólanna í strjálbýlinu, því nú mun svo að segja hver maður, sem vill af alvöru hugsa um þessi mál, sjá og skilja þá brýnu þörf, að ekki dugir að halda lengur áfram farskólabaslinu.

Af framantöldum ástæðum er farskólafyrirkomulagið orðið alveg óviðunandi, og þetta finna menn orðið almennt. Má meðal annars sjá það á því, að þrátt fyrir kreppuna hafa á síðustu árum verið reistir 10 heimavistarskólar í sveitum, og a. m. k. 15 sveitir í viðbót eru nú í undirbúningi með að reisa slíka skóla.

Það, sem við leggjum til að komi í stað farskólanna, eru heimavistarskólar, því að skólar án heimavistar geta aðeins komið til greina þar, sem um mjög litlar vegalengdir er að ræða, vegna umhleypingasamrar veðráttu og ófullkominna samgangna.

Þörfin fyrir breytt skipulag er þegar farin að gera vart við sig, en því miður hafa flestir þeir skólar, sem þegar eru reistir, verið byggðir að meira eða minna leyti án skipulags, hvað viðkemur gerð húsanna og viðáttu héraðsins, sem á sókn að þeim. Þetta t. d. hefir gert þá allt of dýra, en þó óhentuga. Þetta sýnir meðal annars hina brýnu þörf á skipulagningu þessara mála sem fyrst.

Samkvæmt tillögum okkar þurfa að koma rúmir 100 heimavistarskólar á landinu öllu, og þyrfti þá að byggja rúma 90 í viðbót við það, sem komið er. Þetta myndi kosta ca. 270000 krónur, og er það að vísu allhá upphæð. Nú er gert ráð fyrir, að ríkið leggi fram helming kostnaðar, og yrðu það 135 þús. kr. á ári í 10 ár. Hluti sveitanna yrði ekki mjög tilfinnanlegur, vegna þess, að mikill hluti af honum mundi verða vinna, sem héraðsbúar leystu sjálfir af hendi.

Margar mótbárur eru bornar fram gegn heimavistarskólum af þeim, sem ekki þekkja til slíkra skóla. Ein er sú, að aðstandendur barna hafa ekki efni á að kosta dvöl þeirra í heimavist, en þess er að gæta, að allur fjöldinn verður að senda börn sín að heiman til dvalar þann tíma, er þau stunda nám í farskólunum. Sú reynsla, sem hefir fengizt um dvalarkostnað í þeim heimavistarskólum, sem hafa starfað hér undanfarin ár, er, að kostnaður fyrir hvern nemanda á dag

hefir víðast orðið frá 65—80 aurar, og er það yfirleitt minna en það, sem tekið er fyrir börn, þegar þeim er komið fyrir til dvalar á heimilum. Þetta hefir fengizt ódýrast á þann hátt, að samin hefir verið áætlun að haustinu yfir þau matvæli, sem ætlað er, að skólinn þarfnaðist yfir veturinn. Þessu er svo skipt niður á framfærendur barnanna, eftir því sem hentast þykir. Þeir, sem búa næst skólanum, geta t. d. lagt til mjólk o. s. frv. Á þennan hátt er auðsætt, að fæðiskostnaður barnanna þarf ekki að verða tilfinnanlega meiri heldur en þau væru heima. Kaup ráðskonu er sumstaðar, að einhverju eða jafnvel að öllu leyti, greitt úr sveitarsjóði, og verður það auðvitað til að létta fæðiskostnaðinn. Yfirburðir heimavistarskóla fram yfir farskóla til meiri beinnar fræðslu þarf ekki að bera saman, það er svo augljóst mál, betra húsnæði, auðveldara með öll kennsluáhöld og börnin samstæðari, því að þeim er þá skipað saman, sem samleið eiga, og öll aðstaða verður því einnig í því efni miklu betri. Sumir segjast ekki mundu trúa heimavistarskólum fyrir börnum sínum, vegna þess, að þeir ætla, að heilsu og siðferði barnanna sé þar sérstök hætta búin. Þá er að athuga þær mótbárur samanborið við farskólana.

Flest börnin verða að ganga lengri eða skemmri veg í farskólana, og þá auðvitað í slæmum veðrum og ekki búin sem skyldi. Þegar á skólastaðinn kemur, verða þau að sitja í misjafnlega vel upphituðum og loftgóðum húsakynnum, þar sem kennslan fer fram. Kröfur um hollustuhætti alla í heimavistarskólum, bæði kennslustofu og svefnherbergja, eru langtum meiri en fjöldinn allur af sveitaheimilum getur ennþá uppfyllt. Hollusta fæðis í heimavistarskólum virðist ekki ástæða til að ætla, að standi að baki því, sem allflest heimili hafa upp á að bjóða, þar sem efnið í matinn er fyrst og fremst það, sem heimilin leggja til.

Þá er það sú hliðin, sem veit að hinu siðferðislega uppeldi. Gert er ráð fyrir, að flestir heimavistarskólarnir rúmi í heimavistinni í einu nál. 20 börn. Vegna þess að ætlazt er til, að börnum þeim, sem sókn eiga að skólanum, sé þriskipt, verða þau börn, sem eru á hverjum tíma, lík að þroska, og er það mikill kostur, bæði vegna fræðslu og uppeldis. Það virðist nokkuð augljóst, að kennarar hafi betri aðstöðu til uppeldisáhrifa í heimavistarskólum en annarsstaðar. Í heimangönguskólum sleppir kennarinn hendinni af börnunum jafnskjótt og þau fara úr skólanum á hverjum degi, en í heimavistarskólanum fylgist kennarinn með þeim allan daginn, ekki aðeins í hinum eiginlegu kennslustundum, heldur líka utan þeirra. Hann matast með þeim, tekur þátt í leikum þeirra, fylgist með í undirbúningsstarfi þeirra undir næsta dag o. s. frv.

Börnin hirða sjálf herbergi sín, og áhugi þeirra er glæddur fyrir snyrtilegri umgengni og reglusemi. Allt slíkt er ólíkt auðveldara og varanlegra í lifandi starfi en með áminningum einum.

Heimavistarskólar hafa þannig ótal tækifæri, sem hægt er að nota til þess að leggja trausta undirstöðu félagslegs þroska, samstarfs og háttprýði.

Á síðari árum hefir verið mikið um það rætt, hvað hægt sé að gera til þess að stöðva straum unga fólksins úr sveitum til sjávarþorpa og kaupstaða. Barátta er þegar hafin til þess að gera sveitirnar byggilegri á ýmsan hátt,

ræktun aukin, húsakynni bætt, samgöngur gerðar auðveldari með hverju ári, héraðsskólar reistir. Þetta er allt ágætt og miðar að því að skapa sveitafólkinu menningarskilyrði, en það má ekki gleymast, að ef þetta á að ná því marki, sem að er stefnt, verður andlegt og líkamlegt uppeldi að haldast í hendur við hinar verklegu framfarir, en það er nú vafamál, að svo sé. Barnafræðslan í sveitunum hefir víða staðið í stað síðan skólaskylda var lögboðin 1907. Allir ættu að geta séð, hversu slík kyrrstaða í undirstöðuatriðum menningar sveitanna er hættuleg fyrir þjóðarheildina. Nú verður að hefjast handa og hrinda í framkvæmd svo fljótt sem auðið er hinu langmesta menningarmáli sveitanna, sem nú kallar að, byggingu heimavistarskólanna.

Það kostar að vísu mikið fé og er stærra átak en svo, að e. t. v. geti verið líklegt, að því verði lokið að mestu á næstu 10 árum, ef engin ný hjálp kæmi til sögu, og segja má, að viðunandi væri að hugsa sér 15 til 20 ára áætlun til slíkrar uppbyggingar. En á hitt ber þó að líta, að málið þolir víðast enga bið, og að miklu er hægt í þessu efni að koma til vegar á 10 árum, ef menn vilja skilja og vinna saman að réttri úrlausn. Engin fjarstæða væri að hugsa sér það t. d., þó það sé vitanlega ekki orðað í frv., að einhver allverulegur hluti skemmtanaskattsins gengi til þess að reisa heimavistarskóla í sveitunum næstu 10 ár. Þegar um það tvennt er að ræða að fresta um nokkur ár að ljúka við þjóðleikhúsið og hitt, að fá upp menningarstofnanir fyrir börnin í sveitunum, sem langörðugasta eiga aðstöðu alla, þá er varla efamál, hvort heppilegra og giftudrýgra væri fyrir þjóðina í heild. Og eigi má heldur gleyma því, að þjóðleikhúsið er fyrst og fremst stofnun, sem Reykjavík hefir gagn af, en allir bæir og stærri þorp leggja sinn hluta í skemmtanaskattinn, og væri því ekki ósanngjarnt, að nokkuð dreifðust um landið not hans.

Nú er það svo, að ríkissjóður fær skemmtanaskattinn til sinna nota eins og er, en sjálfsagt virðist að taka hann þaðan og nota til úrlausnar ákveðinna verkefna, eins og þeirra, sem hér hefir verið bent á. Á næstu 10 árum mætti reisa um 50 heimavistarskóla fyrir skemmtanaskattinn, þó að sveitirnar legðu eigi meira fé fram en sem svaraði ¼ kostnaðar. Eftir þessi 10 ár liti það þannig út, að ríkissjóður væri hvorki betur né verr staddur; þess vegna menning Reykjavíkur hvorki meiri né minni, þó leikhúsmálið fengi þessa töf, en aftur á móti væri fenginn grundvöllur undir framtíðarmenningu sveitanna í meira en hálfu landinu.

Það virðist sjálfsagt, að fundið verði fast skipulag á slíkum skólum, svo að þeir gætu orðið byggðir í sama formi flestir eða allir. Gluggar, hurðir og fjöldamargt fleira ætti að „standardisera“ og bjóða svo út. Vinnuverkstæði gætu þá unnið þetta á þeim tíma, sem annars er lítið að gera, og selt það því ódýrara. Gæti þetta orðið báðum aðilum hagur.

Steypumót ætti að mega nota hin sömu við marga skóla, hvern eftir annan, og hafa þau svo vönduð, að ekki þyrfti að slétta veggina á eftir. Efni allt á vitanlega að vera hægt að fá fyrir lægra verð en einstaklingar verða að gefa fyrir það, með því að bjóða það út og kaupa í einu til allra þeirra skóla, sem byggðir væru á sama ári.

Margt fleira mætti nefna, sem ætti að geta gert húsin ódýrari, ef unnið

er af fyrirhyggju og skipulega af mönnum, sem vit hafa á þeim málum og nægilega reynslu. Það er vitanlega sjálfsagt, að fræðslumálastjórnin hafi sína trúnaðarmenn til þess að líta eftir byggingu þessara skóla, eða jafnvel stjórna verkinu. Með því móti á líka að vera hægt að nota svo að segja eingöngu innansveitarmenn á hverjum stað til þess að vinna verkið.

Austurbæjarskólinn í Reykjavík mun hafa kostað um 1½ milljón króna, en fyrir þá upphæð ætti að vera hægt að byggja 50—60 heimavistarskóla í sveit, eða allt að því ⅔ þeirra skóla, sem byggja þarf. Það mun margur segja, að við höfum ekki efni á að byggja alla þessa skóla, en meðan þjóðin hefir efni á annaðhvort að lána einstökum mönnum fé til þess að byggja einnar fjölskyldu hús fyrir 25—60 þús. eða lofa þeim að græða svo mikið á sér, að þeir geti byggt fyrir eigið fé, hefir enginn rétt til þess að segja, að hún hafi ekki ráð á að fullnægja lægstu kröfum, sem gerðar eru til siðaðra þjóða nú á dögum í fræðslumálum.

Um 18. gr.

Þessi grein er mikið til eins og 17. gr. núgildandi fræðslulaga. Þó er bætt við kröfunni um það, að kennarar við slíka skóla uppfylli sömu skilyrði og kennarar við aðra barnaskóla landsins. Ætti ekki að þurfa að deila um það atriði.

Um 19. gr.

Þær breytingar, sem gerðar hafa verið á prófun, eru í samræmi við tilhögun prófa eins og hún hefir verið síðustu árin og er víða orðin erlendis. Jafnframt er miðað við eftirlit námsstjóranna, og það að leggja höfuðáherzlu á fullnaðarprófin, en létta á öðrum prófum, nema í móðurmáli og reikningi, enda sé nákvæmara tiltekið í reglugerð. Komið hefir í ljós, að aðstoð lögreglustjórnar virðist sumstaðar nauðsynleg, enda hefir hennar stundum verið leitað á síðari árum, a. m. k. í kaupstöðum.

Um 20. gr.

Greinin er í fullu samræmi við það, sem víða hefir verið gert síðustu árin, er svo stendur á, og reynzt réttmætt og hagkvæmt.

Síðustu málsgreinina ætti ekki að þurfa að rökstyðja í löngu máli. Það nær vitanlega engri átt, að heimta það af mjög vangefnum börnum, að þau skili sama námi og önnur börn. Og þó að fræðslumarkið sé eigi reist mjög hátt, þá er það vitanlega svo, að þau börn eru og munu verða til, sem er ofvaxið að ná því, og því verður í lögum að gera ráð fyrir slíku. Myndi þá höfuðáherzlan verða lögð á það, að reyna að gera þau nokkurnveginn læs og skrifandi a. m. k. Hinu verður að treysta, að þetta verði ekki mistnotað, og er heldur ekki mikil hætta á því.

Um 21.—23. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Um 24. gr.

Sú skipun er nú komin á í flestum siðmenningarlöndum, að fastir eftirlitsmenn með barnafræðslunni eru fyrir ákveðin svæði. Þykir þetta vel gefast

og vera nauðsynlegt, bæði til þess að samræma skólastarfið og ekki síður til hins, að leiðbeina kennurum og ráða fram úr ýmsum vandkvæðum í tíma.

Þessa er þeim mun meiri þörf hér en annarsstaðar, þar sem svo að segja allt er í nýsköpun og nýtt skipulag að komast á.

Í umræðum um kennslueftirlitið á kennaraþinginu 1932 kom fram megn óánægja yfir fyrirkomulaginu, sem byrjað var með 1930. En þrátt fyrir gallana virtust allir sammála um, að það hefði gert allmikið gagn, a. m. k. sumstaðar.

Á kennaraþinginu 1934 var samþykkt í einu hljóði tillaga um námsstjóra með svipuðu fyrirkomulagi og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. Það er því engum efa bundið, að kennarastéttin stendur eins og einn maður um þá kröfu, að kennslueftirlitið skuli tekið upp að nýju, að það skuli eflt og endurbætt, en ekki lagt niður.

Eitt aðalverkefni hinna nýju námsstjóra yrði það, að semja prófraunir og halda próf. Allir munu geta orðið sammála um að telja það mikilsvert, ef hægt væri að meta árangurinn af starfi skólanna, og þeim mun mikilsverðara væri það, sem matið væri nákvæmara og réttara. En með því fyrirkomulagi, sem nú er á prófunum í barnaskólum vorum, eru líkur til, að matið á skólastarfinu verði kák og blekking. Það er óhugsandi, að kennarar, hlaðnir daglegum kennslustörfum og háðir starfsskilyrðum íslenzkra barnakennara, geti bætt á sig þeim rannsóknum, sem nauðsynlegar eru til þess að meta árangur skólastarfsins á þann hátt, að verulegt mark sé á takandi. Skólanefndunum er það an af miklu síður trúandi til þess, og fræðslumálastjóri getur það ekki, með þeim starfskröftum, sem honum nú eru ætlaðir.

Ætlað er, að landinu utan kaupstaða verði skipt í 6 eftirlitssvæði eftir staðháttum og barnafjölda, og hefir nefndin gert tillögu um þá skiptingu. Leggur nefndin alveg sérstaka áherzlu á, að þetta skipulag með námsstjórana verði tekið upp, því hún telur, að það komi til að hafa hina mestu þýðingu til raunverulegra umbóta, og sú litla og ófullkomna tilraun, sem gerð hefir verið hér með þetta og lögð var niður illu heilli, sannaði það fullkomlega víðast hvar.

Um 25. gr.

Það á að vera hægt að komast hjá að hafa námsstjóra fyrir kaupstaðaskólana, sem standa að ýmsu leyti betur að vígi, enda geta skólastjórar þeirra ekki komið því við að kenna neitt að ráði hvort sem er, og eiga því að geta haft eftirlitið, ef þeir fá þá aðstoð, sem greinin gerir ráð fyrir. Þó þykir rétt, að heimilt sé að setja námsstjóra þar líka, ef sérstaklega stendur á.

Um það, að fela skólastjórum stærstu skólanna námsstjórastörfin hverjum í sínum skóla, er það að segja, að það er í samræmi við álit og reynslu ýmsra ágætra erlendra skólamanna. Það hefir verið reynt í allmörgum skólum erlendis (Sviss og víðar) og þykir gefast mjög vel. Þetta fyrirkomulag virðist einnig á allan hátt eðlilegast hér. En þá er auðvitað sjálfsagt hér, eins og þar, sem þetta fyrirkomulag er tíðkað erlendis, að skólastjórarnir fái aðstoð við daglegt eftirlit og skrifstofuhald skólanna, svo að þeim gefist tóm til að sinna

hinum sérfræðilegu og vandasamari störfum, umsjón með kennslu, rannsóknum á börnum, viðtali við kennara og foreldra o. s. frv.

Með þeirri högun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, myndu því skapast sérlega bætt skilyrði til að meta réttilega árangurinn af starfi skólanna, en það er í raun og veru mjög mikilsverður þáttur í framförum í kennslu. Það má t. d. í því sambandi benda á það, að margar álitlegar skólatilraunir hafa borið lítinn árangur vegna þess, að ekki voru tök á að sanna árangurinn á hlutlægan (objektivan) hátt. En námsstjórar eins og hér er stungið upp á myndu ekki einungis hafa bezta aðstöðu til að prófa og meta hinn raunverulega árangur skólastarfsins, heldur mætti einnig vænta, að þeir gætu gefið prófunum lifrænt gildi fyrir uppeldisstarfið.

Þá ætti með þessu fyrirkomulagi að miklu leyti að verða útilokuð sú alvarlega hætta, að kennarar og börn séu metin eingöngu eftir prófunum, en það leiðir aftur til þess skaðræðis, að prófin verða markmið kennslu og náms.

Annað verkefni námsstjóranna væri að stofna til uppeldislegra tilrauna og stjórna þeim. Eins og vikið er að hér að framan, þá erum við Íslendingar langt á eftir tímanum í kennslumálum, hvort sem miðað er við aðrar þjóðir eða okkar eigin atvinnu- og menningarhætti. Virðist svo, sem þörfin á róttækum breytingum á kennsluháttum sé orðin svo brýn og knýjandi, að naumast er hugsanlegt, að öllu lengur verði á móti spornað. En öllum mun skiljast, að harla mikils er um það vert, að breytingarnar verði gerðar í sem fyllstu samræmi við þarfir íslenzks þjóðlífs og íslenzkrar bernsku. Bezta tryggingin fyrir því að svo megi verða er sú, að vitrustu og menntuðustu kennurum landsins gefist kostur á að gera tilraunir og að breiða út þær aðferðir og þá starfshætti, sem bezt reynast. Þesshátttar tilraunir þarf eigi síður að gera í sveitum og smáþorpum en í kaupstöðum.

Eitt aðalviðfangsefni eftirlitsmannanna ætti að vera það, að kenna kennurunum. Í flestum menningarlöndum hafa kröfur þær, sem gerðar eru til menntunar kennara, vaxið mjög hin síðari ár. Þær hafa aukizt að sama skapi sem uppeldisvísindunum hefir fleygt fram. Víðast hvar hafa kennaraskólarnir gömlu orðið að víkja alveg fyrir háskólastofnunum, eða þá að þeir hafa verið skipulagðir að nýju. Hér hefir nú verið byrjað, þótt í smáum stíl sé, á því síðartalda. Og væntanlega verður þess ekki langt að bíða, að Íslendingum, eins og öðrum þjóðum, skiljist það, að líkami og sál barnsins er hið flóknasta og viðkvæmasta rannsóknarefni og jafnframt dýrmætasti fjársjóður hverrar þjóðar. Þegar almenningur hefir gert sér fulla grein fyrir þessu, þá mun það ekki þykja sæmilegt, að minni menntunarkröfur séu gerðar til barnakennara heldur en t. d. til lögfræðinga og presta. Sennilega líður nú þó því miður nokkur tími þangað til íslenzk kennaraefni fá ákjósanleg menntunarskilyrði. En jafnvel þótt svo yrði í náinni framtíð, þá væri ærin ástæða til að brúa bilið, sem þá hlyti að verða milli hinna eldri og hinna yngri kennara. Auk þess er kennarastarfið svo erfitt, að þar, sem undirbúningsmenntun kennara er í bezta lagi, þykir full ástæða til að hjálpa starfandi kennurum til að viðhalda menntun sinni og bæta við hana. Sú nauðsyn mun þó hvergi brýnni en hjá þeim, sem búa við fátæktar- og strjálbýlisskilyrðin íslenzku. En bezta ráðið til hjálpar í þessum efnum hefir einmitt

reynzt kennslueftirlit, með svipuðu sniði og hér er bent á. Námsstjórar geta á ýmsan hátt látið kennurum í té þessa aðstoð.

Námsstjórar ættu einnig að geta orðið hjálplegir um útvegun allskonar upplýsinga og heimilda, bóka og tímarita. En skortur á þessum hlutum er eitt af því, sem mest stendur framförum í kennslumálum fyrir þrifum. Það virðist óhjákvæmilegt, að mjög bráðlega verði komið upp hér á landi öflugu safni bóka og tímarita um uppeldismál. Sýnist sjálfsagt, að a. m. k. nokkuð af því safni eða söfnum mætti flytja um landið frá einum skóla til annars, og væri þá eðlilegt, að námsstjórarnir hefðu íhlutun um flutning þess, eða þá að hvert umdæmi hefði sitt sérstaka safn og að námsstjórinn réði fyrir því. Enda þótt mestur hluti ritanna hlyti að verða á erlendum málum, norðurlandamálum, ensku og þýzku, þá mundi hann koma að nærri fullkomnum notum fyrir það. Fjöldi kennara les nú orðið eitthvað í ensku og allmargir þýzku, enda þarf ekki mikla málakunnáttu til að komast að efni í bók eða tímaritsgrein í sinni eigin fræðigrein. Til þess þarf lítið annað en áhugann einan. Og jafnvel meðan engin slík söfn eru til hér á landi, þá gætu námsstjórarnir gefið allskonar verðmætar upplýsingar af ýmsu tægi.

Þá myndu námsstjórarnir stofna til skólasýninga, fyrirlestra meðal kennara og jafnvel námsskeiða. En mest áhrif myndu þeir þó sennilega geta haft gegnum persónulegt kynningarsamband við hvern einstakan kennara og með því að dvelja í hverjum skóla lengri eða skemmri tíma, og taka þannig með ráði og dáð þátt í störfum hvers kennara.

Loks myndu námsstjórarnir hafa manna bezta aðstöðu til að koma á meiri samvinnu milli skóla og heimila. Þeir myndu standa vel að vígi til að vekja áhuga foreldra til eflingar uppeldisfræðimenntunar meðal foreldra. Þar sem heimilin annast jafnmikinn hluta af fræðslu og uppeldi barnanna eins og raun er á í sveitum og þorpum á Íslandi, þá virðist alveg sérstök ástæða til að hefja hér fræðslustarfsemi af þessu tægi. Gæti sú fræðsla farið fram í fyrirlestrum, námsskeiðum, blaða- og tímaritagreinum, svo og í öllum alþýðuskólum landsins.

Um 26. og 27. gr.

Virðast ekki þurfa skýringa við.

Um 28. gr.

Það er orðin full þörf á að gefa út sérstaka reglugerð um heilsufarsmálin í barnaskólum, enda verður sá þáttur fjölþættari með hverju ári. Sú reglugerð ætti að vera samin af fræðslumálastjóra eða fulltrúa hans og landlækni. Þarf þar að taka fram flest með t. d. matgjafir í skólum, tannlækningar, eftirlit með klæðnaði barna og aðbúð allri o. s. frv.

Um 29. gr.

Sjálfsagt virðist að lögbjóða þau skólaleyfi, sem hér eru upptalin, enda má segja, að venjan hafi löghelgað þau. Jólaleyfið er nokkru lengra en nú er, og er byggt á þeirri reynslu, að hvorttveggja er, að börnin hafa engan hug á námi

dagana fyrir jólin, og er því skólavist þeim gagnslítil, og að þeim er hollt að hvíla sig frá námi þessa fáu daga í svartasta skammdeginu.

Um 30. gr.

Samkvæmt lögum um háskólann er gert ráð fyrir slíkri deild í uppeldisvísindum. Er það vitanlega hið mesta nauðsynjamál og í fullu samræmi við það, sem aðrar þjóðir hafa þegar tekið upp. Á ekki að þurfa að rökræða það, enda sennilega nokkuð langt í land, að þetta ákvæði komist í framkvæmd.

Bráðabirgðaákvæði.

Það verður óhjákvæmilegt að láta gamla farskólafyrirkomulagið gilda að mestu, meðan ekki er búið að koma hinu nýja skipulagi á. Þó er sjálfsagt að reyna að þoka öllum þessum málum í áttina að framtíðarfyrirkomulagi þeirra svo fljótt sem auðið er.

Það virðist alveg nauðsynlegt m. a., að þegar takmörk skólahéraða eru ákveðin í fræðsluhéraði, þá taki hið nýja skipulag að verka, þannig, að kosið sé fræðsluráð, er taki við stjórn fræðslumálanna í héraðinu samkvæmt þessu frumvarpi, og fari, með myndun fræðslusjóðs, að undirbúa byggingu þeirra skóla í héraðinu, er byggja þarf. Hitt er minna um vert, þótt skólanefndirnar séu valdar og starfi eftir eldra skipulaginu meðan ekki eru komnir fastir skólar í skólahverfin.

Nefndin leggur mikla áherzlu á, að nú þegar sé hafizt handa um skipulagningu sveitanna í skólahverfi og fast framtíðarfyrirkomulag reist í þeim efnum. Margfaldlega værum við betur staddir nú í þessum málum, hefðum við fyrir 10—20 árum komið auga á markmiðið, heimavistarskólana, og hagað öllum framkvæmdum eftir því. Þess vegna eru nú mörg víxlspor stigin í þessum málum, m. a. með því, að reist hafa verið hér og þar um landið skólaskýli skipulagslaust. En við höfum sannarlega engin efni á því að láta það sleifarlag haldast lengi hér eftir. Og hver sem örlög frv. þessa verða, þá hljóta þó allir að sjá það, að það er ákaflega áríðandi að koma sér þegar niður á fast framtíðarskipulag, svo það, sem gert verður á næstu árum, komi ekki í bága við það, sem síðar þarf að gera. Þetta gildir fyrst og fremst um byggingu skólahúsa, fjölgun kennaraefna o. m. fl.

Niðurlagsorð.

Nefndin vill að lokum geta þess, að höfuðmarkmið hennar við samning þessa frumvarps var það fyrst og fremst, að draga höfuðdrættina sem gleggsta að framtíðarskipulagi barnafræðslunnar í landinu, enda varð að gera það, ef á annað borð átti eitthvað að hrófla við því fyrirkomulagi, sem nú er á þeim málum. Henni þótti sýnt, að einhvern hemil þurfti að hafa á fjölgun kennara, og að réttara mundi, að ríkið tæki ekki of marga menn frá framleiðslustörfum í sína þjónustu, en að reynt væri aftur á móti að fá þeim nóg að starfa við kennsluna, og að þá væri frekar unnt að launa þeim þannig, að þeir gætu gefið sig óskipta að þeim störfum. Nefndin hefir því reynt, eftir því sem henni virðist

unnt, að líta á þá hlið málanna einnig, er að fjársparnaði veit, og þykist mega fullyrða, að ef þetta skipulag kæmist á, þá myndu sparast a. m. k. 60 kennarar, miðað við það, sem nú er, og myndi þá starf hinna, sem eftir yrðu, koma að ólíkt betri notum en starf allra nú, og má sannarlega segja um núverandi ástand og fyrirkomulag, að hið ódýrasta er oft það dýrasta.

Um hin smærri atriði og fyrirkomulag innan hins ákveðna ramma má vitanlega deila fram og aftur, og sjálfsagt mun nefndin ekki alstaðar hafa hitt á hina heppilegustu úrlausn. En hún hyggst þó hafa komið auga á aðalatriðin, en þau eru fyrst og fremst að hennar dómi þessi:

a. A ð tryggja beri alla undirstöðu fræðslunnar með því að færa skólaskylduna niður,
b. a ð færa nokkuð af námi yngstu aldursflokkanna yfir á vorið og haustið, til þess að spara húsrúm og kennara og gera jafnframt nám yngstu barnanna notadrýgra og hollara,
c. a ð komið sé upp heimavistarskólum alstaðar þar, sem ekki er svo þéttbýlt, að heimangönguskólar nægi, og að allstór svæði vinni saman um einn skóla, en farskólarnir hverfi,
d. a ð stækka beri þess vegna fræðsluhéruðin og breyta þá um leið öllu gjaldafyrirkomulagi í samræmi við það, og sömuleiðis, að nokkru, stjórn þessara mála í héraði,
e. a ð settir séu eftirlitsmenn (námsstjórar) með allri barnafræðslunni í landinu, til þess að hún megi verða þjóðinni að sem mestum menningarnotum.

Á það má að síðustu benda, að ekkert fyrirkomulag er jafnillt og það, að ríkið skapi almenningi aðstöðu til að kasta áhyggjum sínum upp á það, en að aðgerðir þess séu svo ekki annað en kák. Þannig er þetta víða nú, en við svo búið má ekki lengur standa.

## Fylgiskjal.

### Tillögur um skiptingu landsins í skólahverfi.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Borgarfjarðarsýsla sunnan Skarðsheiðar .... | 285 | börn | F. 1 k. 4 | H. 1 k. 1 |
| — norðan Skarðsheiðar ..... | 70 | — | | do. |
| Mýrasýsla, Uppsveitir ..... | 63 | — | | do. |
| - - Norðurárdalur ..... | 50 | — | | do. |
| — Álftanes o. fl. ..... | 80 | — | | do. |
| — Borgarnes ..... | 50 | — | F. 1 k. 1 | |
| Snæf.- og Hnappadalssýsla, Kolbeinsst.hr. ... | 77 | — | | H. 1 k. 1 |
| — — Staðarsveit ..... | 52 | — | | do. |
| — — Breiðavík ..... | 44 | — | | do. |
| — — Sandur ..... | 110 | — | F. 1 k. 2 | |
| — — Ólafsvík ..... | 112 | — | do. | |
| — — Eyrarsveit ..... | 72 | — | | H. 1 k. 1 |
| — — Stykkishólmur ..... | 77 | — | F. 1 k. 1 | |
| — — Helgafellssv. Skóg. ..... | 56 | — | | H. 1 k. 1 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Dalasýsla | 225 | börn | | H. 3 k. 3 |
| A.-Barðastrandarsýsla, Reykhóla | 54 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Gufudals | 44 | — | | do. |
| — Flatey | 58 | — | F. 1 k. 1 | |
| V.-Barðastrandarsýsla, Barðaströnd | 78 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Rauðasandur | 44 | — | | do. |
| — Patreksfjörður | 86 | — | F. 1 k. 2 | |
| — Tálknafjörður | 56 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Dalir | 62 | — | | do. |
| — Bíldudalur | 48 | — | F. 1 k. 1 | |
| V.-Ísafjarðarsýsla, Auðkúlu og Þingeyrar | 72 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Þingeyri | 100 | — | F. 1 k. 2 | |
| — Mýrahreppur | 70 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Mosvallahr. | 52 | — | | do. |
| V.-Ísafjarðarsýsla, Flateyri | 75 | — | F. 1 k. 2 | |
| — Suðureyri | 70 | — | F. 1 k. 2 | |
| N.-Ísafjarðarsýsla, Bolungavík | 162 | — | F. 1 k. 3 | |
| — Hnífsdalur | 112 | — | F. 1 k. 2 | |
| — Súðavík | 80 | — | F. 1 k. 2 | |
| — Ögur | 58 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Reykjanes | 81 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Hesteyri | 74 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Aðalvík | 50 | — | F. 2 k. 1 | |
| Strandasýsla, Árneshreppur | 76 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Kaldrananeshr. | 42 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Hrófbergs | 62 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Heydalsá | 56 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Hrútafj. | 77 | — | | H. 1 k. 1 |
| Húnavatnssýsla, Miðfj. | 72 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Vatnsnes | 72 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Víðidalur | 68 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Sveinsst. | 64 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Blönduós | 43 | — | F. 1 k. 1 | |
| — Bólsst. og Engihl. | 177 | — | | H. 3 k. 3 |
| Skagafjörður, Skefil., Skarð | 62 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Sauðárkr. | 105 | — | F. 1 k. 2 | |
| — Lýtingsstaða | 67 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Akra | 70 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Viðvíkur | 80 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Hofs | 108 | — | | H. 1 k. 2 |
| — Fells, Hag. | 84 | — | | H. 1 k. 1 |
| — Holts | 42 | — | F. 1 k. 1 | |
| Eyjafjarðarsýsla, Grímsey | 21 | — | F. 1 k. 1 | |
| — Ólafsfjarðar | 161 | — | F. 1 k. 3 | |
| — Svarfaðard. | 175 | — | F. 1 k. 2 | H. 1 k. 1 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Eyjafj.sýsla, Hrísey | 98 börn | F. 1 k. 2 | |
| — Árskógar | 43 — | | H. 1 k. 1 |
| — Arnarnes | 78 — | | H. 1 k. 1 |
| — Öxnadals | 63 — | | H. 1 k. 1 |
| — Glæsibæjar | 116 — | F. 1 k. 1 | H. 1 k. 1 |
| — Framfj. | 189 — | | H. 2 k. 3 |
| S.-Þingeyjarsýsla, Grýtub. | 140 — | F. 1 k. 1 | H. 1 k. 1 |
| — Flatey | 50 — | F. 1 k. 1 | |
| — Ljósav. | 67 — | | H. 1 k. 1 |
| — Skútust. | 68 — | | H. 1 k. 1 |
| — Aðald. | 78 — | | H. 1 k. 1 |
| — Húsavík | 92 — | F. 1 k. 2 | |
| N.-Þingeyjarsýsla, Öxarfj. o. fl. | 72 — | | H. 1 k. 1 |
| — Presthóla | 105 — | F. 1 k. 1 | H. 1 k. 1 |
| — Svalbarðs | 70 — | | H. 1 k. 1 |
| — Sauðanes | 70 — | | H. 1 k. 1 |
| N.-Múlasýsla, Skeggjast. | 46 — | | H. 1 k. 1 |
| — Vopnafj. | 133 — | F. 1 k. 1 | H. 1 k. 2 |
| — Jökuld. m. m. | 196 — | | H. 3 k. 3 |
| — Borgarfj. | 57 — | F. 1 k. 1 | |
| — Loðmundarfj. | 41 — | | H. 1 k. 1 |
| S.-Múlasýsla, Eiða, Valla | 85 — | | H. 1 k. 1 |
| — Mjóafj., Helg. | 57 — | | H. 1 k. 1 |
| — Eskifj. | 182 — | F. 1 k. 4 | |
| — Reyðarfj. | 112 — | F. 1 k. 3 | |
| — Fáskrúðsfj. | 70 — | | H. 1 k. 1 |
| — Búða | 77 — | | H. 1 k. 1 |
| — Stöðvarfj. | 44 — | | H. 1 k. 1 |
| — Breiðdals | 62 — | | H. 1 k. 1 |
| — Berunes | 56 — | | H. 1 k. 1 |
| — Djúpivogur | 56 — | | H. 1 k. 1 |
| A.-Skaftafellssýsla, Bæjar, Nes. | 78 — | | H. 1 k. 1 |
| — Mýra, Borg | 58 — | | H. 1 k. 1 |
| — Hofs | 35 — | | H. 1 k. 1 |
| V.-Skaftafellssýsla, Hörgslands K. | 49 — | | H. 1 k. 1 |
| — Skaftárt. o. fl. | 78 — | | H. 1 k. 1 |
| — Hvamms | 57 — | | H. 1 k. 1 |
| — Dyrhóla | 42 — | | H. 1 k. 1 |
| Rangárvallasýsla, Eyjafjalla | 78 — | | H. 1 k. 1 |
| — Landeyjar | 112 — | | H. 2 k. 2 |
| — Fljótshlíðar | 51 — | | H. 1 k. 1 |
| — Hvols, Rang. | 77 — | | H. 1 k. 1 |
| — Land, Holt, Ás | 172 — | | H. 2 k. 1 |
| Árnessýsla, Gaulverjab. | 73 — | | H. 1 k. 1 |
| — Stokkseyri | 91 — | F. 1 k. 2 | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Árnessýsla, Eyrarbakki | 64 börn | F. 1 k. 2 | |
| — Sandvík | 43 — | | H. 1 k. 1 |
| — Hraung. | 50 — | | H. 1 k. 1 |
| — Villingah. | 64 — | | H. 1 k. 1 |
| — Brautarh. | 75 — | | H. 1 k. 1 |
| — Upphreppar | 161 — | | H. 2 k. 2 |
| — Grímsnes o. fl. | 126 — | | H. 2 k. 2 |
| — Ölfus, Selvogur | 84 — | | H. 1 k. 1 |
| Gullbringusýsla, Grindavík | 110 — | F. 1 k. 3 | |
| — Miðnes | 78 — | F. 1 k. 2 | |
| — Hafnir | 31 — | F. 1 k. 1 | |
| — Gerða | 50 — | F. 1 k. 1 | |
| — Keflavík | 119 — | F. 1 k. 3 | |
| — Vatnsleysuströnd | 52 — | F. 1 k. 1 | |
| — Bessast. | 38 — | F. 1 k. 1 | |
| Kjósarsýsla, Seltjarnarnes | 112 — | F. 2 k. 2 | |
| — Mosfellssveit | 35 — | | H. 1 k. 1 |
| — Kjalarnes, Kjós | 85 — | | H. 1 k. 1 |

Kaupstaðaskólar:

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | 3500 börn | 75 k. |
| Hafnarfjörður | 480 — | 11 k. |
| Ísafjörður | 390 — | 10 k. |
| Siglufjörður | 310 — | 7 k. |
| Akureyri | 500 — | 12 k. |
| Seyðisfjörður | 110 — | 3 k. |
| Neskaupstaður | 200 — | 5 k. |
| Vestmannaeyjar | 525 — | 12 k. |
| | | 135 k. |

Kennarar alls:

| | |
|---|---|
| Kaupstaðir | 135 |
| Fastir skólar | 73 |
| Heimavistarskólar | 103 |
| Uppbót | 10 |
| Alls | 321 |

Vitanlega þarf að bæta við sumstaðar stundakennslu, þar sem svo stendur á, og mundi það verða í allmörgum stöðum, en ekki sérlega mikið í neinum.

Nefndin hefir ekki haft tök á eða tíma til að bera sig saman við kunnuga menn á hverjum stað eða afla annara nauðsynlegra upplýsinga, sem nauðsynlegar væru, ef gera ætti endanlegar tillögur, en það mundi áreiðanlega vera hægt að komast af með þennan kennarafjölda með þeirri uppbót, sem fylgir, ef hinu nýja skipulagi væri komið á kennsluna.

Vitanlega bætast ca. 3 kennarar við á ári hverju vegna fólksfjölgunar.

Bent skal á það, að verði hinu nýja skipulagi komið á, mundi það taka 8—10 ár, og launin mundu ekki hækka á hverjum stað fyrr en með breytingunni.

Tala kennara á landinu er nú:

| | | |
|---|---|---|
| Í kaupstöðum | | 141 |
| Utan kaupstaða | | 101 |
| Farskólar | | 157 |
| Stundakennarar í kaupstöðum | | 10 |
| | Alls | 409 |

Skipting landsins í eftirlitsumdæmi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| I. | Gullbringusýsla | 515 | |
| | Kjósarsýsla | 231 | |
| | Árnessýsla | 746 | |
| | Rangárvallasýsla | 567 | |
| | V.-Skaftafellssýsla | 236 | |
| | | — | 2295 |
| II. | Borgarfjarðarsýsla | 396 | |
| | Mýrasýsla | 210 | |
| | Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla | 683 | |
| | Dalasýsla | 238 | |
| | A.-Barðastrandarsýsla | 147 | |
| | | — | 1674 |
| III. | V.-Barðastrandarsýsla | 406 | |
| | V.-Ísafjarðarsýsla | 462 | |
| | N.-Ísafjarðarsýsla | 613 | |
| | | — | 1481 |
| IV. | Strandasýsla | 287 | |
| | Húnavatnssýsla | 620 | |
| | Skagafjarðarsýsla | 648 | |
| | | — | 1555 |
| V. | S.-Þingeyjarsýsla | 515 | |
| | N.-Þingeyjarsýsla | 322 | |
| | Eyjafjarðarsýsla | 924 | |
| | | — | 1761 |
| VI. | N.-Múlasýsla | 474 | |
| | S.-Múlasýsla | 768 | |
| | A.-Skaftafellssýsla | 187 | |
| | | — | 1429 |
| | | Alls | 10195 |

**Nd.** **346. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 1. gr.

1. Fyrsta málsgrein orðist svo:

Fyrir 4., 5., 6., 7., 12., 13. og 14. lið 1. gr. laganna komi:

2. Á eftir 4. b. komi nýr liður:
   5. Af sódavatni 0.30 kr. af hverjum lítra.

## Nd. 347. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Sigurði Einarssyni.

1. Við 3. gr. Á eftir orðunum „gerist meðlimur annara félaga“ komi: Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðal meðlima sinna.
2. Við 5. gr. Á eftir orðunum „verðjöfnunartillaginu til nefndarinnar“ komi: Stjórn neytendafélags, sem fengið hefir slátrunarleyfi, skal og senda slíka skýrslu og standa skil á verðjöfnunartillaginu.

## Ed. 348. Nefndarálit

um frv. til l. um verzlun með tilbúinn áburð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um aðalefni frumv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Einstakir nefndarmenn hafa þó óbundið atkv. um breytingartillögur, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 6. nóv. 1934.

Páll Hermannsson, form., frsm. Jón Baldvinsson, fundaskr. Pétur Magnússon.
Jónas Jónsson. Þorsteinn Briem.

## Ed. 349. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin er ekki sammála um þetta frv. Meiri hlutinn, BSt og JBald, vill samþykkja það með þeim viðauka, að ríkisstjórninni sé heimilt að taka einkasölu á vindla- og vindlingakveikjurum (lighters).

Minni hl., MJ, mun leggja á móti frv.

Meiri hl. fjárhagsnefndar leggur til, samkvæmt framansögðu, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Á eftir 9. gr. komi ný 10. gr., svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á vindla- og vindlingakveikjurum, og skulu um einkasölu á þeim gilda sömu reglur eins og segir í lögum þessum um einkasölu á vindlingapappír.
2. Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 7. nóv. 1934.

Jón Baldvinsson, form., frsm.
Bernh. Stefánsson, fundaskr.

## Ed. 350. Breytingartillögur

við frumv. til laga um einkasölu ríkisins á fóðurmjöli og fóðurbæti.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Magnús Guðmundsson, Jón A. Jónsson.

Við 7. gr.
a. Í stað orðsins „nokkurn“ komi: nægan.
b. Aftan við greinina bætist: og í Norðlendinga- og Vestfirðingafjórðungum að minnsta kosti á tveim stöðum í hvorum.

## Nd. 351. Nefndarálit

um frv. til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið, og leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt með nokkrum minni háttar breytingum.

Meiri hlutinn telur, að hægt muni verða að lækka verð á kennslubókum fyrir barnaskóla allverulega með því móti að ríkið annist útgáfu þeirra. Má búast við, að sú verðlækkun geti, að öðru jöfnu, yfirleitt numið um 40% frá því, sem verið hefir, og meiri á sumum kennslubókum.

Meiri hlutinn telur einnig, að meiri trygging verði fyrir því, að kennslubækurnar verði vel úr garði gerðar í ríkisútgáfu.

Aðalbreytingartill., sem meiri hlutinn gerir við frv., er um það, að smásalan verði yfirleitt falin bóksölum, en þó með tiltekinni álagningu. Virðist meiri hlutanum, að athuguðu máli, rétt að ákveða hámarksálagningu í smásölu 20%, þar sem nokkur vanhöld verða jafnan í smásölunni, enda er smásöluálagningin ekki úrslitaatriði um útsöluverð bókanna.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „Yfirstjórn útgáfunnar hefir útgáfustjórn. Hana skipa“ komi: Yfirstjórn ríkisútgáfu skólabóka skipa þrír menn:
2. Við 3. gr. Síðasti málsliður orðist svo:
   Heimilt er útgáfustjórn að fela ríkisprentsmiðjunni eða öðrum, sem til þess er ráðinn, útsendingu, innheimtu og annað, sem að heildsölu lýtur, enda skulu greiðslur fyrir þau störf taldar til útgáfukostnaðar.
3. Við 4. gr. Fyrri málsliður greinarinnar orðist svo: Útsöluverð bókanna skal ákveðið sem næst kostnaðarverði.
4. Við 5. gr. Tveir fyrstu málsliðir greinarinnar orðist svo: Sala bókanna skal falin bóksölum, eða ef nauðsyn krefur skólastjórum eða öðrum, sem þeir mæla með. Þóknun fyrir bóksölu má nema allt að 20% af útsöluverði.
5. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist: Þó skulu kennslubækur fyrir barnaskóla að jafnaði ganga fyrir, sbr. 1. gr.

Alþingi, 7. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm. | Gísli Guðmundsson, | Emil Jónsson, fundaskr. |

## Nd. 352. Lög

um breyting á lögum nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

(Afgreidd frá Nd. 7. nóv.).

Samhljóða þskj. 309.

## Ed. 353. Lög

um viðauka við lög nr. 29 8. nóv. 1895, um hagfræðiskýrslur.

(Afgreidd frá Ed. 7. nóv.).

Samhljóða þskj. 182.

## Ed. 354. Lög

um verzlunarlóð Ísafjarðar.

(Afgreidd frá Ed. 7. nóv.).

Samhljóða þskj. 76.

## Nd. 355. Breytingartillögur

við frv. til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Thor Thors og Sigurði Kristjánssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Enginn má slátra sauðfé til sölu, né kaupa fé til slátrunar innanlands, eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis kjötverðlagsnefndar.
   Heimilt skal þó sauðfjáreigendum að selja sláturfé og sláturfjárafurðir beint til neytenda. En greiða skal verðjöfnunargjald af öllu því kjöti, sem þannig er selt.
   Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum bænda, sem til eru og stofnuð kunna að verða, og einnig þeim verzlunum öðrum, sem árið 1933 starfræktu sláturhús, er fullnægðu ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933. Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur og flutning fjárins til sláturhúss, að illfært sé að dómi nefndarinnar.
   Í leyfi getur nefndin ákveðið fjártölu þá, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „allt að 10 aurum“ komi: allt að 8 aurum.
3. Við 5. gr. Á eftir orðunum „Þeir, sem slátra fé til sölu“ komi: eða selja fé til slátrunar innanlands.

## Nd. 356. Breytingartillaga

við frv. til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Flm.: Pétur Ottesen, Gunnar Thoroddsen.

Við 4. gr. Fyrir „10 aurum“ kemur: 8 aurum.

## Nd. 357. Leiðrétting

á frv. til l. á þskj. 322 [Fasteignaskattur].

Frá flutningsmönnum.

Misritazt hefir í 1. gr. orðið „sýsluvegasjóð“, á að vera: sýslusjóð.

## Nd. 358. Breytingartillaga

við frumv. til l. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Jóni Pálmasyni og Guðbrandi Ísberg.

Við 3. gr. Fyrir orðin „Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum bænda, sem nú eru starfandi, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annara félaga“ komi: Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum bænda, sem til eru og stofnuð kunna að verða.

## Nd. 359. Breytingartillaga

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Hannesi Jónssyni.

Við 13. gr. Stafliðirnir a, b og c orðist svo:

a. Fyrir einstakling 800 kr.
b. Fyrir hjón 1500 kr.
c. Fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem ekki eru fullra 16 ára i byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt: 500 kr. fyrir hvert barn. Sama er um foreldri, systkini, ættingja og vandamenn, sem skattgreiðandi hefir á framfæri sínu. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur 500 kr. eða meiru.

## Nd. 360. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr. frv. orðist þannig:

b-liður 2. gr. laganna orðist svo:

Fyrir brjóstsykur, konfekt og átsúkkulaði hálft aðflutningsgjald.

Á eftir orðinu „kaffibæti“ í c-lið sömu greinar komi: ⅓ aðflutningsgjalds.

d-liður sömu greinar orðist svo:

Fyrir ávaxtasafa, öl, annað en maltöl, límonaði og aðra samskonar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, svo og sódavatn, ⅓ aðflutningsgjalds. Af maltöli greiðist þó aðeins ⅙ aðflutningsgjalds.

## Ed. 361. Nefndarálit

um frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefnda.

Um leið og þetta þýðingarmikla mál fer úr nefnd í fyrri þingdeildinni til samþykktar á Alþingi, þykir hlýða að fara um það nokkrum orðum, og athuga þá fyrst sögu málsins.

Á fyrsta þinginu, sem Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn störfuðu saman að þjóðmálum, tóku þeir til meðferðar mjólkursölumál Reykvíkinga. Það var veturinn 1917. Jörundur Brynjólfsson og Sigurður Jónsson atvinnumálaráðherra höfðu aðalforgöngu um málið. Bæjarstjórn Reykjavíkur var gefin heimild til að skipuleggja mjólkursöluna í bænum, og með reglugerð, sem S. J. gaf út og byggði á þessum lögum, var ákveðið, að mjólkurbúðir í Reykjavík skyldu ekki vera fleiri en 12.

Kyrrstöðumenn voru í meiri hl. í bæjarstjórn Reykjavíkur og hafa verið það jafnan síðan. Þeir vildu ekki sinna málinu og höfðust ekki að, nema að fjölga mjólkurbúðum, þannig að nú í haust voru þær orðnar 105. Þá var bæjarstjórn búin að leyfa um 80; 25 voru ólöglegar.

Smátt og smátt varð í raun og veru ákaft mjólkurstríð í Reykjavík. Framleiðendur börðust um búðirnar, hver gæti haft flestar og þannig komið út mestu af mjólk. En jafnframt lagðist kostnaðurinn við allar þessar mörgu búðir á framleiðsluna, gerði hana mjög dýra, en afraksturinn lítill fyrir flesta bændur, einkum þá, sem þurftu að flytja mjólkina langa leið til bæjarins.

Þegar Flóaáveitan var að verða fullger, nokkru fyrir kosningar 1927, hafði íhaldsstjórnin skipað 3 menn úr sínum flokki í nefnd til að gera tillögur um mjólkurvinnsluna austanfjalls. Þessir menn voru Geir Zoëga vegamálastjóri, Magnús bóndi Þorláksson á Blikastöðum og Valtýr Stefánsson ritstjóri. Sú nefnd vann á þeim grundvelli, að eingöngu skyldi framleiða vinnslumjólk og halda bændum austanfjalls frá því að selja mjólk til neyzlu í Reykjavík.

En með stjórnarskiptunum 1927 kom ný stefna fram í mjólkurmálinu. Tryggvi Þórhallsson skipaði nýja nefnd í málið, þar sem þeir voru ekki M. Þ. og V. St. Skyldi hin nýja nefnd unna bændum austanfjalls fulls jafnréttis við þá, sem nær bjuggu sölustaðnum.

Upp úr starfi þessarar nefndar risu búin tvö austanfjalls, annað í Flóanum, en hitt í Ölfusinu. Átti Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri mestan þátt í, að búin urðu tvö. En svo vel var til þeirra vandað, að þau gátu í öllu keppt um vörugæði og vöruvöndun við hvert annað mjólkurbú, hvar sem var í landinu.

En íhaldsmenn í Reykjavík og í nágrenninu undu ekki vel við sinn hlut, að sjá hinn mikla uppgang bændanna austanfjalls. Thor Jensen lagði í mjög umfangsmikla ræktun í Mosfellssveit og rak mjólkurframleiðsluna sem stóriðju. Var svo komið málum í vetur sem leið, eftir því sem Sig. Sigurðsson búnaðarmálastjóri fullyrti þá, að bú Thor Jensens útrýmdi af markaðinum í Reykjavík sem svaraði framleiðslu 80 meðalsveitaheimila. Tóku nú að mynd-

ast miklir flokkadrættir um mjólkurmálið, og urðu stórframleiðendur í Reykjavík og grennd við bæinn meir og meir ákveðnir í því að útiloka bændur í byggðum fjær höfuðstaðnum frá markaðinum þar.

Hinni fyrstu mjólkurmálanefnd hafði misheppnazt þessi útilokun vegna kosningasigurs Framsóknar- og Alþýðuflokksmanna 1927. En nú var leitað nýrra ráða. Forstjóri Mjólkurfélags Reykjavíkur lagði fölur á land alveg við hliðina á mjólkurbúi Flóamanna. Voru kaup þessi gerð með mikilli leynd, og vissu bændur austanfjalls alls ekki um samning þennan. En tilgangurinn var auðsær, sá, að keppa við austanbúið, gera það veikt og vanmáttugt til að reka sjálfstæða starfsemi fyrir það fólk, sem bjó á Suðurláglendinu.

En þetta tilræði heppnaðist heldur ekki. Búin austanfjalls áttu að vísu við margháttaða erfiðleika að búa, en þó óx þeim fiskur um hrygg ár frá ári. Um þetta leyti stofnuðu Árnesingar mikið kaupfélag, með aðalstöðvum á Selfossi, hjá mjólkurbúi Flóamanna. Tókst brátt mikil samvinna með forgöngumönnum þessara tveggja fyrirtækja, og þá ekki síður er kaupfélagsstjórinn, Egill Thorarensen, varð líka forsvarsmaður mjólkurbúsins.

Þegar hér var komið sögunni, fór áhrifanna austan yfir heiði að gæta í meðferð mjólkurmálanna í Reykjavík. Að vísu reyndu áhrifamiklir íhaldsleiðtogar í Reykjavík og þar í grennd stöðugt að þoka bændum austan heiðar út af markaðinum, en nú voru búin austanfjalls orðin nógu sterk til að geta varið tilverurétt sinn.

Mjólkurbúin, sem seldu í Reykjavík hreinsaða mjólk, voru nú fjögur: Mjólkurfélagið, Korpúlfsstaðabúið og búin tvö austanfjalls. Auk þess seldu fjölmargir menn, sem áttu heima í Reykjavík, mjólk beint úr fjósum sínum, og einn slíkur maður fékk að sögn einn fjósbásinn löggiltan sem mjólkurbúð, af forráðamönnum Rvíkur. Mjólkurbúin höfðu með sér einskonar félagsskap, svokallað **Mjólkurbandalag Suðurlands,** en laus voru þau samtök í sniðum og grunnt á því góða í innbyrðis hagsmunabaráttu. Thor Jensen og margir af helztu leiðtogum Mjólkurfélags Reykjavíkur voru mjög andvígir að koma á föstu allsherjarskipulagi á mjólkursöluna í bænum. Einkum var þeim mikið áhugamál að halda bændum austanfjalls frá Reykjavíkurmarkaðinum.

Jón Árnason framkvæmdarstjóri í Sambandinu og Egill Thorarensen í Sigtúnum tóku nú að beita sér fyrir, að málið yrði athugað á breiðari grundvelli, þannig að allir, sem seldu mjólk til neyzlu í Reykjavík, yrðu fremur samstarfsmenn en keppinautar. Vildu þeir, að byggt yrði, eftir því sem við gæti átt, á reynslu Norðmanna, sem komið hafa á víðtækri skipulagningu um afurðasöluna innanlands. Kom þar loks á Alþingi 1932, að Bjarni Ásgeirsson bar fram frv. um skipulagningu mjólkursölunnar, en það náði ekki fram að ganga í það sinn. Árið 1933 var frv. enn borið fram í Nd. og hafði eindregið fylgi framsóknarmanna og nokkurra sjálfstæðismanna. Í þessum frv. var komið fram með þá hugmynd, að leggja nokkurn skatt á þá mjólk, sem seld var til neyzlu í Reykjavík, til að bæta upp verðlag á mjólk þeirra bænda, sem urðu að láta vinna osta og skyr úr sinni mjólk, en gátu annars keppt um sama markað. Jafnframt var gert ráð fyrir, að aðflutt mjólk á Reykjavíkurmarkaðinn skyldi vera gerilsneydd. Málið kom síðar til efri deildar og gekk þar gegnum tvær um-

ræður, en er þar var komið sögunni og allir bjuggust við, að mjólkurlögin yrðu afgreidd í líku formi og neðri deild hafði gengið frá þeim, kom skyndilega mikill andblástur gegn frumvarpinu í Reykjavík. Jón Þorlákssón og verzlunarstétt bæjarins hafði yfirleitt verið málinu andvíg, og var nú mjög slegið á þá strengi, að hár skattur yrði lagður á hverja kú í bænum til hagsbóta fyrir sveitabændur. Jafnhliða þessu létu leiðtogar íhaldsins hafa eftir sér, að þeir myndu nota sér einkasölulögin frá 1917, og láta bæinn verzla sjálfan með mjólk, og þá fyrst og fremst kaupa af bæjarmönnum og beztu vinum sínum í nágrenninu. Fóru svo leikar, að við síðustu umræðu í efri deild var nálega allt efni frumvarpsins fellt, og stóð ekkert eftir, sem máli skipti, nema gerilsneyðing aðfluttrar mjólkur. Verðjöfnunargjaldið og allt, sem því viðkom, var fellt niður. Bændurnir í dreifbýlinu höfðu orðið að hopa til baka um stundarsakir. Íhaldsáhrifin í Reykjavík sigruðu að mestu í þetta sinn, og hin dulbúna hótun um að útiloka bændur austanfjalls frá sölumarkaðinum olli því, að sumir af leiðtogum samvinnumanna vildu heldur nota það litla, sem í boði var, en að snúast öndverðir gegn leifum frv., meðan þing og stjórn var skipuð eins og þá stóð.

Eftir að þingi sleit varð 1933 aðhafðist stjórnin ekkert til að framkvæma mjólkurlögin. Þorsteinn Briem ráðherra landbúnaðarmála var lengi önnum kafinn í kosningabaráttu í Dalasýslu, og að henni lokinni vildi hann helzt segja af sér ráðherradómi og hverfa úr stjórnmálabaráttunni.

Framsóknarmenn litu öðrum augum á málið. Þeir vildu sækja fram, en ekki hörfa til baka. Um mitt sumar 1933 tóku þeir Jón Árnason og Eysteinn Jónsson upp að nýju umræður um skipulagningu innanlandssölunnar á fundum miðstjórnar Framsóknarflokksins. Var málið rætt þar ýtarlega og komizt að þeirri niðurstöðu, að skipulagning á sölu mjólkur, kjöts og jarðepla væri langþýðingarmesta baráttumál Framsóknarflokksins. Alþingi kom saman litlu síðar. Voru þá hafnir samningar um málefnasamstarf og stjórnarmyndun milli framsóknarmanna og Alþýðuflokksins. Gerðu framsóknarmenn skipulagningu innlendrar afurðasölu að höfuðmáli sínu í þessum samningum. Var fyrst skorað á Ásgeir Ásgeirsson og síðan á Sigurð Kristinsson að mynda stjórn á þessum grundvelli. Hvorugur þessara manna gat náð nauðsynlegum meiri hluta, því að Jón Jónsson og Hannes Jónsson synjuðu í bæði skiptin um stuðning og samvinnu. Varð ekkert úr stjórnarmyndun í það sinn, en Þorsteinn Briem hélt áfram að vera „fungerandi“ ráðherra þar til eftir kosningarnar 1934.

Skipulagning mjólkursölunnar hafði strandað á Alþingi 1933. Og allsherjarskipulagning um sölu kjöts og mjólkur strandaði snemma vetrar 1933 á hinum nána félagsskap Jóns Jónssonar, Hannesar Jónssonar og Þorsteins Briem við Jón Þorláksson og leiðtoga íhaldsstefnunnar í Reykjavík.

Þegar hér var komið sögunni, höfðu þeir Jón Jónsson og Þorsteinn Briem undirbúið flokksstofnun sína, enda hafði miðstjórn framsóknarmanna þá vikið þeim J. J. og H. J. úr flokknum, þótt þingflokkurinn hefði ekki fyrr en nokkru síðar staðfest þá ákvörðun. En síðustu dagana í nóv. ber Jón Jónsson fram þingsályktun í efri deild um að skora á stjórnina að láta athuga innanlandssölu með landbúnaðarafurðir. Fer hér á eftir tillaga hans:

„Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta fara fram rækilega athugun á því, hversu heppilegast væri að haga sölu á afurðum landbúnaðarins í landinu sjálfu, og hvaða ráðstafanir væri hægt að gera af ríkisvaldsins hálfu til þess að tryggja sem bezt markað fyrir þær innanlands og að minnsta kosti svo hátt verð, að bændur fengju framleiðslukostnaðinn endurgoldinn. Skal leita um þetta umsagnar Búnaðarfélags Íslands, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Sláturfélags Suðurlands og Mjólkurbandalags Suðurlands. Leggja skal árangurinn af þessari athugun fyrir næsta Alþingi.“

Jónas Jónsson bar þá fram eftirfylgjandi breytingartillögu við tillögu Jóns Jónssonar:

„Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd, ólaunaða, til að undirbúa fyrir næsta þing frv. um skipulag á sölu landbúnaðarafurða innanlands, svo framarlega sem Samband ísl. samvinnufélaga, Sláturfélag Suðurlands, Mjólkursamlag Suðurlands, Búnaðarfélag Íslands og Alþýðusamband Íslands vilja leggja til, hvert um sig, einn mann í nefndina.“

Umræður urðu allmiklar um málið, en er kom til atkvæðagreiðslu, féll tillaga Jónasar Jónssonar 29. nóv. 1933 með 8 atkv. gegn 6. Já sögðu: Björn Kristjánsson, Ingvar Pálmason, Jón Baldvinsson, Jónas Jónsson, Páll Hermannsson, Einar Árnason. Nei sögðu: Bjarni Snæbjörnsson, Eiríkur Einarsson, Guðrún Lárusdóttir, Jón Jónsson, Jón Þorláksson, Kári Sigurjónsson, Magnús Jónsson, Pétur Magnússon.

Tillaga Jóns Jónssonar var síðan samþ. Samt þótti sjálfstæðismönnum hún ekki nógu lítilsvirðandi fyrir samvinnufélögin. Jón Þorláksson sagðist geta verið með fyrsta og síðasta lið tillögunnar, en ekki með þeirri málsgrein, þar sem gert var ráð fyrir, að nokkur hin helztu samvinnufélög yrðu spurð um álit þeirra á því, sem landsstjórnin vildi gera. Einar Árnason lét það eftir Jóni Þorlákssyni að bera tillöguna upp í þrennu lagi. Fjórir sjálfstæðismenn urðu til að greiða atkvæði gegn því, að samvinnufélögin yrðu beðin að segja álit sitt um málið. Það voru þeir Jón Þorláksson, Magnús Jónsson prófessor í guðfræði, Bjarni Snæbjörnsson læknir í Hafnarfirði, og fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Búnaðarbankanum, Pétur Magnússon.

Af hálfu framsóknarmanna var bent á í umræðunum, að tillaga Jóns Jónssonar væri ákaflega veigalítil. Framsóknarflokkurinn var búinn að taka málið til meðferðar sem höfuðstefnumál, og leggja á það megináherzlu að undirbúa um það samvinnu um nýja landsstjórn með öðrum flokki. En það var einmitt tillögumaðurinn Jón Jónsson, sem hafði hindrað, að byrjað yrði að vinna að verkinu, með því að hindra frá stjórnarmyndun tvívegis menn, sem hann þóttist trúa til góðra hluta. Mótstaða hans var öll gegn stefnu þeirri, sem stjórnin vildi vinna að, en það var einmitt sjálf skipulagningin. Það var þess vegna enginn maður til í öllu þinginu, sem minni líkur voru til, að hefði alvarlegan og einlægan áhuga á þessu máli heldur en sjálfur tillögumaðurinn.

Og sú stjórn, sem átti að biðja að rannsaka málið, hafði ekki sýnt neina viðleitni um að leysa þetta mál. Og jafnvel þó að landbúnaðarráðherrann hefði haft á því máli einhvern áhuga, þá var hann algerlega hindraður frá að vinna málinu nokkurt gagn, þar sem kröftugustu andstæðingar samvinnufélaganna,

eins og t. d. fjórmenningarnir, sem ekki vildu láta svo mikið sem tala við bændafélögin um málið, voru meginmáttarstoðir og allra nánustu félagsbræður Þorsteins Briem.

Við umræður um tillöguna var landbúnaðarráðherranum bent á, að tillagan væri að öllu leyti vanhugsuð. Tillögumaðurinn og landbúnaðarráðherrann höfðu verið aðalmenn við að hindra stjórnarmyndun til að koma skipulagningunni í framkvæmd. Í stjórnarráðinu og í þjónustu stjórnarinnar voru engir menn, sem höfðu sérlega þekkingu, áhuga eða reynslu til að vinna að skipulagningu þessara mála. Samt átti rannsóknin að vera gerð af þessum mönnum. Og eftir tillögunni átti aðeins að spyrja mennina, sem höfðu reynsluna, þekkinguna og áhugann, um hvað þeir sögðu um verk þeirra, sem ekki voru undirbúnir að gera þetta vandasama starf. En jafnvel þetta þýðingarlitla spurningamál var of mikið fyrir Jón Þorláksson og nánasta fylgilið Þorsteins Briem. Þetta kom auðvitað af því, að Jón Þorláksson var móti skipulagningunni. Hann vissi, að það gætu engir undirbúið og framkvæmt málið nema leiðtogar samvinnumanna, og meðan hægt var að halda þeim frá afskiptum af málinu myndi gamla ólagið fá að vera í friði. En ofan á þennan ófullkomna málatilbúning bættist svo það, að stjórnin átti ekki að gera annað en leggja árangurinn af þessum athugunum fyrir þingið. Hér er ekki talað um svo mikið sem frumvarp, hvað þá bráðabirgðalög eða löggjöf um málið. Hér var verið að fara með stærsta mál bænda eins og leikfang.

Breytingartillaga sú, sem borin var fram af hálfu Framsóknarflokksins og í samráði við Jón Baldvinsson, við tillögu Jóns Jónssonar, beindi málinu algerlega inn á nýja braut. Þar var hinum stærstu samvinnufélögum og Alþýðusambandinu gefinn kostur á að leggja til sína hæfustu menn til að gera frumvarp um afurðasöluna, og skyldi það frv. lagt fyrir næsta þing. Hér var gert ráð fyrir að taka málið föstum tökum og hrinda því í framkvæmd. En jafnframt lá í breytingartillögunni bending um það, að leysa málið með samstarfi framleiðenda og neytenda. Slíkt hafði aldrei heyrzt áður, sízt frá Jóni Jónssyni og hans vinum. En þar var hinn eini færi vegur, eins og reynslan hefir sýnt.

Þorsteinn Briem og sjálfstæðismenn létu lið sitt samþykkja tillögu Jóns Jónssonar. En lítið varð úr framkvæmdinni. Jón Árnason hafði nokkru áður en tillaga Jóns Jónssonar kom fram í þinginu boðað kaupfélagsstjóra landsins á fund í Reykjavík á áliðnum vetri, til að samvinnumenn gerðu ákveðnar ákvarðanir um innanlandsverzlunina. Fundur þessi var haldinn á útmánuðunum, og mættu þar fulltrúar frá flestum helztu samvinnufélögum landsins. Þar voru gerð ýtarleg frumvörp um bæði kjötsöluna og mjólkursöluna, og þau eru lítið breytt orðin að bráðbirgðalögum þeim, sem þingið hefir nú til meðferðar.

Þegar hér var komið sögunni, sneri Þorsteinn Briem sér að lokum til samvinnufél. og Alþýðusambandsins og bað þau að leggja til menn í n. til að gera frv. um málið. Gekk ráðherrann með þessu algerlega frá stefnu Jóns Jónssonar og inn á grundvöll framsóknarmanna og Alþýðuflokksins. Honum var ljóst, að straumurinn var orðinn það sterkur, að ekki þýddi annað en berast með honum. Nefndin var skipuð og hafði nokkra fundi um málið, þ. e. um þau frumvörp, sem kaupfélagsstjórafundurinn var búinn að samþykkja. Þorsteinn Briem

lét málið annars afskiptalaust. Hann gaf ekki út bráðabirgðalög um málið, og sýndi því það minni áhuga heldur en Magnús Guðmundsson um rekstur Sólbakkaverksmiðjunnar. En þegar sáust úrslit kosninganna, tóku framsóknarmenn aftur upp þráðinn frá í fyrrahaust, ákváðu stjórnarmyndun með Alþýðuflokknum og gerðu skipulagninguna að aðalatriði fyrir sitt leyti í samningum við jafnaðarmenn. Var fast á þessu máli tekið, og skömmu eftir að stjórnin var mynduð hafði landbúnaðarráðherrann gefið út tvenn bráðabirgðalög um þetta efni, önnur um kjötsöluna og hin um mjólk og rjóma. Var hér á einu ári hrundið í framkvæmd einu hinu mesta baráttumáli. Það var seint á sumri 1933, að Jón Árnason og Eysteinn Jónsson tóku málið upp sem höfuðbaráttumál framsóknarmanna, og ári síðar hafði Hermann Jónasson gefið út bráðabirgðalögin. Samvinnumenn höfðu á þessu eina ári, með fulltrúa frá Alþýðuflokknum, gert hinar nauðsynlegu rannsóknir, sem löggjöfin byggðist á. Og á bak við þessa löggjöf stóð þjóðin sjálf, þær tvær stéttir, sem bera uppi þjóðarstarfið, bændurnir og verkamennirnir.

Mjólkurlögin, sem samþykkt voru á þinginu 1933, höfðu þegar í stað mjög óheppileg áhrif á framleiðslustarfsemina á Suðurlandi. Nú tók að rísa upp nýr mjólkuriðnaður í Reykjavík, byggður á því að kaupa að hey og fóðurbæti. Stór og mikil fjós voru reist í útjöðrum bæjarins og byrjað á undirbúningi með að gera bændur óþarfa sem mjólkurframleiðendur fyrir bæinn. Ef mjólkurlögin frá 1933 hefðu staðið óbreytt í nokkur ár, er lítill vafi á, að megnið af neyzlumjólk Reykjavíkur hefði verið framleitt í útjöðrum bæjarins, heyið aðflutt og kjarnfóðrið frá útlöndum.

Landbúnaðarráðherra sá, sem tók við mjólkurlögunum 1933, skipti sér ekki meira af mjólkurlögunum en það, að lögin voru ekki framkvæmd, jafnvel um það eina nýmæli, sem í þeim var, gerilsneyðinguna á aðfluttri mjólk. Loks kom þó þar, að einn af þeim mönnum, sem mest flutti inn í bæinn af óhreinsaðri mjólk, var kærður, og dæmdur sekur í undirrétti og hæstarétti. En er þar var komið sögunni, sneri hinn brotlegi maður sér til dómsmálaráðherrans, Magnúsar Guðmundssonar, og bað hann ásjár. Brást ráðherrann vel við því máli og tjáði fulltrúa lögreglustjórans að láta við svo búið sitja og hindra ekki hina ólöglegu mjólkursölu í bæinn, fyrr en hann segði til. Fylgir hér með, þessu til sönnunar, yfirlýsing fulltrúans, er hann sendi þáverandi lögreglustjóra, sem þá var staddur á Kaldrananesi í Strandasýslu.

Hermann Jónasson, lögreglustjóri p. t. Kaldrananesi.

Eftirfarandi vottast:

Kristján Jóhannsson, mjólkursali, var sektaður 16. apríl s. l. fyrir ólöglega mjólkursölu. Hinn 18. þ. m. hafði lögreglustjórinn komizt að því, að Kristján hélt hinni ólöglegu sölu áfram, og fól hann mér þá að koma fram ábyrgð gegn honum og gera þær ráðstafanir, sem tiltækilegar væru til þess að hindra söluna. Ég kallaði Kristján þá fyrir þann 19. þ. m., en þá fékk hann af skrifstofu minni að tala í síma við dómsmálaráðherra, sem síðan í símtali tjáði mér, að málið

mætti bíða, unz hann tilkynnti mér, hvað gera skyldi í því, en fyrirskipun þar að lútandi er ókomin.

Jónatan Hallvarðsson.

Leið þannig fram yfir kosningar 1934, að hin ólöglega sala var látin viðgangast og ekkert annað gert í málinu. Var nú fullreynt, að sjálfstæðismenn og Þorsteinn Briem höfðu hvorki löngun eða getu til að framkvæma **nokkuð** í þessum skipulagsmálum, því að það litla, sem lögboðið var, létu þeir samt ekki framkvæma.

Við myndun ráðuneytis Hermanns Jónassonar var það eitt af mestu áhugamálum Framsóknarflokksins að koma í framkvæmd skipulagningu mjólkursölunnar. Tókust um þetta samningar á þeim grundvelli, sem lagður var í breytingartillögu framsóknarmanna, þeirri sem sjálfstæðismenn og Jón Jónsson felldu 29. nóv. s. l. Framleiðendur og neytendur tóku höndum saman við undirbúning málsins, við bráðabirgðalögin og nú á Alþingi við endanlega lögfestingu þeirra. Samtök þessara tveggja aðila eru byggð á því að láta hina óþörfu skattlagningu til óþarfra millimanna hverfa. Meðan framleiðendur eða neytendur reyndu samkomulag við óþörfu milliliðina var öll skipulagning óframkvæmanleg. En einmitt þessir milliliðir ráða mestu í Sjálfstæðisflokknum. Það er vegna þessarar fjölmennu stéttar, að mjólkurbúðir Reykjavíkur hafa orðið 105. Það var þessi stétt, sem eyðilagði verðjöfnunarskattinn á Alþingi 1933. Það var þessi stétt, sem hindraði ríkisstjórnina í því að framkvæma gerilsneyðinguna 1933, þrátt fyrir skýr lagafyrirmæli, og það var þessi stétt, sem kom Magnúsi Guðmundssyni til að banna að loka búðum lögbrjótanna eftir að hæstaréttardómur var fallinn í málinu.

Á einum stað á Íslandi hefir verið sett fullkomið skipulag á sölu mjólkur. Það er í Eyjafirði og það er hið sterka Kaupfélag Eyfirðinga, sem rutt hefir brautina fyrir menn í öðrum landshlutum. Á Akureyri er mjólkin ódýr fyrir neytendur, en verðmikil fyrir framleiðendur. En þar er milliliðagjaldið lítið, miklu minna en nokkursstaðar annarsstaðar.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er stigið stórt spor í þá átt að geta látið alla þjóðina, bæði framleiðendur og neytendur, læra af fordæmi hinna reyndu samvinnumanna í Eyjafirði, þeirra manna, sem fyrstir sinna samlanda hafa gert mjólkurverzlun héraðsins réttláta og heilbrigða. Við alla meðferð þessa máls hefir til hins ýtrasta verið byggt á leiðsögn hinna elztu og reyndustu samvinnufélaga. Þess vegna er hér lagt til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Páll Hermannsson, form. | Jón Baldvinsson, fundaskr., með fyrirvara. | Jónas Jónsson, frsm. |

## Nd. 362. Breytingartillaga

við frv. til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Við 3. gr. 4. málsliður orðist svo:

Ennfremur getur nefndin veitt leyfi samvinnufélögum bænda, er stofnuð kunna að verða eftir að lög þessi öðlast gildi og ekki falla undir ákvæði 3. málsl. þessarar greinar, sömuleiðis þeim verzlunum öðrum, sem árið 1933 áttu eða starfræktu sláturhús, sem fullnægðu ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933.

## Ed. 363. Nefndarálit

um frv. til laga um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Minni hluti fjárhagsnefndar Ed. leggur á móti því, að frumvarp þetta verði samþykkt, og vísar til almennra raka gegn einkasölum sem tekjuöflunarleið handa ríkissjóði, en í því skyni mun frumvarpið borið fram, þó að stjórnin hafi ekki lagt á sig það erfiði að skýra frá því í greinargerðinni.

Eins og frumvarpið er borið fram af ríkisstjórninni er það auk þess hreinn hégómi. Eldspýtnaverzlun mundi sennilega hverfa að mestu, þegar ríkið færi að okra á þessari vöru, vegna þess, að nú eru ýmis tæki til, sem nota má í stað eldspýtna. Meiri hluti fjárhagsnefndar reynir nú að sletta bót á þetta gat í lögunum með breytingartillögu sinni um það, að stjórninni sé heimilt að taka einnig einkasölu á „kveikjurum“. Um vindlingapappír er það að segja, að sama má heita, hvorumegin hryggjar hann liggur, því að af honum flyzt sama og ekkert til landsins, eða að minnsta kosti hefir hann ekki komizt á verzlunarskýrslur, og ekki hefir þótt ómaksins vert að setja toll á hann.

Alþingi, 8. nóv. 1934.

Magnús Jónsson.

## Nd. 364. Nefndarálit

um frv. til l. um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og rætt það við samgöngumálanefnd efri deildar á sameiginlegum fundi beggja nefndanna. Urðu nefndarmenn í báðum nefndunum sammála um afgreiðslu málsins í höfuðatriðum.

Nefndin lítur svo á, að rétt sé eftir atvikum, að ríkið veiti þann stuðning, sem farið er fram á í frv., enda má með réttu segja, að samgöngurnar milli Reykjavíkur og Borgarness hafi þýðingu fyrir allmikinn hluta landsins, a. m. k. að því er viðkemur mannflutningum.

Nefndin telur sjálfsagt að setja þau skilyrði af ríkisins hálfu, að arður sé eigi greiddur af hlutafé meðan ríkið stendur í ábyrgð fyrir félagið. Hinsvegar getur hún eigi fallizt á, að rétt sé í þessum lögum að binda félagið við ferðir utan Faxaflóa, en telur, að slíka skuldbindingu megi leggja á félagið árlega með fjárlagaákvæði, ef það nýtur styrks úr ríkissjóði.

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Um ferðir skipsins utan Faxaflóa fer eftir ákvæðum í fjárlögum, ef félagið nýtur styrks til ferða úr ríkissjóði.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: Eigi má greiða hluthöfum arð af hlutafé þeirra í félaginu, meðan ríkið stendur í ábyrgð fyrir félagið.

Alþingi, 8. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Gísli Guðmundsson, form. | Bjarni Bjarnason, frsm. | Jónas Guðmundsson, fundaskr. |
| Jón Ólafsson. | Gísli Sveinsson. | |

## Nd. 365. Nefndarálit

um frumv. til l. um afnám l. nr. 31 frá 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og l. nr. 50 frá 16. okt. 1907, um sölu kirkjujarða.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Eftir að hafa athugað frumvarpið hefir nefndin klofnað, og leggur meiri hl. til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Enn eru eftir óseldar 754 þjóð- og kirkjujarðir. Þessar jarðir eru metnar á 2,88 millj. króna að landverði, en auk þess á jarðareigandi meira eða minna af húsum á jörðunum og álög, sem inni standa hjá ábúendum.

Öllum er vitanlegt, að land fer stöðugt hækkandi í verði, og verð allra þjóð- og kirkjujarða, sem seldar hafa verið, hefir hækkað eftir að sala fór fram. Þessarar hækkunar hefir kaupandi orðið aðnjótandi, en við næstu sölu á eftir hefir hann hirt gróðann, en varpað aukinni vaxtabyrði yfir á þann, er þá keypti, og þar með gert framleiðsluna erfiðari.

Að hinu leytinu er ekki því að neita, að þau lög, sem lagt er til að nema úr gildi með lögum þessum, juku um tíma sjálfsábúð, og hafa því stuðlað að auknum endurbótum á jörðunum, eins og hugsunarháttur manna var þá, og ábúðarkjör landseta.

Nú er hugsunarháttur manna breyttur. Munurinn á framkvæmdum landsetans og sjálfseignarbóndans er miklu minni en var, og nær eingöngu í framkvæmdum húsabóta.

Með breyttri löggjöf og breyttum hugsunarhætti þjóðarinnar hafa kjör leiguliða batnað, og mönnum er nú að verða ljóst, að með því að tryggja ábúðarréttinn, og það, að landsetar njóti verka sinna, má af löggjafans hálfu búa svo um, að engin hætta sé á, að leigujarðir þess opinbera verði verr setnar en jarðir, sem í sjálfsábúð eru.

Alþingi, 7. nóv. 1934.

| Bjarni Ásgeirsson, form. | Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm. | Héðinn Valdimarsson. |
|---|---|---|

## Nd. 366. Nefndarálit

um frv. til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Við undirritaðir höfum ekki orðið sammála meiri hl. nefndarinnar um að leggja til, að frv. nái fram að ganga.

Fyrir nefndinni lá skýrsla frá form. um verð á 15 skólabókum eins og það er nú, ásamt áætlun um kostnað við útgáfu þessara bóka og verð þeirra, ef frv. yrði að lögum og bækur þessar yrðu gefnar út samkvæmt því.

Fer skýrslan hér á eftir:

| Bókarheiti | Bls. | Núverandi verð hver bók | band | hver örk | Áætlun ritl. o. fl. | myndir | örk | verð bók | band | Nettóverð á bók | 20% + 5% = 25% | Útsöluverð. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lesbók I | 160 | 3,00 | 50 | 25 | 125,00 | 25,00 | 8 | 80 | 50 | 130 | 33 | 1,65 |
| — II | 164 | 3,00 | 50 | 25 | 125,00 | 25,00 | 8 | 82 | 50 | 132 | 33 | 1,65 |
| — III | 175 | 3,00 | 50 | 23 | 125,00 | 25,00 | 8 | 88 | 50 | 138 | 35 | 1,75 |
| Reikningsbók E. Bj. I | 132 | 3,00 | 50 | 30 | 200,00 | 50,00 | 10 | 83 | 50 | 133 | 33 | 1,65 |
| — — — II | 116 | 3,00 | 50 | 34 | 200,00 | 50,00 | 10 | 73 | 50 | 123 | 31 | 1,55 |
| — Stgr. Aras. | 152 | 4,00 | 75 | 34 | 200,00 | 50,00 | 10 | 130 | 50 | 180 | 45 | 2,25 |
| Landafræði Stgr. Aras. | 192 | 4,00 | 75 | 25 | 175,00 | 75,00 | 10 | 180 | 50 | 230 | 56 | 2,85 |
| — Karls Finnb. | 142 | 4,25 | 75 | 39 | 175,00 | 75,00 | 10 | 120 | 50 | 170 | 43 | 2,15 |
| Íslandssaga J. J. I | 174 | 2,50 | 30 | 20 | 150,00 | 25,00 | 8½ | 94 | 30 | 124 | 31 | 1,55 |
| — — II | 148 | 2,50 | 30 | 24 | 150,00 | 25,00 | 8½ | 79 | 30 | 109 | 27 | 1,35 |
| Dýrafræði J. J. I | 138 | 2,50 | 30 | 25 | 175,00 | 75,00 | 10 | 85 | 30 | 115 | 30 | 1,45 |
| — — II | 108 | 2,50 | 30 | 32 | 175,00 | 75,00 | 10 | 70 | 30 | 100 | 25 | 1,25 |
| Náttúrufræði Bj. Sæm. | 157 | 3,50 | 50 | 30 | 175,00 | 75,00 | 10 | 100 | 50 | 150 | 38 | 1,90 |
| Barnabiblía I | 254 | 3,00 | 50 | 15 | 125,00 | 25,00 | 8 | 136 | 50 | 186 | 46 | 2,35 |
| — II | 184 | 3,00 | 50 | 22 | 125,00 | 25,00 | 8 | 92 | 50 | 142 | 36 | 1,80 |

Prentun og pappír miðað við 5000 eint. er áætlað 250 kr. pr. örk samkvæmt upplýsingum frá Ríkisprentsm. Gutenberg. Í ritlaunum er prófarkalestur innifalinn. Miðað er við crown-brot, og er bókum Stgr. Arasonar og landafræði Karls Finnbogasonar ætlaður arkafjöldi í hlutfalli við það, sem þær hljóta að lengjast um við breytingu í minna brot. Bókband er áætlað nokkuð af handahófi — frekar hátt en of lágt.

Kemur það í ljós við þennan samanburð, að meðalútsöluverð bókanna er nú sem næst kr. 3.00 (2.98) á bók, en talið er, að meðalverð ríkisforlags, sem seldi bækurnar án hagnaðar, gæti orðið um kr. 1.80 (1.81) á bók. Að frádregnum sölulaunum útsölumanna (sem gert er ráð fyrir í skýrslunni að verði þau sömu sem nú eru almennt, 20%) er meðalverð til útgefanda (nettóverð) nú kr. 2.40, en áætlað að það mætti vera kr. 1.45, ef bækurnar yrðu gefnar út af ríkisforlagi og seldar án hagnaðar. Sú áætlun fær ekki staðizt.

Í skýrslunni, sem rétt þykir að leggja til grundvallar því, sem hér er sagt, er annarsvegar gerð grein fyrir kostnaði við útgáfu bókanna (ritlauna, prentunar, mynda, pappírs, bands etc.) miðað við 5000 eintaka upplög, og virðast þær upplýsingar, að því er minni hl. nefndarinnar þekkir til, nærri réttu lagi, og hinsvegar er þar gerð áætlun um kostnað við sölu bókanna — sölulaunum til útsölumanna og kostnaði forlagsins sjálfs.

Sölulaun eru í frv. áætluð 10% af útsöluverði, en í skýrslunni 20%, og er hið síðara svo sem nú er venja. Um þetta atriði þykir rétt að geta þess, að sölulaun af skólabókum eru á Norðurlöndum 20—25% almennast, svipað á Englandi, en nokkru hærri í Þýzkalandi. Til réttlætingar þessum sölulaunum má benda á, að við rannsókn um rekstur bókaverzlana í Noregi árið 1931, sem framkvæmd var af háskólanum í Oslo[1]), kom það í ljós, að rekstrarkostnaður bókaverzlana þar í landi var að meðaltali 18.6% (20.8% í Oslo). Er þetta í allgóðu samræmi við niðurstöður samskonar rannsókna, sem gerðar hafa verið um kostnað við bókasölu í Svíþjóð (m. a. af nefnd, er hinn kunni hagfræðingur prof. Eli Heckscher var formaður í, en sú skýrsla kom út árið 1929), en þar var rekstrarkostnaðurinn talinn 1926 22,2%, 1927 21.7%, 1928 23.6%. Til samanburðar við þetta má enn geta þess, að samkv. samskonar rannsóknum er þessi kostnaður í U. S. A. talinn 32.5% af veltu.

Má af þessu sjá, að ekki er fært að áætla sölulaun smásalans minni en 20% af útsöluverði, og raunar því síður sem verð hverrar bókar, sem seld er, er lægra, ef fyrirhöfn og kostnaður sölumanns er hið sama, en salan eykst ekki verulega vegna lækkaðs verðs.

**Kostnaður forlagsins** heima fyrir (stjórn, húsnæði, afgreiðsla, flutningsgjald, vextir, áhætta o. fl.) er í skýrslunni áætlað 5% af útsöluverði. Þessi áætlun fær með engu móti staðizt. Það er almenn reynsla, að forlagskostnaður er og hlýtur að vera miklu meiri en hér er gert ráð fyrir. Einn merkasti bókaútgefandi á Englandi, Mr. Stanley Unwin, segir í víðfrægri bók sinni um bókaútgáfu[2]), að forlagskostnaður sé venjulega milli 18 og 25%, oftast nær síðari tölunni, ef ekki

1) Sjá Universitetets ökonomiske Institut, Publikation nr. 4: Omsetnings- og omkostningsforholdene innen bokhandelen 1931, av J. Wederwang og Dag Coward. Oslo 1934.

2) Stanley Unwin: The Truth about Publishing. London 1926, bls. 50: I do not know of any book-publishing businesses whose working expenses are under 18 per cent — most are nearer, if not over, 25 per cent.

hærri. Hér er sjálfsagt átt við einkafyrirtæki, sem gefa út margskonar bækur, dýrar og ódýrar. Þessi kostnaður hlýtur að verða hlutfallslega mikill hjá ríkisforlagi, sem eingöngu er ætlað að gefa út verðlágar bækur.

Minni hluti nefndarinnar telur ekki, að til mála geti komið, að þessi kostnaður verði undir 25% af nettóverði bókanna þegar allt kemur til alls, ef allur kostnaður forlagsins kemur þar til reiknings, heldur eru líkur á, að hann verði meiri.

Má ennfremur benda á, að fyrir því er, að því er telja verður, bein viðurkenning opinberra aðila, að bókasölukostnaður er ekki minni en hér er haldið fram, þar sem bæði fræðslumálastjórnin og Bókadeild Menningarsjóðs hafa falið bóksala forlagsbækur þessara stofnana til umboðssölu með tilsvarandi kjörum.

Með þessum forsendum má gera frekari grein fyrir afkomu ríkisútgáfu skólabóka, ef miðað er við skýrsluna, að því viðbættu, að áætlað er (samkvæmt reynslu), að árlega séu seld 900 eintök kennslubókar, verð hverrar bókar 2 kr. í útsölu (og er það þó um 10% hærra verð en skýrslan telur hæfilegt). Áætlað er vegna staðhátta hér, að bundið sé nokkru örar en selt er, en forlaginu reiknað nettóverð að frádregnum sölukostnaði samkv. ofansögðu, 40%.

| | |
|---|---|
| 1. ár. Prentun, pappír, ritlaun, 5000 eintök,[1]) 15 bækur á 5000/- = | 75000.00 |
| Band á 2000 eintök bókar hverrar 0/50 ..... = | 15000.00 |
| | 90000.00 |
| Sala 1. ár 900 eint. bókar ÷ 40% ..... | 16200.00 |
| | 73800.00 |
| 2. ár. Band á 15000 eint. 0/50 ..... | 7500.00 |
| | 81300.00 |
| 2. ár. Sala sem fyrr ..... | 16200.00 |
| | 65100.00 |
| 3. ár. Band á 15000 eint. 0/50 ..... | 7500.00 |
| | 72600.00 |
| 3. ár. Sala sem fyrr ..... | 16200.00 |
| | 56400.00 |
| 4. ár. Band á 15000 eint. 0/50 ..... | 7500.00 |
| | 63900.00 |
| 4. ár. Sala sem fyrr ..... | 16200.00 |
| | 47700.00 |
| 5. ár. Sala sem fyrr ..... | 16200.00 |
| | 31500.00 |
| 6. ár. Sala 500 eint. bókar ..... | 9000.00 |
| Halli | 22500.00 |

— eða 30 aurar á hverri seldri bók, með 2 kr. verði á hverju eintaki. Verður af

1) Þótt ekki verði gefnar svo margar bækur út í einu, breytir það ekki niðurstöðu.

þessu séð, að útsöluverð hvers eintaks þarf að vera kr. 2.50 (nettóverð 1.50) til þess að útgáfan beri kostnaðinn. Hér hefir þó ekki verið gert ráð fyrir vöxtum af því fé, sem ríkisútgáfan tæki að láni til starfseminnar, en sá kostnaðarliður nemur verulegri upphæð samtals (yfir 20 þús. kr. með 6%) hjá útgáfufyrirtæki, er gæfi út bækur svo sem gert er ráð fyrir í dæminu.

Þá er á það að líta, að ekki verður séð, að fært sé að gera verðlausar þær bækur, sem fyrir eru í eign einstakra bókaútgefenda, né heldur myndamót o. fl., sem til útgáfunnar heyrir. Sjálfsagt verður að telja, að ríkisútgáfa taki við þeim birgðum, sem eftir verða óseljanlegar af hverri bók, sem út yrði gefin að nýju, t. d. breytt eða endurbætt, eða ef ný bók er gerð í stað annarar, sem nú er í notkun, á sama hátt sem þessu var háttað er t. d. Tóbakseinkasala ríkisins tók til starfa, og má að þessu verða nokkur kostnaður í upphafi.

Virðist samkv. ofansögðu ekki til svo mikils að vinna með stofnun ríkisútgáfu hvað verð bókanna snertir, að talizt geti nauðsyn alþjóðar.

Minni hluti nefndarinnar vill að lokum benda á, að ríkið hefir kost á að hafa fullnægjandi áhrif á útgáfu skólabóka í sambandi við löggildingu þeirra, og er það sannfæring okkar, að á þann hátt verði afskiptum hins opinbera í þessu efni bezt komið fyrir, þar sem augljóst er, að því má þar með ráða, **hverjar** kennslubækur eru samdar, gefnar út og löggiltar til notkunar og **við hvaða verði** þær eru seldar.

Skorti nánari lagaákvæði til þess að öllum sanngjörnum kröfum verði fullnægt á þennan hátt, er minni hl. reiðubúinn til samstarfs um slíka löggjöf.

Leggur minni hlutinn til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að stjórn fræðslumálanna hlutist til um það, að skólabækur séu seldar við svo vægu verði sem unnt er, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. nóv. 1934.

Pétur Halldórsson, frsm. Gunnar Thoroddsen.

## Nd. 367. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 frá 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir fengið þær upplýsingar um starfsemi Kreppulánasjóðs, að sjóðstjórninni hafi borizt um 2800 lánbeiðnir, veitt hafi þegar verið um 2000 lán, synjað hafi verið eða líkur til að synjað verði um 300 lán, og þá séu óafgreidd um 500 lán ennþá, sem þó muni að miklum hluta vera hægt að afgreiða fyrir áramót. Að vísu geti enn bætzt við nýjar lánbeiðnir, en þó muni mestur hluti lánveitinganna vera að ljúkast nú í árslok.

Það hefir verið upplýst, að fyrrv. atvinnumálaráðherra, Þorsteinn Briem, hefir með bréfi 20. júlí 1933 skipað núverandi stjórnendur Kreppulánasjóð til ársloka 1935, og síðar með bréfi 9. nóv. 1933 ákveðið mánaðarlaun hvers þeirra fyrir sig 600 kr. á mánuði. Nefndin er sammála um það, að það sé með öllu óeðlilegt, að aðalbankastjóri Búnaðarbanka Íslands hafi, auk launa sinna hjá bankanum, sem eru nú 19200 kr. á ári, sérstök laun fyrir þetta náskylda starf, og þar sem mestum hluta starfsins verði lokið um áramótin næstu, sé einnig sjálfsagt að lækka árslaun annara stjórnenda sjóðsins, enda sé landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða breytingu á þessu frá næstu áramótum. Enda þótt flutningsmenn frumvarpsins telji þá leið réttasta, sem farið er fram á í frumvarpinu, að leggja stjórn sjóðsins undir stjórn Búnaðarbankans frá næstu áramótum, vilja þeir þó til samkomulags innan nefndarinnar fallast á aðra afgreiðslu málsins, þar sem aðrir í nefndinni telja óviðeigandi, að einn stjórnandi sjóðsins (Jón Jónsson frá Stóradal), sem skipaður hafi verið til tveggja ára, hætti störfum um áramót. Einn nefndarmaður, Bjarni Ásgeirsson, hefir vegna aðstöðu sinnar látið afgreiðslu málsins afskiptalausa. Nefndin leggur því til, að málið verði afgreitt með því að samþykkt verði eftirfarandi

RÖKSTUDD DAGSKRÁ:

Með því að laun stjórnar Kreppulánasjóðs eru ákveðin af landbúnaðarráðherra, og engin ákvæði eru í l. nr. 78 frá 19. júní 1933 um launakjör stjórnenda sjóðsins, og með því að deildin telur, að mestur hluti starfs stjórnendanna sé að ljúkast, og auk þess með öllu óeðlilegt, að aðalbankastjóri Búnaðarbanka Íslands hafi auk sinna háu launa sérstök laun fyrir þetta náskylda starf, telur deildin sjálfsagt, að landbúnaðarráðherra geri nýja ákvörðun um þóknun fyrir stjórn Kreppulánasjóðs samkvæmt þessu, frá næstu áramótum, og tekur í trausti þess fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Páll Zóphóníasson, fundaskr. | Héðinn Valdimarsson, frsm. | Guðbr. Ísberg, með fyrirv. |
| | Jón Pálmason. | |

## Ed. 368. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Aftan við 4. gr. laganna bætist: Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Lína frá Geirólfsstöðum í Skriðdal að Arnhólsstöðum. Lína frá Sandeyri um Stað í Grunnavík, og frá Stað í Grunnavík um

Höfða að Furufirði. Lína frá Setbergi við Grundarfjörð að Hallbjarnareyri. Lína frá Bugðustöðum í Hörðudal um Hól eða Seljaland að Vífilsdal hinum neðri.

Í stað orðanna „með stöð í Öngulsstaðahreppi“ komi: með tveimur stöðvum í Öngulsstaðahreppi.

## Nd. 369. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild rannsóknarstofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það sé samþykkt.

Alþingi, 8. nóv. 1934.

Héðinn Valdimarsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr., Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.

Thor Thors. Garðar Þorsteinsson.

## Ed. 370. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Frumvarpsgreinina skal orða svo:

   Í stað orðanna „með stöð í Öngulsstaðahreppi“ í lögum nr. 52 28. nóv. 1919 kemur: með tveim stöðvum í Öngulsstaðahreppi.

   Í stað orðanna „frá Sandeyri ... að Höfða í Grunnavíkurhreppi“ í 1. gr. laga nr. 38 14. júní 1929 kemur: frá Sandeyri um Stað í Grunnavík að Hesteyri, og frá Stað í Grunnavík um Höfða að Furufirði.

   Aftan við sömu lagagrein bætist: Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Lína frá Geirólfsstöðum í Skriðdal að Arnhólsstöðum. Lína frá Setbergi við Grundarfjörð að Hallbjarnareyri. Lína frá Bugðustöðum í Hörðudal um Hól eða Seljaland að Vífilsdal hinum neðri. Lína norður Bala að Eyjum við Bjarnarfjörð.
2. Fyrirsögn frv. skal orða svo:

   Frv. til laga um breyting á lögum nr. 52 28. nóv. 1919 og á lögum nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

## Nd. 371. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 362 [Sláturfjárafurðir].

Frá forsætisráðherra.

Á eftir orðunum „lög þessi öðlast gildi“ komi: á svæði, þar sem ekki eru starfandi samvinnufélög fyrir.

## Ed. 372. Nefndarálit

um frv. til laga um lögreglustjóra í Ólafsfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur, að Alþingi á undanförnum þingum hafi skapað fordæmi í þessu efni, með samþykkt lögreglustjóra í ýmsum kaupstöðum landsins, og því erfitt að snúa við á þeirri braut.

Með tilliti til þessa og meðfram af þeirri ástæðu, hve afskekkt þetta kauptún er, vill nefndin mæla með því, að frv. verði samþykkt. Hinsvegar er nefndinni ljóst, að fleiri kauptún muni koma síðar og krefjast hins sama, sem erfitt verður þá að neita, nema því aðeins, að Alþingi verði búið að gera aðra skipan á þessum málum en nú er.

Alþingi, 9. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. | Ingvar Pálmason, fundaskr. | Pétur Magnússon. |

## Ed. 373. Frumvarp

til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til þess að greiða fyrir innanlandsverzlun með sláturfjárafurðir skipar ríkisstjórnin 5 manna kjötverðlagsnefnd til eins árs. Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefnir einn mann, Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga tilnefna í sameiningu einn, Landssamband iðnaðarmanna einn, Alþýðusamband Íslands einn og landbúnaðarráðherra einn mann í nefndina, sem jafnframt er formaður hennar.

Nefndin ræður fulltrúa, sem annast dagleg störf. Hún getur valið sér trúnaðarmenn eða skipað eftirlitsnefndir, eftir því sem þörf krefur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Kjötverðlagsnefndin ákveður verðlag á kjöti á innlendum markaði í heildsölu og smásölu.

Enginn má selja eða kaupa kjöt við öðru verði en því, sem nefndin ákveður á hverjum stað á hverjum tíma.

3. gr.

Enginn má slátra sauðfé til sölu, né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis kjötverðlagsnefndar. Heimilt skal þó sauðfjár-

eigendum, er reykja kjöt á heimilum sínum, að selja það beint til neytenda, enda greiði þeir af því verðjöfnunargjald um leið og afhending fer fram. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem nú eru starfandi, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annara félaga. Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðal meðlima sinna. Ennfremur getur nefndin veitt leyfi samvinnufélögum bænda, er stofnuð kunna að verða eftir að lög þessi öðlast gildi á svæði, þar sem ekki eru starfandi samvinnufélög fyrir, og ekki falla undir ákvæði 3. málsl. þessarar greinar, sömuleiðis þeim verzlunum öðrum, sem árið 1933 áttu eða starfræktu sláturhús, sem fullnægðu ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933. Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárins til sláturhúss, að illfært sé að dómi nefndarinnar.

Í leyfi getur nefndin ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands.

4. gr.

Greiða skal verðjöfnunartillag af öllu slátruðu sauðfé, nema því, sem framleiðendur nota til heimilisþarfa. Upphæð tillagsins má nema allt að 10 aurum á hvert kg. af kjöti, eftir nánari ákvörðun kjötverðlagsnefndar. Heimilt er nefndinni að ákveða mismunandi verðjöfnunartillag eftir kjöttegundum.

Ennfremur er nefndinni heimilt að veita undanþágu frá verðjöfnunargjaldi af kjöti af mylkum ám.

Verðjöfnunartillagið hefir lögtaksrétt til loka næsta árs eftir að slátrun fór fram.

5. gr.

Þeir, sem slátra fé til sölu, skulu gefa kjötverðlagsnefnd skýrslu um daglega slátrun, staðfestar af kjötmatsmönnum, og standa skil á verðjöfnunartillaginu til nefndarinnar. Stjórn neytendafélags, sem fengið hefir slátrunarleyfi, skal og senda slíka skýrslu og standa skil á verðjöfnunartillaginu. Gjalddagi er þegar slátrun fer fram.

Nefndin geymir verðjöfnunarsjóð á tryggum stað, þann tíma sem hún hefir hann undir höndum.

6. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal varið þannig:

a. Til endurgreiðslu verðjöfnunartillagsins af því kjöti, sem út er flutt.
b. Til að greiða fyrir sölu sláturfjárafurða innanlands.
c. Til verðuppbótar á útflutt dilkakjöt. Verðuppbótin má þó ekki verða svo há, að nettóverð útflutta kjötsins verði hennar vegna fyllilega eins hátt og nettóverð sömu tegunda af kjöti, sem selt er á verðhæsta innlendum markaði. Það verð, sem Samband ísl. samvinnufélaga greiðir deildum sínum fyrir útflutt kjöt af framleiðslu hvers árs, telst útflutningsverð á því ári.

Verði afgangur í verðjöfnunarsjóði, þegar greitt hefir verið samkvæmt framansögðu, skal honum varið til uppbótar á öllu seldu kjöti, þannig, að sá verðmismunur, sem nefndin hefir ákveðið, raskist ekki.

7. gr.

Greiða skal jafnháa verðuppbót samkvæmt ákvæðum 6. gr. á hvert kg. sömu tegundar af útfluttu dilkakjöti, hvaðan sem það er af landinu.

8. gr.

Skylt er öllum, sem verzla með sláturfjárafurðir, að láta kjötverðlagsnefnd í té allar upplýsingar og skýrslur, er hún óskar eftir, viðvíkjandi sölu og söluhorfum á sláturfjárafurðum, bæði innanlands og utan.

9. gr.

Landinu skal skipta í verðlagssvæði eftir aðstöðu til markaðs og flutninga. Nefndin skal ákveða verðlag á hverju verðlagssvæði fyrir sig.

10. gr.

Kjötverðlagsnefnd gerir þær ráðstafanir, er hún telur þurfa til þess, að innlendi markaðurinn notist sem bezt. Hún hefir eftirlit með því, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og í allri meðferð sláturfjárafurða og verzlun með þær. Í því skyni getur nefndin takmarkað fjölda útsölustaða, þar sem henni virðist þurfa, svo og takmarkað flutninga milli verðlagssvæða, ef hún telur hættu á, að markaður verði á einhverjum stað ofhlaðinn.

11. gr.

Kjötverðlagsnefnd er heimilt, ef hún telur þess þörf, að láta ákvæði þessara laga um sölu og verðjöfnunartillag gilda um nautakjöt og fleiri sláturfjárafurðir.

12. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Í reglugerð má ákveða sektir við brotum gegn henni.

13. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum, allt að 10000 krónum. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

14. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

## Nd. 374. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám l. nr. 31 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og l. nr. 50 16. okt. 1907, um sölu kirkjujarða.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um þetta mál. Leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en við, sem skipum minni hluta nefndarinnar, leggjum til, að það verði fellt.

Það er kunnugt, að í jarðeignamálinu eru uppi tvær stefnur í landinu. Önnur sú, að ríkið eigi allar jarðir. Hin sú, að sem flestir bændur eigi sjálfir ábúðarjarðir sínar. Minni hlutinn telur, að hin síðari leiðin sé eðlilegri og líklegri til þess að skapa sjálfstæða og trausta bændastétt. Þeim annmörkum, sem nú fylgja eignayfirfærslu jarða í eigu einstaklinga við erfðaskipti og sölu, vill minni hlutinn ráða bót á með löggjöf um óðalsrétt, sem miðar að því að gera sem flestar jarðir að ættaróðulum, og ábúendur þeirra að sjálfstæðum óðalsbændum, er tengdir verði við ættaróðalið sterkum hagsmuna- og ræktarböndum. Frumvarp um þetta efni er nú í undirbúningi og verður væntanlega borið fram á yfirstandandi Alþingi.

Minni hlutinn er þess vegna alveg mótfallinn því að afnema þá heimild, sem nú er í lögum til sölu þjóðjarða og kirkjujarða. Sú heimild hefir og verið lítið notuð undanfarandi, og ekki líklegt, eins og nú er ástatt um fjárhagsafkomu landbúnaðarins, að hún verði notuð til muna á næstunni. Ætti það að vera nægileg huggun þeim mönnum, sem nú sækja fastast á, innan þings og utan, að fá ríkisjarðasöluheimildina afnumda.

Alþingi, 9. nóv. 1934.

Guðbr. Ísberg, frsm. Jón Pálmason.

## Ed. 375. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 370 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Við tölul. 1. Aftan við liðinn bætist:

a. Lína frá Silfrastöðum um Flatatungu að Gilsbakka.
b. Lína frá Reynistað um Sæmundarhlíð að Sólheimum.
c. Lína frá Sauðárkróki um Reykjaströnd að Reykjum.
d. Lína frá Haganesvík um Stóru-Reyki að Austara-Hóli í Flókadal, með hliðarlínu að Barði.

## Ed. 376. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 370 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flm.: Þorst. Þorsteinsson.

Við tölul. 1. Á eftir orðunum „Vífilsdal hinn neðri" komi: Lína frá Tjaldanesi í Saurbæ að Staðarhóli.

## Nd. 377. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Hornafirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til hafnargerðar á Hornafirði veitist úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 52000.00 — fimmtíu og tvö þúsund krónur —, gegn ⅗ úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns. Með kostnaði við hafnargerð teljast nauðsynlegar dýpkanir á höfninni og innsiglingaleiðinni.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 78000,00 — sjötíu og átta þúsund kr. — lán, er hafnarsjóður Hafnarkauptúns kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð Nesjahrepps og sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er stunga, grjót eða möl og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, er hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hreppsnefndar Nesjahrepps og sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu.

5. gr.

Bryggjur og önnur mannvirki við höfnina má ekki gera nema í samráði við hafnarnefnd og með samþykki hreppsnefndar Nesjahrepps. Hver sá, er gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefnd beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar. Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn þessari grein varðar sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eigenda.

6. gr.

Hreppsnefnd Nesjahrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins. Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir einstakra manna, sem liggja að höfninni og nauðsynleg kynnu að verða til hagnýtingar hennar.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 kosnir af hreppsnefnd Nesjahrepps, en 2 af sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára, gengur 1 úr árlega fyrstu 4 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 3 nefndarmanna skulu eiga heima í Hafnarkauptúni eða nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar er heimilt að innheimta þau gjöld, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.

2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Hornafjarðarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestargjald,
   b. Vitagjald,
   c. Vörugjald.
      Undanskildar skulu þó þær vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum og bátum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 2% af magni afla skipa og báta, sem heima eiga í kauptúninu, svo og allra þeirra skipa og báta, er leggja þar afla á land.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Nesjahrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveðið, hver skuli greiða þau og innheimta. Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölul. 2. a, b og c.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar, og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efna-

hagsreikning hennar. Reikningurinn skal endurskoðaður og úrskurðaður á sama hátt og hreppsreikningur.

16. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu eða öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—500 krónur. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

17. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 378. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á eftirtöldum vöruflokkum:

a. Bifreiðum allskonar og bifhjólum, hvort heldur er til mannflutninga eða vöruflutninga.
b. Bifreiða- og bifhjólahlutum, þar með töldum hjólbörðum (tires) og slöngum.
c. Mótorvélum allskonar, sem ganga fyrir olíu eða benzíni, og öllum hlutum til þeirra.
d. Rafmagnsvélum og áhöldum og raflagningarefni. Skal undir þann flokk telja: Rafmagnsmótora, rafala, aðrar rafmagnsvélar og vélahluta, rafgeyma og rafhylki, rafmagnslampa, glóðarlampa (ljósakúlur), rafmagnsmæla, rofa og öryggi, loftskeytatæki, dýptarmæla, röntgentæki, talsíma- og ritsímaáhöld, eirvír og vafinn vír, snúrur og strengi (kabil) úr eir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á einum framantalinna vöruflokka án þess að hinir fylgi með, og henni er einnig heimilt að taka einkasölu á einstöku vörutegundum innan vöruflokka þeirra, sem getur í 1. gr., án þess að tekin sé einkasala á þeim vöruflokki öllum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð allt nánara skipulag einkasölunnar, þar á meðal, hversu fer um vörur þær, sem um ræðir í 1. gr. og óseldar eru í landinu þegar einkasalan hefst.

4. gr.

Ríkisstjórnin leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölunnar, svo og til viðgerðarverkstæða fyrir bifreiðar og mótora, eftir því sem þykir þurfa, og er henni heimilt að taka það að láni. Heimilt skal ríkisstjórninni að leggja rekstur einkasölunnar að nokkrum hluta eða að öllu leyti undir þær ríkiseinkasölur eða ríkisstofnanir, sem fyrir eru.

Verzlunarhagnaður af einkasölunni rennur í ríkissjóð.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—50000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum. Hver sá hlutur, sem ræðir um í 1. gr. a—d og ólöglega er fluttur inn í landið, skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasölunnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 379. Frumvarp

til laga um skyldu milliferðaskipa til að hafa talstöð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Öll skip, sem eru í förum milli landa, skulu hafa talstöð. Undanþegin þessari kvöð eru þó þau skip, sem hafa loftskeytastöð.

2. gr.

Landssímastjóri ákveður afl og bylgjulengd stöðvar og setur reglur um starfrækslu hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 380. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 22. okt. 1912, um sölu á eggjum eftir þyngd.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. nóv. 1934.

Páll Hermannsson, form. Jón Baldvinsson, fundaskr., frsm. Jónas Jónsson.

Þorsteinn Briem. Pétur Magnússon.

## Ed. 381. Nefndarálit

um frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og er í aðalatriðum samþykk því. Nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram breytingartillögur, og eru einstakir nefndarmenn með óbundið atkvæði gagnvart þeim.

Alþingi, 9. nóv. 1934.

| Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. | Ingvar Pálmason, fundaskr. | Pétur Magnússon. |
|---|---|---|

## Ed. 382. Breytingartillaga

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni og Ingvari Pálmasyni.

Við 4. gr. 2. málsgr. falli niður.

## Ed. 383. Nefndarálit

um frv. til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir athugað þetta frumvarp og auk þess sent það til umsagnar stjórna bankanna, Landsbankans og Útvegsbankans, og átt viðtal á fundi við bankastjóra þessara banka sameiginlega, og kom fjármálaráðherra á þann fund. Fjárhagsnefnd neðri deildar var einnig boðið á fundinn.

Þá var frv. og sent til umsagnar til Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Verzlunarráðs Íslands. Hefir Sambandið lagt með frv., en Verzlunarráðið telur gjaldeyrisskömmtun eina nægja. Umsögn bankaráðs Landsbankans fylgir með nefndaráliti þessu, prentað sem fylgiskjal.

Fjárhagsnefnd er ekki sammála um frv. Meiri hlutinn (BSt og JBald) telur eigi hjá því komizt, eins og milliþjóðaviðskiptum nú er háttað, að hafa áfram víðtækar hömlur á innflutningi erlendrar vöru og ríkt eftirlit með því, að sá erlendi gjaldeyrir, sem fæst fyrir íslenzkar afurðir, sé notaður fyrst og fremst til greiðslu óhjákvæmilegra nauðsynja landsmanna og atvinnuveganna og í nauðsynlegar greiðslur ríkissjóðs og banka erlendis.

Meiri hluti fjárhagsnefndar vill því samþykkja frumvarpið með nokkrum breytingum, en minni hlutinn (MJ) mun gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti. Breytingar þær, sem meiri hlutinn vill gera á frumvarpinu, eru í samræmi við athugasemdir þær, er fram komu af hálfu bankastjóranna á

fundi þeim, er að framan getur, og hefir fjármálaráðherra fallizt á þær. Nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að koma fram með eða vera með frekari breytingum.

Meiri hl. fjárhagsnefndar leggur það til, samkvæmt framansögðu, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Fyrstu málgrein skal orða svo:
   Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið. Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi flytja til landsins, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar. Ennfremur, að engan erlendan gjaldeyri megi láta af hendi, nema með leyfi nefndarinnar, og sé gjaldeyrinum úthlutað eftir reglum, samþykktum af bönkum þeim, sem fulltrúa eiga í gjaldeyrisnefnd. Leyfi þarf þó eigi til þess að inna af hendi erlendar greiðslur af lánum ríkissjóðs og lánum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eða fyrir greiðslum erlendis í þarfir bankanna.

Alþingi, 9. nóv. 1934.

| | |
|---|---|
| Jón Baldvinsson, form. | Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. |

**Fylgiskjal.**

LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 23. okt. 1934.

Á fundi bankastjórnar Landsbanka Íslands, sem haldinn var í gær, var eftirfarandi samþykkt út af fyrirspurn hæstvirtrar fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis í bréfi, dags. 12. þ. m.:

„Bankastjórnin er samþykk þeim aðaltilgangi frumvarps til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl., sem nú liggur fyrir Alþingi, að enginn megi verzla með erlendan gjaldeyri, nema Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f, og að engar vörur megi flytja til landsins, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar, og engum erlendum gjaldeyri ráðstafa, nema með leyfi nefndarinnar og bankanna".

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst.

Landsbanki Íslands
Bankaráðið

Jón Árnason.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

**Ed.** **384. Lög**

um að verja útflutningsgjaldi af síld til hlutaruppbótar sjómönnum.

(Afgreidd frá Ed. 9. nóv).

Samhljóða þskj. 144.

**Ed.** **385. Lög**

um breytingar á lögum nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Afgreidd frá Ed. 9. nóv.).

Samhljóða þskj. 44.

**Nd.** **386. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Við 21. gr. Stafliður b. orðist svo:

Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir, og með verðlagi, er yfirskattanefnd ákveður árlega fyrir hver áramót, eftir tillögum undirskattanefnda.

**Nd.** **387. Nefndarálit**

um frv. til laga um, að efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlenda framleiðslu, skuli undanþegið innflutningstollum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um, að nauðsyn beri til að styðja að því, að tunnur þær úr tré og málmi, er vér þurfum til umbúða um innlendar framleiðsluvörur, verði smíðaðar hérlendis af hérlendum mönnum, og telur þá tollívilnun, sem farið er fram á í frumvarpinu, heppilega sem tilraun til að ná því marki. Einnig er nefndin sammála um að leggja til, að samskonar ívilnun verði veitt veiðarfæraiðnaði landsmanna, með því að afnema vörutoll af ónunum hampi til veiðarfæragerðar. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Til loka ársins 1937 skal undanþegið hverskonar innflutningstollum efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur, svo og óunninn hampur til veiðarfæragerðar.
2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
   Frumvarp til laga um, að undanþegið skuli innflutningstollum efni í tunnur og óunninn hampur til veiðarfæragerðar.

Alþingi, 9. nóv. 1934.

Páll Zóphóníasson, form. Emil Jónsson, fundaskr. Guðbr. Ísberg, frsm.
Jakob Möller. Bjarni Ásgeirsson.

## Ed. 388. Breytingartillaga

við frv. til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Þorsteini Briem.

Við 6. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nú verður verð á útfluttu kjöti tilfinnanlega lágt, svo að verðjöfnunarsjóður hrekkur hvergi nærri til að bæta upp verð útflutta kjötsins til nokkurs samræmis við kjötverð á innlendum markaði, og er ríkisstjórninni þá heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag til verðjöfnunarsjóðs til aukaverðuppbótar á útflutt kjöt, allt að þeirri upphæð, er aðrar tekjur sjóðsins nema það söluár.

## Ed. 389. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febrúar 1872.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. nóv. 1934.

Ingvar Pálmason, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Jón A. Jónsson.

## Ed. 390. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. nóv. 1934.

| Ingvar Pálmason, form. | Jón A. Jónsson, frsm. | Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. |
|---|---|---|

## Nd. 391. Nefndarálit

um frv. til l. um bann gegn útflutningi á síldarmjöli.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, í samráði við landbúnaðarráðherra og landbúnaðarnefnd, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra er heimilt að banna útflutning á síldarmjöli úr landinu, ef nauðsyn þykir vegna fóðurskorts.
2. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til laga um útflutning á síldarmjöli.

Alþingi, 10. nóv. 1934.

| Finnur Jónsson, form. | Bergur Jónsson, fundaskr., frsm. | Páll Þorbjörnsson. |
|---|---|---|
| Sigurður Kristjánsson. | Jóhann Þ. Jósefsson. | |

## Ed. 392. Nefndarálit

um frv. til laga um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir haldið allmarga fundi um málið. Próf. Guðm. Thoroddsen mætti á einum fundi, eftir ósk nefndarinnar, og ræddi frv. og einstakar greinar þess við nefndina. Ennfremur átti ljósmóðir Þuríður Bárðardóttir allýtar-

legt viðtal við nefndina um málið. Sömuleiðis 5. landsk. (GL), sem borið hefir fram breytingartillögur við frv.

Þá hafa nefndinni og borizt umsagnir frá Kvenréttindafélagi Íslands, Bandalagi kvenna, Ljósmæðrafélagi Reykjavíkur og Mæðrastyrksnefnd um frumvarpið. Allir þessir aðilar mæla með frv. í aðalatriðum, þó hjá sumum komi fram mismunandi skoðanir um einstakar greinar þess.

Eftir ýtarlega athugun leggur nefndin einróma til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 10. gr. Greinin falli niður. Greinatala og tilvitnanir breytist samkvæmt því.

Alþingi, 10. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurjón Á. Ólafsson, form. | Pétur Magnússon. | Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm. |

## Ed. 393. Breytingartillaga

við frv. til laga um verzlun með tilbúinn áburð.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni og Magnúsi Jónssyni.

Við 2. gr. Á eftir orðunum „20 krónur á tonn“ komi: Mismun á þessu flutningsgjaldi eða því flutningsgjaldi, sem samið er um, og venjulegu flutningsgjaldi fyrir álíka þunga vöru er Eimskipafélagi Íslands og Skipaútgerð ríkisins skylt að færa til reiknings, er skoðist sem framlag af hálfu þessara stofnana til áburðareinkasölunnar.

## Ed. 394. Frumvarp

til laga um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Frá 1. janúar 1935 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn nokkra tegund af eldspýtum né vindlingapappír.

Ákvæði laga þessara ná eigi til eldspýtnaforða skipa, sem koma til landsins, ef hann telst hæfilegur handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar eru meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 10. og 11. grein.

2. gr.

Tóbakseinkasala ríkisins skal annast innkaup á eldspýtum þeim og vindlingapappír, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., og selja kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum og kaupmönnum, en eigi öðrum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með birgðir þær af eldspýtum og vindlingapappír, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1935, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Gjaldið má þó eigi vera hærra en nemur álagningu tóbakseinkasölunnar.

4. gr.

Tóbakseinkasala ríkisins skal leggja frá 25 til 100 af hundraði á eldspýtur, eftir því sem henta þykir um hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Heildsöluálagning á vindlingapappír er óbundin.

5. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll þar, sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir.

6. gr.

Ágóða þann, sem verður af rekstri þessarar einkasölu, skal telja með tekjum tóbakseinkasölu ríkisins.

7. gr.

Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa hæfilegan forða af eldspýtum og vindlingapappír fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað af vörusendingum innanlands greiði viðskiptamenn.

8. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð á eldspýtum og vindlingapappír í smásölu.

9. gr.

Á umbúðir allra tegunda af eldspýtum og vindlingapappír, sem einkasalan flytur inn, skal vera letrað „Tóbakseinkasala ríkisins“.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á vindla- og vindlingakveikjurum, og skulu um einkasölu á þeim gilda sömu reglur eins og segir í lögum þessum um einkasölu á vindlingapappír.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 50 til 20000 krónum, ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skulu vörur þær, sem lög þessi taka til, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, gerðar upptækar

og afhendast tóbakseinkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 395. Nefndarálit

um frv. til laga um að prestlaunasjóður skuli niður felldur og um innheimtu prestsgjalda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það sé samþykkt.

Alþingi, 8. nóv. 1934.

Héðinn Valdimarsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson.
Thor Thors. Garðar Þorsteinsson.

## Nd. 396. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 387 [Tunnuefni].

Frá Finni Jónssyni.

1. Við tölul. 1. Á eftir orðunum „hverskonar innflutningstollum“ komi: í ríkissjóð og vörugjöldum til hafnarsjóða.
2. Við tölul. 2. Brtt. orðist svo:
   Frv. til laga um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp.

## Nd. 397. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 19. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 20. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Atvinnumálaráðherra er heimilt að veita þeim mönnum, er skipstjóraréttindi hafa á íslenzku skipi í innanlandssiglingum, allt að 60 rúmlesta, rétt til skipstjórnar

á slíku skipi, þótt stærra sé, en þó eigi yfir 150 rúmlestir. Slíkan rétt má þó þeim einum veita, er stýrt hefir skipi í 60 mánuði hið minnsta, enda sanni hann, að honum hafi ekki hlekkzt á í skipstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra, svo og meginmál laga nr. 49 27. júní 1925 og laga nr. 31 8. sept. 1931, inn í lög nr. 40 19. júní 1922 og gefa þau út svo breytt.

## Nd. 398. Frumvarp

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

### I. KAFLI

*Um tekjuskatt.*

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum, enda hafi hann verið heimilisfastur hér a. m. k. 6 mánuði af skattárinu.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér fasteignir og hefir tekjur af þeim, eða af atvinnu, eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenzkum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hér á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfé í öðrum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, er þeir fá fyrir slík störf.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annara ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti þeirra erlendra og íslenzkra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

3. gr.

Tekjuskatt greiða ennfremur:

a. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.
b. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnufélög.
c. Önnur félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 3 félagar í verzlunarfélagi eða öðru atvinnufélagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern einstakan félaga, ef ósk kemur fram um það frá félaginu, um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks félaga.

Slík félög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu, samskonar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um skattskyldu þeirra, sem erlendis eru búsettir.

4. gr.

Undanþegið öllum tekjuskatti er konungur og borðfé hans og ættmanna hans, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög og fyrirtæki, er þau reka, og sjóðir þeirra, íslenzkir kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og ennfremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar og sendikonsúlar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða alþjóðlegri stofnun innlendri, eigi hér fasteignir eða hafi tekjur af þeim, reki atvinnu eða eigi hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hér á landi.

6. gr.

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

| | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| af | 1000 | til | 2000 | kr. | greiðist | 10 | kr. | af | 1000 | kr. | og | 2 | % | af | afgangi |
| — | 2000 | — | 3000 | — | — | 30 | — | — | 2000 | — | — | 4 | — | — | — |
| — | 3000 | — | 4000 | — | — | 70 | — | — | 3000 | — | — | 7 | — | — | — |
| — | 4000 | — | 5000 | — | — | 140 | — | — | 4000 | — | — | 9 | — | — | — |
| — | 5000 | — | 6000 | — | — | 230 | — | — | 5000 | — | — | 11 | — | — | — |
| — | 6000 | — | 7000 | — | — | 340 | — | — | 6000 | — | — | 12 | — | — | — |
| — | 7000 | — | 8000 | — | — | 460 | — | — | 7000 | — | — | 13 | — | — | — |
| — | 8000 | — | 9000 | — | — | 590 | — | — | 8000 | — | — | 14 | — | — | — |
| — | 9000 | — | 10000 | — | — | 730 | — | — | 9000 | — | — | 15 | — | — | — |
| — | 10000 | — | 11000 | — | — | 880 | — | — | 10000 | — | — | 16 | — | — | — |
| — | 11000 | — | 12000 | — | — | 1040 | — | — | 11000 | — | — | 17 | — | — | — |
| — | 12000 | — | 13000 | — | — | 1210 | — | — | 12000 | — | — | 18 | — | — | — |
| — | 13000 | — | 14000 | — | — | 1390 | — | — | 13000 | — | — | 19 | — | — | — |
| — | 14000 | — | 15000 | — | — | 1580 | — | — | 14000 | — | — | 20 | — | — | — |
| — | 15000 | — | 16000 | — | — | 1780 | — | — | 15000 | — | — | 21 | — | — | — |
| — | 16000 | — | 17000 | — | — | 1990 | — | — | 16000 | — | — | 22 | — | — | — |
| — | 17000 | — | 18000 | — | — | 2210 | — | — | 17000 | — | — | 23 | — | — | — |
| — | 18000 | — | 19000 | — | — | 2440 | — | — | 18000 | — | — | 24 | — | — | — |
| — | 19000 | — | 20000 | — | — | 2680 | — | — | 19000 | — | — | 25 | — | — | — |
| — | 20000 | — | 22000 | — | — | 2930 | — | — | 20000 | — | — | 27 | — | — | — |
| — | 22000 | — | 25000 | — | — | 3470 | — | — | 22000 | — | — | 29 | — | — | — |
| — | 25000 | — | 28000 | — | — | 4340 | — | — | 25000 | — | — | 31 | — | — | — |
| — | 28000 | — | 33000 | — | — | 5270 | — | — | 28000 | — | — | 33 | — | — | — |
| — | 33000 | — | 38000 | — | — | 6920 | — | — | 33000 | — | — | 35 | — | — | — |
| — | 38000 | — | 44000 | — | — | 8670 | — | — | 38000 | — | — | 37 | — | — | — |
| — | 44000 | — | 50000 | — | — | 10890 | — | — | 44000 | — | — | 38,5 | — | — | — |
| — | 50000 | og | þar yfir | | — | 13200 | — | — | 50000 | — | — | 40 | — | — | — |

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr., greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 8%.

7. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, ennfremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmennta, eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.

b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 10. gr. c.); ennfremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og styrktarfé. Til skattskyldra gjafa telst m. a.: Gjafir eða hlunnindi, sem sýnilega eru gefin sem kaupauki, beinar gjafir í peningum eða öðrum skattskyldum verðmætum, sem nokkru verulegu nemur, þar með talin afhending slíkra eigna í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, sbr. 9. gr. b. Komi endurgjald fyrir þessar eignir að einhverju leyti, skal meta til tekna mismuninn á því endurgjaldi og áætluðu matsverði hinnar gefnu eignar. Undanskildar skulu þó tækifærisgjafir, nema arðberandi eignir séu gefnar.

c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigandi notar sjálfur eða lætur öðrum í té til afnota án endurgjalds; ennfremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.

d. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt bréf sé eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annari arðberandi innstæðu. Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðsútborgunar úthlutuð fríhlutabréf og úthlutanir við félagsslit, umfram upphaflegt hlutafjárframlag, og sérhver önnur afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Arð hlutafélags af eign í eigin hlutabréfum skal reikna á sama hátt og af bréfum einstakra hluthafa.

Til arðs af verðbréfum (t. d. skuldabréfum og víxlum) teljast afföll af slíkum bréfum, en heimilt er að telja afföllin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborgunartímans.

e. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina, eða öðlazt hana á annan hátt, í því skyni að selja hana aftur með ágóða og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.

f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku, nema skattfrjálst sé samkvæmt sérstökum lögum.

Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefir myndazt krafa á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.

8. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem um ræðir í 3. gr., teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til eignaaukningar, yfirfærslu til næsta árs, óvenjulegra fyrninga og safnað er í tryggingarsjóði, aðra en varasjóð, heldur og þær tekjur, sem varið er til þess að greiða hluthöfum og félags-

mönnum arð eða vexti af innborguðu fé og til myndunar eða aukningar varasjóða, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir.

Skattskyldar tekjur vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og iðgjaldateknanna af allri starfsemi þess.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra vátryggingarfélaga til þess að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til þess að inna af hendi skyldur sínar gagnvart vátryggðum.

Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, samkv. l. nr. 36 27. júní 1921, í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu, og ennfremur vexti af stofnsjóði, og telst það eigi til skattskyldra tekna hjá félaginu. Á sama hátt mega slík félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau þannig úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts sem tekjur hinna einstöku félagsmanna. Ennfremur skal draga frá tekjum samvinnufélaga helming af varasjóðstillagi því, sem ákveðið er í 24. gr. laga nr. 36 27. júní 1921.

Ef kaupfélag selur einnig öðrum vörur en félagsmönnum sínum, er allur arðurinn af slíkri sölu skattskyldar tekjur hjá félaginu. Geti félagið ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur.

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a., mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé. Ef nokkuð af ársarðinum er lagt í varasjóð, þá er helmingur þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Ef nokkur upphæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla félagsins, skal telja ⅗ þeirrar fjárhæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna félagsins á því ári. Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

9. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði, — hinsvegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði, — ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbréfum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða hún falli undir ákvæði í 7. gr. e. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
b. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, örorkubóta eða þess háttar.

c. Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda, sem sannazt hefir um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir. Eftirgjöf skulda telst þó til tekna, ef eftirgjöfin kemur fram sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi.
d. Endurgreiðsla, er skattgreiðandi fær er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

10. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:
a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Sömu reglu um fyrningu skal fylgja frá ári til árs. Nánari ákvæði um hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og er þar heimilt að ákveða til frádráttar vegna fyrningar og viðhalds fasteigna vissa hlutfallstölu (prósentu) af fasteigna- eða brunabótaverði þeirra.

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann sjálfur hefir lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé. Og ekki má færa til gjalda greiðslu fyrir einkaleyfi eða verzlunarleyfi.
b. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og séu færðar fullnægjandi sönnur fyrir tapinu. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er sannreynt þykir, að hún er töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.

Tap, sem verður á atvinnurekstri félags eða einstaklinga og nemur meiru en varasjóði, má flytja á milli ára og draga frá skattskyldum tekjum þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð.
c. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefir haft í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættum hvíla.
d. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Ennfremur skal draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald en 500 krónur.

e. Iðgjöld til sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærra en sem svarar 2% af hreinum tekjum aðila.
f. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem ræðir um í staflið a. Þó má ekki færa til gjalda dráttarvexti af sköttum eða útsvörum, vexti af skuldum stofnuðum vegna húsbygginga, sem áfallnir eru áður en húsin eru tekin í notkun. Afföll af keyptum verðbréfum skala færa til gjalda skv. reglunum í 7. gr. d.-lið, síðustu málsgr.
g. Aukaútsvör, tekjuskatt og eignarskatt, sem greitt hefir verið á árinu.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi (sbr. 2. gr. og 3. málsgr. 3. gr.), má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

11. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu. Rétt er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign hennar eða sératvinnu.

Tekjur barna, sem í foreldrahúsum eru (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn), skal telja sérstaklega til skattgjalds.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

12. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 10. gr., skal draga sem hér segir.

a. Fyrir einstakling: Í Reykjavík 800 kr., annarsstaðar á landinu 600 kr.
b. Fyrir hjón: Í Reykjavík 1500 kr., annarsstaðar á landinu 1200 kr.
c. Fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt: 500 kr. fyrir hvert barn. Sama er um foreldri, systkini, ættingja og vandamenn, sem skattgreiðandi hefir á framfæri sínu. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur 500 kr. eða meiru.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar.

Að loknum frádrætti samkv. þessari grein skal sleppa því, sem afgangs verður þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og miðast hann við skattgjaldið samkv. 6. gr.

Ef tekjurnar eftir allan löglegan frádrátt nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

13. gr.

Skattinn skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila, eða hann sýni, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattanefnd þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

## II. KAFLI

*Um eignarskatt.*

14. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir: Ef eignin er yfir 5000 krónur, en undir 10000 krónum, greiðist af henni 1‰,

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| af | 10000 | til | 20000 | kr. | greiðist | 10 | kr. | af | 10000 | og | 1,5‰ af afgangi |
| — | 20000 | — | 30000 | — | — | 25 | — | — | 20000 | — | 2 — — — |
| — | 30000 | — | 40000 | — | — | 45 | — | — | 30000 | — | 3 — — — |
| — | 40000 | — | 50000 | — | — | 75 | — | — | 40000 | — | 4 — — — |
| — | 50000 | — | 75000 | — | — | 115 | — | — | 50000 | — | 5 — — — |
| — | 75000 | — | 100000 | — | — | 240 | — | — | 75000 | — | 6 — — — |
| — | 100000 | — | 250000 | — | — | 390 | — | — | 100000 | — | 7 — — — |
| — | 250000 | — | 500000 | — | — | 1440 | — | — | 250000 | — | 8 — — — |
| — | 500000 | — | 1000000 | — | — | 3440 | — | — | 500000 | — | 9 — — — |
| — | 1000000 | og | þar yfir | | — | 7940 | — | — | 1000000 | — | 10 — — — |

Af eign, sem ekki nemur yfir 5000 krónum, greiðist enginn skattur.

15. gr.

Eignarskatt greiði allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign og eignarréttindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en skattur er á lagður.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða eignarskatt af þeim eignum sínum hér á landi, sem gefa af sér tekjur þær, er um ræðir í 2. gr., og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 14. gr., þó aldrei lægri en 4‰ af hinum skattskyldu eignum.

16. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir

tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

17. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 14. og 15. gr., allar fasteignir og allt lausafé skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar og verðbréf, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi, húsgögn og aðrir innanstokksmunir og skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgrein 15. gr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. — Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

18. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

a. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
b. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
c. Réttur til leigulauss bústaðar, eða önnur afnotaréttindi.
d. Bækur og fatnaður til einkaafnota.

19. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati, eða áætluðu matsverði, ef fasteignamat er ekki fyrir hendi.
b. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir, og með verðlagi, er yfirskattanefnd ákveður árlega fyrir hver áramót, eftir tillögum undirskattanefnda.
c. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátryggðar.
d. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað.
e. Hlutabréf skulu talin til eignar með gangverði, ef það er skráð opinberlega. Óskráð hlutabréf skulu metin til eignar samkv. efnahagsreikningi félagsins, eins og hann var samþykktur á síðasta aðalfundi þess. Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til þess að telja þau ótrygg.
f. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema færðar séu sönnur á, að þær séu minna virði.
g. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.

Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.

20. gr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu. Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ómyndugra, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra.

21. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100; því, sem fram yfir er, skal sleppt.

## III. KAFLI

*Um skattanefndir o. fl.*

22. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur samkvæmt lögum þessum er ákveðinn af skattanefndum í hreppum og skattanefndum eða skattstjóra í kaupstöðum. Í skattanefnd sitja 3 menn. Í hreppum: Hreppstjóri eða sá, er að lögum gegnir starfi hans, einn maður tilnefndur af sýslumanni og einn kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum: Bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn kosinn af bæjarstjórn. Sé bæjarfógeti jafnframt bæjarstjóri kaupstaðarins, tilnefnir hann tvo menn í nefndina.

Skipa skal tvo varamenn, er taka sæti í skattanefndum í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn kýs bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, er bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kýs skattanefnd sjálf formann um stundarsakir.

23. gr.

Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra skattstjóra og varaskattstjóra. Hefir skattstjóri Reykjavíkur sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan Reykjavíkur.

Heimilt er fjármálaráðherra að gera sömu tilhögun um ákvörðun skatts í hinum öðrum kaupstöðum og sett er fyrir Reykjavík.

24. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og tveir menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo

varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður. Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra 3 menn í yfirskattanefnd og 3 varamenn. Hann ákveður og, hver skuli vera formaður nefndarinnar.

25. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í ríkisskattanefnd og jafnmarga varamenn. Ákveður ráðherra, hver skuli vera formaður nefndarinnar. Einn nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði, en annar á sjávarútvegi og viðskiptum. Ríkisskattanefnd hefir skrifstofu í Reykjavík.

26. gr.

Enginn má sitja í skattanefnd, yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð,
2. sé fjárráður,
3. hafi náð lögaldri.

Í skattanefnd mega ekki sitja saman skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja, hjón, kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, hvorki sem aðalmenn né varamenn.

Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn skulu eiga heimili í skattumdæminu og ríkisskattanefndarmenn skulu eigi heimili í Reykjavík.

27. gr.

Sami maður má ekki eiga sæti nema í einni skattanefnd. Skattanefndarmenn, aðrir en bæjarstjórar, hreppstjórar og skattstjórar, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar meðnefndarmaður fer frá 3. hvert ár, eftir hlutkesti í fyrsta sinn. Ef nefndarmaður fer frá eða deyr áður en tími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja í nefndinni.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa svo oft sem vill. Nefndarstarfið er borgaraskylda, sem enginn löghæfur maður getur skorazt undan að gegna, nema hann hafi verið í skattanefnd í 6 ár samfleytt eða sé orðinn 60 ára gamall.

Skattstjórar í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (sbr. 23. gr.) og formaður ríkisskattanefndar skulu skipaðir til 6 ára.

28. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar, er eigi hafa áður unnið heit embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, er þeir sitja, undirrita í gerðabók nefndarinnar drengskaparheit um það, að þeir skuli gegna starfinu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu um allt, er þeir fá vitneskju um í starfinu og varðar eignir og tekjur gjaldþegna.

29. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun eða kæru, ef það mál varðar sjálfan hann, konu, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini eða fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali, eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í nefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

30. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar fá laun fyrir störf sín sem hér segir:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annarsstaðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 8 krónum og ekki vera minni en 4 krónur fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
b. Yfirskattanefndarmenn utan Reykjavíkur fá 8 krónur á dag og ferðakostnað. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
c. Borgun til skattstjóra, yfirskattanefndarmanna í Reykjavík og ríkisskattanefndar fer eftir samningi við fjármálaráðherra.

Þóknun til skattanefnda og skattstjóra greiðist úr ríkissjóði. Formenn yfirskattanefnda úrskurða reikninga skattanefnda og greiða þá á manntalsþingum. Fjármálaráðuneytið úrskurðar reikninga skattstjóra, yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

## IV. KAFLI

*Um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl.*

31. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir þegar skattanefnd tekur til starfa. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu sett í skatt þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda beri téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiði skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ráðuneytið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

32. gr.

Allir þeir, er hafa tekjur samkv. 7. gr. eða eignir samkv. 17. gr., skulu afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir og á hverjum þeim, sem veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og þeim, er hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráður, og einnig á skiptaráðendum dánar- og þrotabúa.

Skýrslur þessar skulu komar í skattstofuna í Reykjavík fyrir lok janúarmánaðar, en í hendur skattanefnd eða skattstjóra annarsstaðar á landinu fyrir lok febrúarmánaðar. Skattstjóri eða skattanefnd getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt mönnum frest til framtals til 15. marz.

Þeir, sem reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, þurfa ekki að hafa skilað framtölum sínum fyrr en 31. marz í Reykjavík og 20. marz annarsstaðar á landinu, og vátryggingarfélög eigi fyrr en 30. júní.

Nú þykist framteljandi ekki sjálfur vera fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar og eignir, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess, en hann er skyldur að láta skattanefnd í té allar upplýsingar, er hún þarf, til þess að gera framtal hans sem réttast.

Hvenær sem skattanefnd þykir þörf á, getur hún krafizt þess, að skattframteljendur leggi bækur sínar fyrir hana, eða einstaka nefndarmenn, eða einn eða tvo reikningsfróða menn utan nefndarinnar, er ekki séu keppinautar framteljanda.

33. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og annara félaga og stofnana eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar þær skýrslur, er þær beiðast og unnt er að láta þeim í té, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabréf, vaxtabréf, hlutabréf og arð, um vaxtafé í bönkum, sparisjóðum og annað því um líkt. Ríkisskattanefnd hefir og ætíð aðgang að bókum banka og sparisjóða og annara peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hún felur að rannsaka skuldir, innieignir, verðbréfaeign og annað, er lýtur að efnahag gjaldþega. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá því, hvaða kaup þeir greiða hverjum manni, þar með talin stjórnarlaun, ágóðaþóknun, gjafir o. fl.

34. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún ákveða tekjuupphæð og eign hvers eins. Heimilt er skattanefnd að leiðrétta einstaka liði framtals, án þess að gera aðila aðvart, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög eða fyrirmæli, eða telja má að óyggjandi upplýsingar um viðkomandi atriði séu fyrir hendi. Nú er framtalsskýrsla, eða einstakir liðir hennar, ófullnægjandi og óglögg og tortryggileg, eða nefndin telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hún þá skora á framteljanda að láta í té skýringar þær eða sannanir, er hún telur vanta, innan ákveðins tíma, og er hann skyldur að verða við áskorun nefndarinnar. Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir til tekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir beztu vitund. Dvelji hann utanlands, eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum aðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur

hans og eign svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttri, enda skal hún vera að minnsta kosti 10% hærri heldur en skattmat næst á undan, og ef vanrækslа er ítrekuð, skal hækkunin vera minnst tvöföld á við hækkunina árið á undan. Komi síðar í ljós, að áætlun hefir verið of lág, er heimilt að reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra en 5 ár aftur í tímann.

35. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og af eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar.

36. gr.

Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skrá, er nefnist skattskrá, um alla þá, er eiga að greiða tekjuskatt eða eignarskatt í umdæmi hennar. Í Reykjavík þarf skattskrá þó ekki að vera fullgerð fyrr en 24. dag maímánaðar. Á skattskrá skal greina skattskyldar tekjur samkv. 7. og 8. gr., frádrátt samkv. 10. og 12. gr. og tekjuskatt, skattskyldar eignir samkv. 17. gr. og eignarskatt hvers gjaldanda. Jafnframt skal skattanefnd semja aðra skrá um tekjur og eignir framteljenda, er ekki greiða tekju- eða eignarskatt.

Skattskráin skal lögð fram eigi síðar en 25. dag maímánaðar í Reykjavík og annarsstaðar á landinu eigi síðar en 1. dag aprílmánaðar. Skal hún liggja til sýnis 2 vikur, í hreppum á þingstaðnum eða öðrum hentugum stað, er skattanefnd auglýsir, í kaupstöðum í bæjarþingstofu, skattstofu eða skrifstofu lögreglustjóra, og í Reykjavík í skattstofu eða bæjarþingstofu.

Sérhver skattþegn getur krafizt munnlegra upplýsinga um það hjá skattanefnd, eftir hverju hafi verið farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

37. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína bréflega fyrir formanni skattanefndar, eða skattstjóra, í Reykjavík innan 14 daga frá því skattskrá er framlögð, en annarsstaðar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar, ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður felldur um kæruna fyrir 15. dag júnímánaðar í Reykjavík, en annarsstaðar fyrir lok aprílmánaðar og hlutaðeigendum gert aðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðréttir skrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem felldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er ekki greiða skatt, tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

38. gr.

Úrskurði skattanefndar eða skattstjóra má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert bréflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sé kæra ekki komin í hendur formanns yfirskattanefndar í Reykjavík fyrir 30. dag júnímánaðar og annarsstaðar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sinnt. Þó er yfirskattanefnd heimilt að taka til greina kærur, er síðar koma fram, ef kærandi gerir sennilegt, að hann hafi, vegna fjarveru eða annara forfalla, eigi getað kært áður en kærufrestur var úti, eða um leiðréttingu á augljósum reikningsvillum við ákvörðun skattsins sé að ræða, en leita skal nefndin álits skattanefnda eða skattstjóra um kærur þessar. Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur fyrir 15. júlí í Reykjavík og annarsstaðar fyrir maílok og tilkynna aðilum úrslitin tafarlaust.

Yfirskattanefnd úrskurðar einnig, hvort og að hve miklu leyti skuli taka til greina umsóknir þær, sem henni hafa borizt frá skattanefndum um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, er getið er í 35. gr.

Svo skal og yfirskattanefnd úrskurða kærur yfir úrskurðum niðurjöfnunarnefnda á útsvörum, samkv. fyrirmælum laga um útsvör.

39. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi sínu og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldum sínum. Ef nefndinni virðast framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, svo sem að einhver sé vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan leiðrétta skrána eftir því, sem henni þykir rétt vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal hún tafarlaust tilkynna það skattanefnd og sömuleiðis þeim aðilum, er breyting varðar.

Yfirskattanefnd skal hafa lokið störfum sínum fyrir 15. júlí í Reykjavík og annarsstaðar á landinu fyrir maílok, og sendir hún þá skattskrána ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er engan skatt greiða, til ríkisskattanefndar. Þó getur fjármálaráðherra veitt yfirskattanefnd lengri frest, ef um stórfelldar lagfæringar á skattskránni er að ræða.

40. gr.

Úrskurði yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, enda sé það gert bréflega og kæran, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum, komin til formanns fyrir júlílok — annarskostar verður henni ekki sinnt. — Ríkisskattanefnd skal leggja úrskurð á kærur úr Reykjavík fyrir septembermánaðarlok, en aðrar kærur fyrir nóvemberlok og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilum úrslitin tafarlaust.

41. gr.

Ríkisskattanefnd skal hafa eftirlit með störfum skattanefnda, skattstjóra og yfirskattanefnda og samræma skattaframtöl og skattaákvörðun í hinum einstöku skattaumdæmum. Skulu nefndarmenn, eða þeir er nefndin kveður til

þess, ferðast um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda í þessu skyni, þegar ástæða þykir til, og yfir höfuð leiðbeina um allt, er að skattaákvörðun og skattaframtali lýtur. Nefndin skal og yfirfara skattskrár og framtalsskýrslur. Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er framkvæmd laga þessara varðar, og getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattanefndum, skattstjórum og yfirskattanefndum, svo og hjá lánsstofnunum og öðrum þeim, er í 33. gr. greinir. Loks getur ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en jafnan skal hún þá gera aðilum aðvart áður en hún breytir skattgjaldi þeirra án þess að yfir hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir dómstóla, og einnig getur fjármálaráðherra leitað álits dómstóla um önnur ágreiningsatriði.

Svo skal og ríkisskattanefnd úrskurða kærur yfir úrskurðum yfirskattanefnda á útsvörum samkvæmt fyrirmælum laga um útsvör.

42. gr.

Skattanefndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjármálaráðuneytið lætur gera á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

Í gerðabækur skattanefnda skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði. Skattskrá skal þó eigi rita í gerðabók skattstjóra. Yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir

43. gr.

Formenn skattanefnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnefnd í té ókeypis endurrit af skattskrám, til afnota við niðurjöfnun útsvara. Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar gefa Hagstofunni skýrslur um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

44. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir eftirlit með því, að skattanefndir allar og skattstjórar ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefir það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa skattanefnda og skattstjóra á öllu því, er framkvæmd þessara laga varðar.

45. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila

í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefir eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

## V. KAFLI

*Refsiákvæði.*

### 46. gr.

Ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur, eða gerir það ekki fyrr en framtalsfrestur er liðinn, eða bætir ekki úr göllum, sem á framtali eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattanefnd eða skattstjóra, þá skal ekki færa niður skatt hans, þótt hann kæri, nema hann sanni, að tekjur hans eða eign hafi verið áætlað meira en fjórðungi hærra en í raun og veru var. Sé mismunurinn ¼ eða meiri, skal hann greiða skatt af hinum réttu upphæðum, að viðbættum ¼.

Ákvæðum þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef gjaldþegn hefir fært gildar ástæður sér til afsökunar.

### 47. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við meira en 10 ár alls. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði fjármálaráðherra, gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meiru en 10000 kr.

### 48. gr.

Sá, sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsgr. 47. gr., skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi hefir skýrt frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera bar, og því greitt minni skatt en honum bar skylda til.

### 49. gr.

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá, og skal þá gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í tímann en 5 ár, enda sé skattálagningin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp undan henni með sama hætti sem öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.

50. gr.

Skattanefndarmönnum og skattstjóra er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er að segja um þá, er veita nefndunum eða skattstjórum aðstoð við starf þeirra, eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

51. gr.

Nú gegnir einhver ekki skyldu sinni samkvæmt 33. gr., eða skorast undan að láta þar nefndar skýrslur af hendi, og sker fjármálaráðherra þá úr og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

52. gr.

Nú hefir skattanefnd eða skattstjóri ekki framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum, áður lögmæltur frestur er liðinn, og varðar það þá sektum, allt að 200 kr., og getur fjármálaráðuneytið auk þess skyldað hina brotlegu til þess að ljúka störfunum, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann, sem ekki hefir lögmæta afsökun.

53. gr.

Mál út af brotum þeim, er ræðir um í 47. gr., 1. málsgr., og 50. gr. laga þessara, skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 46. gr., 47. gr., 3. málsgr., 51. gr. og 52. gr. segir, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, en ekki skal slíkt mál höfða, nema skattþegn sjálfur, skattanefnd, skattstjóri eða fjármálaráðherra krefjist þess.

54. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með aðför.

## VI. KAFLI

*Ákvæði til bráðabirgða.*

55. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að innheimta með 10% álagi skatt álagðan á árinu 1935 samkvæmt lögum þessum. Þó skal eigi innheimta minni fjárhæð en 3 kr. hjá gjaldanda.

## VII. KAFLI

56. gr.

Fjármálaráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd og skilning laga þessara, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattanefnda og

skattstjóra. Ennfremur lætur hann gera fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað ríkissjóðs.

57. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinn lagður á árið 1935. Um leið og þau koma til framkvæmda eru úr gildi numin:

Lög nr. 74 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Tilskipun nr. 84 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Tilskipun nr. 54 4. ágúst 1924, um breyting á og viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Lög nr. 2 26. marz 1923, um breyting á lögum nr. 74 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 39 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 74 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 7 16. maí 1925, um breytingar og viðauka við lög nr. 74 27. júní 1921.

Tilskipun nr. 60 19. okt. 1925, um tekjuskatt sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn o. fl.

Tilskipun 12. apríl 1929 um breyting á og viðauka við tilskipun nr. 84 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Lög nr. 20 23. júní 1932, um ríkisskattanefnd.

Ennfremur öll önnur lög eða fyrirmæli, sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

## Ed. 399. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

b-liður 2. gr. laganna orðist svo:

Fyrir brjóstsykur, konfekt og átsúkkulaði hálft aðflutningsgjald.

Á eftir orðinu „kaffibæti“ í c-lið sömu greinar komi: ⅓ aðflutningsgjalds.

d-liður sömu greinar orðist svo:

Fyrir ávaxtasafa, öl, annað en maltöl, límonaði og aðra samskonar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, svo og sódavatn, ⅓ aðflutningsgjalds. Af maltöli greiðist þó aðeins ⅙ aðflutningsgjalds.

2. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Efnivörur til framleiðslu á innlendum tollvörutegundum skulu undanþegnar verðtolli.

3. gr.

6. gr. laganna hljóði svo:

Fjármálaráðherra setur reglugerð um vörugerðina, um húsrúm og útbúnað, þar sem vörugerðin fer fram, um geymslu á tilbúnum en óafhentum vörum, um afhendingu og sölu varanna og um bókhald vörugerðar, svo og um eftirlit til tryggingar gjaldheimtunni. Í reglugerðinni má ákveða sektir um brot gegn henni, þar á meðal dagsektir, svo og missi leyfisbréfs til tollvörugerðar.

Heimta má gjaldheimtumaður drengskaparvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

4. gr.

Lög nr. 42 8. sept. 1931 eru úr gildi felld.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

## Nd. 400. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

5. gr. laganna skal orða svo:

Sá hefir rétt til að vera 1. vélstjóri á mótorskipi með 150—250 hestafla vél, er verið hefir 2. vélstjóri við 150—250 hestafla vél í 24 mánuði, en rétt til að vera 2. vélstjóri við þá vélarstærð hefir sá einn, sem hefir verið 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél í 24 mánuði.

Þó skal vélstjóri, sem stundað hefir vélgæzlu í 36 mánuði sem 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél, miðað við gildistöku þessara laga, hafa rétt til að vera 1. vélstjóri við 150—250 hestafla vél.

## Nd. 401. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, er verður 1. gr., svo hljóðandi:
   Við 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 49 27. júní 1925 bætist: og Siglufirði.
2. Greinatala frv. breytist skv. þessu.
3. Við fyrirsögn frv. bætist: og lögum nr. 49 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum.

## Nd. 402. Breytingartillaga

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Undanþeginn skal tekjuskatti sá hluti af hreinum tekjum skattgreiðenda, einstaklinga og félaga, sem gengur til þess að jafna rekstrartöp þriggja síðustu ára og varasjóður hrekkur ekki fyrir. Skal rekstrartap hvers árs jafnað út af fyrir sig, þannig að fyrst sé jafnað tap fyrsta hallaársins af þeim þremur, sem til greina geta komið. Undanþágan kemur þó því aðeins til greina, að skattgreiðandi hafi gert fulla grein fyrir rekstrartapinu á framtali sínu til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð.
2. Við 10. gr. b. Síðari málsgr. falli niður.

## Nd. 403. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 303 [h/f Skallagrímur].

Frá Thor Thors og Bergi Jónssyni.

Aftan við breytingartill. bætist: unz séð er fyrir þessum flutningum með öðru jafnfullkomnu móti, að dómi atvinnumálaráðherra.

## Nd. 404. Breytingartillögur

við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 10. gr. b. Önnur málsgrein orðist svo:
   Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja á milli ára um tvenn áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð, og ekki sé úthlutað arði til hluthafa á því tímabili, fyrr en félagið hefir unnið upp tapið.
2. Við 19. gr.
   a. d.-liður orðist svo:
      Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum.

b. e.-liður orðist svo:

Hlutabréf skulu talin með söluverði á árinu, ef raunveruleg sala hlutabréfa hefir átt sér stað á árinu milli óskyldra gegn staðgreiðslu á minnst 2% af hlutafénu, en annars metin með áætluðu söluverði, og skal þá hafa hliðsjón af síðustu hlutabréfasölu, arðsúthlutunum og efnahagsreikningi félagsins í árslok.

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau þyki ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað.

## Ed. 405. Frumvarp

til laga um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

### I. KAFLI

### Stjórn háskólans.

1. gr.

Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild og atvinnudeild.

2. gr.

Stjórn háskólans er falin rektor háskólans og háskólaráði.

Háskólaráðið hefir úrskurðarvald í öllum þeim málum, er snerta starfsemi háskólans, samkvæmt reglugerð, er konungur setur. Háskólaráðið fer með undirbúning þeirra mála, er leggja á fyrir konung, löggjafarvald eða stjórnarráð og snerta háskólann. Það lætur stjórnarráðinu í té allar þær upplýsingar, sem það þarf á að halda og snerta háskólann sérstaklega.

3. gr.

Rektor er kosinn af prófessorum og dósentum háskólans til 3 ára í senn, en prófessorar einir eru kjörgengir.

Sá prófessor er rétt kjörinn rektor, sem fengið hefir meiri hluta greiddra atkvæða, enda hafi tveir þriðju hlutar kosningarbærra kennara átt þátt í atkvæðagreiðslunni.

Rektorskosning fer fram 14. dag maímánaðar eða næsta virkan dag.

Hafi enginn fengið yfir helming atkvæða, skal kjósa af nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er sá þá rétt kosinn, sem flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Rektor má endurkjósa, en ekki er hann skyldur að taka við endurkjöri. Rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

Birta skal stjórnarráðinu úrslit rektorskosningar.

Nú fellur rektor frá eða verður að láta af störfum áður en rektorsár hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor svo fljótt sem því verður við komið, en varaforseti háskólaráðs gegni rektorsstörfum þangað til. Skal hinn nýi rektor kosinn til 3 ára, en það, sem eftir er háskólaárs, er hann tekur við, skal teljast sem eitt ár.

4. gr.

Rektor og forsetar deildanna 5 eiga sæti í háskólaráði. Rektor er sjálfkjörinn forseti ráðsins. En varaforseta kýs háskólaráðið sér sjálft úr sínum hópi.

Háskólaráðið heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skyldur að boða til þess fundar. Svo er og, ef einn þriðji hluti kennara æskir fundar. Sé fundur haldinn eftir ósk kennara, er ekki eiga sæti í ráðinu, eiga hvatamenn fundar rétt á að senda jafnmarga fulltrúa á fundinn og margir eru menn í háskólaráðinu, og hafa þeir fulltrúar þá málfrelsi, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

5. gr.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsvið sitt og rektors, og eru þær reglur gildar, er staðfesting stjórnarráðs kemur til.

## II. KAFLI

### Háskólakennarar og háskóladeildir.

6. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og aukakennarar, en aukakennarar eru þeir kennarar nefndir, sem jafnframt gegna embættum eða öðrum aðalstörfum.

Konungur skipar prófessorana, en ráðherra dósenta og aukakennara, a. miklu leyti sem aukakennarar eru sérstaklega skipaðir til kennslunnar.

Áður en kennari er settur eða skipaður við háskólann, skal ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi háskóladeildar um kennaraefnið.

7. gr.

Hver háskóladeild velur úr sínum hópi deildarforseta (dekanus), og er hann jafnframt sjálfkjörinn í háskólaráðið.

Deildarforseta skal kjósa til eins árs í senn. Þó má endurkjósa deildarforseta, en rétt hefir hann til að neita endurkjöri þangað til ár er liðið frá því er hann gegndi síðast deildarforsetastörfum.

Allir deildarkennarar eiga atkvæði um kjör deildarforseta, en prófessorar einir eru kjörgengir.

8. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti allir kennarar deildarinnar.

Heimilt er rektor að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, eftir því sem honum lízt sjálfum, en atkvæðisrétt hefir hann þó aðeins í sinni deild.

9. gr.

Hver deild semur lestrar- og kennsluáætlun fyrir sig, og skal þar gerð nákvæm grein fyrir því, hvað heimtað er til embættisprófs, og skýrt frá því, hvernig kennarar hagi kennslu sinni.

10. gr.

Deildarforsetar skulu sjá um, að til séu í tæka tíð nákvæmar skýrslur um alla fyrirlestra og æfingar, sem halda á innan hverrar deildar á kennslumissiri því, sem í hönd fer. En rektor athugar, áður en skýrslurnar eru prentaðar, hvort þær séu í samræmi við kennsluáætlanir deildanna.

11. gr.

Stjórnarráðið skipar ritara við háskólann. Ritarinn hefir á hendi reikningsfærslu sjóða þeirra, er háskólinn eignast, og hefir umsjón með byggingum háskólans og innanhússmunum. Hann annast nauðsynlegar útveganir og endurbætur, tekur á móti skrásetningargjöldum stúdenta og prófgjöldum.

## III. KAFLI

### Kennsla og nemendur.

12. gr.

Kennsluár háskólans skiptist í 2 kennslumissiri, haustmissiri frá 15. september til 31. janúar og vormissiri frá 1. febrúar til 15. júní.

13. gr.

Fyrirlestrar fara fram í heyranda hljóði. Yfirheyrsla og æfingar eru þó fyrir stúdenta eina.

Alla fyrirlestra, æfingar og próf skal halda í háskólanum sjálfum, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

14. gr.

Heimilt skal hverjum kennara háskólans að halda fyrirlestra í háskólanum um sjálfvalin efni, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við skyldukennslu, en tilkynna skal hann rektor háskólans það áður.

15. gr.

Hver sá, kona eða karl, sem lokið hefir stúdentsprófi við hinn almenna menntaskóla eða annan lærðan skóla honum jafngildan, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald til háskólans, enda sé mannorð hans óflekkað.

Sama rétt getur háskólaráð veitt útlendingum, er fullnægja ofangreindum skilyrðum.

Hver sá, sem æskir skrásetningar, skal tilkynna það ritara háskólans og hverja námsgrein hann ætlar að stunda, og tekur ritari við skrásetningargjaldinu. Skipti stúdent um námsgrein, skal hann tilkynna það ritara, og getur hann þess í nemendaskránni.

Skrásetningargjaldið er 15 krónur.

16. gr.

Skrásettur stúdent fær háskólaborgarabréf hjá rektor.

17. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði í háskólanum og utan hans.

Verði skrásettur stúdent sekur um einhver afbrot gegn settum reglum háskólans, getur háskólaráðið gert honum hegningu. En hegningin er annaðhvort áminning eða styrkmissir, brottrekstur um lengri eða skemmri tíma eða fyrir fullt og allt.

18. gr.

Nú verður skrásettur stúdent sekur að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og er hann þá rækur.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna stjórnarráðinu.

19. gr.

Hver valdsmaður, sem stefnt hefir háskólastúdent fyrir glæp, skal tilkynna það þegar í stað rektor háskólans. Svo er og þegar hafin er réttarrannsókn gegn stúdent fyrir glæp.

20. gr.

Afskiptum háskólans af skrásettum stúdentum er þá fyrst lokið, er stúdent hefir hætt námi að fullu og öllu og tilkynnt ritara háskólans það, eða hefir ekki sótt háskólann í 4 kennslumissiri samfleytt.

## IV. KAFLI

## Próf.

21. gr.

Háskólapróf skulu haldin á þeim tíma, sem reglugerð háskólans ákveður.

22. gr.

Stúdentar mega ganga undir embættispróf, þegar þeim sýnist, hafi þeir áður staðizt fyrirskipuð undirbúningspróf, þar á meðal próf í heimspekilegum forspjallsvísindum, og leyst af hendi fyrirskipaðar æfingar.

Próf í heimspekilegum forspjallsvísindum er öllum stúdentum heimilt að ganga undir eftir tveggja missira nám við háskólann, en skylt að hafa lokið því að minnsta kosti tveim missirum áður en þeir ganga undir embættispróf.

23. gr.

Þeir, sem ganga vilja undir embættispróf, skulu hafa tilkynnt það ritara háskólans að minnsta kosti 3 vikum áður en próf byrjar. Um leið og þeir gefa sig fram, skulu þeir gjalda 20 krónur til háskólasjóðs, og tekur ritari háskólans við fénu.

Hætti stúdent við að taka próf, eftir að hann hefir látið innrita sig til prófs, á hann heimtingu á að fá prófgjaldið endurgoldið, hafi hann gefið sig fram við ritara áður en prófið byrjar.

Gangi stúdent frá embættisprófi, verður honum ekki endurgoldið prófgjaldið.

24. gr.

Stúdentar, sem byrjað hafa á embættisprófi, en gengið frá því, geta ekki gefið sig fram til prófs af nýju fyrr en eftir ár, nema sérstakar ástæður mæli með því.

Stúdent, sem stenzt ekki embættispróf, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyrr en að ári liðnu.

Æski stúdent, sem staðizt hefir embættispróf, að endurtaka prófið, til þess að öðlast hærri prófseinkunn, er honum það heimilt, en þó ekki fyrr en að ári liðnu.

Stúdent greiðir prófgjald svo oft sem hann segir sig til prófs.

25. gr.

Háskólakennararnir standa fyrir öllum prófum, en hver deild ræður fyrirkomulagi prófanna hjá sér.

Öll próf skulu haldin í heyranda hljóði.

26. gr.

Við embættispróf og undirbúningspróf þau, er koma til greina við fullnaðarpróf, skulu jafnan vera 2 prófdómarar, og skal a. m. k. annar þeirra ávallt vera utanháskólamaður.

Stjórnarráðið skipar prófdómara þá, er ekki eru háskólakennarar, eftir tillögu háskóladeildar, og skulu þeir gegna dómarastarfinu í 6 ár.

27. gr.

Að loknu embættisprófi skal gefa þeim, sem staðizt hafa prófið, kandídatsvottorð gegn 25 króna gjaldi, og rennur það í háskólasjóð.

28. gr.

Kandídatar, sem lokið hafa embættisprófi í íslenzkum fræðum, geta gengið undir meistarapróf, og dæma kennararnir í íslenzkum fræðum einir um úrlausnir í því prófi. Meistarar greiða sama gjald fyrir prófvottorð sem kandídatar.

## V. KAFLI
## Doktorar.

29. gr.

Háskóladeildirnar hafa hver um sig rétt til að veita doktorsnafnbót, og er slík nafnbót veitt annaðhvort í heiðursskyni eða að undangengnu sérstöku prófi.

30. gr.

Að jafnaði skal sá, er æskir doktorsnafnbótar, hafa lokið meistaraprófi eða embættisprófi. Hann verður að láta umsókn sinni fylgja vísindalega ritgerð um eitthvert ákveðið efni. Skal umsóknin stíluð til háskólaráðs, en það selur ritgerðina í hendur hlutaðeigandi háskóladeild til álita og umsagnar.

Háskólaráð semur reglur um doktorspróf.

Standist umsækjandi prófið, fær rektor og deildarforseti honum prófsvottorð.

Fyrir prófsvottorð greiðir doktorinn 100 kr., og renna þær í háskólasjóð.

31. gr.

Hver sá, er hlotið hefir doktorsnafnbót, hefir rétt til að halda fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Þyki einhver misbeita þessum rétti sínum, getur háskólaráð svipt hann réttinum.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 14. maí 1935, og ganga þá jafnframt úr gildi lög um stofnun háskóla, nr. 35 1909.

### Ástæður.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni kennslumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram brtt. við það, eða vera með brtt., sem fram kunna að koma, og jafnvel að greiða atkvæði móti frv., nái þær breytingar eigi fram að ganga.

Frv. fylgdi svo hljóðandi

### Greinargerð.

Háskólaráðið hefir endurskoðað háskólalögin frá 1909 og gert á þeim nokkrar breytingar. Aðalbreytingarnar eru þær, að háskólinn skuli hefjast 15. sept. ár hvert, í stað 1. okt., og hætta hálfum mánuði fyrr en verið hefir, og að rektor skuli kosinn til þriggja ára í senn, í stað eins árs, eins og verið hefir að undanförnu. Fyrri breytingin er gerð vegna þess, að reynslan hefir sýnt, að stúdentum er óhentugt vegna sumaratvinnu að vera bundnir við nám fram í júní, en er hentugra að koma nokkru fyrr að haustinu. Hin breytingin miðar að því að koma á meiri festu í yfirstjórn skólans. Aðrar breytingar eru flestar aðeins fyrirkomulagsatriði, sem rétt þótti að færa til betri vegar um leið og farið væri fram á þessar aðalbreytingar.

**Ed.** **406. Frumvarp**

til laga um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal setja á stofn fimmtu deild, er nefnist atvinnudeild.

2. gr.

Í atvinnudeild skulu vera 1 prófessor í fiskifræði, 1 prófessor í efnafræði og 1 prófessor í líffræði.

3. gr.

Prófessorunum skulu skipaðir 4 aðstoðarmenn. Áður en aðstoðarmaður er settur eða skipaður skal ávallt leita umsagnar deildarinnar. Um laun aðstoðarmanna verður ákveðið í launalögum, en þangað til skulu þau vera 5000 kr. á ári.

4. gr.

Deildinni skal fengið húsnæði í væntanlegri háskólabyggingu eða í sérstakri byggingu, ef það þykir betur henta. Þó skal líffræðirannsóknum fengið húsnæði í núverandi rannsóknarstofu háskólans.

5. gr.

Starfsmönnum atvinnudeildar skal sérstaklega falið að framkvæma vísindalegar rannsóknir í þarfir landbúnaðar, fiskveiða og iðnaðar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

6. gr.

Allur kostnaður við rekstur þessarar deildar skal greiddur úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem starfsemi hennar ber sig ekki sjálf.

7. gr.

Deildin tekur til starfa, þegar henni hefir verið séð fyrir húsnæði, og ganga þá jafnframt úr gildi lög nr. 17 14. júní 1929, um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni hæstv. kennslumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó óbundin atkvæði, bæði um frv. sjálft og einstök atriði þess. Ennfremur rétt til að bera fram brtt. við það eða vera með brtt., sem fram kunna að koma, og jafnvel að greiða atkv. móti frv., nái þær brtt. ekki fram að ganga.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð frá kennslumálaráðherra:

„Kennurum háskólans er það ljóst, að markmið æðsta skóla þjóðarinnar á ekki eingöngu að vera það, að útskrifa embættismenn, heldur væri ekki minna um hitt vert, ef þessi menntastofnun gæti orðið miðstöð fyrir hagnýta þekkingu, sem atvinnurekendur landsins gætu leitað til í ýmsum vandamálum, og hefði aðstöðu til að taka upp og reyna að leysa ýmis vandamál atvinnuveganna.

Nú er það svo, að helztu atvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður og fiskveiðar, hafa enga vísindastofnun, sem hefir það fyrir markmið að bæta úr þeim þekkingarskorti, sem háir báðum þessum atvinnugreinum. Aðrar menningarþjóðir hafa stórar og voldugar stofnanir til þess að skapa þá þekkingu, sem atvinnuvegirnir verða að byggjast á, og virðist svo sem það tvennt haldist í hendur, að vel sé hlúð að slíkum stofnunum og að atvinnuvegirnir blómgist, þar sem þeir njóta aðstoðar slíkra stofnana. Það er t. d. alkunnugt, að Þjóðverjar eiga vísindastofnunum sínum mestmegnis að þakka framfarir þær, sem iðnaðurinn hefir tekið þar í landi, og sama er að segja um landbúnaðinn og landbúnaðarháskólann í Danmörku, háskólana í Ameríku, sem meir en nokkrir aðrir háskólar eru byggðir með þetta fyrir augum, og svona mætti lengi telja.

Hér á landi vantar mikið á, að vér þekkjum þau skilyrði, sem nauðsynleg eru til að byggja á heilbrigðan landbúnað, fiskveiðar og allskonar iðnað. Íslenzk mold hefir sama sem ekkert verið rannsökuð með tilliti til gróðrarskilyrða, en samt er erlendur áburður fluttur inn í stórum stíl, án þess að vér höfum nægа þekkingu á því, hvers moldin þarfnast fyrst og fremst.

Fóðurrannsóknir hafa lítt verið gerðar, og þó er oss afaráríðandi að vita, hvaða fóðurbæti borgar sig bezt að gefa og hvernig er bezt að bæta upp hrakin hey.

Svo má segja, að hér vanti allt eftirlit með matvælum, svo að landsmenn eiga oft ómögulegt með að fá skorið úr því með óyggjandi móti, hvort matvara o. fl. sé skemmt eða svikið.

Fiskframleiðendur hafa beðið mikið tjón á undanförnum árum af skemmdum, sem orðið hafa á saltfiski vegna „rauðslaga“ og „jarðslaga“, hvorttveggja skemmdir, sem stafa af smáverugróðri, sem von er um að takast megi að komast hjá, ef rétt er að farið. En til þess þarf vísindalegar rannsóknir á skemmdunum og lífsskilyrðum gerla og sveppa þeirra, sem valdir eru að þeim.

Fiskveiðarnar, sem eru fjöregg þjóðarinnar, eru ef til vill merkasta rannsóknarefni vísindamanna vorra. Enginn efi er á því, að útgerðinni ætti að vera mikill hagur að því, að framkvæmdar séu stöðugar rannsóknir á fiskgöngum og átu, ennfremur hita og straumum sjávarins, og hafa þær rannsóknir, sem þegar hafa verið gerðar í þessum efnum, sýnt, að mikils má vænta af vísindalegu starfi á þessu sviði. Fiskveiðadeildin þyrfti að vera í samvinnu við fiskiskip og varðskip, sem ættu að geta veitt mikilsverða aðstoð við rannsóknirnar. Fyrir land, sem er umkringt einhverjum auðugustu fiskimiðum heimsins, er ekki vansalaust að hafa ekki vísindalegar fiskirannsóknir við háskóla sinn, úr því að slík stofnun er til.

Úr því að ríkisstjórnin hefir gefið háskólanum einkaleyfi til þess að afla sér fjár til háskólabyggingar með happdrættinu, þá er það ósk núverandi kennara við stofnunina, að hinn nýi háskóli, sem byggður verður, megi verða lifandi

menntastofnun, sem standi í nánu sambandi við alla holla starfsemi landsmanna, og að starfsvið háskólans verði víkkað svo, að menn geti átt athvarf þar með hverskonar vandræði, sem þeir eiga við að stríða í atvinnulífinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að starf þessarar deildar verði þríþætt: 1. Fiskirannsóknir, 2. líffræðirannsóknir og 3. efnarannsóknir.

1. Fiskideildinni er ætlað að fást við almennar fiski- og hafrannsóknir, áturannsóknir, klakrannsóknir og veita leiðbeiningar um fiskiðnað.

2. Líffræðideildin á að fást við almennar gerlarannsóknir, húsdýrasjúkdóma, mjólkur- og mjólkuriðnaðarrannsóknir og fjörefnarannsóknir.

3. Efnafræðideildin á að fást við almennar efnarannsóknir, iðnaðarefnarannsóknir, fóðurrannsóknir, ennfremur jarðvegs- og áburðarefnarannsóknir.

Tveim síðastnefndu deildunum er því aðallega ætlað að starfa í þarfir landbúnaðarins.

Háskólaráðið telur æskilegt, að hver deild innan atvinnudeildarinnar hafi sérstakan forstöðumann, og verði þeir prófessorar, en þeim séu skipaðir alls 6 aðstoðarmenn.

Þar sem stofnun atvinnudeildarinnar hefir nokkurn kostnað í för með sér, er af háskólaráðinu gert ráð fyrir, að við forstöðu þessara deilda taki þeir mag. Árni Friðriksson í fiskideild, prófessor Níels Dungal í líffræðideild og Trausti Ólafsson í efnafræðideild, en allir þessir menn eru nú í þjónustu ríkisins, og mun því ekki verða um verulegan kostnaðarauka að ræða við að tengja þessa menn við hina nýju deild.

Háskólaráðið mun á sínum tíma gera tillögur um aðstoðarmenn þá, er frumvarpið gerir ráð fyrir, og er það þeirrar skoðunar, að völ sé nú þegar á ungum fræðimönnum, er séu hæfir til að taka þessi störf að sér.

Kostnaðinn við rekstur stofnunarinnar hefir háskólaráðið áætlað sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 3 prófessorar | kr. 30000.00 |
| 6 aðstoðarmenn | — 30000.00 |
| Annað starfsfólk: | |
| 4 stúlkur á 3000.00 kr. | — 12000.00 |
| 1 vinnumaður | — 3600.00 |
| Hiti, ljós, ræsting, skattar o. fl. | — 6000.00 |
| Efni og áhöld | — 8000.00 |
| Samtals | kr. 89600.00 |

Í tillögum þessum er gert ráð fyrir, að laun háskólakennara verði hækkuð frá því sem nú er.

Frá upphæð þessari má draga þann kostnað, sem ríkissjóður hefir nú af rannsóknarstofu ríkisins og vegna Árna Friðrikssonar og Hákonar Bjarnason.

| | |
|---|---|
| Efnarannsóknarstofan | kr. 18820.00 |
| Til jarðvegsrannsókna, nú veitt | — 5000.00 |
| Árni Friðriksson, laun hjá Fiskifélaginu | — 5400.00 |
| Samtals | kr. 29220.00 |

Ennfremur laun prófessorsins í líffræði, kr. 10000.00, þar sem gert er ráð fyrir, að núverandi prófessor í líffærameinfræði taki þessi störf að sér, án aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð, og hefir hann tjáð sig fúsan til þess.

Til frádráttar koma því kr. 39220.00, og verða þá eftir kr. 50380.00.

Nú má gera ráð fyrir nýjum tekjustofnum:

a. Mjólkurrannsóknir, sem æskilegt væri, að lögskipaðar yrðu fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð, þannig að líffræðideildin hafi eftirlit með mjólkursölu og mjólkurframleiðslu, og greiði mjólkurframleiðendur kostnaðinn. Þessar tekjur mætti áætla árlega ca. ..... kr. 5000.00
b. Tekjur af matvælarannsóknum ca. ..... — 5000.00

Samtals kr. 10000.00

Aukin útgjöld samkvæmt þessari áætlun verða því aðeins ca. kr. 40000.00 árlega.

Loks má taka það fram, að æskilegt væri, að baðlyfjagerð yrði komið upp í sambandi við atvinnudeildina, og mætti fá allverulegar tekjur af henni með sama verði á baðlyfjum og nú er".

## Ed. 407. Nefndarálit

um frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta miðar fyrst og fremst að því að koma á skipulagi um sölu mjólkur og rjóma, í því skyni að draga úr sölu- og dreifingarkostnaði þessara afurða og bæta og jafna verðlag á þeim. En jafnframt miðar frv. að því að bæta hollustuhætti um meðferð sölumjólkur.

Á síðasta fjárlagaþingi var borið fram frv., er stefndi og að þessu tvennu (Alþt. 1933, A. þskj. 569). En það frv. breyttist svo í meðferð þingsins, að öll ákvæði þess um skipulag mjólkursölunnar voru burtu numin, og urðu því lög nr. 97 19. júní 1933 ófullnægjandi að þessu leyti. Hafa því verið tekin upp í frv. þetta mörg helztu ákvæði úr fyrrgreindu frv., en þó allmikið breytt, bæði að efni og formi.

Efnisbreytingar eru þessar helztar:

1. Í stað þess að eftir frv. frá 1933 var til þess ætlazt, að komið yrði skipulagi á söluna með samþykktum innan hvers sölusvæðis, er í frv. þessu ætlazt til, að skipulaginu verði á komið með beinum lagaboðum.
2. Verðjöfnunarsvæði skal nú miða við aðstöðu til þess að koma afurðunum daglega á sölustaði svæðisins, í stað þess, að í frv. frá 1933 er miðað við tiltekna fjarlægð.
3. Mjólkurframleiðendur í kaupstöðum og kauptúnum skulu nú undanþegnir verðjöfnunargjaldi af þeirri mjólk, er þeir framleiða með fóðri af ræktuðu

landi innan hlutaðeigandi kaupstaðar eða kauptúns. En slík undanþága var ekki í frv. frá 1933.

4. Ráðherra skal nú heimilt, er sérstaklega stendur á, að setja það skilyrði fyrir viðurkenningu, eða starfsemi löggiltra mjólkurbúa, að þau taki mjólk til gerilsneyðingar fyrir utanfélagsmenn.

Þá eru og í frv. þessu ýmis önnur ný ákvæði, svo sem um mat og flokkun mjólkur eftir gæðum, svo sem þegar mun tíðkast á mjólkurbúunum, um að hækka megi verðjöfnunargjald fram úr 5% af söluverði, ef þörf krefur, um sérstöðu kúabúa, sem rekin eru af bæjarfélögum eða ríki, um skipun mjólkursölunefndar og mjólkurverðlagsnefndar og um útreikning söluverðs eftir vísitölum o. fl.

Frumvarp þetta er undirbúið af nefnd, er fyrrverandi landbúnaðarráðherra skipaði á síðastliðnum vetri, skv. þingsályktun efri deildar Alþingis, til þess að gera tillögur um sölu landbúnaðarafurða innanlands. En þó hefir núverandi landbúnaðarráðherra látið gera á því nokkrar breytingar, einkum að formi, og ekki allar til bóta, áður en það var gefið út sem bráðabirgðalög 10. sept. síðastl.

Minni hlutinn telur frv. þetta fyllra en frv. frá 1933 og breytingarnar yfirleitt til bóta. Væntir minni hlutinn þess fastlega, að lög í þessa átt fái orðið mjólkurframleiðendum yfirleitt til hagsbóta, enda er þess hin brýnasta þörf. Leggur minni hlutinn ríka áherzlu á, að framleiðendur fái einir notið þess hagnaðar, sem næst með lækkun sölu- og dreifingarkostnaðar, a. m. k. þar til er þeir hafa náð því afurðaverði, að framleiðslan fái borið sig. Og flytur minni hlutinn því breytingartillögu við 4. gr. síðari mgr., til þess að þessi tilgangur frv. verði sem auðsæjastur.

Ekki er því að neita, að hagsmunir einstakra héraða eða héraðshluta geti að nokkru rekizt á um einstök atriði, þegar kemur til framkvæmdar laga sem þessara. Telur minni hlutinn því miklu skipta, að gætt verði hinnar fyllstu sanngirni og réttsýni um þau atriði, svo að lögin komi að sem beztum notum.

Þess var frá upphafi kostur af hálfu minni hlutans, að nefndin skilaði sameiginlegu nefndaráliti, þótt einstakir nefndarmenn hefðu óbundið atkvæði um breytingartillögur. Háttvirtir meðnefndarmenn hafa hinsvegar talið sér samboðið að setja nöfn sín undir plagg það, sem prentað er á þskj. 361 og kallað nefndarálit um frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. En svo sem hver maður, er leggur vinnu í að lesa plagg þetta, getur séð, er hér alls ekki um nefndarálit að ræða, heldur rangan og óvandaðan söguburð um afskipti einstakra manna af mjólkurmálinu undanfarin ár og ýmis alóskyld efni, enda er þar yfirleitt ekkert á lagafrumvarpið minnzt, nema í rúmlega hálfri línu í niðurlaginu. Það er fjarri minni hlutanum að láta þvílíka málfærslu og missögli hafa hin minnstu áhrif á afstöðu sína til frv. þessa, þótt svo kunni að hafa verið til ætlazt.

Leggur minni hlutinn því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. Önnur málsgrein orðist svo:
   Við ákvörðun á útsöluverði mjólkur og mjólkurafurða skal sérstaklega hafa hliðsjón af kostnaði við framleiðsluna á hverjum tíma og þess gætt, að framleiðendur njóti að fullu þess hagnaðar, er leiða kann af breyttri tilhögun mjólkursölunnar, að minnsta kosti að svo miklu leyti sem þarf til þess, að mjólkurframleiðslan fái borið sig. Í því skyni skal við ákvörðun útsöluverðsins stuðzt við verðvísitölur, er sýni aðalkostnaðarliði framleiðslunnar ár hvert, eftir nánari ákvæðum, er ráðherra setur í reglugerð.
2. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Mjólkursölunefnd getur veitt undanþágu frá greiðslu verðjöfnunargjalds á einstöku verðlagssvæði, ef mjólkurframleiðendur þar koma sér saman um ákveðið verð til framleiðenda á svæðinu.
   Má þá í samþykkt, er mjólkursölunefnd staðfestir, setja ákvæði um hlutdeild hverrar sveitar eða sveitarhluta á svæðinu í sölu mjólkur, rjóma og annara mjólkurafurða á aðalmarkaðsstöðum svæðisins, eftir fjarlægð frá markaðsstöðum og öðrum staðháttum.

Með hinni síðari breytingartillögu er ætlazt til, að ákvæði greinarinnar verði ljósari. En ástæður fyrir hinni fyrri eru áður greindar.

Alþingi, 10. nóv. 1934.

Þorsteinn Briem, frsm. Pétur Magnússon.

## Ed. 408. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 370 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Páli Hermannssyni.

Við tölul. 1.

a. Á eftir fyrstu efnismálsgr. kemur ný málsgr.:
   Aftan við orðin „Skjöldólfsstöðum í Jökuldal“ í 1. gr. laga nr. 38 14. júní 1929 kemur: með hliðarálmu um Rangá að Heykollsstöðum.
b. Á eftir annari efnismálsgr. kemur ný málsgr.:
   Í stað orðanna „Lína frá Egilsstöðum ... að Birnufelli“ í niðurlagi sömu lagagreinar kemur: Lína frá Egilsstöðum á Völlum að Skeggjastöðum í Fellum.
c. Á undan „Lína frá Neskaupstað“ í þriðju efnismálsgr. kemur: Lína að Valþjófsstað í Fljótsdal.

## Nd. 409. Frumvarp

til laga um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist allt að tvö hundruð þúsund króna lán fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi, til þess að láta smíða skip til flutninga um Faxaflóa, enda sé lánið einnig tryggt með 1. veðrétti í skipinu.

Einnig skal skipið annast flutninga um Breiðafjörð, á sama hátt og eigi sjaldnar en e/s Suðurland hefir gert undanfarin ár, unz séð er fyrir þessum flutningum með öðru jafnfullkomnu móti, að dómi atvinnumálaráðherra.

2. gr.

Ríkisstjórnin leggur fram ⅓ hlutafjár í h/f Skallagrími, allt að 50 þúsund krónur, og er heimilt að skipta framlaginu í jafnar greiðslur, allt að 10 þús. kr. á ári, á næstu 5 árum.

3. gr.

Ríkisstjórnin á rétt á að skipa einn mann í stjórn félagsins og annan endurskoðanda þess.

Eigi má greiða hluthöfum arð af hlutafé þeirra í félaginu, meðan ríkið stendur í ábyrgð fyrir félagið.

## Nd. 410. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Frá Páli Þorbjörnssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Ennfremur hafi hann meðmæli forstöðumanns Stýrimannaskólans í Reykjavík, formanns Stýrimannafél. Íslands og hlutaðeigandi skráningarstjóra.

## Nd. 411. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 276 [Áfengislög].

Frá Páli Þorbjörnssyni.

Tölul. 9 orðist svo:

Við 23. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:

Verði slys af völdum ölvaðs flugmanns, bifreiðarstjóra, skipstjóra eða stýrimanns á öðrum mönnum, skal það jafnan varða missi flug-, öku-, skipstjóra- eða stýrimannsskírteinis fyrir fullt og allt.

**Nd.** **412. Breytingartillaga**

við frv. til l. um að prestlaunasjóður skuli felldur niður og um innheimtu prestsgjalda.

Frá Gísla Sveinssyni og Guðbr. Ísberg.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Sóknarnefndir innheimta prestsgjöld eins og verið hefir og greiða þau beint til ríkisféhirðis. Þó er sóknarnefndum utan Reykjavíkur heimilt að afhenda gjöldin, að innheimtu lokinni, til hlutaðeigandi sýslumanns eða bæjarfógeta, en þeir afgreiða þau síðan í ríkissjóð.

**Ed.** **413. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa og starfrækja síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn.

(Afgreidd frá Ed. 12. nóv.).

Samhljóða þskj. 47.

**Nd.** **414. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka síldarbræðslustöð á leigu.

(Afgreidd frá Nd. 12. nóv.).

Samhljóða þskj. 30.

**Nd.** **415. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Hannes Jónsson.

Við 12. gr. Stafliðirnir a. og b. orðist þannig:

a. Fyrir einstakling kr. 600.00.
b. Fyrir hjón kr. 1200.00.

**Ed.** **416. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 19. júní 1933 [Vegalög].

Frá Pétri Magnússyni.

Framan við frvgr. komi:

Í stað „Múla“ í 2. gr. A. 10 komi: Galtalæk.

## Nd. 417. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 391 [Útflutningur á síldarmjöli].

Frá Hannesi Jónssyni.

Við tölul. 1. Á eftir orðunum „að banna“ komi: eða takmarka.

## Nd. 418. Nefndarálit

um frv. til l. um opinberan ákæranda.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Meiri hl. nefndarinnar vill afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, þess efnis, að eigi þyki tímabært að lögfesta þetta sérstaka atriði réttarfarslöggjafarinnar, þar eð vænta megi, að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi 1935 frv. til nýrrar réttarfarslöggjafar í heild.

Minni hl. getur eigi fallizt á þessa frestun málsins, þar eð hann telur brýna nauðsyn bera til þess að taka ákæruvaldið úr höndum framkvæmdavaldsins og færa það í hendur sérstökum ópólitískum embættismanni. Enda þótt vænta megi, að á þessu þingi verði samþ. tillaga um skipun lögfræðinganefndar til að undirbúa og semja frv. um allsherjarréttarfarslöggjöf, er engan veginn víst, að þeirri nefnd takist að ljúka störfum fyrir næsta Alþingi, af þeirri ástæðu, að þetta mál er svo viðtækt og yfirgripsmikið, að það þarfnast bæði langs og rækilegs undirbúnings. Það má og telja vafalítið, að þótt þessari lögfræðinganefnd tækist að leggja eitthvert frv. í hendur næsta þings, þá muni Alþingi þurfa að rannsaka og ræða það mál svo gaumgæfilega, að því verði eigi lokið á fyrsta þingi.

Minni hlutinn hefir borið þetta mál undir lagadeild Háskóla Íslands, og er það einróma álit deildarinnar, að eigi sé rétt að fresta þessu máli. Er álit deildarinnar prentað hér á eftir sem fylgiskjal.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Konungur skipar opinberan ákæranda. Skal hann fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru til þess að vera málflutningsmaður fyrir hæstarétti.
2. Við 3. gr. 2. og 3. málsl. greinarinnar falli niður.
3. Við 4. gr. Síðasta málsgrein falli niður.
4. Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:
   Ekki má hinn opinberi ákærandi ákveða rannsókn, málshöfðun eða áfrýjun opinbers máls, né flytja slíkt mál fyrir hæstarétti, ef hann væri

ekki hæfur til að dæma það í hæstarétti, væri hann dómari þar. Skal hann þá gera forseta hæstaréttar viðvart, er setur annan hæfan mann til að inna af hendi starf hins opinbera ákæranda í slíku máli. Um skyldur hins opinbera ákæranda til undirbúnings og flutnings máls fyrir hæstarétti fer að öðru leyti eftir þeim reglum, sem gilt hafa um skipaða sækjendur fyrir hæstarétti.

5. Greinatala frumv. breytist samkv. þessu.

Alþingi, 12. nóv. 1934.

Thor Thors, frsm. Garðar Þorsteinsson.

**Fylgiskjal.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagadeildin.

Reykjavík, 22. okt. 1934.

Til svars bréfi yðar frá 19. þ. m., þar sem þér sendið lagadeildinni til umsagnar frv. til laga um opinberan ákæranda, skal þetta tekið fram:

Lagadeildin telur, að það muni yfirleitt verða til bóta og einkum til aukningar réttaröryggis í landinu, ef skipaður verður opinber ákærandi með því starfssviði, sem ákveðið er í frv. Vald hins opinbera ákæranda er að vísu nokkru meira skv. frv. en slíkum embættismönnum er fengið sumstaðar annarsstaðar, en eftir því, sem til háttar hér á landi, mundi embættið ekki koma að verulegu gagni, nema því sé fengið slíkt vald sem í frv. er ákveðið.

Þar sem starf opinbers ákæranda skv. frv. getur mæta vel fallið inn í núgildandi réttarfar og hlýtur að verða mjög svipað, þótt róttækar endurbætur réttarfarsins verði lögleiddar, þá telur lagadeildin enga ástæðu til að fresta stofnun embættisins vegna þess, að slíkar allsherjar endurbætur séu bráðlega væntanlegar. Enda hlýtur alllangur tími að líða þangað til slíkar endurbætur komast í framkvæmd, ef þær eiga að vera svo víðtækar, sem nauðsyn er á.

Um skipun í embættið telur lagadeildin það í beztu samræmi við stjórnskipulegar reglur og eðli málsins, að konungur skipi í það á ábyrgð ráðherra eins, án þess tillagna hæstaréttar þar um þurfi að leita, enda er það sízt til styrktar aðstöðu hæstaréttar, að honum séu fengin í hendur störf, er liggja utan hins eiginlega verksviðs hans, en líklegt er, að ágreiningur kunni að verða um. Leggur lagadeildin því til, að þeim ákvæðum frv., sem hér að lúta, verði breytt í samræmi við álit hennar. Það er skoðun deildarinnar, að þótt ríkastar kröfur beri að gera til þess, er embættinu gegnir, um þekkingu og hæfileika á sviði refsiréttar og refsiréttarfars, þá sé og nauðsynlegt, að hann sé vel fær á öðrum sviðum réttarins. Vill því lagadeildin leggja til, að engan megi skipa í embætti þetta, nema hann hafi að öllu leyst af hendi raun

þá, sem áskilin er um hæstaréttarmálaflutningsmenn, þó svo, að a. m. k. tvö af þeim fjórum málum, er hann þarf að flytja, séu opinber mál.

Loks skal á það bent, að í 4. gr. frv. vantar ákvæði um það, hvenær opinber ákærandi sé óhæfur til að flytja mál fyrir hæstarétti og hver setji þá mann í hans stað. Virðist eðlilegast, að ákvæðum 3. gr. frv. verði, með hugsanlegum breytingum, sbr. það sem fyrr var sagt, beitt um öll störf opinbers ákæranda, og þau ákvæði tekin úr 3. gr. og sett í sérstaka grein.

Bjarni Benediktsson. Ólafur Lárusson. Þórður Eyjólfsson.

Til alþingismannanna Thors Thors og Garðars Þorsteinssonar.

## Nd. 419. Nefndarálit

um frv. til laga um eftirlit með opinberum rekstri.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta er flutt af meiri hl. allshn. fyrir tilmæli atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins. Er það samið af svokallaðri skipulagsnefnd atvinnumála.

Minni hl. allshn. vildi ekki að órannsökuðu máli taka þátt í flutningi frv.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að stofnuð séu þrjú ráð til þess að hafa eftirlit með rekstri ríkisstofnana. Er einu þeirra t. d. ætlað eftirlit með rekstri tóbakseinkasölu ríkisins, áfengisverzlunar ríkisins, viðtækjaverzlunar ríkisins og áburðareinkasölu ríkisins. Ennfremur er svo ákveðið, að forstjórum þessara stofnana skuli skylt að leggja fyrir ráðið *öll mikilsvarðandi mál, sem starfræksluna varði, gera grein fyrir innkaupum, starfsmannahaldi, kaupgjaldi og tilhögun starfs, fjárhag, álagningu á vörum og öðrum meginreglum, sem starfrækslan miðist við.* — Þrátt fyrir þessi viðtæku ákvæði er eigi gert ráð fyrir því í 3. gr. frv., að ráð þessi komi oftar saman á fund, að jafnaði, en sem svarar einu sinni á mánuði, og ráðsmönnum samkv. því ætlaðar 400 kr. í þóknun á ári. Er því alveg augljóst mál, að ekki er unnt að ætlast til, að ráðsmenn þessir leysi nokkurt nýtilegt starf af hendi með þessum takmörkuðu fundahöldum, enda virðist það ærið starf fyrir þrjá menn að hafa jafnviðtækt eftirlit með jafnmörgum ríkisfyrirtækjum og frv. gerir ráð fyrir, ef nokkurt gagn ætti að vera að eftirlitinu.

Enda þótt minni hl. telji, að rétt sé, að haft sé frekara eftirlit með starfrækslu ríkisstofnana en verið hefir, telur hann þó frv. þetta bæði vanhugsað og gagnslaust, og aðeins til stofnunar 9 nýrra bitlinga, og leggur því til, að það verði fellt.

Alþingi, 12. nóv. 1934.

Garðar Þorsteinsson, frsm. Thor Thors.

## Ed. 420. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 370 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flm.: Pétur Magnússon.

Við tölul. 1. Á eftir „Arnhólsstöðum“ í 3. efnismálsgr. kemur:
Lína frá Hemlu í Vestur-Landeyjum að Álfhólum í sömu sveit.

## Nd. 421. Breytingartillögur

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Emil Jónssyni.

1. Við 10. gr. c-liður gr. orðist svo:
   Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærra en sem svarar 4% af hreinum tekjum aðila.
2. Við 12. gr.
   a. a-liður gr. orðist svo:
      Fyrir einstakling í Reykjavík 800 kr., í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 1000 íbúa 700 kr., annarsstaðar á landinu 600 kr.
   b. b-liður orðist svo:
      Fyrir hjón í Reykjavík 1500 kr., í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 1000 íbúa 1400 kr., annarsstaðar á landinu 1200 kr.

## Ed. 422. Breytingartillögur

við frv. til laga um yfirstjórn nokkurra ríkiseigna í Ölfusi.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
   Yfirstjórn sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana gerir yfirlit um framtíðarnotkun þessara jarðeigna og hverjar almannastofnanir skuli vera þar. Jafnframt er ráðherra heimilt, með leyfi yfirstjórnar sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana ríkisins, að leigja af því landi og jarðhita, sem eigi er ráðstafað samkvæmt 1. málslið, bæjarfélögum og allsherjarsamtökum verkamanna og samvinnufélaga fyrir meðlimi félagssamtakanna eða íbúa hlutaðeigandi kaupstaða til að reisa þar sumarbústaði og koma fyrir nauðsynlegum leikvöllum og sundstæðum fyrir þá, sem dvelja þar sér til heilsubótar og hressingar.
2. Við 3. gr. Á eftir orðinu „Reykjakots“ kemur: eftir að ríkið keypti þessar eignir.

**Nd.** **423. Breytingartillögur**

við frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Sameining yfirstjórnar póst- og símamála fer fram, þegar er sýnt er, að það hefir fjárhagslegan sparnað í för með sér eða telst að öðru leyti nauðsynlegt.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Laun póst- og símamálastjóra skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo verður gert, ákveður ráðherra launin. Taki núverandi landssímastjóri eða póstmálastjóri við póst- og símamálastjóraembættinu, skal hann einskis í missa í launakjörum frá því, sem nú er, nema öðruvísi verði ákveðið í launalögum, og þjónustualdur hans teljast hinn sami og hann er talinn í hinu fyrra embætti. Hið sama gildir um aðra starfsmenn pósts og síma, sem hafa áfram embætti undir hinu nýja skipulagi í starfrækslu pósts og síma.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Í Reykjavík skal vera sérstakur póstmeistari, ritsímastjóri og bæjarsímastjóri. Starfsmenn þessa skipar ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, og ákveður starfssvið þeirra. Póst- og símamálastjóri getur falið póstmeistaranum og ritsímastjóranum í Reykjavík eftirlit með starfrækslu pósts og síma annarsstaðar á landinu. — Ráðherra skipar ennfremur, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, gjaldkera, fulltrúa og yfirverkfræðing, og skulu skipunarbréf þeirra meðundirrituð af póst- og símamálastjóra. Aðra starfsmenn og aðstoðarmenn við póst- og símastörf skipar póst- og símamálastjóri, að fengnum tillögum ritsímastjórans eða póstmeistarans í Reykjavík, eftir því undir hvora starfsgreinina stöðurnar falla. Laun fastra starfsmanna við póst og síma skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo verður gert, ákveður ráðherra launin. Sbr. þó 2. gr.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Landinu skal skipt í póst- og símaumdæmi, og ákveður ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, tölu þeirra og takmörk og skipar umdæmisstjóra. Umdæmisstjórar eru jafnframt póstafgreiðslumenn og símastjórar hinna stærri stöðva, eftir því sem við á, og skulu þeir, undir yfirstjórn póst- og símamálastjóra (sbr. þó 3. gr.) hafa eftirlit með starfrækslu pósts og síma, hver í sínu umdæmi.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Á þeim stöðum utan Reykjavíkur, þar sem er bæði póstafgreiðsla og landssímastöð, skal sami maður gegna hvorutveggja starfinu, þegar það að áliti póst- og símamálastjóra telst haganlegt.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Starfsmaður sá, sem skipaður hefir verið við póst eða síma áður en lög

þessi öðlast gildi, skal álitinn skipaður í sömu stöðu við þessi störf áfr. án þess að nýtt skipunarbréf sé gefið út, nema starf hans sé lagt niður sem óþarft. Þó skal hann hlíta breyttri starfstilhögun og verkaskiptingu samkvæmt þessum lögum og reglugerðum, sem ráðherra setur.

7. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Alþjóðasamningar og sérsamningar við erlendar póst- og símastjórnir, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir, ásamt þar að lútandi reglugerðum, sem ríkisstjórnin viðurkennir, skulu gilda sem lög, enda má ákveða sektir við brotum gegn þeim.
8. Við 10. gr. Aftan við greinina bætist: eftir því, sem þörf krefur.
9. Við 11. gr. Annar málsl. („Frá þeim tíma — vegna sameiningarinnar") orðist svo: Jafnóðum og sameining sú á stjórn og starfrækslu pósts og síma, sem í lögunum felst, er á komin, falla niður þær stöður, sem óþarfar verða vegna sameiningarinnar.

## Ed. 424. Nefndarálit

um frv. til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hluti nefndarinnar er sammála meiri hlutanum um þær breytingar, sem bornar eru fram á þskj. 383, í samanburði við frv. sjálft. En hann vill ganga lengra og gera þær breytingar á frumvarpinu, að úr því séu felldar allar hömlur á innflutningi vara, en gjaldeyrisráðstöfununum einum sé haldið. Breytingartillögur í þessa átt er þó naumast unnt að bera fram fyrr en séð er fyrir um afdrif breytingartillagnanna á þskj. 383, og verður það því að bíða til 3. umræðu.

Frá Verzlunarráði Íslands barst fjárhagsnefnd vönduð greinargerð um þetta mál, sýnilega rituð af mjög góðri sérþekkingu á þessu máli öllu, og er hún birt hér sem fylgiskjal.

Alþingi, 13. nóv. 1934.

Magnús Jónsson.

**Fylgiskjal.**

VERZLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 27. október 1934.

Verzlunarráðið hefir móttekið heiðrað bréf yðar frá 12. þ. m., og samkvæmt tilmælum yðar tekið tilsent „frumvarp til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl." til ýtarlegrar athugunar.

Verzlunarráðið hefir og leitað umsagnar á frumvarpinu hjá stjórnum flestra þeirra stétta- eða sérgreinafélaga kaupsýslumanna, sem að Verzlunarráðinu standa og sem hægt var að ná til á svo skömmum tíma. Svar hefir þegar borizt frá Félagi ísl. stórkaupmanna, Félagi vefnaðarvörukaupmanna, Félagi bygging-

arefnakaupmanna, Félagi matvörukaupmanna, Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda og Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur, og þykir skylt að geta þess, að afstaða Verzlunarráðsins til frumvarpsins, og sem hér fer á eftir, er í fullu samræmi við samþykktir þær, er fulltrúar þessara félaga hafa gert um málið.

Það mun vera óþarft að vekja athygli hæstvirtrar fjárhagsnefndar á því, að Verzlunarráðið hefir oftlega látið í ljós álit sitt á kjarna þessa máls, sem frumvarpið fjallar um. Með erindum til Alþingis, til fyrrverandi stjórna og með opinberum skrifum um málið hefir Verzlunarráðið, með yfirgnæfandi meiri hluta verzlunarstéttarinnar að baki sér, komið fram með rökstuddar skoðanir um, að það telur gjaldeyrishömlur og innflutningshöft óheppileg ráð, jafnvel oft skaðleg, til að koma á jafnvægi í viðskiptum okkar við útlönd.

Með þeim forsendum, að kaupgeta almennings í landinu sé sá búskaparlegi faktor, sem í rauninni ákveði innflutninginn, hefir verið bent á, að þegar til lengdar láti, þurfi engin innflutningsbönn eða gjaldeyrisskammtanir til að þessar stærðir, innflutningurinn og kaupgetan innanlands, haldist í hendur — með öðrum orðum, að jafnvægi sé á í viðskiptum okkar við útlönd. Með viturlegum og sjálfsögðum varúðarráðstöfunum bankanna mun enginn innflytjandi hafa tilhneigingu til að flytja meira af vörum til landsins en hann getur selt — þ. e. meira en kaupgeta almennings leyfir. Hér væri nú ástæða til að athuga, hvað það er, sem raunverulega ákveður kaupgetuna, en það nægir þó í þessu sambandi að slá því föstu, að það kaupmagn, sem til annara landa leitar, ákveðst af útflutningnum og engu öðru, og er hér þá að sjálfsögðu einnig tekið tillit til „sýnilegs og ósýnilegs" inn- og útflutnings. Af þessu leiðir sú einfalda staðreynd, að innflutningur í samræmi við hina réttu kaupgetu landsmanna getur aldrei verið hættulegur fyrir þjóðarbúskapinn, aldrei verið orsök á röskun á jafnvægi greiðslujafnaðar okkar við útlönd. Því er hér óhætt að endurtaka það, sem áður er sagt, með þeim orðum, að heilbrigð og ábyrgðarrík verzlunarstétt mun ekki af sjálfsdáðum og án uppörvunar frá bönkum, lánsstofnunum eða fyrir pólitík ríkisins sjálfs flytja inn meira af vörum en hún er fær um að greiða með útflutningi sínum.

Það atriði, sem hér hefir villt mönnum mest sýn og valdið mestum misskilningi, skal einnig tekið hér lítillega til athugunar, enda mun slíkt vera nauðsynlegt, þar eð almenningsálitið á bágt með að sætta sig við staðreyndina um hið eðlisbundna jafnvægi á inn- og útflutningi eins lands. Ástæðan fyrir þessum misskilningi manna er oft og tíðum erlendar lántökur, og þá sérstaklega þegar þær fara að koma fram í greiðslujöfnuðinum sem „óhagstæðar" stærðir. Er lántökur eiga sér stað, eru þær í rauninni fyrir lántakandann óeðlileg kaupgeta, einskonar fyrirframúttekt. Þær verða að greiðast af framleiðslu ókomins tíma, og til þess þarf að jafnaði hagstæðan verzlunar- eða þjónustujöfnuð — eins og þær hafa venjulega óhagstæðan verzlunarjöfnuð í för með sér, er þær eru teknar (t. d. Ísland 1930). Sé nú komið að því, að land, sem tekið hefir mikið af erlendu fé að láni, eigi að fara að greiða það, þá kemur oft fyrir, að slíkt er ekki hægt, nema með söfnun nýrra skulda erlendis. Greiðslujöfnuðurinn er þá ekki í jafnvægi, það er halli á viðskiptunum við útlönd — og nú er innflutningnum kennt um og fullyrt, að hann eigi sök á jafnvægisröskuninni. Hér er það, að

meinlokan liggur. Þess er ekki gætt, að það er eitthvað, sem ræður því, **hve** mikið er flutt inn, **hve** mikið er keypt af vörum frá útlöndum, og eins og áður er getið, þá er það einmitt kaupgetan í landinu. Innflutningurinn og kaupgetan geta eftir þessu verið **hlutfallslega** réttar stærðir, þótt ekki takist að gera öllum tilfallandi kröfum útlendinga á þjóðarbúskapnum full skil í bili, nema með söfnun nýrra skulda. En hverju er þetta ósamræmi í viðskiptunum þá að kenna? Áður var bent á, að innflutningurinn væri þessu ekki valdandi, því að hann stjórnast af kaupgetu þegnanna. Með öðrum orðum, kaupgeta landsins virðist eiga sök á vandræðunum — hún virðist vera of mikil. Þetta kann að hljóma einkennilega, en er þó rétt, þegar það er skilið á þann hátt, að of miklu af tekjum landsmanna sé leyft að beinast að vörukaupum. Í þessu sambandi er nú nauðsynlegt að koma aftur að lántökunum, að þeirri óeðlilegu kaupgetu, sem flutt var inn í landið og greiðast átti á þann hátt, að heildartekjum þegnanna (eða réttara lántakans) yrði ekki öllum varið til neyzlu. Í stuttu máli, það, sem gerist í ofangreindu dæmi, er röskun kemst á viðskiptajöfnuðinn, er, að ekki er gert ráð fyrir þeim „óhagstæðu“ greiðslum, sem öll lán koma til að hafa í för með sér. Lántakinn vanrækir að gera ráð fyrir afborgunum eða endurgreiðslum lánanna — hann takmarkar ekki tekjur sínar til vörukaupa, heldur lætur þær allar ganga til neyzlu eða aukningar á framleiðslutækjum sínum.

Sé ríkið sjálft lántakandinn, þá takmarkar það á auðveldastan og réttastan hátt kaupgetu almennings, er það leggur skatta á þegnana, tekur tolla af vörum þeim, er þeir neyta, o. s. frv. Með því takmarkar það innflutninginn — hindrar, að of mikið af tekjum þegnanna beinist að vörukaupum — og sér jafnframt fyrir því, að jafnvægi geti verið á greiðslujöfnuðinum, ef það notar það fé, sem kaupgetuskerðingin nemur, til að greiða með erlendar skuldbindingar sínar. Hér til athugunar má einnig benda á, að tekjuhallafjárlög eru ekki ósjaldan vottur þess, að löggjafinn eigi sjálfur sök á því, að greiðslujöfnuðurinn er ekki í jafnvægi, að hann hafi vanrækt að takmarka svo kaupgetuna og þar með innflutninginn, að greiðsla á lánunum væri tryggð.

Þessum málum er nákvæmlega eins farið, þótt gert sé ráð fyrir, að einhver einstaklingur þjóðarheildarinnar sé lántakandinn, sem gert er að greiða skuld til útlanda. Sé um hygginn og áreiðanlegan kaupsýslumann að ræða, mun hann ætíð gera ráð fyrir afborgunum og vöxtum af því erlenda eða innlenda fé, sem hann vinnur með og á ekki sjálfur. Þetta gerir hann með því að nota ekki allar tekjur sínar til neyzlu — til vörukaupa —, og hefir það að sjálfsögðu sínar afleiðingar á innflutninginn. Verði þessi kaupsýslumaður aftur á móti fyrir vandræðum, standi ekki í skilum við erlenda lánardrottna og valdi með því röskun á greiðslujöfnuðinum, þá er vert að geta þess, að úr þeim viðskiptavandræðum verður aldrei bætt með innflutningshöftum, heldur eingöngu með því að stuðla að því að gera atvinnureksturinn arðbæran.

Hér má einnig benda á, að innflutningsbönn eru illa til þess fallin, ef ekki óhæf, að koma greiðslujöfnuði okkar við útlönd í jafnvægi, ef það eru greiðslur ríkisskulda, sem vandræðunum valda. Með takmörkunum á kaupgetunni í landinu gegnum skatta og tolla er hægt að tryggja ríkissjóði greiðslumöguleika á erlendum lánum, jafnframt því að halda á heilbrigðan hátt innflutningnum innan

nauðsynlegra takmarka, eins og áður er bent á. Með því að skerða innflutninginn á þann hátt, að leyfa aðeins takmarkað innflutningsmagn eða banna innflutning vissra vörutegunda, er að sönnu dregið úr kaupgetunni í landinu, og þar með innflutningnum. En allt er þetta þó gert á miklu óheppilegri máta. Verðhækkun á sér stað, svo að menn fá einungis minna vörumagn fyrir tekjur sínar en áður. Með þessu er samt ríkinu, sem gert er að greiða af lánum til útlanda, ekki séð fyrir möguleikum til slíks; þvert á móti má gera ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs rýrni almennt við innflutningshöftin, — tolltekjurnar lækka, er úr dregur innflutningnum, og tekjur af sköttum réna, er höftin þrengja að atvinnurekstrinum.

Með þessu, sem að ofan er sagt, er sýnt, að með viturlegri skatta- og tollalöggjöf eru innflutningsbönn með öllu óþörf til að koma á jafnvægi í viðskiptum okkar við útlönd. Einnig hefir verið bent á þá villu, að gera innflutninginn ábyrgan fyrir röskun á viðskiptajafnvægi okkar við útlönd — orsökin liggur dýpra, eða í kaupgetu þegnanna, sem ræður innflutningnum. — Vilji löggjafinn ráða bót á þessu meini, þá verður hann að fást við sjúkdómsorsakirnar, en ekki sjúkdómseinkennin.

Áður en lagafrumvarp það, sem hér er til umsagnar, er tekið til athugunar sérstaklega, þykir rétt að benda á atriði, sem ekki er hægt að ganga framhjá, er rætt er um innflutningshöftin almennt. Skal þá fyrst geta þess, að fyrir nokkrum árum komu allar þær þjóðir, sem að Þjóðabandalaginu standa, sér saman um að fella niður úr verzlunarlögum sínum heimildir eða ákvæði um innflutningshöft. Nokkrar undantekningar voru að vísu gerðar með tilliti til heilbrigðis- eða hernaðarlegra ástæðna. Þessi samningur strandaði á andstöðu eins einasta lands, Póllands. Það hefir raunar margt breytzt undanfarin þrjú ár, en þetta sýnir þó glögglega, hvernig þjóðirnar líta á þetta mál — og hvers er að vænta fyrir þjóðir, sem nota slíkar ráðstafanir til að bægja frá erlendum vörum og framleiðslu.

Þá er þess oft getið, að innflutningshöftin styrki innlendan iðnað og skapi honum þróunarmöguleika, og skal það fyllilega játað hér — en þó með þeirri athugasemd, að löggjafinn á völ á mörgum öðrum ráðstöfunum, sem tryggja betri árangur, en koma vægar við neytendur.

---

Sé nú snúið sér að frumvarpinu sérstaklega, þá kemur í ljós, að megintilgangur þess er tvíþættur. Annarsvegar er því stefnt að því marki að ná og tryggja jöfnuð viðskiptanna við útlönd með innflutningsbanni, og hinsvegar er því ætlað að ná sama tilgangi með ákveðnum fyrirmælum um meðferð og verzlun erlends gjaldeyris. Í ofanrituðu hefir Verzlunarráðið þegar látið álit sitt í ljós á skaðsemi þeirri, sem innflutningsbönn hafa í för með sér, og virðist óþarft að færa að því frekari rök. Verzlunarráðið leggur það því eindregið til og skorar á Alþingi að samþykkja ekki lög, sem heimila eða jafnvel ákveða innflutningsbann á vörum. Telur það slíkt hættulegt, enda ekki þörf á því, jafnvel ekki að áliti þeirra, sem annars hafa trú á þessum ráðstöfunum, ef ákvæði frumvarpsins um meðferð og verzlun erlends gjaldeyris ná fram að ganga. Það bendir ekkert til þess, að sá

stakkur, sem verzluninni og viðskiptunum við útlönd er sniðinn með ákvæðum þessum, gefi innflutningnum of mikið svigrúm. Sú viðbára, að hætta sé á, að vörur verði fluttar hingað til landsins með láni erlendra verzlunarfyrirtækja, og muni slíkt eyðileggja lánstraust landsins út á við, er byggð á misskilningi. Erlend verzlunarfyrirtæki fylgjast það vel með þeim hérlendu lagafyrirmælum, sem viðskipti þeirra snerta, að þau munu áður en langt um líður engar vörur selja hingað til landsins, hvað þá lána, án þess að viðkomandi innflytjandi sýni fram á, að hann hafi leyfi til að greiða vörurnar. Nú kann það að sönnu að koma fyrir, að innflytjandi reynist vanskilamaður við erlenda lánardrottna, en þá má hér einnig vekja athygli á því, að slíkt er ríkinu með öllu óviðkomandi og bakar því ekki tjón. Íslenzka genginu þarf heldur ekki að stafa hætta af því, þótt vörur séu fluttar inn í heimildarleysi, því að það er algerlega á valdi bankanna, sem samkv. frumvarpinu eiga að ráða yfir öllum erlendum gjaldeyri landsmanna, hve mikið framboð verður á íslenzkum gjaldeyri erlendis. Þetta atriði er alveg sérstaklega athyglisvert öllum þeim, sem gera sér grillur út af því, að innflutningur einstaklinganna geti, án vilja ríkisins, þýtt fjárhagslegt hrun eða voða fyrir öryggi og festu íslenzku krónunnar.

Um hina aðalhlið frumvarpsins, ákvæðin um meðferð og verzlun erlends gjaldeyris, vill Verzlunarráðið taka fram, að afstaða þess til málsins hefir að nokkru breytzt frá því 1931. Verzlunarráðið er samt enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að gjaldeyrisskammtanir og ófrjáls verzlun með erlendan gjaldeyri séu óheppilegar ráðstafanir til að koma á jafnvægi í viðskiptum við útlönd, almennt séð. En eins og háttv. fjárhagsnefnd er kunnugt, hafa ýms lönd, er við skiptum við, lagt þær hömlur á ísl. útflutning, að okkur er nauðsynlegt að beina utanríkisverzluninni, og þá sérstaklega innflutningnum, á vissa markaði. Þetta virðist í fljótu bragði vart hægt með öðru en ákveðnum fyrirmælum um meðferð og notkun hins erlenda gjaldeyris, sem við ráðum yfir.

Verzlunarráðið lýsir sig því samþykkt þeim ákvæðum frumvarpsins, sem ganga í þá átt, með fyrirmælum um notkun gjaldeyrisins, að hafa áðurnefnd áhrif á utanríkisverzlunina, þó með þeirri athugasemd, að þetta sé skoðað sem bráðabirgðaráðstöfun, sprottin af vandræðum núverandi ástands sérstakega.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins vill Verzlunarráðið leyfa sér að taka þetta fram:

1. gr. Samkvæmt því, sem að ofan er sagt, virðist liggja beinast við, að tilgreindum bönkum sé veittur einkaréttur til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. En í sambandi við þetta ákvæði þykir Verzlunarráðinu ástæðulaust að veita fjármálaráðherra heimild til að breyta þessum fyrirmælum með reglugerð. Með tilliti til afstöðu bankanna til ríkisins virðist það eðlilegast, að báðum þessum peningastofnunum sé tryggður þessi einkaréttur, svo lengi sem þessum málum er skipað á þann hátt, er frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í sambandi við heimild 1. gr. að ákveða með reglugerð, að allur erlendur gjaldeyrir, sem fyrir útfluttar afurðir fæst, skuli renna til bankanna, væri athugavert, hvort ekki væri ástæða til að veita útgerðarmönnum einhverja sérstöðu, að því er það snertir að mega halda eftir hluta af andvirði því, er þeir fá fyrir seldar afurðir, til kola og saltkaupa o. s. frv. Þetta léttir starf þeirra að

mörgu leyti og sparar þeim kostnað (ómakslaun banka). Virðist þetta sanngjarnt, þegar þess er gætt, að gjaldeyrisforði bankanna er að miklu leyti kominn undir dugnaði og heppni útgerðarmanna. Verzlunarráðið leggur til, að þessi möguleiki sé athugaður grandgæfilega.

2. gr. Verzlunarráðið hefir þegar látið í ljós álit sitt á skaðsemi innflutningsbanns á vörum, og skal því ekki víkja frekar að því hér.

En í sambandi við ákvæðið um valdsvið gjaldeyris- og innflutningsnefndar leyfir ráðið sér að beina þeirri spurningu til háttv. fjárhagsnefndar, hvort ekki sé óeðlilegt, að ríkisstjórnin sjálf, svo og bankarnir, eigi það undir samþykki nefndarinnar að fá þann erlenda gjaldeyri, sem þessir aðilar þurfa á að halda til að standa skil á erlendum skuldbindingum sínum. Verzlunarráðinu leikur grunur á, að þessi ákvæði um valdsvið nefndarinnar brjóti í bága við fyrirmæli, sem bönkunum eru sett.

3. gr. Um afstöðu Verzlunarráðsins til þessarar greinar er það að segja, að ráðið leggur eindregið á móti því ákvæði greinarinnar, að fjármálaráðherra skipi þrjá af fimm mönnum nefndarinnar, án tilnefningar. Hinir miklu örðugleikar, sem fylgja fyrirkomulagi þessu á gjaldeyrisverzluninni, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, munu gera starf nefndarinnar óvenjuvandasamt og erfitt. Gjaldeyrisskammtanir eru sérstaklega viðkvæmt mál, þeim sem um leyfin sækja, og er því mikil nauðsyn, að þeir, sem hlut eiga að máli, kaupsýslumennirnir, geti borið fullt traust til þeirra manna, sem skammtanirnar eiga að hafa með höndum. Því er það að áliti Verzlunarráðsins, og allra þeirra, er Verzlunarráðið hefir leitað umsagnar hjá, með öllu ótækt, að frumvarpið skuli ekki gera ráð fyrir, að fjármálaráðherra sé gert að skipa einn mann í nefndina, sem skoðazt geti fulltrúi verzlunarstéttarinnar sérstaklega. Verzlunarráðið skorar því eindregið á háttv. fjárhagsnefnd að leggja það til, að fjármálaráðherra skipi nefndina sem hér segir: Einn eftir tilnefningu bankastjóra Landsbanka Íslands, einn eftir tilnefningu bankastjóra Útvegsbanka Íslands h/f, einn eftir tilnefningu Verzlunarráðs Íslands, einn eftir tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga, og loks einn án tilnefningar.

4. gr. Það, sem Verzlunarráðið tekur fram viðvíkjandi þessari grein sérstaklega, á að ýmsu leyti við frumvarpið í heild. Það kemur hvergi eins fram og einmitt hér, hve frumvarpið kveður í rauninni lítið á um það, hvernig gjaldeyrismálunum verður endanlega skipað. Það er ef til vill of djúpt tekið í árinni að fullyrða, að frumvarp þetta til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl. sé í þessum efnum ein allsherjarheimild til fjármálaráðherra og væntanlegrar gjaldeyrisnefndar, að fara með þessi mál nákvæmlega eins og þeim sýndist eða þykir bezt henta. Að minnsta kosti saknar Verzlunarráðið mjög, að ekkert skuli ákveðið um það, hvernig leyfisveitingunum skuli hagað (kvotasystem), ekkert getið um það, hvaða aðstöðu ný verzlunarfyrirtæki skuli njóta móts við eldri verzlanir til að fá umráð yfir gjaldeyri, engar upplýsingar um það, hvaða skilyrði nefndinni er heimilt að setja fyrir leyfisveitingunum o. s. frv. Verzlunarráðið lítur svo á, að allt þetta séu svo mikilsverð atriði, að nauðsynlegt sé að ákveða nánar um það í frumvarpinu sjálfu, hvernig þessum málum skuli fyrir komið.

5.—9. gr. Ákvæði þau, sem greinar þessar innihalda, eru að mestu nauðsyn-

leg viðbót við þau ákvæði frumvarpsins, sem raunverulega er ætlað að skipa gjaldeyris- og innflutningsmálunum, og þegar hefir verið rætt um. Það þykir því ekki þurfa að gera efni þessara greina hér að umræðuefni sérstaklega.

Með tilliti til þess, að háttv. fjárhagsnefnd æski frekari skýringa á afstöðu Verzlunarráðsins til þessa máls, skal það tekið fram, að þær munu fúslega látnar í té.

Virðingarfyllst.

Verzlunarráð Íslands.

H. Benediktsson. A. Claessen. Richard Thors. C. Proppé.
Jóh. Ólafsson. Jes Zimsen.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

## Nd. 425. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 387 [Tunnuefni].

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við stafl. 1. Eftir orðunum „óunninn hampur“ komi: og hampgarn.
2. Við stafl. 2. Orðið „óunninn“ falli burt.

## Nd. 426. Breytingartillaga

við frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Emil Jónssyni, Jónasi Guðmundssyni og Finni Jónssyni.

Á eftir 55. gr. komi ný gr., er verður 56. gr. og orðist þannig:

Á meðan bæjar- og sveitarsjóðum er ekki séð fyrir nægilegum tekjum á annan hátt, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að skattur sá, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum, skuli innheimtur með 50% viðauka í þeim sveitar- eða bæjarfélögum, sem þess kunna að óska, enda renni þessi viðauki á skattinum í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð. Skattauki þessi sé innheimtur á sama hátt og aðalskatturinn, og síðan greiddur viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi af ríkissjóði.

**Nd.** **427. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

A. **Ávísun:** Tékka og allar tegundir ávísana, innlendar og erlendar, þótt ekki séu í venjulegu ávísanaformi, ef ráðstafað er greiðslu ákveðinnar fjárhæðar frá vissum aðila, þannig að raunverulega er um ávísun að ræða, þar með talin bréf, skeyti eða skjöl, sem innihalda slíka ákvörðun eða beiðni. Sama er, hvort greiðsla miðast við sýningu, ákveðinn tíma eða endurtekna greiðslu með vissu millibili, eða hvort greiðsla á fram að fara í peningum, með víxlum, ávísunum eða öðrum gjaldmiðli. Og sama er þótt greiðsla sé skilorðsbundin, eða hvort nokkuð reynist til fyrir ávísun eða eigi.

Hér til teljast þó eigi neinar tegundir bankaseðla, víxlar, arðmiðar, vaxtamiðar eða vöruávísanir.

B. **Kvittun:** Allar viðurkenningar fyrir greiðslu eða innborgun á ákveðinni fjárhæð, hvort sem þær eru í venjulegu kvittunarformi eða færðar á reikninga eða önnur skjöl, þar með taldir farseðlar og farmiðar, og sérhver önnur áletrun eða stimplun, sem felur í sér slíka viðurkenningu. Sama er, hvort greiðsla hefir farið fram í peningum, með víxli, ávísun (sbr. A.-lið) eða hverjum öðrum gjaldmiðli. Hér til teljast og allar viðurkenningar fyrir lúkningu skuldar eða greiðslu einhverrar skuldakröfu að einhverju eða öllu leyti, í hverju sem greiðsla hefir fram farið. Sama er, hvort kvittun er undirrituð eða eigi.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur gera nýja tegund stimpilmerkja, er kallast greiðslumerki. Það ákveður um gerð merkjanna, hvernig haga skuli sölu á þeim og reikningsskilum, og hversu þau skuli gera ónothæf. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að láta gera ávísanahefti og kvittanahefti með áletruðu greiðslumerki, og má nota eyðublöð úr þeim í stað þess að líma merkin á ávísunina eða kvittunina.

3. gr.

Ávísanir þær og kvittanir, sem um ræðir í 1. gr., skal stimpla með greiðslumerkjum, ef fjárhæð sú, sem ávísun eða kvittun hljóðar á, nemur 20 kr. eða meira. Skulu greiðslumerkin vera þrennskonar, eftir fjárhæð ávísunar eða kvittunar, þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Frá | 20 kr. | til | 50 kr. ..... | 5 aurar |
| — | 50 — | — | 500 — ..... | 20 — |
| — | 500 — | og | þar yfir ..... | 50 — |

Hljóði ávísun um greiðslu til fleiri en eins aðila, telst hver greiðsla sem sérstök ávísun. Hljóði ávísun á endurtekna greiðslu um óákveðinn tíma, þannig að

ekki verður vitað, hve miklu þær nema samanlagðar, skal stimpla þær með hæsta greiðslumerki.

4. gr.

Kvittanir og ávísanir, sem gefnar eru út hér á landi, skal stimpla um leið og þær eru útgefnar eða áður en til afhendingar kemur, og hvílir stimplunarskyldan á útgefanda, enda er öllum heimilt að hafa greiðslumerki undir höndum. Það varðar sektum að taka við óstimplaðri ávísun eða kvittun, nema viðtakandi láti þegar í stað sjá um, að stimplað sé, en stimplun þessi leysir ekki útgefanda frá sektum.

Ávísanir þær (eða kvittanir), sem gefnar eru út erlendis óstimplaðar, skal stimpla áður en þær eru hér greiddar eða framseldar, og hvílir stimpilskyldan þá á framseljanda, ef hann er til staðar, en ella skal viðtakandi eða greiðandi framkvæma stimplunina.

5. gr.

Undanþegið þessu sérstaka stimpilgjaldi er:

A. 1. Ávísanir útgefnar af innlendum bönkum eða sparisjóðum.
2. Ávísanir gefnar út af stjórnarráði Íslands fyrir opinberum greiðslum eða gjöldum úr ríkissjóði.
3. Ávísanir útgefnar innanlands til greiðslu opinberra gjalda eða fyrir öðrum gjöldum í ríkissjóð.

B. 1. Kvittanir fyrir innborgun til banka eða sparisjóða, þegar lagt er inn í eiginn reikning.
2. Kvittanir fyrir opinberum gjöldum eða öðrum greiðslum í ríkissjóð.
3. Kvittanir fyrir vinnulaunum, ef þær nema ekki yfir 100 kr. og ekki er um hluta af föstu mánaðar- eða árskaupi að ræða.
4. Kvittanir eða viðurkenningar fyrir móttöku íslenzkra afurða beint frá framleiðendum, enda nemi þær ekki yfir 600 kr.
5. Kvittanir fyrir endurgreiðslu á tolli eða öðrum ofreiknuðum gjöldum í ríkissjóð.
6. Kvittanir fyrir víxlum eða ávísunum, sem afhent er til innheimtu eða til sýningar.
7. Kvittanir innfærðar á skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt stimpillögum, fyrir greiðslu eða afborgun þeirrar fjárhæðar, sem í þeim er tilgreind, þar með talin framsöl á ávísunum og víxlum.
8. Öll skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt lögum um stimpilgjald, nr. 75 27. júní 1921, enda þótt þau geti talizt ávísun eða kvittun.

6. gr.

Ef í sama skjali er innifalin fleiri en ein ávísun eða kvittun, eða bæði ávísun og kvittun, skal stimpla hverja ávísun eða kvittun fyrir sig.

7. gr.

Þegar ávísun eða kvittun er gefin út í fleira en einu eintaki, er aðeins eitt þeirra stimpilskylt. Skal þess getið í hinum óstimpluðu eintökum, hvernig frumeintakið er stimplað.

8. gr.

Stimpilgjald greiðist annaðhvort með því að nota stimplaða ávísun eða kvittun eða líma greiðslumerki á skjalið, eða hvorttveggja.

9. gr.

Eigi má gefa út ávísun eða kvittun í meira en einu lagi fyrir sömu fjárhæð eða greiðslu til þess að komast hjá stimpilgjaldi samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Allir opinberir starfsmenn hafa sömu skyldu til að sjá um, að lögum þessum sé framfylgt, og ákveðin er í 53. gr. laga um stimpilgjald. Sömu skyldu hafa og starfsmenn banka og sparisjóða. Heimilt er fjármálaráðuneytinu að láta fara fram athugun á bókum og skjölum þeirra, sem bókhaldsskyldir eru að lögum, til þess að rannsaka, hvort ákvæði þessara laga um stimplun hafi verið brotin.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—300 krónum, er renna í ríkissjóð, auk greiðslu hins vantandi stimpilgjalds.

Heimilt er þó fjármálaráðueytinu fyrstu 3 árin, sem lög þessi gilda, að lækka sektir samkvæmt þeim og jafnvel láta þær niður falla, ef sérstakar ástæður mæla með því.

12. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði stimpillaga, þar sem þau eiga við.

14. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga og stimpilskyldu.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

## Greinargerð.

Þörfin á nýjum tekjuauka, ef ríkissjóður á að standast eðlileg framlög til verklegra framkvæmda, er mjög brýn vegna þess, að út lítur fyrir, að tolltekjur ríkissjóðs muni rýrna á næsta ári.

Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að stimpilgjald verði framvegis greitt af ávísunum og kvittunum. Hefir ekki áður verið greitt stimpilgjald af þeim skjölum hér á landi. Víða annarsstaðar hefir svo verið gert.

Stimpilskatti af ávísunum hefir verið komið á í Stóra-Bretlandi, Frakklandi, Hollandi, Belgíu, Ítalíu, Spáni, Portúgal, Austurríki og Ungverjalandi. Flestar þessar sömu þjóðir hafa og stimpilgjald af kvittunum, þótt með ýmsum takmörkunum sé. Hefir ýmist verið fylgt þeirri reglu að taka visst stimpilgjald af hverri ávísun eða kvittun, án tillits til fjárhæðar (t. d. í Englandi og Frakk-

landi), eða hafa gjaldið stighækkandi eftir fjárhæðum, og í því tilfelli er stundum sami stimpilgjalds-„stigi“ hafður bæði fyrir ávísanir og víxla.

Við samningu þessa frumvarps hefir aðallega verið stuðzt við ákvæði enskrar löggjafar um þetta efni, að því leyti sem þau eiga hér við. Þó hefir þótt réttara að hafa stimpilgjaldið mismunandi hátt eftir fjárhæðum, heldur en að fylgja ensku reglunni um að hafa sama stimpilgjald af öllum ávísunum eða kvittunum, hvort sem þær eru háar eða lágar. Hinsvegar hefir gjaldið þótt verða of hátt með því að miða við sama gjaldstiga og er á víxlum, eins og sumstaðar hefir verið gert. Er því farin hér sú millileið, að hafa gjaldið frá 5—50 aura eftir fjárhæð, og sleppa við gjald þeim ávísunum eða kvittunum, sem nema minna en 20 kr. Virðist því stimpilgjaldið eigi ákveðið svo hátt, að um tilfinnanlegan útgjaldalið geti verið að ræða fyrir hvern einstakan.

Þá hefir þótt sjálfsagt að hafa hin nýju stimpilmerki frábrugðin þeim, sem fyrir eru, þar eð óhjákvæmilegt er, að þau verði í allra höndum.

Ókleift virðist að gera sér grein fyrir því, hve miklu stimpilgjald samkvæmt frumvarpi þessu muni nema.

## Nd. 428. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um útsvör, nr. 46 frá 15. júní 1926.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

24. gr. útsvarslaganna orðist þannig:

Sá, er ekki vill hlíta úrskurði yfirskattanefndar, getur næstu 2 almanaksmánuði eftir dagsetningu úrskurðar hennar skotið honum til ríkisskattanefndar. Ríkisskattanefnd skal hafa lokið úrskurði eigi síðar en 2 mánuðum eftir að kæra kemur til nefndarinnar. Ríkisskattanefnd hefir sama rétt til þess að krefjast upplýsinga sem yfirskattanefnd, en nefndin breytir ekki útsvörum annara gjaldenda en þeirra, sem áfrýja til hennar úrskurði yfirskattanefnda.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

Greinargerð.

Í frumvarpi um tekjuskatt og eignarskatt er gert ráð fyrir, að lög um ríkisskattanefnd frá 1932 verði úr gildi felld, þar eð öll aðalákvæði um nefndina eru sett inn í frumvarpið. Jafnhliða slíkri breytingu verður að setja í útsvarslögin ákvæði um áfrýjun til ríkisskattanefndar.

## Nd. 429. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum.

Flm.: Pétur Ottesen.

Fyrir „250“ á þremur stöðum í frumvarpsgreininni kemur: 400.

## Ed. 430. Breytingartillögur

við frv. til laga um verkamannabústaði.

Frá Pétri Magnússyni.

Við 8. gr.

a. Orðin „nema til bráðabirgða“ til loka 1. málsgr. falli burt.
b. Á eftir „hlutaðeigandi sjóðsdeildar“ í síðustu málsgr. komi: og allri starfsemi byggingarfélags.

## Nd. 431. Frumvarp

til laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar sjö manna fiskimálanefnd. Skipar atvinnumálaráðherra einn mann, en hinir sex skulu tilnefndir af þessum aðilum, einn af hverjum: Alþýðusambandi Íslands, botnvörpuskipaeigendum, Fiskifélagi Íslands, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f og Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn, og skulu jafnframt skipaðir jafnmargir varamenn eftir tilnefningu sömu aðilja. Nefndarmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nærri, að þeir geti auðveldlega sótt þar fundi. Stofnanir þær, sem tilnefna menn í nefndina, geta þó skipt um aðalmenn og varamenn að ári liðnu frá síðustu tilnefningu, enda komi samþykki ráðherra til.

Nú vanrækir einhver framangreindra stofnana að tilnefna mann í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað.

Nefndin kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn.

Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur. Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Fiskimálanefnd hefir með höndum úthlutun verkunarleyfa og útflutningsleyfa á fiski og löggildir saltfiskútflytjendur. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á fiski með öðrum verkunaraðferðum en nú eru mest tíðkaðar. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja fisk á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins. Getur ríkisstjórnin veitt nefndinni fé úr markaðs- og verðjöfnunarsjóði í þessu skyni með samþykki sjóðstjórnarinnar.

3. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja fisk til útlanda, nema með leyfi fiskimálanefndar. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir fisksendingum til útlanda,

nema slikt leyfi liggi fyrir. Leyfi til útflutnings á saltfiski skulu aðeins veitt þeim, sem fengið hafa löggildingu sem saltfiskútflytjendur. Þó getur nefndin veitt undanþágu fyrir smásendingar af óverkuðum saltfiski, ufsa, keilu og úrgangsfiski.

4. gr.

Fiskimálanefnd löggildir saltfiskútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma.

Nú hefir félag fiskframleiðenda fengið löggildingu sem saltfiskútflytjandi og hefir umráð yfir 80% eða meiru af saltfiskframleiðslu landsmanna, og getur þá fiskmálanefnd ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundraðshluta af framleiðslunni og það hefir umráð yfir, en fullnægja skal þá félagið þeim skilyrðum, er hér fara á eftir, sé það eigi stofnað og starfrækt samkv. l. nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög. Félagið skal vera opið öllum fiskframleiðendum þannig, að félög þeirra, sem ná yfir eina eða fleiri veiðistöðvar eða tiltekið svæði, hafi rétt til þátttöku og sendi fulltrúa á fundi þess. Útgerðarmenn og útgerðarfélög, sem ráða yfir 3000 skpd. saltfiskjar eða meiru, skulu eiga rétt á að gerast meðlimir og mæta eða láta mæta á fundum félagsins. Æðsta vald í félagsmálum sé hjá félagsfundum. Við kosningu fulltrúa til félagsfunda skal hver þátttakandi hafa atkvæðisrétt, er eigi miðast nema að nokkru leyti við fiskimagn. Sama gildir og um atkvæðisrétt á félagsfundum, enda fari þar enginn með meira en 1/20 af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra.

Þeir, sem kynnu að fá löggildingu til útflutnings á eftirstöðvum fiskmagnsins, skulu uppfylla skilyrði síðustu málsgreinar þessarar greinar.

Ef ekkert almennt félag fiskframleiðenda, sem ræður yfir fiskmagni því, sem að framan greinir, sækir um og fær löggildingu fiskimálanefndar, getur nefndin löggilt tiltekna tölu saltfiskútflytjenda, enda hafi hver þeirra til umráða að minnsta kosti 20000 skpd. af fiski og fullnægi ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, ef um einstakling er að ræða, eða ef um félag er að ræða, að það sé skrásett lögum samkvæmt sem hlutafélag, samvinnufélag eða sölusamlag fiskframleiðenda, opið öllum fiskframleiðendum.

5. gr.

Þeir, sem samkvæmt 4. og 5. gr. fá löggildingu nefndarinnar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum hennar um framboð og lágmarksverð á fiski, sem seldur er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma, afhendingu gjaldeyris og annað það, sem nefndin setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkvæmt lögum þessum. Með reglugerð má ákveða, að fiskútflytjendur skuli skyldir að taka fisk til sölu af framleiðendum, gegn hæfilegri hámarksþóknun, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir fiskframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

6. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem snertir sölu og útflutning fiskjar, og hefir nefndin frjálsan aðgang

að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin er bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda, er hún verður áskynja um á þennan hátt.

7. gr.

Nú verður það nauðsynlegt að dómi fiskimálanefndar, til þess að tryggja sölu á fiskframleiðslu landsmanna, að takmarka veiði, og getur þá atvinnumálaráðherra, eftir tillögum nefndarinnar, mælt svo fyrir með reglugerð, að takmarka skuli veiði verðlítils fiskjar, svo og að banna megi eða draga úr aukningu fiskiskipaflotans og úrskurða um það, hvar aukning megi eiga sér stað.

8. gr.

Allir fiskframleiðendur skulu fyrir þann tíma, er fiskimálanefnd ákveður, sækja um verkunarleyfi til fiskimálanefndar. Í leyfisbeiðnum skulu fiskframleiðendur tilgreina tölu, einkennistölur og stærð fiskiskipa, sem þeir ætla að halda til veiða næsta ár, og áætla afla. Skulu framleiðendur skyldir að láta nefndinni í té allar upplýsingar, sem hún krefst og stuðlað geta að því að áætla veiðina sem næst sanni, og ennfremur gefa nefndinni mánaðarlega nákvæmar aflaskýrslur, eftir að veiði byrjar ár hvert, og jafnframt tilgreina, hver hafi fiskinn til sölumeðferðar.

Í leyfisbeiðni skal tekið fram, hvernig framleiðandi óskar að verka afla sinn.

9. gr.

Fiskimálanefnd úthlutar verkunarleyfum, og skal, eftir því sem við verður komið, úthluta leyfum eftir óskum fiskframleiðenda. Nú er, að dómi nefndarinnar, ekki líklegt, að hægt verði að selja alla fiskframleiðslu landsmanna með þeirri verkun, sem framleiðendur óska, vegna innflutningstakmarkana í markaðslöndunum, og getur þá nefndin ákveðið, að tiltekinn hluti af afla fiskframleiðenda skuli seldur í því ásigkomulagi og með þeirri verkun, sem hún álítur, að tryggi það bezt, að fiskmarkaðurinn komi að sem fyllstum notum. Skal nefndin hafa um þetta sem nánasta samvinnu við fiskframleiðendur og útflytjendur.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd undanfarandi ákvæða, svo sem að hver fiskeigandi beri ábyrgð á gæðum síns fiskjar, ákveði um jafnaðarverð á fiski sömu gæða, umboðslaun til að standast kostnað við sölu og öll þau atriði önnur, er hann telur þurfa.

11. gr.

Brjóti löggiltur útflytjandi ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, getur fiskimálanefnd svipt hann löggildingu og kært hann til fjársekta.

12. gr.

Nú telur ríkisstjórnin og fiskimálanefnd, með tilliti til markaðslanda og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikarnir með því að

taka upp einkasölu á saltfiski, og getur ríkisstjórnin þá, með samþykki fiskimálanefndar, ef félag fiskframleiðenda, sem uppfyllir ákvæði 2. málsgr. 4. gr. æskir þess, veitt því um ákveðinn tíma einkarétt til að selja og flytja saltfisk til útlanda, enda séu þá framkvæmdarstjórar þrír, og tilnefni fiskimálanefnd einn þeirra.

Sé slíkur félagsskapur fiskframleiðenda eigi til eða fiskimálanefnd mæli eigi með því, að honum sé veittur slíkur einkaréttur, getur ríkisstjórnin falið fiskimálanefnd einkasölu á fiski til útlanda, enda komi samþykki nefndarinnar til. Ræður þá fiskimálanefnd þrjá framkvæmdarstjóra til þess að annast fisksöluna og gerir aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsyn krefur. Skal með reglugerð, er atvinnumálaráðherra gefur út, ákveða fyrirkomulag einkasölunnar, verksvið framkvæmdarstjórnar og annað það, er leiðir af ákvæðum þessarar greinar.

Sé fiskimálanefnd falin einkasala á fiski, telst kostnaður við störf hennar með rekstrarkostnaði einkasölunnar.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, og varða sektum, allt að 200000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk hæstv. atvinnumálaráðherra af meiri hluta sjútvn. Vegna þeirra erfiðleika, sem eru á útflutningi og sölu saltfiskjar, verður að teljast óhjákvæmilegt að tryggja sem bezt skipulag á saltfiskverzluninni, og eins hitt, að gerðar séu ráðstafanir til þess að hefja útflutning á fiski, verkuðum með öðrum aðferðum en nú eru mest tíðkaðar.

Nánar í framsögu.

## Nd. 432. Breytingartillögur

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Jakob Möller, Sigfús Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ólafur Thors.

1. Við 10. gr. Inn í síðustu málsgrein, á eftir orðunum „nema til atvinnurekstr ar sé“ bætist: eða heimilisstjórnar (kaup ráðskonu).
2. Við 34. gr. Annar málsliður fyrri málsgreinar orðist svo: Heimilt er skattanefnd að leiðrétta einstaka liði framtals, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög eða fyrirmæli, eða telja má, að óyggjandi upplýsingar um viðkomandi atriði séu fyrir hendi, en gera skal aðila aðvart um slíkar breytingar á framtali.
3. Við 45. gr. Fyrir „1%“ komi: ½%.

## Ed. 433. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, og lögum nr. 49 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 2. málsgr. laga nr. 49 27. júní 1925 bætist: og Siglufirði.

2. gr.

Á eftir 19. gr. laga nr. 40 19. júní 1922 kemur ný grein, sem verður 20. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Atvinnumálaráðherra er heimilt að veita þeim mönnum, er skipstjóraréttindi hafa á íslenzku skipi í innanlandssiglingum, allt að 60 rúmlesta, rétt til skipstjórnar á slíku skipi, þótt stærra sé, en þó eigi yfir 150 rúmlestir. Slíkan rétt má þó þeim einum veita, er stýrt hefir skipi í 60 mánuði hið minnsta, enda sanni hann, að honum hafi ekki hlekkzt á í skipstjórn. Ennfremur hafi hann meðmæli forstöðumanns Stýrimannaskólans í Reykjavík, formanns Stýrimannafél. Íslands og hlutaðeigandi skráningarstjóra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra, svo og meginmál laga nr. 49 27. júní 1925 og laga nr. 31. 8. sept. 1931, inn í lög nr. 40 19. júní 1922 og gefa þau út svo breytt.

## Ed. 434. Lög

um verzlun með tilbúinn áburð.

(Afgreidd frá Ed. 13. nóv.).

Samhljóða þskj. 136.

## Ed. 435. Frumvarp

til laga um friðun náttúruminja.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Dómsmálaráðherra lætur semja skrá yfir allar þær náttúruminjar og þau einstök atriði í landslagi eða þau landslagssvæði, hverju nafni sem tjáir að nefna, þar með taldir fossar, ár og stöðuvötn, sem honum er kunnugt um eða þykir

líklegt, að erlendir og innlendir ferðamenn sækist eftir að sjá, og er þetta allt nefnt náttúruminjar í lögum þessum. Náttúruminjar, sem á þeirri skrá standa, skulu friðaðar með þeim hætti, sem í lögum þessum greinir, og þær skulu vera undir eftirliti og vernd dómsmálaráðuneytisins. Skal náttúruminjaskráin birt í B-deild Stjórnartíðindanna, og hefst friðunin með birtingunni.

2. gr.

Nú þykir dómsmálaráðherra ástæða til þess að friða einhverjar náttúruminjar, sem ekki hafa verið á náttúruminjaskrá áður, og skulu þær þá færðar á skrána og það birt í B-deild Stjórnartíðindanna. Hefst friðun þeirra þann dag, sem það er birt.

3. gr.

Eftir að náttúruminjar eru komnar á náttúruminjaskrá má enginn maður nýta þær á annan veg en dómsmálaráðuneytið mælir fyrir, og hvorki raska þeim né breyta þeim, nema að ráðstöfun dómsmálaráðuneytisins.

4. gr.

Nú eru náttúruminjar, sem settar hafa verið á náttúruminjaskrá, eign einstakra manna eða stofnana, sveitarfélaga eða annara en ríkisins, og skulu eigendum þá greiddar bætur eftir dómkvaddra manna mati fyrir það nytjatjón, sem þeir sannanlega bíða við friðunina.

Séu nothæf mannvirki á friðuðum náttúruminjum, sem eru í eigu annara en ríkisins, og verði not þeirra ekki heimiluð eftir að náttúruminjarnar voru teknar á náttúruminjaskrá, þá skal greiða bætur fyrir það með sama hætti, en þó því aðeins, að mannvirki þessi hafi að staðaldri verið notuð eftir tilætlun sinni, þegar friðunin hófst. Ekki skal bæta missi nýtingarmöguleika friðaðra náttúruminja, nema nýtingin hafi að nokkru verið framkvæmd eða hafðir til hennar alvarlegir tilburðir.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið hefir eftirlit með friðuðum náttúruminjum, að þær raskist ekki, breytist ekki eða spillist, og það setur reglur um það, hvernig náttúruminjarnar skuli sýndar almenningi og hvernig hann skuli hafa umgengni um þær. Getur ráðuneytið falið einhverri ríkisstofnun, sem nú er til, að fara með það eftirlit, án aukinna framlaga fyrir ríkissjóð til hennar.

6. gr.

Nú raskast eða spillast einhverjar friðaðar náttúruminjar svo af óviðráðanlegum ástæðum, að þær koma ekki að tilætluðum notum, og lætur þá dómsmálaráðuneytið, eða sú stofnun, sem það hefir falið umsjá náttúruminja, bæta um þetta eftir föngum. Greiðist kostnaðurinn við það úr ríkissjóði. Þurfi, að dómi ráðuneytisins, eða þeirrar stofnunar, sem annast umsjá friðaðra náttúruminja, að gera einhver mannvirki á þeim, annaðhvort til verndar þeim eða til þess að þær komi almenningi að tilætluðum notum, þá skal það gert, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

Nú raskast eða spillast friðaðar náttúruminjar svo af óviðráðanlegum ástæðum eða af völdum náttúrunnar, að þær koma ekki að tilætluðum notum og reynist ógerningur að bæta þær skemmdir eða þykir fullvíst, að þær muni ekki batna af sjálfsdáðum, og skal þá taka þær af náttúruminjaskrá. Skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðindanna. Er friðuninni þar með lokið og eigendum heimilt að nýta náttúruminjarnar eftir vild.

7. gr.

Nú raskar maður eða spillir friðuðum náttúruminjum svo af vangá, að þær koma ekki að tilætluðum notum, og skal þá bæta skemmdirnar á kostnað þess, er þeim olli. Greiðist sá kostnaður ekki, má taka hann lögtaki á kostnað greiðanda.

Nú raskar maður eða spillir friðuðum náttúruminjum svo af ásettu ráði, að þær koma ekki að tilætluðum notum, en verði þó bætt, og varðar það sektum frá 500 til 10000 krónum. Skulu skemmdirnar bættar á kostnað þess, er þeim olli, en greiðist sá kostnaður ekki, má taka hann lögtaki á kostnað greiðanda.

Nú raskar maður eða spillir friðuðum náttúruminjum svo af ásettu ráði, að þær koma ekki að tilætluðum notum og ekki verður um bætt, eða ekki nema að nokkru, og varðar það þá fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

8. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk dómsmálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér rétt til breytingartillagna undir meðferð frumvarpsins í deildinni. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

„Það er alkunnugt, að erlendur ferðamannastraumur til landsins hefir sífellt verið að aukast fram að þessu, og að landsmenn hafa allmiklar tekjur af honum. Það þykir og líklegt, að sá straumur muni aukast enn, og er bæði rétt og skylt að gera allt til þess, að sem mest laði ferðamenn hingað. Er frumvarp það um stofnun ferðamannaskrifstofu, sem fyrir þinginu liggur, liður í þeirri viðleitni. Það er svo um flesta hina útlendu ferðamenn, að þeir koma ekki hingað aðallega til þess að njóta hins góða, hreina lofts, heldur koma þeir fyrst og fremst til þess að sjá fagra og einkennilega náttúru eða fátíð náttúrufyrirbrigði, sem hér gerast. Sumir staðir og sum náttúrufyrirbrigði landsins eru þegar orðin kunn víða um heim, og spyrja ferðamenn, sem hingað koma, þegar um þau um leið og þeir stíga hér á land. Það er því bráðnauðsynlegt að sjá um, að þær náttúruminjar, sem laða ferðamennina, og aðrar, sem líklegt er að mundu gera það, ef þeim væri haldið að ferðamönnum, séu friðaðar, svo að ferðamennirnir verði ekki fyrir vonbrigðum af því, að hugsunarlitlir menn hafa misskilið þýðingu

náttúruminjanna eða metið meira einkahagsmuni en almannaheill. Lög nr. 59 frá 7. maí 1928, um friðun Þingvalla, sýna, að löggjafarþinginu hefir verið þessi nauðsyn ljós, og það má í sjálfu sér furðulegt heita, að sú friðun, sem þetta frumvarp fer fram á, hafi ekki verið lögleidd um leið og Þingvallafriðunin.

Þess skal hér getið, að frumvarp þetta er ekki borið fram að tilefnislausu. Náttúrufyrirbrigði einu, sem er hér í grennd við Reykjavík og var alkunnugt og mjög eftirsótt meðal erlendra ferðamanna, hefir fyrir skemmstu verið breytt svo af eiganda, að það er ónýtt í bili. Breytingin, sem gerð hefir verið þarna, er að vísu hugsuð sem byrjun á endurbót af eiganda, en hæpið hvernig tekst. Enda þótt í góðum tilgangi sé gert, virðist það mjög vafasamt að leyfa ófróðum mönnum að fúska við slíkt, því að tjónið er óbætandi, ef illa tekst. Þykir það eina leiðin til að forðast þau vandræði, sem af kunna að hljótast, að setja náttúruminjarnar undir opinbera umsjá.

Á einstakar gr. frv. þykir ekki ástæða að minnast; þær geta fæstar verið mikið öðruvísi en þær eru. En um 4. gr. verður að geta þess, að fæstar náttúruminjar eru, enn sem komið er, að nokkru verulegu nýttar, og í hæsta lagi getur eigandi beðið óverulegt beitartjón. Jafnframt er það, að ekki þykir rétt, að bættir séu óhagnýttir möguleikar á nýtingu, því að það mundi verða til þess, að eigendur færu að sjá ágæti eigna sinna mjög svo með stækkunargleri, ef friðaðar yrðu, og reyna að gera sér það, sem einskisvert er, að féþúfu. Þess ber og að geta, að hegningarákvæði 7. gr. kunna að þykja nokkuð hörð, en það virðist verða svo að vera, því að það er tilgangslaust að neita því, að eðlislöghlýðni vor Íslendinga er svo lítil, að vér í þeim efnum skiljum ekki fyrri en skellur í tönnum.

Lög svipuð þessum eru til í flestum eða öllum löndum, og eru sérstaklega í ferðamannalöndunum mjög nákvæm og ströng.

Ef frumvarp þetta yrði að lögum, er mjög líklegt, að það þyrfti að breyta þeim fljótlega, því að það er alltaf svo um ákvæði, sem sett eru af hyggju, en ekki reynslu. Síðar fengin reynsla sýnir, að þó hyggjan sé góð, nær hún reynslunni langt um skemur.

## Nd. 436. Frumvarp

til laga um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs.

Flm.: Jón Pálmason, Bjarni Bjarnason, Sigurður Einarsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir ein heimild til þess að flytja til landsins hverskonar trjáplöntur, og tekur sú heimild einnig til plantna af öllum tegundum runna. Ennfremur skal ríkisstjórnin taka að sér eftirlit með innflutningi á trjáfræi.

2. gr.

Ríkisstjórnin felur skógrækt ríkisins að sjá um innkaup og innflutning erlendra trjáplantna, eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin felur einnig skógrækt ríkisins eftirlit með innflutningi á trjáfræi.

3. gr.

Skógræktarstjóri, sem framkvæmdarstjóri skógræktarmálanna, sér um innkaup, sölu og afhendingu erlendra trjáplantna. Plönturnar má selja bæði í heildsölu og smásölu, en öll álagning skal ákveðin af ríkisstjórn, eftir tillögum skógræktarstjóra.

4. gr.

Skógræktarstjóri skal leggja áherzlu á, að til landsins flytjist harðgerðar plöntur, sem líklegar séu til þess að þola íslenzkt veðurfar. Skal hann einnig gæta þess, að heilbrigði plantnanna sé ekki ábótavant, svo framarlega sem þess er kostur.

Eftirlit með innflutningi á trjáfræi skal fólgið í því, að skógræktarstjóri getur krafizt þeirra heilbrigðisvottorða, sem hann álítur nauðsynleg, með hverri tegund trjáfræs.

5. gr.

Sá arður, sem kann að verða af sölu innfluttra trjáplantna, fellur til skógræktar ríkisins, og skal honum ráðstafað á sama hátt og því fé, sem skógrækt ríkisins hefir í þarfir skógræktarmálanna.

6. gr.

Sá, sem gerist brotlegur við lög þessi, með því að flytja erlendar trjáplöntur til landsins, skal sæta sektum frá 10—500 krónum, og skal upphæðin metin eftir því, hvort viðkomandi flytur inn plöntur til eigin þarfa eða ætlar þær til sölu. Plönturnar skulu gerðar upptækar, og falla þær til skógræktar ríkisins.

Sá, sem brýtur 3. grein þessara laga, með því að selja trjáplöntur hærra verði en auglýst smásöluverð heimilar, skal sæta sektum frá 100—500 krónum.

Sá, sem flytur inn trjáfræ án nauðsynlegra heilbrigðisvottorða, sætir sektum frá 10—100 kr.

Sektarfé rennur í ríkissjóð.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Sakir sívaxandi eftirspurnar eftir trjáplöntum til gróðursetningar við hús og bæi, og sakir þess, að hin innlenda framleiðsla hefir lítið sem ekkert aukizt á síðari árum, hefir innflutningur erlendra trjáplantna hingað til lands aukizt feykilega. Þótt innflutningur erlendra trjáplantna sé hvergi nærri eins ákjósanlegur og uppeldi trjáplantna hér á landi, þá hefir þessi innflutningur samt bætt úr brýnustu þörf manna, og að sjálfsögðu verður að halda honum áfram unz

innlend plöntuframleiðsla er komin svo langt áleiðis, að hún geti fullnægt þörfum landsmanna.

En mjög margir og miklir annmarkar hafa verið á þessum innflutningi erlendra trjáplantna og sölu þeirra hér. Ýmsir menn, sem lítið vit hafa haft á trjárækt, hafa keypt allskonar trjátegundir erlendis, og mjög mikið af þeim plöntum hefir verið þeirra tegunda, að engin minnstu líkindi hafa verið til, að þær gætu náð hér nokkrum þroska, eins og t. d. askur, eik, beyki, lind o. m. fl. Svo hefir og einnig verið flutt inn mikið af trjátegundum, sem geta hjarað hér, en sjaldan náð verulegum þroska, eins og t. d. flestar tegundir af álmi, hlyn, þyrni, furu og greni. Með innkaupum svona plantna hefir töluverðu fé verið algerlega á glæ kastað, og er sjálfsagt að koma í veg fyrir, að þetta endurtaki sig. En auk hins beina fjártjóns, sem af þessum eftirlitslausa innflutningi hefir leitt, hefir einnig leitt af honum töluvert óbeint tjón. Almenningur hefir keypt þessar plöntur í trausti þess, að þær gætu vaxið, enda hefir ekki skort gyllingar þeirra, sem selt hafa plöntur. En er þessar plöntur síðar hafa dáið út, hefir það orðið til þess að hvekkja þá, sem keypt hafa, svo að þeir hafa misst trúna á trjáræktarmöguleika. Þannig hafa bæði trjá- og skógrækt beðið mikinn álitshnekki.

Undanfarin ár hefir verið mikil eftirspurn eftir trjáplöntum, og hefir það hleypt útsöluverði plantnanna óhæfilega hátt upp. Fyrir þrem árum var t. d. útsöluverð 1 meters hárra reyniviðarplantna frá 1,25—1,75 kr., en í innkaupi kosta þessar plöntur ekki nema 10—25 aura, eða jafnvel minna. Þótt töluverður úrgangur verði oft við plöntusölu og þrátt fyrir að tollar á trjáplöntum eru óhæfilega háir, verður þetta að teljast óhæfileg álagning. Á síðasta vori mátti líka, fyrir atbeina Skógræktarfélags Íslands, fá svona plöntur á 50—55 aura.

Það er ekki minnsta vafa undirorpið, að bæði of hátt útsöluverð trjáplantna og innflutningur veikgerðra plantna hefir mjög dregið úr áhuga almennings á trjárækt. En það er afaráríðandi fyrir framtíð trjáræktar hér á landi, að trú almennings á trjárækt dofni ekki fyrir handvömm eina, og til þess að reyna að komast hjá því er þetta frumvarp meðal annars komið fram.

En það eru og aðrar ástæður fyrir því. Með innflutningi trjáplantna er hætt við, að ýmsir sjúkdómar geti borizt hingað til lands. Og telja má víst, að nokkrir — að vísu ekki hættumiklir — trjásjúkdómar hafi borizt hingað á þennan hátt. Hve plöntusjúkdómar geti verið hættulegir, nægir aðeins að benda á kartöflumygluna og tjón það, sem af henni hefir hlotizt. Með lögum eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu er mikið dregið úr hættu á innflutningi trjásjúkdóma, og jafnvel ýmissa annara sjúkdóma á plöntum. Þetta er líka ástæðan til þess, að gert er ráð fyrir eftirliti með innflutningi trjáfræs.

Af verzlunarskýrslum verður ekki séð, hve mikið hefir verið flutt inn af trjáplöntum á undanförnum árum, sakir þess, að allar lifandi plöntur eru taldar í einum lið. En verðmæti þessara plantna hefir venjulega numið 10000—16000 kr. upp á síðkastið. Meiri hlutinn af þessu verðmæti fellur þó áreiðanlega á trjáplöntur. Af þessu má sjá, að hér er ekki um mikilsverðan atvinnumissi að ræða fyrir einstaklinga, enda má gera ráð fyrir því, að þeir, sem undanfarið hafa fengizt við trjásölu og trjáplöntun, geti fengið keyptar plöntur í heildsölu til útplöntunar. Verða þeir þá aðeins að láta sér nægja minni álagningu en áður.

Að endingu er rétt að taka það fram, að það er neyðarúrræði að kaupa trjáplöntur frá útlöndum, því að það hefir margsýnt sig, að þessar plöntur geta hvergi nærri jafnazt á við góðar íslenzkar plöntur. Þess vegna mun innflutningur erlendra trjáplantna minnka jafnótt og hin innlenda framleiðsla eykst. En takmark skógræktar ríkisins hlýtur að verða aukin framleiðsla innlendra plantna, og er þess vegna ekki nema sjálfsagt, að hún annist innflutninginn á erlendum plöntum meðan þess þarf með.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins þurfa ekki skýringa við, nema 3. gr. Það er ekki minnsta hætta á, að álagning á trjáplönturnar verði sett of hátt, þar eð það er í þágu skógræktarinnar, að sem mest sé keypt af plöntum og að þeim sé plantað sem víðast.

## Sþ. 437. Tillaga

til þingsályktunar um aukningu og endurbætur senditækja Ríkisútvarpsins.

Flm.: Sigurður Einarsson, Páll Hermannsson, Þorbergur Þorleifsson, Jónas Guðmundsson, Gísli Guðmundsson, Ingvar Pálmason, Páll Zóphóníasson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að gera þegar ráðstafanir til þess að láta auka og endurbæta senditæki Ríkisútvarpsins, svo að þau fullnægi þörfum landsmanna. Skulu þær endurbætur fara eftir nánari ákvörðunum stjórnarinnar, enda beri Ríkisútvarpið sjálft kostnað allan af framkvæmdinni.

### Greinargerð.

Eins og háttvirtum alþingismönnum er kunnugt, hafa skilyrði fyrir móttöku útvarps verið mjög óhagstæð á stórum svæðum á landinu á undanförnum árum. Hefir það tvennt valdið, að útvarpsstöðina hefir brostið orku til þess að ná til fjarlægustu landshluta, og að truflanir af völdum erlendra útvarpsstöðva hafa færzt mjög í aukana. Telja sérfróðir menn um þessa hluti, að ekki megi við svo búið standa, ef unnt eigi að vera að reka útvarp með sæmilegum árangri hér á landi á næstu árum. Enda keppast nágrannaþjóðir okkar nú mjög við að auka orku stöðva sinna.

Vísast að öðru leyti til eftirfarandi fylgiskjala.

### Fylgiskjal I.

**Erindi útvarpsstjórans til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.**

ÚTVARPSSTJÓRINN

Reykjavík, 15. okt. 1934.

Hér með leyfi ég mér að fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að það hlutist til um það,

*að Alþingi það, er nú situr, veiti Ríkisútvarpinu heimild til þess að láta auka og endurbæta senditæki útvarps í landinu samkvæmt áætlunum þeim, sem nánari grein er gerð fyrir hér á eftir.* —

Ég leyfi mér að leggja hér með fylgiskjöl þau, er hér greinir:

I. Álitsskjal verkfræðings útvarpsins, herra Gunnlaugs Briem, um skilyrðin fyrir móttöku útvarps í landinu frá útvarpsstöð ríkisins og á hvern hátt verði ráðin bót á núverandi vandkvæðum í því efni.

II.[1]) Skýrslu um fjölgun útvarpsnotenda í kaupstöðum landsins og sýslum frá árslokum 1930 til júníloka 1934.

III.[1]) Yfirlit um rekstur Viðtækjaverzlunar ríkisins frá byrjun og til ársloka 1933.

IV.[1]) Yfirlit um rekstur útvarpsins á yfirstandandi ári, að nokkru byggt á áætlun um síðustu mánuði ársins.

Um nauðsyn þessara ráðstafana leyfi ég mér að vísa sérstaklega til álitsskjals verkfræðings útvarpsins, fylgiskj. I. Verða af því og af öðrum gögnum og rökum þessa máls ljósar eftirfarandi meginástæður:

1. Vegna þrengsla á bylgjusviði því, sem útvarpsstöð okkar starfar á og hlýtur að starfa á, vaxa stöðugt örðugleikar um hagkvæm og réttlát skipti þjóðanna í þessu efni. Til þess að verja hlustendasvæði stöðvanna fyrir truflunum af völdum annara stöðva, kappkosta þjóðirnar að auka orku stöðva sinna. Af þessum ástæðum hafa stöðvar í nágrannalöndunum stækkað mjög á síðustu árum.

2. Af þeim sömu ástæðum, sem nú var getið, verða ákvæði alþjóðaráðstefna því síður metin og látin gilda gagnvart aðilum, sem þeir eru minni máttar og síður færir um að verja rétt sinn með mikilli útvarpsorku. Enda höfum við Íslendingar orðið fyrir þungum búsifjum í þessu efni, þar sem öldulengdir, sem okkur hafði verið úthlutað af alþjóðaráðstefnum, *hafa, þrátt fyrir áköf mótmæli okkar og nokkurra nágrannaþjóða okkar, verið þrisvar sinnum teknar af okkur.*

3. Af þessum framangreindu ástæðum liggur það í augum uppi, að ef við ekki hefjumst handa um umbætur í þessu efni, þá eigum við það á hættu, að réttur okkar verði einskisvirtur og að okkur verði, von bráðar, fyrirmunað gersamlega að reka útvarp í landinu, nema fyrir einhvern mjög takmarkaðan hluta landsins.

4. Ráðstöfun þessi myndi á hinn bóginn hafa í för með sér ýmislegar umbætur, sem gerðu það fært, að standast kostnaðinn, sem af þessum fyrirhuguðu ráðstöfunum myndi leiða, og skal drepið á nokkrar þeirra.

a. Móttaka útvarps um allt land yrði auðveldari, sérstaklega yrði bót ráðin á vandkvæðum þeim, sem íbúar í Austfirðingafjórðungi eiga við að búa.

Á truflanasvæðinu, frá Breiðamerkursandi og að Öxarfjarðarheiði voru, samkvæmt síðustu skýrslum, um 400 útvarpsnotendur, og er það fátt á svo stóru svæði. *Ég geri fastlega ráð fyrir verulegri fjölgun útvarpsnotenda í Austfirð-*

1) Fylgiskjöl II., III. og IV. eru ekki prentuð hér með, enda er í erindi útvarpsstjórans samandregið efni þeirra skjala.

*ingafjórðungi beinlínis vegna þessarar fyrirhuguðu umbótar, ef hún næði fram að ganga.*

b. Móttaka útvarps um allt land yrði ekki einungis auðveldari eins og nú var fram tekið, heldur og kostnaðarminni. Því meiri, sem er sendiorka stöðvar, *því minni* og *ódýrari* tæki er hægt að nota til móttökunnar, *kostnaðarminni loftnet* og síðast en ekki sízt hefir slíkt í för með sér *minni eyðslu rafmagns.* Allt þetta myndi að mínu áliti stuðla að því, að *auka útvarpsnotin í landinu til stórra muna,* og að gera mætti ráð fyrir að um *1000—1500 útvarpsnotendur bættust við* beinlínis vegna hinna bættu skilyrða. En við fjölgun myndu tekjur útvarpsins vaxa.

Hæstvirt ríkisstjórn og hið háa Alþingi mun ef til vill telja, að hér muni vera djarflega áætlað. En áætlun þessi byggist annarsvegar á þeirri staðreynd, að landsmenn *hafa verið viðbragðsfljótir og áræðnir um hagnýtingu útvarpsins langt umfram það, sem bjartsýnustu menn þorðu að vona* og umfram það, sem gerzt hefir í flestum löndum Norðurálfunnar. Og í öðru lagi eru, þrátt fyrir þennan áhuga manna, ennþá stór svæði í landinu, þar sem íbúar héraðanna *hafa enn ekki lagt í kaup á viðtækjum vegna óhagstæðra móttökuskilyrða og of mikils stofnkostnaðar og reksturskostnaðar viðtækjanna.*

Enn má benda á það í þessu sambandi, að sú hefir orðið reynslan hvarvetna, þar sem stöðvar hafa verið auknar að orku, að því hefir orðið samfara fjörkippur í útvarpsnotum, og eru líkur til, að sú myndi verða reynslan einnig hér. Vil eg enn geta þess, að með aukningu sendiorku útvarpsstöðva *dofna mjög og hverfa víða með öllu staðartruflanir þær, af völdum ófullkominna rafleiðslukerfa, sem nú þjaka mjög útvarpshlustendum víða í bæjum landsins.*

Ég hefi hér að framan gert grein fyrir höfuðástæðunum fyrir nauðsyn þessarar ráðstöfunar og jafnframt bent á það, hverjum breytingum hún myndi valda og hversu hún myndi á beinan hátt leiða til tekjuauka fyrir stofnunina.

Ég vil þessu næst líta nánar á fylgiskjölin og fara um þau nokkrum orðum.

Fylgiskjal II er skýrsla um *fjölgun útvarpsnotenda í landinu* frá árslokum 1930 og til 30. júní 1934.

Samkvæmt skýrslum sem fyrir lágu og upplýsingum er fengust við innheimtu afnotagjaldanna 1931 töldust útvarpsnotendur í landinu við upphaf Viðtækjaverzlunar ríkisins, í október 1930, vera 449. Voru þannig á seinustu mánuðum ársins 1930 seld rúmlega 2000 viðtæki. Síðan var fjölgunin jöfn en fremur hægfara þangað til um mitt árið 1932. Eftir það fer vöxturinn að verða örari og verður það einkum síðari árshelming 1933. Þá fjölgar útvarpsnotendum um 2376. Þessi mikla fjölgun stafaði meðal annars af því, að þá var tekin upp *afborgunarsala* á viðtækjum í Reykjavík og fleiri kaupstöðum. *Í Reykjavík einni fjölgaði útvarpsnotendum um 1452.*

Fyrri hluta ársins, sem er að líða, fjölgaði útvarpsnotendum um 778 og ég geri mér vonir um, að þeim muni á síðustu mánuðum ársins fjölga um annað eins eða þar um bil. Og þótt ávallt verði nokkrar *leiðréttingar til fækkunar,* þegar fullnaðarskil innheimtunnar berast í árslok, *má þó fyllilega vænta, að tala útvarpsnotenda komist á árinu 1935 yfir 10 þúsundir.*

*Fylgiskjal III* er yfirlit um rekstur Viðtækjaverzlunar ríkisins frá byrjun

og til ársloka 1933. Af yfirliti þessu verða ljós þessi atriði um hag verzlunarinnar:

| | | |
|---|---|---|
| Stofnfé verzlunarinnar greitt úr ríkissjóði ..... | kr. 85000,00 | |
| Vextir af innstæðufénu ..... | — 7534,57 | |
| | | kr. 92534,57 |
| Nettóhagnaður verzlunarinnar á árunum 1930—1933 hefir orðið samtals ..... | | kr. 428206,21 |
| | | Kr. 520740,78 |

Greiðslur verzlunarinnar hafa verið þessar:

| | | |
|---|---|---|
| a) Til ríkissjóðs á árunum 1932—1933 ..... | kr. 95000,00 | |
| b) Til Ríkisútvarpsins á árunum 1931—1933 ..... | — 72306,72 | |
| | | kr. 167306,72 |
| | | Mismunur kr. 353434,06 |

Eru þá þessar *kr. 353434,06* veltufé verzlunarinnar við síðustu áramót. Og þar sem sala viðtækja og um leið afborgunarsala var í mesta lagi á síðastliðnu ári, þá má gera ráð fyrir að verzluninni muni duga þetta veltufé á næstu árum.

Um ágóðann á yfirstandandi ári verður ekki sagt með vissu, en líkur benda til að hann muni verða eigi minni en *kr. 125000,00,* og með því að viðtækjum hefir nú fjölgað svo mjög í landinu, þá má ætla að aukinn verzlunarágóði af varahlutum og endurnýjun á viðtækjum vegi fyllilega upp á móti hugsanlegri þverrun í fjölgun útvarpsnotenda. Er því ástæða til að vona, að nettóhagnaður verzlunarinnar verði um *100 þús. kr.* árlega á næstu árum og að verzlunin eigi að geta skilað öllum þeim ágóða til útvarpsins.

*Fylgiskjal IV* er bráðabirgðayfirlit um rekstur Ríkisútvarpsins á þessu ári. Útgjaldaliðir útvarpsins eru nú orðnir nokkuð fastir og ættu ekki að þokast til verulegra muna úr þessu að öðru en því, sem leiðir af eðlilegum vexti stofnunarinnar. Er hér gert ráð fyrir að reksturinn verði samtals *kr. 285925,00.* — Eru þar með taldar tvær greiðslur til Marconi-félagsins í London:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Vextir af Marconi-láninu 1929 ..... | kr. | 7975,00 |
| 2. Afborgun og vextir af láninu 1933 ..... | — | 9644,00 |
| | Samtals kr. | 17619,00 |

Um tekjuhliðina er það að segja, að samkvæmt *fylgiskjali II* voru útvarpsnotendur í ársbyrjun taldir vera *8362.* Á fyrri hluta ársins hafa bætzt við 778 með hluta af afnotagjaldi. *Ég hefi gert ráð fyrir, að um 8300 útvarpsnotendur myndu greiða fullt afnotagjald á þessu ári.* Er þá ætlað fyrir vanhöldum rúmlega það, sem innheimta ber hjá þeim 778 mönnum, sem gerzt hafa útvarpsnotendur á fyrri hluta ársins.

Þess skal getið, að óinnheimt afnotagjöld verða afhent innheimtumönnum ríkissjóðs, sýslumönnum og bæjarfógetum landsins, til innheimtu með lögtaki í desembermánuði. Vænti ég því, að ekki sé óvarlega áætlað um afnotagjöldin.

Aukatekjur Ríkisútvarpsins vaxa til muna á þessu ári og eru hér áætlaðar

rúmlega *37000,00 kr. Þetta eru tekjur, sem ekki var í upphafi gert ráð fyrir.* Vegna samgönguörðugleika landsmanna þótti óhjákvæmilegt, að leyfa flutning tilkynninga og orðsendinga til almennings í gegnum útvarpið. Hlutu kaupsýsluauglýsingar að falla í sama farveg. Eru birtar kaupsýsluauglýsingar, tilkynningar, sem ekki varða kaupsýslu, orðsendingar og talskeyti samkvæmt þar um settum reglum og gjaldtaxta.

Auk þessara tekna greiða dagblöð Reykjavíkur Ríkisútvarpinu *kr. 7200,00* á þessu ári fyrir afnot af fréttum útvarpsins. Aðrar greiðslur í þessum lið eru fyrir útvarp veðurfregna, leiga á gjallarhornum o. fl. Verði vel haldið á þeim ráðstöfunum, er varða þennan lið, tel ég líklegt, að hann þurfi ekki að lækka úr þessu, *heldur að hann muni jafnvel hækka.*

Ríkisútvarpið hefir, það sem af er þessu ári, fengið frá Viðtækjaverzlun ríkisins rúmlega *30 þús. kr.* Hafa þær upphæðir gengið til þess að greiða afborgun og vexti af Marconi-láni 1933, en að öðru leyti til greiðslu fyrir varahluti útvarpsstöðvarinnar.

Þegar dregnar eru frá tekjulið þessa yfirlits þær *kr. 11125,00,* sem Ríkisútvarpið hefir á þessu ári fengið greitt *beint úr ríkissjóði* verður niðurstaða þessa bráðabirgðayfirlits um rekstrarafkomu Ríkisútvarpsins á þessu ári sú, að tekjur eru áætlaðar ..... kr. 317455,00
en gjöldin ..... — 285925,00

Eru þá tekjur umfram gjöld ..... kr. 31530,00

Þess skal getið til athugunar, að á fyrstu þremur mánuðum ársins hefir útvarpið engar tekjur af afnotagjöldum, með því að gjalddagi er ákveðinn 1. apríl. Ber því nauðsyn til, að stofnunin hafi fé í sjóði við byrjun ársins.

Af yfirliti þessu virðist mega ráða, að Ríkisútvarpið muni, áður en langir tímar líða, geta orðið fjárhagslega sjálfstætt, *án þess* að þurfa að nota rekstrshagnað Viðtækjaverzlunarinnar. Mætti því gera ráð fyrir, að rekstrshagnaður verzlunarinnar gæti gengið að öllu leyti til óhjákvæmilegra umbóta.

Auk þessa er, samkvæmt framansögðu, gert ráð fyrir því, að umbætur á senditækjum útvarpsins myndu valda mjög miklum auknum útvarpsnotum og að Ríkisútvarpið þannig hlyti auknar tekjur til verulegra drátta.

Ég skal þá, samkvæmt framansögðu, leyfa mér að veita yfirlit um fjárhagshlið þessara fyrirhuguðu endurbóta samkvæmt því, sem að framan er greint.

Verkfræðingur útvarpsins hefir í álitsskjali sínu, *fylgiskjal I,* gert ráð fyrir, að stækkun útvarpsstöðvarinnar og endurvarpsstöð á Austurlandi myndi samtals kosta um *580000,00 kr.* Ríkisútvarpið myndi, við þessa framkvæmd, leita samninga við Marconi-félagið í London, sem hefir sett upp útvarpsstöð okkar og endurbætt hana síðar. Er gert ráð fyrir, að tiltölulega hagkvæmir samningar um afborgun á fimm árum muni nást við félagið, vegna undangenginna viðskipta.

Ég hefi látið gera einskonar fimm ára áætlun fyrir Ríkisútvarpið með framkvæmd þessa fyrir augum. Fer áætlun þessi hér á eftir:

*Reksturságætlun Ríkisútvarpsins 1935—1940.*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1935: | Tekjur: | | |
| Ágóði af viðtækjasölu 1934 | kr. 100000,00 | | |
| — — — 1935 | — 100000,00 | | |
| 10 þúsund árgjöld | — 300000,00 | | |
| Aðrar tekjur | — 30000,00 | | |
| | | kr. | 530000,00 |
| | Gjöld: | | |
| Reksturskostnaður (Hér í talin afb. stýrissend. 20700,00 | kr. 310000,00 | | |
| 1. afb. af stækkun stöðvarinnar | — 125000,00 | | |
| | | — | 435000,00 |
| | Tekjuafgangur | kr. | 95000,00 |
| 1936: | Tekjur: | | |
| 11 þús. árgjöld | kr. 330000,00 | | |
| Tekjur af viðtækjasölu | — 100000,00 | | |
| Aðrar tekjur | — 30000,00 | | |
| | | — | 460000,00 |
| | | Kr. | 555000,00 |
| | Gjöld: | | |
| Reksturskostnaður (Hér í talin afb. stýrissend. 20700,00 | kr. 375000,00 | | |
| 2. afb. af stækkun stöðvarinnar | — 125000,00 | | |
| | | kr. | 500000,00 |
| | Tekjuafgangur | kr. | 55000,00 |
| 1937: | Tekjur: | | |
| 11,5 þús. árgjöld | kr. 345000,00 | | |
| Tekjur af viðtækjasölu | — 100000,00 | | |
| Aðrar tekjur | — 30000,00 | | |
| | | kr. | 475000,00 |
| | | Kr. | 530000,00 |
| | Gjöld: | | |
| Reksturskostnaður (Hér í talin afb. öldubr. 11000,00) | kr. 375000,00 | | |
| 3. afb. af stækkun stöðvarinnar | — 125000,00 | | |
| | | kr. | 500000,00 |
| | Tekjuafgangur | kr. | 30000,00 |
| 1938: | Tekjur: | | |
| 12 þús. árgjöld | kr. 360000,00 | | |
| Tekjur af viðtækjasölu | — 100000,00 | | |
| Aðrar tekjur | — 30000,00 | | |
| | | kr. | 490000,00 |
| | | Kr. | 520000,00 |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| Reksturskostnaður | kr. 375000,00 | |
| 4. afb. af stækkun stöðvarinnar | — 125000,00 | |
| | | kr. 500000,00 |
| | Tekjuafgangur | kr. 20000,00 |

1939: Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 12,3 þús. árgjöld | kr. 369000,00 | |
| Tekjur af viðtækjasölu | — 100000,00 | |
| Aðrar tekjur | — 30000,00 | |
| | | kr. 499000,00 |
| | | Kr. 519000,00 |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| Reksturskostnaður | kr. 375000,00 | |
| 5. afb. af stækkun stöðvarinnar | — 125000,00 | |
| | | kr. 500000,00 |
| | Tekjuafgangur | kr. 19000,00 |

1940: Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 12,5 þús. árgjöld | kr. 375000,00 | |
| Tekjur af viðtækjasölu | — 100000,00 | |
| Aðrar tekjur | — 30000,00 | |
| | | kr. 505000,00 |
| | | Kr. 524000,00 |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| Reksturskostnaður | kr. 400000,00 |
| Tekjuafgangur | kr. 124000,00 |

Ef áætlun þessi stenzt, verður að ætla, að Ríkisútvarpið muni af eigin rammleik geta borið uppi kostnaðinn af þessari umbót. *Enda mun þá, er þessu átaki lýkur, ærin þörf nýrra átaka á vettvangi útvarpsmálanna.*

Að svo mæltu leyfi ég mér að endurtaka og ítreka tilmæli mín um það, að mér veitist, fyrir hönd Ríkisútvarpsins, heimild til þeirra ráðstafana, sem lýst hefir verið hér að framan.

Virðingarfyllst.

Jónas Þorbergsson.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

**Fylgiskjal II.**

## Álitsskjal verkfræðings útvarpsins.

RÍKISÚTVARP ÍSLANDS

Reykjavík, 1. okt. 1934.

Samkvæmt beiðni yðar, herra útvarpsstjóri, læt ég yður hér með í té álit mitt um skilyrðin í landinu fyrir móttöku útvarps frá útvarpsstöð ríkisins og á hvern hátt verði ráðin bót á núverandi vandkvæðum í þeim efnum.

### Útvarpsviðtakan í landinu.

*Yfirlit.*

Í eftirfarandi greinargerð eru gefnar upplýsingar um langdrægi útvarpsstöðvarinnar og hver nauðsyn sé á að bæta viðtökuskilyrðin í fjarlægum landshlutum, fyrst og fremst vegna sívaxandi truflana frá erlendum stöðvum. Viðtökuskilyrðin má bæta með því, að auka styrk núverandi útvarpsstöðvar og reisa endurvarpsstöðvar annarsstaðar í landinu, t. d. við Lagarfljót.

*Langdrægi útvarpsstöðvarinnar.*

Í daglegu tali er orðið „langdrægi“ látið tákna mjög óákveðið hugtak, þannig getur einn maður sagt, að útvarpsstöðin dragi suður í Sviss, af því að hún heyrist oft þar, en annars að hún dragi varla austur í Vík í Mýrdal, vegna þess að hún hefir stundum ekki heyrzt þar fyrir truflunum frá Luxembourg eða París. Sakir þessa skal nú nánar greint frá þeim atriðum, er ráða langdrægi stöðvarinnar.

Útvarpsstöð ríkisins hefir nú 16 kw. afl í loftneti, en þar af útgeisla um 10 kw. og útgeislunin er jöfn í allar áttir. Þegar útvarpssveiflurnar fjarlægjast stöðina, dofna þær smám saman, en misjafnlega mikið í ólíkar áttir, eftir því hvernig landinu er háttað, sem þær berast yfir. Dofnunin er að jafnaði mest yfir hraun og fjöll, en minnst yfir sjó. Styrkur eða kraftsvið útvarpsstöðvarinnar verður því misjafnt í hinum ýmsu landshlutum. Þannig þarf stöðin að vera um 16 sinnum aflmeiri, ef eins vel á að heyrast í Grindavík sem Útskálum, og þó er fjarlægðin hin sama. Sömuleiðis þarf margfalt sterkari stöð til þess að viðtakan á Akureyri verði eins góð og á Siglufirði.

Kraftsvið útvarpsstöðvarinnar hefir verið mælt í sumar á nærri 1000 stöðum og sumstaðar oft, og er það sýnt í höfuðatriðum á meðfylgjandi korti I. Mælieining kraftsviðsins er $\mu$ v/m (mikrovolt/meter). Á Austfjörðum var kraftsviðið um 80 $\mu$ v/m (minnst 65 $\mu$ v/m), þegar notuð var 1442 metra öldulengd (en nokkru minni á 1145 metra öldulengd). Ef útvarpsstöðin hefði notað 1 kw. afl í stað 16 kw., hefði kraftsviðið á Austfjörðum verið 20 $\mu$ v/m. Með næmum 3-lampa viðtækjum má vel taka við svona veiku útvarpi, og með næmari viðtækjum má heyra miklu veikari stöðvar niður fyrir 2 $\mu$ v/m, ef engar truflanir væru, en það svarar á Austfjörðum til þess, að stöðin í Reykjavík notaði aðeins 1/100 kw. afl.

Það er því ekki fyrst og fremst næmleiki viðtækjanna, sem takmarkar langdrægi útvarpsstöðva, heldur truflanir á viðtökustaðnum.

Í marzmánuði síðastliðnum var kraftsvið útvarpsstöðvarinnar mælt í Englandi og reyndist að vera 3—9 $\mu$ v/m um hádegið, en 20—90 $\mu$ v/m á kvöldin. Á sama tíma var kraftsvið Osló og Kalundborgar hér í Reykjavík ½—2 $\mu$ v/m á daginn, en 8—60 $\mu$ v/m á kvöldin. Báðar þessar stöðvar hafa 60 kw. afl, en Osló heyrðist venjulega verr. Þótt hér á landi megi oft hlusta á langbylgjustöðvar með aðeins 1 $\mu$ v/m kraftsviði, þá er það ólíkt örðugra þegar sunnar dregur á hnettinum, vegna þess, að truflanirnar eru þar miklu meiri.

Þegar fleiri en ein loftskeyta- eða útvarpsstöð nota sömu eða svipaða öldulengd, geta þær truflað hvor aðra mjög mikið. Hefir verið reynt að komast hjá þessu með alþjóðaskipulagi á úthlutun öldulengda.

*Alþjóðasamþykktir.*

Á alþjóðaráðstefnunni í Prag 1929 var úthlutað öldulengdum til hinna einstöku útvarpsstöðva í Evrópu, og var 1200 metra öldulengd veitt til útvarpsstöðvar á Íslandi, og einnig til 5 kw. stöðvar í Tyrklandi.

Á næstu árum verða stórfelldar breytingar á fjölda og stærð útvarpsstöðvanna, þannig að ný úthlutun var alveg óumflýjanleg árið 1933, til þess að komast hjá almennum glundroða. Úthlutun öldulengda til útvarpsstöðva var orðið eitt af viðkvæmustu málum þjóðanna, því að öldulengdirnar eru svo mismunandi að gæðum, að með einni öldulengd má fá meira langdrægi heldur en með margfalt stærri og dýrari stöð, sem notar aðra öldulengd. Allir vilja að sjálfsögðu fá hinar beztu öldulengdir, löngu öldurnar, en tala þeirra er svo takmörkuð, að flestir hljóta að verða útundan eða verða að sætta sig við, að aðrar fjarlægar stöðvar noti sömu öldulengd og trufli þá, þegar fjær dregur stöðinni. Hin nýja úthlutun, sem fór fram í Lucerne 1933 og gekk í gildi 15. jan. 1934, náði ekki samþykki allra ríkja. Nokkur lönd hafa neitað að hlíta Lucerne-samþykktinni og með því skapað miklar truflanir og vandræði á löngu bylgjunum. Lucerne-samþykktin gildir aðeins í 2 ár. Samkvæmt henni á íslenzka útvarpsstöðin að nota 1639 m. öldulengd ásamt útvarpsstöðvum í Tyrklandi, Spáni og Lithauen. Lithauen hefir neitað að lækka öldulengd sína úr 1935 m., og 150 kw. stöðvar á Spáni og í Tyrklandi eru í smíðum og verða ekki fullgerðar fyrr en Lucerne-samþykktin er fallin úr gildi á næsta ári. Íslenzka útvarpið hefði því getað verið ótruflað að þessu leyti, ef öll hin löndin hefðu haldið Lucerne-þykktina, en svo varð ekki, eins og síðar verður skýrt nánar.

*Útvarpstruflanir.*

Útvarpstruflanir má aðgreina eftir því, hvort um eiginlegar lofttruflanir er að ræða, eða truflanir frá rafvélum eða frá öðrum útvarps- eða loftskeytastöðvum.

Hinar eiginlegu lofttruflanir stafa frá þrumuveðri og öðrum rafmagnsfyrirbrigðum í gufuhvolfinu og ná hingað alla leið sunnan úr hitabelti. Þessar truflanir eru háðar sífelldum breytingum og eru langmestar í hitabeltinu, en minnka

eftir því, sem nær dregur heimskautunum. Hér á landi eru þær tiltölulega veikar og kraftsvið þeirra fer sjaldan yfir 20 $\mu$ v/m, en er oft undir 1 $\mu$ v/m. Útvarp er talið nothæft, ef kraftsvið þess er yfir 10 sinnum sterkara en kraftsvið truflananna. Raftækjatruflanir geta orðið mjög sterkar í nánd við hinar truflandi vélar, en það má deyfa þær mjög mikið með einfaldri aðgerð á viðkomandi rafvélum.

Alþjóðasamband útvarpsrekenda telur nú, að kraftsvið útvarps þurfi að vera a. m. k. 500—3000 $\mu$ v/m í sveitum, en 2000—10000 $\mu$ v/m í smáborgum, en margfalt meira í stórborgum, til þess að viðtakan geti talizt viðunandi vegna lofttruflana og rafvélatruflana. Svona háar kröfur fyrir allt Ísland er ekki hægt að uppfylla með einni 16 kw. stöð hjá Reykjavík (sjá kort I).

Truflanir frá öðrum útvarpsstöðvum, sem nota svipaða öldulengd og stöðin hér, hafa verið hættulegastar fyrir afnot íslenzka útvarpsins í fjarlægum landshlutum.

Fram til ársloka 1932 mátti komast hjá verulegum truflunum af þessu tægi, enda voru útvarpsstöðvarnar þá tiltölulega kraftlitlar og fylgdu alþjóðasamþykktinni.

Í lok ársins 1932 hóf Luxembourgstöðin útvarp með 200 kw. afli á sömu öldulengd og íslenzka útvarpsstöðin notaði og hélt því áfram, þrátt fyrir harðorð mótmæli fjölda ríkja, fram til 15. jan. 1934, þegar hin nýja úthlutun öldulengda gekk í gildi. Veturinn 1933 truflaði Luxembourg bezta hluta kvöldsins svo mikið, að íslenzka útvarpið heyrðist ekki á Austfjörðum og illa víða annarsstaðar. Í janúar síðastl. fluttist Reykjavík á 1639 m. öldulengd samkv. Lucerne-samþykktinni, en rúmlega mánuði síðar kom Parísarstöðin með yfir 80 kw. afli á hérumbil sömu öldulengd, og hófust þá óbærilegar truflanir að nýju um allan austurhluta landsins. Þrátt fyrir ítrekuð mótmæli, tókst ekki að fá á þessu leiðréttingu. Var Reykjavík þá flutt á 1345 metra eða sömu öldulengd og Kharkov (35 kw.) í Rússlandi, því þá voru truflanirnar minni. Ekki liðu nú margar vikur þangað til Varsjástöðin (120 kw.) kom á 1345 metra öldulengd og varð þá Reykjavík að flýja yfir á 1442 metra, þar sem Minsk (100 kw.) í Rússlandi var fyrir. Vegna þess að þá var dagur orðinn langur, heyrðist Minsk illa hér og bar því ekki á truflunum frá henni fyrr en seint í ágúst. Þá varð hún eitt kvöldið svo sterk á Austfjörðum, að ekkert heyrðist þar til íslenzka útvarpsins, en síðan hefir hún truflað heldur lítið og menn hafa að mestu getað notið útvarpsins. Þegar dimmir enn meir, má búast við að þessar truflanir fari vaxandi.

Frá þeim tíma, er íslenzka útvarpsstöðin var reist, hafa nálega allar útvarpsstöðvar álfunnar verið stækkaðar mjög mikið. *Framan af átti stöðin hér að nota sömu öldulengd og 5 kw. stöð í Tyrklandi, en nú verður hún að vinna á sömu öldu og 100—150 kw. stöðvar, sem nær eru.*

Fyrir utan þá truflunarhættu, sem stafar frá öðrum stöðvum, sem nota hérumbil sömu öldulengd og Reykjavík, er þegar farið að verða vart við truflanir frá hinum risavöxnu stöðvum á báðar hendur við öldulengd Reykjavíkur, en þær hljóta að ágerast mjög þegar dimmir meir. Á öldusviðinu milli 1300 og 1900 metra eru nú 7 nýjar 150 kw. stöðvar í smíðum, *og er ekki annað sýni-*

*legt, ef ekkert er að gert, en að Reykjavík, með aðeins 16 kw. afli, verði að nota sömu öldulengd og erlendar stöðvar með tífalt meira afli og hafa á aðra hlið 500 kw. stöð, en 150 kw. í nálægu landi á hina. Með þessu tiltölulega litla afli er Reykjavík nú ætlað að draga öruggt um lengri veg en nokkurri annari einstakri stöð í álfunni og það yfir mjög óhagstætt landslag. Samfara þessu er hætt við, að erlendar þjóðir hætti alveg að taka tillit til hinnar litlu og fjarlægu íslenzku stöðvar, þegar um öldulengda hagsmuni er að ræða.*

*Það stefnir því nú allt að því, að íslenzka útvarpið verði innan skamms aðeins örugglega nothæft í vesturhluta landsins, nema ráð sé í tíma tekið.*

Það sem gera þarf, til þess að koma í veg fyrir vaxandi vandræði af þessum sökum, er að styrkja kraftsvið íslenzka útvarpsins í fjarlægum landshlutum svo mikið, að það yfirgnæfi truflanirnar.

Þótt kraftsviðið sé nú á Austfjörðum um 80 $\mu$ v/m þegar bjart er að degi, getur það stundum á vetrarkvöldum farið langt niður úr því, þegar mikið er um styrkbreytingar (fading), einstök augnablik að líkindum, jafnvel niður úr 10 $\mu$ v/m.

Útvarpsnotin í fjarlægustu landshlutum eru því að öðru leyti ekki nærri eins góð og nútímans kröfur heimta. Kraftsviðið er þar ekki nægilega sterkt til þess að hindra, að hinar eiginlegu lofttruflanir trufli oft mikið listræn not útvarpsins, sérstaklega þegar leikið er veikt í hljómleikum eða hvíslað í leikritum og upplestri og styrkleikabreytingarnar skemma enn meir, því að fæstir hlustendur þar hafa ráð á að kaupa sér tæki með sjálfvirkum styrkstilli. Ennfremur verða tækin á Austfjörðum að vera sérstaklega glögg, til þess að hindra, að hinar sterku stöðvar beggja megin við öldulengd Reykjavíkur heyrist um leið, en slíkur glöggleiki takmarkar mjög tóngæði útvarpsins úr tækjunum.

Að lokum má geta þess, að margir útvarpsnotendur höfðu í hugsunarleysi og í sparnaðarskyni upphaflega keypt sér viðtæki, sem rétt náðu til stöðvarinnar þegar tækin voru ný og rafspenna í lagi, en síðar hafa tækin elzt og lamparnir orðið daufari, spenna rafhlaðanna lækkað og spenna rafveitnanna hefir víða verið óstöðug og hoppað milli 160 og 230 volt, en mörg viðtækin, sem eru gerð fyrir 220 volta spennu, verða mjög ónæm þegar spennan lækkar. Ennfremur eru viðtækin ekki jafnnæm á öllum öldulengdum. Þegar útvarpsstöðin verður að skipta um öldulengd vegna alþjóðasamninga, eru tækin oft ónæmari á hinni nýju öldu. Í öðrum löndum hafa menn bætt viðtökuskilyrðin með því, að auka smám saman kraftsvið útvarpsins með nýjum og aflmeiri útvarpsstöðvum. Þetta hefir aftur haft í för með sér, að á nýjustu viðtækjum fyrir nálægar stöðvar verður þess vart, að næmleikinn er minni en áður, en tóngæði og glöggleiki meiri. Þetta getur líka orðið óþægilegt fyrir íslenzka hlustendur, ef kraftsvið íslenzka útvarpsins stendur alveg í stað.

Í Danmörku hefir sennilega enginn útvarpsnotandi minna kraftsvið en 2500 $\mu$ v/m, og í flestum hinum löndunum er það nærri alstaðar langt yfir 1000 $\mu$ v/m. Noregur hefir vegna landslags örðuga aðstöðu eins og Ísland, en þar eru nú 14 útvarpsstöðvar, og ráðgert að fjölga þeim upp í 40—50, til þess að fá nokkurnveginn viðunandi kraftsvið um allt landið.

*Endurbætur.*

Kraftsvið íslenzka útvarpsins í fjarlægum landshlutum má styrkja með því *að auka afl Reykjavíkurstöðvarinnar og/eða beina útgeislun hennar í ákveðna átt og/eða reisa endurvarpsstöðvar annarsstaðar í landinu.*

Margt kemur til greina, þegar velja skal hverja af þessum leiðum beri að fara, og hve mikið eigi að styrkja kraftsviðið og hvar, svo sem kostnaður, rekstraröryggi, alþjóðasamþykktir, tóngæði, framtíðarþróun o. s. frv.

*Stækkun útvarpsstöðvarinnar í Reykjavík.*

Ef útvarpsstöðin er stækkuð úr 16 kw. og upp í 100 kw., vex kraftsvið hennar um allt land 2½-falt, og verður um 200 $\mu$ v/m á Austfjörðum. Við þetta batna skilyrðin til viðtöku útvarpsins um allt land. Það ber þá miklu minna á öllum truflunum, menn komast af með ódýrari tæki og loftnet, og lampar og rafhlöður endast lengur en áður. Jafnframt þessu styrkist mikið aðstaða íslenzka útvarpsins út á við, þar sem aðrar útvarpsstöðvar verða að taka miklu meira tillit til þess en áður, og er miklu síður hætta á að tiltölulega nálægar stöðvar reyni að ræna til sín öldulengd íslenzka útvarpsins.

Á Austfjörðum og Suðausturlandi eru hinar erlendu stöðvar sterkastar og kraftsvið Reykjavíkurstöðvarinnar veikast. Þar er því langhættast við truflunum. Þó hinar sterkustu erlendu stöðvar hafi þar ekki að jafnaði yfir 100 $\mu$ v/m kraftsvið, þá geta þær stundum farið jafnvel yfir 200 $\mu$ v/m. Það er því sýnt, að stækkun útvarpsstöðvarinnar er ekki ein saman fær um að tryggja ávallt útvarpsnotin í þessum landshluta. Það er aðeins hægt með stöð, sem er nálægt Austfjörðum, og sem getur haft þar kraftsvið, sem er margfalt sterkara en truflanirnar, og sérstaklega sterk í kaupstöðunum á Austfjörðum.

*Endurvarpsstöð á Austfjörðum.*

Með því að reisa aðra útvarpsstöð á Austfjörðum, sem endurvarpar dagskránni frá Reykjavík, má stórbæta útvarpsnotin á Austfjörðum. Vegna alþjóðasamþykkta verður sennilega ekki hægt að nota nema um 200 metra öldulengd við þessa stöð, en svo stuttar öldur eru tiltölulega mjög skammdrægar þegar bjart er. Yrði stöðin þá að nota sömu öldulengd og aragrúi af erlendum stöðvum, en engin þeirra má vera aflmikil og stöðin hér má ekki fara yfir 2 kw. Hinar erlendu stöðvar trufla því tiltölulega lítið á þessum öldulengdum og það má því heyra austfirzku stöðina tiltölulega langt, þótt kraftsvið hennar sé ekki mjög sterkt, og á vetrarkvöldum heyrist hún væntanlega oft um allt land á næm viðtæki. Annars er svo lítið um hraun á Austurlandi, að þess má vænta að langdrægið frá stöð þar verði tiltölulega meira en á Suðvesturlandi. Á meðfylgjandi korti II er sýnt áætlað kraftsvið 100 kw. stöðvar í Reykjavík og 1 kw. stöðvar við Lagarfljót. Ef þetta er borið saman við núverandi kraftsvið á korti I, eru endurbæturnar mjög greinilegar.

Nú liggur nærri að athuga, hvort ekki megi komast hjá aukningu Reykjavíkurstöðvarinnar og láta sér nægja með að bæta aðeins við útvarpsstöð á Austfjörðum. Til þess að sú stöð geti endurvarpað, þyrfti hún ávallt að geta fengið útvarpið nægilega truflanalaust og óbjagað frá Reykjavík. Það er ekki hægt að

nota símalínurnar, sem til eru, til þess að flytja útvarpsefnið til endurvarpsstöðvarinnar, heldur verður annaðhvort að leggja nýja fullkomna símalínu alla leið þangað, sem yrði ákaflega dýr, þyrfti mikið viðhald og væri þó ekki alveg örugg í óveðrum, eða þá að hafa viðtökustöð nálægt endurvarpsstöðinni, sem tæki við útvarpssveiflunum beint frá Reykjavíkurstöðinni. Þetta getur því aðeins orðið öruggt og nægilega truflanalaust og hreint, að kraftsviðið frá Reykjavík sé nægilega sterkt í nánd við endurvarpsstöðina. Þetta útheimtir aftur stækkun Reykjavíkurstöðvarinnar, því að núverandi kraftsvið hennar við Lagarfljót er ekki ávallt nægilega sterkt á móti truflununum, til þess að tryggja þar sæmilega viðtöku fyrir endurvarp, jafnvel þótt notað væri gott viðtökuloftnet, sem væri ónæmt í aðrar áttir en áttina til Reykjavíkur.

Ennfremur styrktist ekki kraftsviðið í öðrum landshlutum, þótt þessi stöð yrði reist á Austfjörðum.

*Margar endurvarpsstöðvar.*

Í stað þess að stækka Reykjavíkurstöðina, gætu menn hugsað sér margar afllitlar endurvarpsstöðvar víðsvegar um land og leggja til þeirra sérstakar útvarpslínur, til þess að flytja þangað dagskrárefnið frá Reykjavík. Slíkar línur eru notaðar nærri alstaðar erlendis, þar sem margar stöðvar eru látnar útvarpa sama dagskrárefni.

Með nægilega mörgum stöðvum má fá sterkt kraftsvið um allt land og ágæt viðtökuskilyrði. Hinsvegar er þessi aðferð ákaflega dýr, línurnar ekki öruggar á vetrum og þurfa mikið viðhald. Til mála gæti og komið, að landssíminn notaði þær einnig að nokkru leyti, t. d. með fjölsíma til Akureyrar og Seyðisfjarðar.

*Aðrar leiðir.*

Maður gæti hugsað sér að nota margar endurvarpsstöðvar og láta þær, sem eru næstar núverandi útvarpsstöð, taka við útvarpssveiflunum loftleiðis beint frá henni, en að þær, sem fjær væru, tækju við þeim beint frá þessum endurvarpsstöðvum og þannig koll af kolli. Sá höfuðgalli er á þessu, að tóngæðin skemmast við hvert endurvarp og miklu meir ef það er marg-endurtekið. Rekstraröryggið verður þá einnig mun lakara og viðtökustöðvarnar þurfa að vera lengra burtu frá sendistöðvunum vegna þess að öldulengdin er hér um bil hin sama og öldulengd stöðvarinnar.

Möguleikinn á að láta stuttbylgjustöð í Reykjavík flytja útvarpið til endurvarpsstöðvar á Austfjörðum hefir verið athugaður og tilraunir gerðar í sambandi við það, en sú leið ekki þótt fær.

Með því að beina útgeislun útvarpsstöðvarinnar með stefnuloftneti aðallega í austurátt, má sennilega auka kraftsviðið í þá átt nærri tvöfalt, en um leið myndi það dofna mikið í Reykjavík og í þeim héruðum, sem eru vestar en stöðin. Vegna notendanna þar væri þetta varla hægt nema samfara almennri aflaukningu stöðvarinnar. Annars er stefnuloftnet fyrir svona langar öldur enn á tilraunastigi.

Nokkrir aðrir möguleikar hafa verið athugaðir, en ekki þótt ástæða til þess að geta þeirra hér. Þó skal þess getið, að á einstaka stöðum, þar sem sérstak-

lega stendur á (eins og t. d. í Vík í Mýrdal), getur símaútvarp komið til greina. Þá er viðtæki haft á nálægum stað, þar sem vel heyrist til Reykjavíkur, og útvarpið svo leitt frá því eftir símalínu til gjallarhorna hjá hlustendum.

*Kostnaður.*

Þær leiðir, sem helzt koma til greina, eru annarsvegar stækkun Reykjavíkurstöðvarinnar ásamt endurvarpsstöð við Lagarfljót, og ef til vill síðar örlítil endurvarpsstöð á Akureyri, en hinsvegar margar endurvarpsstöðvar ásamt útvarpslínum til þeirra, sem fjærstar eru.

Mjög lauslega áætlað verður kostnaðurinn við að stækka útvarpsstöðina upp í 100 kw. og reisa 1 kw. endurvarpsstöð (með viðtökustöð) við Lagarfljót samtals um 580 þús. kr. Aukinn starfrækslukostnaður vegna þessa fer að miklu leyti eftir raforkuverði og útvarpstímum og eftir því, hvort full orka er notuð að jafnaði, en það verður væntanlega ekki nauðsynlegt. Lauslega áætlað má telja þennan kostnað um 40 þús. kr. fyrir stöðina í Reykjavík og 20 þús. kr. fyrir endurvarpsstöðina.

Kostnaðurinn við að leggja útvarpslínu til Austfjarða og reisa 4 endurvarpsstöðvar verður sennilega talsvert á aðra milljón króna, og aukinn starfrækslukostnaður (með viðhaldi línu) verður varla undir 130 þús. kr. á ári. Þessi leið er því mun dýrari en hin.

Reykjavík, 1. okt. 1934.

Gunnl. Briem.

Til útvarpsstjórans, Reykjavík.

## Nd. 438. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 421 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá Thor Thors.

Við 2. lið. Í stað orðanna „og kauptúnum með yfir 1000 íbúa“ á 2 stöðum komi: og kauptúnum (með yfir 300 íbúa).

## Ed. 439. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 370 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá samgöngumálanefnd.

Fyrir „um Hól eða Seljaland að Vífilsdal hinum neðri“ í þriðju efnismálsgr. kemur: að Hlíð eða Seljalandi.

**Ed.** **440. Frumvarp**

til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Flm.: Einar Árnason, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Til hafnarumbóta á Siglufjarðarhöfn veitist úr ríkissjóði 50 þús. krónur árlega næstu 4 ár, gegn tvöföldu tillagi úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Fé þetta greiðist bæjarstjórn Siglufjarðar hlutfallslega við framlag hafnarsjóðs til fyrirtækisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra heimilast að ábyrgjast fyrir ríkissjóð allt að 400000 kr. lán, er Siglufjarðarkaupstaður kann að fá til hafnarumbóta á Siglufjarðarhöfn.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og að leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Nú vill annarhvor aðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Prestlaunasjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem ræ..ir um í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema bæjarstjórnin veiti eða hafi veitt samþykki sitt til. Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins. Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda. Nú hefir bryggja eða annað mannvirki legið ó-

notað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Hafnarnefndin hefir á hendi framkvæmdir hafnarmála og eftirlit með höfninni. Hafnarnefndina skipa 3 menn, kosnir innan bæjarstjórnar á sama hátt og aðrar nefndir bæjarstjórnar, og 2 menn utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna eða útgerðarmanna. Enginn getur skorazt undan endurkosningu í hafnarnefnd fyrr en hann hefir setið 6 ár samfleytt í nefndinni. Nefndin sér um viðhald og umbætur á bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil.

7. gr.

Eigum og tekjum hafnarsjóðs má án samþykkis stjórnarráðsins aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

8. gr.

Bæjarstjórn skipar starfsmenn hafnarinnar, eftir tillögu hafnarnefndar, um skemmri eða lengri tíma.

9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja eignir hafnarsjóðs, kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Siglufjarðar, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerð, og farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald.

   Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur við höfnina.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Siglufjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir. Herskip og skemmtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi. Heimilt

er bæjarstjórn Siglufjarðar að ákveða, að núverandi vörugjald hækki um allt að 100% og verði varið til að standa straum af nauðsynlegum útgjöldum bæjarsjóðs. Þó er bæjarstjórn heimilt að undanskilja sérstakar vörur frá hækkuninni. Öll gjöld samkv. lögum þessum má taka lögtaki. Hafnargjöld, vitagjöld, bryggjugjöld og festargjöld hvíla sem lögveð á skipi á undan öllum veðsetningum. Hinar aðfluttu vörur eru að veði fyrir vörugjaldinu næst eftir vörutolli.

11. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu tillögur um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en fjárhagsáætlun hafnarsjóðs er samin.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndarinnar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok marzmánaðar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs á hinu liðna ári og efnahagsreikning hans. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana. Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni, skal síðan senda stjórnarráðinu.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, 10—500 kr. Sektir samkvæmt lögum þessum og hafnarreglugerðum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 2. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt 14. gr. þeirra.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstún, nr. 64 1915.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðar, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Um 1. gr.

Nálega árlega missa ríkisverksmiðjurnar bryggjur fyrir fleiri tugi þúsunda, og einstakir menn líka. Er því auðsæ þörf þess, að hafizt verði handa til þess að létta af slíkum óhöppum. Þar sem hafnarsjóður Siglufjarðar vill leggja fram í þessu skyni 400000 kr., er auðsætt, að ríkissjóði ber að styrkja það að ⅓, þar sem ríkissjóður á þarna að gæta hagsmuna, er nema meira en 2 milljóna króna virði og liggja undir árlegri áhættu, enda ríkisvaldið áður talið slíkt sjálfsagt, sbr. fjárlög 1934 og fjárlagafrumvarp 1935.

Um 2. gr.

Líkindi eru til, að hafnarsjóður Siglufjarðar geti án ríkisábyrgðar fengið nægilegt lán í þessu skyni, og verður ábyrgðar ríkissjóðs þá ekki leitað, en ákvæðið er sett til þess að vera til taks, ef nauðsyn krefur.

Um 3.—9. gr.

Eins og venjuleg ákvæði hafnarlaga.

Um 10. gr.

Venjuleg ákvæði. Auk þess er nýtt ákvæði um heimild bæjarstjórnar til þess að hækka vörugjaldið um allt að 100%, er renni í bæjarsjóð. Með ári hverju verður æ auðsærra, að álagning útsvara nægir ekki til þess að fullnægja hinni vaxandi þörf nauðsynlegra útgjalda. Á þetta sér einkum stað vegna þess, að sumpart hefir nokkur hluti atvinnufyrirtækjanna á Siglufirði lagzt niður eða ekki lengur orðið útsvarsskyldur, sbr. verksmiðju dr. Pauls o. fl., sumpart hefir gjaldþol manna þorrið, en hinsvegar fátækrabyrðin aukizt og þörfin til annara nauðsynlegra útgjalda, gjöld til gagnfræðaskóla, til íþróttamennta og annara menningarmála, sem bærinn verður að sinna, ef íbúunum á ekki að verða meinað að lifa menningarlífi og lyfta þeim byrðum, er framtíðin leggur þeim á herðar.

Um 11.—16. gr.

Venjuleg ákvæði.

## Nd. 441. Breytingartillaga

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Thor Thors.

Við 10. gr. a-lið. Aftan við 1. málsgr. bætist nýr málsl. svo hljóðandi:
Til rekstrarkostnaðar telst ennfremur launauppbót greidd starfsmönnum og

verkamönnum, hvort sem hún er goldin í reiðufé eða hlutabréfum, enda sé hún fyrirfram ákveðin og nemi eigi meir en 10% af árlegu kaupgjaldi hvers einstaks starfsmanns eða verkamanns.

**Nd.** **442. Frumvarp**

til áfengislaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

## I. KAFLI

### Almenn ákvæði.

1. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

## II. KAFLI

### Innflutningur áfengis.

2. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnist. Áfengisverzlun ríkisins annast innflutninginn.

Sendiræðismönnum erlendra ríkja skal þó heimilt að flytja frá útlöndum hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna án tollgreiðslu og álagningar, en tilkynna skulu þeir Áfengisverzlun ríkisins í hvert skipti, er innflutningur á sér stað.

3. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt heimild í 2. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsiglan og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum. En aldrei má gefa öðrum né selja af þeim forða.

Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínum, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenzkt eða erlent. Hefir hann vald til þess að opna hirzlur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

4. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins, ella skal auglýsa það eftir reglum um vogrek. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá tilkynningu að áfengið sé sent úr landi á hans kostnað eða selt Áfengisverzlun ríkisins fyrir það verð, er hún kann að bjóða, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er og ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu innan 6 mánaða frá birtingu hennar, og skal þá telja 12 mánaða frestinn frá því, að hann segir til sín.

Gefi enginn eigandi sig fram áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

5. gr.

Enginn má taka við neinskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hér við land eða í íslenzkri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

## III. KAFLI

### Tilbúningur áfengis.

6. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar.

7. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefir verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í Menningarsjóð.

## IV. KAFLI

### Sala og veitingar áfengis.

8. gr.

Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 2. gr. Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði. Álagning á vín þau, er um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, verður að vera innan þeirra takmarka, er þau lög setja.

9. gr.

Auk áfengis þess, sem um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, er Áfengisverzlun ríkisins heimilt að selja annað áfengi á núverandi útsölustöðum í kaupstöðum landsins.

Ríkisstjórninni er og heimilt að setja á stofn nýja útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kauptúnum. Áður en útsala er sett á stofn skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í hreppi þeim eða kaupstað, sem í hlut á, og þarf $^3/_5$ hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Nú hefir verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu samkvæmt framansögðu, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að tveimur árum liðnum.

10. gr.

Heimild til að selja aftur áfengi, er keypt hefir verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsölum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja. Smáskammtalæknum, sem lækningaleyfi hafa samkvæmt lögum, er og heimilt að selja smáskammtalyf með vínanda í, enda fylgi pöntun þeirra meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og landlæknis.
2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.
3. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, svo og um vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annara verklegra nota.

11. gr.

Dómsmálaráðherra hefir heimild til að leyfa einu veitingahúsi í Reykjavík veitingaleyfi á áfengum drykkjum, sem til landsins er heimilt að flytja.

Í veitingaleyfi eða reglugerð skal ákveða skilyrði fyrir veitingasölunni, þar á meðal um veitingatíma.

12. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni, að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni næsta virkan dag.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

## V. KAFLI

## Meðferð áfengis í landinu.

13. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs. Einnig er bannað að selja þeim manni áfengi, er sekur hefir gerzt um óleyfilega sölu eða aðra óleyfilega meðferð áfengis.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

14. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist ólöglegt áfengi í vörzlum manns, skal honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 25. gr., ef ætla má að áfengið sé innflutt, en ella eftir 28. gr.

15. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 9. og 10. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

16. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 31. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

Menn með lögregluvaldi, þar á meðal lögregluþjónar, hreppstjórar eða sérstakir löggæzlumenn, hafa vald til að hefja lögregluranns6kn, hver í sínu umdæmi, gegn þeim, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Þeir hafa og vald til þess að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv., og stöðva þau á meðan á rannsókn stendur. Skyldir eru þeir að senda viðkomandi dómara þegar í stað skýrslu um rannsóknina og staðfest eftirrit af prófum, ef fram hafa farið, en dómarinn tekur málið til frekari meðferðar.

17. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 10. og 11. gr.

Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annara, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

## VI. KAFLI

## Ölvun.

18. gr.

Hver sá, sem sökum áberandi ölvunar veldur óspektum eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum eða skipum hér við land, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar frávikningu úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sé um lækni að ræða, missir hann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir læknisleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

20. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar.

21. gr.

Séu skipstjórar, stýrimenn, bátaformenn eða vélstjórar ölvaðir við störf sín á skipi, sem þeir eiga að stjórna, sæta þeir sömu refsingu og embættismenn samkvæmt 19. gr. Kemur þá missir réttar til skipstjórnar, stýrimennsku eða vélgæzlu, eftir því sem við á, í stað embættismissis eða sýslunarmissis.

22. gr.

Ef flugmenn eða bifreiðastjórar eru undir áhrifum áfengis við flug eða akstur, varðar það missi flug- eða ökuskírteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

Verði slys af völdum ölvaðs flugmanns, bifreiðarstjóra, skipstjóra eða stýrimanns, á öðrum mönnum, skal það jafnan varða missi flug-, öku-, skipstjóra- eða stýrimannsskírteinis fyrir fullt og allt.

23. gr.

Leiki vafi á um, hvort sakborningur samkv. þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal úr því skorið með blóðrannsókn, er læknir framkvæmir.

## VII. KAFLI

### Áfengisvarnir.

24. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um fræðslu í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, um skaðleg áhrif áfengisnautnar.

## VIII. KAFLI

### Refsiákvæði.

25. gr.

Fyrir brot gegn 2. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

| | |
|---|---|
| Fyrsta sinni | kr. 1000— 5000 |
| Öðru sinni | — 2000—10000 |
| Þriðja sinni | — 4000—20000 |

Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má ennfremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða.

Gerist skipstjóri eða skipverji á íslenzku skipi sekur um brot samkv. þessum lið, skal hann skráður úr skiprúmi og sviptur rétti til skipstjórnar eða lögskráningar á íslenzkt skip um tiltekinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef um mjög stórfellt eða margítrekað brot er að ræða. Þegar refsingu samkvæmt þessari málsgrein er beitt, er heimilt að lækka að tiltölu aðra refsingu fyrir brotið, og jafnvel að láta hana niður falla, ef um smávægilegt brot í fyrsta sinn er að ræða.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggja.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal skipið gert upptækt með dómi handa ríkissjóði.

Brot gegn 2. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 100—3000 krónum. Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

26. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 2. gr., skal hann sekur um 500—5000 kr., liggi ekki þyngri

refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 25. gr. l., síðustu málsgrein.

Áfengi það skal gert upptækt, sem skotið var undan innsiglan eða vanrækt að skýra frá.

27. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 6. gr. varða refsingu samkvæmt 25. gr.

28. gr.

Brot gegn 6. gr. varða sektum, 500—5000 kr., og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, ef áfengið hefir verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er ítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

29. gr.

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 200—2000 kr. Ítrekað brot varðar sektum 400—5000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margítrekað, eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengisseðla. Lágmark leyfissviptingarinnar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 31. gr. 2. málsgr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

30. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefir til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar víntegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 31. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 32. gr.

31. gr.

Brot gegn ákvæðum 15. gr. varða sektum, 200—2000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 400—5000 krónum.

Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi allt að 3 mánuðum.

32. gr.

Verði maður, sem leyfi hefir til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 15. gr., varðar það refsingu samkvæmt 31. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinn ekki skemur en einn mánuð, í annað sinn ekki skemur en 3 mánuði og í þriðja sinn að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæta sektum, 50—1000 krónum.

33. gr.

Brot gegn ákvæðum 13. gr. varða sektum frá 25—500 krónum.

34. gr.

Brot gegn 16. gr. varða sektum 50—2000 kr. og ítrekað brot 100—1000 kr. Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

35. gr.

Brjóti nokkur ákvæði 17. gr. 1. málsgr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 50—1000 kr. sekt og neytanda 25—500 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 17. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 50—2000 kr. sektum.

36. gr.

Brot gegn 18. gr. varða sektum frá 25—500 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

37. gr.

Brot gegn 19.—21. gr. varða sektum: Fyrsta sinn 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Þriðja sinni stöðu- eða starfsmissi samkvæmt ákvæðum áðurnefndra greina.

38. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 2., 5. gr. 1. málsgr. eða 6. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til þess að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum 50—4000 kr.

## IX. KAFLI

## Ýms ákvæði.

39. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

40. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

41. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

42. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

43. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 19. maí 1930, og öll þau lagaákvæði, er koma í bág við þessi lög.

## Nd. 443. Breytingartillaga

við frv. til áfengislaga.

Frá Héðni Valdimarssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Við 26. gr. Í stað „síðustu málsgrein“ í niðurlagi fyrri málsgr. kemur: fjórðu málsgr.

## Nd. 444. Breytingartillaga

við frv. til áfengislaga.

Flm.: Pétur Ottesen, Garðar Þorsteinsson, Bjarni Bjarnason, Þorbergur Þorleifsson.

Við 2. gr. 1. mgr. bætist: Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

## Ed. 445. Breytingartillögur

við frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 5. gr.

a. Síðari málsl. 4. málsgr. orðast þannig: Skal þar ákveða, að sú mjólk skuli að öðru jöfnu ganga fyrir, sem framleidd er innan lögsagnarumdæmisins, enda sé hún þá seld milliliðalaust, eftir því sem talið er fært vegna hollustuhátta.
b. Úr síðustu málsgr. falli orðin „svo sem ef mjólkurbú rekur aðra óskylda starfsemi“.
c. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, er svo hljóðar:
Nú er mjólk, framleidd innan lögsagnarumdæmis kaupstaðar, tekin til gerilsneyðingar og sölu, og skal þá greiða eigendum mjólkurinnar fyrir hana verð, sem ekki sé meira en 6 aur. á lítra hvern undir útsöluverði.

## Nd. 446. Frumvarp

til laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema hafa fengið til þess sérleyfi frá

ríkisstjórninni. Þó er póstmálastjórninni heimilt að nota eigin bifreiðar á þeim leiðum, er henni þykir henta, enda fullnægi bifreiðar hennar settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, en rúma fleiri en 6 farþega, enda sé umbúnaður þeirra, til öryggis og þæginda farþegum, samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.

2. gr.

Póstmálastjórnin hefir með höndum yfirstjórn og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum þeim, sem sérleyfi þarf fyrir.

3. gr.

Sérleyfishafar eiga rétt á að kjósa þrjá menn í nefnd, samkvæmt reglum, er atvinnumálaráðherra setur, er gerir tillögur til póstmálastjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Póstmálastjórninni skal skylt að gæta þess í skipulagning flutninga þeirra, er undir hana heyra, að almenningi verði þeir sem kostnaðarminnstir og hagfelldastir, en hinsvegar fari sem minnst fé eða önnur verðmæti forgörðum við þá.

5. gr.

Nú sækir félag eða einstaklingur um sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og er ríkisstjórninni þá heimilt að veita það með þeim skilyrðum, er hér segir:

a. að sérleyfið gildi fyrir 3 ár og sé óframseljanlegt.
b. að sérleyfið gildi fyrir ákveðna tölu bifreiða á tilteknum leiðum, þó þannig, að flutningaþörfinni sé fullnægt.

   Binda má sérleyfi við ákveðnar gerðir bifreiða.
c. að sérleyfishafi noti þær tegundir og gerðir bifreiða og fullnægi að öðru leyti skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um búnað bifreiða til öryggis og þæginda farþegum.
d. að sérleyfishafi skuli skuldbundinn til þess að láta bifreiðar sínar vera í förum samkvæmt áætlunum og reglum og flutningagjaldskrá, er póstmálastjórn setur.
e. að póstmálastjórninni sé heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu bifreiðanna samkvæmt taxta, er hún setur.
f. að sérleyfishafi sé skyldur að flytja ákveðið magn póstflutnings ókeypis, eftir reglum, er póstmálastjórn setur.
g. að bifreiðarstjórar á bifreiðum, er rúma fleiri en 6 farþega samkvæmt skoðunarvottorði, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

6. gr.

Nú hafa fleiri en eitt félag eða einstaklingur fengið sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og hefir þá póstmálastjórn heimild til þess að ákveða, með samþykki nefndar þeirrar, er ræðir um í 3. gr., að fargjöldum skuli skipt milli sérleyfishafa eftir tölu sætakílómetra bifreiða þeirra, sem þar eru í förum, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

7. gr.

Heimilt er ráðherra að ákveða, að ákvæði laga þessara nái einnig til bifreiða, sem rúma 6 farþega og færri, ef þær hafa fastar áætlunarferðir á ákveðnum leiðum.

8. gr.

Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins og um nágrenni, sem áður hefir verið veitt sérleyfi til, og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en þrem mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10—1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál. Brjóti sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkv. þeim, er auk þess heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1935.

## Nd. 447. Breytingartillögur

við frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá Héðni Valdimarssyni og Emil Jónssyni.

1. Við 5. gr. Í stað orðsins „ríkisstjórninni“ komi: ráðherra.
2. Við 8. gr. Orðin „og um nágrenni“ falli burt.

## Sþ. 448. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um skipun lögfræðinganefndar til þess að undirbúa endurbætur á réttarfarslöggjöfinni.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Aftan við fyrri málsgr. tillgr. bætist: að svo miklu leyti sem fært þykir kostnaðar vegna.

Alþingi, 15. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Jónas Jónsson, form. | Sigurður Einarsson, fundaskr. | Magnús Guðmundsson, frsm. |
| Þorst. Þorsteinsson. | Jón Sigurðsson. | Pétur Ottesen. |
| Bjarni Bjarnason. | Þorbergur Þorleifsson. | Jónas Guðmundsson. |

## Nd. 449. Frumvarp

til laga um útflutning á síldarmjöli.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að banna eða takmarka útflutning á síldarmjöli úr landinu, ef nauðsyn þykir vegna fóðurskorts.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða allt að 10000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af nefndum brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 450. Nefndarálit

um frv. til l. um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir ekki orðið sammála um frv. þetta. Vill meiri hl., að það verði samþykkt óbreytt, en undirritaður minni hluti telur, að á því verði að gera verulegar breytingar, ef það á að verða að lögum.

Árið 1928 lét ríkið byggja á Siglufirði verksmiðju, sem vinnur úr ca. 2200 málum síldar á sólarhring. Síðan hefir ríkið keypt síldarverksmiðju dr. Pauls á Siglufirði, og í fyrra samþ. Alþingi að byggja enn eina verksmiðju á Siglufirði, og á hún að geta unnið úr 2200 málum síldar á sólarhring. Loks hefir Nd. á þessu þingi samþ. að kaupa af Norðmönnum verksmiðjuna á Raufarhöfn, og gerir ráð fyrir að leggja mikið fé í það að auka við hana.

Allt þetta er gert í þeim tilgangi að bæta úr viðurkenndri þörf síldveiði-

flotans til þess að geta komið meiri síld í bræðslu heldur en áður var hægt og enn er kostur á. Það kemur því einkennilega fyrir sjónir, að jafnharðan skuli koma fram frv. um það, að banna öllum mönnum að byggja nýjar síldarbræðsluverksmiðjur eða auka við þær, sem fyrir eru.

Það er vitað, að enn skortir mjög mikið á það, að hægt sé að taka við síld til bræðslu af öllum þeim ísl. skipum, sem hæf eru til síldveiða og þá veiði mundu stunda, ef skilyrði leyfðu. En að því ber auðvitað að keppa, að ekkert skip, sem síldveiði getur stundað, þurfi að liggja ónotað yfir síldveiðitímann. Hollast er auðvitað, að þörfin skapi aukninguna, og að hún verði framkvæmd af þeim, sem síldarinnar afla, en þegar þá skortir afl til þess, á ríkið að koma til hjálpar.

Þessi var líka tilgangurinn, þegar fyrsta ríkisverksmiðjan var byggð. Og hún hefir reynzt mikilsverð *hjálp* í þessu efni, en ekkert annað, því hún hefir ekki getað skilað síldareigendum því verði fyrir síldina, að útgerð skipanna bæri sig, nema því aðeins, að þau seldu nokkurn hluta aflans til söltunar með hærra verði. Aftur hefir borið sig án söltunar útgerð margra þeirra skipa, sem fengið hafa aflann verksmiðjum skipaeigenda sjálfra. Reynslan vottar því það, að það væri hin mesta fásinna að leggja höft á framtak útgerðarmanna í þessum efnum. Ekki er þörf á nýjum lagafyrirmælum, er banni útlendingum að auka við síldarverksmiðjur sínar hér, því það er áður bannað.

Óþarft er með sérstökum lögum að áskilja ríkinu forkaupsrétt að verksmiðjum, þar sem ríkisstjórnin getur eftir gildandi lögum tekið verksmiðjurnar eignarnámi, ef almenningsheill krefst.

Samkvæmt lögum nr. 42 1929 var stjórn síldarverksmiðju ríkisins skipuð 3 mönnum. Einn þeirra var skipaður af atvinnumálaráðherra, einn af stjórn síldareinkasölunnar og einn tilnefndur af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar, sem þá var meðeigandi í síldarverksmiðju ríkisins. Með lögum nr. 10 1932 var gerð sú breyting, að atvinnumálaráðherra skyldi skipa alla þrjá stjórnendur verksmiðjunnar. Skyldi einn ganga úr stjórninni árlega, í fyrsta og annað skipti eftir hlutkesti, síðan eftir kjöraldri.

Síðan breytingin var gerð um skipun verksmiðjustjórnarinnar, árið 1932, hefir orðið sú breyting á, að ríkið hefir keypt verksmiðju dr. Pauls (árið 1933) og í ár tekið við rekstri verksmiðjunnar á Sólbakka. Ennfremur er nú verið að reisa nýja verksmiðju á Siglufirði, sem byrjað verður að starfrækja næsta sumar, og loks eru horfur á, að um frekari aukningu á síldarverksmiðjum ríkisins geti orðið að ræða, samanber Raufarhöfn.

Þegar nauðsynlegt var talið að hafa 3 menn í stjórn síldarverksmiðju ríkisins, meðan verksmiðjan var aðeins ein, þá virðist nú, eftir aukninguna, sem orðin er, eðlilegt, að stjórnin sé skipuð 5 mönnum.

Þar sem hér er um að ræða risavaxin fyrirtæki, sem varða einn höfuðatvinnuveg landsmanna mjög miklu, þá virðist eðlilegt, að Alþingi hafi beinan íhlutunarrétt um kosningu á mönnum í stjórn verksmiðjanna. Og er þá farið eftir sömu reglu, sem gildir um kosningu t. d. í fulltrúaráð Landsbankans, sjóðsstjórn verkamannabústaðanna, menntamálaráð, endurskoðendur landsreikninganna o. fl.

Rétt þykir að hafa kjörtíma stjórnendanna 3 ár, þó þannig, að sá stjórnandinn, sem atvmrh. skipar, sé skipaður til eins árs í senn. Er þá sæmilega tryggt, að sá atvmrh., sem er á hverjum tíma, geti haft fulltrúa í stjórn verksmiðjanna, sem hann beri traust til.

Af sömu ástæðum, sem hér eru færðar fram um fyrirkomulag á kosningu stjórnar verksmiðjanna, er rétt, að endurskoðendur séu kosnir af Alþingi.

Það er nauðsynlegt, að meiri hluti stjórnarinnar sé búsettur eða hafi fast aðsetur á Siglufirði þann tíma ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar. Aftur á móti finnst okkur eigi rétt að einskorða skipun allrar stjórnarinnar við það, að stjórnendurnir dvelji á Siglufirði yfir síldartímann, því að undanfarin ár hefir það sýnt sig að vera ákjósanlegt, að einhver úr stjórninni sé að jafnaði í Reykjavík yfir sumartímann, til þess að annast um ýmiskonar störf fyrir verksmiðjurnar, svo sem bankamál, ýmiskonar afgreiðslu, útveganir o. fl.

Ástæðulaust virðist að fella það ákvæði niður, að framkvæmdarstjóra skuli ráða til eins árs í senn, sem verið hefir í eldri verksmiðjulögum.

Ákvæði 2. liðs 8. gr. um afborgun stofnkostnaðar síldarverksmiðjanna setur engar skorður við því, hve mikilla afborgana ríkissjóður eða lánveitendur geta krafizt á hverjum tíma. Þetta ákvæði er mjög ósanngjarnt, því að sé því beitt, getur oft farið svo, að síldareigendur verði á fáum árum að greiða að fullu stofnkostnað síldarverksmiðju eða síldarverksmiðja. Samkv. þeim kaupsamningi, sem gerður var um dr. Pauls verksmiðjuna, á sú verksmiðja að greiðast að fullu á sex árum. Það nær vitanlega engri átt, að viðskiptamenn verksmiðjunnar á þessu sex ára tímabili greiði að fullu stofnkostnað þessarar verksmiðju eða annara verksmiðja, sem líkt stendur á um. Það er nauðsynlegt til að tryggja rétt sjómanna og útgerðarmanna, að fastar reglur séu um afborganir og vexti af stofnkostnaði síldarverksmiðjanna.

Fyrirmæli um það, hvernig nota skuli fyrningarsjóð, og sömuleiðis um það, af hvaða upphæð reikna skuli varasjóðsgjaldið, vantar í frumvarpið, en nauðsynlegt er, að það sé skýrt ákveðið.

Þá virðist minni hl., að síldareigendur séu búnir að greiða ærið nóg fyrir vinnslu síldarinnar, þegar þeir hafa greitt allan rekstrarkostnað, þar með talda vexti af stofnkostnaði, svo og afborganir eins og þeir væru sjálfir eigendur verksmiðjunnar, og loks fyrningu. Leggur minni hl. því til, að varasjóðsgjaldið falli niður, og telur, að hlutur sjómanna og útgerðarmanna verði þó ekki of góður.

Frv. gerir ráð fyrir, að aðeins megi greiða síldareigendum við afhendingu síldarinnar allt að 70% af áætluðu verði hennar. Þetta ákvæði var í síldarverksmiðjulögunum frá 1929, en hefir ekki verið notað nema fyrsta starfsár verksmiðjunnar, því að eftir að kom fram á árið 1931, hefir áætlunarverð hráefnisins, nýsíldarinnar, ekki verið nema um 3 kr. málið. Heimild hefir verið til að borga út við afhendingu síldarinnar allt að 70% af því, eða ca. kr. 2,10. Stjórn verksmiðjanna hefir séð, að það var ógerlegt fyrir sjómenn og útgerðarmenn að stunda síldveiðar með því móti að fá eigi hærri útborgun en þetta, og eftirstöðvarnar fyrst eftir áramót, ef þær þá yrðu greiddar að fullu, sem oft gæti leikið mikill vafi á. Verksmiðjustjórnin hefir því undanfarin 4

ár notað heimild í 2. gr. verksmiðjulaganna frá 1929 um að fá leyfi frá atvinnumálaráðherra til að kaupa síldina fullu verði, sem hefir öll árin verið kr. 3 pr. mál (135 kg.). (Frá þessu hefir ekki verið gerð nein undantekning, að undanskildum ca. 40 þús. málum sumarið 1931, sem borguð voru með 4 kr. pr. mál, og svo við Sólbakkaverksmiðjuna síðastl. sumar, er mestöll síldin var keypt fyrir kr. 3,50 málið).

Með því að kaupa síldina föstu verði, eins og gert hefir verið undanfarin ár, næst eigi sá tilgangur, sem vakti fyrir mönnum, er stofnað var til rekstrar síldarverksmiðju ríkisins í upphafi. Þá var gengið út frá því, að verksmiðjan tæki síldina til vinnslu og ynni úr henni fyrir reikning síldareigenda, og skilaði þeim svo andvirði afurðanna, að frádregnum kostnaði við starfrækslu verksmiðjunnar, vöxtum, afborgunum, fyrningar- og varasjóðsgjaldi.

Reynsla undanfarinna ára sýnir, að það er nauðsynlegt að hækka þá hundraðstölu, sem greiða má síldareigendum við afhendingu út á innl. síld, því annars hlýtur sú venja að festast, að verksmiðjur kaupi síldina ákveðnu verði, en það felur í sér talsverða áhættu fyrir ríkissjóð, og ósanngirni gagnvart síldareigendum, sjómönnum og útgerðarmönnum, sem margir myndu kjósa að leggja síldina inn til vinnslu fyrir sinn reikning, ef hækkaður yrði sá hluti áætlunarverðsins, sem borgaður er við afhendingu síldarinnar.

Frv. gerir ráð fyrir, að síldareigendum séu greiddar „eftirstöðvarnar (af áætlunarverðinu), ef nokkrar verða, eftir að reikningsskil hafa verið gerð um sölu hvers árs". Þetta ákvæði er mjög ósanngjarnt, vegna þess, að menn eiga að bíða þar til reikningsskilum er lokið, sem ekki yrði fyrr en í fyrsta lagi í febrúarmánuði árið eftir að síldin hefir verið lögð inn til vinnslu, enda þótt allar afurðir verksmiðjanna hefðu verið seldar strax í septembermánuði, eins og komið hefir fyrir, t. d. nú í ár.

Í öðru lagi er það mjög ósanngjarnt, að ef vel gengur með sölu afurðanna og hærra verð fæst en áætlað hefir verið, þá skuli síldareigendum aðeins vera greiddar eftirstöðvar af áætlunarverðinu, í stað þess að greiða þeim að fullu hið raunverulega nettóverð. Við leggjum því til, að síldareigendum séu greiddar eftirstöðvar nettóverðs síldarinnar strax þegar afurðirnar hafa verið seldar, eða við ársuppgerð, sé sölu afurða eigi lokið.

Hér hefir þá verið sýnt nokkuð fram á, hve ýms ákvæði frv. eru varhugaverð og ósanngjörn í garð sjómanna og útgerðarmanna, en ákvæði það, er snýr að bændum, er einnig til óhagræðis.

Um miðjan ágúst er heyskapur bænda oft svo skammt á veg kominn, að þeir eiga óhægt með að ákveða, hve mikið þeir þurfa af fóðurbæti, en í ágústlok geta þeir oftast farið nokkuð nærri um fóðurbætisþörf sína, og er því nauðsynlegt, að tímatakmark þetta sé fært til ágústloka.

Frv. gerir ráð fyrir, að atvmrh. sé sent afrit af efnahagsreikningi og rekstrarreikningi verksmiðjanna, áritað af endurskoðendum. Þetta orðalag má skilja svo, að einungis beri að gera einn rekstrar- og efnahagsreikning, sameiginlega fyrir allar verksmiðjurnar, og að reikningarnir eigi einungis að vera áritaðir af endurskoðendum. Rétt er, að skýrt sé fram tekið, að saminn skuli sérstakur

rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir hverja verksmiðju, sem sé undirritaður af stjórn verksmiðjanna og áritaður af endurskoðendum.

Okkur finnst rétt, að reikningar verksmiðjanna séu birtir í landsreikningnum, eins og reikningar annara ríkisfyrirtækja.

Minni hl. leggur samkvæmt ofanrituðu til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin falli burt og greinatala breytist samkvæmt því.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt og greinatala breytist samkvæmt því.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

   Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð 5 mönnum. Fjórir þeirra skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn, en atvinnumálaráðherra skipar fimmta manninn til eins árs í senn, og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

   Endurskoðendur verksmiðjanna séu tveir, og skulu þeir kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til eins árs í senn.

   Stjórn verksmiðjanna hefir aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu a. m. k. þrír úr stjórninni vera þar búsettir eða hafa þar fast aðsetur þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar. Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda.

   Stjórn verksmiðjanna hefir á hendi yfirstjórn þeirra. Hún annast sölu afurðanna í samráði við framkvæmdarstjóra. Til þess að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift þriggja stjórnenda.

   Stjórn verksmiðjanna ræður, til eins árs í senn, einn framkvæmdarstjóra, er hefir á hendi daglega stjórn verksmiðjanna og umsjón með rekstrinum.

   Framkvæmdarstjóri hefir prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem öðruvísi er eigi ákveðið. Stjórn verksmiðjanna ákveður nánar starfsvið hans og laun með erindisbréfi.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

   Nú er ríkissjóður eigandi síldarbræðslustöðvar, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana félagi síldveiðimanna, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, og hafi þá báðar deildir Alþingis lagt samþykki sitt á söluna.
5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

   Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hér segir:

   1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði.
   2. Afborgunum og vöxtum af stofnkostnaði síldarverksmiðja þeirra, sem byggðar hafa verið eða byggðar verða af ríkinu, og skal greiðslunum deilt þannig, að stofnkostnaðurinn með vöxtum greiðist með jöfnum greiðslum á 20 árum. Um afborgun og vexti af stofnkostnaði verksmiðja, sem ríkið hefir keypt eða kann að kaupa, skal farið eftir nánari fyrirmæl-

um atvinnumálaráðherra. Skal þar reynt að dreifa greiðslunum á sem flest ár og fara í því efni eftir endingarmöguleikum hverrar verksmiðju.

3. 2% fyrningargjald af húsum, mannvirkjum, vélum og áhöldum, er leggist í sérstakan sjóð og ávaxtist þar. Skal sjóðnum varið til þess að endurnýja verksmiðjurnar með nauðsynlegum vélum og áhöldum, samkvæmt ákvörðun verksmiðjustjórnarinnar í samráði við atvinnumálaráðherra.

Við afhendingu síldarinnar til vinnslu má greiða eigendum hennar allt að 85% af áætlunarverði síldarinnar nýrrar, ákveðnu samkvæmt þessu og með hliðsjón af 6. grein.

Komi í ljós, þegar allar afurðir verksmiðjanna hafa verið seldar eða við ársuppgerð, að andvirði þeirra geri meira en að hrökkva fyrir keyptri síld og þeim hluta áætlunarverðs, sem greiddur hefir verið til þeirra, sem lagt hafa inn síld til vinnslu, ásamt þeim kostnaði, sem talinn er upp í 1.—3. lið þessarar greinar, skal afgangurinn þá þegar greiddur síldareigendum og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við það sildarmagn, sem hver um sig hefir lagt inn til vinnslu í verksmiðjunum.

6. Við 9. gr. Fyrir orðin „pantað fyrir 15. ágúst ár hvert“ komi: pantað fyrir 31. ágúst ár hvert.

7. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Reikningsár verksmiðjanna skal vera almanaksárið. Stjórn verksmiðjanna skal gera reikningsskil fyrir starfsárið, svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum sínum fyrir 1. apríl ár hvert. Að þeim tíma loknum skal stjórn verksmiðjanna tafarlaust senda atvinnumálaráðherra afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum verksmiðjanna, undirskrifaða af stjórninni og áritaða af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur verksmiðjanna á árinu.

Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna og landsreikningnum.

Alþingi, 12. nóv. 1934.

Sigurður Kristjánsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

## Nd. 451. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 432 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá fjármálaráðherra.

Töluliður 2. orðist svo:

Við 34. gr. Í stað annars málsliðar fyrri málsgreinar komi:

Heimilt er skattanefnd að leiðrétta einstaka liði framtals, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli. Sama gildir og um önnur atriði, ef telja má, að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal þá aðila aðvart um slíkar breytingar á framtali.

## Nd. 452. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 52 28. nóv. 1919 og á lögum nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Í stað orðanna „með stöð í Öngulsstaðahreppi“ í lögum nr. 52 28. nóv. 1919 kemur: með tveim stöðvum í Öngulsstaðahreppi.

Aftan við orðin „Skjöldólfsstöðum í Jökuldal“ í 1. gr. laga nr. 38 14. júní 1929 kemur: með hliðarálmu um Rangá að Heykollsstöðum.

Í stað orðanna „frá Sandeyri .... að Höfða í Grunnavíkurhreppi“ í sömu lagagrein kemur: frá Sandeyri um Stað í Grunnavík að Hesteyri, og frá Stað í Grunnavík um Höfða að Furufirði.

Í stað orðanna „Lína frá Egilsstöðum .... að Birnufelli“ í niðurlagi sömu lagagreinar kemur: Lína frá Egilsstöðum á Völlum að Skeggjastöðum í Fellum.

Aftan við sömu lagagrein bætist: Lína að Valþjófsstað í Fljótsdal. Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Lína frá Geirólfsstöðum í Skriðdal að Arnhólsstöðum. Lína frá Hemlu í Vestur-Landeyjum að Álfhólum í sömu sveit. Lína frá Setbergi við Grundarfjörð að Hallbjarnareyri. Lína frá Bugðustöðum í Hörðudal að Hlíð eða Seljalandi. Lína frá Tjaldanesi í Saurbæ að Staðarhóli. Lína norður Bala að Eyjum við Bjarnarfjörð. Lína frá Silfrastöðum um Flatatungu að Gilsbakka. Lína frá Sauðárkróki um Reykjaströnd að Reykjum.

## Nd. 453. Frumvarp

til laga um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til loka ársins 1937 skal undanþegið hverskonar innflutningstollum efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur, svo og ósponninn hampur og hampgarn til veiðarfæragerðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 454. Frumvarp

til laga um verkamannabústaði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna í kaupstöðum og kauptúnum landsins.

2. gr.

Byggingarsjóður lánar til íbúðarhúsbygginga samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi 5 manna nefnd í kaupstöðum og 3 manna nefnd í kauptúnum fært atvinnumálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn.

3. gr.

Byggingarsjóður skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefir verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðar eða kauptúns, þar sem ákveðið hefir verið að þörf sé fyrir starfsemi byggingarsjóðsins, sbr. 2. gr.
2. Tekjur samkv. 14. gr. laga nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.
3. Bæjarsjóðir og sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins.
4. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður. En hlutaðeigandi bæjarsjóður og sveitarsjóður, sbr. 2. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu. Lánin má taka í erlendri mynt og gefa út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

4. gr.

Byggingarsjóður veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni, og skal félagið reist á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

Heimilt er að stofna deildir, sem hafi sérsamþykktir, innan byggingarfélags, þegar 50 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn félagsins.

Nú er fleira en eitt byggingarfélag stofnað í kaupstað eða kauptúni, og veitir byggingarsjóður þá því félagi lán, sem fyrst hefir hafið byggingarstarfsemi, en ef hvorugt eða ekkert félaganna hefir byrjað slíka starfsemi, þá því félagi, er fyrr eða fyrst er stofnað.

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir byggingarsjóður lán gegn 2. veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagður fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 85% af kostnaðarverði eignarinnar. Byggingarsjóður veitir lánin affallalaus, og ávaxtist og endurborgist þau með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár. Byggingarsjóði er

þó heimilt að veita aðeins eitt lán, allt að 85% af kostnaðarverði eignarinnar, með fyrsta veðrétti.

5. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkissjóðsábyrgð, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

6. gr.

Byggingarfélög hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 4. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
2. að húsin séu gerð úr varanlegu efni, með tveggja og þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð, eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.
3. að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 4000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, að viðbættum 300 krónum fyrir hvern ómaga, þó ekki samtals yfir 5500 króna árstekjur, né yfir 5000 króna eignir.
4. að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarsjóðsins ákveður.
5. að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, gegn a. m. k. 15% útborgun, og með sömu lánskjörum á eftirstöðvum kaupverðsins sem félagið nýtur hjá byggingarsjóði.
6. að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnar, sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleigan metin reglulega á 5—10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni. Eigi kaupstaður, sveitarfélag eða ríkið ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal kaupstað eða sveitarfélagi skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.
7. að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefir íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkv. mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.
8. að settar séu reglur í reglugerð, sem staðfest sé af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur

eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.

9. að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra félaga.

7. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlanir. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 6. gr. 8. lið, um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

8. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 5 menn, valdir til 4 ára í senn. Kýs Alþingi 4 þeirra með hlutfallskosningu, en atvinnumálaráðherra skipar einn, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefir á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkvæmt reglugerð, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, enda er einni deild sjóðsins óheimilt að lána annari.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinna samkv. 6. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn, einn eða fleiri í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður atvinnumálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélag hefir rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og allri starfsemi byggingarfélags og hefir rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álítur, að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til atvinnumálaráðherra.

9. gr.

Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefir verið til byggingganna.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til 4 ára í senn.

10. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn heimilt að ákveða, að

bæjarfélagið eða sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefir það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti að húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún, í samráði við stjórn byggingarsjóðs og hlutaðeigandi bæjarcða sveitarstjórnir, öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

Byggingarfélögum er þó heimilt að fela sérfróðum mönnum að gera uppdrætti af húsum félagsmanna, og úrskurðar atvinnumálaráðherra þá um uppdrættina og greiðslur úr ríkissjóði fyrir þá.

12. gr.

Byggingarsjóðir þeir, sem eru starfandi, þegar lög þessi öðlast gildi, renna sem deildir inn í byggingarsjóð landsins.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935 og falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 55 og 71 8. september 1931, svo og lög nr. 118 29. desember 1933.

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

Stjórn byggingarsjóðs og endurskoðendur skulu í fyrsta sinn kosnir á Alþingi 1934.

## Ed. 455. Lög

um breyting á lögum nr. 21 22. okt. 1912, um sölu á eggjum eftir þyngd.

(Afgreidd frá Ed. 14. nóv.).

Samhljóða þskj. 73.

## Ed. 456. Lög

um breyting á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febr. 1872.

(Afgreidd frá Ed. 14. nóv.).

Samhljóða þskj. 203.

## Ed. 457. Lög

um breyting á lögum nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

(Afgreidd frá Ed. 14. nóv.).

Samhljóða þskj. 172.

**Nd.** **458. Lög**

um heimild rannsóknarstofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar.

(Afgreidd frá Nd. 14. nóv.).

Samhljóða þskj. 21.

**Nd.** **459. Lög**

um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

(Afgreidd frá Ed. 14. nóv.).

Samhljóða þskj. 373.

**Ed.** **460. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Veita má mönnum ríkisborgararétt með lögum, en þó því aðeins, að þeir hafi verið búsettir hér á landi samfleytt 15 ár hin næstu áður en þeir beiddust ríkisborgararéttar og aldrei notið fátækrastyrks um þann tíma.

Engum má veita ríkisborgararétt, nema hann færi sönnur á það, að hann hafi aldrei orðið sekur um neitt það athæfi, sem hér á landi eða í heimalandi hans er talið svívirðilegt að almenningsáliti.

Enginn maður, sem með lögum hefir verið veittur ríkisborgararéttur, öðlast hann fyrr en hann hefir sannað það fyrir ríkisstjórninni, að hann sé að fullu leystur af hinu fyrra ríkisfangi sínu og öllum skyldum, sem af því leiðir. Sé þessi sönnun ekki fram komin innan 12 mánaða frá birtingu veitingarlaganna í A-deild Stjórnartíðindanna, eru þau, að því er þann mann snertir, fallin úr gildi sjálfkrafa.

Um konu manns, er ríkisborgararétt öðlast, og börn þeirra fer eftir 3. gr., og um óskilgetin börn konu eftir 1. gr., nema lögin láti öðruvísi um mælt.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal fella þessi lög inn í meginmál laga nr. 21 frá 6. október 1919 og gefa þau svo út sem lög um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frv. er flutt eftir beiðni dómsmálaráðherra. Áskilur nefndin sér rétt til þess að gera á því breytingar við síðari umræður í deildinni. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Í öllum löndum öðrum en Íslandi hefir ríkisborgararéttur verið veittur með hinni mestu gætni, og hefir alltaf áður en hann var veittur verið gengið úr skugga um það, að þeir menn, sem hann fengu, tjölduðu ekki til einnar nætur í landinu. Þykir það annarsstaðar ekki verða sannað nema með langri dvöl, — að því er frekast er kunnugt hvergi skemmri en 15 ár. Hér hefir þetta orðið með öðrum hætti, því að hverjum útlending, sem hér hefir dvalizt 4—5 ár og kynnt sig sæmilega, hefir reynzt það vandalítið að fá hér ríkisborgararétt. Hafa ástæðurnar fyrir umsóknum um ríkisborgararétt alloft verið harla veigalitlar, og ekki sjaldan í fullu ósamræmi við ríkisborgararéttarlögin sjálf. Svo er það t. d. ekki fátítt, að erlendir karlar hafi sótt um ríkisborgararétt og fært það til, að þeir væru trúlofaðir eða kvongaðir íslenzkum konum, og verið veittur hann af þeirri ástæðu, þrátt fyrir það, þó að 3. gr. ríkisborgararéttarlaganna mæli skýrlega svo fyrir, að kona fái ríkisfang manns síns, en ekki maður konu, og að íslenzk kona, sem gengur að eiga erlendan mann, eigi því að taka ríkisfang hans.

Það hefir stundum komið mjög greinilega fram í blaðaskrifum hér, að menn óttuðust það, að Danir mundu nota jafnrétti það, sem þeir samkv. sambandslögunum eiga við oss hér á landi, til þess að fjölmenna hingað. Sú hefir að vísu orðið raunin á, að Danir hafa ekki sótt hingað umfram það, sem eðlilegt er. En sé ástæða til þess að óttast það, að Danir noti óhóflega þann rétt, sem þeim ber, þá sýnist það vera fjarri lagi að vera að veita hverjum útlending, sem dvelst hér nokkur ár, sama rétt.

Reynslan hefir og stundum orðið sú, að þeir, sem ríkisborgararétt hafa fengið, hafa látið það vera fyrsta verk sitt að fara héðan alfarið til Danmerkur. Er þar dæmi af ungverskum hljómlistarmanni, sem hafði viljað ílendast í Danmörku en ekki fengið, því að hann brá sér hingað, var hér nokkur ár, fékk viðstöðulaust íslenzkan borgararétt, og fór þá þegar til Danmerkur og vinnur þar nú fyrir sér með hljóðfæraslætti. Þessi maður hefir með hinum íslenzka ríkisborgararétti fengið jafnrétti við Dani í Danmörku, og hið íslenzka Alþingi hefir því veitt honum það landsvistarleyfi þar í landi, sem dönsk yfirvöld höfðu synjað um. Þetta er auðvitað ekki vísvitandi gert, en ætti þó ekki að koma fyrir.

Hér á landi er, eins og annarsstaðar, kvartað sáran undan atvinnuleysi, en flestir þeirra erlendu manna, sem fá hér ríkisborgararétt, kunna ekki nein önnur vinnubrögð en hinir íslenzku landsmenn, og þeir verða að hafa ofan af fyrir sér með störfum, sem hinir innbornu þegnar eins vel sjálfir geta unnið. Það er alveg ástæðulaust að auka atvinnuleysi innfæddra manna með því að löghelga það, að erlendir menn megi taka vinnuna undan þeim. Það þyrfti yfir höfuð að takmarka það, að erlendir menn gætu komið hingað og fengið sér vinnu, en það er blátt áfram einkennilegt, hvað landsmenn sjálfir eru fiknir í að veita erlendum mönnum vinnu við almenn og óbrotin störf. Þess eru jafnvel dæmi, að erlendur maður sé hér mjólkurpóstur, sem kallað er, og virðist það vera meira en

óþarfi, að sækja slíka verkamenn til annara landa, ekki sízt þar sem það er alkunnugt, að önnur lönd veita ekki Íslendingum samskonar friðindi.

Það eru nú pólitískir óróatímar um alla álfuna, og sérstaklega gætir þess á meginlandinu. Fjöldamargir óróaseggir flýja sín eigin lönd undan ríkisvaldi og lögreglu og setjast að í öðrum löndum og róa þaðan undir pólitískum óeirðum í heimalandi sínu. Þess eru mörg dæmi, að hlotizt hafi af þessu stórslys og illvirki. Er þar skemmst á að minnast morðið á Alexander konungi Júgóslava. Allar þjóðir hafa hinar nákvæmustu gætur á því, að slíkt fólk slæðist ekki inn í landið eða að því hlotnist þar engin réttindi, því að ósjálfrátt verður þeirri þjóð, er slíka menn hýsir, kennt um hlutdeild í eða meðvitund um þau endemi, sem af þeim hljótast. Svo varð þegar Franz Ferdinand, ríkiserfingi Austurríkis, var myrtur í Sarajewo 1914, og hlauzt heimsstyrjöldin af, og það lá við svipuðum vandræðum, er Alexander konungur var myrtur um daginn. Smáríki eins og Íslandi gæti slíkt orðið beinlínis hættulegt fyrir sjálfstæðið. Það er og enginn vinningur að því fyrir löndin sjálf, að fá inn menn, sem tilheyra pólitískum óaldarflokkum, því að þeir geta hæglega stofnað til samskonar flokka í löndum þeim, sem við þeim taka. Það þarf því bæði að hafa vakandi auga á því, hverjum er hleypt inn í löndin, og þó sérstaklega á því, hverjum veittur er ríkisborgararéttur. Eins og hér er ógætilega að farið og hverjum sem vill hleypt inn í landið og inn í þegnhringinn, má það heita mesta furða, að slíkir flóttamenn skuli ekki enn vera búnir að koma auga á landið og farnir að reka skaðræðisstarfsemi sína héðan. Því hægara er þó að byrgja brunninn, sem þetta mun ekki hafa orðið hér enn. Hinsvegar sýnir þetta glögglega, að meiri varkárni verður að hafa í veitingu ríkisborgararéttar hér en hingað til hefir verið, og má þá ekki minna vera en að í þeim efnum sé hafður sami vari og hafður er í öðrum löndum, og að því miðar þetta frumvarp.

Yfir höfuð á ekki að veita ríkisborgararétt nema í brýnustu og réttlætanlegustu þörf umsækjanda, en það á ekki að gera það af rælni eða almennri tillátssemi.

Hlýða þykir, að afgreiðslu þess frumvarps um veitingu ríkisborgararéttar, sem nú liggur fyrir þinginu, verði frestað, unz séð er, hvernig þessu frumvarpi reiðir af.

## Nd. 461. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á saltfiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það sé samþykkt með eftirfarandi breytingu.

Þrír nefndarmenn (FJ, BJ, PÞ) áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. við frv., í samræmi við frv. til laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um till., er fram kunna að koma um að breyta verðjöfnunargjaldinu í hundraðsgjald.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 2. gr. Á eftir 2. gr. komi ný gr., 3. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal skipa sjóðnum 9 manna stjórn, þannig: Atvinnumálaráðherra skipar 1 mann, og er hann formaður sjóðstjórnarinnar. Hinir stjórnarmennirnir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þeirra fjögurra þingflokka, sem nú skipa Alþingi, þannig, að hver þingflokkur tilnefnir 2 menn. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarmanna og starfstíma þeirra og setur reglugerð um starfsemi þeirra.

Greinatalan breytist samkv. atkvgr.

Alþingi, 15. nóv. 1934.

Finnur Jónsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr., frsm. Sigurður Kristjánsson.

Páll Þorbjörnsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

## Nd. 462. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á saltfiski.

Frá Bergi Jónssyni, Finni Jónssyni og Páli Þorbjörnssyni.

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsgr. og upphaf 2. málsgr. („Nú er beitt ... og skal þá") falli niður, og orðist upphaf greinarinnar svo:
      Meðan innflutningur á saltfiski er takmarkaður til eins eða fleiri markaðslanda, skal.
   b. Orðin „stjórn sjóðsins," í 3. málsgr. falli burt.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um markaðs- og verðjöfnunarsjóð.

## Nd. 463. Nefndarálit

um frv. til laga um mat á fiskúrgangi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. nóv. 1934.

Finnur Jónsson, form. Páll Þorbjörnsson, frsm. Bergur Jónsson, fundaskr.

Sigurður Kristjánsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

## Nd. 464. Nefndarálit

um frumv. til l. um bæjargjöld á Akureyri.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarp þetta verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Í stað „1937“ í 3. grein komi: 1935.

Alþingi, 15. nóv. 1934.

| Sigf. Jónsson, form. | Jakob Möller, fundaskr., frsm. | Ólafur Thors. | Ásgeir Ásgeirsson. |
|---|---|---|---|

## Nd. 465. Breytingartillögur

við frv. til l. um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „efni í tunnur“ komi: og kassa.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um tollundanþágu fyrir tunnu- og kassaefni og hamp.

## Sþ. 466. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um skipun lögfræðinganefndar til þess að undirbúa endurbætur á réttarfarslöggjöfinni.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Aftan við fyrri málsgr. tillögugr. komi: og þá jafnframt á löggjöfinni um landsdóm.

## Nd. 467. Breytingartillögur

við frumv. til l. um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Aftan við 1. gr. bætist: einnig trjáplöntur.
2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:
   Frumvarp til laga um tollundanþágu fyrir tunnuefni og fleira.

## Nd. 468. Breytingartillaga

við frv. til áfengislaga.

Frá Jakob Möller.

Við 2. gr. Síðari málsgrein falli niður.

## Ed. 469. Frumvarp

til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið. Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina.

Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að tryggja, að íslenzkar afurðir, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri og að hann renni til bankanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi flytja til landsins, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar. Ennfremur, að engan erlendan gjaldeyri megi láta af hendi, nema með leyfi nefndarinnar, og sé gjaldeyrinum úthlutað eftir reglum, samþykktum af bönkum þeim, sem fulltrúa eiga í gjaldeyrisnefnd. Leyfi þarf þó eigi til þess að inna af hendi erlendar greiðslur af lánum ríkissjóðs og lánum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eða fyrir greiðslum erlendis í þarfir bankanna.

3. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem fjármálaráðherra skipar. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu bankastjóra Landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu bankastjóra Útvegsbanka Íslands h/f og þrír af fjármálaráðherra án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast um lengri tíma, skipar fjármálaráðherra varamann um stundarsakir eftir sömu reglum og aðalmenn eru skipaðir.

4. gr.

Fjármálaráðherra setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum. Heimilt er að veita nefndinni með reglugerð vald til þess að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og tollstjórinn í Reykjavík skulu láta gjaldeyris- og innflutningsnefnd í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt sem skip það, er vörurnar flytur, leggur frá landi. Ennfremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta nefndinni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan; skal skýrslan vera í því formi, er nefndin ákveður í samráði við hagstofustjóra.

6. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50000.00, nema þyngri refsing liggi við. Sömu hegningu varðar það, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði, er gjaldeyris- og innflutningsnefnd kann að hafa sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingum. Ennfremur er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á lögum þessum, reglugerðum og auglýsingum eða skilyrðum gjaldeyris- og innflutningsnefndar fyrir leyfisveitingum.

7. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum, reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum er numin úr gildi 3.—6. gr. laga nr. 18 4. júní 1924 og lög nr. 1 8. marz 1920.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 470. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjármálaráðherra.

Við 10. gr. Aftan við síðustu málsgrein greinarinnar bætist: Frádráttarbær kostnaður við heimilisstjórn má þó ekki fara fram úr lögleyfðum frádrætti vegna eiginkonu, samkv. 12. gr.

## Ed. 471. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 217 [Þungunarvarnir og fóstureyðingar].

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Við 1. brtt. Orðin „eða gera á honum viðeigandi aðgerð, ef hann óskar," í 2. efnismálsgr. falli burt.

## Nd. 472. Breytingartillaga

við frv. til áfengislaga.

Frá Héðni Valdimarssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Við 12. gr. Annar málsl. fyrri málsgr. orðist svo:
Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni:

a. að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni næsta virkan dag,
b. að lögreglustjórum skuli heimilt að loka útsölu eða veitingastað fyrirvaralaust um einn eða fleiri daga, þegar þeim virðist ástæða til,
c. að sölulaun áfengis í útsölum og veitingastað megi aldrei fara fram úr ákveðnu hundraðsgjaldi, mismunandi fyrir útsölur og veitingastað,
d. að áfengisverzlun ríkisins og útsölustöðum hennar skuli óheimilt að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.

## Nd. 473. Breytingartillaga

við frv. til áfengislaga.

Flm.: Gísli Sveinsson, Guðbr. Ísberg.

Við 23. gr. Greinin orðist svo:
Leiki vafi á, hvort sakborningur samkv. þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal bæði dómara og sakborning heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn, sem læknir eða annar kunnáttumaður framkvæmir.

## Nd. 474. Breytingartillaga

við frv. til laga um, að prestlaunasjóður skuli felldur niður og um innheimtu prestsgjalda.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Að því leyti, sem hreppstjórar kunna að innheimta prestsgjöld í umboði sýslumanns, skulu innheimtulaun samkvæmt 1. málsgr. renna til þeirra.

**Ed.** **475. Frumvarp**

til laga um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Hver sá opinber embættis- eða starfsmaður í þjónustu ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða stofnana, sem þau ráða yfir eða eiga, hvort sem hann er skipaður af konungi eða ráðherra eða öðrum löglegum aðila, eða þó hann sé fastráðinn, skal leystur frá embætti sínu eða starfi sínu af sama aðila, er veitti honum það eða réði hann til þess, þegar hann er orðinn fullra 65 ára.

Heimilt er þó, að þeir opinberir embættis- og starfsmenn, sem þykja til þess nógu ernir til líkams og sálar, séu látnir halda störfum sínum þar til þeir eru fullra 70 ára, en enginn má vera í opinberu embætti eða stöðu, sem eldri er.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til ráðherra, alþingismanna og annara opinberra fulltrúa, sem kosnir eru almennri kosningu.

2. gr.

Þegar opinberum starfsmönnum er veitt lausn frá störfum sínum samkv. 1. gr., skal miða lausnina við 1. dag næsta mánaðar eftir að þeir urðu 65 eða 70 ára.

Hafi opinber starfsmaður ekki verið leystur frá embætti sínu eða stöðu, er hann varð 65 ára, getur hann orðið leystur frá stöðunni hvenær sem er á tímabilinu þar til hann er 70 ára og verður að láta af störfum skilmálalaust.

3. gr.

Þeir opinberir embættis- og starfsmenn, sem eru orðnir 70 ára er lög þessi öðlast gildi, skulu víkja úr stöðum sínum 1. janúar 1935, eða gangi lögin síðar í gildi, þá 1. dag næsta mánaðar eftir að lögin öðlast gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilmælum dómsmálaráðherra. Flutningsmenn hafa óbundna aðstöðu til breytinga. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Það er alkunnugt, að þegar menn eru búnir að ná vissum aldri, hætta menn að þroskast og standa þá í stað andlega og líkamlega um skeið, og eru menn þá taldir vera á manndómsárunum. Úr því verða hvorki andlegar né líkamlegar breytingar á mönnum, nema afturför ein. Það er staðreynd, að afturförin gerir vart við sig hjá flestum úr því að þeir eru orðnir 60 ára, enda þótt hjá sumum sé fyrr, en að allmikil brögð séu orðin að henni hjá allflestum þegar þeir eru orðnir 65 ára, enda þótt margar undantekningar geti verið frá því. Jafnframt

er það staðreynd, að mönnum, sem farið er að förlast andlega, er það sjaldnast ljóst sjálfum, sérstaklega ef þeir eru ernir að líkamsburðum, og hafa slíkir menn það til að sitja í embættum sínum löngu eftir að þeir eru orðnir ófærir um að anna þeim. Verða þeir því embættisrekstrinum og jafnframt heilsu sinni til skaða. Hefir það því orðið svo, að flestum þjóðum hefir þótt það hentugt að ákveða aldurshámark opinberra starfsmanna, og er nokkuð sitt á hvað, hve hátt það hefir verið sett í hinum ýmsu löndum, en víðast hvar er hámarkið ýmist 65 eða 70 ár, en hvergi hærra en 70. Svo er t. d. aldurshámarkið í Danmörku 70 ár.

Það mun víst, að langfæstir þeirra manna, sem hafa náð 70 ára aldri, séu fullernir til þess að annast opinber störf, en þeir á þeim aldri, sem fullfærir geta talizt til þess, svo fáir, að ekki sé rétt að miða almenna reglu við þá. Hefir hið endanlega hámark því í frumvarpinu verið sett 70 ár.

Það þykir ekki rétt að níðast á opinberum starfsmönnum, sem komnir eru svo til ára sinna, með því að láta þá sitja lengur að starfi, heldur þykir rétt að unna þeim rólegs og amsturslauss æfikvölds. Þá virðist jafnframt rétt að veita embættismönnum, sem ekki eru færir um embættisrekstur, enda þótt ekki séu nema 65 ára, sömu hlunnindi og jafnframt sjá störfum þeirra betur borgið. Er það því lagt til í frumvarpinu, að leysa skuli alla opinbera starfsmenn frá stöðum sínum, er þeir hafa náð þessum aldri, enda virðist það hafa stoð í 57. gr. stjórnarskrárinnar. En til þess, að ekki séu fyrir ár fram vannýttir nothæfir starfskraftar, er gert ráð fyrir, að megi láta þá menn, er til þess hafi burði, halda stöðum sínum fram til 70 ára, en þá sé öllum skilmálalaust veitt makleg hvíld.

Sjálfsagt þótti að undanþiggja þá menn, sem kosnir eru almennum kosningum um ákveðin kjörtímabil, því að ráð þeirra hafa kjósendur að staðaldri í hendi, og sama er að segja um ráðherra, því ekki þykir sennilegt, að Alþingi muni líða þann ráðherra í stjórnarsessi, sem fyrir aldurs sakir væri kominn að fótum fram.

Sú stjórn, sem nú fer með völdin í landinu, er um sína tíð fastráðin í því að fara eftir þessum reglum, en þykja þær hinsvegar svo sjálfsagðar, að ekki sé rétt að láta það vera komið undir geðþótta ríkisstjórna fyrr og síðar, hvort þeim sé beitt, og vill hún því láta lögfesta þær.

## Ed. 476. Nefndarálit

um frv. til laga um fiskimatsstjóra.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Minni hl. (JAJ) vill engar breytingar gera á frv., en meiri hl. vill gera þá breytingu, að heimilt sé að fela fiskifulltrúanum á Spáni yfirstjórn fiskimatsins.

Í greinargerð flutningsmanna fyrir frv. er það réttilega tekið fram, að skilyrði fyrir góðu fiskimati sé „haldgóð þekking á kröfum neytenda fiskjarins og að sú þekking sé lögð til grundvallar fyrir matinu“. Meiri hl. litur svo á, að fiskifulltrúinn á Spáni hafi allra manna bezta aðstöðu til þess að afla sér slíkrar þekkingar á hverjum tíma. Hinsvegar er meiri hl. ekki kunnugt um, að nú sem stendur sé völ á öðrum manni, sem hafi staðgóða þekkingu á kröfum neytendanna. Yrði því hinn nýi matsstjóri að afla sér hennar í neyzlulöndunum, áður en hann gæti til fullnustu tekið við starfinu, og þá að miklu leyti með aðstoð fiskifulltrúans. Mun það kosta allmikinn tíma og tefja fyrir árangri, sem vænta má, að náist með þeirri skipun, er frv. gerir ráð fyrir. Þá þykir meiri hl. og rétt að setja ákvæði í frv. um það, að matsstjóri megi ekki vera þátttakandi í fiskverzlun, útgerð eða fiskverkun. Leggur meiri hl. nefndarinnar því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrsta málsgr. orðist svo:
      Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa matsstjóra, er hafi á hendi yfirstjórn fiskimats á landinu, eða að fela fiskifulltrúa Íslands á Spáni yfirstjórn fiskimatsins, enda dvelji fiskifulltrúinn þá svo lengi hér á landi á ári hverju sem nauðsyn þykir til fundarhalda með fiskimatsmönnum og eftirlitsferða. Nú verður fiskifulltrúanum falin matsstjórnin, og greiðist þá aukakostnaður hans vegna þess starfs úr ríkissjóði, sbr. 3. gr.
   b. Í stað síðustu málsgr. komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:
      Atvinnumálaráðherra setur reglur um fiskimat, að fengnum tillögum matsstjóra og yfirfiskimatsmanna. Matsstjóri sker úr öllum ágreiningi um fiskimat, en í forföllum hans yfirfiskimatsmaðurinn í Suðurlandsumdæminu.
      Matsstjóri má ekki reka eða vera hluthafi í neinskonar fiskverzlun, fiskverkun eða útgerð.
2. Við 3. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Ef sérstakur matsstjóri er skipaður, skal hann hafa 8000 kr. í árslaun. Launin greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 15. nóv. 1934.

| | |
|---|---|
| Ingvar Pálmason, form., frsm. | Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. |

## Nd. 477. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 421 (Tekju- og eignarskattur).

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. lið. Í stað „4%“ komi: 2%.

## Nd. 478. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 441 (Tekju- og eignarskattur).

Frá Thor Thors.

Orðin „enda sé hún“ o. s. frv. til enda málsgr. falli niður.

## Nd. 479. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. nóv. 1919 og á lögum nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flm.: Þorbergur Þorleifsson.

Á eftir „að Arnhólsstöðum“ í 5. efnismálsgr. bætist:

a. Lína frá Hólum í Hornafirði um Bjarnanes og Hoffell að Svínafelli.
b. Lína frá Brunnhól í Hornafirði að Flatey.
c. Lína frá Hólum í Hornafirði að Syðra-Firði, með hliðarálmum að Horni og Efra-Firði.

## Ed. 480. Nefndarálit

um frv. til laga um gengisviðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með frumv. Einn nefndarmanna (MJ) hefir þó þann fyrirvara, að hann vill ekki fella niður gengisviðauka á kaffi og sykurtolli, og mun hann bera fram breytingartillögu um það.

Alþingi, 16. nóv. 1934.

| Jón Baldvinsson, form. | Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. | Magnús Jónsson, með fyrirvara. |
|---|---|---|

## Ed. 481. Breytingartillaga

við frv. til laga um gengisviðauka.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. Á eftir „sódavatni“ kemur: kaffi, brenndu og óbrenndu, sykri og sírópi.

## Ed. 482. Nefndarálit

um frumvarp til laga um ríkisgjaldanefnd.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Mál þetta hefir verið talsvert rætt í nefndinni, og leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. nóv. 1934.

Magnús Jónsson.

## Ed. 483. Nefndarálit

um frv. til laga um vinnumiðlun.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. En minni hl. (PM) mun skila sérstöku áliti.

Alþingi, 16. nóv. 1934.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.

Ingvar Pálmason, fundaskr.

## Nd. 484. Breytingartillögur

við frv. til laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Flm.: Gísli Sveinsson, Jón Ólafsson.

1. Við 2. gr. Á eftir „Póstmálastjórnin hefir með höndum“ komi: í samráði við vegamálastjórnina.
2. Við 6. gr. Í stað orðanna „með samþykki — í 3. gr.“ komi: ef nefnd sú, er ræðir um í 3. gr., samþykkir einróma.
3. Við 8. gr. Framan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.
4. Við 10. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Félög og einstaklingar, sem haldið hafa uppi föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum áður en lögin gengu í gildi, ganga fyrir að öðru jöfnu við veitingu sérleyfis á sömu leiðum.

## Ed. 485. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. lítur svo á, að ríkissjóður megi ekki missa þær tekjur, er hann hefir haft undanfarið af skemmtanaskattinum og því 80% álagi á hann, sem gilt hefir frá miðju ári 1933. Meiri hl. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. nóv. 1934.

| | |
|---|---|
| Jón Baldvinsson, form. | Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. |

## Ed. 486. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn leggur til, að frumvarp þetta verði fellt.

Alþingi, 16. nóv. 1934.

Magnús Jónsson.

## Nd. 487. Lög

um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

(Afgreidd frá Nd. 16. nóv.).

Samhljóða þskj. 394.

## Ed. 488. Nefndarálit

um frv. til l. um fiskimatsstjóra.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Minni hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en meiri hl. mun bera fram efnisbreytingar.

Því er ekki að leyna, að Spánverjar hafa borið fram alvarlegar kvartanir yfir fiskimatinu, bæði í fyrra og nú fyrir nokkru, og hygg ég, að ríkisstjórnin hafi friðað þessar óánægjuraddir með því að tjá viðkomendum, að fyrir þinginu lægi frv. um sérstakan fiskimatsstjóra. Er þess vænzt, að þeir, sem óánægðir eru yfir fiskimatinu nú, bíði með frekari kröfur þar til þeir sjá, hvað vinnst til tryggingar matinu með hinni nýju skipun. En því aðeins verður takmarkinu náð, því, að umbæta fiskimatið, að gert sé það, sem hægt er til þess að tryggja samræmi í matinu, en það telur minni hl. nefndarinnar að náist því aðeins, að einn maður, sem ekki hefir annað fast starf með höndum, annist þetta nauðsynlega starf.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. nóv. 1934.

Jón Auðunn Jónsson.

## Nd. 489. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 473 [Áfengislög].

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Orðin „eða annar kunnáttumaður“ falli niður.

## Nd. 490. Breytingartillaga

um heimild handa skipulagsnefnd atvinnumála til þess að krefjast skýrslna o. fl.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: enda sé þá þingflokki sjálfstæðismanna gefinn kostur á að tilnefna tvo menn í nefndina.

## Ed. 491. Breytingartillögur

við frv. til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá Magnúsi Jónssyni.

I. Við 2. gr.
   a. Orðin „að engar ... Ennfremur," í 1. og 2. málslið falla niður.
   b. Í stað „nefndarinnar" í 2. málslið kemur: gjaldeyrisnefndar.
   c. Í stað „gjaldeyrisnefnd" í 2. málslið kemur: nefndin.

II. Við 3. gr.
   a. Í stað „Gjaldeyris- og innflutningsnefnd" kemur: Gjaldeyrisnefnd.
   b. Í stað „fimm" í 1. málslið kemur: þrem.
   c. Í stað orðanna „þrír af ... nefndarinnar" í 2. málslið kemur: einn af fjármálaráðherra án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

III. Við 5. gr. Í stað „gjaldeyris- og innflutningsnefnd" kemur: gjaldeyrisnefnd.

IV. Við 6. gr. Í stað „gjaldeyris- og innflutningsnefnd" kemur: gjaldeyrisnefnd — og í stað „gjaldeyris- og innflutningsnefndar" kemur: gjaldeyrisnefndar.

V. Við fyrirsögn. Niður fellur: „o. fl."

## Ed. 492. Breytingartillaga

við frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 11. gr. Við greinina bætist ný málsgrein:

Mjólkursölunefnd getur undanþegið ákvæðum laga þessara um gerilsneyðing og sölu þá mjólk, sem sjúkrahús, elliheimili, barnaheimili og aðrar hliðstæðar stofnanir nota til sinna þarfa, svo og mjólk og rjóma, sem brauðgerðarhús nota til iðnar sinnar.

**Ed.** **493. Frumvarp**

til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

## I. KAFLI

*Um tekjuskatt.*

### 1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum, enda hafi hann verið heimilisfastur hér a. m. k. 6 mánuði af skattárinu.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

### 2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér fasteignir og hefir tekjur af þeim, eða af atvinnu, eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenzkum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hér á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfé í öðrum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, er þeir fá fyrir slík störf.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annara ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti þeirra erlendra og íslenzkra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

### 3. gr.

Tekjuskatt greiða ennfremur:

a. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.
b. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnufélög.

c. Önnur félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 3 félagar í verzlunarfélagi eða öðru atvinnufélagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern einstakan félaga, ef ósk kemur fram um það frá félaginu, um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks félaga.

Slík félög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu, samskonar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um skattskyldu þeirra, sem erlendis eru búsettir.

4. gr.

Undanþegið öllum tekjuskatti er konungur og borðfé hans og ættmanna hans, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög og fyrirtæki, er þau reka, og sjóðir þeirra, íslenzkir kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og ennfremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar og sendikonsúlar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða alþjóðlegri stofnun innlendri, eigi hér fasteignir eða hafi tekjur af þeim, reki atvinnu eða eigi hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hér á landi.

6. gr.

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| af | 1000 | til | 2000 | kr. | greiðist | | | 10 | kr. | af | 1000 | kr. | og | 2 | % | af | afgangi |
| — | 2000 | — | 3000 | — | — | | | 30 | — | — | 2000 | — | — | 4 | — | — | — |
| — | 3000 | — | 4000 | — | — | | | 70 | — | — | 3000 | — | — | 7 | — | — | — |
| — | 4000 | — | 5000 | — | — | | | 140 | — | — | 4000 | — | — | 9 | — | — | — |
| — | 5000 | — | 6000 | — | — | | | 230 | — | — | 5000 | — | — | 11 | — | — | — |
| — | 6000 | — | 7000 | — | — | | | 340 | — | — | 6000 | — | — | 12 | — | — | — |
| — | 7000 | — | 8000 | — | — | | | 460 | — | — | 7000 | — | — | 13 | — | — | — |
| — | 8000 | — | 9000 | — | — | | | 590 | — | — | 8000 | — | — | 14 | — | — | — |
| — | 9000 | — | 10000 | — | — | | | 730 | — | — | 9000 | — | — | 15 | — | — | — |
| — | 10000 | — | 11000 | — | — | | | 880 | — | — | 10000 | — | — | 16 | — | — | — |
| — | 11000 | — | 12000 | — | — | | | 1040 | — | — | 11000 | — | — | 17 | — | — | — |

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| af | 12000 | til | 13000 | kr. | greiðist | 1210 | kr. | af | 12000 | kr. | og | 18 % af afgangi |
| — | 13000 | — | 14000 | — | — | 1390 | — | — | 13000 | — | — | 19 — — — |
| — | 14000 | — | 15000 | — | — | 1580 | — | — | 14000 | — | — | 20 — — — |
| — | 15000 | — | 16000 | — | — | 1780 | — | — | 15000 | — | — | 21 — — — |
| — | 16000 | — | 17000 | — | — | 1990 | — | — | 16000 | — | — | 22 — — — |
| — | 17000 | — | 18000 | — | — | 2210 | — | — | 17000 | — | — | 23 — — — |
| — | 18000 | — | 19000 | — | — | 2440 | — | — | 18000 | — | — | 24 — — — |
| — | 19000 | — | 20000 | — | — | 2680 | — | — | 19000 | — | — | 25 — — — |
| — | 20000 | — | 22000 | — | — | 2930 | — | — | 20000 | — | — | 27 — — — |
| — | 22000 | — | 25000 | — | — | 3470 | — | — | 22000 | — | — | 29 — — — |
| — | 25000 | — | 28000 | — | — | 4340 | — | — | 25000 | — | — | 31 — — — |
| — | 28000 | — | 33000 | — | — | 5270 | — | — | 28000 | — | — | 33 — — — |
| — | 33000 | — | 38000 | — | — | 6920 | — | — | 33000 | — | — | 35 — — — |
| — | 38000 | — | 44000 | — | — | 8670 | — | — | 38000 | — | — | 37 — — — |
| — | 44000 | — | 50000 | — | — | 10890 | — | — | 44000 | — | — | 38,5— — — |
| — | 50000 | og | þar yfir | | — | 13200 | — | — | 50000 | — | — | 40 — — — |

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr., greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 8%.

7. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, ennfremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmennta, eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.

b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 10. gr. c.); ennfremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og styrktarfé. Til skattskyldra gjafa telst m. a.: Gjafir eða hlunnindi, sem sýnilega eru gefin sem kaupauki, beinar gjafir í peningum eða öðrum skattskyldum verðmætum, sem nokkru verulegu nemur, þar með talin afhending slíkra eigna í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, sbr. 9. gr. b. Komi endurgjald fyrir þessar eignir að einhverju leyti, skal meta til tekna mismuninn á því endurgjaldi og áætluðu matsverði hinnar gefnu eignar. Undanskildar skulu þó tækifærisgjafir, nema arðberandi eignir séu gefnar.

c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum,

leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigandi notar sjálfur eða lætur öðrum í té til afnota án endurgjalds; ennfremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.

d. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt bréf sé eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annari arðberandi innstæðu. Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðsútborgunar úthlutuð fríhlutabréf og úthlutanir við félagsslit, umfram upphaflegt hlutafjárframlag, og sérhver önnur afhending verðmæta til hlufhafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Arð hlutafélags af eign í eigin hlutabréfum skal reikna á sama hátt og af bréfum einstakra hluthafa.

Til arðs af verðbréfum (t. d. skuldabréfum og víxlum) teljast afföll af slíkum bréfum, en heimilt er að telja afföllin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborgunartímans.

e. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina, eða öðlazt hana á annan hátt, í því skyni að selja hana aftur með ágóða og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.

f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku, nema skattfrjálst sé samkvæmt sérstökum lögum.

Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefir myndazt krafa á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.

8. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem um ræðir í 3. gr., teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til eignaaukningar, yfirfærslu til næsta árs, óvenjulegra fyrninga og safnað er í tryggingarsjóði, aðra en varasjóð, heldur og þær tekjur, sem varið er til þess að greiða hluthöfum og félagsmönnum arð eða vexti af innborguðu fé og til myndunar eða aukningar varasjóða, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir.

Skattskyldar tekjur vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og iðgjaldateknanna af allri starfsemi þess.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra vátryggingarfélaga til þess að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til þess að inna af hendi skyldur sínar gagnvart vátryggðum.

Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, samkv. l. nr. 36 27. júní 1921, í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu, og ennfremur vexti af stofnsjóði, og telst það eigi til skattskyldra

tekna hjá félaginu. Á sama hátt mega slík félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau þannig úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts sem tekjur hinna einstöku félagsmanna. Ennfremur skal draga frá tekjum samvinnufélaga helming af varasjóðstillagi því, sem ákveðið er í 24. gr. laga nr. 36 27. júní 1921.

Ef kaupfélag selur einnig öðrum vörur en félagsmönnum sínum, er allur arðurinn af slíkri sölu skattskyldar tekjur hjá félaginu. Geti félagið ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur.

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a., mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé. Ef nokkuð af ársarðinum er lagt í varasjóð, þá er helmingur þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Ef nokkur upphæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla félagsins, skal telja 3/5 þeirrar fjárhæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna félagsins á því ári. Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

9. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði, — hinsvegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði, — ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbréfum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða hún falli undir ákvæði í 7. gr. e. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
b. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, örorkubóta eða þess háttar.
c. Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda, sem sannazt hefir um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir. Eftirgjöf skulda telst þó til tekna, ef eftirgjöfin kemur fram sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi.
d. Endurgreiðsla, er skattgreiðandi fær er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

10. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það,

sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Sömu reglu um fyrningu skal fylgja frá ári til árs. Nánari ákvæði um hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og er þar heimilt að ákveða til frádráttar vegna fyrningar og viðhalds fasteigna vissa hlutfallstölu (prósentu) af fasteigna- eða brunabótaverði þeirra. Til rekstrarkostnaðar telst ennfremur launauppbót greidd starfsmönnum og verkamönnum, hvort sem hún er goldin í reiðufé eða hlutabréfum.

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann sjálfur hefir lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé. Og ekki má færa til gjalda greiðslu fyrir einkaleyfi eða verzlunarleyfi.

b. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og séu færðar fullnægjandi sönnur fyrir tapinu. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er sannreynt þykir, að hún er töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.

Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja á milli ára um tvenn áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð, og ekki sé úthlutað arði til hluthafa á því tímabili, fyrr en félagið hefir unnið upp tapið.

c. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefir haft í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættum hvíla.

d. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Ennfremur skal draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald en 500 krónur.

e. Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærri en sem svarar 2% af hreinum tekjum aðila.

f. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem ræðir um í staflið a. Þó má ekki færa til gjalda dráttarvexti af sköttum eða útsvörum, vexti af skuldum stofnuðum vegna húsbygginga, sem áfallnir eru áður en húsin eru tekin í notkun. Afföll af keyptum verðbréfum skala færa til gjalda skv. reglunum í 7. gr. d.-lið, síðustu málsgr.

g. Aukaútsvör, tekjuskatt og eignarskatt, sem greitt hefir verið á árinu.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi (sbr. 2. gr. og 3. málsgr. 3.

gr.), má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé eða heimilisstjórnar (kaup ráðskonu), til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er. Frádráttarbær kostnaður við heimilisstjórn má þó ekki fara fram úr lögleyfðum frádrætti vegna eiginkonu, samkvæmt 12. gr.

11. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu. Rétt er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign hennar eða sératvinnu.

Tekjur barna, sem í foreldrahúsum eru (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn), skal telja sérstaklega til skattgjalds.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

12. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 10. gr., skal draga sem hér segir.

a. Fyrir einstakling í Reykjavík 800 kr., í kaupstöðum og kauptúnum (með yfir 300 íbúa) 700 kr., annarsstaðar á landinu 600 kr.
b. Fyrir hjón í Reykjavík 1500 kr., í kaupstöðum og kauptúnum (með yfir 300 íbúa) 1400 kr., annarsstaðar á landinu 1200 kr.
c. Fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt: 500 kr. fyrir hvert barn. Sama er um foreldri, systkini, ættingja og vandamenn, sem skattgreiðandi hefir á framfæri sínu. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur 500 kr. eða meiru.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar.

Að loknum frádrætti samkv. þessari grein skal sleppa því, sem afgangs verður þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og miðast hann við skattgjaldið samkv. 6. gr.

Ef tekjurnar eftir allan löglegan frádrátt nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

13. gr.

Skattinn skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila, eða hann sýni, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattanefnd þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

## II. KAFLI

*Um eignarskatt.*

14. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir: Ef eignin er yfir 5000 krónur, en undir 10000 krónum, greiðist af henni 1‰,

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| af | 10000 | til | 20000 | kr. | greiðist | 10 | kr. | af | 10000 | og |
| — | 20000 | — | 30000 | — | — | 25 | — | — | 20000 | — |
| — | 30000 | — | 40000 | — | — | 45 | — | — | 30000 | — |
| — | 40000 | — | 50000 | — | — | 75 | — | — | 40000 | — |
| — | 50000 | — | 75000 | — | — | 115 | — | — | 50000 | — |
| — | 75000 | — | 100000 | — | — | 240 | — | — | 75000 | — |
| — | 100000 | — | 250000 | — | — | 390 | — | — | 100000 | — |
| — | 250000 | — | 500000 | — | — | 1440 | — | — | 250000 | — |
| — | 500000 | — | 1000000 | — | — | 3440 | — | — | 500000 | — |
| — | 1000000 | og | þar yfir | | — | 7940 | — | — | 1000000 | — |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1,5‰ | af | afgangi | | | |
| 2 | — | — | — | | |
| 3 | — | — | — | | |
| 4 | — | — | — | | |
| 5 | — | — | — | | |
| 6 | — | — | — | | |
| 7 | — | — | — | | |
| 8 | — | — | — | | |
| 9 | — | — | — | | |
| 10 | — | — | — | | |

Af eign, sem ekki nemur yfir 5000 krónum, greiðist enginn skattur.

15. gr.

10. — 10. — I. 5. Nýr liður:
   Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga ..... 4000
11. — 10. — III. 4. (Sambandslaganefnd).
   Fyrir „4000“ kemur ..... 6000
12. — 11. — A. 1. b. (Hæstiréttur, annar kostnaður).
   a. Fyrir „10000“ kemur ..... 5000
   b. Athugasemdina skal orða svo:
   Núverandi ritari gegni ritarastörfum endurgjaldslaust meðan hann tekur fulltrúalaun.
13. — 11. — A. 9. (Landhelgisgæzla).
   Liðurinn orðist svo:
   Til landhelgisgæzlu ..... 350000
   Þar af til landhelgissjóðs 20000 kr.

14. Við 11. gr. A. 12. (Litla-Hraun). Við liðinn bætist aths.:
Forstöðumanni hælisins er heimilt, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að láta fangana vinna að jarðræktarframkvæmdum á landi ríkissjóðs á Reykjatorfu, þegar ekki er um arðbæra vinnu að ræða heima fyrir.
15. — 12. — 3. (Læknisvitjanastyrkur).
a. Fyrir „7550“ kemur ..... 7850
b. Á eftir tölulið 2 í aths. komi nýr liður:
Til Breiðavíkurhrepps 300 kr.
c. 8. liður í aths. orðist svo:
Til Klofnings- og Skarðshreppa og Fellsstrandarhrepps utan Kjarlaksstaðaár 300 kr.
16. — 12. — 10. (Fjörefnarannsóknir).
a. Liðurinn fellur burt.
b. Nýr liður:
Til utanferða héraðslækna ..... 3000
17. — 12. — 11. Nýr liður:
Til tveggja lækna eða læknakandidata til að nema geðveikrafræði erlendis ..... 3000
18. — 12. — 13. II. B. 1. (Starfslaun á Nýja Kleppi).
Fyrir „37500“ kemur ..... 32500
19. — 12. — 13. II. B. 5. (Lyf og sáraumbúðir).
Fyrir „4500“ kemur ..... 1500
20. — 12. — 13. II. B. 7. (Viðhald og áhöld).
Fyrir „12000“ kemur ..... 7000
21. — 12. — 17. c. (Læknisbústaðir og sjúkraskýli).
a. Fyrir „10000“ kemur ..... 20000
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af lokaveiting til sjúkraskýlis í Búðardal 1500 kr.
22. — 12. — 17. c. Nýr liður:
Styrkur til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða í Ögurhéraði, Reykhólahéraði og Grímsneshéraði, 1200 kr. til hvers ..... 3600
23. — 12. — 17. j. Nýr liður:
Til Rauðakross Íslands, til sjúkraskýlis sjómanna í Sandgerði ..... 3500
24. — 12. — 17. n. Nýr liður:
Til Páls Sigurðssonar fyrrv. héraðslæknis, biðlaun ..... 1800
25. — 13. — A. II. a. 2. Nýr liður:
Andakílsvegur ..... 5000
26. — 13. — A. II. a. 3. Nýr liður:
Vegur milli Ólafsvíkur og Fossár ..... 5000

27. Við 13. gr. A. II. a. 6. (Holtavörðuheiðarvegur).
a. Fyrir „60000“ kemur ..... 70000
b. Nýr liður:
Saurbæjarvegur ..... 5000
28. — 13. — A. II. a. 7. (Hrútafjarðarvegur).
a. Við bætist: við Hrútatungu.
b. Nýr liður:
Bitruvegur ..... 6000
29. — 13. — A. II. a. 8. Nýr liður:
Patreksfjarðarvegur áleiðis til Bíldudals ..... 6000
30. — 13. — A. II. a. 9. (Vatnsskarðsvegur).
Liðurinn fellur burt.
31. — 13. — A. II. a. 12. Nýr liður:
Siglufjarðarskarð ..... 15000
32. — 13. — A. II. a. 14. Nýr liður:
Kópaskersvegur ..... 3000
33. — 13. — A. II. a. 23. (Norðfjarðarvegur).
Fyrir „5000“ kemur ..... 20000
34. — 13. — A. II. a. 26. Nýr liður:
Suðursveitarvegur ..... 5000
35. — 13. — A. II. a. 29. Nýir liðir:
a. Landmannavegur ..... 3500
b. Gnúpverjahreppsvegur ..... 5000
36. — 13. — A. II. a. 30. (Lyngdalsheiði).
a. Liðurinn fellur burt.
b. Nýr liður:
Hrunamannahreppsvegur ..... 10000
c. Nýr liður:
Sogsvegur (samkv. l. um virkjun Sogsins) .... 50000
37. — 13. — A. IV. (Fjallvegir).
Fyrir „25000“ kemur ..... 30000
38. — 13. — A. VII. (Malbikun þjóðvega).
Liðurinn fellur niður.
39. — 13. — B. 1. b. (Eimskipafélag Íslands).
a. Fyrir „150000“ kemur ..... 200000
b. Við liðinn bætist aths.:
Enda haldi félagið uppi siglingum í sama horfi og áður og með eigi minni skipastól.
40. — 13. — C. VII. 2. (Hafnargerð á Húsavík).
Fyrir „20000“ kemur ..... 25000
41. — 13. — C. VII. 4. Nýr liður:
á Sauðárkróki ..... 25000
42. — 13. — C. VIII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
Fyrir „15000“ kemur ..... 35000

43. Við 13. gr. C. IX. Nýr liður:
Til sjóvarnargarðs á Flateyri ..... 2500
44. — 14. — A. a. 2. (Skrifstofukostn. biskups).
Fyrir „2000“ kemur ..... 3000
45. — 14. — A. b. 8. Nýr liður:
Til að endurreisa kirkju Brettingsstaðasóknar .... 1500
46. — 14. — B. XI. c. (Próf. lögg. endurskoðenda).
Fyrir „1300“ kemur ..... 500
47. — 14. — B. XII. 2. (Kvennaskólinn á Blönduósi).
Liðurinn orðast þannig:
a. Rekstrarstyrkur ..... 11000
b. Styrkur til fjósbyggingar ..... 1500
——— 12500
48. — 14. — B. XIII. (Utanfararstyrkur barnakennara).
a. Liðurinn orðist þannig:
Utanfararstyrkur barnakennara til að sækja norrænt kennaraþing, 200 kr. á mann, allt að .. 5000
b. Nýr liður:
Til fyrrverandi barnakennara, eftir tillögum fræðslumálastjóra ..... 2000
49. — 14. — B. XIV. 1. a. (Laun í Eiðaskóla).
a. Fyrir „9500“ kemur ..... 10200
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 700 kr. persónuleg launauppbót til núverandi skólastjóra.
50. — 14. — B. XIV. 4. Nýr liður:
Til Flensborgarskólans, byggingarstyrkur ..... 20000
51. — 14. — B. XIV. 7. Nýir liðir:
a. Utanfararstyrkur til kennara, annara en barnakennara ..... 3000
b. Til baðstofubyggingar við alþýðuskólann á Núpi 1000
52. — 14. — B. XV. 1. (Húsmæðradeild Laugaskóla).
Fyrir „5000“ kemur ..... 5500
53. — 14. — B. XV. 2. (Húsmæðraskólinn á Hallormsstað).
Fyrir „9000“ kemur ..... 9500
54. — 14. — B. XV. 3. (Ósk á Ísafirði).
Fyrir „4500“ kemur ..... 5000
55. — 14. — B. XV. 5. Nýr liður:
Til byggingar húsmæðraskóla á Laugalandi, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að ..... 15000
56. — 14. — B. XVII. (Blindravinafél. Ísl.).
a. Fyrir „3500“ kemur ..... 6500
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 3000 kr. til að annast kennslu blindra barna.

57. Við 14. gr. B. XXI. Liðurinn orðist svo:
Til Björns Jakobssonar á Laugarvatni, til íþróttakennslu og leikfimiprófs, samkv. l. nr. 24 1932 2400
58. — 15. — 1. d. (Landsbókasafnið, bókakaup).
Fyrir „12000“ kemur ..... 13000
59. — 15. — 7. d. Nýr liður:
Til bókasafns Neskaupstaðar ..... 800
60. — 15. — 13. Nýir liðir:
a. Til hins íslenzka fræðafélags, til að gefa út jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns .... 1000
b. Til Fornritaútgáfunnar ..... 4000
61. — 15. — 14. Nýir liðir:
a. Til Helga Guðmundssonar frá Austmannsdal, til að safna þjóðsögum á Vestfjörðum ..... 600
b. Til séra Jóns Thorarensens í Hruna, til þjóðsagnasöfnunar ..... 400
62. — 15. — 20. (Páll Ísólfsson).
a. Liðurinn orðast þannig:
Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur og guðfræðinemum háskólans ókeypis kennslu í orgelleik, tóni, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum ..... 2000
b. Nýr liður:
Til Magnúsar Guðnasonar, Suðurgötu 8 í Rvík 1000
63. — 15. — 21. (Samb. ísl. karlakóra).
Fyrir „1500“ kemur ..... 3000
64. — 15. — 23. (H. K. Laxness).
Liðurinn fellur burt.
65. — 15. — 24. (Jón Leifs).
a. Liðurinn fellur burt.
b. Nýr liður:
Til Þórarins Jónssonar tónskálds ..... 2000
66. — 15. — 25. (Þórbergur Þórðarson). Liðurinn orðast svo:
Til Þórbergs Þórðarsonar, til ritstarfa og orðasöfnunar úr alþýðumáli, enda sé safnið eign ríkisins ..... 2500
67. — 15. — 32. Nýr liður:
Til Hannesar Þorsteinssonar, til að semja æfisögur lærðra manna íslenzkra á síðari öldum, enda sé handritið eign ríkisins að honum látnum ..... 1600
68. — 15. — 34. (Frímann B. Arngrímsson).
Athugasemdin fellur burt.
69. — 15. — 36. b. (Einar Jónsson). Nýir liðir:
a. Til Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara .... 3000

b. Til Búnaðarbanka Íslands, önnur greiðsla vaxta og afborgana af viðlagasjóðslánum málaranna Ásgríms Jónssonar og Jóns Stefánssonar, með þeim skilyrðum, er segir í 54. lið 16. gr. fjárlaga 1934 ..... 3300

70. Við 16. gr. 2. b. (Búnaðarfél. Ísl.). Við aths. bætist ný málsgr.:
Félagið greiði laun garðyrkjustjóra Einars Helgasonar.

71. — 16. — 6. c. (Teiknistofa).
Liðurinn fellur burt.

72. — 16. — 9. (Tilbúinn áburður).
Fyrir „30000“ kemur ..... 45000

73. — 16. — 10. (Garðyrkjufél. Ísl.).
Liðurinn fellur burt.

74. — 16. — 12. Nýr liður:
Til Þykkbæinga, styrkur til að geta notað skurðgröfu við framræslu ..... 5000

75. — 16. — 13. a. (Laun dýralækna).
Fyrir „4“ kemur 5.

76. — 16. — 13. b. Nýr liður:
Til Guðmundar Andréssonar, til að stunda dýralækningar í Skagafirði og Austur-Húnavatnssýslu, gegn jafnmiklu framlagi frá viðkomandi sýslum ..... 700

77. — 16. — 16. h. (Jarðskjálftamælingar). Liðurinn orðist svo:
Til jarðskjálftamælinga og vegna auka- og næturvinnu við móttöku og útvarp veðurfregna, til frú Teresíu Guðmundsson, Björns L. Jónssonar og Jóns Eyþórssonar ..... 1800

78. — 16. — 17. (Rafmagnseftirlit ríkisins).
Liðurinn fellur burt.

79. — 16. — 31. Nýr liður:
Til Halldórs Pálssonar, til náms erlendis í sauðfjárrækt ..... 1000

80. — 16. — 52. b. (Húsameistari).
Fyrir „5000“ kemur ..... 10000

81. — 16. — 53. Nýr liður:
Til vatnsrennslismælinga ..... 1000

82. — 16. — 54. (Til Búnaðarb. vegna málara).
Liðurinn fellur burt.

83. — 17. — 1. (Til berklasjúklinga).
a. Fyrir „700000“ kemur ..... 800000
b. Við liðinn bætist aths.:
Af þessum lið má greiða laun læknis, sem

heilbrigðisstjórnin ræður til þess að hafa yfirumsjón með öllum berklavörnum á landinu.

84. Við 17. gr. 7. Nýr liður:
Til Theódórs Gíslasonar, til að kynna sér störf á björgunarskútu erlendis. enda taki hann að sér yfirmannsstörf á væntanlegri björgunarskútu hér við land ..... 2000

85. — 17. — 11. (Pétur Sigurðsson).
Liðurinn fellur burt.

86. — 17. — 17. (Sjómannafél. Vestm.). Liðurinn orðist svo:
Til styrktarsjóðs verkamannafél. Snót í Vestmannaeyjum ..... 300

87. — 17. — 18. (Drífandi). Liðurinn orðist svo:
Til styrktarsjóðs sjómannafél. Jötunn í Vestmannaeyjum ..... 300

88. — 17. — 20. (Einingin Akureyri).
a. Liðurinn fellur burt.
b. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs sjómannafél. á Ísafirði .. 300

89. — 17. — 21. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs verkamannafél. Baldur á Ísafirði ..... 300

90. — 17. — 26. (Elliheimilið Grund).
Liðurinn fellur burt.

91. — 18. — I. a. (Eftirlaun embættismanna).
Fyrir „50740.94“ kemur ..... 48740.94

92. — 18. — I. c. (Lífeyrir samkv. l. 51 1921).
Fyrir „2610“ kemur ..... 3060

93. — 18. — II. a. 3. Nýr liður:
Til próf. Sæmundar Bjarnhéðinssonar ..... 2500.00

94. — 18. — II. c. 17. Nýir liðir:
a. Til Hálfdánar Guðjónssonar vígslubiskups .... 500.00
b. Til Ólafs Sæmundssonar fyrrv. prests ..... 340.00
c. Til Þorvalds Jakobssonar ..... 475.00

95. — 18. — II. c. 6. (Guðm. Björnsson).
Fyrir „200“ kemur ..... 250

96. — 18. — II. c. 7. (Baldvin B. Bárðdal).
Fyrir „200“ kemur ..... 300

97. — 18. — II. c. 14. Nýr liður:
Til Jósefs Björnssonar ..... 2227.14

98. — 18. — II. c. 15. (Ögmundur Sigurðsson).
Fyrir „2500“ kemur ..... 3000

99. — 18. — II. c. 21. (Ingiv. Nikulásson).
Fyrir „200“ kemur ..... 250

100. Við 18. gr. II. f. 10. (Böðvar Sigurðsson).
a. Liðurinn fellur burt.
b. Nýr liður:
Til Höllu Árnadóttur, ekkju Böðvars Sigurðssonar pósts ..... 300
101. — 18. — II. f. 25. Nýir liðir:
a. Til Tryggva Hallgrímssonar pósts ..... 200
b. Til Guðbjargar Ólafsdóttur, ekkju Guðmundar Kristjánssonar pósts ..... 300
c. Til Edvalds Eyjólfssonar pósts ..... 500
102. — 18. — II. g. 4. (Guðm. Friðjónsson).
Fyrir „1500“ kemur ..... 1800
103. — 18. — II. g. 5. (Helgi Pétursson).
Fyrir „4000“ kemur ..... 5000
104. — 18. — II. g. 15. Nýir liðir:
a. Til Halldórs Kiljan Laxness ..... 5000
b. Til Indriða Þorkelssonar á Fjalli ..... 500
c. Til Jóns Þorsteinssonar á Arnarvatni ..... 500
d. Til Kristleifs Þorsteinssonar ..... 500
e. Til Theodórs Friðrikssonar ..... 500
105. — 18. — II. i. 4. Nýr liður:
Til Lússíu Þorsteinsdóttur júbilljósmóður .... 200
106. — 18. — II. i. 31. Nýr liður:
Til Guðmundar Þorfinnssonar fyrrum ferjumanns ..... 300
107. — 18. — II. i. 33. Nýr liður:
Til Árna Guðmundssonar fyrrum fiskimatsmanns á Bíldudal ..... 200
108. — 18. — II. i. 67. Nýir liðir:
a. Til Sigríðar Gísladóttur, ekkju Kristjáns Kristjánssonar skjalavarðar Alþingis, 100 kr. með hverju barni þeirra til 16 ára aldurs ..... 900
b. Til Þórðar Flóventssonar ..... 400
109. — 18. — II. j. (Ekkja Jóhanns Sigurjónssonar).
Liðurinn fellur burt.
110. — 22. — II. Liðurinn orðist svo:
Að endurgreiða úr lífeyrissjóði embættismanna og barnakennara eftirtöldum mönnum, án vaxta, það fé, sem þeir hafa lagt í sjóðinn. Séra Sigurði Einarssyni fyrrv. presti, Snorra P. B. Arnar fyrrv. starfsmanni við loftskeytastöðina, Jóni H. Leós fyrrv. póstfulltrúa, Jónasi Sveinssyni fyrrv. héraðslækni, Ólafi Pálssyni fyrrv. kennara, Ásgeiri Magnússyni fyrrv. kennara og Jónasi Guðmundssyni fyrrv. kennara.
111. — 22. — V. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, gegn þeim

tryggingum, er stjórnin metur gildar, 150000 kr. lán til að breyta eldri lánum í hagkvæmari lán.

b. Að ábyrgjast fyrir Neskaupstað allt að 30 þús. kr. viðbótarlán til síldarverksmiðjunnar á Norðfirði.

c. Að ábyrgjast fyrir Hríseyjarhrepp, gegn endurábyrgð Eyjafjarðarsýslu, allt að 10 þús. kr. lán til vatnsveitu, gegn því, að jarðskjálftasjóður leggi fram allt að sömu upphæð.

d. Að ábyrgjast fyrir Austur-Húnavatnssýslu, vegna rafveitu á Blönduósi, allt að 60 þús. kr.

e. Að ábyrgjast fyrir Sauðárkrókshrepp, vegna rafveitu, 40 þús. kr., gegn bakábyrgð Skagafjarðarsýslu.

## Ed. 509. Frumvarp

til laga um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þegar stofnað er hér á landi, eftir að lög þessi öðlast gildi, nýtt iðn- eða iðjufyrirtæki í þeim greinum, sem ekki hafa verið starfræktar hér á landi áður, þá skal fyrsta fyrirtækið í hverri grein vera undanþegið greiðslu á tekju- og eignarskatti í ríkissjóð og á útsvari í bæjar- eða sveitarsjóð í 3 ár eftir að það var stofnað. Eftir þann tíma greiði fyrirtæki þessi útsvör og skatta sem aðrir, samkvæmt gildandi lögum.

2. gr.

Það teljast ný iðn- og iðjufyrirtæki samkvæmt lögum þessum:

a) sem framleiða vörur, er ekki hafa áður verið búnar til hér á landi,

b) sem við framleiðsluna nota nýjar aðferðir, sem ekki hafa verið notaðar hér áður og í verulegum atriðum eru frábrugðnar eldri aðferðum og taka þeim fram, og

c) sem til framleiðslunnar nota innlend hráefni, er ekki hafa verið notuð hér áður.

3. gr.

Verði ágreiningur um, hvað teljast skuli ný iðn- og iðjufyrirtæki, sker atvinnumálaráðherra úr því, að fengnum tillögum Landssambands iðnaðarmanna.

4. gr.

Sé hið nýja fyrirtæki hluti úr öðru stærra, kemur skatta- og útsvarseftirgjöf þessi því aðeins til framkvæmda, að reikningshaldi hins nýja fyrirtækis sé haldið algerlega aðgreindu frá öðru reikningshaldi fyrirtækisins, enda nái eftirgjöfin þá aðeins til þess hlutans, sem nýr er.

5. gr.

Nú telur einhver sig hafa stofnað nýtt fyrirtæki samkvæmt lögum þessum og vill njóta hlunninda þeirra, er þau fela í sér, og skal hann þá senda atvinnumálaráðherra skýrslu um það og ósk um, að þetta fyrirtæki verði undanþegið útsvari og skatti í næstu 3 ár. Úrskurð ráðherra skal síðan senda viðkomandi skattanefnd og niðurjöfnunarnefnd.

6. gr.

Hlunnindi þau, sem lög þessi veita, koma því aðeins til framkvæmda, að sá arður, sem fyrirtækinu kann að safnast þau 3 ár, sem lögin taka til, verði óskiptur lagður í varasjóð fyrirtækisins, að frádregnum í mesta lagi 4% af stofnfé.

7. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að ákveða, að iðn- eða iðjufyrirtæki, sem stofnað er áður en lög þessi öðlast gildi, skuli njóta hlunninda þeirra, er lögin veita, enda hafi það ekki áður greitt útsvar né tekju- og eignarskatt.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 510. Breytingartillaga

við frv. til laga um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, er svo hljóðar:

Sömu hlunnindi með sömu skilyrðum má veita fyrirtækjum, er síðar verða stofnuð í sömu grein, ef atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum Landssambands iðnaðarmanna, veitir leyfi til þess, enda sæki þau um það samkv. 5. gr.

## Nd. 511. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. nóv. 1919 og á l. nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Aftan við orðin „að Staðarhóli“ í 5. málsgrein komi: Lína frá Skálavík í Reykjarfjarðarhreppi til barna-, unglinga- og íþróttaskólans á Reykjanesi í Reykjarfjarðarhreppi.

## Ed. 512. Lög

um útflutning á síldarmjöli.

(Afgreidd frá Ed. 19. nóv.).

Samhljóða þskj. 449.

## Nd. 513. Breytingartillögur

við frv. til l. um verkamannabústaði.

Frá Thor Thors og Garðari Þorsteinssyni.

Við 4. gr.

a. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Í kaupstöðum, þar sem íbúar eru fleiri en 10000, skulu þó tvö slík byggingarfélög geta notið hlunninda laga þessara.

b. 3. mgr. falli burt.

## Nd. 514. Breytingartillaga

við frv. til l. um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Gunnari Thoroddsen.

Við 3. gr. 2. málsgr. falli burt.

*Til vara:* Málsgreinin orðist svo:
Á meðan ríkið stendur í ábyrgð fyrir félagið, má eigi greiða hluthöfum hærri arð en 5% og aldrei yfir ⅓ af hreinum ársarði félagsins.

## Nd. 515. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á eftirtöldum vöruflokkum:

a. Bifreiðum allskonar og bifhjólum, hvort heldur er til mannflutninga eða vöruflutninga.
b. Bifreiða- og bifhjólahlutum, þar með töldum hjólbörðum (tires) og slöngum.
c. Mótorvélum allskonar, sem ganga fyrir olíu eða benzíni, og öllum hlutum til þeirra.
d. Rafmagnsvélum og áhöldum og raflagningarefni. Skal undir þann flokk

telja: Rafmagnsmótora, rafala, aðrar rafmagnsvélar og vélahluta, rafgeyma og rafhylki, rafmagnslampa, glóðarlampa (ljósakúlur), rafmagnsmæla, rofa og öryggi, loftskeytatæki, dýptarmæla, röntgentæki, talsíma- og ritsímaáhöld, eirvír og vafinn vír, snúrur og strengi (kabil) úr eir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á einum framantalinna vöruflokka án þess að hinir fylgi með, og henni er einnig heimilt að taka einkasölu á einstöku vörutegundum innan vöruflokka þeirra, sem getur í 1. gr., án þess að tekin sé einkasala á þeim vöruflokki öllum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð allt nánara skipulag einkasölunnar, þar á meðal, hversu fer um vörur þær, sem um ræðir í 1. gr. og óseldar eru í landinu þegar einkasalan hefst.

4. gr.

Ríkisstjórnin leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölunnar, svo og til viðgerðarverkstæða fyrir bifreiðar og mótora, eftir því sem þykir þurfa, og er henni heimilt að taka það að láni. Heimilt skal ríkisstjórninni að leggja rekstur einkasölunnar að nokkrum hluta eða að öllu leyti undir þær ríkiseinkasölur eða ríkisstofnanir, sem fyrir eru.

Verzlunarhagnaður af einkasölunni rennur í ríkissjóð.

30% af verzlunarhagnaðinum greiðir ríkissjóður bæjar- og sýslusjóðum þannig: 10% renna til bæjarsjóðs þess kaupstaðar, sem einkasalan hefir aðalaðsetur í, en 20% skiptast eftir mannfjölda milli bæjarsjóða annara kaupstaða og sýslusjóða.

Skatt þennan greiðir ríkissjóður bæjarsjóðum og sýslusjóðum 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs. Af einkasölum þeim, er settar verða á stofn samkvæmt lögum þessum, greiðist þá og eigi skattur samkv. 2. gr. laga nr. 47 4. júní 1934, um aukaútsvar ríkisstofnana.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—50000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum. Hver sá hlutur, sem ræðir um í 1. gr. a—d og ólöglega er fluttur inn í landið, skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasölunnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 516. Breytingartillaga

við frv. til laga um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Við 3. gr. Fyrir „framkalla“ í 7. málsgr. kemur: valda.

**Nd.** **517. Frumvarp**

til laga um ættaróðal og óðalsrétt.

Flm.: Jón Sigurðsson, Guðbrandur Ísberg, Jón Pálmason, Pétur Ottesen, Ólafur Thors.

## I. KAFLI

### Hvernig jörð verður ættaróðal og um fylgifé hennar.

1. gr.

Sérhverjum jarðeiganda er heimilt að gera jörð sína að ættaróðali, ef þessi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að jörðin sé svo stór eða hafi það í sér, að afraksturinn af því búi, er jörðin getur borið, með hlunnindum, er henni fylgja, geti framfleytt a. m. k. meðalfjölskyldu, að dómi úttektarmanna hreppsins.
b. Að jörðin sé ekki, að áliti úttektarmanna hreppsins, stærri en svo, að hún sé og hafi jafnaðarlega verið nokkurnveginn fullnytjuð af einum ábúanda.
c. Að jarðeigandinn, eða erfingi hans, búi eða hafi ábúðarrétt á jörðinni, þegar hún er gerð að ættaróðali, enda öðlist ábúandinn óðalsréttinn.
d. Að fyrir liggi samþykki fjárráða barna jarðeiganda um, að jörðin sé gerð að ættaróðali.
e. Að á jörðinni hvíli ekki veðskuldir, er nema yfir 85% af fasteignamatsverði, eins og það er þegar jörðin er gerð að ættaróðali.

Nú hvílir meira á jörðinni, og má þá engu að síður gera hana að ættaróðali, ef eigandi lætur fylgifé með eigninni, sem nemur að minnsta kosti því, er á hvílir umfram 85%.

2. gr.

Heimilt er að gera höfuðból með hjáleigum að ættaróðali, ef hvorttveggja hefir verið í eigu jarðeiganda og forfeðra hans í síðastliðin 50 ár eða lengur, og höfuðbólið í samfelldri ábúð ættarinnar a. m. k. í 50 ár, enda sé beitiland óskipt milli höfuðbóls og hjáleigu og úttektarmenn telji það tjón fyrir höfuðbólið, ef hjáleigurnar væru slitnar úr tengslum við það. Að öðru leyti skal hlíta ákvæðum 1. gr., eftir því sem við á.

3. gr.

Nú er jörð gerð að ættaróðali, og skal þá skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefir fylgt og jarðeigandi á. Ennfremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl.

Jarðeigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl og bréf ættarinnar frá fyrri tíð, ef einhver eru í hans vörzlum, einnig myndir og muni, er hafa minningargildi fyrir þá bændaætt, er situr eða setið hefir jörðina.

4. gr.

Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi, undirritaða við votta, ásamt lýsingu á jörð og jarðarhúsum, skrá yfir fylgifé og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 1. greinar.

Nú telur sýslumaður, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, og skal þá færa jörðina inn á sérstaka skrá yfir ættaróðul. Tilgreina skal þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og meðaltal af afrakstri jaðarinnar síðustu 3 árin.

Gerninginn skal þinglesa ókeypis á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Nú ánafnar jarðeigandi eða aðrir ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, búsmuni eða annað, er gagnlegt getur talizt til búrekstrar í jörðinni, og er það þá upp frá því ævarandi fylgifé ættaróðalsins, sem ekki má skerða, ef annað er ekki sérstaklega fram tekið í gjafabréfinu. Sama gildir um hverskonar ættar- og minningargripi, sem afhentir eru sem fylgifé.

6. gr.

Allar kröfur til tryggingar, sem stofnað hefir verið til vegna ættaróðalsins eða þess, sem því fylgir, tilheyra óðalinu ásamt þeim skaðabótum, sem greiddar eru samkvæmt þeim.

## II. KAFLI

### Eign og umráð ættaróðalsins.

7. gr.

Þeir menn einir, karl eða kona, sem eru afkomendur þess, er fyrstur gerði jörðina að ættaróðali, geta fengið ættaróðalið til eignar og umráða. Sbr. þó VII. kafla.

Nú er ættaróðal gefið eða selt samkv. lögum þessum, og ber þá að skoða viðtakanda óðalsins sem ættföður þeirrar bændaættar, er þá tekur við.

8. gr.

Sá maður, karl eða kona, sem hefir rétt til eignar og umráða yfir ættaróðali samkv. lögum þessum og hefir notfært sér þann rétt, telst eigandi óðalsins og fer með það að öllu leyti sem sína eign, innan þeirra takmarka, er lög þessi ákveða.

9. gr.

Heimilt skal því hjóna, er lengur lifir, að fara með umráð yfir ættaróðalinu, þótt ekki sé það af ættinni, þar til börn þeirra eða aðrir, er rétt hafa til óðalsins, óska að taka við því.

Á umráðamanni (eftirlifandi maka óðalserfingja, eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda, meðan hann fer með það.

10. gr.

Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefir til óðalsins, eða enginn af ættinni treystist til að taka við óðalinu að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og konu hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.

11. gr.

Eignarréttur óðalsbónda á óðalinu og fylgifé þess færist til óðalserfingja hans:

a. Eyði óðalsbóndi fylgifé óðalsins.
b. Greiði óðalsbóndi ekki samningsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, er á óðalinu hvíla, svo að leiði til sölu.
c. Telji óðalsbóndi sér heimili annarsstaðar en á óðalinu.
d. Hætti að reka búskap á óðalinu.

## III. KAFLI

### Hvernig ættaróðal erfist.

12. gr.

Ættaróðal gengur óskipt að erfðum til afkomenda þess, er fyrstur gerði jörðina að ættaróðali.

Ættaróðali verður ekki skipt milli erfingja, nema þegar svo stendur á, er segir í 19. gr.

13. gr.

Óðalsbóndi og kona hans skulu, ef þess er kostur, koma sér saman um, hvert af börnum þeirra skuli taka við ættaróðalinu, og tilkynna það sýslumanni.

14. gr.

Nú er annað foreldri eða bæði dáin án þess að slík ákvörðun hafi verið tekin, eða hjónin geta ekki orðið ásátt um, hvert barnanna skuli taka við óðalinu, og skulu þá erfingjar reyna að komast sjálfir að samkomulagi um það atriði.

15. gr.

Nú geta erfingjar ekki orðið ásáttir um, hver skuli erfa óðalið, og skal þá sonur arfleifanda jafnan ganga fyrir dóttur, eldri sonur fyrir yngri og eldri dóttir fyrir yngri dóttur. Skilgetin börn ganga fyrir óskilgetnum.

Þegar um er að ræða fjarskyldari óðalserfingja, skal farið eftir skyldleika, þó þannig, að karlleggur gangi fyrir kvenlegg, að jöfnum skyldleika.

16. gr.

Nú fellur ættaróðal til ófullveðja erfingja eða ekki verður ákveðið, hver hlýtur óðalið, vegna þess, að erfingjarnir eru á barnsaldri, og skal þá sýslumaður skipa þeim fjárhaldsmann, sem varðveitir ættaróðalið og fylgifé þess, þar til erfinginn er fjárráða.

17. gr.

Erfingi getur neitað að taka við ættaróðali án þess að neita að taka við öðrum eignum arfleifanda.

Nú treystist enginn af hinum nánustu óðalserfingjum að taka við ættaróðalinu, og er þeim þá skylt að bjóða það hinum fjarskyldari, í þeirri röð, sem segir í 15. gr. Nú er nánustu erfingjum eigi kunnugt, hverjir næstir standa óðalserfðinni að þeim frágengnum, eða ókunnugt um dvalarstað óðalserfingja, og skal þá gera þeim aðvart með opinberri auglýsingu í Lögbirtingablaði, hliðstæðri erfingjainnköllun, eftir því sem við á.

18. gr.

Enginn óðalsbóndi getur átt nema eitt ættaróðal. Nú erfir maður fleiri en eitt ættaróðal, og er honum þá heimilt að velja hvort þeirra, er hann kýs, en sá er næstur stendur til arfs, tekur við hinu.

## IV. KAFLI

### Skipting ættaróðals.

19. gr.

Nú hefir ættaróðal aukizt mjög að verðmæti og framleiðslumöguleikum síðan það var stofnað, og er þá heimilt að skipta því milli erfingja, ef viðkomandi óðalsbóndi og kona hans verða á það sátt, eða erfingjar þeirra samþykkja það í einu hljóði, enda fullnægi hið nýja býli ákvæðum 1. gr.

20. gr.

Nú eru skipti ákveðin, og skal þá gera greinileg landamerki milli jarðarhlutanna og skipta húsum, fylgifé og áhvílandi veðskuldum í réttu hlutfalli við landstærð þeirra, hvors um sig.

Þess skal gætt, að land hins upphaflega ættaróðals verði þó aldrei minna virði en land jarðarinnar var, þegar ættaróðalið var stofnað. Að skiptum loknum skal hver jarðarhluti skoðast sem sjálfstætt ættaróðal.

21. gr.

Skjöl, myndir og aðrir minjagripir ættarinnar, sem til eru þegar skipti fara fram, skulu ávallt tilheyra gamla ættaróðalinu.

22. gr.

Nú er ættaróðal selt, og er þá kaupanda heimilt að skipta því í tvö eða fleiri býli, en hlíta skal hann um það ákvæðum 1. gr., enda verði hvert býli sjálfstætt ættaróðal. Fylgifé skiptist á milli í hlutfalli við landstærð, eftir því sem við verður komið.

## V. KAFLI.

### Arfaskipti og framfærsla.

23. gr.

Nú hefir bóndi gert jörð sína að ættaróðali, og eiga þá erfingjar hans í fyrsta lið kröfu til þess, að næsti viðtakandi (óðalserfingi) greiði þeim árlega meðan hann lifir, þó eigi lengur en 25 ár, sem svarar 3% af landverði og 2% af húsaverði jarðarinnar, samkv. þáverandi fasteignamati, af þeirra hluta í skuldlausri eign fasteignarinnar, ef jörðin hefði komið til skipta.

24. gr.

Eignir óðalsbónda og konu hans, aðrar en ættaróðal og fylgifé þess, erfast samkv. ákvæðum erfðalaganna.

25. gr.

Nú á óðalsbóndi og kona hans fleiri en eitt barn, og skal þá því af börnunum, er óðalið hlaut, skylt að framfæra foreldra sína, nema þau kjósi annað.

Nú hættir óðalsbóndi búskap sökum elli, eða af öðrum ósjálfráðum ástæðum, og á engan lífserfingja, eða erfingjar hans óska eigi að taka við óðalinu, þannig að óðalserfingi í hliðarlegg ættarinnar tekur við því, og skal þá viðtakandi haga svo til, að fyrirrennari hans og kona hans geti dvalið áfram á jörðinni, ef þau óska þess, enda sé honum eigi meira mein að en svo, að við megi una. Rísi ágreiningur um þetta atriði, sker sýslumaður úr, að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Eigi dvalarmaður á ættaróðali, sem hér um ræðir, ekki fé til framfæris sér, skal viðtakandi framfæra hann meðan hann dvelur á heimili hans, enda sé honum það eigi um megn, að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

26. gr.

Nú sannast við arfaskipti, eða á annan hátt, að óðalsbóndi hefir eytt fylgifé óðalsins, og ber honum þegar að bæta það að fullu. Nú er um dánarbú að ræða, og skal þá greiða fylgifé af óskiptum eignum búsins, en sé búið þrotabú, skal það vera forgangskrafa, er aðeins víkur fyrir ógreiddum opinberum sköttum af eigninni sjálfri.

## VI. KAFLI

### Lántökur, veðsetning, lögtak og fjárnám.

27. gr.

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í ættaróðalinu, en aðeins til varanlegra húsabóta eða annara álíka varanlegra umbóta á jörðinni. Lán það, er á jörðinni hvílir, má þó aldrei nema hærri upphæð en sem svarar 50% af fasteignamatsverði ættaróðalsins, sbr. þó 1. gr. c-lið. Fylgifé má aldrei veðsetja.

28. gr.

Eigi má gera aðför í ættaróðali, né selja það til lúkningar skuldum, öðrum en áhvílandi veðskuld, sbr. 1. gr. e-lið og 27. gr., eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri, og þó því aðeins, að bóndi eigi ekki aðrar eignir, sem aðför verði gerð í. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

29. gr.

Nú hefir verið krafizt fjárnáms eða sölu á ættaróðali, og er sýslumanni þá skylt að gera þeim, er næstir standa að erfa óðalið, aðvart. Nú er honum eigi kunnugt, hverjir þeir eru, og skal hann þá gera hlutaðeigandi óðalserfingjum aðvart með opinberri auglýsingu, hliðstæðri erfingjainnköllun. Kostnaður við slíka auglýsingu telst áfallinn sölukostnaður.

## VII. KAFLI

### Sala ættaróðals og skipting söluverðs.

30. gr.

Nú treystist enginn af ættinni til að taka við ættaróðalinu og óðalseigandi hefir ekki ráðstafað því lögum samkvæmt, og skal það þá selt ásamt fylgifé þess.

31. gr.

Ættaróðal skal ávallt selt með þeirri kvöð, að það verði ættaróðal hins nýja kaupanda ásamt tilheyrandi fylgifé, með þeim skyldum og réttindum, er því fylgja.

32. gr.

Heimilt er ættmönnum þeim, er áður áttu ættaróðalið, að innleysa það til sín innan þriggja ára frá því er sala fór fram.

33. gr.

Ef ættaróðal er selt, skal það af andvirðinu, sem er umfram áhvílandi skuldir, geymt á vöxtum í 3 ár sem arfafé, nema óðalserfingi gefi sig fram og innleysi óðalið innan þess tíma. Þá skal greiða honum féð til endurkaupa á óðalinu með fylgifé. Nú er óðalið eigi innleyst innan nefnds tíma, og skal þá andvirðið ganga að hálfu í sjóð, sem óðalinu fylgi og sé undir umsjón sýslunefndar, en að hálfu til óðalsbónda þess, er óðalið átti, eða lögerfingja hans.

## Greinargerð.

Nokkru fyrir síðustu aldamót fóru að heyrast allháværar kröfur um sölu þjóðjarða og fjölgun sjálfseignarbænda. Þessari stefnu óx fylgi meðal bænda að sama skapi og hagur þeirra batnaði og trú þeirra á sjálfa sig og framtíð íslenzks landbúnaðar fór vaxandi.

Með lögum um sölu þjóðjarða 1905 og sölu kirkjujarða 1907 lét Alþingi

undan og bændum var gefinn kostur á að eignast ábýlisjarðir sínar, enda fjölgaði sjálfseignarbændum mjög næsta áratuginn.

Enginn neitar því, að með þjóðjarðasölunni hefst nýtt framfaratímabil í búnaðarsögu okkar, stórstígari framfarir en nokkurn grunaði. Hinu verður heldur ekki neitað, að þegar fram liðu stundir, komu fram vissir annmarkar, sem nauðsyn er að ráða bót á. Annarsvegar hefir mörgum ungum bændum reynzt lítt kleift eða ókleift, eftir að jarðirnar stórhækkuðu í verði vegna endurbóta á þeim, að kaupa þær af foreldrum sínum eða meðerfingjum, og því annað tveggja orðið að dragast alla æfi með þunga skuldabyrði vegna jarðakaupanna, eða beinlínis orðið að hrökklast burt af jörðinni, sem þá stundum hefir lent í braski. Hinsvegar hafa hlaðizt svo miklar veðskuldir á jarðirnar, að eigendur þeirra hafa sumir eigi getað undir risið, einkum á krepputímum. Þetta er ekkert sérstakt fyrirbrigði fyrir íslenzkan landbúnað. Aðrar þjóðir eiga við sömu örðugleikana að etja. Sérstaklega eru það þó hinar miklu veðskuldir á jörðunum, er valda þar miklum örðugleikum. Er nú mikið rætt um það erlendis að setja hömlur við því, að jarðir verði veðsettar nema að vissu marki.

Af nágrannaþjóðum okkar hafa Norðmenn og Þjóðverjar komið á hjá sér skipulagi, er miðar að því að útiloka að nokkru eða öllu þá annmarka, er áður var getið um, og tryggja það, að jarðirnar lendi ekki í braski. Norðmenn hafa æfagamlan óðalsrétt, er stefnir að því að tryggja ættinni óðalið með meiru. Telja þeir, að óðalsrétturinn hafi haft ómetanlega þýðingu fyrir norska bændur og fyrir þjóðina í heild. Það ber líka ljósastan vott um, hverjum augum norska þjóðin hefir litið þennan rétt, að hún hefir tekið upp í sjálfa stjórnarskrána ákvæði um, að óðalsrétt mætti ekki fella úr gildi. Á síðastliðnu ári juku þeir við þennan rétt og gerðu sérstakar ráðstafanir til að létta þungbærar veðskuldir á óðalsjörðum.

Þjóðverjar hafa einnig tekið upp einskonar óðalsskipulag með lögum frá 1933 og gert margvíslegar ráðstafanir til að styrkja aðstöðu þýzkra bænda.

Það er því fyllilega tími til kominn að taka til athugunar þá annmarka, sem komið hafa hér í ljós á sjálfseignarskipulaginu, og reyna að ráða bót á þeim. Það, sem við leggum sérstaka áherzlu á að koma til leiðar, er:

a ð jarðir haldist í sjálfsábúð og að sjálfseignarbændum fjölgi,
a ð komið sé í veg fyrir, að óbærilegar veðskuldir safnist á jarðirnar, svo búrekstur á þeim beri sig ekki,
a ð sjálfseignarbændur þurfi ekki að kaupa ábýlisjarðir sínar af meðerfingjum sínum þannig, að hver ættliður stofni þess vegna til stórskulda, er hann býr að alla æfi,
a ð sporna við því, að bóndi geti með óreiðu eða ónytjungshætti eyðilagt staðfestu barns síns eða ættingja eða framtíð þeirra,
a ð glæða og þroska heilbrigðan ættarmetnað og tryggð bænda við föðurleifð sína og íslenzkan landbúnað.

Tillögur þessar eru byggðar á þeirri sannfæringu, að efling sjálfsábúðarinnar sé eitt helzta grundvallarskilyrðið fyrir jafnri og áframhaldandi þróun landbúnaðarins. Að sjálfseignarskipulagið sé líklegast til að stæla bóndann til viðnáms og veita honum þrótt og þá þrautseigju, er á þarf að halda til að flýja

ekki af hólmi og leita sér léttara hlutskiptis þegar harðindi, fjárkreppa og hverskonar óáran steðjar að bændum á allar hliðar.

Í sjálfseignarskipulaginu felst dýrmætur aflgjafi, sem íslenzkur landbúnaður má sízt án vera, og ber að hlynna að þessum aflgjafa á allan hátt.

Andstæð þessu er sú stefna, sem einnig er hér uppi, að taka beri fyrir sölu þjóðjarða og að ríkið kaupi smátt og smátt allar jarðir, sem nú eru í sjálfsábúð, og útrými þannig sjálfseignarbændum, er fram líða stundir. Fyrir Alþingi liggja nú þegar byrjunartillögur í þá átt.

Bændur verða því á næstu árum að velja um, hvorn kostinn þeir kjósa sér og börnum sínum til handa. Alþingi hefir fyrir skömmu bætt mjög aðstöðu leiguliða með breytingum á ábúðarlöggjöfinni, og nú liggur fyrir Alþingi frv. um erfðaábúð leiguliða, er miðar að því að tryggja betur ábúð landseta þess opinbera. Aftur á móti hefir ekkert verið gert á síðustu árum til að efla sjálfsábúðina og bæta aðstöðu sjálfseignarbænda.

Þess verður því að vænta, að Alþingi skjóti sér ekki undan þeirri sjálfsögðu skyldu að hlynna einnig að sjálfseignarbændum, sem eru meiri hluti íslenzkra bænda, með því að leysa með löggjöf þau viðfangsefni, sem bent hefir verið á hér að framan og öll þarfnast skjótrar úrlausnar, ef vel á að fara. Slík löggjöf mundi, er fram liðu stundir, tryggja og efla sjálfsábúðina og verða til ómetanlegs gagns fyrir íslenzkan landbúnað. Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er tilraun í þessa átt.

Að endingu þykir ástæða til að taka fram, að vegna anna við þingstörf hefir ekki unnizt mikill tími til undirbúnings þessa mikilsverða máls, og má því vera, að sumt megi betur fara. Munu flutningsmenn taka með þökkum öllum tillögum til breytinga, sem til bóta mega teljast.

## Ed. 518. Nefndarálit

um frv. til laga um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

2 nefndarmanna (BSt og JJ) mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en einn nefndarmaður (GL) hefir fyrirvara að því er snertir kosningu Alþingis til útvarpsráðs.

Alþingi, 19. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Bernh. Stefánsson, form., frsm. | Guðrún Lárusdóttir, fundaskr., með fyrirv. | Jónas Jónsson. |

**Nd.** **519. Frumvarp**

til laga um nýbýli.

Flm.: Hannes Jónsson, Magnús Torfason.

## I. KAFLI

### Skipulag nýbýla.

1. gr.

Nýbýli nefnist í lögum þessum:

1. Hvert það býli, sem reist er á óræktuðu landi.
2. Býli, sem stofnað er til við skipting jarða, enda þótt ræktað land fylgi.
3. Jarðir, sem eigi hafa verið í ábúð 5 ár samfleytt, áður en þær eru teknar til endurbyggingar og ræktunar.

Nýbýli skal hafa þá lágmarkslandsstærð, að í því felist möguleikar til viðunandi framfærslu einnar fjölskyldu.

2. gr.

Nýbýlahverfi nefnist í lögum þessum 5 eða fleiri nýbýli, sem stofnuð eru á einum stað með félagslegum samtökum.

Nýbýlafélög eru þau félög, sem samkvæmt ákvæðum í lögum sínum eða samþykktum hafa að markmiði að reisa nýbýlahverfi, hvort sem sú starfsemi er aðalstarfsemi félagsins eða eigi.

3. gr.

Ríkisnýbýli nefnast í lögum þessum þau nýbýli og nýbýlahverfi, sem stofnsett eru á kostnað ríkissjóðs, en ríkið leigir eða selur einstaklingum, með öllum þeim mannvirkjum, sem nauðsynleg eru til búrekstrar á þeim.

## II. KAFLI

### Stuðningur ríkisins til nýbýlastofnunar.

4. gr.

Ríkið leggur árlega fram allt að 250 þúsund kr. til styrktar stofnun nýbýla og nýbýlahverfa í landinu samkvæmt 1. og 2. gr., og skal fé til þess árlega áætlað í fjárlögum hvers árs. Auk þessa skal helmingi þess fjár, sem árlega er áætlað til atvinnubóta í landinu, varið til nýbýlastofnunar samkvæmt 1.—3. gr. Svo skal og verja, að svo miklu leyti sem við verður komið, starfskröftum vinnuhælisins á Eyrarbakka til stofnunar nýbýla.

Nánari reglur um þetta skulu settar í reglugerð.

5. gr.

Styrkur til nýbýla og nýbýlahverfa skal nema allt að helmingi stofnkostnaðar. Til stofnkostnaðar sé talið landverð, ræktunarkostnaður og byggingarkostnaður allra nauðsynlegra íbúðar- og peningshúsa vegna búrekstrar á býlinu.

Styrkur þessi má þó eigi nema meiru en 12 þúsund krónum til einstakra býla og 10 þús. kr. til býla í nýbýlahverfum.

6. gr.

Styrkur sá, sem veittur er til nýbýlastofnunar, er eigi afturkræfur, en skoðast sem stofnfé, sem ábúandi hefir rentulaust, en þarf að viðhalda. Þetta verðmæti í býlinu miðast við hið upprunalega kostnaðarverð býlisins og fasteignamat á hverjum tíma, þannig að verðmætið er hinn sami hluti af fasteignamatsverðinu og það var af kostnaðarverðinu, að frádregnum þeim umbótum, sem ábúandi býlisins hefir gert án styrks samkv. lögum þessum, enda skulu þær umbætur metnar sérstaklega.

Við kaup og sölu á býlunum skal ætíð miðað við fasteignamat, að frádregnu því verðmæti, sem styrkur hefir verið veittur til, enda er óheimilt að veðsetja eða skuldbinda það verðmæti.

7. gr.

Ríkisnýbýli skulu reist á kostnað ríkisins, fyrir atvinnubótafé, og skal staður fyrir þau valinn þar, sem hægt er um samgöngur og ræktunarskilyrði eru góð, og helzt þar, sem möguleikar eru til notkunar jarðhita eða rafmagns. Ríkið leggur til land handa býlum þessum, er að stærð fullnægi ákvæðum 1. gr., og skulu af landi þessu vera fullræktaðir 5 ha. Þá lætur ríkið reisa byggingar, bæði íbúðar- og peningshús. Þegar býlin eru fullbúin, skulu þau leigð eða seld. Leigan sé 3% af hálfu kostnaðarverði býlisins.

Séu býlin seld, skulu þau seld við hálfu kostnaðarverði og lánakjör vera hin sömu og til annara nýbýla.

8. gr.

Þau nýbýli, sem til hefir verið stofnað síðan 1928 og fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, er heimilt að styrkja með framlagi úr ríkissjóði, er nemi ¼ af kostnaðarverði þeirra framkvæmda, sem gerðar hafa verið, enda sé bæði ræktun og bygging á býlum þessum í samræmi við það, sem ætlazt er til í lögum þessum.

Með kaup og sölu á býlum þessum fer eftir sömu reglum og ákveðið er í 6. gr.

## III. KAFLI

### Lán til nýbýla.

9. gr.

Ríkissjóður skal árlega leggja fé til Byggingar- og landnámssjóðs, er sé varið sem láni til nýbýlastofnunar. Upphæð lánanna skal miðuð við kostnaðarverð

býlanna og má nema ⅔ af því. Lánin skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig, að árgjaldið sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

## IV. KAFLI

### Um stofnun nýbýla.

10. gr.

Það er heimilt að mynda fleiri nýbýli úr stærri jarðeignum með því að skipta þeim, ef:

1. Hver jörð fyrir sig eftir skiptin samsvarar þeirri kröfu um lágmarksstærð, sem tiltekin er í 1. gr. laga þessara.
2. Að engin sameiginleg veðbönd hvíla á því útskipta landi jarðarinnar, sem ætlað er til stofnunar nýbýla.

Á jarðarpörtum, sem ríkið á, má reisa nýbýli. Ríkið skal selja þessa jarðarparta við matsverði, og reiknast það upp í framlag ríkisins. Land nýbýla skal vera með greinilegum merkjum.

11. gr.

Til nýbýla getur verið stofnað af einstaklingum, sem hafa nægilega stórt land og gott til umráða, eða nýbýlafélögum, sem hafa það að markmiði að láta reisa nýbýli. Þetta geta verið sérstök félög, sem stofnuð eru í þessum tilgangi, eða búnaðarfélög, hreppsfélög og sýslufélög. En ætíð skulu þó nýbýlin aftur seld einstaklingum.

12. gr.

Nýbýlahverfi skulu stofnuð af félagi manna, samvinnufélagi, sem hefir það að markmiði að stofna og starfrækja nýbýlahverfi. Félög þessi skulu semja sér reglur (samþykktir), er samþykktar séu af stjórn nýbýlamála. Í reglum þessum skulu meðal annars vera ákvæði um: Stjórn félagsins og fyrirkomulag, um land það, er félagið hefir til umráða, undirbúning þess (framræslu og ræktun), skipting milli býla o. s. frv. Þá skulu vera ákvæði um byggingar, rafvirkjun, vatnsleiðslur og vegi, svo og hverja samvinnu menn hafa um lántökur og starfrækslu.

13. gr.

Stjórn nýbýlamála skal láta fara fram nákvæma rannsókn á því, hvar hentast sé að reisa ríkisnýbýli. Síðan lætur hún fara fram mæling á þeim svæðum, er bezt þykja fallin til stofnunar ríkisnýbýla, og gera áætlun um allan undirbúning, vegi, framræslu, ræktun, byggingar, vatnsleiðslu, rafvirkjun og annað, er þar að lýtur. Þegar þessu starfi er lokið, skulu framkvæmdir byrja, og eigi síðar en árið 1935.

14. gr.

Ríkisnýbýli skal bæði reisa einstök og sem nýbýlahverfi. Hin fyrstu nýbýli og nýbýlahverfi skal reisa sitt í hverjum landsfjórðungi, og skal til þeirra vandað sem kostur er á og leita álita og tillagna hinna ýmsu kunnáttumanna um hin ýmsu atriði, er til framkvæmda koma.

## V. KAFLI

### Um búendur nýbýla.

15. gr.

Hver sá, sem reisa vill nýbýli og verða vill aðnjótandi þess stuðnings og verndar, er lög þessi veita, þarf að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að hann sanni, að hann hafi þekkingu á búnaði og hafi unnið við búnaðarstörf minnst 3 ár.
2. Að hann sanni, að hann sé dugandi og áreiðanlegur maður, sem hafi áhuga á búnaði.
3. Að hann sanni, að hann sé sjálfstæður maður, sem eigi skuldlaust minnst sem svarar 10% af kostnaðarverði býlisins með áhöfn, og geti lagt það fram til nýbýlisstofnunarinnar.
4. Til þess að geta fengið stuðning til endurbóta á eldri nýbýlum, þarf hlutaðeigandi að geta sannað, að hann sé fær um að stunda búnað, og starf hans á umliðnum árum sé þannig, að það verðskuldi stuðning til áframhaldandi starfs.

Um sönnunargögn fyrir 1.—4. lið þessarar greinar setur atvinnumálaráðherra, eftir tillögum nýbýlastjórnar, nánari reglur.

## VI. KAFLI

### Stjórn nýbýlamála.

16. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn allra nýbýlamála í landinu, en hann skal fela Búnaðarfélagi Íslands framkvæmdir þessara mála.

17. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir umsjón laga þessara, og felur það einum starfsmanna sinna að sjá um allt, er að þessum framkvæmdum lýtur, og nefnist sá maður nýbýlastjóri.

18. gr.

Störf nýbýlastjóra eru aðallega þessi:

1. Að vera með í vali á landi til nýbýlastofnunar.
2. Að mæla upp eða sjá um mæling á þessum löndum og gera áætlun um framræslu, vegagerð o. fl., er lýtur að ræktun þeirra.
3. Að útvega leiðbeiningar um húsagerð á býlum þessum.
4. Að leiðbeina í öllu, er að ræktun og búrekstri á býlum þessum lýtur.

19. gr.

Þóknun fyrir starf sitt fær nýbýlastjóri eftir samningi við Búnaðarfélag Íslands, sem samþykktur sé af atvinnumálaráðherra.

20. gr.

Nánari reglur um framkvæmd þessara laga setur atvinnumálaráðherra, eftir tillögum nýbýlastjóra.

21. gr.

Með lögum þessum eru önnur lög og ákvæði í lögum, er varða nýbýli hér á landi og koma í bága við lög þessi, úr gildi felld.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutun Bændaflokksins, og hefir Sig. Sigurðsson búnaðarmálastjóri gert fyrsta uppkast að frumvarpinu, sem síðan hefir tekið nokkrum breytingum. Þá hefir hann og samið greinargerð, er hér fer á eftir:

Fyrir rúmum þúsund árum komu forfeður vorir hingað til lands og námu land. Þeir reistu nýbýli um land allt, og á hlutfallslega stuttum tíma var landið fullnumið. Hin nýja byggð var miðuð við það, að sem auðveldast yrði að hagnýta sér gæði landsins, hvort sem var að ræða um gróður, veiðar, reka eða önnur gæði, sem landið hafði að bjóða. Býlin urðu mismunandi stór. Aðalból í búsældarsveitunum, kringum þau minni býli, hjáleigur, og dreifð kot upp til fjalla og með ströndum fram, þar sem síður var búsældarlegt. Á þennan hátt var hæg aðstaða fyrir bændur landsins til að nota gæði þess, og það land, sem lá fjær býlunum, var notað sem afrétt, eða þar voru byggð sel.

### Landið fullnumið.

Sem sagt, tilgangur hinna fyrstu landnema var að hagnýta gæði landsins sem bezt, gróður, veiðar, eggjatekju, reka og annað, sem landið hafði að bjóða. Um hitt var lítt athugað, hvort þessi gæði myndu ganga til þurrðar. En það kom brátt í ljós, að öll þau gæði, sem til að byrja með virtust vera í yfirfljótanlegum mæli, gengu fljótt til þurrðar. Skógurinn eyddist, landið fór að blása upp, veiðar brugðust, fiskurinn gekk eigi ætíð upp að ströndum landsins eða inn á firði. Veðráttan var breytileg o. fl. Allt þetta voru vonbrigði. Menn reyndu umbætur; sagnir og venjur sýna, að allmikið hefir verið gert að þeim á fyrri öldum. Mest hefir verið unnið að girðingum og vatnsveitum. Þess sjást enn merki víðsvegar um land.

Þegar landnámsmenn reistu hér bú, var landið skógi vaxið milli fjalls og fjöru, ár og vötn full af silungi og laxi, óhemja öll af fugli, hvölum og selum og fiskurinn gekk upp í landsteina. Margra alda friðun hafði aukið gróðurteppi lands vors og gert það þroskamikið. Líkt var með öll lands- og lagardýr. Gæði landsins gáfu því landsmönnum mikið í bú. Það virtust nær óþrjótandi möguleikar til búsfanga. En allt, sem af er tekið, þverr, og svo reyndist hér.

Nýir vágestir komu einnig til sögunnar. Yfir landið komu hallæri, ísar um-

luktu það. Vegna hríða og fannkyngis gat búpeningurinn enga björg fengið og féll unnvörpum. Eldgos og öskufall eyðilagði stærri eða minni svæði af landinu, svo þar varð eigi lífvænt, enda féll fólk þá unnvörpum. Margar sveitir og býli íögðust þá í auðn. Um allar sveitir lands vors sjást merki til þessa. Út á annesjum, í innstu dölum, já, upp í öræfum sjást rústir af fornum byggðum.

Um tölu býla á Íslandi til forna er allt á huldu. Þau voru fyrst talin 1703, svo ábyggilegt sé. Síðan telja landshagsskýrslur og fasteignamöt, að þau hafi verið:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1703 | 7537 | 1801 | 7401 | 1852 | 5621 | 1901 | 6796 |
| 1910 | 6687 | 1922 | 6146 | 1932 | 5749 | | |

Í jarðamatinu 1922 eru talin 248 eyðibýli, en 1932 eru þau talin 489. Innan kauptúna eru talin 76 býli 1922, en engin 1932. Að þessu leyti og fleiru er ósamræmi í matinu.

Samkvæmt jarðamatinu 1922 og 1932 hefir býlum fækkað á þessum 10 árum um 397. Í þessu sambandi er fróðlegt að athuga manntölin 1920 og 1930. Þau telja heimili á öllu landinu þannig:

| | 1920 | 1930 |
|---|---|---|
| Reykjavík | 3652 | 5618 |
| Kaupstaðir | 2445 | 3669 |
| Verzlunarstaðir | 2514 | 3035 |
| Sveitir | 9009 | 8654 |
| Alls | 17620 | 20976 |

Samkvæmt þessu hefir heimilum í sveitum fækkað á þessum 10 árum um 355. En í kaupstöðum og verzlunarstöðum hefir þeim fjölgað um:

| | |
|---|---|
| Reykjavík | 1966 |
| Kaupstöðum | 1224 |
| Verzlunarstöðum | 521 |
| Alls | 3711 |

Þessar tölur sýna, að mjög er athugavert, hve býlum og heimilum í sveit fækkar, einkum á síðustu áratugum, þrátt fyrir það, að nokkur nýbýli hafa komið til sögunnar, sem síðar mun tilgreint.

## Nýbýli.

Ég hefi síðustu árin safnað upplýsingum um nýbýli, eyðijarðir, ræktun við kauptún o. fl. Eyðublöð hafa verið send til allra hreppstjóra, bæjar- og borgarstjóra á landinu. Svör hafa komið frá rúmum 100, en ókomnar eru upplýsingar frá mörgum enn. Verður því eigi gefin út heildarskýrsla um þetta enn. En nokkur atriði viðvíkjandi nýbýlunum skulu tilfærð.

Nýbýli þau, sem upplýsingar eru til um, eru stofnuð á síðustu 50 árum. Tala býlanna er 90. Á 27 þeirra eru steinhús, 28 timburhús, 23 torfbæir og óákveðið eða blandað byggingarefni á 12 býlum.

Eftir sýslum er tala býlanna:

| | |
|---|---|
| Gullbringu- og Kjósarsýsla | 10 |
| Snæfellsnessýsla | 3 |
| Dalasýsla | 2 |

| | |
|---|---|
| Barðastrandarsýsla | 6 |
| Ísafjarðarsýsla | 9 |
| Strandasýsla | 2 |
| Húnavatnssýsla | 9 |
| Skagafjarðarsýsla | 1 |
| Suður-Þingeyjarsýsla | 26 |
| Norður-Þingeyjarsýsla | 7 |
| Norður-Múlasýsla | 5 |
| Suður-Múlasýsla | 3 |
| Vestur-Skaftafellssýsla | 1 |
| Rangárvallasýsla | 4 |
| Árnessýsla | 2 |
| Samtals | 90 |

Stærð ræktaða landsins er sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Á 24 býlum minna en | 1 ha. |
| — 24 — | 1—2 — |
| — 18 — | 2—3 — |
| — 5 — | 3—4 — |
| — 2 — | 4—5 — |
| — 2 — | 5—6 — |
| — 15 — óákveðin stærð. | |

Stærð óræktaða landsins, sem fylgir býlunum, er mjög misjöfn, og víða alls ekki getið um hana á skýrslunum, en mörg býlanna hafa óskipt land með jörð þeirri, sem þau eru byggð úr, eða aðeins beitarréttindi.

Ræktun á nýbýlum þessum er víða lítil. Töðuafli sumstaðar svo að segja enginn.

Að meðaltali kemur á býli:

| | |
|---|---|
| Taða | 79,2 hestar. |
| Úthey | 50,3 — |
| Jarðepli | 4,4 tunnur. |
| Rófur | 3,5 — |
| Nautgripir | 2,0 |
| Sauðfé | 48,2 |
| Geitfé | 0,85 |
| Hross | 2,1 |
| Alifuglar | 6,2 |

Heimilismenn eru 5 að meðaltali á býli.

Skýrsla þessi gefur nokkra hugmynd um, hvernig ástæðurnar eru með nýbýlastofnunina í landinu. En hinsvegar er þetta eigi heildarmynd, þar eð upplýsingar vantar frá mörgum stöðum.

Það, sem hér er sérstaklega athyglisvert, er, hve býlin hafa lítið land til umráða. Ræktun og áhöfn er lítil, svo að í raun og veru eru þetta eigi býli til að framfleyta fjölskyldu, heldur öllu heldur verkamannabústaðir, þar sem menn verða að leita atvinnu annarsstaðar.

**Fyrirskipanir um nýbýli.**

Í þessa átt er fyrirskipun, sem kom út 1776. Hún heimilar Hans Wium að verja nokkrum hluta af tekjum Múlasýslna til styrktar fólki, sem tekur jarðir, sem erfitt er að halda í byggð. Einkum skal nýgiftum hjónum veitt hlunnindi með eftirgjöf á sköttum og tíundum í fámennum sveitum.

Þetta er ein af fyrstu ráðstöfunum til að viðhalda byggð á Íslandi.

Landsnefndinni, sem skipuð var 1770, var falið að athuga, hver ráð væru til að byggja upp eyðijarðir. Árið 1776 gaf konungur út fyrirskipun um hlunnindi þau, er nýbyggjendum á Íslandi veitist til að byggja upp eyðijarðir.

Aðalefni þessarar fyrirskipunar var:

Fyrst er kvartað um, að jarðir fari í eyði og fólkinu fækki. Til að ráða bót á þessu er fyrirskipað:

1. Heimilt er að byggja nýbýli á landi, sem enginn eigandi finnst að. Um þetta eru settar ýmsar reglur.
2. Nýbýli má taka upp í afréttum, almenningum og óbyggðum landsplássum. Um þetta eru þó sett mörg ákvæði.

Stjórnarvöldunum er falin framkvæmd þessara mála. Setja og þinglýsa landamerkjum nýbýlanna og öðrum hlunnindum, svo allt sé á löglegan hátt framkvæmt.

Hlunnindi nýbyggjenda samkvæmt tilskipuninni eru:

1. Skattfrelsi í 20 ár.
2. Ef nýbyggjandi á eigi landið sjálfur, hefir hann skattfrelsi og tíundarfrelsi sína lífstíð, svo og ekkja hans. Sonur eða dóttir hafa forgangsrétt að ábúðinni. Ef jarðareigandi hefir reist húsin, er leiguliði laus við landsskuld í 3 ár, en 10 ár, ef hann hefir sjálfur reist húsin, og síðan eftir mati. Ef um konungsjarðir er að ræða og nýbyggjandi byggir sjálfur, fær hann öll þau hlunnindi, sem nefnd hafa verið, og jörðina leigulaust í 20 ár.
3. Þeir, sem reisa nýbýli þar, sem enginn er eigandi, fá eignar- og óðalsrétt á landinu. Hinsvegar er þessum mönnum gert að skyldu að girða tún sín og annað af landareigninni eftir megni, og þar að auki ryðja og yrkja jörðina. Verði misbrestur á þessu, missa þeir sín réttindi.

Í bréfi stjórnarinnar 1776 til stiftamtmanna er þeim, er taka bólfestu á eyðijörðum, heitinn styrkur bæði til bygginga og áhafnar.

Í ferðabók Olaviusar 1780 getur Jón Eiríksson nokkuð um árangurinn af þessum fyrirskipunum. Hann segir, að 4 eyðijarðir hafi verið byggðar og 7 nýbýli reist. Nokkur bættust síðan við.

Það, sem stóð nýbýlastofnuninni fyrir þrifum, var einkum það, að bændum þóttu þau skerða bithaga. Sem dæmi þess er nefnt, að presturinn í Húsavík hafi látið byggja nýbýli á heimajörðinni. En bændur söfnuðust saman og rifu húsin og sögðu, að nýtt býli myndi orsaka vöntun á bithaga.

Um nýbýlamálið er hljótt alla 19. öldina, en í lok hennar, 1897, koma nýbýlalög, sem enn eru í gildi.

Aðalefni þessara laga er:

Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í óbyggðum, samkvæmt reglum, sem

þar um eru settar í lögunum. Nýbyggjendur fá engin hlunnindi samkvæmt lögum þessum.

Síðan hafa engin nýbýlalög komið út. Að vísu eru þó ákvæði í jarðræktarlögunum um, að þjóð- og kirkjujörðum megi skipta í nýbýli.

Í lögum um Byggingar- og landnámssjóð (1928) er heimild til að lána til bygginga á nýbýlum. Meðal annars eru þar þessi ákvæði:

„Nýbýli í lögum þessum telst hvert það býli, sem reist er af nýju, annaðhvort á gamalli eyðijörð eða landi, sem skipt er úr jörð, sem er í ábúð, hvort sem því í upphafi fylgir nokkurt ræktað land eða ekki".

„Lán til að reisa nýbýli á ræktuðu landi, eða til að reisa býli, sem ræktað land fylgir, skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sé 3½% í 50 ár.

Lán til nýbýla, sem reist eru á óræktuðu landi og ekkert ræktað land fylgir, eru bæði afborgana- og vaxtalaus fyrstu 5 árin. Síðan skal endurborga höfuðstólinn með jöfnum afborgunum á 50 árum, en enga vexti greiða".

Þá eru ýms ákvæði um kröfur þær, sem gerðar eru til nýbyggjenda, lánskjörin o. fl., sem eigi verður farið nánar út í.

Byggingar- og landnámssjóður hefir alls lánað þessi árin, 1929–33, fé til að reisa 29 nýbýli, eða nær 6 býli árlega, þar af 9 á óræktuðu landi. Alls er til þessara býla lánað:

| | | |
|---|---|---|
| Býla á ræktuðu landi ..... | kr. | 173200.00 |
| Býla á óræktuðu landi ..... | kr. | 70500.00 |
| Alls | kr. | 243700.00 |

eða sem svarar á býli kr. 8400.00.

En á meðan þessi býli eru reist má ætla, að um 200 býli hafi farið í eyði á landinu. Um þetta eru þó eigi til ábyggilegar tölur, en víst er um það, að árlega hrörnar fjöldi býla, þannig að ef ekkert er að gert, liggur þeim við að fara í auðn. Þetta gildir eigi aðeins um kotin, smábýlin, heldur og hin fornu höfuðból. Lítum á prestssetrin víðsvegar um land og önnur forn menningarból, stórbýlin og höfðingjasetrin. Víðast er sama raunasagan, þótt undantekningar séu nokkrar.

**Tillögur um nýbýlastofnun.**

Þótt vér höfum enga heildarlöggjöf um nýbýli, hefir hinsvegar á síðustu áratugum mikið verið talað um stofnun nýbýla og samvinnubyggða.

Tillögur þær, sem komið hafa fram, verða hér eigi raktar. Einna merkust var stofnun félagsins Landnám 1924, sem er stofnað í líkum anda og félagið Ny jord í Noregi. Þetta félag hefir aldrei fundið náð hjá ríkisvaldinu, og hefir því haft lítið fé til umráða og litlu áorkað, þótt markmið þess sé gott. Félagið Landnám kom því til leiðar, að reist var nýbýlahverfi við Reykjavík, í Sogamýrinni. Þar hefir unnizt nokkur reynsla.

Þá hefir og nýbýlamálið verið rætt á búnaðarþingi og búnaðarmálafundum víðsvegar um land, og á þingi hafa verið borin fram frumvörp um stofnun nýbýla, sem öll hafa strandað þar. Af þessum frumvörpum má nefna:

Frumvarp til laga um nýbýli, flutningsmaður Jörundur Brynjólfsson, lá

fyrir þingunum 1931 og 1932, en náði eigi samþykki. Þá hefir Jón Baldvinsson flutt frumvarp til laga um nýbýli á fleiri þingum, síðast 1933. Í báðum þessum frumvörpum eru ýms ákvæði, sem að gagni mættu koma, og eru hin helztu þeirra tekin með í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

**Aðstaða nýbyggjenda nú.**

Þeir, sem nú vilja reisa nýbýli, eiga erfiða aðstöðu, hafa eigi fjármagn, sem þeir geti lagt í býlin sjálfir. Styrkur til nýbýla er enginn veittur, aðeins til ræktunar samkvæmt jarðræktarlögunum. Ef lán þarf að taka, þarf sérstakt lán til bygginga, sérstakt til ræktunar, sérstakt til áhafnar. Stundum er þetta fengið sitt í hverri lánsstofnun. Þetta er mjög óhentugt og erfitt. Lán, hæfilegt til að byggja, rækta og koma upp búi, þurfa að fást á einum og sama stað. Leiðbeiningar um allt, sem að nýbýlastofnun lýtur, eru mjög í molum, þar sem engum er ætlað það sérstaklega. Mörg mistök eru því gerð og fjárhagsafkoman oft eigi glæsileg.

**Að rækta og byggja landið.**

Þegar talað er um ræktun og byggingu lands vors, liggur næst að hugsa um, á hvern hátt búnaður vor verði reistur úr rústum, svo að hann verði lífvænleg atvinnugrein, hvernig á hinum núverandi býlum verði gerð viðunandi bygging og ræktun, svo að þar geti starfað frjálsir og sjálfstæðir menn. Um þetta verður þó eigi rætt hér, en athugað um það, hvort möguleikar séu hér til nýbýlastofnunar.

Möguleikar til aukinnar ræktunar á landi voru eru miklir. Hve miklir, vitum vér eigi, þar eð ábyggilegar tölur um ræktanlegt land og ræktað land eru eigi til. En ætla má, að vér eigum um 2 millj. ha. af ræktanlegu landi, þar af helmingur mýrar. Ræktað land (tún og garðar) mun vera nálega 30 þús. ha. Það er minna en Flóinn (sem er 39300 ha.). Séu þessar tölur nálægt sanni, er aðeins 1,5% af hinu ræktanlega landi komið í rækt, og getur þá hver og einn gert sér í hugarlund, hve geysimikið verkefni er hér fyrir höndum við að rækta og byggja landið.

Búnaður vor hefir verið stundaður nokkuð einhliða og í föstum skorðum, aðalatriðið heyöflun, sauðfjár- og nautpeningsrækt.

Með nýbýlarækt, sem stofnað er til með forsjá og dugnaði, er hægt að reyna nýjar leiðir, enda kemur nú fleira til greina en áður var, svo sem haganleg húsaskipun á heimilunum, bæði á íbúðar- og peningshúsum, svo heimilisstörfin verði sem auðveldust. Túnin þurfa að vera slétt og véltæk, garðyrkjan meiri og fjölskrúðugri. Ný gróðurskilyrði eru að koma til sögunnar; við laugar og hveri eru skilyrði til að reisa stóra gróðrarskála, þar sem möguleikar eru til að rækta eigi aðeins blóm, heldur og ýmsar nytjajurtir, jafnvel tóbak þrífst þar ágætlega og ýms suðræn aldini.

Reynsla í þessum efnum er hinsvegar enn í barndómi. Þegar hún er fengin, geta risið upp nýbýli á jarðhitasvæðunum, sem aðallega stunda garðyrkju, bæði í gróðrarskálum og úti.

Þá eru nýjar búpeningstegundir að koma til sögunnar. Alifuglarækt má stunda í stórum stíl, sérstaklega þegar menn læra að nota meira af innlendum

fóðurefnum handa alifuglum. Svínarækt má hafa á hverju býli, og kanínurækt er talin arðvænleg. Þá má benda á loðdýraræktina, sem hér er í uppsiglingu, og fleira getur komið til sögunnar.

Eitt má eigi gleymast í öllu þessu. Hin nýju viðfangsefni búnaðarins eru enn lítt reynd hér á landi. Til þeirra þarf því að stofna með forsjá, ef vel á að fara.

**Tilgangur nýbýlastofnunar.**

Með nýbýlum myndast nýjar bújarðir, sem um ókomnar aldir eiga að gefa möguleika til að fæða og klæða eina fjölskyldu á viðunandi hátt. Vel þarf því til nýbýlanna að vanda, svo að þau geti fullnægt þessari kröfu. Húsakynnin þurfa að vera hagfelld. Ræktun og annað, sem á að gefa býlinu tekjur, þarf að vera vel undirbúið og starfrækt. Með nýbýlum er það tilgangurinn, að hagnýta betur þau gæði, sem fósturjörðin hefir að geyma, draga úr jörðu hina huldu fjársjóðu, gull, og nýta sem bezt þau fæðu- og fóðurefni, sem hér er hægt að framleiða.

Til þess að nýbyggjendur séu þess umkomnir að leysa þetta hlutverk af hendi, þurfa þeir að vera menntaðir og sjálfstæðir menn, en eigi ánauðugir þræl-ar skuldafjötra, sem gerir búskapinn að basli.

**Manntal á Íslandi.**

Samkvæmt manntali síðustu áratuga hefir fólksfjöldi á Íslandi verið sem hér segir:

| | 1920 | | 1930 | |
|---|---|---|---|---|
| | Sveitir | Bæir | Sveitir | Bæir |
| Reykjavík | „ | 17679 | „ | 28304 |
| Aðrir kaupstaðir | „ | 11377 | „ | 17791 |
| | | 29056 | | 46095 |
| Gullbringu- og Kjósarsýsla | 3769 | 509 | 3933 | 1360 |
| Borgarfjarðarsýsla | 1551 | 928 | 1405 | 1270 |
| Mýrasýsla | 1519 | 361 | 1336 | 428 |
| Snæfellsnessýsla | 2176 | 1713 | 1991 | 1545 |
| Dalasýsla | 1854 | „ | 1602 | „ |
| Barðastrandarsýsla | 2878 | 436 | 2189 | 930 |
| Ísafjarðarsýsla | 4133 | 2194 | 3489 | 2097 |
| Strandasýsla | 1776 | „ | 1833 | „ |
| Húnavatnssýsla | 3908 | 365 | 3550 | 328 |
| Skagafjarðarsýsla | 3847 | 510 | 3232 | 780 |
| Eyjafjarðarsýsla | 4672 | 329 | 4315 | 861 |
| Þingeyjarsýsla | 4907 | 628 | 4800 | 874 |
| Norður-Múlasýsla | 2963 | „ | 2766 | „ |
| Suður-Múlasýsla | 3375 | 1847 | 2807 | 1707 |
| Austur-Skaftafellssýsla | 1158 | „ | 1127 | „ |
| Vestur-Skaftafellssýsla | 1818 | „ | 1723 | „ |
| Rangárvallasýsla | 3801 | „ | 3505 | „ |
| Árnessýsla | 4140 | 1569 | 3874 | 1109 |
| Samtals | 54245 | 40445 | 49477 | 59384 |

Samkvæmt þessari skýrslu hefir á síðasta áratug fækkað í sveitunum um 4768, en fjölgað í bæjunum um 9907. Nákvæmar má athuga þetta eftir skýrslunni í hinum einstöku bæjum og sýslum.

Þessi breyting á starfsháttum þjóðarinnar er íhugunarverð. Menn flytja til bæjanna, finnst lífsskilyrðin þar betri. Af því leiðir fækkun í sveitunum, en fjölgun í bæjunum. Hin árlega fólksfjölgun er rúm 1700 manns á landinu. Með ári hverju eykst því þörfin fyrir fæðuefni. Búsafurðirnar (mjólk, kjöt, grænmeti) eru hin hollustu og beztu fæðuefni, sem vér eigum kost á.

Fækki fólkinu að mun í sveitunum, verður skjótt þurrð á þessum fæðuefnum, og skal það nú athugað nánar.

**Þörf búsafurða.**

Frá landnámstíð og fram að síðustu áratugum hafa feður vorir aðallega lifað af búsafurðum og sjávarfangi. Búin gefa hin ágætustu fæðuefni, kjöt, mjólk og garðávexti. Auk þessa skinn og ull til klæðnaðar. Ef gnægð er af þessu og það allt hagnýtt sem bezt, er það ómetanlegt til að viðhalda lífskrafti og sjálfstæði þjóðar vorrar. Nokkru nánari grein skal fyrir þessu gerð.

Um framleiðslu búsafurða vorra eru því miður eigi til nákvæmar skýrslur, en nokkra grein er hægt að gera sér fyrir því, hvernig ástæður eru í þeim efnum, og skal það nú gert.

Öll mjólkurframleiðsla vor er talin að vera um 48 millj. lítra árlega. Það samsvarar um 440 lítrum að meðaltali á hvert mannsbarn á landinu. Mjólkurnotkunin er næsta mismunandi í hinum ýmsu sýslum landsins og einstökum sveitum, sumstaðar eigi meiri en 140 lítrar pr. mann, en á einstaka býlum allt að 1000 lítrum.

Mjólkin er hið hollasta og bezta fæðuefni, sem fáanlegt er á landi voru. Því myndi það vera þjóðarheill, ef framleiðsla hennar og notkun yrði aukin um ⅓ frá því, sem nú er. Menn nota víða of lítið af mjólk og mjólkurafurðum, og svo mætti blanda miklu smjöri í smjörlíkið.

Kjötframleiðsla vor var árið 1931 samkvæmt útreikningi Theodórs Arnbjörnssonar:

| | |
|---|---|
| Sauðakjöt ..... | 6600000 kg. |
| Nautakjöt ..... | 812000 — |
| Hrossakjöt ..... | 396000 — |
| Samtals | 7808000 kg. |

Af þessu kjöti selja bændur um 4,5 millj. kg. Þar af innanlands 2,4 millj. kg., aðallega til kaupstaðanna. Það verður um 40 kg. pr. mann í kaupstöðum.

Til útlanda er selt 2,1 millj. kg. Ef það kjöt væri allt notað í landinu, yrði það tæp 20 kg. pr. mann.

Samkvæmt framansögðu er innanlands-kjötneyzlan um 53 kg. pr. mann.

Nú fjölgar fólkinu um ca. 1700 árlega. Það eykur kjötþörfina um ca. 90000 kg. árlega.

Af eggjum hefir verið flutt til landsins árlega á undanförnum árum samkvæmt verzlunarskýrslum:

| | Vörumagn kg. | Verð kr. |
|---|---|---|
| 1921 ..... | 16935 | 77424 |
| 1922 ..... | 28857 | 105650 |
| 1923 ..... | 38962 | 137328 |
| 1924 ..... | 23854 | 97060 |
| 1925 ..... | 43475 | 144924 |
| 1926 ..... | 61226 | 156704 |
| 1927 ..... | 57437 | 134856 |
| 1928 ..... | 60752 | 149118 |
| 1929 ..... | 57722 | 140946 |
| 1930 ..... | 97110 | 206834 |
| 1931 ..... | 99261 | 172838 |
| 1932 ..... | 57164 | 110247 |
| Samtals: | 632755 | 1623929 |

Alifuglarækt hefir aukizt mikið hér á landi hin síðari árin. Hana er réttmætt að stunda hér, einkum á smábýlunum, og þegar vér lærum að nota meira af innlendum fóðurefnum, mun hún geta orðið arðvænleg. Framleiðsluna má auka að miklum mun fyrir innanlandsmarkaðinn.

Loðdýrarækt hefir verið reynd hér allvíða á síðari árum. Möguleikar til stórfelldra umbóta og aukningar eru fyrir höndum.

Af ull og skinnum höfum vér gnægð, en betur þyrftum vér að hagnýta þessar vörur en nú er gert.

Garðávextir. Af þeim hefir verið flutt til landsins:

| | Vörumagn kg. | Verð kr. |
|---|---|---|
| 1921 ..... | 1729616 | 478892 |
| 1922 ..... | 2461705 | 602505 |
| 1923 ..... | 1996801 | 442404 |
| 1924 ..... | 2183461 | 712111 |
| 1925 ..... | 2546804 | 606026 |
| 1926 ..... | 2361022 | 424421 |
| 1927 ..... | 2342561 | 511618 |
| 1928 ..... | 1999963 | 443739 |
| 1929 ..... | 2103447 | 427258 |
| 1930 ..... | 2597551 | 466377 |
| 1931 ..... | 2822547 | 527246 |
| 1932 ..... | 2873426 | 568509 |

Árið 1932 hefir verið flutt inn af rótarávöxtum og grænmeti:

| | Vörumagn kg. | Verð kr. |
|---|---|---|
| Jarðepli ..... | 2234622 | 357758 |
| Gulrætur og næpur ..... | 12750 | 3613 |
| Rófur ..... | 5042 | 1549 |
| Laukur ..... | 104323 | 37552 |
| Kálhöfuð ..... | 124901 | 30052 |
| Annað nýtt grænmeti ..... | 5060 | 2779 |

| | Vörumagn kg. | Verð kr. |
|---|---|---|
| Grænmeti þurrkað ..... | 867 | 2839 |
| Kaffirætur ..... | 383948 | 126698 |
| Humall ..... | 1913 | 5669 |
| Samtals | 2873426 | 568509 |

Vér þurfum að rækta og nota margfalt meira af garðávöxtum en nú tíðkast. Á minni heimilum er þetta sérstaklega auðvelt. Menn eiga að rækta þar eigi aðeins til eigin nota, heldur og hafa nokkuð aflögu til sölu, sem getur gefið heimilunum drjúgar tekjur. Með notkun vermireita og gróðrarskála (einkum við laugar) opnast nýjar leiðir til aukinnar garðyrkju og framleiðslu nýrra garðávaxta hér á landi. Vér verðum að vera sjálfbjarga í þessum efnum sem öðrum.

Af þessu, sem nú hefir verið sagt, er ljóst, að þörf er á aukinni framleiðslu búsafurða og aukinni ræktun á landi voru. Hinum byggðu býlum þarf að halda við, hýsa þau betur og haganlegar en nú tíðkast og auka og bæta ræktunina. En þetta er eigi nægilegt. Árlega þurfa að risa upp nýbýli, býli, sem sýna, að nútímaþekking í húsagerð, ræktun og öðrum búrekstri er tekin til notkunar. Það er stofnun þessara býla, sem þjóðfélag vort þarf að styðja, svo að þeim einstaklingum, sem vilja leggja fé, starf og krafta til stofnunar slíkra býla, verði það kleift.

Staðhættir og ýmsir möguleikar á landi voru eru mjög breytilegir, svo og framtíðarhugsjónir manna. Af þessum ástæðum verður eigi nýbýlalöggjöf vorri sniðinn þröngur stakkur. Í fyrstu aðeins markaðar stefnurnar og ætlazt til, að ríkið rétti hjálparhönd þar, sem vilji og dugur er til einhverra framkvæmda í þessum efnum. Reynslan sýnir svo bezt, hvert horfir, og smátt og smátt verður að gera nýbýlalöggjöfina nákvæmari, þegar reynsla og þekking vinnst í þeim efnum.

Til skýringar hinum einstöku greinum frumvarpsins má taka fram:

Um 1. gr.

Fjöldi jarða víðsvegar um land eru lítt ræktaðar, en hafa í sér fólgna möguleika til aukinna umbóta og ræktunar. Mörgum eru æskustöðvarnar kærastar. Því er eðlilegt að styðja að því, að foreldrar skipti jörðum á milli barna sinna, þar sem landrými er nóg og ástæður eru til. Þá getur og verið ástæða til að byggja upp sumar eyðijarðir. Svo er t. d. á sandgræðslusvæðunum, þar sem sandgræðslan er búin að starfa, eða á jarðapörtum, sem ríkið hefir eignazt, t. d. á Flóaáveitusvæðinu.

Um 2. gr.

Nýbýlahverfi hugsast stofnuð af nýbýlafélögum, sem hafa það að markmiði að reisa og rækta nýbýli handa félögum sínum. Félög þessi hugsast með samvinnusniði. Verið getur og, að annar félagsskapur standi að þessu, t. d. búnaðarfélög, búnaðarsambönd eða jafnvel sýslu- eða hreppsfélög.

Nýbýlahverfi má mynda á þann hátt, að stór jörð sé tekin til skiptingar eða stórt landsvæði fengið á annan hátt. Í Flóanum fær ríkið nokkrar landspildur, sem reisa mætti á nýbýlahverfi. Þetta getur verið sjálfstætt félag hlutaðeigenda,

sem að þessu standa og komið hafa sér saman um vissar reglur fyrir nýbýlastofnun, og sem svo að sjálfsögðu fá leiðbeiningar og stuðning til að koma þessu í framkvæmd.

Þegar um er að ræða stofnun nýbýlahverfa, þarf vel að vanda val á landi. Vegasambönd þurfa að vera góð, möguleikar til raforku, hægt með vatnsleiðslur í hús, góð ræktunarskilyrði, og mikil búbót eru hverir og laugar til upphitunar á húsum o. fl.

Í nýbýlahverfi geta býlin verið misstór, sum geti fætt fjölskyldu, önnur aðeins að nokkru, en heimilisfaðirinn eða aðrir leiti sér einnig annarar atvinnu. Þannig hagar t. d. til á Suðurlandi, að vetrarvertíðin gefur oft góðar tekjur, en á þeim tíma er oft lítið að starfa að búnaði, en hinn tími ársins hentugri til þess. Að sækja til sjávar og afla fjár, en hverfa síðan að landyrkjunni, er heilbrigð hugsjón, sem vér hyggjum, að réttmæt sé hjá oss, svo sem staðháttum er háttað.

Um 3. gr.

Ríkisnýbýli er ætlazt til, að geti verið annað tveggja einstök býli eða nýbýlahverfi, hvorttveggja reist á jarðeignum ríkisins, eða ef nauðsyn þykir, að ríkið kaupi land til þessara framkvæmda. Einstök nýbýli geta verið reist á landspildum, er ríkið eignast á áveitusvæðunum eða á pörtum af þjóð- og kirkjujörðum.

Ríkisnýbýlahverfa er hugsað að stofnað sé til á stórum landspildum, svo stórum, að hægt sé að reisa þar tugi nýbýla og með tíð og tíma mynda þar sjálfstæða sveit með öllum nútíma þörfum, veganeti, raforku, skóla, kirkju, samkomuhúsi og að sjálfsögðu vel hýstum nýbýlum með fyrirmyndar ræktun o. fl.

Undirbúningur þessara býla kostar mikið, aðallega starfskrafta. En vér hyggjum, að eigi verði betur bætt úr atvinnuleysi í landinu en á þann hátt, að nokkrum hluta hinna atvinnulausu manna verði fengin störf við undirbúning nýbýla. Ennfremur gæti komið til greina, hvort starfskröftum þeim, sem eru á vinnuhæli ríkisins á Eyrarbakka, verði betur varið en til undirbúnings nýbýla. Vér ætlumst til, að ríkið byggi og rækti þessi býli til hálfs og leigi þau síðan eða selji, eftir því sem hentast þykir.

Um 4. gr.

Vér hyggjum, að nýbýlastofnun hér á landi geti eigi komizt í viðunandi horf, nema því aðeins, að ríkið veiti verulegan stuðning til hennar. Land vort er hrjóstrugt og byggingar og ræktun dýr, nær hálfu dýrari en almennt er í nágrannalöndum vorum. Býli byggt og ræktað getur aldrei rentað sinn stofnkostnað, svo sem nú standa sakir. En á hinn bóginn er það ómetanlegt gagn fyrir þjóðfélagið, að stofnað sé til nýrra býla, sem um aldur og ævi veiti fjölskyldu viðunandi lífskjör. Þess vegna hyggjum vér það skyldu þjóðfélagsins, að það eftir megni styðji og styrki nýbýlastofnun í landinu.

Styrkur sá, sem ætlazt er til, að veittur sé samkv. þessari grein, er tvenns konar. Fast framlag, sem ætlað er til styrktar nýbýlum og nýbýlahverfum, og helmingur atvinnubótafjárins, sem ætlaður er til ríkisnýbýlanna, enda hyggjum vér, að þessu fé verði eigi varið betur á annan hátt.

Mörgum mun finnast, að upphæð sú, sem ríkinu er ætlað að leggja fram til nýbýla, sé allmikil. En sé þetta miðað við heimild þá, sem felst í frumvarpi um verkamannabústaði, sem nú liggur fyrir þinginu, er þetta eigi há upphæð.

Samkv. frumvarpinu um verkamannabústaði greiði ríkissjóður í byggingarsjóð 2 kr. fyrir hvern mann í kaupstöðum og kauptúnum.

| | | |
|---|---|---|
| Nú eru íbúar kaupstaða og kauptúna um 60000, sem gerir . | kr. | 120000.00 |
| Kaupstaðir og hreppar leggja fram sömu upphæð ..... | — | 120000.00 |
| Hálfar tekjur Tóbakseinkasölunnar 1932 ..... | — | 176000.00 |
| Samtals | kr. | 416000.00 |

Upphæð þessi er rúmum 160 þúsund kr. hærri en sú, sem nefnd er hér í frumvarpinu sem beint framlag úr ríkissjóði, og er þá að dæma um, hvort sé meiri þörf að fjölga heimilum í kaupstöðum eða sveitum.

Um 5. gr.

Styrkur sá, sem veittur yrði til nýbýla, hyggjum vér, að þyrfti að vera allt að helmingur, en að visst hámark sé þó sett um það, hve mikið megi veita til hvers býlis. Í nýbýlahverfum ættu býlin að verða ódýrari, og því er það hámark sett lægra.

Um 6. gr.

Það verður að álítast, að styrkur sá, sem ríkið leggur til nýbýla, sé stofnfé, sem notandi býlisins hafi leigulaust um aldur og ævi, en sem hann megi þó eigi selja eða veðbinda. Verður því að búa um það þannig, að þetta verðmæti geti eigi farið í brask. Spursmál gæti verið um það, hvort áskilja ætti ríkinu forkaupsrétt að býlunum við sölu.

Um 7. gr.

Ríkisnýbýlin eiga að vera fyrirmyndarbýli og vel til þeirra vandað, svo alla nýtízku búnaðarhætti sé þar hægt að framkvæma. Með tíð og tíma vinnst svo reynsla í þessum efnum, sem öðrum getur orðið til fyrirmyndar eða viðvörunar.

Þegar staður er valinn fyrir ríkisnýbýli, þarf að láta mæla og teikna kort af landsvæði því, sem taka á, og um leið rannsaka alla möguleika, sem til greina geta komið. Þegar þessu er lokið, verður að gera áætlanir um byggingar, vegi, ræktun, vatnsleiðslur, rafvirkjun o. fl., sem að undirbúningnum lýtur. Þá honum er lokið, má byrja með framkvæmdir. Fyrst byggingar, sem á meðan á starfinu stendur má nota handa verkamönnum, síðan fyrir nýbyggjendur. Síðan verða önnur störf framkvæmd, eftir því sem henta þykir. Að byggja og rækta heilt nýbýlahverfi með 20—40 býlum er mikið starf. Þetta er ætlazt til, að framkvæmt sé með atvinnubótafé, og hyggjum vér, að því verði eigi varið til annara nytsamari framkvæmda.

Um 8. gr.

Kunnugt er, að mörg þeirra nýbýla, sem reist hafa verið á síðari árum, hafa við mikla fjárhagsörðugleika að stríða. Réttmætt virðist því að rétta þeim hjálparhönd til að reisa við búnað þeirra og framtíðarmöguleika.

Um 9. gr.

Að undanförnu hefir það verið svo, að nýbyggjendur hafa þurft að útvega sér lán á mörgum stöðum. Á einum staðnum til bygginga, á öðrum til ræktunar og á hinum þriðja til verkfæra, áhafnar og búrekstrar. Þetta er mjög óhentugt. Samkvæmt þessu frumvarpi er ætlazt til, að allri lánsþörf nýbyggjenda sé fullnægt í Búnaðarbankanum, en að hinsvegar sé þess gætt, að býlin verði eigi um of skuldum hlaðin. Búnaðarbankanum er ætlað að annast þessi lán, og þarf ríkið að sjá fyrir því, að hann hafi fjárráð til þess.

Um 10. gr.

Þegar land til nýbýla er ákveðið, þarf það að vera með ákveðnum ummerkjum, og nýbyggjandi þarf að hafa eignarrétt á landinu. Ef menn sjálfir geta eigi útvegað sér land, myndi ríkið geta hlaupið undir bagga. Á eyðijörðum á sandgræðslusvæðunum má nú innan skamms fara að byggja mörg nýbýli, og á landspildum ríkisins í Flóanum má einnig byggja mörg nýbýli. Land það, sem ríkið lætur til nýbýlastofnana, má reikna upp í framlag þess.

Um 11. gr.

Aðallega er gert ráð fyrir, að nýbýlin verði stofnuð af einstaklingum, en hugsazt getur, að félög verði stofnuð til að koma upp dreifðum nýbýlum, eða að annar félagsskapur taki þetta á stefnuskrá sína. Vegna þess eru ákvæði þessarar greinar.

Um 12. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er ætlazt til, að þeir, sem vilja reisa nýbýli, stofni félag, sem hafi það að markmiði að koma upp nýbýlahverfi. Að sjálfsögðu þarf hér alls hins sama undirbúnings og við ríkisnýbýlin. Hér er þó aðallega sá munur, að nýbyggjendur sjálfir geta ráðið um fyrirkomulag þessa félagsskapar og ýmsar framkvæmdir. Að sjálfsögðu þarf þó allur undirbúningurinn að vera í samráði og eftir leiðbeiningum nýbýlastjóra.

Um 13. gr.

Ríkisnýbýlin eiga að vera fyrirmyndarbýli hvað allt skipulag snertir og sýna, hvernig sé bezt að stunda íslenzkan búskap. Til þeirra þarf að vanda sem bezt. Reynsla og þekking verður að sýna, hvernig bezt er að koma öllu þessu fyrir.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir, að ríkið reisi bæði einstök býli og nýbýlahverfi, sem geti myndað sjálfstæð sveitarfélög. Réttmætt þykir, að hin fyrstu ríkisnýbýli verði reist sitt í hverjum landsfjórðungi, bæði einstök býli og nýbýlahverfi.

Um 15. gr.

Til þess að nýbýli lánist og verði til frambúðar, þurfa þau að vera byggð af ötulum, framtakssömum mönnum, sem geta lagt sína starfskrafta til að færa búnaðinn í lag, og hafa eitthvað af mörkum að leggja, sem hægt sé að verja til

stuðnings búnaðinum á nýbýlinu. Þykir rétt að miða fjárframlag þetta við kostnaðarverð býlisins.

Nánari reglur um þetta yrðu settar í reglugerð.

Um 16.—17. gr.

Að sjálfsögðu hefir atvinnumálaráðherra yfirstjórn allra nýbýlamála í landinu. En aðalframkvæmdirnar verður þó að fela sérstökum manni, sem hefir þekkingu á þeim efnum. Hentast er, að þessi maður sé starfsmaður Búnaðarfélags Íslands.

Um 18. gr.

Nýbýlastjóra er ætlað að leiðbeina í öllu, sem að nýbýlastofnun lýtur, vera ráðunautur nýbyggjenda og ráðgjafi þess opinbera.

Um 19.—22. gr.

Þurfa eigi skýringa við.

## Ed. 520. Nefndarálit

um frv. til laga um vinnumiðlun.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nýmæli frv. þessa er í því fólgið, að atvinnumálaráðherra er veitt heimild til að setja á stofn svonefndar vinnumiðlunarskrifstofur í öllum kaupstöðum landsins, án tillits til þess, hvort hlutaðeigandi bæjarstjórn telur þess þörf eður eigi. Yfirstjórn slíkrar skrifstofu skal falin 5 manna stjórnarnefnd, er aftur ræður forstöðumann skrifstofunnar og aðstoðarmenn, ef þurfa þykir. Kostnaður við skrifstofurnar, þar með talin laun stjórnarnefndar, á að greiðast að ⅓ hluta úr ríkissjóði og að ⅔ hlutum úr hlutaðeigandi bæjarsjóði. Aðalstarf skrifstofunnar virðist eiga að vera í því fólgið að úthluta opinberri vinnu innan bæjarfélagsins og aðstoða við atvinnuleysisskráningar. Til nýmæla má það naumast telja, að bæjarstjórnum er og samkv. 1. gr. frv. heimilt að setja á stofn ráðningarskrifstofur. Þann rétt hafa þær vitanlega samkv. gildandi löggjöf. En samkv. frv. geta þær að vísu velt þriðjungi kostnaðar við skrifstofuhaldið yfir á ríkissjóð, með því að fullnægja ákvæðunum um stjórnarnefnd o. s. frv.

Minni hl. er þeirrar skoðunar, að löggjöfin sé hér, algerlega að óþörfu, að seilast inn á valdsvið bæjarfélaganna. Hann telur heppilegast að láta sýslu- og bæjarfélögin hafa sem fyllst forræði yfir sínum eigin málefnum, enda sé það í fullu samræmi við grundvallaratriði stjórnskipunar vorrar og skiptingu landsins í sérstök hagsmunasvæði, með aðskildum fjárhag og sérstakri yfirstjórn (sýslunefndir og bæjarstjórnir). Það eru þær, sem ábyrgðina eiga að bera á fjármálastjórninni, hver í sínu umdæmi. Það mundi naumast verða til að skerpa á-

byrgðartilfinningu þeirra, ef landsstjórnirnar fengju vald til að skipa málefnum héraðanna eftir eigin höfði — ef til vill **gegn** vilja hlutaðeigandi sýslunefndar eða bæjarstjórnar — og stofna á þann veg til meiri eða minni útgjalda fyrir hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélög. Sú braut virðist mjög varhugaverð, ekki sízt þegar þess er gætt, að ríkið hefir sjálft notað flesta tekjustofna til hins ýtrasta, sem aftur óhjákvæmilega leiðir af sér erfiða aðstöðu sýslu- og bæjarfélaga til tekjuöflunar.

Það er næsta ósennilegt, að nokkur maður treysti sér til að halda því fram í fullri alvöru, að ráðningarskrifstofa geti eigi leyst starf sitt sæmilega af hendi án þess að sett sé yfir hana 5 manna stjórnarnefnd, auk forstöðumanns. Þetta stjórnarbákn gefur því þegar grunsemdir um, að annað liggi hér bak við en umhyggja fyrir „vinnumiðluninni". Sú skoðun er og mjög almenn, að frv. þetta sé fram komið í því augnamiði einu, að ná pólitiskum yfirráðum yfir ráðningarskrifstofu, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefir sett á stofn, og nota á þann hátt vald þingmeirihluta til að draga úr höndum meiri hluta bæjarstjórnar umráð yfir þessu einkamáli bæjarins. Slík kúgun getur aldrei leitt til góðs og verður óhjákvæmilega til skemmdar því málefni, sem um er að ræða. Og núverandi þingmeirihluta mætti ef til vill benda á það, að naumast verður hann ævarandi. Reynslan hér og annarsstaðar hefir sýnt það, að stjórnmálaflokkarnir skiptast á um að hafa meirihlutavald á Alþingi. Gæti þá svo farið áður en mjög langt liði, að þau vopn, sem stjórnarflokkarnir nú beita gegn andstæðingunum, snerust gegn þeim sjálfum.

Skoðun minni hlutans er þannig sú, að hvert bæjarfélag eigi sjálft að ráða því, hvort það setur á stofn ráðningarskrifstofu hjá sér, og sé það gert, þá hvernig henni er hagað. Hann telur og, að sú tilhögun, sem ráðgerð er í frv., sé óþarflega kostnaðarsöm og hin fjölmenna stjórnarnefnd sízt til bóta. Samkv. þessu leggur minni hl. til, að frv. verði felld.

Alþingi, 17. nóv. 1934.

Pétur Magnússon.

## Nd. 521. Breytingartillögur

við frv. til áfengislaga.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Garðar Þorsteinsson.

1. Við 8. gr. 2. málsl. orðist svo:
   Ríkisstjórnin ákveður útsöluverð með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði, og skal álagningin vera 25—100%, miðað við verð vínanna kominna í hús hér á landi, að meðtöldum tolli.
2. Við 9. gr. Aftan við 2. mgr. bætist:
   Atkvæðagreiðsla skal fram fara, ef tíundi hluti þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, óskar þess.

3. Við 11. gr. 1. mgr. orðist svo:
Bannað er að veita áfenga drykki í veitingahúsum og öðrum opinberum stöðum. Þó getur dómsmálaráðherra veitt undanþágu frá þessu í kaupstöðum.

Sþ. **522. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefndin hefir klofnað um afgreiðslu fjárlaganna, og mun minni hl. skila sérstöku áliti.

Meiri hl. nefndarinnar hefir orðið sammála um að halda þeirri stefnu, sem í fjárlagafrumvarpinu felst, að reyna að áætla tekjur og gjöld ríkissjóðs svo nálægt því rétta sem tök eru á. Leiðir þetta til þess, að bæði tekju- og gjaldahlið frumvarpsins eru nú áætlaðar hærri en verið hefir áður. Auk þess hefir meiri hl. nefndarinnar talið rétt, að ríkissjóður sýndi allverulega viðleitni til þess að auka verklegar framkvæmdir, og þá helzt þær þeirra, sem mesta vinnu skapa, svo sem vegagerðir, eins og tök þykja á, og bera tillögur nefndarinnar það greinilega með sér.

Heildarniðurstaðan eftir tillögum meiri hl. n. er þessi:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hækkun á tekjuliðum nemur | kr. | 243640.00 |
| 2. Lækkun á gjaldaliðum | — | 295300,00 |
| Samtals | kr. | 538940.00 |
| Frá dregst: | | |
| Hækkanir á gjaldaliðum | kr. | 491892.00 |
| Mismunur | kr. | 47048.00 |

Vantar þá enn tekjur, er nema kr. 1757963.00, til þess að fullur greiðslujöfnuður fáist.

Meiri hl. nefndarinnar hefir ekki í starfi sínu tekið neitt tillit til þeirrar tekjuaukningar, sem verður af þeim tekjuaukafrumv., sem nú liggja fyrir Alþingi, ef þau verða samþykkt. En nái þau öll samþykki, eru líkur til, að tekjuaukning af þeim verði ca. 2 millj. króna, og væri þá jafnaður hallinn á ríkisbúskapnum, og það á þann hátt, að víst mætti telja, að þessi áætlun fengi staðizt.

Skal nú vikið að hinum einstöku greinum frumvarpsins.

**Tekjubálkurinn.**

2. gr.

Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að ekki sé varlegt að áætla tekjurnar að verulegum mun hærri en gert er í frumvarpinu. Flestir eru tekjuliðirnar nálægt því, sem þeir hafa reynzt síðustu árin, nema verðtollur og vörutollur, sem báðir eru áætlaðir mun lægri en þeir reyndust 1933. Telur meiri hl. ekki varlegt að áætla þá hærra en gert er í frumvarpinu, því verði innflutnings- og gjaldeyris-

hömlunum beitt meira en áður, hljóta tekjur ríkisins af þessum tollum að minnka til stórra muna.

Meiri hl. telur þó, að vitagjaldið megi hækka dálítið, því varla er ástæða til að ætla, að það reynist minna en undanfarin ár, og sama er um áfengistollinn.

Verður nánar að þessu vikið í framsögu.

3. gr.

Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til nokkra hækkun á tekjum ríkisstofnananna, póstsjóðs, ríkisútvarps og áfengisverzlunar. Nema þær hækkanir samtals ca. 144 þús. króna. En alls nema hækkunartillögur nefndarinnar við tekjuhliðina kringum 244 þús. krónum.

Til nýrra símalína eru áætlaðar 120 þús. krónur. Er það 30 þús. krónum meira en ætlað er til þessa í núgildandi fjárlögum. Nefndin hefir ekki talið rétt að lækka þessa upphæð, þar sem mjög brýn þörf er bæði margra nýrra símalína og aukningar talstöðva og fjölsíma. Fyrir 3. umr. mun nefndin bera fram tillögur um skiptingu þessa fjár.

**Gjaldabálkurinn.**

7. og 8. gr.

Við þessar greinar gerir nefndin engar tillögur til breytinga.

9. gr.

Með alþingiskostnaði hefir hingað til verið talinn prentunarkostnaður landsreikningsins. Nefndin telur réttara, að sá kostnaður sé talinn með kostnaði við ráðuneytið, og leggur því til, að framvegis verði þessi kostnaður talinn í 10. gr., í sérstökum lið þar.

10. gr.

Meiri hl. leggur til, að kostnaður við ríkisféhirðisstörfin verði lækkaður um 5000 krónur. Meiri hl. telur, að sennilega mætti fækka þar um einn starfsmann, eða lækka þar launagreiðslur, því sumir starfsmenn hafa þar hærri laun en ríkisféhirðir sjálfur.

Kostnaður við sambandslaganefnd leggur nefndin til, að áætlaður verði hærri en nú er gert, með tilliti til þess, að á næsta ári er fundur nefndarinnar í Kaupmannahöfn og kostnaður verður þá alltaf meiri en í frv. er ráðgert.

11. gr.

Við þessa grein hefir nefndin gert tvær tillögur í sparnaðarátt. Er önnur sú, að annar kostnaður við hæstarétt lækki til muna, eða úr 10 þús. kr. í 5 þús. kr. Er þessi kostnaður nokkuð breytilegur og fer eftir því, hve mikið er prentað af dómum hæstaréttar á því ári. Auk þess leggur nefndin til, að núverandi ritari hæstaréttar gegni því starfi án sérstaks endurgjalds meðan hann tekur laun sem fulltrúi í ráðuneytinu. Hin tillagan er, að færa niður framlagið til landhelgisgæzlu. Telur nefndin rétt að reyna þar nýja tilhögun, sem sé þá, að leggja alveg upp einu varðskipanna eða selja það, ef unnt væri, en halda tveimur út allt árið

og fjölga auk þess varðbátum. Telur nefndin, að allar líkur séu á því, að um verulegan sparnað geti verið að ræða, ef að þessu ráði yrði horfið, en landhelginnar þó gætt eigi verr en undanfarin ár. — Nánar verður að þessu vikið í framsögu.

12. gr.

Við þessa grein eru nokkrar breytingartillögur frá nefndinni, bæði til lækkunar og hækkunar. Meiri hl. telur, að ýmsir kostnaðarliðir við Nýja-Klepp séu óþarflega hátt áætlaðir og þar mundi mega koma fram þó nokkrum sparnaði. Ennfremur leggur nefndin til, að styrkur til fjörefnarannsókna verði felldur niður, og er það eftir tillögu landlæknis. Þá hefir meiri hl. tekið upp utanfararstyrk til héraðslækna, sem felldur hefir verið niður að undanförnu, og eins styrk til lækna eða læknaefna til náms í geðveikrafræði.

Nefndin leggur einnig til, að styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli verði hækkaður um helming frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Er þessu fé — og þó meira væri — öllu lofað, og munu ýms sveitarfélög þegar hafa gert ráðstafanir til bygginga eða kaupa á læknisbústöðum, í fullu trausti þess, að fé yrði tekið í fjárlög í þessu skyni.

Fyrir öðrum breytingartillögum við þessa grein verður nánari grein gerð í framsögu.

13. gr.

Nefndin er sammála um, að rétt sé að auka svo sem unnt er hinar verklegu framkvæmdir ríkissjóðs og að æskilegt sé, að sem mest bein vinna fáist fyrir það fé, sem lagt verður fram. Í samræmi við þessa skoðun nefndarinnar hefir hún borið fram hækkunartillögur við þessa grein, á þjóðvegafénu, er nema samtals rúml. 129 þús. krónum. Af þessu er Sogsvegurinn einn með 50 þús. kr., og þá öðrum vegagerðum ætlaðar 79 þús. krónur, til viðbótar því, sem upp er tekið í frumvarpinu. Til þess að mæta þessum útgjöldum mun nefndin fara fram á, að frestað verði framkvæmd laga nr. 56 frá 1921, um malbikun á þjóðvegaköflum, og gert er ráð fyrir að nemi 76 þús. krónum. Verður þá ekki nema liðlega 3 þús. króna hækkun á framlögum frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, þegar Sogsvegi er sleppt, en fjárveitingin til hans er samkvæmt sérstökum lögum og hefði því átt að takast upp í frumvarpið þegar í upphafi. Meiri hl. hefir fylgt sömu reglu og síðustu þing virðast hafa aðhyllzt, að dreifa þessu fé sem víðast, svo að það geti orðið sem almennust atvinnubót. — Fyrir hinum einstöku hækkunum og breytingum verður nánari grein gerð í framsögu.

Fjallvegafé hefir meiri hl. lagt til, að hækkað verði um 5 þús. krónur, og er það gert með tilliti til þess, að meiru fé verði varið til erfiðra fjallvega í Barðastrandarsýslu en ráðgert er í tillögum vegamálastjóra.

Meiri hl. leggur til, að styrkurinn til Eimskipafélags Íslands verði hækkaður um 50 þús. krónur. Þó afkoma félagsins væri góð síðastl. ár, er nú sýnt, að félagið mun á þessu ári ekki hafa mikinn hagnað af rekstri sínum, og þar sem það á nú við allverulega erfiðleika að stríða, telur meiri hl. rétt að hækka styrkinn til félagsins upp í 200 þús. krónur.

Sú upphæð, sem varið er til hafnargerða, bryggjugerða og lendingarbóta,

fer sívaxandi og umsóknir um það fé meiri nú en nokkru sinni áður. Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að höfnin á Húsavík fái sama tillag og Akraneshöfn, og ennfremur að sama upphæð — 25 þús. kr. — verði veitt til Sauðárkróks. Þá hefir nefndin og orðið ásátt um að leggja til, að liðurinn til bryggjugerða og lendingarbóta verði hækkaður um 20 þús. krónur, en umsóknir um styrki, sem nefndinni hafa borizt í þessu skyni, eru yfir 300 þús. krónur.

Mun nefndin fyrir 3. umr. bera fram tillögu viðvíkjandi skiptingu þessa fjár, ef þingið fellst á hækkunina.

14. gr.

Nefndin hefir álitið rétt að hækka skrifstofukostnað biskups lítið eitt, meðfram vegna þeirrar augljósu sparsemi, sem kemur fram í embættisfærslu hans.

Kirkjan fauk í fyrra á Brettingsstöðum á Flateyjardal, en söfnuður blá fátækur og fámennur, sem átti mjög erfitt með endurbyggingu. Mælti biskup eindregið með, að þessi hjálp væri veitt.

Þá var leiðrétt gamalt ósamræmi um fjárgreiðslur til húsmæðraskóla utan Reykjavíkur. Blönduós hefir haft nokkur þúsund kr. hærri styrk en Hallormsstaður með nálega jafna nemendatölu, um 30 námsmeyjar. Var þess vegna lækkaður lítið eitt styrkur til Blönduósskólans, en hækkaður um 500 kr. til hvers skólans á Ísafirði, Laugum og Hallormsstað, og eru þeir þó allir lakar settir en Blönduós, miðað við nemendatölu og aðstöðu. Auk þess er Blönduósskóla veittur styrkur til fjósbyggingar, eftir beiðni skólanefndar.

Jakob Kristinsson skólastjóri á Eiðum er miklu verr settur en stéttarbræður hans við sambærilega skóla, hefir aðeins um 3000 kr. laun. Er þess vegna mælt með persónulegri launaviðbót til hans.

Fræðslumálastjóri og kennslumálaráðherra mæla með, að hægt verði að veita allt að 25 barnakennurum styrk til að sækja norrænt kennaraþing á næsta sumri, 200 kr. á mann. Venjulega yrði þessi styrkliður lægri og veittur 2—3 mönnum til lengri dvalar. Nefndin vill unna hinni fjölmennu og lágt launuðu kennarastétt þessarar viðurkenningar, en vill jafnframt mæla með, að stjórnin hafi milli handa lítla fjárhæð til utanferða annara kennara, við héraðsskóla, gagnfræðaskóla, húsmæðra- og búnaðarskóla, kennaraskóla og menntaskólana. Af hinni fyrstu fjárveitingu er ætlazt til, að 1500 krónur gangi til þess manns, sem sérstaklega á að flytja til landsins kennslumálanýjungar til hinna ungu barnakennaraefna, Hallgríms Jónassonar æfingakennara við kennaraskólann.

Flensborgarskólinn er einn hinn elzti skóli landsins, að frátöldum menntaskólunum. Er hann mjög fjölsóttur, nemendur um 70—80. Fyrir nokkrum árum brann íbúð skólastjóra og heimavistir pilta, en eftir stóð bráðabirgðatimburskýli með þrem kennslustofum og engri aðstöðu til heppilegrar starfsemi fyrir skólaheimili. Er það hið mesta áhugamál Hafnfirðinga að byrja að endurreisa Flensborg, og hyggjast þeir að gera það á þrem árum. Hin tilfærða upphæð, 20 þús. kr., er tæplega þriðjungur af því, sem landið þarf að greiða samkvæmt lögum um byggingu gagnfræðaskóla.

Á síðasta sýslufundi Eyfirðinga beitti Steingrímur Jónsson bæjarfógeti sér fyrir því, að sýslan ánafnaði hinn gamla kvennaskólasjóð Laugalandsskóla til

endurbyggingar húsmæðradeildar á Laugalandi, og ennfremur allt að 10 þús. kr. viðbótarframlagi úr sýslusjóði. Kvenfélög sýslunnar beita sér mjög fyrir málinu og hafa efnt til fjársöfnunar í því skyni. Mun byggingarnefnd ráða yfir um 30 þús. kr. heima fyrir, en ríkið styrkir á móti. Ennfremur er ætlazt til, að landið leggi hinum nýja Laugalandsskóla til land það og jarðhita, sem ríkið keypti fyrir nokkrum árum af bóndanum á Laugalandi, en það voru 5 dagsláttur og hveravatn nægilegt til upphitunar slíkum skóla. Á Laugalandi er nú reist ágæt sundlaug, og á að byggja húsmæðraskólann áfast við hana. Mikil þörf er að endurreisa Laugaland, því að nábúaskólarnir, Blönduós og Laugar, urðu í haust að vísa frá 50—65 námsmeyjum hvor um sig vegna rúmleysis. Þarf því ekki að kvíða því, að Laugaland verði ekki nemendasælt, eins og skilyrðin eru þar góð og mikill áhugi í héraði um þessa framkvæmd.

Fræðslumálastjóri hefir sótt um 1000 kr. styrk til að reist yrði gufubaðstofa í finnskum stíl við héraðsskólann á Núpi. Hefir verið gerð lítil tilraun um gufubað við annan héraðsskóla, sem býr við jarðhita, og gefist vel. Fræðslumálastjóri ætlast til, að þessi fyrirmynd á Núpi leiði til þess, að baðstofur verði reistar á einstökum heimilum eins og í fornöld.

Hinn aukni styrkur til Blindravinafélagsins miðast við það, að hægt verði að launa einum kennara til að kenna blindum börnum.

Próf löggiltra endurskoðenda virðist vera óþarflega dýrt. Lækkunin miðast við, að það sé aðeins framkvæmt á einum stað og ekki oftar en einu sinni árlega.

Björn Jakobsson hefir nú starfrækt kennslu fyrir íþróttakennara á Laugarvatni undanfarna tvo vetur, og er kennsla hans það fullkomin, að íslenzkir íþróttakennarar þurfa nú ekki að leita til útlanda um framhaldsmenntun. En sá galli fylgdi því, meðan öll íþróttamenntun kennara var sótt til útlanda, að engin festa var í starfinu og bárust hingað sundurleitar stefnur í íþróttamálum. Björn Jakobsson hefir myndað eitt hið fullkomnasta leikfimikerfi fyrir konur, og hlotið fyrir mikla frægð, er hann hefir sýnt þá leikfimi erlendis. Er með þessari byrjunarstarfsemi hans ætlazt til, að undir hans forustu geti myndazt íslenzk leikfimistefna, sem eigi vel við líf og lyndishætti Íslendinga. Styrkupphæðin gengur til að kenna þessum kennaraefnum og til hins árlega prófs þessara nemenda á Laugarvatni.

Margir gamlir barnakennarar hafa sótt um styrk til þingsins. Nefndin hefir ekki treyst sér til að mæla með styrk til einstakra manna, en leggur til, að fræðslumálastjóri hafi handa milli lítinn styrk í þessu efni, er hann skipti milli fyrrverandi kennara til styrktar og í viðurkenningarskyni. Nefndin vill mæla með tveim kennurum, er sótt hafa að þessu sinni, Grími Grímssyni fyrrverandi skólastjóra í Ólafsfirði og Þorgils Friðrikssyni á Breiðabólsstað á Fellsströnd.

15. gr.

Nefndin mælir með 1000 kr. hækkun til bókakaupa Landsbókasafnsins og 800 kr. til bókasafnsins á Norðfirði.

Jarðabók Árna Magnússonar hefir verið gefin út með styrk af dönsku fé, en vegna breyttrar aðstöðu landanna hefir sú framkvæmd hætt. Jón Helgason prófessor í Kaupmannahöfn vill gjarnan halda verkinu áfram og myndi geta lokið

því á nokkrum árum með litlum árlegum styrk, eins og þeim, sem hér er mælt með.

Fornritaútgáfan telur sig þurfa nokkurn árlegan styrk, og er mælt með því, en jafnframt bendir nefndin á, að bækur þessar eru því miður seldar of dýrt til þess að útgáfan verði á þann hátt almannaeign, sem til var ætlazt.

Styrkur til Hannesar Þorsteinssonar, til að rita æfisögur lærðra manna, er aftur tekinn upp, og samkvæmt ósk háskólans hækkaður styrkur til Páls Ísólfssonar, svo að hann geti leiðbeint guðfræðinemum í orgelspili og tónmennt.

Þá er lagt til að hækka styrk til karlakóranna, í því skyni að þeir geti haldið söngkennara framvegis. Styrkur til Jóns Leifs fellur niður, með því að útvarpsráðið hefir gert við hann starfssamning við útvarpið, en í þess stað er mælt með styrk til Þórarins Jónssonar tónskálds.

Ritstyrkur Þorbergs Þórðarsonar hefir verið lækkaður smátt og smátt á undanförnum árum, og er því nú breytt aftur.

Þá er tveim mönnum veitt þóknun til söfnunar þjóðsagna, þeim Helga Guðmundssyni frá Austmannsdal og séra Jóni Thorarensen í Hruna. Hefir Rauðskinna Jóns Thorarensens þótt bera vott um alveg óvenjulega hæfileika þessa höfundar, og þykir mega mikils vænta af svo ungum manni.

Ásmundur Sveinsson myndhöggvari hefir með óvenjulegum dugnaði og fórnfýsi komið sér upp vinnustofu og stórum sýningasal, þar sem verk hans verða til sýnis og geymast vel. Vill nefndin mæla með árlegum styrk til hans til að geta starfað fyrir list sína.

16. gr.

Áður en Búnaðarbankinn var stofnaður hafði Jóhann Kristjánsson um mörg ár styrk úr ríkissjóði til að leiðbeina bændum um húsagerð, en þegar Búnaðarbankinn var stofnaður, varð Jóhann formaður teiknistofu hans. Þykir því eðlilegt, að bankinn kosti teiknistofuna framvegis, og sjálfsagt, að Jóhann Kristjánsson missi einskis í við þessa breytingu, og að teiknistofan starfi á sama hátt og fyrr um alla aðstoð við bændastétt landsins, er að byggingarmálum lýtur.

Einar Helgason mun vera elztur núlifandi starfsmaður Búnaðarfélags Íslands, en fyrir nokkrum árum var starfsemi hans, leiðbeiningar um garðyrkju, flutt úr Búnaðarfélagi Íslands og gerð að sérstökum lið í fjárlögunum. Meiri hl. er mótfallinn slíkri dreifingu um forstöðu búnaðarmálanna og telur, að Einar Helgason eigi að starfa á vegum Búnaðarfélags Íslands meðan hann hefir heilsu til, og eigi síðan að fá þaðan lífeyri á efri árum, líkt og nú hefir verið veittur Guðjóni Guðlaugssyni.

Margir sjálfmenntaðir dýralæknar sækja um sérlaun til Alþingis, og er erfitt að fullnægja þeim óskum. En einn þessara manna, Guðmundur Andrésson, hefir um þriggja ára skeið verið aðstoðarmaður hjá Hannesi Jónssyni dýralækni og náð langt í sinni grein. Sýslunefnd Skagfirðinga vill að sínu leyti launa Guðmundi, ef landið vill styrkja hann til starfa norðanlands og eiga heima á Sauðárkróki.

Tveir af starfsmönnum veðurstofunnar, Björn L. Jónsson og Jón Eyþórsson, hafa lagt á sig mikla aukavinnu og næturvökur, oft endurgjaldslaust, til að geta

látið sjómenn fá veðurfregnir að næturlagi. Þykir rétt, að þeir fái þóknun fyrir þessa gagnlegu aukavinnu.

Jarðskjálftamælir landsins er í Stýrimannaskólanum og þarf að athuga hann daglega, og stundum oft á dag, og er þóknunin miðuð við það.

Skrifstofukostnaður húsameistara er of lágt áætlaður, og það því fremur, sem nú liggur fyrir að undirbúa byggingu ýmsra stórhýsa, sjúkrahús á Akureyri, háskólann, rannsóknarstofu atvinnuveganna o. m. fl.

Geir Zoëga vegamálastjóri hefir undanfarið verið ráðunautur stjórnarinnar í vatnamálum og fengið þóknun fyrir það starf, meðfram sem uppbót á lág embættislaun í vandasömu starfi.

Halldór Pálsson stúdent frá Guðlaugsstöðum í Húnavatnssýslu stundar nú sauðfjárræktarnám við háskólann í Edinborg. Er það 3 ára nám og kostar um 4000 kr. árlega, því að dýrtíð er mikil í landinu og kennslugjöld óvenjulega há. Skotar þykja lengst komnir í sauðfjárrækt allra nágrannaþjóða Íslendinga. Þykir mikill ávinningur að fá þaðan sérmenntaðan fjárræktarfræðing. En sjálfur þykir Halldór alveg óvenjulega efnilegur maður og fjárþekkjari í bezta lagi.

Þykkbæingar eru nú að gera mikinn áveituskurð inn í Safamýri, og er það verk bæði dýrt og nauðsynlegt, en Þykkbæingar dugnaðarmenn með afbrigðum, svo sem komið hefir fram í baráttu þeirra við að hlaða fyrir stórvötnin. Með því að fá slíkan styrk þykir augljóst, að þeir muni geta risið undir framkvæmd verksins.

Nefndin hefir orðið vör við, að töluverð óánægja er með framkvæmdina á rafmagnseftirliti ríkisins, reynist það dýrt neytendum, og virðist ekki svara þeim tilgangi, sem fyrir vakti með löggjöfinni um þetta efni. Alveg sérstök óánægja er með eftirlitsmann þann, er mælt var með af forstöðumanni þessarar stofnunar til að hafa eftirlit með byggingu rafstöðvanna á Blönduósi og Sauðárkróki. Má eftir þeim gögnum, sem liggja fyrir fjárveitinganefnd, jafnvel búast við málshöfðun frá rafveitustjórn Sauðárkrókshrepps út af framkomu eftirlitsmannsins þar. Nefndin álítur dýrt og að mörgu leyti óheppilegt að hafa allt of margar sjálfstæðar stofnanir til að vinna að skyldum verkefnum. Telur nefndin því rétt að leggja niður rafmagnseftirlit ríkisins sem sérstaka stofnun, en leggur til að ríkisstjórnin feli stjórn landssímans yfirstjórn þeirra mála.

Greiðslur til Búnaðarbankans vegna listaverkakaupa þykja eiga betur heima í 15. gr., og er lagt til, að liðurinn sé fluttur þangað.

17. gr.

Nefndin hefir í samráði við fjármálaráðherra hækkað um 100 þús. kr. kostnaðinn við berklavarnir, og eftir tillögum landlæknis bætt við þeirri athugasemd, að heilbrigðisstjórninni væri heimilt að ráða sérstakan lækni til að starfa að berklavörnum. Leggur landlæknir mikla áherzlu á, að með þessu verði í mörgum tilfellum unnt að komast fyrir uppsprettur sýkingarhættunnar, sem nú sé ekki leitað eftir. Þannig geti 1—2 leynilega veikir menn útbreytt smitun í heilli sveit eða þorpi.

Í þessari grein eru nokkrir smástyrkir fluttir frá verkamannafélögum, sem

sumpart eru að liðast sundur eða hætt að starfa til eflingar sínu þjóðfélagi og stétt, til félaga, sem vinna að heill stéttar sinnar á þjóðlegan hátt.

Pétur Sigurðsson hefir að nokkru leyti starfað að bindindismálum fyrir Stórstúku Íslands, og að nokkru leyti með sérstökum styrk. Nefndin er mótfallin því að dreifa þannig viðfangsefnum, og telur rétt, að Pétur Sigurðsson starfi á vegum stórstúkunnar að bindindismálum, ef hann fæst við útbreiðslustarfsemi þeirra mála framvegis.

Að svo stöddu hefir nefndin ekki getað orðið sammála um að styrkja úr ríkissjóði elliheimilið Grund. Þykir einsýnt, að þjóðinni er með öllu ókleift að ráða fram úr vandkvæðunum með heimili fyrir gamalmenni með því að reisa jafndýr hús og á jafndýrum stað eins og Grund er reist. Kom glöggt fram í nefndinni, að fátæku fólki og fátækum sveitarfélögum er með öllu ókleift að rísa undir að kosta gamalmenni á svo dýrum stað. Er þjóðinni full þörf á að átta sig sem fyrst á því, að annara úrræða þarf með vegna gamalmennamálsins heldur en að reisa elliheimilin á allra dýrasta staðnum, sem til er í landinu.

18. gr.

Nefndin hefir tekið upp aldurslaun Jósefs kennara Björnssonar á Hólum eins og þingið hafði ákveðið þau. Sæmundur Bjarnhéðinsson prófessor hefir látið af starfi eftir langa og góða þjónustu í baráttu við holdsveikina. Lagt er til, að hann fái nokkurn lífeyri. Ögmundur Sigurðsson skólastjóri var leystur frá starfi með nokkrum eftirlaunum. Þau hafa nú verið færð upp um 500 krónur, með því að nefndin er sammála um, að þau séu of lág. Ritlaun Helga Péturss eru hækkuð um 1000 krónur. Er hann einstakur ritlöfundur í sinni röð, og vill nefndin láta þess sjást nokkurn vott. Þá leggur nefndin til, að Halldór Kiljan Laxness fái ritlöfundarlaun til jafns við hið aldurhnigna höfuðskáld Einar Benediktsson. Hefir Halldór að baki sér glæsilega braut sem ritlöfundur. Hefir hann farið víða um lönd, numið tungur og siðvenjur annara þjóða, en jafnframt orðið einn hinn orðauðugasti og snjallasti maður að rita móðurmál sitt og skilja eðliseinkenni sinnar eigin þjóðar. Hann hefir óvenjulega mikla skapandi gáfu, svo að hann minnir þar mest á Matthías Jochumsson. En slík er aðstaða þvílíks skálds með fámennri þjóð, að í ritlaun fær Halldór Laxness fyrir hinar síðustu bækur sínar svo sem 1/15 hluta þess, sem hóflegt þykir, að framkvæmdarstjóri í togarafélagi fái til árlegrar eyðslu hér í Reykjavík. En það er hverjum manni ofvaxið að skrifa árlega þvílíka bók eins og „Sjálfstætt fólk". Með svo miklu átaki, ekki sízt í sárri fátækt, slítur jafnvel hið mesta skáld kröftum sínum á fáum árum.

Með því að tryggja Halldóri Kiljan Laxness föst laun á borð við það, sem lágt settir verzlunarmenn fá hér í bænum, er stefnt að því, að hann geti með þeirri hagsýni, sem honum er lagin, lifað sem óháður ritlöfundur og ritað bækur sínar eftir því sem viðfangsefnin leyfa, en ekki til að hafa undan prentaranum. Halldór Kiljan er sá nútímahöfundur, þeirra sem nú rita á íslenzku, sem langnæst stendur því að geta unnið sér og landi sínu skáldfrægð með öðrum þjóðum og á þann hátt aukið hróður lands síns og þjóðar.

Þá hefir nefndin hækkað lítið eitt ritlöfundarlaun Guðmundar Friðjóns-

sonar og bætt við fjórum mætum rithöfundum, hverjum með 500 krónum. Eru það þeir Indriði Þorkelsson á Fjalli, Jón Þorsteinsson á Arnarvatni, Kristleifur Þorsteinsson á Stóra-Kroppi og Theodór Friðriksson rithöfundur. Indriði á Fjalli og Kristleifur Þorsteinsson eru landskunnir sem ættfræðingar og sögufræðingar héraða sinna, og er ritstyrkur til þeirra fyrst og fremst miðaður við, að þeir geti á efri árum bókfest sem mest af ættfræði og þjóðlegum fróðleik. Auk þess eru þeir báðir og Jón á Arnarvatni ljóðskáld, sem mikið liggur eftir, þó að mest af því sé enn óprentað. Theodór Friðriksson er fyrsti maður, sem reynt hefir að sameina hina allhörðustu lífsbaráttu sjómannsins við skáldsagnagerð og rithöfundarstarf, og með ritum sínum hefir hann sýnt nýja hlið á þjóðlífi Íslendinga, sem ekkert af skáldum landsins gat lýst sem sjónarvottur.

Nefndin hefir fylgt eldri venju og lagt til, að nokkrir prestar, sem hætt hafa störfum, fái úr ríkissjóði hækkun, svo að lífeyrir þeirra verði 1000 krónur á ári. Á sama hátt er bætt við nokkrum öldruðum póstum, einum ferjumanni, einni jubilljósmóður og ekkjum eftir fátæka pósta, sem áður voru styrktir. Þá er lagt til, að ekkja Kristjáns heitins skjalavarðar Kristjánssonar verði styrkt með 100 kr. með hverju barni til 16 ára aldurs. Börnin eru 9 og öll innan fermingaraldurs.

22. gr.

Nefndin hefir fengið umsóknir frá nokkrum fyrrverandi starfsmönnum landsins, sem hættir eru að starfa fyrir ríkið og óska endurgreiðslu á framlagi þeirra í lífeyrissjóð. Nefndin mælir að vísu með, að þetta verði gert, en vildi mega beina til ríkisstjórnarinnar tilmælum um, að láta undirbúa framtíðarskipulag þeirra mála, þannig að þeir starfsmenn landsins, sem ganga úr þjónustu ríkisins, gætu haldið áfram að tryggja sér lífeyri með eigin framlagi, ef þeir óska þess.

Oddviti Hríseyjarhrepps hefir tjáð nefndinni, að við jarðskjálftana í sumar hafi þornað nálega öll vatnsból í þorpinu, nema lind ein uppi á eynni, og telur hann, að vatnsleiðsla þaðan myndi kosta 18000 krónur. Vegna þessara óvæntu erfiðleika vill nefndin heimila stjórninni að ganga í ábyrgð fyrir hreppinn, gegn endurábyrgð sýslunnar, fyrir 10 þús. kr., ef jarðskjálftasjóðurinn vill hjálpa Hríseyingum um sömu upphæð.

Norðfirðingar hafa komið sér upp lítilli síldarverksmiðju og rekið hana með ráðdeild og myndarskap. Þeir þurfa 30 þús. kr. viðbótarlán til fyrirtækisins, og vill nefndin mælast til að sú ábyrgð verði veitt.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu fékk á aukaþinginu í fyrrahaust ríkisábyrgð fyrir 120 þús. kr. í rafveituna á Blönduósi, og var talið, að ekki myndi þurfa meira með. En er til kom, varð verkið þriðjungi dýrara en ráðgert var, og hefir sýslan þá skuld í erfiðum skyndilánum hér og þar.

Nefndin leggur til, út úr neyð, að landið gangi í ábyrgð fyrir allt að 60 þús. kr. fyrir A.-Húnavatnssýslu vegna rafvirkjunarinnar á Blönduósi, þó að það sé meira en vafasamt, að rafstöðin geti staðið undir þunga þessara lána á næstu árum. En þess er jafnframt vænzt, að þetta dæmi verði til viðvörunar öðrum kauptúnum og sveitum, að ganga ekki út í rafveitufram kvæmdir, sem eru þess

eðlis, að þær geta orðið algert ofurefli þeirra, sem verkið eiga að nota, og til fjárhagslegrar byrði fyrir ríkissjóð.

Ennfremur er lagt til að taka inn í fjárlög ábyrgð þá fyrir rafveitu á Sauðárkróki, sem núverandi Alþingi hefir samþykkt með þingsályktun.

Að lokum hefir nefndin samþykkt að mæla með því, að ríkið megi ábyrgjast fyrir Hafnarfjarðarkaupstað allt að 150 þús. króna lán til að breyta núverandi lánum bæjarins í hagkvæmari lán um vexti og afborganir. Ríkið hefir áður gengið í þvílika ábyrgð fyrir Vestmannaeyjakaupstað. Nefndin telur æskilegt, að yfirleitt yrði ekki gengið lengra á þessari braut, með ríkisábyrgð fyrir rekstrarlánum kaupstaða. En þar sem fordæmi hefir verið gefið, og Hafnarfjörður hinsvegar eini kaupstaðurinn, sem ríkið er ekki í ábyrgð fyrir áður, og auk þess kaupstaður, sem hefir af eigin rammleik komið upp atvinnufyrirtæki, sem veitir mörgum atvinnu, þótti ekki rétt að synja um þessa ábyrgð. Nefndin leggur ennfremur til, að þar sem ríkið gengur í ábyrgð fyrir lánum vegna bæjarfélaga, sveitarfélaga, einstakra atvinnufyrirtækja eða einstakra manna, þá sé slík lántaka undirbúin og framkvæmd af fjármálaráðuneytinu, eða mönnum, sem það velur til þess. Það hefir orðið landinu mikill álitshnekkir, að hinir og þessir menn, innlendir og útlendir, hafa skipulagslaust, og stundum umboðslaust, falast eftir lánum, þar sem byggt er á íslenzkri ríkisábyrgð. Slíku skipulagsleysi fylgja svo miklir og augljósir annmarkar, að nefndin vill beina því til stjórnarinnar, að vinna svo sem unnt er gegn því, að ríkið gangi í ábyrgðir, en að þar sem það er gert, þá framkvæmi fjármálaráðuneytið lántökuna, eða láti viðurkennda trúnaðarmenn landsins gera það.

Alþingi, 19. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Jónas Jónsson, form., frsm. síðari hl. | Jónas Guðmundsson, frsm. fyrri hl. | Sigurður Einarsson, fundaskr. |
| Þorbergur Þorleifsson. | | Bjarni Bjarnason. |

## Nd. 523. Breytingartillögur

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 3. gr. Aftan við fyrstu málsgr. („500 kr. og þar yfir .. 50 aura") komi:
   Þó skal fjármálaráðherra heimilt að ákveða eitt og hið sama stimpilgjald af öllum ávísunum og kvittunum, sem hér um ræðir. Ráðherra ákveður þá um lágmarksfjárhæð stimpilskyldra ávísana og kvittana og um stimpilgjaldið, en eigi má það þá vera hærra en 40 aurar.
2. Við 5. gr. A. 2. Aftan við liðinn bætist: og ávísanir forseta og skrifstofustjóra Alþingis fyrir gjöldum, er koma á alþingiskostnað.
3. Við 11. gr. Fyrir „3 ár" í síðari málsgrein komi: 5 ár.

**Nd.** **524. Frumvarp**

**til laga um iðnlánasjóð.**

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til stuðnings iðnaðarmönnum og smærri iðjurekendum skal á næstu 10 árum leggja 25000 kr. á ári úr ríkissjóði í sérstakan sjóð, er heitir iðnlánasjóður. Þegar fé er ekki ætlað á fjárlögum í þessu skyni, er ríkisstjórninni heimilt að taka þessa upphæð að láni.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir á hendi yfirstjórn iðnlánasjóðs, en skal fela Útvegsbanka Íslands, eða annari hliðstæðri stofnun, með sérstökum samningi stjórn hans og meðferð, svo sem lánveitingar, vörzlu, bókhald, innheimtu og útborganir. Lán úr sjóðnum skal veita eftir tillögum frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna og eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

3. gr.

Lánin veitast iðnrekendum og smærri iðjurekendum, sem erfitt eiga um lántöku á annan hátt, til kaupa á vélum og stærri áhöldum (ekki handverkfærum), og einnig til rekstrar, ef sérstaklega stendur á og viðunandi trygging er í boði.

4. gr.

Við afgreiðslu lánanna skal þess gætt, að lánveitingin styðji ekki að óheilbrigðri og óeðlilegri samkeppni við önnur starfandi innlend samiðnarfyrirtæki. Lánin má ekki nota til endurgreiðslu á eldri lánum, nema með sérstöku leyfi ráðherra, enda sé brýn nauðsyn að svo verði gert.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra auglýsir einu sinni á ári eftir umsóknum um lán úr sjóði þessum. Lánbeiðnum skal fylgja:

a. Ýtarleg umsögn um það, til hvers lánið á að notast, hvaða vélar og áhöld á að kaupa, kaupverð þeirra, hvar þær eigi að setjast og til hvers þær eigi að notast.
b. Rekstrar- og efnahagsreikningur lánbeiðanda fyrir síðastliðin 3 ár.
c. Brunatryggingarskírteini verkstæðisins.
d. Yfirlýsing frá viðskiptabanka lánbeiðanda um bankaviðskipti hans, og að bankinn geri ekki kröfu til þess, að lánið verði notað til greiðslu eldri lána.
e. Fasteignamat og veðbókarvottorð þeirra fasteigna, sem lánbeiðandi kann að eiga.
f. Nafn, aldur, menntun og heimili lánbeiðanda, svo og aðrar upplýsingar, er krafizt kann að verða.

6. gr.

Upphæð lánanna ákveðst eftir því, til hvers það á að notast. Ekkert lán má þó fara fram úr 5000 kr. og ekki fram úr ⅘ hlutum andvirðis véla þeirra, er kaupa á, sé það notað til vélakaupa. Smærri lán en 300 kr. veitast ekki.

7. gr.

Lánin skulu tryggð með veði í hinum keyptu munum, tryggum sölusamningum, ef um rekstrarlán er að ræða, sjálfskuldarábyrgð, ábyrgð rekstrarlánafélags iðnaðarmanna, þar sem hver félagsmaður ábyrgist frá 100—1000 kr., eða á annan hátt, sem sjóðstjórnin telur jafntryggan.

8. gr.

Lánstíminn er allt að 12 ár. Vextir ákveðast eitt skipti fyrir öll fyrirfram fyrir hvert lán, ½% hærri en lægstu ríkislánsvextir, sem fáanlegir voru árið fyrir lántökuárið. Lánin má veita afborgunarlaus 2 fyrstu árin, en eftir það afborgist þau með jöfnum afborgunum. Atvinnumálaráðherra ákveður vaxtafót lánanna.

9. gr.

Sjóðstjórnin getur heimtað allar þær upplýsingar, sem hún telur þurfa til þess að geta ákveðið, hvort óhætt sé og réttmætt að veita umbeðið lán. Hún getur látið rannsaka rekstur lánbeiðanda og endurskoða reikningshald hans, og einnig leitað álits sérfræðinga. Kostnað við slíka rannsókn greiðir lánbeiðandi. Annar kostnaður við stjórn iðnlánasjóðs greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Óheimilt er stjórn sjóðsins, stjórn Landssambands iðnaðarmanna og trúnaðarmönnum þeirra að láta óviðkomandi í té nokkuð af þeim upplýsingum, sem gefnar eru í sambandi við lántökur þessar.

11. gr.

Lán eru ekki veitt til að byrja atvinnurekstur, heldur aðeins slíkum atvinnurekendum, sem hafa með atvinnurekstri í nokkur ár sýnt, að óhætt ætti að vera að lána þeim peninga.

12. gr.

Þegar lánin eiga að notast til að kaupa vélar eða áhöld, greiðast þau til seljanda, en ekki lántakanda sjálfs, og er lántakandi jafnan skyldur að hlíta þeim ákvæðum, er sjóðstjórnin kann að setja um gerð og tegund vélanna.

13. gr.

Til þess að tryggja það, að vélum þeim, sem settar eru að veði fyrir lánum úr iðnlánasjóði, sé jafnan haldið vel við og í veðhæfu ástandi, skal ráðuneytið fela vélaeftirlitsmanni ríkisins að hafa sérstakt eftirlit með vélum þessum og gefa árlega skýrslu um ástand þeirra. Sannist það, að vélum þessum sé ekki

haldið vel við, svo að hætta geti verið á, að þær verði ekki næg trygging fyrir láni því, sem út á þær er veitt, getur ráðherra sagt upp láninu fyrirvaralaust.

14. gr.

Reikningar iðnlánasjóðs skulu endurskoðaðir af yfirskoðunarmönnum landsreikninga.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

## Sþ. 525. Tillaga

til þingsályktunar um leigu á talstöðvum í fiskiskip.

Flutningsm.: Jón Auðunn Jónsson, Jóhann Þ. Jósefsson, Pétur Ottesen.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa svo fyrir, að landssíminn hafi jafnan nægar birgðir talstöðva, sem hentugar eru til notkunar í fiskiskipum, og leigi þessi tæki fyrir ekki hærri ársleigu en 50 krónur hvert.

Ástæður.

Þinginu berast sífellt hærri og fleiri kröfur um aukið eftirlit með fiskibátaflotanum, til öryggis gegn slysum, sem því miður eru mjög tíð, og orsakirnar í langflestum tilfellum þær, að vél skipsins bilar.

Alþingi hefir ekki séð sér fært, kostnaðarins vegna, að verða við kröfunum um eftirlitsskip, og ekki sjáanlegt, að þeim kröfum verði fullnægt í náinni framtíð.

Hinsvegar er það álit sjómanna, að talstöðvar í sem flestum fiskiskipum mundu auka öryggi fiskimanna að stórum mun. Á þessari vertíð hefir það komið fyrir, að bátar, sem hafa talstöðvar, hafa gert öðrum bátum, sem slíkar stöðvar hafa haft, aðvart og fengið skjóta og góða hjálp. Hinsvegar hafa bátar, sem engar talstöðvar hafa, orðið að hrekjast heila sólarhringa á hafi úti án allrar hjálpar.

Það væri ef til vill ástæða til þess að skylda öll fiskiskip, sem á djúpmið sækja, til þess að hafa slíkar stöðvar, en réttast þykir að gefa öllum þess kost að fá leigðar slíkar stöðvar með svo vægum kjörum, að segja megi, að öllum, sem að útgerð þessari standa, sé kleift að notfæra sér þessi tæki.

## Nd. 526. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. nóv. 1919 og á lögum nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Sigfúsi Jónssyni.

a. Aftan við orðin „um Flatatungu“ í 5. málsgr. komi: og Gilsbakka að Merkigili.

b. Nýr málsl. á eftir: Lína frá Réttarholti um Hjaltastaði (eða Frostastaði), Framnes, Hofsstaði (eða Hofsstaðasel) að Vatnsleysu.

## Nd. 527. Breytingartillögur

við frv. til áfengislaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. 2. málsgrein orðist svo:
   Verði slys á öðrum mönnum, af völdum ölvaðs flugmanns, bifreiðarstjóra, skipstjóra eða stýrimanns, í starfi þeirra, skal það jafnan varða algerðum missi þessara atvinnuréttinda þeirra.
2. Á eftir 43. gr. komi ný grein (er verður 44. gr.), svo hljóðandi.
   Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1935.

## Nd. 528. Nefndarálit

um frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1932.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og borið hvern einstakan lið þess saman við landsreikninginn og fundið rétt vera.

Einnig hefir nefndin yfirfarið athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikningsins, svör stjórnarinnar og tillögur yfirskoðunarmanna til úrskurðar, og fellst nefndin á þær tillögur.

Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Sigfús Jónsson, form., frsm. | Jakob Möller, fundaskrifari. | Ólafur Thors. |
| Ásgeir Ásgeirsson. | Stefán Jóh. Stefánsson. | |

## Nd. 529. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. nóv. 1919 og á l. nr. 38 14. júní 1929. [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Á eftir „Álfhólum í sömu sveit“ í 5. málsgr. komi:
Lína frá Svignaskarði að Hjarðarholti í Stafholtstungum.

## Ed. 530. Breytingartillögur

við frv. til laga um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Aftan við fyrsta tölul. 10. gr. bætist ný málsgrein:
   Ekki má ráðherra gefa öðrum læknum heimild til að starfa að fóstureyðingum en þeim, sem landlæknir og yfirlæknar landsspítalans hafa mælt með í þessu skyni, enda sé engum lækni veitt slík heimild nema eitt ár í senn.
2. Á eftir 11. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni skal vera skylt að leggja þessi lög fyrir Alþingi 1936 til endurskoðunar og láta fylgja ýtarlega skýrslu um reynslu þá, er fengizt hefir um málið frá því, er lögin gengu í gildi.

## Ed. 531. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Hornafirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með frv. óbreyttu.

Alþingi, 20. nóv. 1934.

| Ingvar Pálmason, form. | Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm. | Jón A. Jónsson. |
|---|---|---|

## Nd. 532. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. nóv. 1919 og á l. nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Á eftir „Álfhólum í sömu sveit“ í 5. málsgr. koma nýir málsliðir:

a. Lína frá Þyrli að Stóra-Botni.
b. Lína frá Vogatungu um Leirárhverfi að Hlíðarfæti í Svínadal.
c. Lína frá Vogatungu að Melum í Melasveit.
d. Lína frá Grund um Indriðastaði að Ytri-Skeljabrekku.
e. Lína frá Stóra-Kroppi að Hæli í Flókadal.

## Ed. 533. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 530 [Fóstureyðingar].

Frá Jónasi Jónssyni.

Tölul. 1 orðist svo:

Þó þarf landsspítalinn og yfirlæknar þeir, er þar starfa, ekki sérstaka viðurkenningu ráðherra til þess að mega fullnægja fyrirmælum 9. gr. En annars má ráðherra ekki gefa öðrum læknum heimild til að starfa að fóstureyðingum en þeim, sem yfirlæknar landsspítalans og landlæknir hafa mælt með í þessu skyni, enda sé engum lækni veitt slík heimild nema til eins árs í senn.

## Nd. 534. Frumvarp

til laga um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar sjö manna síldarútvegsnefnd. Skipar atvinnumálaráðherra einn, en hinir skulu vera tilnefndir af þessum aðilum, einn af hverjum: Útgerðarmönnum á Eyjafirði, útgerðarmönnum á Suðurlandi, sunnan Snæfellsness, útgerðarmönnum á Norðurlandi, utan Eyjafjarðar, og útgerðarmönnum á Vesturlandi. Auk þess tilnefnir Alþýðusamband Íslands tvo menn. Við kosningu í nefndina kemur eitt atkvæði fyrir hvert skip, skrásett á hinum tilnefndu svæðum, sem haldið var út á síldveiðar árið á undan kosningu og lagði upp síld til verkunar og útflutnings. Varamenn skulu skipaðir jafnmargir eftir tilnefningu sömu aðilja. Nefndarmenn eða varamenn þeirra skulu allir dvelja á Siglufirði yfir síldveiðitímann.

Nú vanrækir einhver aðilja að tilnefna í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað.

Nefndin kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn.

Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur. Nú er stunduð síldveiði til verkunar á Austfjörðum, og skal nefndin þá skipa sér þar fulltrúa í samráði við útgerðarmenn á Austurlandi. Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Síldarútvegsnefnd hefir með höndum úthlutun útflutningsleyfa, veiðileyfa til verkunar, söltunarleyfa á síld og löggildir síldarútflytjendur. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á síld með öðrum verkunaraðferðum en nú eru tíðkaðar. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja síld á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi síldarútvegsins.

Til þess að standast kostnað af þessum störfum nefndarinnar, getur síldarútvegsnefnd ákveðið, með samþykki ráðherra, að greitt verði í sérstakan sjóð 2% — tveir af hundraði — af andvirði seldrar síldar. Sjóði þessum má eingöngu verja í þágu síldarútvegsins. Nú verður sjóður þessi svo mikill, að öruggt þyki, og getur þá síldarútvegsnefnd ákveðið, að fengnu samþykki ráðherra, að endurgreiða úr honum til síldareigenda í réttu hlutfalli við verðmagn seldrar síldar.

3. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld eða verkaða á annan hátt, sem veidd er af íslenzkum skipum eða í íslenzkri landhelgi, eða verkuð hér á landi eða lögð á land verkuð, nema með leyfi síldarútvegsnefndar. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir síldarsendingum til útlanda, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Leyfi til útflutnings á síld skulu aðeins veitt þeim, sem fengið hafa löggildingu sem síldarútflytjendur. Þó getur nefndin veitt undanþágu fyrir ísaðri síld og smásendingum af millisíld.

4. gr.

Síldarútvegsnefnd löggildir síldarútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma.

Nú hefir félag síldarframleiðenda fengið löggildingu sem síldarútflytjandi og hefir umráð yfir 80% eða meiru af saltsíldarframleiðslu landsmanna, og getur þá síldarútvegsnefnd ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundraðshluta af framleiðslunni og það hefir umráð yfir, en fullnægja skal þá félagið þeim skilyrðum, er hér fara á eftir, sé það eigi stofnað og starfrækt samkv. lögum nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög. Félagið skal vera opið öllum síldarframleiðendum, þannig, að félög þeirra, sem ná yfir eina eða fleiri veiðistöðvar eða tiltekið svæði, hafi rétt til þátttöku og sendi fulltrúa á fundi þess. Útgerðarmenn og útgerðarfélög, sem ráða yfir 2000 tunnum saltsíldar eða meiru, skulu eiga rétt á að gerast meðlimir og mæta eða láta mæta á fundum félagsins. Æðsta vald í félagsmálum sé hjá félagsfundum. Við kosningu fulltrúa til félagsfunda skal hver þátttakandi hafa atkvæðisrétt, er eigi miðast nema að nokkru leyti við síldarmagn. Sama gildir og um atkvæðisrétt á félagsfundum, enda fari þar enginn með meira en $^1/_{20}$ af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra.

Þeir, sem kynnu að fá löggildingu til útflutnings á eftirstöðvum síldarmagnsins, skulu uppfylla skilyrði síðustu málsgreinar þessarar greinar.

Ef ekkert almennt félag síldarframleiðenda, sem ræður yfir síldarmagni því, sem að framan greinir, sækir um og fær löggildingu síldarútvegsnefndar, getur nefndin löggilt tiltekna tölu síldarútflytjenda, enda hafi hver þeirra til umráða að minnsta kosti 25000 tunnur af síld og fullnægi ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, ef um einstakling er að ræða, eða ef um félag er að ræða, að það sé skrásett lögum samkvæmt sem hlutafélag, samvinnufélag eða sölusamlag síldarframleiðenda, opið öllum síldarframleiðendum.

5. gr.

Þeir, sem samkv. 4. og 5. gr. fá löggildingu nefndarinnar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum hennar um framboð og lágmarksverð á síld, sem seld er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma, afhendingu gjaldeyris og annað það, sem nefndin setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkv. lögum þessum. Með reglugerð má ákveða, að síldarútflytjendur skuli skyldir að taka síld til sölu af framleiðendum, gegn hæfilegri hámarksþóknun, enda sé síldin markaðshæf vara, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir síldarframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

6. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem snertir sölu og útflutning síldar, og hefir nefndin frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin er bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda, er hún verður áskynja um á þennan hátt.

7. gr.

Nú verður það nauðsynlegt, að dómi síldarútvegsnefndar, til þess að tryggja gæði síldar eða sölu á síldarframleiðslu landsmanna, að takmarka veiði, og er nefndinni þá heimilt að ákveða, hvenær söltun megi hefjast, svo og að takmarka eða banna söltun um skemmri eða lengri tíma og ákveða hámark söltunar á hverju skipi.

8. gr.

Síldarútvegsnefnd úthlutar veiði- og verkunarleyfum. Allir síldarútgerðarmenn skulu fyrir þann tíma, er nefndin ákveður, sækja um veiðileyfi fyrir skip sín. Skal í leyfisbeiðninni tilgreina tölu skipa, stærð og einkennistölu og áætla afla til verkunar. Ennfremur skal skýra frá, hjá hvaða saltanda og hvernig síldin skuli verkuð, svo og hver hafi síldina til sölumeðferðar.

Allir síldarsaltendur skulu fyrir sama tíma sækja um verkunarleyfi til nefndarinnar og skýra frá, hve margar tunnur hverrar tegundar þeir óska að verka og af hvaða skipum.

Hver saltandi, er söltunarleyfi fær, er skyldur að hlíta fyrirmælum nefndarinnar um hámark verkunargjalds á hverja tunnu, sem hann saltar fyrir útgerðarmenn, og um ábyrgð á síldarverkuninni.

Allir síldarframleiðendur eru skyldir að láta nefndinni í té þær upplýsingar, sem hún krefst og stuðlað geta að því, að veiðinni verði hagað eftir söluhorfum, og skulu þeir hlíta fyrirmælum hennar í þeim efnum, en skylt er nefndinni að hafa um þetta sem nánasta samvinnu við síldarframleiðendur. Skýrslur um veiði og verkun skal gefa nefndinni daglega.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd undanfarandi ákvæða, svo sem að hver síldareigandi beri ábyrgð á gæðum sinnar síld-

ar, ákvæði um jafnaðarverð á síld sömu gæða, umboðslaun til að standast kostnað við sölu og öll þau atriði önnur, er hann telur þurfa.

10. gr.

Brjóti löggiltur útflytjandi ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, getur síldarútvegsnefnd svipt hann löggildingu og kært hann til fjársekta.

11. gr.

Nú telur ríkisstjórnin og síldarútvegsnefnd, með tilliti til markaðslanda og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikarnir með því að taka upp einkasölu á síld, og getur ríkisstjórnin þá, með samþykki síldarútvegsnefndar, ef félag síldarframleiðenda, sem uppfyllir ákvæði 2. málsgr. 4. gr., æskir þess, veitt því um ákveðinn tíma einkarétt til að selja og flytja síld til útlanda, enda séu þá framkvæmdarstjórar tveir, og tilnefni síldarútvegsnefnd annan þeirra.

Sé slíkur félagsskapur síldarframleiðenda eigi til eða síldarútvegsnefnd mæli eigi með því, að honum sé veittur slíkur einkaréttur, getur ríkisstjórnin falið síldarútvegsnefnd einkasölu á síld til útlanda, enda komi samþykki nefndarinnar til. Ræður þá síldarútvegsnefnd tvo framkvæmdarstjóra til þess að annast síldarsöluna og gerir aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsyn krefur. Skal með reglugerð, er atvinnumálaráðherra gefur út, ákveða fyrirkomulag einkasölunnar, verksvið framkvæmdarstjórnar og annað það, er leiðir af ákvæðum þessarar greinar.

Sé síldarútvegsnefnd falin einkasala á síld, telst kostnaður við störf hennar með rekstrarkostnaði einkasölunnar.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála og varða sektum, allt að 200000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk hæstv. atvinnumálaráðherra af meiri hl. sjávarútvegsnefndar. Vegna erfiðleika, sem eru á útflutningi og sölu verkaðrar síldar, verður að teljast óhjákvæmilegt að tryggja sem bezt skipulag á síldarverzluninni, og þá einnig að hefjast handa um útvegun nýrra markaða og fjölga verkunaraðferðum. Er þetta bezt ljóst þeim, sem með mál þessi fara, og má til þess nefna nefndarálit frá sjávarútvegsnefnd fiskiþingsins 1934, dags. 19. okt. Þar leggur nefndin m. a. til:

„Að ríkisstjórnin feli stjórn félags síldarútvegsmanna að ákveða um framleiðslu og hafa alla síldarsölu með höndum. Verði slíkur félagsskapur eigi stofnaður, leggur nefndin til, að ríkisstjórnin skipi nefnd til þessa, enda

sé þess gætt við nefndarskipunina, að þeir menn, sem að útgerðinni standa, eigi þar meiri hluta fulltrúa".

Þá hafa þrír stjórnendur í Samlagi íslenzkra matjessíldarframleiðenda, þeir Finnur Jónsson, Hafsteinn Bergþórsson og Ingvar Guðjónsson, sent Alþingi eftirfarandi áskorun, sem gerð var á stjórnarfundi í samlaginu 24. okt. síðastl.:

„Við undirritaðir stjórnendur S. Í M. álítum, að fenginni reynslu, nauðsynlegt:

1. Að framleiðsla á síld til söltunar og annarar verkunar sé takmörkuð við söluhorfur hverrar tegundar.
2. Að allur útflutningur og sala síldar sé í höndum félagsskapar eða nefndar.

Fyrir því skorum við á háttvirt Alþingi að setja lög, er heimili ríkisstjórninni að ákveða, að öll síld, sem söltuð er til útflutnings eða verkuð á annan hátt hér á landi eða í íslenzkri landhelgi, verði seld fyrir milligöngu félagsskapar síldarútgerðarmanna, er þá jafnframt hafi heimild til að takmarka framleiðsluna eftir söluhorfum. Sölustjórnin sé þannig skipuð, að síldarútgerðarmenn og sjómenn hafi þar fulltrúa í réttum hlutföllum við eign þeirra í síldarframleiðslunni.

Fáist eigi samkomulag um stofnun slíks félagsskapar eða um stjórn hans, þá verði atvinnumálaráðherra gefin heimild til að skipa nefnd manna til þess að hafa með höndum ofanritaðar framkvæmdir, enda sé sú stjórn skipuð í sömu hlutföllum og áður segir frá útgerðarmönnum og sjómönnum."

Sþ. **535. Tillaga**

til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka ábyrgð á láni fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Flutningsm.: Emil Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni vegna ríkissjóðs að ábyrgjast £ 10000-0-0 lán, sem bæjarsjóður Hafnarfjarðar hefir fengið loforð fyrir hjá The Pearl Assurance Company Ltd., London.

Greinargerð.

Byggingarsjóður Hafnarfjarðar og bæjarsjóður Hafnarfjarðar hafa í sameiningu verið að leita fyrir sér um lán erlendis og fengið loforð fyrir 10000 sterlingspundum hjá ofangreindu félagi. Nú er í lögunum um verkamannabústaði heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir byggingarsjóðinn, og bæjarstjórn Hafnarfjarðar fór því í þingbyrjun aðeins fram á ábyrgð fyrir þeim hluta lánsins, er hann hugðist að taka, eða allt að 150000 kr., og var sú umsókn send fjárveitinganefnd með tilmælum um, að ábyrgðin yrði tekin í fjárlög. Nú hefir lánið verið veitt í einu lagi, og Hafnarfjarðarbæ allt, og þess vegna er þessi þingsályktunartillaga fram komin.

Láninu yrði þó varið á þann hátt, að um það bil þriðjungur þess gengi til byggingarsjóðs, en afgangurinn rynni til bæjarsjóðs, til greiðslu á lausaskuldum og ósamningsbundnum skuldum, eins og nánar hefir verið skýrt í erindi bæjarstjórnarinnar.

## Nd. 536. Viðaukatillaga

við brtt. á þskj. 479 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Þorbergi Þorleifssyni.

Aftan við till. bætist:

d. Lína frá Svínhólum í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu um Vík að Hvalnesi.

## Ed. 537. Breytingartillögur

við frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna í 2. málsgr. „súru skyri" komi: fullverkuðu súru skyri.
2. Við 2. gr. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

   Fyrir þær kýr, sem undanþága þessi nær ekki til, innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, skal greiða verðjöfnunargjald, sem miðast við 3000 lítra ársnyt á kú hverja.
3. Við 5. gr.

   a. Tveir fyrstu málsl. greinarinnar orðist svo:

   Þar, sem aðeins eitt mjólkurbú er starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal það annast alla sölu og dreifingu á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðisins. Tekur þetta einnig til þeirrar mjólkur, sem undanþegin er verðjöfnunargjaldi samkv. 2. gr. 2. málsl. Þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal öll sala og dreifing á þessum vörum fara fram frá einni sölumiðstöð. Heimilt er stjórn samsölunnar að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annara mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða. Skulu öll mjólkurbú og félög framleiðenda, sem samkvæmt lögum þessum taka þátt í sölusamtökum á svæðinu, skipa stjórn, sem annast alla sölu og dreifingu og aðrar framkvæmdir sölusamlagsins.

   Þar, sem svo stendur á sem segir í 1. málsgr., skal öðrum óheimilt að starfrækja sölubúðir með mjólk, rjóma og nýtt skyr í hlutaðeigandi kaupstað eða kaupstöðum. Sölustjórn getur, þyki henni sérstök ástæða til, veitt leyfi til að dreifa þar mjólk sem gjöfum eða heimilað framleiðanda að taka hana til eigin neyzlu utan heimilis síns. En framleiðanda er jafnan heimilt að taka til eigin neyzlu mjólk þá, er hann framleiðir á heimili sínu, án þess að hún gangi í gegnum sölumiðstöð eða hreinsunarstöð.

Ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til, getur hún, að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, ákveðið, að vissar sveitir, hluti úr sveitum eða kauptún skuli tekin undir sölu- og dreifingarrétt mjólkurbúa eða sölumiðstöðva þeirra með þessar afurðir.

b. Síðasti málsl. fyrstu málsgr. orðist svo:

Fyrst um sinn, til 1. maí 1935, skal stjórn samsölunnar á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar vera í höndum mjólkursölunefndar. Nú kemst á samkomulag milli mjólkurbúanna og félaga framleiðenda á þessu svæði um að taka stjórn samsölunnar í sínar hendur, og skal þeim það heimilt, ef samþykki landbúnaðarráðherra kemur til. Að öðrum kosti fer mjólkursölunefnd með þessi mál þangað til samkomulag þetta hefir komizt á, að dómi landbúnaðarráðherra.

c. Aftan við 4. málsgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður af mjólkursölunefnd í samráði við stjórn heilbrigðismálanna um framleiðslu barnamjólkur.

4. Við 14. gr. Við greinina bætist:

Mjólkurafurðir þær, sem ráðstafað er gagnstætt ákvæðum laga þessara, skulu gerðar upptækar, og rennur andvirði þeirra í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

Stjórnendur flutningatækja, sem flytja vísvitandi óleyfilega mjólk eða mjólkurafurðir inn á sölusvæði, skulu sæta ábyrgð og sektum fyrir brotið.

## Nd. 538. Frumvarp

til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

### I. KAFLI

### Búnaðarbanki Íslands.

1. gr.

Orðið „bústofnslánadeild“ í 3. gr. laga nr. 31 frá 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, falli burt.

2. gr.

14. gr. sömu laga orðist svo:

Stofnsjóð veðdeildar Búnaðarbankans skal ávaxta í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, eftir því sem viðlagasjóðslánin greiðast og við verður komið, og hefir stjórn Búnaðarbankans heimild, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að helmingi af vaxtatekjum hans til greiðslu vaxta af öðrum vaxtabréfum veðdeildarinnar, ef nauðsynlegt þykir vegna útlánsvaxta deildarinnar.

3. gr.

39. gr. sömu laga orðist svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að taka allt að 5 millj. króna lán, innanlands eða utan, á ábyrgð ríkisins, til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

4. gr.

40. gr. sömu laga falli burt.

5. gr.

IV. kafli sömu laga (Bústofnslánadeild) falli niður.

## II. KAFLI

### Ræktunarsjóður.

6. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 17 frá 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, komi nýr liður, er verði 5. liður, svo hljóðandi:

Það af Viðlagasjóði Íslands, sem er fram yfir eign veðdeildar Búnaðarbanka Íslands eins og hann telst 1. jan. 1935.

7. gr.

Í stað orðanna „flokkur var opnaður“ í lok 3. gr. sömu laga komi: flokknum var lokað.

8. gr.

Í stað 3½% í 6. gr. sömu laga komi: 2½%.

9. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. sömu laga bætist: og baktryggingu frá lántakanda, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

10. gr.

13. gr. sömu laga breytist þannig:

a. Á eftir „áburðargryfja“ í c-lið greinarinnar komi: og gróðrarhúsa.
b. Í stað „20“ í c-lið komi: 30 — og í stað „25“ í d-lið komi: 35.

11. gr.

16. gr. sömu laga breytist þannig:

a. Á eftir orðunum „tryggingarláni úr Ræktunarsjóði“ komi: er seljandi skyldur að tilkynna sjóðnum eigendaskipti.
b. Í stað orðanna „þá er stjórn sjóðsins“ komi: og er stjórn sjóðsins þá.

12. gr.

19. gr. sömu laga breytist svo:

a. Í stað „15“ í fyrstu málsgrein komi: 13.
b. Orðin „til 20 ára“ í 1. málsgrein falli burt.
c. Í stað „6%“, „5½%“ og „6%“ komi: 5%, 4½% og 5%.

13. gr.

Í stað „ákveðnum“ í 21. gr. sömu laga komi: næsta.

14. gr.

Fyrri málsgrein 27. gr. sömu laga orðist svo:

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Kirkjujarðasjóðs, Bjargráðasjóðs, sjóðs Brunabótafélags Íslands, svo og annara sjóða, er standa undir vörzlu ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til að kaupa vaxtabréf Ræktunarsjóðs, og ákveður landbúnaðarráðherra árlega upphæðina, eftir að hafa kynnt sér reikningsskil viðkomandi sjóða.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

15. gr.

Heimilt er stjórn Búnaðarbanka Íslands að lengja lánstíma þeirra lána, sem Ræktunarsjóður hefir þegar veitt, í samræmi við breytingu þá, sem felst í lögum þessum, ef þess er óskað af lántakendum.

16. gr.

28. gr. sömu laga orðist svo:

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefir á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkv. lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

17. gr.

29., 30. og 32. gr. sömu laga falli burt, og greinatalan breytist samkv. því.

18. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella þau inn í meginmál laga nr. 17 frá 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, og gefa þau síðan út í einu lagi.

III. KAFLI

**Ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar.**

19. gr.

4. gr. laga nr. 79 19. júní 1933, um heimild til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar, orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta af vöxtum af fasteignaveðslánum bænda, sem er fram yfir 5%.

Heimild þessi nær til greiðslu vaxta af stofnlánum frystihúsa og mjólkurbúa, enda séu þau eign samvinnufélaga bænda eða sýslufélaga. Á sama hátt heimilast ríkisstjórninni að greiða til Ræktunarsjóðs 1% af þeim ræktunarsjóðsbréfum, sem eru í eign annara en Búnaðarbanka Íslands.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er undirbúið og samið af þrem mönnum, er landbúnaðarráðherra fól að athuga möguleika á vaxtalækkun landbúnaðarlána síðastliðið haust. Hefir landbúnaðarnefnd yfirfarið það og athugað og breytt í nokkrum atriðum. Sömuleiðis hefir hún bætt við það 3. kaflanum. Einstakir nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um ýmsa liði frumvarpsins.

Í hendur nefndarinnar fylgdu frumvarpinu svo hljóðandi athugasemdir:

„Í septembermánuði síðastliðnum var okkur undirrituðum, ásamt Brynjólfi Stefánssyni tryggingafræðingi, falið að athuga leiðir til lækkunar á vöxtum fastra landbúnaðarlána (fasteignaveðslána). Höfum við athugað mál þetta frá ýmsum hliðum og orðið ásáttir um tillögur þær, sem fram eru bornar í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

Fyrsta verk okkar var að athuga, hve mikið fé væri bundið í hinum einstöku flokkum landbúnaðarlána, eftir því sem næst yrði komizt, og fengum við mikinn og auðunninn fróðleik um það í skýrslum og skjölum bændanefndar þeirrar, er undirbjó kreppulánalöggjöfina haustið 1932. Niðurstaða þessara athugana var sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Í Landsbanka Íslands veðdeildarlán ..... | ca. | 2500 þús. |
| 2. | Í Búnaðarbankanum veðdeildarlán ..... | — | 1500 — |
| 3. | Í —— Ræktunarsj. ..... | — | 5300 — |
| 4. | Í —— Byggingar- og landnámssj. ..... | — | 1900 — |
| 5. | Í Söfnunarsjóði ..... | — | 1200 — |
| 6. | Lán með sparisjóðskjörum (hrein og blönduð fasteignaveðslán í bönkum og sparisjóðum) ..... | — | 5600 — |
| 7. | Ýms önnur lán í kirkjujarðasjóði o. fl. ..... | — | 800 — |
| | | Alls ca. | 18800 þús. |

Lánskjör í flokkum þessum eru sem hér segir:

1) Lán í veðdeild Landsbankans eru með 4—5½% vöxtum, en auk þess eru meiri og minni afföll, sem lántakendur eru þegar búnir að taka á sig.
2) Lán í veðdeild Búnaðarbankans eru með 6½% vöxtum. (Þau lán voru veitt affallalaus).
3) Ræktunarsjóðslánin eru með 6% vöxtum.
4) Lán Byggingar- og landnámssjóðs eru með 5% ársgreiðslu.
5) Söfnunarsjóðslánin eru með 6% vöxtum.
6) Sparisjóðslánin yfirleitt með víxilvöxtum allt að 7½%.
7) Ýms lán með 4—5% vöxtum.

Það má hiklaust fullyrða um meginhluta þeirra lána, sem hér eru talin, að þau eru svo dýr, að mjög örðugt er fyrir landbúnaðinn að ávaxta þau, þegar tillit er tekið til þeirrar verðlækkunar, sem verið hefir á afurðum landbúnaðarins hin síðari árin, eftir að meginþorri þeirra hefir verið tekinn, og er nú mikið ósamræmi orðið á milli afrakstrar lánsfjárins og þeirra framleiðslutækja, sem hann er bundinn í. Sömuleiðis er orðið ósamræmi milli hinna föstu lána og

veltufjárins (víxla o. þ. h.), en föstu lánin eru venjulega mun ódýrari, vegna þess að þau eru að jafnaði miklu betur tryggð, þó lánstíminn sé að vísu lengri.

Nú eru t. d. ýms fasteignalán komin upp í og jafnvel yfir hæstu víxilvexti. Það er því bæði nauðsyn og réttlæti að færa þau mikið niður frá því, sem er. En hitt er þó fljótséð, að örðugleikarnir við það eru miklir og næstum ósigrandi í jafnfjármagnsfátæku landi og hér, þar sem eftirspurnin eftir peningum er næstum óþrjótandi, og næstum því hve háir sem vextirnir eru.

Það er t. d. kunnugt, að ríkistryggð verðbréf með 5% vöxtum (veðdeildarbréf) hafa undanfarin ár verið seld hér með 20—30% afföllum á frjálsum markaði. Að bæta á ríkið auknum erlendum lánum til verðbréfakaupa, má teljast neyðarúrræði á þessum tímum, þó sennilega verði ekki hægt að komast hjá því að einhverju leyti, auk þess sem þesskonar lán hafa til þessa ekki fengizt undir 6% vöxtum, ef frá er talið lán það, er á þessu ári var tekið í Englandi til konverteringar á ríkisláninu frá 1921, og nokkur smálán, sem tekin voru á sama ári.

En þar sem ekki verður hjá því komizt, eins og að framan er sagt, að gera nokkra tilraun til vaxtalækkunar fyrir landbúnaðinn, ef hann á ekki að sligast fullkomlega undir þunga þess lánsfjár, er á honum hvílir, verður að grípa til opinberra ráðstafana til þess að létta þá byrði.

Nú hefir með lögum um Kreppulánasjóð, frá árinu 1933, verið gerð allróttæk ráðstöfun til að lækka vexti og bæta kjör á hinum svokölluðu lausu skuldum bænda, þar sem miklum hluta þeirra er þegar breytt og verður breytt í föst lán með 4% vöxtum til margra ára, auk þess hluta þeirra, sem algerlega hefir verið niður felldur. En sú löggjöf hefir ekki snert hin föstu lán að öðru leyti en því, að nokkrum, en þó litlum hluta þeirra hefir þegar verið breytt í kreppulánasjóðslán og lítilsháttar fellt niður, og auk þess hefir með sérstökum lögum frá þinginu 1933, um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar, stjórninni verið gefin heimild til að greiða úr ríkissjóði þann hluta af vöxtum fasteignalána, sem er fram yfir 4½%. Þetta hefir ríkisstjórnin gert, og hefir fjöldi bænda fært sér þetta í nyt. Með sömu lögum hefir Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka verið gefin heimild til að veita greiðslufrest á afborgun lána af veðdeildar-, Ræktunarsjóðs- og Byggingar- og landnámssjóðslánum. Stjórn Búnaðarbankans hefir notað heimild þessa og veitt afborgunarfrest á fjölda lána, en hinsvegar ekki stjórn Landsbanka Íslands. Heimildin um afborgunarfrestinn nær yfir 5 ár, en heimildin til vaxtatillagsins einungis árin 1933 og 1934, og er því útrunnin eftir næsta gjalddaga lánanna. Það má því ekki dragast að gera frambúðarráðstafanir til vaxtalækkunar á hinum föstu lánum, eftir því sem við verður komið, því að þeir bændur, sem mest höfðu af lánum sínum í föstum lánum fyrir kreppuna, hafa ekki getað orðið aðnjótandi kreppulánanna nema að litlu leyti, og eru því orðnir verr settir en hinir.

Verður nú farið nokkrum orðum um hvern framangreindan lánaflokk fyrir sig.

1) *Veðdeild Landsbankans.* Við veðdeildarlánin sáum við ekkert unnt að eiga, þar sem vextir þeirra eru skaplegir, eða 4½—5½%, eins og að framan er sagt. Þó að lánin hafi verið raunverulega dýr, vegna affallanna við sölu

bréfanna, þá verður ekki við það átt, þar sem lántakendur hafa þegar tekið á sig þann hlutann. Ársgreiðslur þeirra lána eru 6,23% á 40 ára lánum og 6.88% á 30 ára lánum.

2) *Veðdeild Búnaðarbankans.* Þar eru vextir 6½%, en þau lán voru veitt affallalaus, eins og áður er sagt. Sú leið, sem okkur hefir helzt dottið í hug til að létta þau, er að láta stofnsjóð veðdeildarinnar (viðlagasjóð) taka á sig nokkurn hluta vaxtalækkunarinnar, eins og síðar mun bent á. Leggjum við því til, að það verði ½%—1% af þeim lánum, sem veitt hafa verið úr 1. flokki deildarinnar.

3) *Ræktunarsjóður.* Þar eru vextir 6% og lánstími 5—25 ár. Ársgreiðslur eru þar 23,4% af 5 ára lánum, 13,58% af 10 ára lánum, 10,3% af 15 ára lánum, 8,72% af 20 ára lánum, og 7,82% af 25 ára lánum. Undantekning eru aðeins þau lán, sem eftir eru af Ræktunarsjóði hinum eldra, að upphæð rösk ½ millj. með 4%. Leggjum við til, að lánavextir Ræktunarsjóðs hins nýja lækki um 1%. Til þess að ná því, verður að lækka vexti af bréfum Ræktunarsjóðsins, öllum sem eru í opinberri eign, um hið sama, eða 1%, og sömuleiðis af höfuðstól Ræktunarsjóðs. Nú eru í umferð 2740000 í bréfum. Af þeim á ríkissjóður 904000, Landsb. 735000, Búnaðarb. 136000, Brunabótasjóður 100000, eða alls 1875000. Það, sem þá er eftir, ca. 700000, er eign annara tryggingarfélaga, og teljum við ekki fært að lækka vexti af bréfum þeirra, og yrði sjóðurinn að taka á sig þá vaxtalækkun. En á þennan hátt mætti lækka vexti af lánum sjóðsins um 1%. Eins og áður er sagt, er lánstími Ræktunarsjóðs hæst 25 ár, þar sem veðdeildarlán Búnaðarbankans og Landsbankans eru 30—40 ár. Þetta gerir ársgreiðslur sjóðsins þyngri en ef lánstíminn væri lengri. Þess vegna leggjum við til, að gefin verði heimild til að lengja hann á öllum höfuðlánaflokkunum um allt að 10 ár, og sömuleiðis af lánum þeim, sem þegar eru veitt, ef lánþegar óska, þó þannig, að útdrætti verði lokið innan þess tíma, sem ákveðinn er í jarðræktarbréfum samkv. reglugerð sjóðsins. Sú breyting ein gæti haft í för með sér nokkra lækkun á ársgreiðslum, og gætu þá ársgreiðslur af lánum Ræktunarsjóðs lækkað um 1,7% við báðar þessar breytingar, og yrðu þá 6,11%.

Um áframhaldandi starfsemi sjóðsins er þetta að segja: Nú er að mestu lokið þeim tekjumöguleikum, sem Ræktunarsjóði eru ætlaðir samkv. lögum sjóðsins frá 1925.

Til þess að tryggja honum áframhaldandi tekjur, höfum við lagt til að skylda nokkra opinbera sjóði til bréfakaupa fyrir nokkurn hluta árstekna sinna, eftir ákvörðun landbúnaðarmálaráðh., með tilliti til aðstæðna sjóðanna og þörf Ræktunarsjóðs til bréfakaupa. Bréf þessi gerum við ráð fyrir að gæfu 4½% í vexti. Það, sem þá vantaði á til að fullnægja þörf sjóðsins til starfsfjár, yrði að fá með sölu vaxtabréfa á frjálsum markaði. En þar sem búast má við, að sú sala yrði óhagstæðari sjóðnum, eins og nú er háttað með bréfasölu, má gera ráð fyrir, að það yrði að ganga út yfir höfuðstól sjóðsins, til þess að lán hans þyrftu ekki að fara yfir 5%. Vegna þessa leggjum við til, að Ræktunarsjóður fái til fullrar eignar þann hluta Viðlagasjóðs, er Bústofnslánadeild er ætlaður samkv. lögum um Búnaðarbanka Íslands. Sú deild er ekki

starfrækt enn og litlar líkur til, að nokkurntíma verði horfið að því að starfrækja hana. Fyrst er það, að nú þegar er mikill hluti af búfé bænda veðsettur Kreppulánasjóði, og verður lengi, og í annan stað verður það að teljast neyðarúrræði fyrir bændur að veðsetja bústofn sinn, og þau veð eru einhver hin ótryggustu fyrir hverja lánsstofnun.

Við leggjum því til, að þessi umrædda deild verði felld úr búnaðarbankalögunum.

4) *Lánskjör Byggingar- og landnámssjóðs* eru hin beztu fasteignalánskjör, sem hér eru fáanleg, og sjáum við okkur ekki unnt að breyta neinu þar um.

5) *Söfnunarsjóðslánin* eru með 6% vöxtum, og leggjum við til, að þau verði færð niður í 5% með lagabreytingu. Sjóðir þeir, sem þar eru ávaxtaðir, fá mestan hluta þeirra vaxta, vegna þess hve starfræksla sjóðsins er ódýr, og virðist það sæmilegir vextir af innlánsfé.

6) Þá eru eftir þau fasteignaveðslán, hrein og blönduð, sem standa í sparisjóðum og sparisjóðsdeildum bankanna. Samkv. áður umgetnum skýrslum munu þau um 6 millj. króna. Allmiklum hluta af þessum lánum verður og er þegar breytt í kreppusjóðslán, og virðist mega gera ráð fyrir, að það verði ekki minna en um 2 millj. króna. Þá eru þar eftir um 4 millj. Þetta eru tvímælalaust örðugustu fasteignaveðslánin, þar sem þau bera flest fulla vixilvexti og eru auk þess samkvæmt eðli sínu aðeins veitt til skamms tíma, venjul. 10 ára, þó að nokkur framlenging umfram það eigi sér stað í framkvæmdinni. Það er því hin fyllsta nauðsyn að fá þeim sem fyrst breytt í ódýrari og lengri lán. Eina ráðið til þess virðist vera það, að opna nýjan veðdeildarflokk eða flokka við Búnaðarbankann. En á því eru ef til vill hvað mestir örðugleikarnir, sökum hins lága verðs á íslenzkum verðbréfum á frjálsum markaði. Það yrði þá eina úrræðið að taka lán til kaupa á bréfum hinna nýju flokka, og má búast við, að lán til þess, með aðgengilegum kjörum, fengist ekki, nema helzt utanlands. Af þessum ástæðum leggjum við til, að landbúnaðarmálaráðh. verði gefin heimild til að taka allt að 5 millj. kr. lán innanlands eða utan til kaupa á bréfum hinna nýju flokka. En þar sem hinsvegar engin vissa er fyrir því, að slík lán fengjust með þeim kjörum, að útlán gætu orðið það ódýr, sem nauðsyn væri á, leggjum við til, að heimilt sé að láta stofnsjóð veðdeildarinnar, sem er hluti af Viðlagasjóði, létta nokkuð vexti hinna nýju veðdeildarlána.

Er það tillaga okkar, að stofnsjóðurinn verði óskoruð eign veðdeildarinnar hér eftir, til styrktar starfsemi hennar í framtíðinni, í stað þess, að samkvæmt núgildandi lögum á að greiða ríkissjóði vexti af honum þegar varasjóður deildarinnar er búinn að ná vissu hámarki.

7) *Ýms sjóðalán.* Lán þessi eru með þeim kjörum, að við sjáum ekki tök á að breyta þeim til batnaðar.

Alþingi, 5. okt. 1934.

Bjarni Ásgeirsson. Páll Zóphóníasson.“

## Nd. 539. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við 6. lið 6. gr. bætist: Þó aldrei yfir 5%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram borið til að koma á útlánsvaxtalækkun á þeim landbúnaðarlánum og þá öðrum lánum, sem tekin hafa verið í sjóði þessum, í samræmi við aðrar tillögur, sem fyrir þinginu liggja í þessum efnum, og vísast í því sambandi til greinargerðar við frumvarp til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

## Sþ. 540. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin í heild hefir unnið að frv. síðan litlu eftir að þing kom saman og haldið fjölda funda. Hefir orðið samkomulag um margar af þeim brtt., sem tilfærðar eru á þskj. 508, en um ýmsar þeirra er fullt ósamkomulag. Á þskj. þessu eru, eins og venja er, ekki taldar aðrar tillögur en þær, sem meiri hl. hefir náðst fyrir í nefndinni. En eins og vikið hefir verið að, er minni hl. andvígur ýmsum þeirra og mun greiða atkv. gegn þeim. Hverjar þessar tillögur eru, þykir ekki fært að tilgreina hér, heldur verður að geyma það til umræðna málsins, en afstaðan til tillagnanna miðast yfirleitt við þá meginstefnu, sem minni hl. fylgir í þessum málum, og verður nokkuð vikið að henni síðar.

Við meðferð frv. í nefndinni lýsti minni hl. yfir því, að hann áskildi sér rétt til að flytja ýmsar þær brtt., sem fallið höfðu í nefndinni ýmist með jöfnum atkv. eða 5:4 atkv. Þessar tillögur flytur nú minni hl., og eru þær allar til lækkunar á gjaldahlið frv., og nema þær rúmlega 600000 kr. Verði þessar tillögur samþykktar ásamt þeim tillögum um laun opinberra starfsmanna, sem ekki taka laun samkv. launalögum, er minni hl. mun flytja, mundi ríkissjóði við það sparast um 700000 kr., og er það álitleg fúlga.

Þegar að því kom, að semja skyldi nefndarálit um frv., var framsögumönnum falið það starf eins og venja var til, en þegar að því kom, að álitið skyldi lagt fyrir nefndina í heild til samþykktar, kom það í ljós, að í því, sér-

staklega síðari kafla þess, var alls ekkert tillit tekið til afstöðu minni hl. og ekki einu sinni þess getið, að öll nefndin stóð ekki að nema sumum till. Undir slíkt álit gat minni hl. vitaskuld ekki skrifað, jafnvel ekki með fyrirvara, enda hefði slíkt gefið alveg ranga hugmynd um, hvað fram hafði farið í nefndinni, og um þær stefnur, sem þar voru ríkjandi. Minni hl. átti því þann einn kost að kljúfa nefndina, þótt það sé óvanalegt, ef það annars hefir átt sér stað um fjárveitinganefnd áður.

Eins og vikið hefir verið að, ber minni hl. fram verulegar tillögur til sparnaðar. Liggja til þess ýms rök. Má þar fyrst telja hið mjög svo erfiða ástand atvinnuveganna. Á síðasta þingi var talin brýn nauðsyn á að hlaupa myndarlega undir bagga með landbúnaðinum, og nú eru uppi tillögur um ekki ósvipaða hjálp til handa sjávarútveginum. Það er vitað, að hin mestu vandkvæði eru á sölu aðalframleiðsluvara landsmanna erlendis, bæði fiski og kjöti. Slíkt ástand hvetur til varfærni, sem minni hl. fannst ekki gæta hjá meiri hl. nefndarinnar.

Á næstu ári er búizt við, að Sogsvirkjunin hefjist. Það verk er sennilega hið umfangsmesta, sem framkvæmt hefir verið hér á landi. Við það skapast mjög mikil atvinna næstu ár. Ef ríkissjóður hefir jafnframt með höndum stórfelldar verklegar framkvæmdir, hlýtur að fara svo, að vinnukrafturinn sogist frá atvinnuvegum landsmanna, sérstaklega landbúnaðinum. Væri slíkt ákaflega varhugavert. Þegar miklar framkvæmdir eru af hálfu annara en ríkissjóðs, á fjárveitingavaldið á Alþingi að draga saman seglin, því að ella fer svo, að miklu meiri eftirspurn verður eftir vinnukrafti sum árin en hollt er atvinnuvegunum, og hin árin atvinnuleysi, sem er til niðurdreps fyrir þjóðfélagið í heild. Það er bein skylda ríkisvaldsins að reyna að miðla atvinnunni sem jafnast, bæði vegna atvinnuveganna og verkamanna. Þessa virðist ekki gætt í frv. ríkisstjórnarinnar né í till. meiri hl. Það, sem hér hefir sagt verið, er önnur meginstoðin undir lækkunartillögum minni hl.

Þegar atvinnuvegir eru í öngþveiti, súpa allir landsmenn af því seyðið. Gjaldgeta og kaupgeta minnkar. Þegar svo stendur á, ber að hlífa skattþegnum eftir megni, þó þannig, að engir þoli skort. Við þetta eru till. minni hl. miðaðar.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að viðskipti við aðrar þjóðir eru óhagstæð mjög, og lítur út fyrir, að þetta fari versnandi, með því að alveg er óvíst, að mögulegt verði að selja alla þá framleiðslu vora erlendis, sem ekki þarf til neyzlu innanlands. Fyrir því ber að varast, svo sem verða má, þær framkvæmdir, sem valda miklum vörukaupum erlendis. Sumar brtt. minni hl. eru sprottnar af þessari rót.

Með því, sem hér hefir verið talið, þykist minni hl. hafa fært gild rök fyrir lækkunartillögum sínum.

Í frv. ríkisstjórnarinnar, því er hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir brottfalli dýrtíðaruppbótar af launum þeirra embættismanna, sem laun taka samkvæmt launalögum, ef launin eru yfir 4600 kr., og lækkun uppbótar á launum milli 4000 og 4600 kr. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að uppbótin haldist á launum, sem eru undir 4000 kr. Minni hl. hreyfði því þegar í nefndinni, að sú tilætlun ríkisstjórnarinnar, að draga þannig úr uppbót embættismanna, en láta haldast óbreytt laun hinna fjölmörgu opinberu starfsmanna, sem ekki eru í launalögum, væri

hróplegt ranglæti, því að yfirleitt væru laun þeirra starfsmanna hins opinbera, sem ekki tækju laun eftir launalögum, miklu hærri en þeirra, sem launalög telja. Meiri hl. tók þessu líklega, en ekki hefir enn orðið af framkvæmdum. Minni hl. mun gera sitt til að leiðrétta þetta ósamræmi og væntir stuðnings meiri hl. til þess, en bregðist það, mun minni hl. flytja sérstakar tillögur hér að lútandi. Er enginn efi á, að ef svipað verður að farið gagnvart þeim opinberum starfsmönnum, sem taka laun utan launalaga, og gagnvart launalagamönnum, þá sparast þar álitleg fúlga. Hve miklu þetta nemur, verður ekki sagt með vissu, en mun verða rannsakað nánar. Það verður að teljast með öllu óforsvaranlegt, að ríkisstjórnin skuli ekki hafa ætlað að ráða neina bót á þessu misræmi, né heldur lagt fyrir nefndina neinar tillögur eða skýrslur til þess að byggja tillögur á. Hefir þó stjórnin fengið rækilega aðvörun eða áminningu um þetta, er hún samdi fjárlagafrv., því að með þessari aðferð stjórnarinnar kemur það allvíða fyrir, að undirmenn fá hærri laun en yfirmenn þeirra.

Í meðferð fjárveitinganefndar hefir framlag það, sem ætlað er til nýrra þjóðvega, verið hækkað allverulega frá því, sem ríkisstjórnin áætlaði. Inn á þetta getur minni hl. gengið með því skilyrði, að þess verði vandlega gætt, að unnið verði svo sem unnt er að vegagerðum vor og haust, til þess að bændum verði hægara um að fá kaupafólk um sláttinn. Vegna kauphækkunar þeirrar, sem ríkisstjórnin kom af stað í sumar, kemur þó hækkunin til veganna ekki nema að nokkru leyti fram í auknum vegagerðum.

Þá er og annað atriði um vegina, sem minni hl. vill leggja stórmikla áherzlu á, en það er, að vegafénu sé skipt þann veg niður, að sem jafnast sé milli héraða eftir þörf þeirra til vega og eftir umferð. Þykir minni hl. allmjög á þetta skorta eftir tillögum ríkisstjórnarinnar, og enn meir eftir tillögum meiri hl. Tillögum vegamálastjóra um skipting vegafjárins hefir verið breytt svo mjög, að slíks munu ekki dæmi fyrr, og ætti hann þó að vera allra manna dómbærastur um, hversu skuli skipta þessu fé, bæði sakir embættisábyrgðar sinnar og kunnleika um land allt. Verði tillögur meiri hl. samþ. við 2. umr., mun minni hl. telja sér skylt að flytja við 3. umr. tillögur til að ráða bót á því, sem honum þykir athugavert. Um þetta verður annars að vísa til umræðna og framsögu, þar sem tími er naumur til þess að undirbúa nefndarálit, sökum þess, að minni hl. vill ekki draga meðferð málsins lengur en minnst er þörf, enda hefir málið verið lengi í nefndinni.

Þá þykir og verða að geta þess, að mjög hefir nú verið skipt um starfshætti í nefndinni frá því, sem tíðkazt hefir um alllangt skeið. Þessa breytingu telur minni hl. sízt til bóta, og ekki hefir honum heldur þótt gætt þeirrar óhlutdrægni, sem með réttu virðist mega krefjast af þeirri nefnd, sem á að gera tillögur um meðferð hins sameiginlega sjóðs landsmanna. Verður bent á dæmi þessa í umræðum, ef þurfa þykir.

Ekki verður hjá því komizt að geta þess, að það var upplýst í nefndinni, að breytingartillögur, sem einstakir nefndarmenn óskuðu að gera, voru bornar upp í stjórnarflokkunum *áður* en atkvæði voru greidd um þær í nefndinni. Með þessu er þeim, sem ekki fylla stjórnarflokkana, fyrirmunað að mæla fyrir tillögum sínum áður forlög þeirra eru ráðin, og fer slíkt alveg í bága við ein-

földustu og alviðurkenndustu réttlætis- og sanngirnisreglur. Með þessu er samstarfi í fjárveitinganefnd í raun réttri fyrirgert, og er ekki vitað, að slík aðferð hafi fyrr verið viðhöfð.

Rétt þykir að taka það fram, að meiri hl. hefir í sumum atriðum breytt áliti sínu síðan það var lesið upp á sameiginlegum nefndarfundi 19. þ. m., á þann veg, að þess er getið um sumar till., að nefndin standi ekki öll að þeim. Ekki er þetta þó rétt í öllum atriðum.

Að lokum telur minni hl. rétt að minnast á eina tillögu, sem hann flytur og ekki miðar til hækkunar eða lækkunar á gjöldum ríkissjóðs. Þessi tillaga er um það, að fella niður langa athugasemd, sem ríkisstjórnin hefir sett við fjárveitinguna til Búnaðarfélags Íslands (16. gr. 2). Með athugasemd þessari er Búnaðarfélagið í raun og veru lagt undir yfirráð hlutaðeigandi ráðherra, eða starfsemi þess eyðilögð. Minni hl. telur óhæfilegt að gera þetta án samþykkis félagsins, og leggur því til, að athugasemd þessi verði felld niður, enda er það óviðurkvæmilegt að setja inn í athugasemd í fjárlögum efni, sem er nægilegt í lagabálk.

Alþingi, 21. nóv. 1934.

Magnús Guðmundsson, frsm. Þorst. Þorsteinsson. Pétur Ottesen. Jón Sigurðsson.

## Ed. 541. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Páli Hermannssyni.

Aftan við 2. gr. frv. komi ný grein, er verður 3. gr., svo hljóðandi:
Á eftir D. 2. í 2. gr. laganna komi nýr liður:
*Hróarstunguvegur:* Frá Rangárbrú um Kirkjubæ að Húsey.

## Ed. 542. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 19. júní 1933 [Vegalög].

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Aftan við frvgr. bætist:
Vegur frá Arngerðareyri til Melgraseyrar.

## Sþ. 543. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 3. gr. A. 2. III. (Nýjar símalínur).
   Fyrir „120000“ komi ..... 85000
2. — 12. — 17. b. (Sjúkrahús á Reyðarfirði).
   Liðurinn falli burt.
3. — 13. — B. 1. a. (Strandferðir ríkissjóðs).
   Fyrir „400000“ komi ..... 320000
4. — 14. — B. X. f. (Verklegt framhaldsnám).
   Fyrir „10000“ komi ..... 5000
5. — 14. — B. XIV. 1. c. 5. (Raflýsing á Eiðum m. m.).
   Liðurinn falli burt.
6. — 14. — B. XIV. 2. b. (Stofnkostnaður).
   Liðurinn falli burt.
7. — 14. — B. XIV. 4. (Gagnfræðaskóli Rvíkur).
   Liðurinn falli burt.
8. — 14. — B. XV. 5. (Rafveita á Hallormsstað).
   Liðurinn falli burt.
9. — 16. — 1. (Atvinnubætur).
   Fyrir „500000“ komi ..... 300000
10. — 16. — 2. (Búnaðarfélag Íslands).
    Athugasemdin falli burt.
11. — 16. — 6. b. (Tekjur af tóbakseinkasölu, framlag til bygging-ar- og landnámssjóðs).
    Liðurinn falli burt.
12. — 16. — 8. b. (Tekjur af tóbakseinkasölu, framlag til verka-mannabústaða).
    Liðurinn falli burt.

## Nd. 544. Breytingartillögur

við frv. til l. um, að prestlaunasjóður skuli felldur niður og um innheimtu prestsgjalda.

Flm.: Gísli Sveinsson, Guðbr. Ísberg.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Heimilt er að fela sóknarnefndum utan Reykjavíkur að annast innheimtu prestsgjalda áfram, þar sem það þykir henta, gegn lögmæltri þóknun.
2. Við fyrirsögn frv. Fyrirsögnin verði:
   Frumvarp til laga um niðurlagning prestlaunasjóðs.

**Nd.** **545. Breytingartillaga**

við frv. til áfengislaga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við 10. gr. 1. tölulið. Aftan við töluliðinn bætist svo hljóðandi málsgrein: Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áfengislyfjasölu lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, og skal meðal annars ákveða, hve mikið áfengi megi á hverju ári eða um ákveðið tímabil láta af hendi til hverrar lyfjabúðar (lyfsala eða læknis). Í reglugerðinni skal greina á milli áfengislyfja, sem hæf eru til nautnar, og áfengislyfja, sem óhæf eru til nautnar. Enginn lyfsali má láta úti áfengislyf, sem hæft er til nautnar, nema eftir löglegum lyfseðli læknis. Enginn læknir má ávísa úr lyfjabúð áfengislyfi, sem hæft er til nautnar, nema hann hafi fengið til þess sérstakt leyfi ráðherra, er ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hversu miklu áfengi viðkomandi læknir megi ávísa á ári, eða um ákveðið tímabil, og á hvern hátt. Landlæknir lætur lækni, sem sérstakt leyfi hefir fengið til áfengislyfjaávísana, í té hæfilega mörg eyðublöð undir slíkar ávísanir.

**Ed.** **546. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „4. gr. laganna“ kemur: 4. gr. laga nr. 33 15. júní 1926.
   b. Aftan við fyrstu meginmálsgrein bætist: Þó er heimilt að veita manni, sem starfað hefir í þjónustu ríkis eða ríkisstofnana 5 ár óslitið, ríkisborgararétt, ef önnur skilyrði þessara laga eru fyrir hendi.
2. Við 2. gr. Í stað „fella þessi lög inn í meginmál laga“ kemur: fella meginmál laga þessara og laga nr. 33 15. júní 1926 inn í lög.
3. Fyrirsögn frv. skal orða svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 33 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

**Sþ.** **547. Þingsályktun**

um skipun lögfræðinganefndar til þess að undirbúa endurbætur á réttarfarslöggjöfinni.

(Afgreidd frá Sþ. 21. nóv.).

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nú þegar nefnd þriggja lögfræðinga til þess að hefja þegar í stað undirbúning um gagngerðar breytingar

og endurbætur á réttarfarslöggjöf landsins, í einkamálum og opinberum málum, eftir fullkomnustu erlendum fyrirmyndum, að svo miklu leyti sem fært þykir kostnaðar vegna, og þá jafnframt löggjöfinni um landsdóm.

Kostnaðinn við nefndarstörfin skal greiða úr ríkissjóði.

## Ed. 548. Nefndarálit

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með frv. Tveir nefndarmanna (JBald og BSt) vilja bæta við það nýjum lið, um að ákvæðum í c-lið 8. gr. laga nr. 84 frá 1932, um bifreiðaskatt o. fl., verði einnig frestað til ársloka 1935. Einn nefndarmanna (MJ) áskilur sér óbundið atkvæði um þetta atriði. Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist nýr töluliður, er verður 6. liður, svo hljóðandi:

Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., er frestað til ársloka 1935.

Alþingi, 21. nóv. 1934.

| Jón Baldvinsson, form. | Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. | Magnús Jónsson, með fyrirvara. |
|---|---|---|

## Ed. 549. Lög

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Afgreidd frá Ed. 21. nóv.).

Samhljóða þskj. 17.

## Nd. 550. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 28. nóv. 1919 og á l. nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Thor Thors.

Á eftir „Hallbjarnareyri“ í 5. málsgr. bætast nýir málsliðir:

a. Lína frá Ólafsvík að Brimilsvöllum.
b. Lína frá Breiðabólsstað út í Brokey á Breiðafirði.

## Nd. 551. Frumvarp

til laga um fiskiráð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar 7 manna nefnd, er nefnist fiskiráð. Hún skal skipuð þannig, að ráðherra tilnefnir einn mann, og er hann formaður nefndarinnar, en Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, Félag ísl. atvinnurekenda, Alþýðusamband Íslands, Verzlunarráð Íslands, Samlag ísl. matjessíldarframleiðenda og Fiskifélag Íslands tilnefna sinn manninn hvert.

Nefndarmenn skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nærri, að þeir geti hvenær sem er sótt þangað fundi.

2. gr.

Verkefni fiskiráðsins er að rannsaka og gera tillögur um breyttar og nýjar aðferðir um framleiðslu og sölu sjávarafurða, útvegun nýrra markaða og annað, sem lýtur að vexti og viðgangi sjávarútvegsins.

3. gr.

Fiskiráðið skal senda atvinnumálaráðherra skýrslu um niðurstöðu rannsókna sinna og tillögur þær, sem það gerir. Skýrslur þessar og tillögur skulu einnig sendar þeim aðilum sjávarútvegsins, sem þær snerta, og skal fiskiráðið gera það, sem í þess valdi stendur, til þess að fá aðilja til að framkvæma tillögurnar. Ráðið skal einnig senda ráðherra skýrslu um starfsemi sína eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti.

4. gr.

Þóknun til fiskiráðsmanna fyrir störf þeirra greiðist úr ríkissjóði, eftir úrskurði ráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 552. Breytingartillögur

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 14. gr. Aftan við greinina bætist:
   Ennfremur að ákveða opinberum starfsmönnum og öðrum, sem greiðslumerki hafa til sölu, allt að 2% af andvirði seldra merkja í sölulaun.
2. Við 15. gr. Greinin orðist þannig:
   Fjármálaráðuneytið ákveður með reglugerð, hvenær lög þessi öðlast gildi.

**Ed.** **553. Breytingartillögur**

við frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

I. **Frá landbúnaðarnefnd.**

1. Við 1. gr. Í stað orðanna í 2. málsgr. „súru skyri“ komi: fullverkuðu súru skyri.
2. Við 2. gr. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Fyrir þær kýr, sem undanþága þessi nær ekki til, innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, skal greiða verðjöfnunargjald, sem miðast við 3000 lítra ársnyt á kú hverja.
3. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Þar, sem aðeins eitt mjólkurbú er starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal það annast alla sölu og dreifingu á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðisins. Tekur þetta einnig til þeirrar mjólkur, sem undanþegin er verðjöfnunargjaldi samkv. 2. gr. 2. málsl. Þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal öll sala og dreifing á þessum vörum fara fram frá einni sölumiðstöð. Heimilt er stjórn samsölunnar að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annara mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða. Skulu öll mjólkurbú og félög framleiðenda, sem samkvæmt lögum þessum taka þátt í sölusamtökum á svæðinu, skipa stjórn, sem annast alla sölu og dreifingu og aðrar framkvæmdir sölusamlagsins.
   Þar, sem svo stendur á sem segir í 1. málsgr., skal öðrum óheimilt að starfrækja sölubúðir með mjólk, rjóma og nýtt skyr í hlutaðeigandi kaupstað eða kaupstöðum. Sölustjórn getur, þyki henni sérstök ástæða til, veitt leyfi til að dreifa þar mjólk sem gjöfum eða heimilað framleiðanda að taka hana til eigin neyzlu utan heimilis síns. En framleiðanda er jafnan heimilt að taka til eigin neyzlu mjólk þá, er hann framleiðir á heimili sínu, án þess að hún gangi í gegnum sölumiðstöð eða gerilsneyðingarstöð.
   Ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til, getur hún, að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, ákveðið, að vissar sveitir, hluti úr sveitum eða kauptún skuli tekin undir sölu- og dreifingarrétt mjólkurbúa eða sölumiðstöðva þeirra með þessar afurðir.
   Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til þess að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum. Öll mjólk og allur rjómi, sem selt er samkvæmt þessari grein, skal vera gerilsneytt af viðurkenndum mjólkurbúum. Þó getur landbúnaðarráðherra veitt undanþágu um mjólk, sem seld er í kauptúnum og sveitum.
   Um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum skulu sett ákvæði í reglugerð í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Sala á þeirri mjólk skal fara fram á sama hátt og sala á annari neyzlumjólk.

Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður af mjólkursölunefnd í samráði við stjórn heilbrigðismálanna um framleiðslu barnamjólkur.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, er sérstaklega stendur á, svo sem ef mjólkurbú rekur aðra óskylda starfsemi, að gera það skilyrði fyrir viðurkenningu eða starfsemi löggiltra mjólkurbúa, að þau taki til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn gegn sanngjörnu gjaldi eftir samningi eða hámarksverði, er ráðherra ákveður.

4. Við 14. gr. Við greinina bætist:

Mjólkurafurðir þær, sem ráðstafað er gagnstætt ákvæðum laga þessara, skulu gerðar upptækar, og rennur andvirði þeirra í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

Stjórnendur flutningatækja, sem flytja vísvitandi óleyfilega mjólk eða mjólkurafurðir inn á sölusvæði, skulu sæta ábyrgð og sektum fyrir brotið.

II. **Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.**

Við ákvæði um stundarsakir.

Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Fyrst um sinn, til 1. maí 1935, skal stjórn samsölunnar á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar vera í höndum mjólkursölunefndar. Nú kemst á samkomulag milli mjólkurbúanna og félaga framleiðenda á þessu svæði um að taka stjórn samsölunnar í sínar hendur, og skal þeim það heimilt, ef samþykki landbúnaðarráðherra kemur til. Að öðrum kosti fer mjólkursölunefnd með þessi mál þangað til samkomulag þetta hefir komizt á, að dómi landbúnaðarráðherra.

**Brtt. á þskj. 537 eru jafnframt teknar aftur.**

## Nd. 554. Frumvarp

til laga um heimild handa skipulagsnefnd atvinnumála til þess að krefjast skýrslna o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Nefnd sú, sem ríkisstjórnin skipaði 29. ágúst 1934, til þess að rannsaka fjármál ríkis og þjóðar og hverskonar atvinnurekstur í landinu, og til þess að gera tillögur um hagskipulag þjóðarbúsins o. fl., skal hafa heimild til þess að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, stjórnendum félaga og stofnana, um þau atriði, sem hún tel-

ur þörf á í starfi sínu, enda sé þá þingflokki sjálfstæðismanna gefinn kostur á að tilnefna tvo menn í nefndina.

2. gr.

Meðlimum skipulagsnefndarinnar og starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um eftir skýrslum þeim, sem um getur í 1. gr., að því leyti sem þær varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

3. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 1. gr., skal sæta 10 til 100 kr. dagsektum unz skyldunni er fullnægt.

Sá, sem gefur rangar skýrslur til nefndarinnar, skal sæta refsingu samkvæmt 156. gr. almennra hegningarlaga frá 1869.

4. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Mál út af brotum á 1. gr., sbr. 1. mgr. 3. gr., skulu sæta meðferð sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi skulu öðlast gildi þegar í stað.

## Nd. 555. Frumvarp

til laga um markaðs- og verðjöfnunarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Meðan innflutningur á saltfiski er takmarkaður til eins eða fleiri markaðslanda, skal við útflutning fiskjarins greiða sjóðgjald, er nemi kr. 5.00 á skippund til jafnaðar af öllum verkuðum fiski, nema af ufsa, keilu og úrgangsfiski (nr. 3 og 4), en af þeim fiski greiðist kr. 2.00 á skippund. Af óverkuðum fiski, þar með talinn þveginn og pressaður fiskur, nemi sjóðgjaldið kr. 20.00 á smálest, nema af ufsa, keilu og úrgangsfiski greiðist kr. 5.00 á smálest.

Um innheimtu á slíku sjóðgjaldi skulu gilda ákvæði laga nr. 70 27. júní 1921, eftir því sem við getur átt, en að öðru leyti skal með sérstakri reglugerð ákveða nánar um skiptingu sjóðgjaldsins á tegundir af verkuðum fiski, nema á ufsa, keilu og úrgangsfiski samkvæmt undanfarandi málsgrein, reikningsskil, endurskoðun, endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessara laga o. fl.

2. gr.

Tekjum þess sjóðs, sem þannig kann að myndast, skal varið, eftir því sem með þarf, til þess að efla, tryggja og auka fiskmarkaði, til verðjöfnunar,

og til annara nauðsynja í þágu saltfiskverzlunar landsmanna á þann hátt, er ríkisstjórnin ákveður.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal skipa sjóðnum 9 manna stjórn, þannig: Atvinnumálaráðherra skipar 1 mann, og er hann formaður sjóðstjórnarinnar. Hinir stjórnarmennirnir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þeirra fjögurra þingflokka, sem nú skipa Alþingi, þannig, að hver þingflokkur tilnefnir 2 menn. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarmanna og starfstíma þeirra og setur reglugerð um starfsemi þeirra.

4. gr.

Nú verður afgangur af tekjum sjóðsins, eftir að þeim hefir verið varið samkvæmt 2. gr., og skal þá skipta því fé, sem ónotað er, milli saltfiskútflytjenda í réttu hlutfalli við greiðslur þeirra í sjóðinn.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum, sem sett eru samkvæmt 1. gr., varða sektum allt að 200 kr. fyrir hvert tonn fiskjar, sem út hefir verið flutt eða selt.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 556. Lög

um verkamannabústaði.

(Afgreidd frá Nd. 21. nóv.).

Samhljóða þskj. 454.

## Nd. 557. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 75 27. júní 1925, um stimpilgjald.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Minni hluti nefndarinnar hefir lagt á móti því, að frv. þetta verði samþykkt, og um ástæðu fyrir því vísað aðallega til umsagnar bankastjóra Landsbankans um málið. Þykir rétt, að þingmönnum gefist kostur á að kynna sér þessa umsögn bankastjóranna til hlítar, og er hún því birt hér með sem fylgiskjal.

Alþingi, 21. nóv. 1934.

Ólafur Thors, frsm. Jakob Möller, fundaskr.

**Fylgiskjal.**

Vér höfum móttekið bréf háttvirtrar fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 31. f. m., ásamt uppkasti af frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, er nefndin óskar umsagnar bankans um.

Stimpilgjaldslög vor frá 27. júní 1921 eru eins og flestir þættir löggjafar vorrar sniðin eftir löggjöf Norðurlandaþjóðanna, og hefir það samræmi, sem þar með hefir skapazt, yfirleitt reynzt vel. Með því nú að kljúfa sig út úr þessari heild og taka ýmsar nýjungar af handahófi eftir löggjöf annara þjóða utan Norðurlanda, getur, ef mikil brögð eru að því, komið los á löggjafarkerfi vort.

Með frumvarpi þessu er ætlazt til, að stimpla skuli alla tékka og allar ávísanir, og munu slík skjöl vera stimpilskyld í Englandi og fleirum löndum. Hér á landi — bæði í bæjum og sveitum — hefir notkun tékka farið mjög vaxandi meðal almennings hin síðari ár, enda eru þeir fyrir allra hluta sakir ein hin handhægasta greiðsluaðferð, sem kostur er á. Mikill fjöldi manna, jafnvel meðal þeirra, sem ekki hafa atvinnurekstur eða verzlun með höndum, hafa tekið upp þá aðferð, sem felst í notkun tékka, þ. e. að láta bankana eða sparisjóðina annast allar útborganir sínar. Erlendis mun þetta ekki vera eins algengt um þá menn, sem að ofan greinir, og er það vegna fjölmennisins; menn þekkja ekki, við hvern þeir eiga, og standa uppi varnarlausir, ef innstæða er ekki fyrir hendi. Hér á landi horfir þetta mál allt öðruvísi við, kunnugleiki manna í fámenninu er miklu meiri, og því hefir raunin orðið sú, að tékkar eru orðnir mjög algengur gjaldmiðill.

Þegar menn eiga nú að greiða stimpilgjald af tékkum, þá sýnist vera nokkur hætta á, að þessir menn hætti að eiga skipti við banka og sparisjóði; þeir munu heldur kjósa að varðveita fé sitt sjálfir, taka það út af reikningum sínum hjá bönkunum. Af því mundi aftur leiða aukna seðlaveltu í landinu, og rýrnandi möguleika lánsstofnana til útlána. Þetta, ásamt því að lánsfé lánsstofnana festist í skuldabréfum Kreppulánasjóðs, sýnist þess vert, að því sé nokkur gaumur gefinn.

Það lagaboð að leggja stimpilgjald á kvittanir allar og reikninga (fyrir ofan kr. 20.00) má gera ráð fyrir, að verði til þess að draga úr því, að formlegar kvittanir verði almennt gefnar fyrir ýmiskonar greiðslum og innborgunum, það mundi aftur hafa í för með sér minna öryggi í daglegum viðskiptum.

Benda má á, m. a. að því er bankana snertir, að ávísanaviðskiptin mundu óhjákvæmilega minnka, ef slíkt stimpilgjald verður lögleitt.

Bein afleiðing af því að ávísananotkun minnkar er það, að bankarnir missa hlaupareikningsfé að meira eða minna leyti, og ennfremur leiðir af því mikla aukningu á vinnu í bankanum.

Um einstakar greinar frumvarpsins getum vér ekki sagt að svo stöddu, hefir oss ekki unnizt tími til þess vegna annríkis að athuga þær nákvæmlega, enda mál þetta margbrotið og grípur víða inn, en vér munum síðar koma að þeim, ef með þarf. Þó má nefna sem dæmi, að í framkvæmdinni yrði allt auðveldara fyrir fólk, ef gjaldið væri sama af öllum ávísunum og kvittunum (fyrir ofan eitthvert víst lágmark) eins og mun tíðkast í Englandi.

Vér viljum beina því til nefndarinnar, hvort ekki væri rétt að athuga þetta mál frekar en orðið er og láta það svo koma fyrir þing í marzmánuði næstkomandi.

Virðingarfyllst.

Landsbanki Íslands.

Magnús Sigurðsson. Georg Ólafsson.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis.

## Ed. 558. Nefndarálit

um frv. til laga um vátryggingu opinna vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um, að þetta frv. eigi að ganga fram, en telur þó, að á því þurfi að gera breytingar. Í 2. gr. frv. eru ákvæði, sem tvímælalaust eru þess eðlis, að þau verða að vera reglugerðaratriði, og getur valdið erfiðleikum að hafa þau fastákveðin í lögunum.

Ennfremur er frv. aðeins miðað við opna vélbáta, en yfirþiljaðir bátar, þó af sömu eða minni stærð séu, falla ekki undir ákvæði þess. Nú er það svo, að mikill fjöldi smærri vélbáta er yfirþiljaður, og virðist sjálfsagt, að einnig þeir komist undir ákvæði þessa frv. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Fiskifélagi Íslands skal falið að gangast fyrir stofnun bátaábyrgðarfélaga fyrir opna vélbáta (trillur) og yfirþiljaða vélbáta allt að 6 smálesta að stærð, í svo mörgum o. s. frv.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Sérhverjum eiganda opins vélbáts eða yfirþiljaðs vélbáts allt að 6 smálesta að stærð, sem gengur o. s. frv.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Ákveða skal í reglugerð, er atvinnumálaráðherra samþykkir, vátryggingarskilyrði öll og iðgjaldagreiðslur. Ennfremur má ákveða í reglugerð, að iðgjöld fyrir vátryggingar báta samkvæmt lögum þessum hafi lögtaksrétt.
5. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um vátryggingar smærri vélbáta.

Alþingi, 21. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Ingvar Pálmason, form., frsm. | Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. | Jón A. Jónsson. |

## Nd. 559. Breytingartillögur

við frv. til laga um markaðs- og verðjöfnunarsjóð.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Thor Thors.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Meðan innflutningur á saltfiski er takmarkaður til eins eða fleiri markaðslanda, skal við útflutning fiskjarins greiða sjóðgjald, er nemi 5% — fimm af hundraði — miðað við fob-verð, af verðmæti hans, hverrar tegundar og á hvaða verkunarstigi sem hann er.
   Um innheimtu á slíku sjóðgjaldi skulu gilda ákvæði laga nr. 70 27. júní 1921, eftir því sem við getur átt, en að öðru leyti skal atvinnumálaráðherra með reglugerð ákveða nánar um reikningsskil sjóðstjórnar, endurskoðun, endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessara laga o. fl.
2. Við fyrirsögnina bætist: saltfiskjar.

## Ed. 560. Breytingartillaga

við frv. til laga um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá Þorst. Þorsteinssyni og Þorsteini Briem.

Við 3. gr. Í stað „Skulu árslaun hans vera kr. 7500,00 auk dýrtíðaruppbótar“ komi: og ákveður laun hans þangað til þau verða ákveðin í launalögum.

## Ed. 561. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 553 [Mjólkursala og rjóma].

I. Frá **Páli Hermannssyni.**

Við I. 3.

a. Í stað „mjólkurbú“ í fyrstu línu komi: viðurkennt mjólkurbú.
b. Í stað „2. gr. 2. málsl.“ í 1. málsgr. komi: 2. gr. 2. málsgr.

II. Frá **Magnúsi Guðmundssyni.**

Við I. 4., síðari málsgr. Orðin „ábyrgð og“ falli burt.

III. Frá **Þorsteini Briem.**

Við tölul. II. Á eftir 1. málsl. komi: enda fari um ráðningu framkvæmdarstjóra sölumiðstöðvar eftir tillögum meiri hluta mjólkurbússtjórna á verðjöfnunarsvæðinu.

**Nd.** **562. Frumvarp**

til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Við sölu mjólkur og rjóma skal landinu skipt í svæði, er nefnist verðjöfnunarsvæði. Að jafnaði markar sú aðstaða verðjöfnunarsvæði, að hægt sé þar að selja daglega góða og óskemmda mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, einu eða fleirum, sem viðurkennd eru til þess af landbúnaðarráðherra, enda sé kaupstaður eða kauptún innan þeirra takmarka. Jafnframt skal mjólkursölunefndinni skylt, er verðjöfnunarsvæðin eru ákveðin, að taka tillit til þess, hvaða mjólkurbú hafa notið markaðar í hlutaðeigandi kaupstöðum eða kauptúnum.

Er öllum mjólkurframleiðendum óheimilt að selja mjólk eða mjólkurafurðir utan þess verðjöfnunarsvæðis, sem þeir eru á, sbr. þó 10. gr. Hér er þó undanskilin sala á osti, fullverkuðu súru skyri, smjöri, niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

2. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, sem viðurkennd verða til þess af landbúnaðarráðherra, skal gjald, er nefnist verðjöfnunargjald, lagt á alla neyzlumjólk og rjóma, sem selt er, hvort heldur frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum. Gjald þetta má nema allt að 5% af útsöluverði mjólkur og rjóma, en heimilt er þó að hækka gjaldið, ef sérstök þörf krefur, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Undanþegin verðjöfnunargjaldi er mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar og kauptúns, sem hún er seld í. Undanþágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara af túni, sem framleiðandi notar til fóðurframleiðslu innan kaupstaðarins eða kauptúnsins.

3. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt í sérstakan sjóð fyrir hvert verðjöfnunarsvæði. Nefnast sjóðir þessir verðjöfnunarsjóðir. Verðjöfnunargjaldið skal greitt eftir á í byrjun hvers mánaðar, og má innheimta það með lögtaki hjá seljendum mjólkurinnar. Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á verðjöfnunarsvæðinu. Stjórn eða stjórnir mjólkurbúanna ákveða verðuppbætur, og geta þær verið mishárr, eftir því hverjar afurðir hafa verið unnar úr mjólkinni.

4. gr.

Útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum á hverjum sölustað innan verðjöfnunarsvæðis skal ákveðið af 5 mönnum. Tveir þeirra skulu vera úr stjórn

hlutaðeigandi mjólkurbús eða sölusamlags, tveir tilnefndir með hlutfallskosningu af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, en oddamann skipar landbúnaðarmálaráðherra.

Útsöluverð skal á hverjum tíma reiknað út, eftir því sem við verður komið, eftir vísitölum. Nánari ákvæði um þetta skulu sett með reglugerð.

5. gr.

Þar, sem aðeins eitt viðurkennt mjólkurbú er starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal það annast alla sölu og dreifingu á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðisins. Tekur þetta einnig til þeirrar mjólkur, sem undanþegin er verðjöfnunargjaldi samkv. 2. gr. 2. málsgr. Þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal öll sala og dreifing á þessum vörum fara fram frá einni sölumiðstöð. Heimilt er stjórn samsölunnar að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annara mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða. Skulu öll mjólkurbú og félög framleiðenda, sem samkvæmt lögum þessum taka þátt í sölusamtökum á svæðinu, skipa stjórn, sem annast alla sölu og dreifingu og aðrar framkvæmdir sölusamlagsins.

Þar, sem svo stendur á sem segir í 1. málsgr., skal öðrum óheimilt að starfrækja sölubúðir með mjólk, rjóma og nýtt skyr í hlutaðeigandi kaupstað eða kaupstöðum. Sölustjórn getur, þyki henni sérstök ástæða til, veitt leyfi til að dreifa þar mjólk sem gjöfum eða heimilað framleiðanda að taka hana til eigin neyzlu utan heimilis síns. En framleiðanda er jafnan heimilt að taka til eigin neyzlu mjólk þá, er hann framleiðir á heimili sínu, án þess að hún gangi í gegnum sölumiðstöð eða gerilsneyðingarstöð.

Ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til, getur hún, að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, ákveðið, að vissar sveitir, hluti úr sveitum eða kauptún skuli tekin undir sölu- og dreifingarrétt mjólkurbúa eða sölumiðstöðva þeirra með þessar afurðir.

Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til þess að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum. Öll mjólk og allur rjómi, sem selt er samkvæmt þessari grein, skal vera gerilsneytt af viðurkenndum mjólkurbúum. Þó getur landbúnaðarráðherra veitt undanþágu um mjólk, sem seld er í kauptúnum og sveitum.

Um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum skulu sett ákvæði í reglugerð í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Sala á þeirri mjólk skal fara fram á sama hátt og sala á annari neyzlumjólk.

Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður af mjólkursölunefnd í samráði við stjórn heilbrigðismálanna um framleiðslu barnamjólkur.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, er sérstaklega stendur á, svo sem ef mjólkurbú rekur aðra óskylda starfsemi, að gera það skilyrði fyrir viðurkenningu eða starfsemi löggiltra mjólkurbúa, að þau taki til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn gegn sanngjörnu gjaldi eftir samningi eða hámarksverði, er ráðherra ákveður.

6. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna nefnd, til eins árs í senn, í fyrsta sinn til 1. maí 1935, til að hafa á hendi stjórn mjólkursölumála samkvæmt lögum þessum, og nefnist hún mjólkursölunefnd. Nefndin skal skipuð þannig: Stjórn Mjólkurbandalags Suðurlands tilnefnir 2 menn, skal annar tilnefndur af stjórnendum bandalagsins austan Hellisheiðar, en hinn af stjórnendum þess vestan heiðar. Samband ísl. samvinnufélaga tilnefnir 1 mann, bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefnir 1 mann, Alþýðusamband Íslands tilnefnir 1 mann og landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar 2 menn í nefndina, og skal hann skipa annan þeirra formann nefndarinnar. Fulltrúi bæjarstjórnar Reykjavíkur víkur sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annara kaupstaða eða kauptúna, og tekur þá sæti hans fulltrúi tilnefndur á sama hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Nú vanrækir einhver aðili að tilnefna í nefndina, og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra mann eða menn í hans stað.

Fastir nefndarmenn séu búsettir í Reykjavík, eða svo nærri Reykjavík, að þeir geti mætt á fundum þar, þegar þörf krefur.

Þóknun til mjólkursölunefndar skal að $^{3}/_{7}$ hlutum greidd úr verðjöfnunarsjóðum og að $^{4}/_{7}$ hlutum úr ríkissjóði, og sé þóknunin ekki hærri en kr. 10,00 til hvers fundarmanns fyrir hvern fundardag. Annar óhjákvæmilegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum.

7. gr.

Störf mjólkursölunefndar eru aðallega þessi:

a. Að ákveða verðjöfnunarsvæðin.
b. Ákvörðun verðjöfnunargjalds og yfirumsjón með innheimtu þess, en falið getur hún innheimtuna stjórnum mjólkurbúa eða hverjum öðrum, er hún telur bezt henta.
c. Að hafa yfirumsjón með verðjöfnunarsjóðum og ákveða uppbætur úr þeim, ef stjórnir viðurkenndra mjólkurbúa á verðjöfnunarsvæði koma sér ekki saman um verðjöfnunina.
d. Að hafa eftirlit með því, að gætt sé fyllstu hagsýni og sparnaðar í rekstri mjólkurbúanna, og getur nefndin takmarkað verðuppbótina til þeirra búa, sem hún telur hafa óhæfilega háan rekstrarkostnað.
e. Að hafa yfirumsjón með samsölu mjólkur, sbr. 5. gr. Nú verður ágreiningur milli mjólkurbúa um skipun samsölustjórnar eða um annað, er lýtur að skipulagningu á verðlagssvæði, og sker þá mjólkursölunefndin úr.
f. Að hafa eftirlit með því, að mjólkurafurðir verði ekki fluttar til landsins, nema brýn nauðsyn beri til, enda sé innflutningurinn í höndum mjólkursölunefndar.
g. Að hafa eftirlit með vöruvöndun mjólkur og gefa fyrirskipanir, er að því lúta.

8. gr.

Skylt er mjólkurbúum og öðrum, sem verzla með mjólk og mjólkurafurðir, að láta mjólkursölunefnd í té og hverjum einstökum nefndarmanni, er kröfu kann að gera um það, allar upplýsingar og skýrslur, sem hún óskar eftir um sölu mjólkur, kostnað við sölu, flutninga og meðferð mjólkur og annað, sem nefndinni þykir máli skipta.

9. gr.

Nú eykst smjörframleiðsla í landinu svo, að erfitt verður að selja smjörið á venjulegan hátt, og skal þá blöndun á smjöri í smjörlíki koma til framkvæmda, eftir tillögum mjólkursölunefndar, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

10. gr.

Ef mjólk eða rjóma þarf að flytja til sölu milli verðjöfnunarsvæða, skal ekki greiða verðjöfnunargjald af þeim vörum á útsölustaðnum, ef sannað er, að það sé greitt á framleiðslusvæðinu.

Verði ágreiningur um heildsöluverð á þessum vörum, sker mjólkursölunefnd úr.

11. gr.

Mjólkursölunefnd getur leyft, að niður falli greiðsla verðjöfnunargjalds á einhverju verðlagssvæði, ef mjólkurframleiðendur á því svæði koma sér saman um ákveðið verð til framleiðenda á svæðinu með eða án ákveðinna hlutfalla í sölu mjólkur, rjóma og annara mjólkurafurða á aðalmarkaðsstöðum svæðisins eftir fjarlægð frá markaðsstöðunum og öðrum staðháttum.

12. gr.

Öll mjólk, sem viðurkennd mjólkurbú taka á móti til sölu eða vinnslu, skal metin eftir gæðum við móttöku og flokkuð til verðs. Við flokkunina skal að minnsta kosti taka tillit til fitumagns mjólkurinnar og gerlagróðurs í henni. Nánari ákvæði um þetta skal setja í reglugerð.

13. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara og starfsemi mjólkursölunefndar. Jafnframt er honum heimilt að ákveða í reglugerð sérstöðu kúabúa, sem rekin eru af bæjarfélögum eða ríki.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá kr. 10.00 og allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

15. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þesum og samþykktum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Mjólkurafurðir þær, sem ráðstafað er gagnstætt ákvæðum laga þessara, skulu gerðar upptækar, og rennur andvirði þeirra í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

Stjórnendur flutningatækja, sem flytja vísvitandi óleyfilega mjólk eða mjólkurafurðir inn á sölusvæði, skulu sæta sektum fyrir brotið.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 47 26. október 1917, um mjólkursölu í Reykjavík, og lög nr. 97 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bág við lög þessi. Lög þessi skulu endurskoðuð ekki síðar en á reglulegu Alþingi 1936.

*Ákvæði um stundarsakir.*

Mjólkursölunefnd skal þegar sjá um, að hafinn verði undirbúningur til samsölu mjólkur, þannig að byrja megi að framkvæma söluna eigi síðar en um næstu áramót. Til þess tíma er framleiðendum mjólkur, þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga þessara, heimilt að selja mjólk sína ógerilsneydda beint til neytenda innan bæjar eða sveitarfélags framleiðenda, en gjalda skulu framleiðendur til verðjöfnunarsjóðs samkvæmt lögum þessum, og skal gjaldið miðað við 2500 lítra mjólkurmagn árlega á hverja kú, sem slíkir framleiðendur hafa. Greiði framleiðendur þessir ekki verðjöfnunargjaldið á réttum tíma, getur mjólkursölunefnd svipt þá heimild til sölu mjólkur utan mjólkurbúanna.

Fyrst um sinn, til 1. maí 1935, skal stjórn samsölunnar á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar vera í höndum mjólkursölunefndar. Nú kemst á samkomulag milli mjólkurbúanna og félaga framleiðenda á þessu svæði um að taka stjórn samsölunnar í sínar hendur, og skal þeim það heimilt, ef samþykki landbúnaðarráðherra kemur til. Að öðrum kosti fer mjólkursölunefnd með þessi mál þangað til samkomulag þetta hefir komizt á, að dómi landbúnaðarráðherra.

Ákvæði þessi um stundarsakir öðlast gildi samtímis framangreindum bráðabirgðalögum, og varða brot gegn þeim þar greindum viðurlögum.

## Nd. 563. Frumvarp

til laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Póst- og símamálum hins íslenzka ríkis stjórnar póst- og símamálastjóri, sem hefir umsjón og eftirlit með framkvæmdum og starfrækslu pósts og síma. Póst- og símamálastjóri stendur beint undir ráðherra þeim, sem póst- og símamálin heyra undir. Konungur veitir þetta embætti.

Sameining yfirstjórnar póst- og símamála fer fram, þegar er sýnt er, að það hefir fjárhagslegan sparnað í för með sér eða telst að öðru leyti nauðsynlegt.

2. gr.

Laun póst- og símamálastjóra skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo verður gert, ákveður ráðherra launin. Taki núverandi landssímastjóri eða póstmálastjóri við póst- og símamálastjóraembættinu, skal hann einskis í missa í launakjörum frá því, sem nú er, nema öðruvísi verði ákveðið í launalögum, og þjónustualdur hans teljast hinn sami og hann er talinn í hinu fyrra embætti. Hið sama gildir um aðra starfsmenn pósts og síma, sem hafa áfram embætti undir hinu nýja skipulagi í starfrækslu pósts og síma.

3. gr.

Í Reykjavík skal vera sérstakur póstmeistari, ritsímastjóri og bæjarsímastjóri. Starfsmenn þessa skipar ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, og ákveður starfssvið þeirra. Póst- og símamálastjóri getur falið póstmeistaranum og ritsímastjóranum í Reykjavík eftirlit með starfrækslu pósts og síma annarsstaðar á landinu. — Ráðherra skipar ennfremur, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, gjaldkera, fulltrúa og yfirverkfræðing, og skulu skipunarbréf þeirra meðundirrituð af póst- og símamálastjóra. Aðra starfsmenn og aðstoðarmenn við póst- og símastörf skipar póst- og símamálastjóri, að fengnum tillögum ritsímastjórans eða póstmeistarans í Reykjavík, eftir því undir hvora starfsgreinina stöðurnar falla. Laun fastra starfsmanna við póst og síma skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo verður gert, ákveður ráðherra launin. Sbr. þó 2. gr.

4. gr.

Landinu skal skipt í póst- og símaumdæmi, og ákveður ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, tölu þeirra og takmörk og skipar umdæmisstjóra. Umdæmisstjórar eru jafnframt póstafgreiðslumenn og símastjórar hinna stærri stöðva, eftir því sem við á, og skulu þeir, undir yfirstjórn póst- og símamálastjóra (sbr. þó 3. gr.), hafa eftirlit með starfrækslu pósts og síma, hver í sínu umdæmi.

5. gr.

Á þeim stöðum utan Reykjavíkur, þar sem er bæði póstafgreiðsla og landssímastöð, skal sami maður gegna hvorutveggja starfinu, þegar það að áliti póst- og símamálastjóra telst haganlegt.

6. gr.

Starfsmaður sá, sem skipaður hefir verið við póst eða síma áður en lög þessi öðlast gildi, skal álitinn skipaður í sömu stöðu við þessi störf áfram, án þess að nýtt skipunarbréf sé gefið út, nema starf hans sé lagt niður sem óþarft. Þó skal hann hlíta breyttri starfstilhögun og verkaskiptingu samkvæmt þessum lögum og reglugerðum, sem ráðherra setur.

7. gr.

Allir starfsmenn pósts og síma, sem skipaðir eru eða ráðnir með föstum árslaunum, skulu greiða lífeyrissjóðsgjald samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 27. janúar

1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, svo framarlega sem starf það, er þeir inna af hendi fyrir póst og síma, er aðalstarf þeirra.

8. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmdir og starfrækslu póst- og símamála og má ákveða sektir við broti gegn þeim.

9. gr.

Alþjóðasamningar og sérsamningar við erlendar póst- og símastjórnir, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir, ásamt þar að lútandi reglugerðum, sem ríkisstjórnin viðurkennir, skulu gilda sem lög, enda má ákveða sektir við brotum gegn þeim.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 14. júní 1929, um stjórn póstmála og símamála, eftir því sem þörf krefur.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1935. Jafnóðum og sameining sú á stjórn og starfrækslu pósts og síma, sem í lögunum felst, er á komin, falla niður þær stöður, sem óþarfar verða vegna sameiningarinnar.

## Nd. 564. Breytingartillaga

við frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá Jóhanni Þ. Jósefssyni.

Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar.

## Nd. 565. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um miðunarstöð í Vestmannaeyjum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að þingsályktunartillagan verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 22. nóv. 1934.

Finnur Jónsson, form.
Páll Þorbjörnsson, frsm.
Bergur Jónsson, fundaskr.
Sigurður Kristjánsson, með fyrirvara.
Jóhann Þ. Jósefsson.

**Sþ.** **566. Tillaga**

til þingsályktunar um kryddsíldartoll í Danmörku.

Frá sjávarútvegsnefnd neðri deildar.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að koma því til vegar, að Íslendingar hljóti fullkomið jafnrétti við Dani um innflutningstoll á íslenzkri kryddsíld í Danmörku.

Greinargerð.

Af fundargerðum hinnar dansk-íslenzku ráðgjafarnefndar sést það, að Danir tolla íslenzka kryddsíld, sem til Danmerkur flyzt, en losa danska framleiðendur við að greiða hann, með sérstakri undanþágu frá fjármálaráðherra, samkv. heimild, sem til er í dönskum lögum.

Af umræðum og samþykktum ráðgjafarnefndarinnar má sjá það, að nefndarmenn, bæði danskir og íslenzkir, eru sammála um, að þetta brjóti í bága við gagnkvæmt jafnrétti beggja landanna samkvæmt sambandslögunum, enda hafa verið gerðar samþykktir í nefndinni til að fá þessu breytt, þó enn hafi það engan árangur borið.

Nefndin telur, að við svo búið megi ekki lengur standa, bæði vegna jafnréttisákvæðanna og hins, að íslenzkri kryddsíld er með ákvæðum þessum svo að segja alveg bægt frá dönskum markaði.

**Nd.** **567. Breytingartillögur**

við frv. til áfengislaga.

Frá forsætisráðherra.

1. Við 21. gr. Greinin falli niður.
2. Við 22. gr. Greinin orðist svo:

   Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátaformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar, varðar það að jafnaði missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

   Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum stjórn farartækisins, ef þeir eru sjálfir í farartækinu og áttu að stjórna því, en hafa vanrækt starf sitt þar sökum ölvunar, og verulegt slys hlotizt af því.
3. Við 37. gr. Greinin orðist svo:

   Brot gegn 19.—21. gr. varða sektum: Fyrsta sinn 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Auk sektanna kemur stöðu- eða réttindamissir, svo sem í þeim greinum segir.

## Ed. 568. Breytingartillögur

við frv. til laga um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 3. gr. Við 1. málslið bætist: þar til laun hans hafa verið ákveðin í almennum launalögum.
2. Við 4. gr.
   a. 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo: Skulu þrír þeirra og þrír til vara kosnir hlutfallskosningu meðal allra þeirra, sem útvarpsnotendur teljast og greitt hafa lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum, en þrír skulu skipaðir af kennslumálaráðherra, einn eftir útnefningu kirkjuráðs, einn eftir tilnefningu fræðslumálanefndar og einn eftir tilnefningu háskólaráðs. Einn skipar kennslumálaráðherra án tilnefningar, og er hann formaður útvarpsráðs.
   b. 1. málsl. 2. málsgr. byrjar svo: Ráðuneytið felur skrifstofu Ríkisútvarpsins að annast um o. s. frv.
   c. 4. málsgr. orðist svo:
      Kosning þessi skal fara fram svo tímanlega, að henni sé lokið áður en starfstíma fyrra útvarpsráðs er lokið.
   d. 5. málsgr. orðist svo:
      Útvarpsráð velur sér ritara úr sínum hópi.
3. Við II. kafla. Kaflinn (12.—15. gr.) falli niður.
4. Við Ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið fellur niður.

## Ed. 569. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 33 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

### 1. gr.

4. gr. laga nr. 33 15. júní 1926 orðist svo:

Veita má mönnum ríkisborgararétt með lögum, en þó því aðeins, að þeir hafi verið búsettir hér á landi samfleytt 15 ár hin næstu áður en þeir beiddust ríkisborgararéttar og aldrei notið fátækrastyrks um þann tíma. Þó er heimilt að veita manni, sem starfað hefir í þjónustu ríkis eða ríkisstofnana 5 ár óslitið, ríkisborgararétt, ef önnur skilyrði þessara laga eru fyrir hendi.

Engum má veita ríkisborgararétt, nema hann færi sönnur á það, að hann hafi aldrei orðið sekur um neitt það athæfi, sem hér á landi eða í heimalandi hans er talið svívirðilegt að almenningsáliti.

Enginn maður, sem með lögum hefir verið veittur ríkisborgararéttur, öðlast hann fyrr en hann hefir sannað það fyrir ríkisstjórninni, að hann sé að fullu

leystur af hinu fyrra ríkisfangi sínu og öllum skyldum, sem af því leiðir. Sé þessi sönnun ekki fram komin innan 12 mánaða frá birtingu veitingarlaganna í A-deild Stjórnartíðindanna, eru þau, að því er þann mann snertir, fallin úr gildi sjálfkrafa.

Um konu manns, er ríkisborgararétt öðlast, og börn þeirra fer eftir 3. gr., og um óskilgetin börn konu eftir 1. gr., nema lögin láti öðruvísi um mælt.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal fella meginmál laga þessara og laga nr. 33 15. júní 1926 inn í lög nr. 21 frá 6. október 1919 og gefa þau svo út sem lög um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 570. Breytingartillögur

við frv. til laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Orðin „nema öðruvísi verði ákveðið í launalögum“ í 3. málsl. falli burt.
   b. Fyrir „aðra starfsmenn“ í 4. málsl. komi: aðra fasta starfsmenn.
2. Við 3. gr.
   a. Fyrir „gjaldkera“ í 4. málsl. komi: aðalgjaldkera.
   b. Fyrir orðin „Aðra starfsmenn og aðstoðarmenn“ í upphafi 5. málsl. komi: Aðra fasta starfsmenn og aðstoðarmenn.
   c. Á eftir orðunum „stöðurnar falla“ í endi 5. málsl. komi: svo og hlutaðeigandi umdæmisstjóra, þegar um skipun fastra starfsmanna utan Reykjavíkur er að ræða.
3. Við 4. gr. Tilvitnunin „(sbr. þó 3. gr.)“ falli burt.
4. Við 10. gr. Fyrir orðin „eftir því sem þörf krefur“, komi: eftir því, sem framkvæmd á ákvæðum laganna gerir nauðsynlegt.

## Nd. 571. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 523 [Stimpilgjald].

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 1. lið. Í stað „40 aurar“ komi: 30 aurar.

## Sþ. 572. Tillaga

til þingsályktunar um verzlunarerindreka í Mið-Evrópu.

Flm.: Finnur Jónsson og Páll Þorbjörnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að setja hið allra fyrsta verzlunarerindreka fyrir Ísland í Mið-Evrópu og leita samkomulags um launagreiðslu við bankana á sama hátt og nú er um laun verzlunarerindrekans á Spáni.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, þrengist markaður fyrir sölu sjávarafurða með ári hverju, og er flestum markaðs- og sölumálum nú orðið ráðið með samningum milli ríkja. Sú þjóð, sem ekki er vakandi fyrir þessu, verður útundan um sölu. Sölumöguleikar vorir fyrir íslenzkan fisk til Suður-Evrópu hafa stórum minnkað á þessu ári, og hlýtur þörfin fyrir breyttar verkunaraðferðir á fiski að vera öllum augljós. Liggur meðal annars fyrir, að gera þurfi nú þegar tilraunir um sölu á hraðfrystum fiski, og þá eigi sízt til Mið-Evrópu. Einnig þyrfti að auka sölu þangað á ísuðum fiski, ef mögulegt er. Þá má geta þess, að mikið af síld og síldarafurðum er selt til Mið-Evrópu. Keppinautar vorir leggja alla stund á að halda þeim markaði, er þeir um langan aldur hafa haft í þessum löndum, en okkur Íslendingum er mikil þörf á að halda því, sem þegar er unnið á þessum slóðum, og vinna nýja markaði. Þarf því að hafa vakandi auga á öllu, sem gerist í þessum málum. Að framangreindum ástæðum athuguðum, telja flutningsmenn brýna nauðsyn á að skipa nú þegar verzlunarerindreka í Mið-Evrópu. Um aðsetur hans, ef fast á að vera, telja flm. rétt, að hæstv. ríkisstjórn ákveði.

## Nd. 573. Breytingartillögur

við frv. til áfengislaga.

I. Frá **Pétri Ottesen.**

Við 16. gr. Á undan síðasta málsl. greinarinnar komi:
Húsrannsókn slíka má þó því aðeins framkvæma, að sterkur grunur leiki á um óleyfilega meðferð áfengis, enda telji löggæzlumaður hættu á, að dráttur á framkvæmd rannsóknarinnar geti orðið þess valdandi, að sönnunargögnum verði undan skotið.

II. Frá **Thor Thors, Jónasi Guðmundssyni** og **Bergi Jónssyni.**

Við 25. gr. 1. lið. 3. málsgr. („Gerist skipstjóri ... að ræða“) falli niður.

## Sþ. 574. Breytingartillaga

við till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka ábyrgð á láni fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Á eftir orðunum „vegna ríkissjóðs að ábyrgjast“ komi: gegn fullum tryggingum.

## Ed. 575. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 15. júní 1926, um breyt. á l. nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Á eftir 1. málsgr. kemur ný málsgr. svo látandi:

Ákvæði undanfarandi málsgreinar um búsetuskilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar taka ekki til þeirra manna, sem fæddir eru af íslenzku foreldri.

## Ed. 576. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta gengur út á það, að tryggja rétt mæðra til meðlags af hendi barnsföður á greiðari hátt en lög mæla nú fyrir um. Nefndin fellst á þessa breytingu og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 23. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. | Ingvar Pálmason, fundaskr. | Pétur Magnússon. |

## Ed. 577. Breytingartillaga

við frv. til laga um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

Við 3. gr. Í stað „kr. 7500.00 auk dýrtíðaruppbótar“ komi: kr. 6000.00 auk dýrtíðaruppbótar í samræmi við hliðstæða embættismenn ríkisins.

## Sþ. 578. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka ábyrgð á láni fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

(Afgreidd frá Sþ. 23. nóv.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni vegna ríkissjóðs að ábyrgjast gegn fullum tryggingum £ 10000-0-0 lán, sem bæjarsjóður Hafnarfjarðar hefir fengið loforð fyrir hjá The Pearl Assurance Company Ltd., London.

## Ed. 579. Lög

um vinnumiðlun.

(Afgreidd frá Ed. 23. nóv.).

Samhljóða þskj. 214.

## Nd. 580. Breytingartillaga

við frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 3. gr. Á eftir „fulltrúa“ komi: yfirverkfræðing og loftskeytastöðvarstjóra í Reykjavík.

## Ed. 581. Frumvarp

til áfengislaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### I. KAFLI

### Almenn ákvæði.

1. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

## II. KAFLI

### Innflutningur áfengis.

2. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnist. Áfengisverzlun ríkisins annast innflutninginn. Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

3. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt heimild í 2. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsiglan og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum. En aldrei má gefa öðrum né selja af þeim forða.

Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínum, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenzkt eða erlent. Hefir hann vald til þess að opna hirzlur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

4. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins, ella skal auglýsa það eftir reglum um vogrek. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá tilkynningu að áfengið sé sent úr landi á hans kostnað eða selt Áfengisverzlun ríkisins fyrir það verð, er hún kann að bjóða, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er og ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýs-

ingu innan 6 mánaða frá birtingu hennar, og skal þá telja 12 mánaða frestinn frá því, að hann segir til sín.

Gefi enginn eigandi sig fram áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

5. gr.

Enginn má taka við neinskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hér við land eða í íslenzkri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

## III. KAFLI

### Tilbúningur áfengis.

6. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar.

7. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefir verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í Menningarsjóð.

## IV. KAFLI

### Sala og veitingar áfengis.

8. gr.

Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 2. gr. Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði. Álagning á vín þau, er um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, verður að vera innan þeirra takmarka, er þau lög setja.

9. gr.

Auk áfengis þess, sem um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, er Áfengisverzlun ríkisins heimilt að selja annað áfengi á núverandi útsölustöðum í kaupstöðum landsins.

Ríkisstjórninni er og heimilt að setja á stofn nýja útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kauptúnum. Áður en útsala er sett á stofn skal fara fram

atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í hreppi þeim eða kaupstað, sem í hlut á, og þarf ⅗ hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Nú hefir verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu samkvæmt framansögðu, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að tveimur árum liðnum.

10. gr.

Heimild til að selja aftur áfengi, er keypt hefir verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsölum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja. Smáskammtalæknum, sem lækningaleyfi hafa samkvæmt lögum, er og heimilt að selja smáskammtalyf með vínanda í, enda fylgi pöntun þeirra meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og landlæknis.

   Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áfengislyfjasölu lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, og skal meðal annars ákveða, hve mikið áfengi megi á hverju ári eða um ákveðið tímabil láta af hendi til hverrar lyfjabúðar (lyfsala eða læknis). Í reglugerðinni skal greina á milli áfengislyfja, sem hæf eru til nautnar, og áfengislyfja, sem óhæf eru til nautnar. Enginn lyfsali má láta úti áfengislyf, sem hæft er til nautnar, nema eftir löglegum lyfseðli læknis. Enginn læknir má ávísa úr lyfjabúð áfengislyfi, sem hæft er til nautnar, nema hann hafi fengið til þess sérstakt leyfi ráðherra, er ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hversu miklu áfengi viðkomandi læknir megi ávísa á ári, eða um ákveðið tímabil, og á hvern hátt. Landlæknir lætur lækni, sem sérstakt leyfi hefir fengið til áfengislyfjaávísana, í té hæfilega mörg eyðublöð undir slíkar ávísanir.
2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.
3. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, svo og um vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annara verklegra nota.

11. gr.

Dómsmálaráðherra hefir heimild til að leyfa einu veitingahúsi í Reykjavík veitingaleyfi á áfengum drykkjum, sem til landsins er heimilt að flytja.

Í veitingaleyfi eða reglugerð skal ákveða skilyrði fyrir veitingasölunni, þar á meðal um veitingatíma.

12. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni:

a. að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni næsta virkan dag,
b. að lögreglustjórum skuli heimilt að loka útsölu eða veitingastað fyrirvaralaust um einn eða fleiri daga, þegar þeim virðist ástæða til,

c. að sölulaun áfengis í útsölum og veitingastað megi aldrei fara fram úr ákveðnu hundraðsgjaldi, mismunandi fyrir útsölur og veitingastað.
d. að áfengisverzlun ríkisins og útsölustöðum hennar skuli óheimilt að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

## V. KAFLI

### Meðferð áfengis í landinu.

13. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs. Einnig er bannað að selja þeim manni áfengi, er sekur hefir gerzt um óleyfilega sölu eða aðra óleyfilega meðferð áfengis.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

14. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist ólöglegt áfengi í vörzlum manns, skal honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 25. gr., ef ætla má að áfengið sé innflutt, en ella eftir 28. gr.

15. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 9. og 10. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

16. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 31. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

Menn með lögregluvaldi, þar á meðal lögregluþjónar, hreppstjórar eða sérstakir löggæzlumenn, hafa vald til að hefja lögregluransókn, hver í sínu umdæmi, gegn þeim, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Þeir hafa og vald til þess að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv., og stöðva þau á meðan á rannsókn stendur. Skyldir eru þeir að senda viðkomandi dómara þegar í stað skýrslu um rannsóknina og staðfest eftirrit af prófum, ef fram hafa farið, en dómarinn tekur málið til frekari meðferðar.

17. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 10. og 11. gr.

Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né

heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annara, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

## VI. KAFLI
## Ölvun.

18. gr.

Hver sá, sem sökum áberandi ölvunar veldur óspektum eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum hér við land, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar frávikningu úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sé um lækni að ræða, missir hann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir læknisleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

20. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar.

21. gr.

Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátaformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar, varðar það að jafnaði missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum stjórn farartækisins, ef þeir eru sjálfir í farartækinu og áttu að stjórna því, en hafa vanrækt starf sitt þar sökum ölvunar, og verulegt slys hlotizt af því.

22. gr.

Leiki vafi á, hvort sakborningur samkv. þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal bæði dómara og sakborning heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn, sem læknir eða annar kunnáttumaður framkvæmir.

## VII. KAFLI

### Áfengisvarnir.

23. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um fræðslu í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, um skaðleg áhrif áfengisnautnar.

24. gr.

Áfengisvarnarnefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, 7 manna í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík, þar sem nefndin skal skipuð 9 mönnum. Ráðherra skipar formenn nefndanna, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnum, með hlutfallskosningu. Kjörtími nefndarmanna er 4 ár í senn. Nefndarstarfið er ólaunað, en borgaraleg skylda að taka við kosningu yfir eitt kjörtímabil.

Verksvið nefndanna skal ákveðið með reglugerð, sem ráðherra gefur út.

## VIII. KAFLI

### Refsiákvæði.

25. gr.

Fyrir brot gegn 2. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

| | |
|---|---|
| Fyrsta sinni ..... | kr. 1000— 5000 |
| Öðru sinni ..... | — 2000—10000 |
| Þriðja sinni ..... | — 4000—20000 |

Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má ennfremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggja.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal skipið gert upptækt með dómi handa ríkissjóði.

Brot gegn 2. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 100—3000 krónum. Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

26. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 2. gr., skal hann sekur um 500—5000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 25. gr. 1., þriðju málsgr.

Áfengi það skal gert upptækt, sem skotið var undan innsiglan eða vanrækt að skýra frá.

27. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 6. gr. varða refsingu samkvæmt 25. gr.

28. gr.

Brot gegn 6. gr. varða sektum, 500—5000 kr., og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, ef áfengið hefir verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er ítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

29. gr.

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 200—2000 kr. Ítrekað brot varðar sektum 400—5000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margítrekað, eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengisseðla. Lágmark leyfissviptingarinnar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 31. gr. 2. málsgr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

30. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefir til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar víntegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 31. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 32. gr.

31. gr.

Brot gegn ákvæðum 15. gr. varða sektum, 200—2000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 400—5000 krónum.

Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi allt að 3 mánuðum.

32. gr.

Verði maður, sem leyfi hefir til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 15. gr., varðar það refsingu samkvæmt 31. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur

hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinn ekki skemur en einn mánuð, í annað sinn ekki skemur en 3 mánuði og í þriðja sinn að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæta sektum, 50—1000 krónum.

33. gr.

Brot gegn ákvæðum 13. gr. varða sektum frá 25—500 krónum.

34. gr.

Brot gegn 16. gr. varða sektum 50—2000 kr. og ítrekað brot 100—4000 kr.

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

35. gr.

Brjóti nokkur ákvæði 17. gr. 1. málsgr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 50—1000 kr. sekt og neytanda 25—500 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 17. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 50—2000 kr. sektum.

36. gr.

Brot gegn 18. gr. varða sektum frá 25—500 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

37. gr.

Brot gegn 19.—21. gr. varða sektum: Fyrsta sinn 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Auk sektanna kemur stöðu- og réttindamissir, svo sem í þeim greinum segir.

38. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 2., 5. gr. 1. málsgr. eða 6. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til þess að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum 50—4000 kr.

## IX. KAFLI

### Ýms ákvæði.

39. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

40. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

41. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

42. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

43. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 19. maí 1930, og öll þau lagaákvæði, er koma í bág við þessi lög.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1935.

## Sþ. 582. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 16. gr. **2** (Búnaðarfélag Íslands). Aths. orðist svo:
   Ríkisstjórninni er falið að undirbúa tillögur um framtíðarskipulag félagsins og um yfirstjórn búnaðarmála og leggja þær fyrir næsta Alþingi. Þar til sú framtíðarskipun er gerð, getur ríkisstjórnin gert það að skilyrði fyrir greiðslu á styrk til félagsins, að fjárhagsáætlun þess sé samþykkt af landbúnaðarráðherra, svo og ráðning búnaðarmálastjóra, er ekki sé nema einn.
2. Við 22. gr. V. Nýir liðir:
   a. Að krefjast þeirra trygginga, sem stjórnin metur gildar, fyrir hverri þeirri ábyrgð, sem hún gengur í f. h. ríkissjóðs, enda séu allar slíkar ráðstafanir framkvæmdar af fjármálaráðuneytinu eða öðrum trúnaðarmönnum landsins, sem ráðuneytið samþykkir til þess í hvert sinn.
   b. Að greiða embættis- og starfsmönnum ríkisins, sem taka laun samkv. launalögum og hafa undir 4000 kr. laun, dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og jafnháa og gert var 1934, þeim, sem hafa 4000 til 4100 kr. laun, 15% dýrtíðaruppbót, þeim, sem hafa 4100 til 4200 kr. laun, 14% dýrtíðaruppbót, og þannig stiglækkandi um 1% fyrir hverjar 100 kr., sem launin hækka, þó aldrei hærri uppbót en svo, að laun ásamt dýrtíðaruppbót nemi meiru en 5000 kr.
   c. Að gera þær ráðstafanir, sem þarf til að geta framkvæmt sparnað á launum þeirra manna, sem ekki taka laun samkv. launalögum, en starfa þó hjá ríkinu, stofnunum þess eða öðrum stofnunum, sem ríkisstjórnin getur ráðið launagreiðslum hjá. Skal sú niðurfærsla vera tilsvarandi og gerð eftir sömu reglum og lækkun dýrtíðaruppbótar á laun samkvæmt launalögum og koma til framkvæmda eftir því sem lög og samningar leyfa.

## Nd. 583. Nefndarálit

um till. til þál. um að auka ljósmagn Vestmannaeyjavitans á Stórhöfða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað þessa tillögu, og er hún sammála um að mæla með þeirri brýnu nauðsyn fyrir fiskiflota Vestmannaeyinga og önnur skip, er þar eiga leið um, sem er á því að auka ljósmagn vitans frá því, sem nú er.

Hitt er ljóst, að þessu yrði ekki héðan af komið í verk fyrir næstkomandi vetrarvertíð, og álítur nefndin því, að ekki sé rétt að samþykkja tillöguna án breytinga á orðalagi hennar, en telur hinsvegar, að rétt sé að hraða framkvæmdum í þessu máli svo sem frekast er unnt.

Samkvæmt framansögðu vill nefndin leggja til, að þingsályktunartillagan sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Í staðinn fyrir orðin „fyrir næstu vertíð“ komi: svo fljótt sem því má við koma.

Alþingi, 23. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Finnur Jónsson, form. | Bergur Jónsson, fundaskr. | Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. |
| Sigurður Kristjánsson. | Páll Þorbjörnsson. | |

## Nd. 584. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 33 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

4. gr. laga nr. 33 15. júní 1926 orðist svo:

Veita má mönnum ríkisborgararétt með lögum, en þó því aðeins, að þeir hafi verið búsettir hér á landi samfleytt 15 ár hin næstu áður en þeir beiddust ríkisborgararéttar og aldrei notið fátækrastyrks um þann tíma. Þó er heimilt að veita manni, sem starfað hefir í þjónustu ríkis eða ríkisstofnana 5 ár óslitið, ríkisborgararétt, ef önnur skilyrði þessara laga eru fyrir hendi.

Ákvæði undanfarandi málsgreinar um búsetuskilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar taka ekki til þeirra manna, sem fæddir eru af íslenzku foreldri.

Engum má veita ríkisborgararétt, nema hann færi sönnur á það, að hann hafi aldrei orðið sekur um neitt það athæfi, sem hér á landi eða í heimalandi hans er talið svívirðilegt að almenningsáliti.

Enginn maður, sem með lögum hefir verið veittur ríkisborgararéttur, öðlast hann fyrr en hann hefir sannað það fyrir ríkisstjórninni, að hann sé að fullu leystur af hinu fyrra ríkisfangi sínu og öllum skyldum, sem af því leiðir. Sé þessi sönnun ekki fram komin innan 12 mánaða frá birtingu veitingarlaganna í A-deild Stjórnartíðindanna, eru þau, að því er þann mann snertir, fallin úr gildi sjálfkrafa.

Um konu manns, er ríkisborgararétt öðlast, og börn þeirra fer eftir 3. gr., og um óskilgetin börn konu eftir 1. gr., nema lögin láti öðruvísi um mælt.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal fella meginmál laga þessara og laga nr. 33 15. júní 1926 inn í lög nr. 21 frá 6. október 1919 og gefa þau svo út sem lög um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 585. Nefndarálit

um till. til þál. um vistarskóla fyrir vanheil börn og unglinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur nauðsynlegt, að rannsakað verði, að hve miklu leyti er unnt að sameina skóla fyrir vanheil börn og unglinga, og löggjöf um það efni eigi að setja að þeirri rannsókn lokinni. Vill því nefndin mæla með, að tillagan verði samþykkt nokkuð breytt.

Í sambandi við tillögu þessa hefir nefndin athugað frv. til laga um fávitahæli og komizt að þeirri niðurstöðu, að setja þurfi almenna löggjöf um forsjá vanmeta fólks, og leggur því til, að tillagan verði nokkuð aukin.

BREYTINGARTILLAGA.

Tillögugreinin orðist svo:

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, að hve miklu leyti unnt sé að sameina skóla fyrir daufdumba, blinda, fatlaða og málhalta, og undirbúa löggjöf um stofnun slíks skóla, eftir því sem niðurstöður rannsóknarinnar benda til.

Ennfremur að undirbúa löggjöf um forsjá fávita, geðveikra eða annara, er líkt stendur á um.

Alþingi, 23. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurjón Á. Ólafsson, form. | Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm. | Pétur Magnússon. |

## Ed. 586. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

A. **Ávísun:** Tékka og allar tegundir ávísana, innlendar og erlendar, þótt ekki séu í venjulegu ávísanaformi, ef ráðstafað er greiðslu ákveðinnar fjárhæðar frá vissum aðila, þannig að raunverulega er um ávísun að ræða, þar með talin bréf, skeyti eða skjöl, sem innihalda slíka ákvörðun eða beiðni. Sama er, hvort greiðsla miðast við sýningu, ákveðinn tíma eða endurtekna greiðslu með vissu millibili, eða hvort greiðsla á fram að fara í peningum, með víxlum, ávísunum eða öðrum gjaldmiðli. Og sama er þótt greiðsla sé skilorðsbundin, eða hvort nokkuð reynist til fyrir ávísun eða eigi.

Hér til teljast þó eigi neinar tegundir bankaseðla, víxlar, arðmiðar, vaxtamiðar eða vöruávísanir.

B. **Kvittun:** Allar viðurkenningar fyrir greiðslu eða innborgun á ákveðinni fjárhæð, hvort sem þær eru í venjulegu kvittunarformi eða færðar á reikninga eða önnur skjöl, þar með taldir farseðlar og farmiðar, og sérhver önnur áletrun eða stimplun, sem felur í sér slíka viðurkenningu. Sama er, hvort greiðsla hefir farið fram í peningum, með víxli, ávísun (sbr. A.-lið) eða hverjum öðrum gjaldmiðli. Hér til teljast og allar viðurkenningar fyrir lúkningu skuldar eða greiðslu einhverrar skuldakröfu að einhverju eða öllu leyti, í hverju sem greiðsla hefir fram farið. Sama er, hvort kvittun er undirrituð eða eigi.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur gera nýja tegund stimpilmerkja, er kallast greiðslumerki. Það ákveður um gerð merkjanna, hvernig haga skuli sölu á þeim og reikningsskilum, og hversu þau skuli gera ónothæf. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að láta gera ávísanahefti og kvittanahefti með áletruðu greiðslumerki, og má nota eyðublöð úr þeim í stað þess að líma merkin á ávísunina eða kvittunina.

3. gr.

Ávísanir þær og kvittanir, sem um ræðir í 1. gr., skal stimpla með greiðslumerkjum, ef fjárhæð sú, sem ávísun eða kvittun hljóðar á, nemur 20 kr. eða meira. Skulu greiðslumerkin vera þrennskonar, eftir fjárhæð ávísunar eða kvittunar, þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Frá | 20 kr. | til 50 kr. ..... | 5 aurar |
| — | 50 — | — 500 — ..... | 20 — |
| — | 500 — | og þar yfir ..... | 50 — |

Þó skal fjármálaráðherra heimilt að ákveða eitt og hið sama stimpilgjald af öllum ávísunum og kvittunum, sem hér um ræðir. Ráðherra ákveður þá um

lágmarksfjárhæð stimpilskyldra ávisana og kvittana og um stimpilgjaldið, en eigi má það þá vera hærra en 30 aurar.

Hljóði ávísun um greiðslu til fleiri en eins aðila, telst hver greiðsla sem sérstök ávísun. Hljóði ávísun á endurtekna greiðslu um óákveðinn tíma, þannig að ekki verður vitað, hve miklu þær nema samanlagðar, skal stimpla þær með hæsta greiðslumerki.

4. gr.

Kvittanir og ávísanir, sem gefnar eru út hér á landi, skal stimpla um leið og þær eru útgefnar eða áður en til afhendingar kemur, og hvílir stimplunarskyldan á útgefanda, enda er öllum heimilt að hafa greiðslumerki undir höndum. Það varðar sektum að taka við óstimplaðri ávísun eða kvittun, nema viðtakandi láti þegar í stað sjá um, að stimplað sé, en stimplun þessi leysir ekki útgefanda frá sektum.

Ávísanir þær (eða kvittanir), sem gefnar eru út erlendis óstimplaðar, skal stimpla áður en þær eru hér greiddar eða framseldar, og hvílir stimpilskyldan þá á framseljanda, ef hann er til staðar, en ella skal viðtakandi eða greiðandi framkvæma stimplunina.

5. gr.

Undanþegið þessu sérstaka stimpilgjaldi er:

A. 1. Ávísanir útgefnar af innlendum bönkum eða sparisjóðum.
2. Ávísanir gefnar út af stjórnarráði Íslands fyrir opinberum greiðslum eða gjöldum úr ríkissjóði og ávísanir forseta og skrifstofustjóra Alþingis fyrir gjöldum, er koma á alþingiskostnað.
3. Ávísanir útgefnar innanlands til greiðslu opinberra gjalda eða fyrir öðrum gjöldum í ríkissjóð.

B. 1. Kvittanir fyrir innborgun til banka eða sparisjóða, þegar lagt er inn í eiginn reikning.
2. Kvittanir fyrir opinberum gjöldum eða öðrum greiðslum í ríkissjóð.
3. Kvittanir fyrir vinnulaunum, ef þær nema ekki yfir 100 kr. og ekki er um hluta af föstu mánaðar- eða árskaupi að ræða.
4. Kvittanir eða viðurkenningar fyrir móttöku íslenzkra afurða beint frá framleiðendum, enda nemi þær ekki yfir 600 kr.
5. Kvittanir fyrir endurgreiðslu á tolli eða öðrum ofreiknuðum gjöldum í ríkissjóð.
6. Kvittanir fyrir víxlum eða ávísunum, sem afhent er til innheimtu eða til sýningar.
7. Kvittanir innfærðar á skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt stimpillögum, fyrir greiðslu eða afborgun þeirrar fjárhæðar, sem í þeim er tilgreind, þar með talin framsöl á ávísunum og víxlum.
8. Öll skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt lögum um stimpilgjald, nr. 75 27. júní 1921, enda þótt þau geti talizt ávísun eða kvittun.

6. gr.

Ef í sama skjali er innifalin fleiri en ein ávísun eða kvittun, eða bæði ávísun og kvittun, skal stimpla hverja ávísun eða kvittun fyrir sig.

7. gr.

Þegar ávísun eða kvittun er gefin út í fleira en einu eintaki, er aðeins eitt þeirra stimpilskylt. Skal þess getið í hinum óstimpluðu eintökum, hvernig frumeintakið er stimplað.

8. gr.

Stimpilgjald greiðist annaðhvort með því að nota stimplaða ávísun eða kvittun eða líma greiðslumerki á skjalið, eða hvorttveggja.

9. gr.

Eigi má gefa út ávísun eða kvittun í meira en einu lagi fyrir sömu fjárhæð eða greiðslu til þess að komast hjá stimpilgjaldi samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Allir opinberir starfsmenn hafa sömu skyldu til að sjá um, að lögum þessum sé framfylgt, og ákveðin er í 53. gr. laga um stimpilgjald. Sömu skyldu hafa og starfsmenn banka og sparisjóða. Heimilt er fjármálaráðuneytinu að láta fara fram athugun á bókum og skjölum þeirra, sem bókhaldsskyldir eru að lögum, til þess að rannsaka, hvort ákvæði þessara laga um stimplun hafi verið brotin.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—300 krónum; er renna í ríkissjóð, auk greiðslu hins vantandi stimpilgjalds.

Heimilt er þó fjármálaráðuneytinu fyrstu 5 árin, sem lög þessi gilda, að lækka sektir samkvæmt þeim og jafnvel láta þær niður falla, ef sérstakar ástæður mæla með því.

12. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði stimpillaga, þar sem þau eiga við.

14. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga og stimpilskyldu. Ennfremur að ákveða opinberum starfsmönnum og öðrum, sem greiðslumerki hafa til sölu, allt að 2% af andvirði seldra merkja í sölulaun.

15. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður með reglugerð, hvenær lög þessi öðlast gildi.

## Nd. 587. Lög

um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.

(Afgreidd frá Nd. 24. nóv.).

Samhljóða þskj. 509.

**Ed.** **588. Frumvarp**

til laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Póst- og símamálum hins íslenzka ríkis stjórnar póst- og símamálastjóri, sem hefir umsjón og eftirlit með framkvæmdum og starfrækslu pósts og síma. Póst- og símamálastjóri stendur beint undir ráðherra þeim, sem póst- og símamálin heyra undir. Konungur veitir þetta embætti.

Sameining yfirstjórnar póst- og símamála fer fram þegar er sýnt er, að það hefir fjárhagslegan sparnað í för með sér eða telst að öðru leyti nauðsynlegt.

2. gr.

Laun póst- og símamálastjóra skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo verður gert, ákveður ráðherra launin. Taki núverandi landssímastjóri eða póstmálastjóri við póst- og símamálastjóraembættinu, skal hann einskis í missa í launakjörum frá því, sem nú er, og þjónustualdur hans teljast hinn sami og hann er talinn í hinu fyrra embætti. Hið sama gildir um aðra fasta starfsmenn pósts og síma, sem hafa áfram embætti undir hinu nýja skipulagi í starfrækslu pósts og síma.

3. gr.

Í Reykjavík skal vera sérstakur póstmeistari, ritsímastjóri og bæjarsímastjóri. Starfsmenn þessa skipar ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, og ákveður starfssvið þeirra. Póst- og símamálastjóri getur falið póstmeistaranum og ritsímastjóranum í Reykjavík eftirlit með starfrækslu pósts og síma annarsstaðar á landinu. — Ráðherra skipar ennfremur, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, aðalgjaldkera, fulltrúa, yfirverkfræðing og loftskeytastöðvarstjóra í Reykjavík, og skulu skipunarbréf þeirra meðundirrituð af póst- og símamálastjóra. Aðra fasta starfsmenn og aðstoðarmenn við póst- og símastörf skipar póst- og símamálastjóri, að fengnum tillögum ritsímastjórans eða póstmeistarans í Reykjavík, eftir því undir hvora starfsgreinina stöðurnar falla, svo og hlutaðeigandi umdæmisstjóra, þegar um skipun fastra starfsmanna utan Reykjavíkur er að ræða. Laun fastra starfsmanna við póst og síma skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo verður gert, ákveður ráðherra launin. Sbr. þó 2. gr.

4. gr.

Landinu skal skipt í póst- og símaumdæmi, og ákveður ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, tölu þeirra og takmörk og skipar umdæmisstjóra. Umdæmisstjórar eru jafnframt póstafgreiðslumenn og símastjórar hinna stærri stöðva, eftir því sem við á, og skulu þeir, undir yfirstjórn póst- og símamálastjóra, hafa eftirlit með starfrækslu pósts og síma, hver í sínu umdæmi.

5. gr.

Á þeim stöðum utan Reykjavíkur, þar sem er bæði póstafgreiðsla og landssímastöð, skal sami maður gegna hvorutveggja starfinu, þegar það að áliti póst- og símamálastjóra telst haganlegt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar.

6. gr.

Starfsmaður sá, sem skipaður hefir verið við póst eða síma áður en lög þessi öðlast gildi, skal álitinn skipaður í sömu stöðu við þessi störf áfram, án þess að nýtt skipunarbréf sé gefið út, nema starf hans sé lagt niður sem óþarft. Þó skal hann hlíta breyttri starfstilhögun og verkaskiptingu samkvæmt þessum lögum og reglugerðum, sem ráðherra setur.

7. gr.

Allir starfsmenn pósts og síma, sem skipaðir eru eða ráðnir með föstum árslaunum, skulu greiða lífeyrissjóðsgjald samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 27. janúar 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, svo framarlega sem starf það, er þeir inna af hendi fyrir póst og síma, er aðalstarf þeirra.

8. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmdir og starfrækslu póst- og símamála og má ákveða sektir við broti gegn þeim.

9. gr.

Alþjóðasamningar og sérsamningar við erlendar póst- og símastjórnir, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir, ásamt þar að lútandi reglugerðum, sem ríkisstjórnin viðurkennir, skulu gilda sem lög, enda má ákveða sektir við brotum gegn þeim.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 14. júní 1929, um stjórn póstmála og símamála, eftir því, sem framkvæmd á ákvæðum laganna gerir nauðsynlegt.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1935. Jafnóðum og sameining sú á stjórn og starfrækslu pósts og síma, sem í lögunum felst, er á komin, falla niður þær stöður, sem óþarfar verða vegna sameiningarinnar.

## Ed. 589. Frumvarp

til laga um vátryggingar opinna vélbáta.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fiskifélagi Íslands skal falið að gangast fyrir stofnun bátaábyrgðarfélaga fyrir opna vélbáta (trillur) og yfirþiljaða vélbáta allt að 6 smálesta að stærð, í

svo mörgum verstöðvum, er þurfa þykir, til þess að eigendur þeirra báta, er um ræðir, eigi kost á að vátryggja báta sína í ábyrgðarfélagi í verstöð sinni eða nágrenni.

Fiskifélagið semur frumvarp að félagslögum, ásamt reglugerð fyrir hvert félag.

2. gr.

Nú hefir félag verið stofnað samkvæmt lögum þessum, og skal samábyrgð Íslands á fiskiskipum þá skylt, er þess er leitað, að endurtryggja fyrir hvert félag helming samanlagðrar áhættuupphæðar með sömu kjörum og félagið, að því tilskildu, að lögfest sé í félagslögunum:

a ð félagsmenn ábyrgist sameiginlega ábyrgðarskuldbindingar félagsins.

a ð vátryggingin nái aðeins til ⅕ hluta virðingarverðs í hverjum fyrsta flokks bát, en ⅕ hluti sé hvergi tryggður, og til ¾ hluta í hverjum annars flokks bát, en ¼ hluti sé hvergi tryggður.

a ð félagið bæti aðeins algerðan bátstapa. Þó skal skylt að bæta tjón á bát, er orsakast við það, ef bát er siglt í strand til að bjarga lífi skipshafnar.

a ð lög félagsins og reglugerð hafi verið samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.

a ð Samábyrgðin samþykki val virðingarmanna félagsins.

3. gr.

Sérhverjum eiganda opins vélbáts eða yfirþiljaðs vélbáts allt að 6 smálesta að stærð, sem gengur til fiskiveiða á vertíðum, er skylt að hafa bát sinn vátryggðan fyrir sjótjóni samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Ákveða skal í reglugerð, er atvinnumálaráðherra samþykkir, vátryggingarskilyrði öll og iðgjaldagreiðslur. Ennfremur má ákveða í reglugerð, að iðgjöld fyrir vátryggingar báta samkvæmt lögum þessum hafi lögtaksrétt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 590. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Fyrir „átsúkkulaði“ komi: súkkulaði.

Alþingi, 26. nóv. 1934.

| Jón Baldvinsson, form. | Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. | Magnús Jónsson, með fyrirvara. |
|---|---|---|

## Ed. 591. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er að mestu sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með litlum breytingum. Þó hefir einn nefndarmanna (SÁÓ) óbundið atkvæði.

Eitt ákvæði í 10. gr. frv. er nýtt í hafnarlögum, en það er heimild til þess að leggja aukavörugjald á inn- og útfluttar vörur til tekna fyrir bæjarsjóð. Jafnvel þó nefndin líti svo á, að réttara væri að hafa slíkt ákvæði í sérstökum lögum, þá þykir þó, vegna sérstöðu Siglufjarðarkaupstaðar, einkum eftir það tjón, sem nýverið hefir orðið á eignum bæjarsjóðs, rétt að halda þessu ákvæði í 10. gr., en hafa það tímabundið.

Óskir um sama tekjustofn til handa bæjarsjóðum er þegar fram komin frá fleiri bæjarfélögum og veitt Vestmannaeyjakaupstað á fjárlagaþinginu 1933.

Það er öllum vitanlegt, að bæjarsjóðir eru mjög tekjuþurfar og útlit fyrir, að enn sverfi fastar að á næstu árum.

Nefndin, eða meiri hl. hennar, leggur til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 10. gr. Fyrir „Heimilt er bæjarstjórn Siglufjarðar ... útgjöldum bæjarsjóðs" kemur: Þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið með almennum lögum, skal bæjarstjórn Siglufjarðar heimilt að ákveða hækkun á núverandi vörugjaldi um allt að 100% og jafnframt að sú hækkun gangi til nauðsynlegra útgjalda bæjarsjóðs.

Alþingi, 26. nóv. 1934.

| Ingvar Pálmason, form. | Jón A. Jónsson, frsm. | Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., með fyrirv. |
|---|---|---|

## Ed. 592. Breytingartillögur

við frv. til l. um vátryggingar opinna vélbáta.

Frá Ingvari Pálmasyni.

1. Við 4. gr. Fyrir „samþykkir" komi: staðfestir.
2. Við fyrirsögnina bætist: o. fl.

**Nd.** **593. Frumvarp**

til laga um Líftryggingastofnun ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Setja skal á fót stofnun fyrir líftryggingar, sem nefnist Líftryggingastofnun ríkisins, og hefir hún með höndum alla venjulega líftryggingastarfrækslu hér á landi, samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim. Engum öðrum en Líftryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka að sér líftryggingar hér á landi, af hvaða tegund sem er, eftir 1. janúar 1936, að því undanskildu, er ræðir um í 23. gr.

2. gr.

Líftryggingastofnun ríkisins skal vera deild í Tryggingastofnun ríkisins.

3. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Líftryggingastofnunar ríkisins gagnvart þeim, sem tryggðir eru hjá stofnuninni (sbr. 5. gr.). Ríkissjóður leggur Líftryggingastofnun ríkisins til fé fyrir stofnkostnaði og rekstrarkostnaði í byrjun eftir þörfum. Fjárframlög úr ríkissjóði til Líftryggingastofnunar ríkisins skal stofnunin ávaxta með jafnháum ársvöxtum og innlánsvöxtum sparisjóðsdeildar Landsbankans og endurgreiða eftir því, sem ástæður leyfa.

Á þeim tíma, er Líftryggingastofnun ríkisins tekur til starfa, skal gera upp lífeyrissjóði embættismanna og barnakennara, og afhendir ríkisstjórnin Líftryggingastofnun ríkisins allar eignir beggja lífeyrissjóðanna til varðveizlu og stjórnar, og gilda sömu reglur um varðveizlu og ávöxtun sjóðanna og fyrir er mælt um tryggingarsjóð í 21. gr.

Líftryggingastofnun ríkisins hefir sérstakan fjárhag og reikningshald, og hafa hinir umboðslegu endurskoðunarmenn með höndum endurskoðun á reikningum stofnunarinnar, þar til öðruvísi verður ákveðið.

4. gr.

Tryggingaupphæðir, sem stofnunin hefir á eigin ábyrgð, bundnar við líf eins einstaklings, mega ekki fara fram úr 40000 krónum, að viðbættum 1‰ af samanlögðum tryggingaupphæðum, samkvæmt tryggingasamningum, er stofnunin hefir á eigin ábyrgð, og skal þá telja tryggingarupphæð lífeyristryggingar 15-falda þá upphæð, sem greiðast á árlega samkvæmt tryggingarsamningnum.

5. gr.

Heimilt er Líftryggingastofnun ríkisins að taka að sér allar tegundir líftrygginga og lífeyristrygginga, bundnar við líf einnar persónu eða fleiri.

Stofnunin getur þó ekki tekið að sér tryggingu, sem skuldbindur hana til þess að greiða hærri upphæð við dauða, sem ber að höndum fyrir fullan 8 ára aldur, en innborguð iðgjöld nema, að viðlögðum vöxtum.

Eigi getur stofnunin heldur, nema samþykki hins tryggða liggi fyrir, skuldbundið sig til þess að greiða meira en innborguð iðgjöld ásamt vöxtum, án tillits til þess, hverrar tegundar tryggingin er, ef sá, er kaupir trygginguna, er annar en sá, sem tryggður er.

6. gr.

Líftryggingastofnun ríkisins skal gera tillögur um grundvöll fyrir útreikningi á iðgjaldaskrám og um almenna tryggingaskilmála fyrir þær tryggingar, sem stofnunin hefir á boðstólum; ennfremur um orðalag yfirlýsinga um heilbrigðisástand þeirra, er sækja um tryggingu hjá stofnuninni, sem umsækjandi sjálfur gefur og læknir sá, sem skoðar hann vegna tryggingarinnar.

Tillögur þær, er hér um ræðir, skulu lagðar fyrir atvinnumálaráðherra, er gerir þær breytingar, er hann telur hagkvæmar, og rannsakar eða leitar álits sérfræðings um það, hvort reikningsgrundvöllur stofnunarinnar í heild sinni eða í einstökum atriðum, svo sem manndauðaathuganir, vextir og álagning á nettóiðgjöld, veitir það öryggi, sem nauðsynlegt er til þess að reisa á starfrækslu líftrygginga.

Eftir að tillögur þær, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar, hafa öðlazt samþykki atvinnumálaráðherra, skulu þær gilda um allar tryggingar, sem Líftryggingastofnun ríkisins tekur að sér, og gilda breytingar, sem á þeim kunna að verða gerðar samkvæmt tillögum frá stjórn stofnunarinnar, aðeins fyrir þær tryggingar, sem Líftryggingastofnun ríkisins tekur að sér eftir að breytingin hefir hlotið samþykki atvinnumálaráðherra.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum frá stjórn Líftryggingastofnunar ríkisins, reglur um endurkaup á tryggingum og um viðbótariðgjöld vegna aukinnar áhættu, sem viss störf, ferðalög, dvöl í héruðum, sem hættuleg eru lífi og heilsu manna, og sjúkdómseinkenni þeirra, sem sækja um tryggingu, kunna að hafa í för með sér, ennfremur reglur um útborganir á líftryggingum, ef hinn tryggði fremur sjálfsmorð.

8. gr.

Skylt er Líftryggingastofnun ríkisins að láta þeim, sem tryggja sig hjá stofnuninni, í té tryggingarskírteini eða innskráningarskírteini.

Innskráningarskírteini skal jafnan afhent þeim, sem tryggja sér frestaðan lífeyri; tryggingarskírteini skal þeim síðar látið í té, þegar lífeyrisgreiðslur hefjast. Hið sama gildir um lífeyristryggingu til eftirlifenda.

Ef tryggingarskírteini er afhent, greiðist tryggingarupphæðin til löglegs handhafa þess, gegn afhendingu skírteinisins með áritaðri kvittun. Ef innskráningarskírteini er afhent, greiðist tryggingarupphæðin þeim, sem samkvæmt innihaldi þess er skráður réttur móttakandi, eða, ef enginn slíkur er tilgreindur, til bús hins tryggða.

Lífeyrir greiðist þeim, sem í tryggingarsamningnum er nefndur sem réttur aðili, nema samningurinn sé framseldur öðrum á löglegan hátt og framsalið skráð af Líftryggingastofnun ríkisins.

Framfærslulífeyri er ekki hægt að framselja öðrum en þeim, sem samkvæmt innihaldi tryggingarsamningsins á að njóta hags af tryggingunni, nema framfærandinn við samningsgerðina hafi ótvírætt lýst því yfir, að slíkar ráðstafanir megi gera, enda skal það þá tekið fram í tryggingarsamningnum.

Í sérhverjum tryggingarsamningi skulu tilgreindir bæði almennir og sérstakir tryggingarskilmálar.

9. gr.

Eigi getur Líftryggingastofnun ríkisins tekið að sér neina tryggingu án þess, að umsækjandi láti henni í té lögleg sönnunargögn, sem stjórn stofnunarinnar tekur gild, fyrir aldri hinna tryggðu.

Þegar stofnunin tekur að sér tryggingar, sem eru þess eðlis, að hún hagnast á því, að hinn tryggði lifi sem lengst, skal hún jafnan krefjast svo nákvæmra upplýsinga um heilbrigðisástand þess, sem hlut á að máli, og um önnur atriði honum viðkomandi, er nægi til þess, að unnt sé að reisa á þeim öruggt mat á því, hvort hlutaðeigandi telst hafa að minnsta kosti jafnmiklar lífslíkur og fólk almennt á sama aldri og af sama kyni.

Ef upplýsingarnar eru ekki fullnægjandi eða heilbrigðisástand hlutaðeiganda lakara en almennt gerist, skal honum þó gefinn kostur á að tryggja sig gegn hærra iðgjaldi, sem ákveða skal með hliðsjón af öllum upplýsingum, sem fyrir hendi eru, en þó með því skilyrði, að hann fái stofnuninni í hendur fullnægjandi sönnunargögn fyrir því, að hann sé ekki haldinn neinum slíkum sjúkdómi, er gefi tilefni til að álíta, að lífi hans sé hætta búin.

Heimilt er Líftryggingastofnun ríkisins að greiða hæfilega þóknun til þess læknis, sem hún hefir samið við og gefið hefir út heilbrigðisvottorð til stofnunarinnar.

10. gr.

Útborgun á líftryggingu, sem keypt er gegn innskráningarskírteini, fer fram strax eftir að stofnunin hefir fengið fullnægjandi upplýsingar um dauða hins tryggða og dauðaorsök.

Líftrygging, sem seld er gegn tryggingarskírteini, útborgast í fyrsta lagi þrem mánuðum eftir að stofnunin hefir fengið fullnægjandi upplýsingar um dauða og dauðaorsök. Sama gildir um frestaðar útborganir, með þeim mun, að þá verður að fá stofnuninni í hendur sönnunargögn fyrir því, að hinn tryggði sé á lífi.

Lífeyristryggingar geta menn áskilið sér útborgaðar árlega, missirislega, ársfjórðungslega eða mánaðarlega, annaðhvort í byrjun eða lok greiðslutímabilsins.

11. gr.

Heimilt er stofnuninni að selja tryggingar gegn greiðslu í eitt skipti fyrir öll, eða gegn ákveðinni tölu iðgjalda, og ennfremur gegn iðgjaldagreiðslum æfi-

langt. Iðgjöld geta menn áskilið sér að greiða árlega, missirislega, ársfjórðungslega eða mánaðarlega, en ávallt skulu þau greidd í upphafi iðgjaldatímabilsins, bundið því skilyrði, að hinn tryggði sé þá á lífi.

Ef iðgjald greiðist ekki á réttum gjalddaga, skal tryggingin eigi að síður vera í gildi um jafnlangt tímabil og millibilið milli tveggja gjalddaga, en þó með því skilyrði, að iðgjaldið greiðist ásamt vöxtum og sekt, sem stjórn stofnunarinnar ákveður, áður en það tímabil er á enda.

Ef iðgjaldið er ekki greitt innan áðurnefnds tímabils, skoðast tryggingin vera upphafin frá hálfu hins tryggða, og skal þá ákveða endurkaupsverð tryggingarinnar og ráðstafa því samkvæmt reglum stofnunarinnar um endurkaup á tryggingum.

12. gr.

Hafi nokkur af ásettu ráði tilgreint rangt um aldur sinn í þeim tilgangi að fá ódýrari tryggingu en hann annars á kost á, eða fengið sig tryggðan hjá stofnuninni með því að gefa af ásettu ráði rangar upplýsingar um heilbrigðisástand sitt eða önnur atriði, sem skipta máli, og stofnunin hefði ekki að öðrum kosti tekið að sér trygginguna, þá er tryggingin ógild og innborguð iðgjöld eign stofnunarinnar.

Hið sama gildir um vanrækslu á að skýra frá atriðum, sem máli skipta við mat stofnunarinnar á þeirri áhættu, sem hún tekur á sig.

Aðrar rangar upplýsingar eða vanrækslur á upplýsingaskyldu hins tryggða heimila stofnuninni að lækka tryggingarupphæðina, og eftir ástæðum, að segja upp tryggingarsamningnum.

13. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir heimild til þess að mæla svo fyrir með reglugerð, að innborganir til Líftryggingastofnunar ríkisins og útborganir frá henni skuli fara fram á póstskrifstofum og póstafgreiðslustöðum, þar sem stofnunin hefir ekki sérstaka umboðsmenn, svo og að mæla fyrir um greiðslu til póstmálaskrifstofunnar fyrir það starf.

Á slíkum stöðum skulu liggja frammi, almenningi til sýnis, upplýsingar um algengustu tryggingar, sem stofnunin hefir í boði, ásamt iðgjaldaskrám.

14. gr.

Allar tryggingaupphæðir Líftryggingastofnunar ríkisins skulu vera undanþegnar sköttum til ríkissjóðs, á þær má ekki leggja löghald eða taka þær lögtaki, né taka þær til þrotabúsmeðferðar, nema því aðeins, að kaup tryggingarinnar hafi gert hlutaðeigandi eignalausan og innihald tryggingarsamningsins beri með sér, að tryggingin hafi ekki verið keypt í framfærsluskyni.

Tryggingarskírteini og innskráningarskírteini stofnunarinnar eru undanþegin stimpilgjaldi.

15. gr.

Krafa um útborgun á tryggingarupphæð eða endurkaupsverði tryggingar, er stofnunin hefir neitað að greiða, tapast, ef sá, er hlut á að máli, leitar ekki

réttar síns áður en ár er liðið og framfylgir málinu til dóms, nema hann sanni fyrir rétti, að hann hafi haft lögleg forföll.

Krafa um útborgun á lífeyri, endurkaupsverði tryggingar og lífeyri til eftirlátinna tapast, ef sá, er réttinn á, kemur ekki fram með kröfuna áður en 5 ár eru liðin og hann að þeim tíma liðnum gefur sig ekki fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar um kröfuna í Lögbirtingablaðinu.

16. gr.

Kostnað við stjórn og rekstur Líftryggingastofnunar ríkisins ber stofnunin sjálf. Hagnaður af rekstrinum skiptist meðal þeirra, sem eru tryggðir hjá stofnuninni, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum frá stjórn stofnunarinnar.

17. gr.

Fé það, sem á tveim fyrstu starfsárum stofnunarinnar er varið til stofnkostnaðar og skipulagningar á starfrækslunni, skal telja meðal eigna á efnahagsreikningi stofnunarinnar í sérstökum lið. Eignalið þennan skal þó afskrifa á fyrstu tíu starfsárum stofnunarinnar, þannig, að afskrifað sé að minnsta kosti ⅕ hluti í lok sjötta starfsárs og þaðan af að minnsta kosti ⅕ hluti á ári hverju.

18. gr.

Í lok fimmta starfsárs Líftryggingastofnunar ríkisins og þaðan af að minnsta kosti fimmta hvert ár skal gera upp tryggingasjóð stofnunarinnar, en í honum skal vera:

1. Tryggingaupphæðir, sem hafa verið tilkynntar til útborgunar eða eru áfallnar, en ekki útborgaðar á þeim tíma.

2. Iðgjaldaviðlagasjóður, er ekki má nema lægri upphæð en mismuninum á höfuðstólsígildi allra skuldbindinga stofnunarinnar samkvæmt gildandi tryggingasamningum og höfuðstólsígildi nettóiðgjalda, sem greiðast eiga til stofnunarinnar samkvæmt sömu tryggingasamningum. En nettóiðgjald nefnist sá hluti heildariðgjalds, sem nægir samkvæmt reikningsgrundvelli stofnunarinnar fyrir áhættunni, sem stofnunin tekur að sér samkvæmt tryggingasamningum á þeim tíma, er samningurinn er gerður.

Við iðgjaldaviðlagasjóð þann, er um getur í 2. tölulið, skal leggja hæfilega upphæð, er stjórn stofnunarinnar ákveður, fyrir væntanlegum kostnaði vegna trygginga, er iðgjöld greiðast ekki fyrir í framtíðinni, vegna þess að iðgjaldagreiðslum af þeim er lokið.

Á efnahagsreikningi stofnunarinnar skal meðal skulda telja tryggingasjóð þann, er um getur í 1. málsgrein þessarar greinar.

19. gr.

Heimilt er stjórn Líftryggingastofnunar ríkisins að telja meðal eigna á efnahagsreikningi stofnunarinnar höfuðstólsígildi allt að 30% af álagningu á nettóiðgjöld, er greiðast eiga til stofnunarinnar í framtíðinni samkvæmt gildandi tryggingasamningum, er stofnunin hefir á eigin ábyrgð.

Sá hluti álagningarinnar, sem um getur í 1. málsgrein, má þó ekki fara fram úr 7% af nettóiðgjöldunum.

20. gr.

Af rekstrarhagnaði stofnunarinnar fyrir hvert 5 ára tímabil skal, eftir að tekjuhalli frá næsta 5 ára tímabili á undan hefir verið jafnaður, verja helmingnum til stofnunar öryggissjóðs, þar til sá sjóður nemur þeirri upphæð, er kemur út þegar 1% af iðgjaldaviðlagasjóði þeim, sem stofnunin hefir undir höndum — fyrir virkar lífeyristryggingar skal þó reikna með 2% — er lagt við ½% af mismuninum á tryggingaupphæðum og iðgjaldaviðlagasjóði fyrir þær tryggingar, sem stofnunin hefir á eigin ábyrgð. Tryggingaupphæð lífeyristrygginga telst í því sambandi vera 15-föld árleg væntanleg útborgun og reiknast tryggingaupphæðir virkra lífeyristrygginga ekki með.

Það, sem eftir verður af rekstrarhagnaðinum, skal leggja í sérstakan ágóðahlutasjóð (bónussjóð), er skiptist eftir reglum stofnunarinnar samkvæmt 16. gr. meðal hinna tryggðu. Fé ágóðahlutasjóðs má þó ekki, fyrr en öryggissjóður hefir náð tvöföldu því marki, sem um getur í 1. málsgrein, nota til annars en útborgana á ágóðahlutum vegna trygginga, sem falla úr gildi við dauða eða við endalok tryggingartímans, og ennfremur til flutnings í öryggissjóð.

Eftir að öryggissjóður hefir náð því marki, sem um getur í 1. málsgrein, má lækka fjárframlög til sjóðsins niður í 10% af þeim hluta rekstrarhagnaðarins, sem eftir verður þegar tekjuhalli, er kann að hafa verið á rekstrinum á næsta 5 ára tímabili á undan, hefir verið jafnaður.

Fjárframlög til öryggissjóðs má stöðva þegar hann hefir náð tvöföldu því marki, sem um getur í 1. málsgrein.

Öryggissjóð má ekki skerða, nema það sé nauðsynlegt til þess að jafna rekstrarhalla.

21. gr.

Tryggingasjóð Líftryggingastofnunar ríkisins skal geyma og ávaxta á þann hátt, er hér greinir:

1. Í skuldabréfum útgefnum af íslenzka ríkinu, eða í skuldabréfum, er bera ákveðna vexti, sem íslenzka ríkið ábyrgist.
2. Í skuldabréfum veðlánastofnana, ef gildandi lög heimila, að þau megi nota til geymslu á fé ófjárráða.
3. Í innlánsskírteinum íslenzkra banka og sparisjóða.
4. Í lánum tryggðum með veði í fasteignum, eftir sömu reglum og þeim, er gilda um meðferð á fé ófjárráða og annara, sem eftirlit er haft með af hálfu hins opinbera.
5. Í lánum með veði í líftryggingum stofnunarinnar allt að endurkaupsverðgildi þeirra.
6. Í fasteign, er stofnunin sem ófullnægður veðhafi hefir orðið að taka til umráða, þó ekki lengur en í 2 ár og ekki með stærri upphæð en eftirstöðvar lánsins á þeim tíma, er eignin var tekin til umráða.

Ennfremur í fasteign, er stofnunin á og notar til þess að hafa þar aðalskrifstofu sína, með upphæð, sem ekki má fara fram úr ⅘ fasteignamats.

Til annarar ráðstöfunar á fé tryggingasjóðs þarf samþykki atvinnumálaráðherra.

22. gr.

Skylt er stjórn Líftryggingastofnunar ríkisins að senda atvinnumálaráðherra, eigi síðar en 8 mánuðum eftir lok reikningsársins, fullnægjandi yfirlit yfir starfrækslu sína ásamt ársskýrslu stjórnarinnar.

23. gr.

Nú vill einhver tryggja sig fyrir hærri upphæð en Líftryggingastofnun ríkisins hefir heimild til þess að taka að sér á eigin ábyrgð samkvæmt 4. gr., og er þá stofnuninni heimilt að leyfa annari tryggingastofnun eða félagi að taka að sér tryggingu að því leyti sem tryggingarupphæðin fer fram úr hámarksupphæð stofnunarinnar fyrir áhættu á eigin ábyrgð, enda hafi tryggingastofnun sú eða félag það aðalumboð og varnarþing hér á landi.

24. gr.

Líftryggingastofnun ríkisins er heimilt, með samþykki ráðherra, að gera samninga við líftryggingastofnanir og félög, er hér hafa starfað, um að taka að sér tryggingasamninga þeirra og skuldbindingar gagnvart tryggjendum hér á landi.

25. gr.

Tekju- og eignarskatt til ríkissjóðs greiðir Líftryggingastofnun ríkisins þar, sem hún hefir aðalskrifstofu sína. Af árlegum tekjum stofnunarinnar telst það vera skattskylt, sem afgangs verður samanlögðum árstekjum samkvæmt ársreikningi hennar, þegar frá er dregið rekstrarkostnaður, þar með talin laun umboðsmanna, greiðslur á tryggingaupphæðum, skattar til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga, árleg fyrning á eignaliðum, áætlaður rekstrarhalli frá fyrra ári og áætluð viðbót við lögboðinn tryggingasjóð og öryggissjóð á reikningsárinu.

Skattskyldar eignir Líftryggingastofnunar ríkisins teljast vera jafnar ágóðahlutasjóði stofnunarinnar samkvæmt síðustu 5 ára uppgerð, að frádregnum útborgunum á ágóðahlutum, sem fram hafa farið eftir þann tíma, en að viðbættri áætlaðri aukningu á þeim sjóði frá sama tíma að telja.

Um útsvör til bæjar- og sveitarfélaga fer svo sem segir um verzlunarstofnanir ríkissjóðs í lögum nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana, en þó þannig, að útsvarinu skal skipt milli bæjar- og sveitarfélaga, að jöfnum hlutföllum við iðgjaldagreiðslur frá mönnum, er heima eiga í viðkomandi bæjar- og sveitarfélögum. Nú er útsvarshluti bæjar- eða sveitarfélags minni en 100 krónur, og fellur þá greiðsla hans niður.

26. gr.

Nú tekur líftryggingafélag eða stofnun að sér líftryggingu hér á landi þrátt fyrir fyrirmæli 1. gr., eða án heimildar þeirrar, sem ræðir um í 23. gr., og skal þá félagið eða stofnunin sæta sektum frá 200—10000 kr.

27. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði í lögum nr. 62 22. nóv. 1913, um ábyrgðarfélög, sem koma í bága við lög þessi.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þar til ný skipun verður gerð á Tryggingastofnun ríkisins, og sé forstjóri hennar ekki sérfræðingur í tryggingamálum, skal vera sérstakur framkvæmdastjóri fyrir Líftryggingastofnuninni, og skal hann vera sérfræðingur í tryggingamálum. Við hlið hans skulu vera tveir gæzlustjórar. Þessir þrír menn skipa stjórn stofnunarinnar, og er framkvæmdastjóri formaður hennar.

Stjórnarformaður boðar fundi, svo oft sem þörf krefur, þó ekki sjaldnar en einu sinni í viku. Nánari reglur um verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra setur atvinnumálaráðherra með reglugerð og ákveður laun fyrir störf þeirra og, að fengnum tillögum stofnunarinnar, laun starfsmanna á skrifstofu Líftryggingastofnunar ríkisins og laun fastra umboðsmanna.

## Greinargerð.

Allsherjarnefnd, að undanteknum 2 nefndarmönnum, sem voru fjarverandi (GÞ og TT), flytur þetta frv. eftir beiðni atvinnumálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta hefir hr. Árni Björnsson, tryggingafræðingur, upphaflega samið að tilhlutun skipulagsnefndar atvinnumála. Nefndin gerði á því ýmsar breytingar frá því, sem það kom frá honum, en engar af breytingum þeim snertu þau ákvæði í frumvarpinu, sem tryggingafræðingurinn hafði gert ráð fyrir til öryggis fyrirtækinu, sem frumvarpið fjallar um. Hr. Árni Björnsson hefir ennfremur samið að mestu athugasemdir þær um einstakar greinar frumvarpsins, sem fylgja greinargerð þessari. Frá honum eru einnig fengnar tölur þær, sem nefndar eru í greinargerð þessari.

Líftryggingastarfsemi hefir hingað til verið rekin hér á landi af erlendum félögum og stofnunum, en það virðist auðsætt, að breyting í þá átt að gera þessa starfsemi innlenda geti orðið almenningi í landi þessu til mikilla hagsbóta, ef tryggilega er um búið.

Á síðari árum hefir verið tilfinnanlegur skortur á erlendum gjaldeyri til greiðslu fyrir nauðsynlegar vörur, er vér verðum að sækja til annara þjóða, en á meðan líftryggingastarfsemi er rekin hér af erlendum stofnunum, verður yfirfærsla iðgjaldanna jafnan einn liður, er eykur þörf vora fyrir erlendan gjaldeyri. Innlend líftryggingastarfsemi mundi hinsvegar takmarka á varanlegan hátt gjaldeyrisþörfina, eins langt og sú starfsemi nær.

Að vísu er það svo, að nokkur hluti iðgjalda til erlendra félaga verður ávallt eftir í landinu. Þeim hluta er varið til skrifstofuhalds hér og til greiðslu á

áföllnum tryggingaupphæðum. En skýrslur hagstofunnar um líftryggingar bera þó með sér, að um þrjú hundruð þúsund krónur ganga árlega til líftryggingafélaga fram yfir það, sem þau greiða í útborgaðar ábyrgðir, bónus-greiðslur, lífeyri o. s. frv. Eflaust er eitthvað af þessu fé lánað til innlendra manna, en það eru þó skuldir, sem fyrr eða síðar verða að greiðast með vöxtum erlendis. Meðan líftryggingastarfsemin hér á landi heldur áfram að aukast, eykst að sama skapi yfirfærsla tryggingaiðgjaldanna, og getur hún aldrei numið minni upphæð, jafnvel eftir að kyrrstaða er komin á þessa starfsemi, en sem svarar stjórnarkostnaði og hagnaði af starfseminni til eigenda áhættufjár.

Auk hinna beinu og óhagstæðu áhrifa, sem yfirfærslur tryggingaiðgjaldanna hafa á viðskiptajöfnuð voru gagnvart útlöndum, getur ekki hjá því farið, að yfirfærsla iðgjaldanna leiði af sér rýrnun á framboði lánsfjár innanlands, en eins og kunnugt er, verða ýmsar framkvæmdir ríkisins, bæjar- og sveitarfélaga að bíða árum saman vegna skorts á lánsfé, til mikils tjóns fyrir almenning.

Í nágrannalöndum vorum hafa innlendar líftryggingastofnanir með höndum yfirgnæfandi meiri hluta líftryggingastarfsemi. Iðgjaldaviðlagasjóðir líftryggingastofnana í löndum þessum nema hundruðum milljóna króna, en svo eru þeir sjóðir nefndir, sem líftryggingastofnanir verða að safna eða leggja til hliðar af innborguðum iðgjöldum, til þess að þær geti talizt eiga fyrir skuldbindingum gagnvart hinum tryggðu.

Eftirfarandi upplýsingar um iðgjaldaviðlagasjóði innlendra líftryggingastofnana frændþjóða vorra eru teknar eftir árbókum þeirra fyrir 1934:

| | Danmörk | Noregur | Svíþjóð |
|---|---|---|---|
| Iðgjaldaviðlagasjóðir 1932 ... | 472 millj. kr. | 561 millj. kr. | 1311 millj. kr. |

Fyrir Danmörku gefur hin tilgreinda tala þó ekki fulla hugmynd um stærð sjóðanna þar í landi, þar sem sjóður Statsanstaltens er þar ekki talinn með. Þessar tölur gefa nokkra hugmynd um það, hve mikið aukið framboð af lánsfé þessar fjárupphæðir merkja og að hve miklu leyti þær geta fullnægt lánsþörf ríkis, sveitar- og bæjarfélaga og veðlánastofnana, en til slíkra útlána er varið miklum hluta þessara sjóða.

Ekki er hægt að fá vitneskju um það, hve miklu nema samtals iðgjaldaviðlagasjóðir, sem svara til líftrygginga, sem nú eru í gildi hér á landi. En við samanburð á útbreiðslu líftrygginga hér og í nágrannalöndum vorum árið 1932 er ekki ósennilegt, að samsvarandi sjóðir fyrir Ísland nemi samtals kringum 7 millj. króna, en þar getur þó skakkað talsverðu.

Líftryggingastarfsemi hér á landi hefir farið mjög í vöxt á síðustu tveim áratugum. Nákvæmar skýrslur eru að vísu ekki til um þessa starfsemi, en af þeim skýrslum, sem eru til, virðist mega ráða, að tala tryggingaskírteina hafi meir en 5-faldazt á árunum 1914—1932, og að tryggingaupphæðir hafi meira en 10-faldazt á sama tíma.

Samkvæmt Hagtíðindum (19. árg. nr. 4) hefir tala trygginga og samanlagðar tryggingaupphæðir í árslok verið sem hér segir:

| | Lífsábyrgðir | | Lífeyristryggingar | |
|---|---|---|---|---|
| | Tala | Upphæð kr. | Tala | Árleg útborgun áfallin og í vændum kr. |
| 1914 ..... | 1353 | 2530452 | „ | „ |
| 1932 ..... | 7219 | 26925410 | 179 | 56091 |

Þó eru árið 1932 ekki meðtaldar tryggingar, sem enn kunna að hafa verið í gildi af líftryggingum félaga, sem áður hafa starfað hér, en nú eru hætt að taka nýjar tryggingar og hafa hér engan umboðsmann. En jafnframt er talið sennilegt, að eitthvað vanti á, að taldar séu allar tryggingar árið 1914. Það má því telja líklegt, að það, sem vantalið er, raski ekki mikið þeirri hugmynd um vöxt líftryggingastarfseminnar, sem taflan gefur.

Líftryggingastarfsemi er nú rekin hér á landi af 6 líftryggingastofnunum. Þar af eru þrjár danskar, tvær sænskar og ein norsk. Iðgjöld hafa samtals numið þeim upphæðum, sem hér greinir:

| | | 1930 | 1931 | 1932 |
|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld ..... | kr. | 469232 | 570054 | 579127 |

Þessar tölur bera það með sér, að líftryggingastarfsemi hér á landi hefir farið vaxandi, þrátt fyrir kreppuna, og bendir það til þess, að líftryggingar hafi þegar náð hér almennri hylli, þótt mikið vanti á, að þær hafi náð svo mikilli útbreiðslu sem í nágrannalöndunum.

Miðað við fólksfjölda nema tryggingarupphæðir og árlegur lífeyrir að meðaltali á hvern mann hér og hjá nágrannaþjóðum vorum þeim upphæðum, er hér greinir:

| | | Ísland 1932 | Danmörk 1932 | Noregur 1932 | Svíþjóð 1932 |
|---|---|---|---|---|---|
| Tryggingarupphæð ..... | kr. | 241 | 563 | 551 | 693 |
| Árlegur lífeyrir ..... | — | 0,50 | 11,55 | 7,71 | 10,55 |

En þessar tölur sýna, að lífsábyrgðartryggingar hjá nágrannaþjóðunum hafa náð meira en tvöfaldri þeirri útbreiðslu, sem hér gerist, og lífeyristryggingar frá 15 til 23 sinnum þeirri útbreiðslu, sem þær hafa hér á landi.

Þegar tekið er tillit til þess, að líftryggingar eru stöðugt að ná meiri og meiri útbreiðslu í nágrannalöndum vorum, enda þótt þær hafi þegar fyrir löngu náð þar miklu meiri útbreiðslu en hér, má telja líklegt, að útbreiðsla þeirra hér fari vaxandi hröðum skrefum í framtíðinni, og ætti því að vera nægilegt verksvið fyrir innlenda líftryggingastofnun, jafnvel þótt slík stofnun verði að öllum líkindum að einskorða sig við starfsemi innanlands.

Að öðru leyti er ekki ástæða til þess að álita, að staðhættir hér á landi geti staðið innlendri líftryggingastofnun fyrir þrifum. Manndauði og langlífi almennt er ekki óhagstæðara hér en í nágrannalöndum vorum, enda hafa erlend félög, sem hér eru starfandi, selt líftryggingar sama verði hér og þau selja þær heima fyrir, eftir því sem næst verður komizt.

Eftirlit hefir hingað til ekkert verið með starfsemi líftryggingafélaga hér á landi af hálfu hins opinbera. Þeim er að vísu gert að skyldu að hafa varnarþing hér á landi, en ekkert er því til fyrirstöðu, að hér gætu starfað félög árum saman, sem ekki ættu þess nokkurn kost að standa við skuldbindingar sínar, er tím-

ar liðu fram. Engin fyrirmæli eru um það í lögum, að líftryggingafélög verði að færa sönnur á heilbrigðan fjárhag eða setja tryggingar fyrir greiðslum til landsmanna.

Nú er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir því, að sett verði á fót stofnun með ríkið að bakhjarli; stofnun þessi verði rekin samkvæmt viðurkenndum, vísindalegum starfsaðferðum og hafi einkasölu á öllum nýjum líftryggingum frá ákveðnum tíma að telja. Verður því takmarki þá væntanlega náð á tiltölulega skömmum tíma, að gera líftryggingastarfsemina innlenda, en þá hverfa úr sögunni þeir annmarkar, sem á því eru að fá erlendum stofnunum í hendur full umráð yfir því fé, sem árlega er varið til kaupa á líftryggingum.

Ekki er óhugsandi, að sú mótbára kunni að verða færð gegn hinni fyrirhuguðu ríkisstofnun, sem hefði einkasölu á líftryggingum, að þetta fyrirkomulag kunni að valda óánægju hjá nágrannaþjóðum vorum, með því að einkasöluákvæðið svipti þær réttindum, sem þær sennilega hafi talið víst, að þær gætu notið í framtíðinni. En slík óánægja væri þá fyrst á sanngirni reist, ef vér hefðum samskonar aðstöðu í þeirra löndum sem þeir hafa í voru. En vér höfum í raun réttri engin skilyrði til þess að reka líftryggingastarfsemi í löndum þessum. Aðstöðumismunur hérlendrar líftryggingastofnunar, sem hefir þröngt verksvið innanlands, til þess að notfæra sér erlendan markað í samkeppni við þarlendar stofnanir af sömu tegund, er svo auðsær, að naumast gerist þörf á að útskýra, að krafa um gagnkvæmt frelsi til starfrækslu fyrir líftryggingastofnanir þar og hér er svo fjarri því að vera til hagsbóta fyrir oss, að hún verður ekki með sanngirni borin fram. Þá er og þess að gæta, að íbúatala landsins er ekki stærri en það, að hér er naumast rúm fyrir fleiri en eina myndarlega líftryggingastofnun. Og verður þá ekki um það deilt, að eðlilegra sé, að sú stofnun sé innlend en útlend.

Ákvæði frumvarpsins um einkasölurétt fyrir Líftryggingastofnun ríkisins ber því ekki að skoða sem ógreiðvikni gegn nágrannaþjóðum vorum, heldur er það ráðstöfun, sem leiðir af staðháttum hér.

Að sjálfsögðu gæti það komið til mála, að unnið væri að því, að gera líftryggingastarfsemina innlenda á annan hátt en að ríkið tæki málið í sínar hendur með einkasölu. Kæmu þá þrjár leiðir einkum til greina:

1. að stofnuð yrðu innlend félög, sem starfsemina rækju.
2. að ríkisstofnun ræki starfsemina samhliða innlendum félögum.
3. að innlent félag fengi einkarétt til starfseminnar.

Um fyrstu leiðina er það að segja, sem þegar hefir verið bent á, að hér er naumast rúm fyrir fleiri en eitt öflugt líftryggingafélag. Þá kemur það einnig til greina, að innlend einkafyrirtæki fyrir þessa starfsemi gætu naumast orðið annað en dulbúin eign erlendra manna. Einstaklingar hafa hér ekki fjármagn til þess að taka að sér líftryggingar, nema með því móti að endurtryggja megnið að tryggingaupphæðunum. Færi þá eftir sem áður verulegur hluti af iðgjöldum til útlanda. Hinsvegar koma endurtryggingar ekki til greina hjá ríkisstofnun þeirri, sem frumvarpið ræðir um, nema stofnunin kæri sig um að taka að sér tryggingu bundna við líf einnar persónu, er hærri sé en 40000 krónur að viðbættu 1‰ af samanlögðum tryggingaupphæðum samkvæmt tryggingasamning-

um, er stofnunin hefir á eigin ábyrgð. Má gera ráð fyrir, að slíkar tryggingar verði frekar sjaldgæfar meðan stofnunin er enn í bernsku.

Önnur leiðin hefir þann kost fram yfir hina fyrstu, að hún dregur nokkuð úr ókostum hennar, en er þó á engan hátt fullnægjandi.

Um þriðju leiðina er það að segja, að innlent félag, sem einkaleyfi fengi fyrir líftryggingum, yrði í fyrstu að endurtryggja mikið erlendis, nema það hefði ríkisábyrgð að baki sér. En eigi ríkissjóður að taka á sig ábyrgð, þá virðist eðlilegra, að hann hefði veg og vanda af fyrirtækinu. Þá er og þess að gæta í þessu sambandi, að einkafyrirtæki með einkaleyfi til tryggingastarfsemi mundi eftir nokkurn tíma hafa með höndum meiri hluta af handbæru fé til útlána í landinu en hollt virðist, að einstakir menn fari með. Að öllu þessu athuguðu kemur það í ljós, að einkaréttur ríkisins til þessarar starfsemi er hentugasta leiðin, sem bent verður á í þessu máli.

Að endingu skal athygli vakin á því, að í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að allur hagnaður af starfrækslu líftrygginganna, að undanskildum venjulegum gjöldum til almenningsþarfa, renni til hinna tryggðu. Þetta kæmi vitanlega ekki til greina hjá neinu einkafyrirtæki, sem beinlínis er stofnsett í því skyni að ávaxta fé eigendanna.

Ríkisrekstur á líftryggingastarfsemi með einkasölufyrirkomulagi þekkist ekki hjá öðrum Evrópuþjóðum, svo kunnugt sé, en Ítölum, og kann menn að fýsa að fá upplýsingar um, hvernig þetta fyrirkomulag hefir reynzt þar í landi, þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að svipað fyrirkomulag verði tekið upp hér.

Upplýsingar þær, sem hér fara á eftir, um starfsemi ítölsku ríkisstofnunarinnar eru hafðar eftir Statesman's Yearbook:

| | Tala tryggingaskírteina | Lífsábyrgðir, lire |
|---|---|---|
| 1923 ..... | 35303 | 720517000 |
| 1932 ..... | 1052136 | 11465339000 |

Þessar tölur virðast benda til þess, að ríkisstofnunin hafi haft mikinn árangur af starfsemi sinni, en stofnunin hefir útsölustaði í hverju héraði þar í landi, og nemur tala þeirra samtals 2485.

Um 1. gr.

Ríkisstjórninni er í grein þessari falið að setja á fót stofnun fyrir líftryggingar, er hafi með höndum alla venjulega líftryggingastarfrækslu hér á landi, og er þar átt við sölu á líftryggingum, bæði þeim, sem eru útborgaðar við dauða og í lifanda lífi og hvort heldur tryggingin nefnist lífsábyrgð eða lífeyrir, en þó aðeins þær líftryggingar, sem hverjum manni er frjálst að kaupa.

Stofnun þessari, sem nefnist Líftryggingastofnun ríkisins, er einnig í sömu grein gefið einkasöluleyfi á öllum líftryggingum, af hvaða tegund sem er og seldar verða hér á landi eftir 1. janúar 1936. En frá sama tíma að telja er öllum öðrum félögum og stofnunum, hvort heldur innlendum eða erlendum, bannað að selja eða taka að sér nýjar líftryggingar, að undanskildum þeim tryggingum, sem getið er í 23. gr., en samkvæmt þeirri grein getur Líftryggingastofnun ríkisins leyft annari tryggingastofnun eða félagi að taka að sér þann hluta tryggingarupphæðar, sem fer fram úr hámarksupphæð stofnunarinnar fyrir áhættu

á eigin ábyrgð, en sú hámarksupphæð er ákveðin í 4. gr. frumvarpsins. Þó er það skilyrði sett, að stofnun sú eða félag hafi aðalumboð og varnarþing hér á landi.

Um 2. gr.

Í samræmi við lög um samstjórn tryggingastofnana er í grein þessari ákveðið, að Líftryggingastofnun ríkisins skuli vera deild innan Tryggingastofnunar ríkisins.

Það virðist eðlilegt, að ein stofnun verði látin ná út yfir alla tryggingastarfsemi ríkisins, núverandi og væntanlega. Ætti það að verða til þess, að fyllra samræmi væri í starfseminni en ella væri kostur, auk þess sem mikill sparnaður gæti af þessu hlotizt um starfsmannahald. En meðan ekki er komin fullnaðarskipun á Tryggingastofnun ríkisins, og til þess að tryggja það, að Líftryggingastofnun ríkisins verði stjórnað í samræmi við reyndar og viðurkenndar starfsaðferðir, er svo fyrir mælt í frumvarpinu með ákvæðum til bráðabirgða, að fyrir stofnunina skuli skipaður sérstakur framkvæmdarstjóri, sem sé sérfræðingur í tryggingamálum.

Um 3. gr.

Greinin inniheldur ákvæði um ríkissjóðsábyrgð á öllum líftryggingum, sem stofnunin tekur á eigin ábyrgð. En 4. gr. setur reglur um það, hve stóra upphæð, miðað við einstaka áhættu, stofnunin getur tekið á eigin ábyrgð.

Dönsku lögin um eftirlit með líftryggingastofnunum leyfa þarlendum félögum að taka á eigin ábyrgð tryggingu, sem svarar 4% af innborguðu áhættufé, auk upphæðar, sem ekki miðast við áhættufé. Til þess að geta tekið á eigin ábyrgð svo stóra einstaka áhættu sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að Líftryggingastofnun ríkisins fái heimild til, þyrfti innborgað áhættufé félags þar í landi að nema einni milljón króna.

Samkvæmt greininni er ábyrgð ríkissjóðs, sem þannig má telja til jafns við 1 milljón króna, þó ekki takmörkuð eða ríkissjóði gert að skyldu að innborga ákveðna upphæð sem áhættufé, þar sem treysta má, að ríkissjóður verði ávallt fær um að fullnægja ábyrgðarskyldu sinni án þess, enda er hér fylgt sömu reglu og í stofnlögum Statsanstalten for Livsforsikring.

Byrjun líftryggingastarfsemi krefst jafnan nokkurs undirbúnings. Áður en stofnunin getur hafið starfsemi sína, þurfa að fara fram nákvæmar yfirveganir um val á manndauðaathugunum þeim, sem lagðar verða til grundvallar fyrir útreikningi á iðgjaldaskrám, ennfremur þarf að fara fram útreikningur á slíkum iðgjaldaskrám, ákvarðanir um almenna tryggingaskilmála og prentun tryggingaskírteina, yfirlýsinga o. fl.

Kostnaðinn við þessa undirbúningsstarfsemi verður ríkissjóður að leggja fram og sömuleiðis rekstrarkostnað stofnunarinnar fyrst framan af, þar til starfsemi hennar er svo langt komið, að hún geti sjálf borið hann, en það ætti hún að geta á 2. ári, eftir að hún hefir byrjað starfsemi sína.

Þar sem ekki er ætlazt til, að stofnunin njóti neins fjárstyrks úr ríkissjóði, er það ákvæði sett, að stofnunin greiði vexti af fjárframlögum ríkissjóðs, og endurgreiði slík framlög eftir því, sem ástæður leyfa.

Önnur málsgrein 3. gr. gerir ráð fyrir, að stofnuninni verði þegar fengið nokkurt fé til umráða og stjórnar, þar sem eru lífeyrissjóðir embættismanna og barnakennara. Störf þessara lífeyrissjóða eru svo náskyld starfsemi Líftryggingastofnunarinnar, að sjálfsagt virðist, að hún hafi þetta með höndum.

Um 4. gr.

Þar eru sett takmörk fyrir því, hve mikla einstaka áhættu stofnunin geti tekið að sér á eigin ábyrgð.

Hámarksupphæð einstakrar áhættu er ákvörðuð þannig, að hún fer hækkandi eftir því, sem stofnunin tekur fleiri tryggingar á eigin ábyrgð. Þannig verður hámarksupphæð einstakrar áhættu 60000 kr., þegar samanlagðar tryggingarupphæðir stofnunarinnar á eigin ábyrgð nema 20 milljónum króna, en slík regla er í fullu samræmi við þá dreifingu áhættunnar, sem á sér stað jafnframt auknингu á tölu hinna tryggðu.

Í þessu sambandi er tryggingaupphæð lífeyristryggingar reiknuð vera 15-föld árleg útborgun, þannig, að lífeyristrygging með 1000 kr. árlegri útborgun telst hafa 15000 kr. tryggingarupphæð.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar heimila stofnuninni að taka að sér allar tegundir líftrygginga, að undanskildum þeim, sem nefndar eru í 2. og 3. málsgrein. En ákvæði 2. málsgreinar hefir það takmark, að girða fyrir hættu, sem barnatryggingar geta leitt af sér.

Hinsvegar eru tryggingar af þeirri tegund, sem um ræðir í 3. málsgrein, ekki leyfðar, þar sem þær geta þýtt aukna hættu fyrir hinn tryggða frá hálfu annars. En þegar þannig stendur á, að um þá hættu er ekki að ræða, ætti ekki að vera neitt því til fyrirstöðu, að stofnunin gæti tekið að sér slíkar tryggingar.

Báðar þessar tegundir trygginga eru undanskildar í dönsku eftirlitslögunum.

Um 6. gr.

Í þessari grein er stjórn stofnunarinnar falið að gera tillögur um grundvöll að útreikningi á iðgjaldaskrám, um almenna tryggingaskilmála og orðalag heilbrigðisyfirlýsinga. Þessi undirbúningsstörf taka talsverðan tíma, og er því nauðsynlegt, að sá undirbúningur verði hafinn með nægum fyrirvara, þar sem honum þarf að vera lokið fyrir 1. janúar 1936, eða þann dag, sem stofnunin fær einkasöluleyfi á líftryggingum samkvæmt 1. gr.

Í byrjun verður stofnunin að velja erlendar töflur eða athuganir um manndauða sem grundvöll fyrir útreikningi á iðgjaldaskrám, þar sem engar innlendar athuganir eru til um manndauða líftryggðra. Hinsvegar fær stofnunin með tíð og tíma reynslu á því sviði, og getur hún þá, ef nauðsyn krefur, lagt eigin reynslu til grundvallar fyrir nýjum útreikningi á iðgjaldaskrám, og geta þær þá aðeins gilt fyrir þær tryggingar, sem seldar verða samkvæmt þeim.

Um 7. gr.

Um líftryggingarsamninginn gildir það, að hinn tryggði hefir ávallt rétt til þess að slíta honum af sinni hálfu, og getur stofnunin þá, í sumum tilfellum, endurgreitt honum vissa upphæð, sem kallast endurkaupsverð tryggingarinnar,

eða stofnunin getur breytt tryggingunni í samskonar tryggingu án iðgjaldagreiðslu.

Í einstaka tilfellum geta líftryggingastofnanir þó ekki endurgreitt án þess að eiga á hættu að skaðast, en um þetta þarf að setja reglur fyrir hvert einstakt tryggingarform.

Ennfremur gerir 7. gr. ráð fyrir, að stofnunin geti tekið líftryggingar, þótt fyrirfram megi vænta, að af þeim leiði meiri áhættu en almennt gerist.

Í hinum almennu tryggingaskilmálum er venja að undanskilja vissar auknar áhættur, þar sem hið almenna verð tryggingarinnar er miðað við, að stofnunin beri ekki hina auknu áhættu án þess að sérstakt endurgjald komi fyrir.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru settar reglur um skírteini, sem stofnunin afhendir hinum tryggðu. En þau geta verið með tvennum hætti, og miðast reglur 8. gr. við það, að gera tryggingarskírteinið að framseljanlegu handhafaskjali, þar sem innskráningarskírteini aftur á móti er ekki hentugt til framsals samkvæmt reglum þessarar greinar.

Um 9. gr.

Þar sem verð líftryggingar miðast við aldur hins tryggða, verður hann jafnan að láta stofnuninni í té fullnægjandi sönnunargögn fyrir aldri.

Ennfremur eru í 9. gr. reglur um það, að stofnunin skuli jafnan afla sér nægilega nákvæmra upplýsinga um heilbrigðisástand þeirra, sem sækja um líftryggingu í eiginlegum skilningi. Reglur þessar eru orðaðar á þá leið, að stofnunin getur tekið tryggingar án læknaskoðunar, en slíkar tryggingar hafa nú náð allmikilli útbreiðslu.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þegar um ríkisstofnun er að ræða, þykir réttara að setja vægari reglur um vanskil á iðgjöldum af hálfu hins tryggða, og um afleiðingar af slíkum vanskilum, en venja er hjá einkafyrirtækjum.

Að öðru leyti þarf ekki að skýra frekar innihald þessarar greinar.

Um 12. gr.

Aðalatriði þessarar greinar eru ákvæði um, að rangar upplýsingar af hálfu hins tryggða hafi þær afleiðingar, að hann glati rétti sínum samkvæmt samningnum, ef hann gefur slíkar upplýsingar af ásettu ráði og í sviksamlegum tilgangi. Standi öðruvísi á um rangar upplýsingar eða vanrækslur á upplýsingaskyldum, er stofnuninni heimilað að lækka tryggingarupphæðina eða að segja upp samningnum.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þegar frá er dreginn kostnaður við stjórn og rekstur Líftryggingastofnunar ríkisins, er svo til ætlazt, að allur hagnaður renni til hinna tryggðu. Þetta ber það með sér, að ríkið ætlar sér ekki að afla sér tekna með ráðstöfunum þessa frumvarps, en kappkostar fyrst og fremst að halda tryggingafénu, sem unnt væri að nota í þarfir alþjóðar, í landinu sjálfu.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sett til þess að rýra ekki möguleika þeirra, sem tryggja sig hjá stofnuninni fyrstu árin, til þess að geta notið ágóða af rekstrinum.

Samskonar réttindi eru heimiluð nýstofnuðum tryggingafélögum samkvæmt dönsku lögunum um eftirlit með líftryggingastarfsemi.

Um 18. gr.

Í þessari grein er ákvæði sett um, að uppgerð á tryggingasjóði fari fram 5. hvert ár.

Samtímis getur þá farið fram skipting ágóðahluta á milli hinna tryggðu. Í tryggingasjóði eru tryggingaupphæðir, sem vitað er um, að komi til útborgunar, en hafa ekki verið útborgaðar enn, og iðgjaldaviðlagasjóður, en sá sjóður nemur þeirri upphæð, er hinir tryggðu teljast eiga inni hjá stofnuninni á þeim tíma, sem uppgerð fer fram. Þessi skuldaliður stofnunarinnar er reiknaður út með líkureikningi, eftir þeim athugunum um manndauða og vexti, sem lagðar eru til grundvallar fyrir útreikningi á iðgjaldaskrám.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar heimila stofnuninni að dreifa nokkrum hluta af sölukostnaði nýrra líftrygginga yfir tryggingatímabilið.

Samskonar heimild hafa dönsk líftryggingafélög samkvæmt dönsku eftirlitslögunum.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða að því að gera jafnari greiðslur á ágóðahluta til hinna tryggðu.

Um 21. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga að tryggja það, að geymsla á fé tryggingasjóðs og ávöxtun hans fari fram á fullkomlega tryggilegan hátt.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Sjá skýringar við 1. gr.

Um 24. gr.

Með því að líftryggingafélögum, sem hér hafa starfað, er samkvæmt lögum þessum ekki heimilt að selja nýjar tryggingar hér eftir, er ekki óhugsandi, að þeim þyki hentugra að afhenda samninga sína við landsmenn til Líftryggingastofnunar ríkisins. Sjálfsagt virðist að heimila Líftryggingastofnuninni að takast þetta á hendur, ef hagkvæmlega semst um. Eins er ekki óliklegt, að hin erlendu félög æski þess, að Líftryggingastofnunin taki að sér innheimtu fyrir þau, þótt ekki taki hún við skuldbindingum að öðru leyti. En sérstök ákvæði um heimild til slíkrar innköllunarstarfsemi virðist ekki nauðsynleg í lögunum.

Um 25. gr.

Rétt virðist, að stofnun þessi greiði til almenningsþarfa, enda þótt henni sé ekki á fót komið sem gróðafyrirtæki, en ekki er unnt að láta hana greiða tekjuskatt eftir sömu reglum og erlend lífsábyrgðarfélög þau, sem hér hafa starfað, hafa greitt. Hjá þeim eru skattskyldar tekjur taldar sá hluti heildarágóðans, er svarar til hlutfallsins milli allra iðgjaldatekna félagsins hér á landi og allra iðgjaldatekna af allri starfsemi þess. Fyrir því eru sett sérstök ákvæði um það í grein þessari, við hvað skattskyldar tekjur skuli miðast.

Á sama hátt er gerð grein fyrir skattskyldum eignum, en hin erlendu líftryggingafélög hafa ekki greitt eignarskatt.

Sanngjarnt þykir, að gjöld til bæjar- og sveitarfélaga séu innt af hendi í hlutfalli við þær iðgjaldagreiðslur, sem stofnunin fær úr hverju fyrir sig. Að öðru leyti fer um þessi gjöld svo sem nú er fyrir mælt um aukaútsvör verzlunarstofnana ríkissjóðs í lögum nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Um 26. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Lög nr. 62 22. nóv. 1913, um ábyrgðarfélög, setja slíkum félögum skilyrði fyrir því, að þau megi reka hér starfsemi. Að því leyti, sem ofannefnd lög ná til líftrygginga, geta þau ekki samrýmzt ákvæðum 1. gr. þessa lagafrumvarps, sem heimila Líftryggingastofnun ríkisins einni að selja nýjar tryggingar.

Um 28. gr.

Þótt Líftryggingastofnun ríkisins hefji ekki sölu á tryggingum fyrr en 1. janúar 1936, er nauðsynlegur margskonar undirbúningur, svo sem drepið hefir verið á hér að framan, og fyrir því er sett ákvæðið um, að lögin öðlist þegar gildi.

## Ed. 594. Nefndarálit

um frv. til laga um yfirstjórn nokkurra ríkiseigna í Ölfusi.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað mál þetta og verið í nokkrum vafa um, hvort rétt væri að skipa með lögum yfirstjórn yfir jarðeignir ríkisins í Ölfusi á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Í því sambandi hefir nefndin kynnt sér skoðun nokkurra manna, sem sérþekkingu hafa til að bera um þetta mál. Meðal annars hefir nefndin fengið ýtarlega skýrslu frá Sigurði Sigurðssyni búnaðarmálastjóra um framtíðarskilyrði á þessum jörðum ríkisins. Að öllu athuguðu telur nefndin rétt, að sérstök nefnd hafi stjórn og eftirlit með starfrækslu á þessum jörðum, og getur eftir atvikum fallizt á, að nefnd þeirri, sem ætluð er yfirstjórn sjúkrahúsa, sé falið þetta. Þá fellst nefndin á breytingartillögu á þskj. 422 og tekur hana upp í sínar brtt.

Þá vill nefndin flytja viðbótartillögu við 3. gr., auk 2. breytingartillögu á þskj. 422, sem nefndin tekur einnig upp. Nefndin er á þeirri skoðun, að ekki sé rétt að taka eignarnámi þau lönd og mannvirki, sem nú hafa verið leigð úr landi þessara jarða, nema mjög brýn ástæða sé fyrir hendi, og telur rétt, að núverandi leigjendur geti haldið áfram þeirri starfrækslu, sem þeir eru byrjaðir á, ef þeir óska. Hinsvegar sé þeim óheimilt að selja öðrum þau réttindi, er þeir hafa öðlazt til landsins, eða þau verðmæti eða mannvirki, sem þeir hafa komið á.

Nefndin var ásátt um að láta fylgja umsögn Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra sem fylgiskjal.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
   Yfirstjórn sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana gerir yfirlit um framtíðarnotkun þessara jarðeigna og hverjar almannastofnanir skuli vera þar. Jafnframt er ráðherra heimilt, með leyfi yfirstjórnar sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana ríkisins, að leigja af því landi og jarðhita, sem eigi er ráðstafað samkv. 1. málslið, bæjarfélögum og allsherjarsamtökum verkamanna og samvinnufélaga fyrir meðlimi félagssamtakanna eða íbúa hlutaðeigandi kaupstaða, til að reisa þar sumarbústaði og koma fyrir nauðsynlegum leikvöllum fyrir þá, sem dvelja þar sér til heilsubótar og hressingar.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðinu „Reykjakots“ kemur: eftir að ríkið keypti þessar eignir.
   b. Aftan við greinina bætist: Þó getur nefndin, ef ekki þarf á hinu leigða landi að halda, ákveðið að láta leiguliða halda leiguréttindum sínum,

meðan hann sjálfur notar það og yrkir, en ekki er honum heimilt að selja það öðrum.

Alþingi, 27. nóv. 1934.

| | |
|---|---|
| Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. | Ingvar Pálmason, fundaskr. |

**Fylgiskjal.**

**Reykjatorfan í Ölfusi.**

Hin virðulega allsherjarnefnd í efri deild Alþingis hefir óskað, að ég gæfi nokkrar upplýsingar viðvíkjandi jarðeignum ríkisins á Reykjum í Ölfusi, og fara þær hér á eftir.

**Reykjatorfa** nefnast jarðirnar Reykjakot, Reykir, Reykjahjáleiga, Kross og Vellir. Fasteignamat þessara jarða samkvæmt fasteignamatinu 1932 er:

| | |
|---|---|
| Landverð ..... | kr. 35500.00 |
| Húsaverð ..... | — 14200.00 |
| Samtals | kr. 49700.00 |

**Lega jarðanna.** Hinar nefndu jarðir mynda samfellda landspildu, sem liggur í miðju Ölfusi, norðan og austan Varmár. Um landstærð jarðanna er eigi vitað, enda landamerki á sumum stöðum óglögg og valda ágreiningi. Að tilhlutun stjórnarráðsins var allt ræktanlegt land Reykjatorfunnar mælt í sumar. En úr þeim mælingum er eigi búið að vinna, svo eigi verður sagt nema eftir ágizkun, hve hið ræktanlega land er stórt, en ætla má, að það sé um 400—500 ha., og liggur meginhluti af þessu landi með Varmá neðan Reykja og í kringum Kross og Velli. Nokkurt ræktanlegt land er og í daladrögum og hlíðum kringum Reykjakot og milli Reykjakots og Reykja.

Meginhlutinn af landi Reykjatorfunnar, eða um $^{4}/_{5}$—$^{6}/_{7}$, eru fjöll og firnindi. Á nokkrum stöðum eru þar þó sæmilegir hagar.

**Jarðvegur.** Hið ræktanlega land Reykjatorfunnar er annað tveggja mólendi eða mýrar.

Mólendið liggur að mestu í hlíðunum eða daladrögunum. Það er víða grýtt eða blandað með hverahrúðri. Þetta er þéttur jarðvegur, sem þarf mikinn áburð og góða vinnslu til að komast í rækt. Efnagreiningar eru fáar til.

Mýrarnar liggja að mestu fyrir neðan Reyki. Aðalspildan milli Reykjahjáleigu og Kross og Valla, svo og fyrir neðan þær jarðir. Mest af mýrunum er vel fallið til ræktunar, en nokkuð sem áveituengjar.

**Veðrátta.** Mikill hluti af landi Reykjatorfunnar blasir mót suðri og er umlukt af fjöllum. Maður skyldi því ætla, að veðrátta væri hin bezta, en svo er eigi. Ef dregur til skúra á Suðurlandsundirlendinu, koma þeir oftast nær fyrst í Ölfusið. Úrkoma er þar geysimikil. Norðannæðingar eru tíðir og oft hvasst, eink-

um með fjöllunum. Hinsvegar koma ár hvert nokkrir dagar, þá veðurblíða er hin mesta. Veðurathuganir vantar í Ölfusi.

Frá jarðræktarlegu sjónarmiði, og ef eigi er tekið tillit til jarðhitans, eru jarðir Reykjatorfunnar engar kostajarðir. Þær eru í þessu tilliti líkt og gerist og gengur með jarðir til og frá.

**Jarðhitinn.** Aðalkostir þessara jarðeigna er jarðhitinn, og hans vegna eru jarðirnar keyptar dýru verði. Þorkell Þorkelsson veðurstofustjóri hefir rannsakað hveri og laugar á þessu svæði. Hann telur tölu hvera og lauga vera þar 103, og eru þá eigi talin öll smáaugu, sem eru í námunda við hina aðra hveri. Hverirnir og laugarnar liggja aðallega fyrir ofan Reyki í dalhlíð þeirri, er liggur upp frá bænum, svo og við Reykjakot og uppi í fjöllunum.

Vatnsmagn allra hveranna er talið 20,97 lítrar pr. sekúndu og meðalhitinn 90,9° C. Til samanburðar má geta þess, að vatnsmagn lauganna á Reykjum í Mosfellssveit er talið 100 lítrar pr. sek. og meðalhiti um 80° C. Við borun þá, sem þar hefir farið fram undanfarið, hefir vatnsmagnið aukizt um 47 l. pr. sek. og hiti þess vatns er 84° C. Dýpt borholanna er allt að 250 m.

Vatnsmagn hveranna í Reykjahverfi í Þingeyjarsýslu er talið 70 l. pr. sek. og hitinn nær 100° C.

Þótt vatnsmagn í hverum og laugum á Reykjum sé lítið, eru þó líkur til, að þar sé mikill jarðhiti í jörðu, því á Reykjum eru margir loft- og gufuhverir. Við jarðboranir myndi því mega auka mikið það hitamagn, sem þarna yrði til umráða. Kæmi þá til greina notkun hitans einnig til aflframleiðslu, svo sem tíðkast í Ameríku og Ítalíu.

Ríkið á jarðbor, sem hefir verið keyptur dýrum dómum. Sá bor liggur nú norður á Akureyri og er ekkert aðhafzt með honum. Væri eigi réttmætt, að borinn yrði fluttur suður og rannsóknarboranir byrjaðar á Reykjum?

**Jarðskjálftahætta.** Þá talað er um framtíðaráætlanir og stórfelldar umbætur á Reykjatorfunni, verður að rannsaka gaumgæfilega allar ástæður og möguleika. Framhjá jarðskjálftahættunni verður eigi heldur gengið, því Ölfusið er eitt það svæði, þar sem mest tjón hefir hlotizt af jarðskjálftum, og skulu hér tilfærð nokkur dæmi eftir ritum Þorvaldar Thoroddsen:

**1546.** Landskjálftar, mestir í Ölfusi. Hrundu þar víða bæir og hús.

**1578.** Hrundu bæir í Ölfusi af jarðskjálfta.

**1597.** „.... Sama vor, eftir Heklugosið, varð landskjálfti og hrundu margir bæir í Ölfusi, í þeim landskjálfta hrapaði niður í grunn bærinn á Hjalla í Ölfusi. Þá hvarf og stóri hverinn Geysir í Hveragerði fyrir sunnan Reyki og kom upp aftur annar hver fyrir ofan túnið á Reykjum, sem er í dag og gýs mjög, þó eigi sem hinn sá stóri hafði áður gosið, því um veginn hafði ei óhætt verið að ferðast, sem lá mjög nærri honum, svo sem enn má sjá vöxt og merki til, því þar er enn hverastæðið eftir vítt með vellandi vatni, og er þar langur vegur á milli, sem sá Geysir er, sem nú hefir síðan verið og áin á milli.

**1633.** Landskjálftar syðra, hrundu bæir í Ölfusi.

**1706.** .... en mest kvað þó að jarðskjálftunum 20. apríl, þá hrundu 24 lögbýli um Ölfus og utarlega í Flóa og margar hjáleigur.

**1749.** Þá varð allmikill jarðskjálfti á Suðurlandi og mestur um Ölfus, hús-

um lá við hruni og á bænum Hjalla er mælt, að grundvöllur undir bæ og kirkju hafi sigið fullar 2 álnir.

**1752.** Landskjálftar voru þann vetur í Ölfusi og hrundu 11 bæir. Aðrir segja 12 bæir og ein kirkja.

**1784.** Miklir jarðskjálftar, þá hrundu 29 bæjarhús til grunna í Reykjasókn í Ölfusi.

**1789.** Miklir jarðskjálftar í Árnessýslu. Þá urðu breytingar á hverunum í Ölfusi, og hrundu 2 bæir.

**1896.** Um þessa jarðskjálfta er ýtarleg lýsing. Meðal annars segir svo:

„.... var Suðurlandsundirlendið þá á sífelldu ruggi og titringi og komu kippir á milli, sem flestir voru smáir, langharðasti kippurinn kom kl. 2 um nóttina, var hann allsnarpur víðast hvar í suðursveitum, en hvergi eins voðalegur eins og í Ölfusi, þar gerði hann meira tjón en nokkur hinna, sem undan voru gengnir. Í Ölfusi féllu í þessum kipp 24 bæir til grunna eða því næst, en 20 urðu fyrir skemmdum. ....“ Síra Ólafur Ólafsson í Arnarbæli segir svo frá: „Óttinn og hörmungin varð enn meiri fyrir það, að svartamyrkur var og blindþoka. Ölfusá ruddist fram með ógurlegum ofsa, varð flóðbylgjan í henni, eftir því sem næst verður komizt, um 16 feta há. Hugðum vér, sem við hana búum, að hún væri að koma yfir oss ginandi og mundi sópa öllu burtu, sem lífs hefði sloppið úr jarðskjálftanum. Dunurnar og brestirnir í jörðunni bergmáluðu úr einum fjallshnúk í annan, svo sumstaðar heyrðist ekki manns mál, og alla nóttina var sem jörðin léki á þræði. Fólkið stóð úti um jörðina í hópum, lostið ótta og skelfingu og fól sig guði, þráðu menn þá eigi annað meira en birta tæki af degi. Má það furða heita, að ístöðulítið kvenfólk missti ekki vitið“. .... Varmá óx ógurlega og var líka næsta dag mikið vatn úr henni uppi um alla bakka. Bakkar Varmár voru víða eins og þeir hefðu verið stungnir upp með reku og víða mynduðust í bökkunum fram með ánni smáholur, fet að þvermáli, er gubbuðu úr sér vatni, næsta sumar var allt komið í samt lag. Í mýrum varð einnig svo mikið umrót í dýjum, að mosatorfur köstuðust upp úr þeim. Bæirnir upp með fjöllunum austanvert í Ölfusi urðu yfirleitt ekki eins illa útleiknir eins og þeir, sem á sléttunni voru, Reykir skemmdust töluvert, Reykjakot miklu minna. .... Dimmt var um nóttina af þokusvækju og eftir skaðræðiskippinn heyrðist um alla byggðina í 1½ klukkustund ógurlegur niður og þytur eins og mesta fossfall, voru menn hræddir um, að eldur væri kominn upp, en fyrir austan Varmá héldu sumir, að sjórinn væri að brjótast inn á sléttlendið. Í fyrstu var þyturinn að heyra úr Bæjaþorpi eins og org í gufuskipspípu með ógurlegum hvinum. Ólæti þessi voru öll að kenna hinum mikla hver, sem myndaðist í kippnum ofan við Hveragerði. Næsta morgun, þegar birti, sáu menn, að reykjarmökkurinn stóð upp úr hvernum jafnhátt Reykjafjalli og innan í mökknum sýndust gufustrókar spýtast upp og niður. ....“ Í Arnarbælisprestakalli er talið, að gerfallið hafi í þessum jarðskjálftum 183 bæjarhús og 198 peningshús.

Hér eru aðeins nefnd nokkur dæmi, en ýtarlegar lýsingar af þessu má sjá í ritum Þorvaldar Thoroddsens o. fl.

Nú hefi ég í nokkrum atriðum lýst Reykjatorfunni, svo sem hún kemur mér fyrir sjónir, óræktuð og óbyggð að heita má. Hér felast miklir umbótamöguleikar, sem í öllum jörðum á landi voru. Jarðhitinn hér er þó mest verður. Að beizla hann og hagnýta eru framtíðardraumar, óráðnir, sem ríkið þarf að láta rannsaka og leiða inn á þær brautir, sem til hagsmuna horfa. Á Reykjum hafa verið gerðar byrjunartilraunir í þessa átt, sem þó enn að vonum eru fálm eitt, og skal nú að þessum umbótum vikið.

**Umbætur á Reykjum.** Síðan ríkið eignaðist Reykjatorfuna hefir verið reistur þar spítali, íbúðarhús, byggðir gróðrarskálar og framkvæmd nokkur ræktun. Reikningar um stofnkostnað þessara umbóta, svo og um rekstur þeirra, eru óglöggir, svo eigi verður séð með vissu, hve mikið fé ríkið hefir lagt hér af mörkum, enda mun það vera fært á fleiri liði í fjárlögum. Allar umbætur á Reykjum munu vart hafa kostað minna en kr. 150—200 þúsundir.

Þessar umbætur eru aðallega:

Hús hafa verið byggð, sem að rúmmáli eru 1642 $m^3$.

Gróðrarskálar hafa verið byggðir, sem að flatarmáli eru um 700 $m^2$.

Húsin og gróðrarskálarnir eru öll hituð upp með vatni frá Litla-Geysi. Vatnsmagn hans er 1,9 l. pr. sek. Frá þessum leiðslum eru og hitaðir upp sumarbústaðir, teningsmál þeirra er 464 $m^3$.

Mistök hafa, sem vonlegt er, orðið með þessar hitaleiðslur. Í fyrra þurfti að gera miklar breytingar á þeim, sem kostuðu mikið fé. Hitamagn Litla-Geysis er eigi enn að fullu notað, og má af þessu sjá, að á Reykjum er að ræða um mikið hitamagn, ef allt væri haganlega notað.

Á Reykjum er talið, að unnið hafi verið að jarðabótum þessi árin 1712 dagsverk.

Mælingar á hinu ræktaða landi eru eigi fyrir hendi. Láta mun nærri, að túnið sé 10—12 ha. og garðar um 2 ha. Síðastliðið sumar var heyaflinn um 600 hestar taða, jarðepli um 100 tn. og rófur um 60 tn. Auk þessa var ræktað mikið af ýmsum káltegundum og öðrum garðjurtum.

Af þessu er ljóst, að byrjunin er aðeins hafin til að hagnýta möguleika þá, sem felast í jörðinni.

Með þessum byrjunartilraunum er eigi hafin nein stefna eða stefnt að neinu markmiði. Allt ber vott um fálm, sem eðlilegt er á byrjunarstigi. Húsin óreglulega sett og öll framleiðsla án ákveðins markmiðs.

**Umbótamöguleikar.** Ríkið hefir keypt Reykjatorfuna dýru verði. Spurning er, verður þetta verðmæti rentað, svo að til gagns og heilla sé fyrir þjóðina, og hverra umbóta er þörf, svo að þetta komi að notum?

Sem sakir standa er hér hvorki um þjóðarheill eða rentur af útlögðu fé að ræða.

Það, sem hér virðist geta komið til greina, er einkum:

Ríkisbúskapur á Reykjatorfunni.

Nýbýlastofnun.

Garðyrkjubú eða garðyrkjuskóli.

Spítalar.

Sumarbústaðir.
Hótel.
Aflnotkun hveranna.
Verksmiðjurekstur.

Um hvert þessara atriða skal farið nokkrum orðum:

**Ríkisbúskapur.** Á honum er byrjað á Reykjum. Þar er kúabú (12—14 kýr) og garðyrkja allmikil. Hugmyndin mun hafa verið, að þetta væri einskonar spítalabú, líkt og á Vífilsstöðum og Kleppi, og átti þetta að vera útibú frá landsspítalanum, sem var látinn leggja fé í það. Frá garðræktarlegu sjónarmiði var þetta gott og blessað, en með mjólkina var nokkuð önnur afstaða. Á Vífilsstöðum og Kleppi hafa menn þurft að kaupa mjólkina á undanförnum árum fyrir 40—70 aura lítrann, en bændur í Ölfusinu munu vera boðnir og búnir að selja 1 lítra mjólkur á 20 aura þar á staðnum. Ríkisbú með mjólkurframleiðslu verður því að skoða sem keppinaut bændanna í Ölfusi, sem rýri þeirra möguleika til mjólkursölu. Hinsvegar eru möguleikar til að hafa á Reykjatorfunni stórt kúabú, ef allar jarðirnar yrðu lagðar undir. Sumar þeirra eru að vísu í ábúð sem stendur, en eignarnám á þeim réttindum mun mögulegt, ef almenningsheill krefur. Ef allt land Reykjatorfunnar væri ræktað, myndi mega hafa þar 200—300 mjólkurkýr. En stofnkostnaður ræktunar, bygginga og bústofns myndi nema, sem nú standa sakir, um ½ milljón króna. Vér sjáum því eigi ástæðu til, sem nú standa sakir, að ráða til, að lagt sé út á þessa braut.

**Nýbýlastofnun.** Að leigja land Reykjatorfunnar til nýbýlastofnunar gæti komið til mála. Þar mætti stofna nýbýlahverfi með 20—30 nýbýlum. Möguleikar til upphitunar á þessum býlum væru með hveravatni, og í Varmá myndi mega búa til aflstöð, er nægði þessum býlum til ljósa og suðu. Hér gæti því verið um sjálfstætt nýbýlahverfi að ræða. Ræktunarskilyrðin væru sæmileg, einkum hvað garðyrkju og gróðrarskálarækt snertir, svo og afstaða til markaðar. Á þennan hátt hyggjum vér, að ræktunarskilyrði á Reykjatorfunni yrðu bezt almenningi að notum.

**Garðyrkjubú eða garðyrkjuskóli.** Vér hyggjum réttmætt, að ríkið hafi á Reykjum garðyrkjubú eða garðyrkjuskóla, og í sambandi við þetta ýmiskonar tilraunir með gróðrarskálarækt og garðyrkju. Ástæður til þessa skal nú greina. Á Reykjum hafa verið reistir allmiklir gróðrarskálar, sem þegar hefir verið greint frá. Forstaða þessara gróðrarskála hefir verið falin mönnum, sem enga sérþekkingu hafa í þeim efnum. Mörg mistök hafa því orðið, sem eðlilegt er. Ýmiskonar jurtasjúkdómar hafa náð rótfestu í gróðrarskálunum og valdið miklu tjóni, og fleira mætti nefna, sem verður eigi gert að umtalsefni.

Hinsvegar myndar gróðrarskálarækt, og þá sérstaklega við hverahita, nýtt tímabil í garðyrkju vorri. Í gróðrarskálunum er mögulegt að rækta, eigi aðeins blóm, heldur og ýmiskonar matjurtir og jafnvel suðræn aldini, svo og að ala þar upp plöntur, sem síðar eru settar út í garða.

Á þennan hátt höfum vér möguleika til að fullnægja vorri eigin þörf með garðávexti, og ef til vill væru möguleikar til útflutnings með vissar tegundir. Nýjar uppgötvanir í þessum efnum eru og að koma til sögunnar, en það eru þær, að rafmagnsljós, með sérstökum útbúnaði, geti komið í stað sólarljóssins, og

mætti því í skammdeginu rækta hér í gróðrarskálum sem um sumar. En það má eigi gleymast, að þetta er eigi neinn barnaleikur. Aðeins með nákvæmum tilraunum og athugunum getum vér náð þessu takmarki, svo að gagni verði. Ríkið verður að vera hér brautryðjandi.

Vér höfum enn sem komið er engan garðyrkjuskóla, en brýn þörf á að auka hér garðyrkjuna og þekking á henni. Á Reykjum er búið að gera undirbúning, sem mætti koma að notum til að stofnaður yrði þar garðyrkjuskóli. Gróðrarskálar hafa þar verið byggðir og húsnæði, svo litlu þyrfti við að bæta, svo garðyrkjuskóla væri hægt að koma þar á fót. Vér hugsum oss, að á skóla þessum væri 6—7 mánaða námsskeið verklegt og bóklegt og kennsla í öllum fræðum, er til heyra gróðrarskálarækt, vermireitum og útigarðyrkju. Í sambandi við skólann væri lítið kúabú, 6—8 kýr, því búfjáráburð verður að hafa til umráða við garðyrkjuna. Allt land, sem skólinn þarf til umráða, væri hæfilegt 8—10 ha.

Í sambandi við skóla þennan ætti svo að gera ýmiskonar tilraunir með ræktun í gróðrarskálum og úti. Ef góðir og áhugasamir menn yrðu settir til að standa fyrir skóla þessum og tilraunum, hyggjum vér, að mikið gott mætti af því leiða.

Ef stjórnarvöldin sjá sér eigi þessa leið færa, hyggjum vér heppilegast, að gróðrarskálarnir og garðyrkjulandið yrði leigt.

**Spítalar.** Með spítalarekstur er byrjað á Reykjum. Læknanna er að dæma um það, hverjir möguleikar séu hér fyrir höndum. Veðráttufar og jarðskjálftahætta virðist vera hér nokkur hindrun. Þá ákveðið er, hvert stefna eigi í þessum málum, þarf að ákveða svæði, þar sem spítalarnir eigi að standa, og hve mikið hitamagn þeir þurfi til umráða.

**Sumarbústaðir.** Ef til stofnunar nýbýla kæmi, myndu þau aðallega liggja fyrir neðan Reyki. Landið fyrir ofan Reyki og í dölunum væri hinsvegar vel fallið til sumarbústaða. Um hásumarið er veðrátta oft sæmileg og hið hreina fjallaloft og göngutúrar upp um fjöllin myndu hafa hressandi áhrif. Land til sumarbústaða mætti leigja með því skilyrði, að það yrði látið af hendi, ef ríkið þyrfti á því að halda til einhverskonar rekstrar. Leiga á landi til sumarbústaða gæti gefið töluverðar tekjur.

**Hótel eða gistihús.** Til mála gæti komið, að byggð yrðu hótel eða gistihús á Reykjum. Hið breytilega landslag og hveramyndanir myndi draga marga þangað, einkum útlendinga. Aðallega yrði þá hér um sumarhótel að ræða, en á vetrum væri gott að hafa hér gistihús svo nærri heiðinni.

**Aflnotkun hveranna.** Áður er á það minnzt, að líkur séu til, að mikill jarðhiti leynist í landi Reykjatorfunnar og að með borunum sé hægt að leiða þetta í ljós. Ef hér væri um mikinn hita og gufuþrýsting að ræða, gæti hér komið til mála aflframleiðsla. Sagt er, að virkjun jarðhitans á þennan hátt sé hlutfallslega ódýr. Í bréfi stjórnarráðsins á Nýja-Sjálandi, dags. 23. júní síðastl., gefa þeir meðal annars þessar upplýsingar:

„Við höfum haft talsverð bréfaskipti við Ginori Conti fursta, sem virkjað hefir hina frægu gufuhveri í Toskana á Ítalíu. Síðan í byrjun nítjándu aldar hafa þessir gufuhverir verið mikið notaðir til framleiðslu bórsýru, sem er í gufunni eins og hún kemur upp úr jörðinni. Gufubrunna til aflframleiðslu var

byrjað að bora árið 1905, með svo góðum árangri, að hina núverandi stöð í Larderello, sem verið hefir í notkun síðan 1916 og framleiðir rafmagn handa verksmiðjum í grenndinni og sömuleiðis til notkunar í borgunum Siena, Piombino og Livorno, er nú verið að stækka, svo að unnt verði að knýja járnbrautarlestirnar með rafmagni. Eins og stendur framleiðir hún meira en 11400 kílóvött.

Í rauninni standa sakirnar nú þannig, að af gufunni er ofurgnægð, en nauðsynlegar vélar skortir til þess að beizla hana. En áformað er að nota gufuaflið úr þremur hinna nýju hvera, sem boraðir hafa verið, til þess að framleiða nálægt 20000 kílóvött til rafmagnsrekstrar á járnbrautunum milli Firenze og Rómaborgar.

Í Kaliforníu í Bandaríkjunum hefir jarðhitasvæðið í St. Helena-héraðinu verið notað síðan 1921. Hitinn á þessu svæði er litilfjörlegur á yfirborðinu, því flestar sjálfgerðu holurnar geta ekki kallazt annað en gas-vætlur, þó að jarðhitinn kunni að vera 208 til 210 stig (Fahrenheit). Boranir, sem gerðar hafa verið síðan 1921, benda til þess, að fá megi gufuþrýsting, sem sé jafnvel meiri en á jarðhitasvæðinu í Toskana. Þessar borholur eru nú sem stendur notaðar til að framleiða yfir 10000 kílóvött handa héruðunum í grenndinni."

Þetta mál er mjög athyglisvert og nákvæmrar rannsóknar.

**Verksmiðjurekstur.** Ef um aflframleiðslu væri að ræða, gæti í sambandi við það komið til greina ýmiskonar iðnaður. Út í þá sálma skal þó eigi farið að svo komnu máli.

**Landaukning.** Það hefir þegar verið sýnt fram á, að á Reykjatorfunni er ærið verkefni óunnið, sem kostar mikið fé, ef til framkvæmda kemur. En hinsvegar getur komið til mála, að ríkið kaupi ný svæði, til að tryggja sér að hafa meiri umráð á jarðhita, í þeirri von, að það með tíð og tíma verði til hagsældar fyrir land og lýð.

Hér skal bent á nokkur hitasvæði:

**Ekrubarð** heitir landspilda, sem liggur austan Varmár, neðan Reykjafoss. Þar er Fosshver og önnur laug allmikil. Þessi landspilda liggur í Reykjalandi, en var að síðustu undanskilin, þá kaupin á Reykjatorfunni voru fullgerð.

**Fagrihvammur** heitir nýbýli það, er ég undirritaður hefi látið reisa vestan Varmár gegn Reykjum. Býlið á lítið land vestan árinnar. Það er grýtt (hraun) og erfitt til ræktunar. Þar er jarðhiti og hver. Til þess að lífvænlegt gæti orðið á býlinu, þurfti það að fá meira land til umráða. Fyrrverandi ráðherra (J. J.) hafði lofað mér spildu úr Reykjalandi, en það drógst á langinn. Eftirmaður hans (M. G.) leigði mér á erfðafestu 4,65 ha. Í landinu eru engir hverir né laugar. Þetta er um 1/100 hluti hins ræktanlega lands Reykjatorfunnar. Kjörin eru venjuleg erfðafestukjör samkvæmt jarðræktarlögunum.

Spilda þessi heyrir nú nýbýlinu Fagrahvammi til, og ef hún væri tekin frá því, yrði þar vart lífvænlegt. Ef um eignarnám eða sölu væri að ræða, væri réttmætt að taka allt nýbýlið Fagrahvamm.

Umbætur á býlinu eru nú þegar nokkrar. Ræktað land um 5 ha. Meðal annars standa þar um 20000 trjáplöntur og mikið af ýmiskonar blómum. Íbúðarhús, penings- og geymsluhús hafa verið reist og gróðrarskálar, sem að flatar-

máli eru um 400 m². Allt þetta hefir kostað allmikið fé, sem ríkið yrði þá að endurgreiða, ef til eignarnáms kæmi.

Ástæðan til, að ég hefi látið reisa þetta býli, er sú, að á sextugsafmæli mínu sýndu bændur og aðrir mér mikinn sóma, gáfu mér meðal annars töluvert fé. Þessu fé hefir verið varið til umbóta á býlinu, í þeirri von, að þar gæti eitthvað gróið, sem til framtíðar horfði. Trjágróðurinn þar sýnir, að þetta lánast.

**Á ríkið að kaupa ný hitasvæði?**

Í sambandi við kaupin á Reykjatorfunni vaknar sú spurning, hvort réttmætt sé, að ríkið kaupi ný hitasvæði, því vitanlegt er, að víðsvegar um land liggja mikil hitasvæði, og sem myndi nú vera hægt að kaupa ódýrara verði en raun hefir á orðið á Reykjum. Í jörðum í kringum Reykjatorfuna er víða jarðhiti, svo sem á Vorsabæ og víðar. Þá á Mjólkurbú Ölfusinga mikið og gott hitasvæði. Þá er Grýla og hinir mörgu og miklu hverir í kringum Hengilinn, og svo mætti halda áfram að telja, því alls eru talin á landinu 65 hitasvæði og þar að auki fjöldi einstakra lauga.

Hvað, að síðustu, lagafrumvarpi um yfirstjórn nokkurra ríkiseigna í Ölfusi viðvíkur, þá virðist mér það vera hvorki heilt né hálft. Einhverri sjúkrahúsnefnd á að fela yfirstjórn jarðeignanna í Ölfusi -- oss skilst, að það sé sú nefnd, sem á að hafa yfirumsjón allra sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana á landinu, og ráðherra skipar —. Brátt gæti því orðið um nefndarmenn, ef stjórnarskipti eru tíð. Og svo á leyfi Alþingis að koma til, ef einhver gerist svo djarfur að biðja um einhver jarðarafnot á þessum dýrmætu eignum, sem nú eru að mestu ónotaðar.

Þá á að taka þessa spildu (1/100 hluta af ræktanlegu landi Reykjatorfunnar) eignarnámi. Sú viðsýni, samgirni og velvilji, sem kemur fram í þessari hugsjón, er dæmafá.

Nei, ef semja á lög um Reykjatorfuna, þurfa þau að vera víðtækari. Rannsóknir á möguleikunum þurfa fyrst og fremst að fara fram. Um ræktunarmálin þurfa að fjalla búfræðingar og garðyrkjumenn, sem vit hafa á þeim málum. Um hitarannsóknir og boranir, svo og aflframleiðslu, þurfa að fjalla verkfræðingar, sem eru fróðir í þeim efnum. Um spítalamálin er læknanna að segja.

Að skipa einhverja pólitíska nefnd, af fáfróðum mönnum í þeim efnum, sem um er að ræða, hyggjum vér eigi ráðlegt.

Reykjavík, 3. nóv. 1934.

S. Sigurðsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Sþ. **595. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1933.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1933, eru veittar samkv. 2.—10. gr. hér á eftir kr. 136933.14.

| 2. gr. | Kr. | Kr. |
|---|---|---|
| Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt: | | |
| Bókhaldsvél handa ríkisbókhaldinu ..... | | 3597.68 |
| 3. gr. | | |
| Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt: | | |
| Styrkir til læknisvitjana (endurv.) ..... | | 2150.00 |
| 4. gr. | | |
| Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt: | | |
| 1. Styrkur til bryggjugerðar á Hofsósi (endurv.) .. | 401.06 | |
| 2. Vitavarðarbústaður á Garðsskaga ..... | 914.08 | |
| | | 1315.14 |
| 5. gr. | | |
| Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt: | | |
| Finnbogi R. Valdimarsson: Styrkur til þjóðréttarnáms ..... | | 1000.00 |
| 6. gr. | | |
| Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt: | | |
| 1. Til fræðafélagsins: Styrkur (endurv.) ..... | 2000.00 | |
| 2. Aðgerð á Hólakirkju ..... | 1200.00 | |
| | | 3200.00 |
| 7. gr. | | |
| Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt: | | |
| 1. Hans Magnússon, vegna friðunar Þingvalla ..... | 2000.00 | |
| 2. Til Ungmennafél. Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu (endurv.) ..... | 2000.00 | |
| 3. Fyrirhleðsla á Héraðsvötnum ..... | 3500.00 | |
| 4. Fyrir einkaréttarnotkun á finnskri votheysgerð .. | 1157.00 | |
| | | 8657.00 |
| | Flyt | 19919.82 |

| | Kr. | Kr. |
|---|---|---|
| Flutt | | 19919.82 |
| 8. gr. | | |
| Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt: | | |
| Til Rauðakrossdeildar á Akureyri (endurv.) ..... | | 500.00 |
| 9. gr. | | |
| Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt: | | |
| 1. Eftirlaun Kristínar Jakobsdóttur, ekkju Einars prófasts Jónssonar ..... | 466.67 | |
| 2. Styrkur til Halldórs Þórðarsonar ..... | 187.50 | |
| | | 654.17 |
| 10. gr. | | |
| Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt: | | |
| 1. Greitt Landmandsbanken vegna síldareinkasölunnar ..... | 112050.00 | |
| 2. Leiga fyrir flugvöll handa Hollendingum ..... | 3809.15 | |
| | | 115859.15 |
| Samtals | | 136933.14 |

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um 2. gr.

Vegna breytinga á bókhaldi ríkissjóðs þótti nauðsynlegt að kaupa vél þessa, enda léttir vélin reikningsfærsluna og gerir hana auðveldari til yfirlits.

Um 4. gr.

Þessar fjárhæðir eru greiðslur vegna framkvæmda, sem þurfti að ljúka, en ekkert fé hafði verið veitt til á árinu.

Um 6. gr.

Nokkur undanfarin ár hefir verið veitt fé til aðgerðar Hólakirkju, en var nú fellt burt af fjárlögum. Aðgerðinni var ekki lokið, og varð ekki hjá því komizt að halda henni áfram.

Um 7. gr.

1. Vegna legu Þingvallahjáleigunnar Arnarfells þótti ekki annað tiltækilegt við brottför Hans Magnússonar þaðan árið 1933 en að taka jörðina úr venjulegri ábúð vegna friðunar Þingvalla. Varð þá að kaupa af manni þessum hús og önnur mannvirki, er hann átti á jörðinni. Verðið var kr. 5100.00, þar af greiddi kirkjujarðasjóður kr. 3100.00 og ríkissjóður kr. 2000.00.
3. Fyrirhleðsla þessi er gerð til þess að varna því, að Héraðsvötn breyti farvegi sínum, en þá liggur mikið land undir skemmdum. Gert er ráð fyrir, að allur kostnaður verði um kr. 16000.00, þar af hefir verið greitt úr ríkissjóði á árinu 1934 kr. 9000.00.

4. Árni Eylands fór á vegum áburðareinkasölunnar, Sambands ísl. samvinnufélaga og Búnaðarfélags Íslands til að kynna sér finnska votheysgerð, hina svo kölluðu A. I. V. votheysgerðaraðferð, og keypti réttinn til að nota hana hér á landi fyrir sænskar kr. 6000.00. Greiddi hver aðili 2000.00 sænskar krónur í tvennu lagi; er þetta síðari greiðsla.

Um 10. gr.

1. Ríkissjóður er í ábyrgð fyrir skuld síldareinkasölunnar við Landmandsbanken. Fjárhæð þessi er fyrsta afborgun af skuldinni.
2. Ríkisstjórnin leigði flugvöll fyrir hollenzku veðurfræðingana, sem hér voru við rannsóknir árin 1932 og 1933. Fjárhæð þessi var ákveðin af matsmönnum til greiðslu kostnaðar af því að gera við skemmdir, sem orðið höfðu á landinu, og skaðabóta vegna taps á heyfeng.

## Ed. 596. Frumvarp

til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1935.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1924, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1935.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1935.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1935.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1935.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., er frestað til ársloka 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 597. Frumvarp

til laga um vátryggingar opinna vélbáta o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Fiskifélagi Íslands skal falið að gangast fyrir stofnun bátaábyrgðarfélaga fyrir opna vélbáta (trillur) og yfirþiljaða vélbáta allt að 6 smálesta að stærð í

svo mörgum verstöðvum, er þurfa þykir, til þess að eigendur þeirra báta, er um ræðir, eigi kost á að vátryggja báta sína í ábyrgðarfélagi í verstöð sinni eða nágrenni.

Fiskifélagið semur frumvarp að félagslögum, ásamt reglugerð fyrir hvert félag.

2. gr.

Nú hefir félag verið stofnað samkvæmt lögum þessum, og skal samábyrgð Íslands á fiskiskipum þá skylt, er þess er leitað, að endurtryggja fyrir hvert félag helming samanlagðrar áhættuupphæðar með sömu kjörum og félagið, að því tilskildu, að lögfest sé í félagslögunum:

a ð félagsmenn ábyrgist sameiginlega ábyrgðarskuldbindingar félagsins.

a ð vátryggingin nái aðeins til ⅘ hluta virðingarverðs í hverjum fyrsta flokks bát, en ⅕ hluti sé hvergi tryggður, og til ¾ hluta í hverjum annars flokks bát, en ¼ hluti sé hvergi tryggður.

a ð félagið bæti aðeins algerðan bátstapa. Þó skal skylt að bæta tjón á bát, er orsakast við það, ef bát er siglt í strand til að bjarga lífi skipshafnar.

a ð lög félagsins og reglugerð hafi verið samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.

a ð Samábyrgðin samþykki val virðingarmanna félagsins.

3. gr.

Sérhverjum eiganda opins vélbáts eða yfirþiljaðs vélbáts allt að 6 smálesta að stærð, sem gengur til fiskiveiða á vertíðum, er skylt að hafa bát sinn vátryggðan fyrir sjótjóni samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Ákveða skal í reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir, vátryggingarskilyrði öll og iðgjaldagreiðslur. Ennfremur má ákveða í reglugerð, að iðgjöld fyrir vátryggingar báta samkvæmt lögum þessum hafi lögtaksrétt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 598. Frumvarp

til laga um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist allt að tvö hundruð þúsund króna lán fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi, til þess að láta smíða skip til flutninga um Faxaflóa, enda sé lánið einnig tryggt með 1. veðrétti í skipinu.

Einnig skal skipið annast flutninga um Breiðafjörð, á sama hátt og eigi sjaldnar en e/s Suðurland hefir gert undanfarin ár, unz séð er fyrir þessum flutningum með öðru jafnfullkomnu móti, að dómi atvinnumálaráðherra.

2. gr.

Ríkisstjórnin leggur fram ⅓ hlutafjár í h/f Skallagrími, allt að 50 þúsund krónur, og er heimilt að skipta framlaginu í jafnar greiðslur, allt að 10 þús. kr. á ári, á næstu 5 árum.

3. gr.

Ríkisstjórnin á rétt á að skipa einn mann í stjórn félagsins og annan endurskoðanda þess.

Á meðan ríkið stendur í ábyrgð fyrir félagið, má eigi greiða hluthöfum hærri arð en 5% og aldrei yfir ⅓ af hreinum ársarði félagsins.

## Nd. 599. Frumvarp

til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Allar þær bækur, sem á hverjum tíma eru löggiltar til kennslu í barnaskólum, skulu gefnar út og seldar af ríkinu.

2. gr.

Yfirstjórn ríkisútgáfu skólabóka skipa þrír menn: fræðslumálastjóri, sem er formaður stjórnarinnar, og 2 menn tilnefndir til 3 ára í senn, annar af stjórn Sambands ísl. barnakennara, en hinn skipar kennslumálaráðherra, og skal hann skipaður með sérstöku tilliti til þess, að geta verið ráðunautur útgáfustjórnar um kennslubækur til notkunar í æðri skólum (sbr. 7. gr.). Heimilt er kennslumálaráðherra að ákveða útgáfustjórninni þóknun fyrir starf hennar, og greiðist sú þóknun úr ríkissjóði.

3. gr.

Útgáfustjórn sér um, að jafnan sé til nægilegt af þeim bókum, sem gefa skal út, og nægur forði á þeim stöðum, þar sem nota skal bækurnar. Hún semur um útgáfurétt og ritlaun, prentun, bókband og útsendingu, ákveður útsöluverð bókanna, sér um innheimtu andvirðis og annað það, sem að útgáfunni lýtur. Heimilt er útgáfustjórn að fela ríkisprentsmiðjunni eða öðrum, sem til þess er ráðinn, útsendingu, innheimtu og annað, sem að heildsölu lýtur, enda skulu greiðslur fyrir þau störf taldar til útgáfukostnaðar.

4. gr.

Útsöluverð bókanna skal ákveðið sem næst kostnaðarverði. Skal leitast við að gera útgáfu bókanna ódýra, en þó vandaða.

5. gr.

Sala bókanna skal falin bóksölum, eða, ef nauðsyn krefur, skólastjórum eða öðrum, sem þeir mæla með. Þóknun fyrir bóksölu má nema allt að 20% af út-

söluverði. Útgáfustjórnin setur reglur um reikningsskil af hálfu þeirra, er bækurnar hafa til sölu, og tryggingar fyrir greiðslu andvirðis bókanna.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram til útgáfunnar kr. 8000.00 — átta þúsund krónur — á ári í 6 ár frá því að útgáfan tekur til starfa. Af stofnfé þessu skulu engir vextir greiddir. Ef útgáfan þarf á meira starfsfé að halda, lánar ríkissjóður það gegn 6% ársvöxtum.

7. gr.

Auk kennslubóka þeirra, sem löggiltar eru til notkunar í barnaskólum á hverjum tíma, er stjórn útgáfunnar heimilt að ákveða að gefa út og selja á sama hátt skólabækur til notkunar í hærri skólum. Ennfremur skal henni heimilt að gefa út og hafa til sölu landabréf, veggmyndir og skólanauðsynjar. Þó skulu kennslubækur fyrir barnaskóla að jafnaði ganga fyrir, sbr. 1. gr.

8. gr.

Stjórn útgáfunnar rannsakar, hve miklar birgðir séu til af þeim bókum, sem löggiltar hafa verið til notkunar í barnaskólum, og gefa skal út samkvæmt lögum þessum. Jafnframt rannsakar hún, hve mikil sé árleg meðalsala hverrar bókar, og ákveður, hve langan tíma eigendur slíkra upplaga megi selja bækurnar. Loks sér útgáfustjórn um, að nýjar útgáfur verði til jafnskjótt sem eldri útgáfur þrjóta, eða að komnar séu á markað nýjar bækur, sem löggiltar kunna að hafa verið í stað hinna eldri.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

## Ed. 600. Lög

um hafnargerð á Hornafirði.

(Afgreidd frá Ed. 27. nóv.).

Samhljóða þskj. 377.

## Nd. 601. Nefndarálit

um frv. til laga um bæjargjöld á Akureyri.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er farið fram á það, að Akureyrarkaupstaður fái heimild til þess að leggja á sérstakt vörugjald, er nemi allt að tvöföldu vörugjaldi til Akureyrarhafnar, til þess að standa straum af útgjöldum kaupstaðarins. Svipuð fyrirmæli fyrir Vestmannaeyjakaupstað er að finna í lögum nr. 40 frá 19. júní 1933,

og fyrir Siglufjörð í 10. gr. frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað, sem nú liggur fyrir í háttv. efri deild.

Öll þau fyrirmæli, sem hér að framan eru nefnd, miða í þá átt að afla kaupstöðunum tekna með hækkuðum tollum af aðfluttum og útfluttum vörum, og lendir sá tollur að sjálfsögðu bæði á nauðsynlegum neyzluvörum almennings (matvörum o. fl.), framleiðsluvörum landsmanna (fiski, síld o. fl.) og aðfluttum vörum til útgerðar og iðnaðar (kolum, salti, olíu, síldartunnum, trjávið o. fl.). Gjald þetta gerir því hvorttveggja: að hækka nauðsynjavörur almennings í verði og að leggja nýja tolla á framleiðsluvöru landsmanna, jafnvel sumar þær vörur, sem háttv. Alþingi ætlar nú að létta af tollum (útflutningsgjald af síld, toll af síldartunnum). Álit minni hl. er því það, að frv. gangi í ranga átt og að í því felist óréttlát fjáröflunaraðferð og tollastefna. Samkv. þessu leggur minni hl. til, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 27. nóv. 1934.

Stefán Jóh. Stefánsson.

## Sþ. 602. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

I. Frá *Jóni A. Jónssyni.*

1. Við 2. gr. 11. (Áfengistollur).
   Fyrir „500000“ kemur ..... 750000
2. Við 3. gr. A. (Áfengisverzlun. Rekstrarhagnaður).
   Fyrir „600000“ kemur ..... 1000000
3. Við brtt. 508, 22 (við 12. gr. 17. c.) (Læknisbústaðir og sjúkraskýli).
   a. Fyrir „20000“ kemur ..... 23000
   b. Við aths. bætist:
      og til læknisbústaðar í Ögurhéraði 3000 kr.

II. Frá *Guðbrandi Ísberg.*

Við 12. gr. 17. j. Nýr liður:
Til sjúkrahússins „Guðmanns minnis“ (sjúkrakostnaður Norðmannsins Morton Myklebust) ..... 1378,80

III. Frá *Þorsteini Briem.*

Við 13. gr. A. II. a. 3. Nýr liður:
Vesturlandsvegur ..... 10000

IV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við 13. gr. A. II. a. 5. Nýr liður:
Breiðadalsheiðarvegur ..... 30000

V. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 5. Nýir liðir:
a. Langadalsvegur í Ísafjarðarsýslu ..... 6000
*Til vara* ..... 3000
b. Bolungavíkurvegur ..... 6000
*Til vara* ..... 3000

VI. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 7. Nýr liður:
Vesturhópsvegur ..... 3000

VII. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*
Við brtt. 508, 31 (nýr liður við 13. gr. A. II. a. 12) (Siglufjarðarskarð).
Fyrir „15000“ kemur ..... 55000
*Til vara* ..... 35000

VIII. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Pétri Magnússyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 29 (Eyjafjallavegur).
a. Fyrir „7000“ kemur ..... 15000
b. Nýr liður:
Hvolhreppsvegur ..... 10000

IX. Frá *Þorsteini Briem, Magnúsi Torfasyni* og *Hannesi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. VI. 2. Liðinn skal orða svo:
Tillag til akfærra sýsluvega, 15% af bifreiðaskatti .... 57000

X. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 13. gr. C. VII. Nýr rómv. liður:
Til hafnarbóta á Suðureyri við Súgandafjörð, gegn jafnháu framlagi frá hreppsfélaginu ..... 20000
*Til vara* ..... 10000

XI. Frá *Ólafi Thors.*
Við brtt. 508, 42 (við 13. gr. C. VIII) (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
a. Framlagið hækki um 6000 kr.
b. Við liðinn kemur aths.:
Þar af 6000 kr. til bryggjugerðar í Kirkjuvogi í Höfnum.

XII. Frá *Magnúsi Torfasyni.*
Við brtt. 508, 42 (við 13. gr. C. VIII.) (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
a. Framlagið hækki um 20000 kr.
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 20000 kr. til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka.

XIII. *Frá Jóni A. Jónssyni.*
Við brtt. 508, 42 (við 13. gr. C. VIII.) (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
a. Framlagið hækki um 26000 kr.

b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af lokastyrkur til bryggjugerðar í Hnífsdal 20000 kr. og til bryggjugerðar í Súðavík 6000 kr.

XIV. Frá *Guðbrandi Ísberg.*
Við 14. gr. B. X. b. (Iðnfræðsla á Akureyri).
Fyrir „1500“ kemur ..... 2500

XV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 3. (Ósk).
Fyrir „4500“ kemur ..... 9000
*Til vara* ..... 6000

XVI. Frá *Guðbrandi Ísberg.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4. Nýr liður:
Til byggingar upphitaðrar sundlaugar á Akureyri, helmingur kostnaðar ..... 38204,80
*Til vara:*
Til byggingar upphitaðrar sundlaugar á Akureyri, fyrsta greiðsla ..... 10000

XVII. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 14. gr. B. XXII. Nýr rómv. liður:
Til Skáksambands Íslands ..... 2200

XVIII. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 15. gr. 22. Nýr liður:
Til Kristjáns Magnússonar málara, til þess að koma upp vinnustofu ..... 5000

XIX. Frá *Guðbrandi Ísberg.*
Við 15. gr. 25. Nýr liður:
Til Hallgríms Péturssonar, til útgáfu „Annáls 19. aldar“, í eitt skipti fyrir öll ..... 2000

XX. Frá *Magnúsi Torfasyni.*
1. Við 15. gr. 32. (Oddur Oddsson).
Fyrir „400“ kemur ..... 800
2. Við 16. gr. 3. (Sandgræðsla).
a. Framlagið hækki um 10000 kr.
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 10000 kr. til sandgræðslu vestan Ölfusár.

XXI. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 16. gr. 3. (Sandgræðsla).
a. Framlagið hækki um 12000 kr.
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 12000 kr. til sandgræðslu og landvarna í Meðallandi.

XXII. Frá *Guðbrandi Ísberg.*
Við 16. gr. 53. Nýr liður:
Til undirbúningsrannsókna vegna fyrirhugaðrar rafveitu fyrir Akureyri og nærliggjandi sveitir, ⅓ kostnaðar, allt að 10000

XXIII. Frá *Hannesi Jónssyni.*

Við 18. gr. II. i. 30. Nýr liður:

Til Friðriks Halldórssonar, fyrrum vegavinnustjóra, í eitt skipti fyrir öll ..... 500

XXIV. Frá *Þorsteini Briem, Hannesi Jónssyni* og *Magnúsi Torfasyni.*

Við 22. gr. Nýr liður á undan I.

Að greiða úr ríkissjóði framlag til verðjöfnunarsjóðs til aukaverðuppbótar á útflutt kjöt af framleiðslu ársins 1934, allt að þeirri upphæð, er aðrar tekjur sjóðsins nema það söluár, ef verð á því kjöti verður tilfinnanlega lágt, svo að verðjöfnunarsjóður hrekkur hvergi nærri til að bæta upp verð útflutta kjötsins til samræmis við kjötverð á innlendum markaði.

XXV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við 22. gr. I. Nýr liður:

Að greiða sömu dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins sem greidd var á árinu 1934.

XXVI. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*

Við brtt. 508, 110 (við 22. gr. II.). Við tillöguna bætist:

og Helga H. Eirikssyni fyrrv. kennara við Kennaraskólann.

XXVII. Frá *Gísla Sveinssyni.*

Við 22. gr. II. Nýr liður:

Að kaupa við verði, er dómkvaddir menn meta, 3 jarðir (Keldudal, Álftagróf og Holt) í Mýrdal, er sæta ágangi Hafursár vegna fyrirhleðslu, sem vegamálastjórnin hefir látið gera þar.

XXVIII. Frá *Guðbrandi Ísberg.*

Við 22. gr. V. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 500000 króna lán, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til þess að reisa sjúkrahús á Akureyri.

## Ed. 603. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

b-liður 2. gr. laganna orðist svo:

Fyrir brjóstsykur, konfekt og súkkulaði hálft aðflutningsgjald.

Á eftir orðinu „kaffibæti“ í c-lið sömu greinar komi: ⅓ aðflutningsgjalds.
d-liður sömu greinar orðist svo:
Fyrir ávaxtasafa, öl, annað en maltöl, límonaði og aðra samskonar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, svo og sódavatn, ⅓ aðflutningsgjalds. Af maltöli greiðist þó aðeins ⅙ aðflutningsgjalds.

2. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:
Efnivörur til framleiðslu á innlendum tollvörutegundum skulu undanþegnar verðtolli.

3. gr.

6. gr. laganna hljóði svo:
Fjármálaráðherra setur reglugerð um vörugerðina, um húsrúm og útbúnað, þar sem vörugerðin fer fram, um geymslu á tilbúnum en óafhentum vörum, um afhendingu og sölu varanna og um bókhald vörugerðar, svo og um eftirlit til tryggingar gjaldheimtunni. Í reglugerðinni má ákveða sektir um brot gegn henni, þar á meðal dagsektir, svo og missi leyfisbréfs til tollvörugerðar.
Heimta má gjaldheimtumaður drengskaparvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

4. gr.

Lög nr. 42 8. sept. 1931 eru úr gildi felld.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

## Ed. 604. Frumvarp

til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til hafnarumbóta á Siglufjarðarhöfn veitist úr ríkissjóði 50 þús. krónur árlega næstu 4 ár, gegn tvöföldu tillagi úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Fé þetta greiðist bæjarstjórn Siglufjarðar hlutfallslega við framlag hafnarsjóðs til fyrirtækisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra heimilast að ábyrgjast fyrir ríkissjóð allt að 400000 kr. lán, er Siglufjarðarkaupstaður kann að fá til hafnarumbóta á Siglufjarðarhöfn.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og að leyfa, að tekið

verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Nú vill annarhvor aðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Prestlaunasjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem ræ[illegible]ir um í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema bæjarstjórnin veiti eða hafi veitt samþykki sitt til. Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins. Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda. Nú hefir bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Hafnarnefndin hefir á hendi framkvæmdir hafnarmála og eftirlit með höfninni. Hafnarnefndina skipa 3 menn, kosnir innan bæjarstjórnar á sama hátt og aðrar nefndir bæjarstjórnar, og 2 menn utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna eða útgerðarmanna. Enginn getur skorazt undan endurkosningu í hafnarnefnd fyrr en hann hefir setið 6 ár samfleytt í nefndinni. Nefndin sér um viðhald og umbætur á bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil.

7. gr.

Eigum og tekjum hafnarsjóðs má án samþykkis stjórnarráðsins aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

8. gr.

Bæjarstjórn skipar starfsmenn hafnarinnar, eftir tillögu hafnarnefndar, um skemmri eða lengri tíma.

9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja eignir hafnarsjóðs, kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Siglufjarðar, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerð, og farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald.

   Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur við höfnina.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Siglufjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir. Herskip og skemmtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi. Þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið með almennum lögum, skal bæjarstjórn Siglufjarðar heimilt að ákveða hækkun á núverandi vörugjaldi um allt að 100% og jafnframt að sú hækkun gangi til nauðsynlegra útgjalda bæjarsjóðs. Þó er bæjarstjórn heimilt að undanskilja sérstakar vörur frá hækkuninni. Öll gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki. Hafnargjöld, vitagjöld, bryggjugjöld og festargjöld hvíla sem lögveð á skipi á undan öllum veðsetningum. Hinar aðfluttu vörur eru að veði fyrir vörugjaldinu næst eftir vörutolli.

11. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu tillögur um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en fjárhagsáætlun hafnarsjóðs er samin.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur

hafnarnefndarinnar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok marzmánaðar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs á hinu liðna ári og efnahagsreikning hans. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana. Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni, skal síðan senda stjórnarráðinu.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, 10—500 kr. Sektir samkvæmt lögum þessum og hafnarreglugerðum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 2. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt 14. gr. þeirra.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaupstún, nr. 64 1915.

## Ed. 605. Breytingartillögur

við frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Frá Þorsteini Briem.

1. Við 3. gr. Síðasti málsliður falli burt.
2. Við 10. gr. Aftan við 4. málsl. 2. málsgr. komi: enda séu almennar neyzluvörur ávallt undanskildar hækkuninni.

## Ed. 606. Lög

um útvarpsrekstur ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 28. nóv.).

Samhljóða þskj. 329.

**Sþ.** **607. Tillaga**

til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka ábyrgð á láni fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni vegna ríkissjóðs að ábyrgjast £ 5000 — fimm þúsund sterlingspunda — lán, sem bæjarsjóður Vestmannaeyja hefir fengið loforð fyrir hjá The Pearl Assurance Company Ltd., London, enda sé þá heimild fjárlaga fyrir 1934, 22. gr. XXIV., ekki notuð.

Ástæður.

Í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast 100 þús. kr. lán fyrir kaupstað þann, er hér um ræðir, í þeim tilgangi að fá breytt dýrum lánum kaupstaðarins í ódýrara og hagkvæmara lán.

Loforð hefir nú fengizt fyrir £ 5000 láni hjá ensku vátryggingarfélagi, atvinnumálaráðuneytið hefir samþykkt lántökuna og fjármálaráðherra lofað ábyrgðinni. Lánveitandi krefst hinsvegar þess, að ábyrgðarheimildin sé tiltekin í sterlingspundum, og er tillaga þessi borin fram þess vegna og í samráði við fjármálaráðherra.

Það leiðir af sjálfu sér, að verði tillaga þessi samþykkt, þá kemur hún í stað þeirrar heimildar, sem nú er í fjárlögum.

**Nd.** **608. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þskj. 583 [Vestmannaeyjavitinn á Stórhöfða].

Frá Jóhanni Þ. Jósefssyni.

Við breytingartillöguna bætist: og sé til þess varið fé af því, sem veitt verður til vitamálanna í fjárlögum fyrir næsta ár.

**Ed.** **609. Nefndarálit**

um frv. til laga um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarp þetta verði samþykkt. Taka þá hinir kosnu eftirlitsmenn við skýrslum þeim, sem nú er verið að safna samkvæmt þingsályktun frá 1932, og hafa þær til hliðsjónar við samningu skrár þeirrar, sem gert er ráð fyrir í 1. gr.

Með því að óvíst er, hve mikið starf verður hér um að ræða, og sérstaklega má búast við nokkru meira starfi í upphafi, þykir réttara að ákveða ekki þóknun eftirlitsmanna í lögunum, heldur leggja það á vald fjármálaráðherra. Meiri hlutinn leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með svo látandi

BREYTINGU:

Við 5. gr. Greinin orðast svo:

Fjármálaráðherra ákveður þóknun eftirlitsmanna, og greiðist hún úr ríkissjóði.

Alþingi, 28. nóv. 1934.

| | |
|---|---|
| Bernh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirv. | Magnús Jónsson, frsm. |

## Nd. 610. Breytingartillaga

við frv. til l. um eftirlit með opinberum rekstri.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 4. gr. Á eftir orðunum „í 3. gr.“ komi: svo og forstjóra ríkisstofnananna.

## Nd. 611. Frumvarp

til laga um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Enginn má reisa síldarverksmiðju hér á landi, né heldur stækka síldarverksmiðju, sem fyrir er, nema að fengnu leyfi atvinnumálaráðherra.

2. gr.

Ríkissjóður hefir að öðru jöfnu forkaupsrétt að síldarverksmiðjum þeim, sem nú eru í landinu eða síðar kunna að verða reistar.

3. gr.

Síldarverksmiðjur þær, sem ríkið nú á eða síðar kann að eignast, skulu reknar samkv. lögum þessum, sé eigi öðruvísi ákveðið.

4. gr.

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð 5 mönnum. Fjórir þeirra skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn, en atvinnumálaráðherra skipar fimmta manninn til eins árs í senn, og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

Endurskoðendur verksmiðjanna séu tveir, og skulu þeir kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til eins árs í senn.

Stjórn verksmiðjanna hefir aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu a. m. k. þrír úr stjórninni vera þar búsettir eða hafa þar fast aðsetur þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar. Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda.

Stjórn verksmiðjanna hefir á hendi yfirstjórn þeirra. Hún annast sölu afurðanna í samráði við framkvæmdarstjóra. Til þess að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift þriggja stjórnenda.

Stjórn verksmiðjanna ræður, til eins árs í senn, einn framkvæmdarstjóra, er hefir á hendi daglega stjórn verksmiðjanna og umsjón með rekstrinum.

Framkvæmdarstjóri hefir prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem öðruvísi er eigi ákveðið. Stjórn verksmiðjanna ákveður nánar starfsvið hans og laun með erindisbréfi.

5. gr.

Nú er ríkissjóður eigandi síldarbræðslustöðvar, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samvinnufélagi síldveiðimanna, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, enda hafi báðar deildir Alþingis lagt samþykki sitt á söluna. Ennfremur er það skilyrði fyrir slíkri sölu, að þátttaka í samvinnufélaginu sé almenn, bæði meðal útgerðarmanna og sjómanna.

6. gr.

Verksmiðjurnar kaupa ekki síld af framleiðendum, nema með sérstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en taka við henni til vinnslu fyrir þeirra reikning.

7. gr.

Áður en árleg starfræksla hefst, skal stjórn verksmiðjanna leita loforða íslenzkra útgerðarmanna um tölu skipa, sem fá munu verksmiðjunum afla sinn til vinnslu, og gera samninga við útgerðarmenn þar um. Skulu samningsbundnir viðskiptamenn ganga fyrir viðskiptum. Skal áætlun um viðskiptamagnið vera fyrir hendi fyrir 15. maí ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku, í samráði við stjórn verksmiðjanna, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiptamagni, hvort verksmiðjurnar verði reknar það ár.

Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjurnar geti unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjanna ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka þá síld til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjurnar.

8. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hér segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði, eins og hann er á hverjum tíma.
2. Afborgunum af stofnkostnaði síldarstöðvanna, svo sem um er samið á hverjum tíma við lánveitendur eða ríkissjóð.
3. 2% fyrningargjaldi af húsum, mannvirkjum, vélum og áhöldum.
4. 5% gjaldi í varasjóð.

Áætlunarverð síldarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 6. gr., má greiða eigendum með allt að 70% við afhendingu síldar til vinnslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, eftir að reikningsskil hafa verið gerð um sölu hvers árs.

9. gr.

Síldarverksmiðjunum skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af síldarmjöli, sem slík félög hafa pantað fyrir 31. ágúst ár hvert og síldarbræðslurnar geta látið af höndum. Skulu félögin skyld að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi fyrir 10. nóv. það ár, sem þær eru gerðar. Félögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum frá 1000 til 10000 kr.

10. gr.

Reikningsár verksmiðjanna skal vera almanaksárið. Stjórn verksmiðjanna skal gera reikningsskil fyrir starfsárið, svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum sínum fyrir 1. apríl ár hvert. Að þeim tíma loknum skal stjórn verksmiðjanna tafarlaust senda atvinnumálaráðherra afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum verksmiðjanna, undirskrifaða af stjórninni og áritaða af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur verksmiðjanna á árinu.

Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna og landsreikningnum.

11. gr.

Verksmiðjurnar eru undanþegnar aukaútsvari og tekju- og eignarskatti.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjanna setur atvinnumálaráðuneytið með sérstakri reglugerð.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um stofnun síldarbræðslustöðva, nr. 49 7. maí 1928, og lög um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar, nr. 42 14. júní 1929, og lög um breytingar á þeim lögum, nr. 10 27. apríl 1932. Jafnframt fellur niður umboð núverandi verksmiðjustjórnar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 612. Nefndarálit

um frv. til laga um almennan húsmóðir- og vinnuskóla fyrir konur í Reykjavík.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar (BSt og JJ) leggur til að afgreiða málið með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin viðurkennir, að mikil þörf sé á, að hafizt verði handa með mjög aukna húsmæðrafræðslu í höfuðstaðnum, en telur líklegast, að úr því verði bætt með því að breyta kvennaskólanum í Reykjavík í húsmæðraskóla, þá beinir hún því til ríkisstjórnarinnar að rannsaka það mál og leggja það þannig undirbúið fyrir næsta þing, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. nóv. 1934.

Bernh. Stefánsson, form. Jónas Jónsson, frsm.

## Sþ. 613. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við brtt. 508, 91 (Við 18. gr. I. a.) (Eftirlaun embættismanna).
   Tillagan orðist svo:
   Fyrir „50740.94“ kemur ..... 49740.94
2. Við 18. gr. I. b. (Embættismannaekkjur og börn, eftirlaun).
   Fyrir „14791.49“ kemur ..... 15053.99
3. Við 18. gr. I. c. (Prestsekkjur, eftirlaun).
   Fyrir „6899.15“ kemur ..... 6669.72
4. Við 18. gr. II. i. 4. (Þórdís Símonardóttir).
   Liðurinn fellur burt.
5. Við 18. gr. II. i. 7. (Kristín Jóhannesdóttir).
   Liðurinn fellur burt.

II. Frá *Thor Thors.*

Við 22. gr. V. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir hreppsnefnd Stykkishólmshrepps allt að 180000 króna lán til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar.

## Nd. 614. Nefndarálit

um frv. til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Meiri hlutinn (SigfJ, StJSt, ÁÁ) leggur til, að frv. verði samþykkt, en minni hl. (ÓTh, JakM) er ósamþykkur frv. óbreyttu og mun flytja brtt. við það.

Alþingi, 28. nóv. 1934.

Sigfús Jónsson, form. Ásgeir Ásgeirsson, frsm. Jakob Möller, fundaskr., með fyrirv.
Ólafur Thors, með fyrirv. Stefán Jóh. Stefánsson.

## Nd. 615. Nefndarálit

um frumv. til laga um gengisviðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. nóv. 1934.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Jakob Möller, fundaskr. Stefán Jóh. Stefánsson.
Ólafur Thors. Ásgeir Ásgeirsson.

## Nd. 616. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Meiri hlutinn (JakM, ÓTh, ÁÁ) leggur til, að frv. verði fellt, en minni hl. (SigfJ, StJSt) fylgir því óbreyttu.

Alþingi, 28. nóv. 1934.

Sigfús Jónsson, form. Jakob Möller, fundaskr. Ólafur Thors, frsm. meiri hl.
Stefán Jóh. Stefánsson, frsm. minni hl. Ásgeir Ásgeirsson.

## Nd. 617. Breytingartillaga

við till. til þál. um miðunarstöð í Vestmannaeyjum.

Frá Páli Þorbjörnssyni.

Aftan við tillögugr. bætist: Stofnkostnaður greiðist af fé því, sem ætlað er í fjárlögum til byggingar nýrra vita.

## Nd. 618. Breytingartillögur

við frv. til laga um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Finni Jónssyni og Bergi Jónssyni.

1. Við 8. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Áætlunarverð síldarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 6. gr., má greiða eigendum með allt að 85% við afhendingu síldar til vinnslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, þegar allar afurðir verksmiðjanna hafa verið seldar, eða þá er ársreikningur er fullgerður.
2. Við 13. gr. Síðari málsl., „Jafnframt fellur niður“ o. s. frv., fellur burt.
3. Á eftir 14. gr. komi eftirfarandi

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

Kosning fjögurra manna í verksmiðjustjórn samkv. 4. gr. skal fara fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög. Fellur þá jafnframt niður umboð núverandi verksmiðjustjórnar.

Fyrningargjald af dr. Pauls verksmiðju, sem nú er eign ríkisins, skal eigi reikna þau fjögur ár, sem eftir er að greiða fyrrverandi eiganda afborganir af andvirði verksmiðjunnar samkv. samningi.

## Nd. 619. Nefndarálit

um frumvarp til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

8. gr. orðist svo:

Nú fær varðskip laun fyrir björgun, og greiðast þá fyrst af björgunarlaununum öll útgjöld vegna björgunarinnar, önnur en venjulegur rekstrarkostn-

aður varðskipsins, en af afganginum falla 5% til skipstjóra skipsins og 25% til annara skipverja, er skiptist þannig: 1 stýrimaður og 1. vélstjóri 1½ hlut hver, 2. stýrimaður, 3. stýrimaður, 2. vélstjóri og 3. vélstjóri 1¼ hlut hver, hásetar, kyndarar, loftskeytamenn, kafarar og aðstoðarmenn í vél 1 hlut hver, bryti, matsveinar og þjónar ¾ hlut hver. Þó skal greiða ákveðna upphæð af hlut skipshafnar, að fengnum tillögum skipstjóra, til þeirra manna, annara en skipstjóra, er mest hafa lagt sig í hættu við björgunina, eða unnið að björguninni, áður en skipti fara fram. Að öðru leyti renna björgunarlaun í landhelgissjóð.

Alþingi, 29. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Finnur Jónsson, form. | Páll Þorbjörnsson, frsm. | Bergur Jónsson, fundaskr. |

Sigurður Kristjánsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

## Ed. 620. Breytingartillögur

við frv. til l. um friðun náttúruminja.

Frá allsherjarnefnd.

Við 4. gr.

a. Eftir fyrstu málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Ef nauðsyn þykir bera til að auka landrými kringum friðaðar náttúruminjar, skal heimilt að taka slika landskika eignarnámi samkv. l. nr. 61 14. nóv. 1917.

b. Orðin „en þó því aðeins ...“ til enda greinarinnar falli burt.

## Nd. 621. Nefndarálit

um frumv. til laga um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins og um eftirlit með innflutningi trjáfræs.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (GÍ) var fjarverandi.

Alþingi, 29. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Ásgeirsson, form. | Jón Pálmason, frsm. | Páll Zóphóníasson, fundaskr. |

Héðinn Valdimarsson.

## Sþ. 622. Breytingartillaga

við till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka ábyrgð á láni fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

I. Frá **Jóhanni Þ. Jósefssyni.**
1. Á eftir orðinu „ábyrgjast“ komi: gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.
2. Niðurlagsorð greinarinnar („enda ... ekki notuð“) falli niður.

II. Frá **Emil Jónssyni.**

Tillögugreinina skal orða svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni vegna ríkissjóðs að ábyrgjast, gegn fullum tryggingum, £ 5000 — fimm þúsund sterlingspunda — lán, sem bæjarsjóður Vestmannaeyja hefir fengið loforð fyrir hjá The Pearl Assurance Company Ltd., London.

## Sþ. 623. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka ábyrgð á láni fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

(Afgreidd frá Sþ. 29. nóv.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni vegna ríkissjóðs að ábyrgjast, gegn fullum tryggingum, £ 5000 — fimm þúsund sterlingspunda — lán, sem bæjarsjóður Vestmannaeyja hefir fengið loforð fyrir hjá The Pearl Assurance Company Ltd., London.

## Nd. 624. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 19. júní 1933, um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin getur ekki mælt með samþykkt þessa frumvarps. Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, má búast við, að vaxtatillagið samkv. frumvarpinu kosti ríkissjóð allt að 300 þúsund krónur árlega, og telur nefndin sér ekki fært að leggja til, að þeim útgjöldum sé bætt á ríkið eins og nú standa sakir, og hefir ekki heldur miklar vonir um, að þær tillögur næðu fram að ganga. Hinsvegar hefir nefndin borið fram frumvörp, sem fela í sér allmikla vaxtalækkun á fasteignalánum landbúnaðarins, ef fram ná að ganga, og telja verður öruggari en þær tillögur, sem hér liggja fyrir, þótt lengra gangi — á pappírnum.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Deildin lítur svo á, að nauðsyn beri til að koma fram varanlegri lækkun á fasteignaveðslánum landbúnaðarins. En samkv. frumvarpinu á þingskj. 50 er öll sú vaxtalækkun, sem þar er gert ráð fyrir, háð heimild ríkisstjórnarinnar til greiðslu fjár úr ríkissjóði, — fjár, sem engin vissa er um, hvort verður fyrir hendi nú eða framvegis. Álítur deildin því, að í frumvörpum landbúnaðarnefndar á þingskj. 538 og 539 felist meiri trygging fyrir varanlegri lækkun umræddra vaxta, og í trausti þess, að þau frumvörp nái fram að ganga, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. | Páll Zóphóníasson, fundaskr. | Jón Pálmason, með fyrirv. |
| Guðbr. Ísberg. | Héðinn Valdimarsson. | |

## Sþ. 625. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 602 [Fjárlög 1935].

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við XII. b. (Sjóvarnargarður á Eyrarbakka).
Við till. bætist: gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að.

## Ed. 626. Nefndarálit

um frv. til laga um almennan húsmæðra- og vinnuskóla fyrir konur í Reykjavík.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Ég hefi ekki getað orðið hv. meiri hl. menntamálanefndar samferða um afgreiðslu frv.

Hv. meiri hl. vill afgreiða frv. með rökstuddri dagskrá, en ég vil mæla með því óbreyttu, og byggi ég þá tillögu mína á hinni brýnu nauðsyn, er ég tel bera til þess, að konum í langfjölmennasta stað landsins verði séð fyrir húsmæðra- og vinnuskóla, til undirbúnings þeim störfum, sem allajafna eru aðalhlutverk kvenna.

Þótt undarlegt megi virðast, stendur Reykjavík, höfuðstaðurinn, mun verr að vígi í þessum efnum en önnur og fámennari héruð landsins. Má benda á, að á Norðurlandi eru tveir húsmæðraskólar starfræktir, sömuleiðis á Vesturlandi, og á Austurlandi er rekinn myndarlegur húsmæðraskóli á Hallormsstað.

Í Reykjavík starfar aðeins lítil hússtjórnardeild við kvennaskóla Reykjavíkur, og þótt þar sé völ á hinni beztu fræðslu og æfingu í öllu, sem lýtur að hússtjórn og heimilisstörfum, þá er sú fræðsla ófullnægjandi fyrir allan fjöldann, enda óhentugri bæjarstúlkum, þar eð deildin er heimavistarskóli.

Dagskrártillögu meiri hl. sé ég mér ekki fært að samþykkja, þrátt fyrir þá viðurkenningu, sem í henni felst um þörfina á aukinni húsmæðrafræðslu í höfuðstaðnum. Sjái menn sér ekki fært að bæta úr þeirri þörf með öðru móti en því að breyta kvennaskólanum í hússtjórnarskóla — þ. e. leggja niður okkar gamla og góða kvennaskóla —, lízt mér, að stigið sé öfugt spor í þessu máli.

Kvennaskóli Reykjavíkur er þekkt og vinsæl stofnun, eins og aðsóknin til hans sýnir bezt. Geta menn sannfærzt um það af nýjustu skýrslum skólans, og er ég þess fullviss, að vinsælt verður það ekki að leggja slika stofnun niður.

Kvennaskóli Reykjavíkur er elzti kvennaskóli landsins, fyrstu sporin til sjálfstæðrar menntunar íslenzkra kvenna. Þangað rekur því mörg konan allra fyrstu sporin sín á braut fræðslu og menningar, og þess hefir ávallt verið gætt við kvennaskóla Reykjavíkur, að hlynna að djúptækri menningu í hugum námsmeyjanna. Sextíu ára saga skólans segir bezt til um það, og mundi margur sakna vinar í stað, væri slík stofnun lögð niður, eða breytt samkvæmt þeirri ráðagerð, sem fram kemur í dagskrártillögu hv. meiri hluta.

Alþingi, 29. nóv. 1934.

Guðrún Lárusdóttir.

## Ed. 627. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og komizt að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt og rétt sé að auka réttindi mótormanna frá því, sem nú er.

Mótoristarnir hafa farið fram á, að réttindi þeirra yrðu aukin frá 150 hestafla vél upp í 500 hestafla, og þannig var málið fram borið í neðri deild. Sjávarútvegsnefnd Nd. lagði til, að réttindi þeirra yrðu aukin upp í 250 ha. vél, og þannig lá málið fyrir nefndinni. Menn úr stjórn Vélstjórafélags Íslands hafa mætt á fundi nefndarinnar. Sömuleiðis hafa fulltrúar mótormanna komið á fund hjá nefndinni og rætt málið ýtarlega við hana. Nefndin hefir því komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að auka réttindi mótormanna að nokkrum mun meir en frv. ákveður, og færir fyrir því þær ástæður:

a ð vöntun er nú á vönum mönnum til gæzlu við mótorvélar yfir 150 ha.

a ð vélar eru nú stærri í álika stórum skipum en áður, þegar lögin um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum voru sett fyrir 10 árum síðan.

a ð fiskiskip með mótorvélum eru stærri nú en þá, og sú stefna er mjög uppi að nota olíu til brennslu í stað kola.

a ð öll meðferð hinna stærri mótora er sízt vandameiri en hinna minni. Að stækkun mótorvélanna er oftast í því fólgin, að bulluhylkjum er fjölgað, svo ekki þarf meiri kunnáttu til að meðhöndla mörg þeirra en eitt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að þeir einir geti fengið aukin réttindi, sem hafi langa reynslu að baki sér um gæzlu véla, eða samtals 36 mánuði, til að geta orðið 1. vélstjóri við vél yfir 150 ha. Þó er þetta bundið því skilyrði, að þeir hafi starfað við samskonar vél í 6 mánuði, að undangengnu verklegu og munnlegu prófi. Með þessu á að fást trygging fyrir því, að hæfustu mennirnir geti aðeins komið til greina við hinar stærri vélar, og telur nefndin, að með þessu sé fengið öryggi fyrir því, að vélgæzlan sé í öruggum höndum. Nefndin lítur hinsvegar svo á, að full þörf sé á því, að löggjöfina um atvinnu á íslenzkum mótorskipum og íslenzkum gufuskipum þurfi að endurskoða og marka skýrari línur á milli réttinda manna, er stjórna mótorvélum og gufuvélum, en nú er, og mun því síðar gera tillögur um það efni.

En eins og nú standa sakir, verður nefndin að telja rétt, að réttindi mótormanna séu aukin upp í 400 ha., með þeim takmörkunum, sem áður greinir. Er þá náð til hinna stærstu mótorvéla, sem eins og sakir standa eru notaðar í fiskiskip hér. Þá vantar ákvæði um, hvenær lögin öðlast gildi, og gerir nefndin tillögu um það.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Frvgr. orðist svo:

5. gr. laganna skal orða svo:

Sá hefir rétt til að vera 1. vélstjóri á mótorskipi með 150—400 hestafla vél, er verið hefir 2. vélstjóri við 150—400 hestafla samskonar vél í 24 mánuði, en rétt til að vera 2. vélstjóri við þá vélarstærð hefir sá einn, sem hefir verið 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél í 24 mánuði.

Þó skal vélstjóri, sem stundað hefir vélgæzlu í 36 mánuði sem 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél, miðað við gildistöku þessara laga, hafa rétt til að vera 1. vélstjóri við 150—400 hestafla vél.

Enginn hefir þó rétt til að vera 1. vélstjóri samkv. annari málsgrein þessarar greinar við stærri mótorvél en 150 hestöfl, nema hann hafi áður stundað vélgæzlu við samskonar vél að minnsta kosti í 6 mánuði og að undangengnu verklegu og munnlegu prófi samkv. reglugerð, sem atvinnumálaráðuneytið setur.

2. Aftan við frvgr. komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

Alþingi, 30. nóv. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Ingvar Pálmason, form. | Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm. | Jón A. Jónsson. |

## Sþ. 628. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 582 1. (Fjárlög 1935).

Frá Hannesi Jónssyni.

Aths. orðist svo:

Ríkisstjórnin getur gert það að skilyrði fyrir greiðslu á styrk til félagsins, að fjárhagsáætlun þess sé samþykkt af landbúnaðarráðherra, og að ráðning búnaðarmálastjóra sé samþykkt af búnaðarþingi, enda sé hann ekki nema einn.

## Ed. 629. Breytingartillögur

við frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir „ríkissjóði" komi: allt að.
2. Við 3. gr. Fyrir „Prestlaunasjóði" kemur: Kirkjujarðasjóði.

## Nd. 630. Frumvarp

til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Til hafnarumbóta á Siglufjarðarhöfn veitist úr ríkissjóði allt að 50 þús. krónur árlega næstu 4 ár, gegn tvöföldu tillagi úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Fé þetta greiðist bæjarstjórn Siglufjarðar hlutfallslega við framlag hafnarsjóðs til fyrirtækisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra heimilast að ábyrgjast fyrir ríkissjóð allt að 400000 kr. lán, er Siglufjarðarkaupstaður kann að fá til hafnarumbóta á Siglufjarðarhöfn.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og að leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Nú vill annarhvor aðili ekki una mati, og getur hann heimtað

yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Kirkjujarðasjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem ræðir um í grein þessari.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema bæjarstjórnin veiti eða hafi veitt samþykki sitt til. Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins. Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda. Nú hefir bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Hafnarnefndin hefir á hendi framkvæmdir hafnarmála og eftirlit með höfninni. Hafnarnefndina skipa 3 menn, kosnir innan bæjarstjórnar á sama hátt og aðrar nefndir bæjarstjórnar, og 2 menn utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna eða útgerðarmanna. Enginn getur skorazt undan endurkosningu í hafnarnefnd fyrr en hann hefir setið 6 ár samfleytt í nefndinni. Nefndin sér um viðhald og umbætur á bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil.

7. gr.

Eigum og tekjum hafnarsjóðs má án samþykkis stjórnarráðsins aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

8. gr.

Bæjarstjórn skipar starfsmenn hafnarinnar, eftir tillögu hafnarnefndar, um skemmri eða lengri tíma.

9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja eignir hafnarsjóðs, kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri

tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Siglufjarðar, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerð, og farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald.

   Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur við höfnina.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Siglufjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir. Herskip og skemmtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi. Þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið með almennum lögum, skal bæjarstjórn Siglufjarðar heimilt að ákveða hækkun á núverandi vörugjaldi um allt að 100% og jafnframt að sú hækkun gangi til nauðsynlegra útgjalda bæjarsjóðs. Þó er bæjarstjórn heimilt að undanskilja sérstakar vörur frá hækkuninni, enda séu almennar neyzluvörur ávallt undanskildar hækkun. Öll gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki. Hafnargjöld, vitagjöld, bryggjugjöld og festargjöld hvíla sem lögveð á skipi á undan öllum veðsetningum. Hinar aðfluttu vörur eru að veði fyrir vörugjaldinu næst eftir vörutolli.

11. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu tillögur um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en fjárhagsáætlun hafnarsjóðs er samin.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndarinnar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok marzmánaðar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs á hinu liðna ári og efnahagsreikn-

ing hans. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana. Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni, skal síðan senda stjórnarráðinu.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, 10—500 kr. Sektir samkvæmt lögum þessum og hafnarreglugerðum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 2. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt 14. gr. þeirra.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin hafnarlög fyrir Siglufjarðarkauptún, nr. 64 1915.

**Ed.** **631. Lög**

um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Afgreidd frá Ed. 30. nóv.).

Samhljóða þskj. 184.

**Nd.** **632. Breytingartillaga**

við frv. til laga um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 4. gr. Í stað orðanna „til eins árs í senn“ í fyrstu málsgrein komi: til jafnlangs tíma.

**Sþ.** **633. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 16. gr. 2. Liðinn skal orða svo:

| | |
|---|---|
| Til Búnaðarfélags Íslands ..... | 200000 |

Ráðuneytið getur gert það að skilyrði fyrir greiðslu á styrk til félagsins, að ráðning búnaðarmálastjóra sé samþykkt af búnaðarþingi, enda sé hann ekki nema einn.

## Ed. 634. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um útsvör, nr. 46 frá 15. júní 1926.

Frá fjárhagsnefnd.

Telja má víst, að frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem liggur fyrir þessu þingi, gangi fram, en þar er gert ráð fyrir, að lög um ríkisskattanefnd frá 1932 verði úr gildi felld. Er því nauðsynlegt að setja inn í útsvarslögin sjálf ákvæði um áfrýjun til ríkisskattanefndar, en það er gert með þessu frv. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 30. nóv. 1934.

| Jón Baldvinsson, form. | Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. | Magnús Jónsson, með fyrirv. |
|---|---|---|

## Nd. 635. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 28. nóv. 1919 og á l. nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan við frvgr. bætist:
Lína frá Grenjaðarstað um Hveravelli í Reykjahverfi að Laxamýri.

## Ed. 636. Nefndarálit

um frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

Póst- og símamálastjóra til aðstoðar skal vera í Reykjavík sérstakur póstmeistari, ritsímastjóri, bæjarsímastjóri, yfirverkfræðingur og loftskeytastöðvarstjóri. Starfsmenn þessa skipar ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, og ákveður starfssvið þeirra. Póst- og símamálastjóri getur falið

póstmeistaranum og ritsímastjóranum í Reykjavík eftirlit með starfrækslu pósts og síma annarsstaðar á landinu. Ráðherra skipar ennfremur, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, aðalgjaldkera og fulltrúa, og skulu skipunarbréf framangreindra starfsmanna meðundirrituð af póst- og símamálastjóra. Aðra fasta starfsmenn og aðstoðarmenn við póst- og símastörf skipar póst- og símamálastjóri, að fengnum tillögum hlutaðeigandi yfirmanns, eftir því undir hverja starfsdeild stöðurnar falla, en umdæmisstjóra, þegar um stöður utan Reykjavíkur er að ræða. Laun fastra starfsmanna við póst og síma skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo verður gert, ákveður ráðherra launin. Sbr. þó 2. gr.

Alþingi, 30. nóv. 1934.

| Sigurjón Á. Ólafsson, form. | Páll Hermannsson, fundaskr., frsm. | Jón A. Jónsson, með fyrirvara. |
|---|---|---|

## Ed. 637. Breytingartillaga

við frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Á þeim stöðum utan Reykjavíkur, þar sem sameining póst- og símaafgreiðslna verður framkvæmd, skal stöðvarstjóri landssímastöðvar jafnframt verða forstöðumaður póststofunnar. Sameining þessara starfa fer fram þegar það, að áliti póst- og símamálastjóra, telst haganlegt, að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarstjórnar.

## Nd. 638. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 10. gr. Við greinina bætist:
   c. Aftan við greinina kemur ný málsgrein:
      Heimilt er stjórn Búnaðarbanka Íslands, ef lántakendur óska þess, að gera þær ráðstafanir um eldri lán til þeirra framkvæmda, er um getur í c- og d-liðum og veitt hafa verið til skemmri tíma en þar segir, að lánstíminn skuli lengdur allt að því, sem hann má mestur vera samkvæmt liðum þessum, en þó aldrei meira en svo, að ætíð sé lokið útdrætti hvers flokks vaxtabréfa á tilsettum tíma.
2. Við 15. gr. Greinin ásamt fyrirsögninni (Ákvæði til bráðabirgða) fellur burt, og breytist greinatala samkvæmt því.

3. Við 18. gr. Greinina skal orða svo:
Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál 6.—16. greinar þeirra inn í lög nr. 17 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, og gefa þau út svo breytt.

## Ed. 639. Nefndarálit

um frv. til l. um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Á Alþingi 1933 var samþykkt þingsályktun um skýrslugerð um opinbera sjóði, þar sem lagt var fyrir fjármálaráðherra að fela hagstofunni að safna til og gefa út fullkomna skýrslu um hverskonar opinbera sjóði, svo sem í þál. er nánar til tekið. Fyrir því skrifaði fjárhagsnefnd hagstofunni og óskaði eftir því, að nefndinni yrði send skýrsla um sjóðina.

Nú hefir hagstofan svarað, með bréfi dags. 21. nóv. síðastl., að langt sé frá því, að yfirlitsskýrsla um sjóði þessa sé fyrir hendi, enda hafi hagstofunni verið falið verkið á síðastliðnu hausti.

Minni hl. telur sjálfsagt, að sett sé löggjöf um eftirlit með vörzlu opinberra sjóða mjög bráðlega, en hann telur ekki, að um þetta séu fullnægjandi ákvæði í frv. því, er fyrir liggur; meðal annars vantar ákvæði um endurskoðun sjóðanna, er fólst í frv., er flutt var um sama efni á aðalþingi 1933 (þskj. 65). Af þessu, og því hinu, að hagstofan hefir eigi lokið skýrslugerð um sjóðina, vill minni hl. afgreiða málið til ríkisstjórnarinnar með rökstuddri dagskrá, og væntir þá þess, að ríkisstjórnin undirbúi löggjöf um eftirlit með opinberum sjóðum og leggi frv. um þetta fyrir næsta þing.

Samkvæmt framansögðu er það tillaga minni hl., að frv. verði afgr. með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að eigi er lokið skýrslugerð þeirri, er um ræðir í þingsályktun Alþingis 1933 (þskj. 854, aðalþing) og hafa átti til hliðsjónar við undirbúning löggjafar um eftirlit með opinberum sjóðum, telur deildin eigi rétt að samþykkja frv., en tekur fyrir næsta mál á dagskránni.

Alþingi, 1. des. 1934.

Jón Baldvinsson,
form.

## Ed. 640. Nefndarálit

um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allrækilega og borið það saman við gildandi skattalög. En ekki hefir nefndin getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. (MJ) er andvígur frv., en meiri hl. vill samþykkja það með nokkrum smábreytingum.

Til þess að ríkissjóður geti haldið uppi nauðsynlegum framkvæmdum á þessum erfiðleikatímum, er óhjákvæmilegt að afla nýrra tekna, og telur meiri hl., að vart verði fundinn tekjustofn, er réttar komi niður. Í frv. er nokkur ívilnun til handa atvinnufyrirtækjum, er eitt og eitt ár kunna að verða fyrir tapi, og því óvíst, að skatturinn verði þeim til þyngsla frá því, sem nú er.

Undirritaðir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram eða vera með frekari breytingum en þeir nú bera fram við frv.

Samkv. framansögðu leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM.

1. Við 10. gr. b. Tvo fyrstu málsliðina skal orða svo:
   Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún sé töpuð.
2. Við 11. gr. 2. málsl. 1. málsgr. skal orða svo:
   Rétt er því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess, að krefjast endurgjalds af hinu eða erfingjum þess á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign eða sératvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.
3. Við 12. gr. Í stað orðanna „foreldri, systkini, ættingja og vandamenn“ komi: aðra skylduómaga.
4. Við 19. gr. f. Liðinn skal orða svo:
   Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu.
5. Við 21. gr. Fyrir „upphæð“ í 2. málsgr. kemur: krónutala.
6. Við 33. gr. Í stað „gjaldþega“ kemur: gjaldþegns.
7. Við 35. gr. Aftan við greinina bætist:
   Yfirskattanefndir geta og, eftir tillögum undirskattanefnda, leyft persónufrádrátt allt að 500 krónur fyrir ættingja eða vandamenn, sem vitað er um, að skattþegn hefir á framfæri sínu.
8. Við 37. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
   Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn af skattanefnd, og getur

hann þá sent skriflega kæru sína yfir því til formanns skattanefndar eða skattstjóra o. s. frv.

9. Við 49. gr. Í stað „5“ kemur: 3.

Alþingi, 1. des. 1934.

| | |
|---|---|
| Jón Baldvinsson, form., frsm. | Bernh. Stefánsson, fundaskr. |

## Ed. 641. Nefndarálit

um frv. til laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (JAJ) hefir þó óbundið atkvæði.

Alþingi, 3. des. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. | Páll Hermannsson, fundaskr. | Jón A. Jónsson, með fyrirv. |

## Nd. 642. Nefndarálit

um frv. til l. um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Máli þessu var vísað til sjávarútvegsnefndar 10. f. m. Hafði þá 1. umræða staðið yfir vikutíma. Undirbúningur málsins, áður en það kom fyrir þingið, er svo kunnur, að ekki er þörf á að lýsa honum.

Sjávarútvegsnefnd hefir í þetta skipti haft málið hjá sér í 23 daga. Hefir nefndin á þessum tíma rætt það nokkrum sinnum. Einnig hefir hún rætt um það við ráðherrana alla saman, og fjármálaráðherra og atvinnumálaráðherra hvorn fyrir sig. Ennfremur við bankastjóra Landsbankans og Útvegsbankans. Hafa viðræður þessar ekki leitt til samkomulags um það, að nefndin mæli með því óskipt, að frumvarpið verði samþykkt, hvorki óbreytt né með þeim breytingum, sem minni hlutinn sá sér fært að samþykkja.

Minni hlutanum sýnist sá tími, sem nefndin hefir haft málið til athugunar, orðinn ærið langur. Og með því að mjög er liðið á þingtíma, en farin von þess,

að samkomulag náist um afgreiðslu þess frá sjávarútvegsnefnd, leggjum við minnihlutamennirnir til, að þingdeildin taki það þegar til meðferðar og samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 3. des. 1934.

Sigurður Kristjánsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

## Ed. 643. Breytingartillaga

við frv. til laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 5. gr. Aftan við b-lið fyrri málsgr. bætist: og leitað hafi verið álits hlutaðeigandi héraðsstjórnar um veitinguna.

## Ed. 644. Breytingartillaga

við frv. til laga um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar.

Frá Þorsteini Briem.

Við 1. gr. Aftan við 2. málsgrein komi: enda er öðrum en læknum bannað að hafa þær leiðbeiningar með höndum.

Sþ. **645. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1935.

(Eftir 2. umr.).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1935 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Ætlað er á, að þessir skattar og tollar nemi:

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| 1. | Fasteignaskattur | 370000 | |
| 2. | Tekjuskattur og eignarskattur | 1100000 | |
| 3. | Lestagjald af skipum | 50000 | |
| | | | 1520000 |
| 4. | Aukatekjur | 550000 | |
| 5. | Erfðafjárskattur | 50000 | |
| 6. | Vitagjald | 470000 | |
| 7. | Leyfisbréfagjöld | 25000 | |
| 8. | Stimpilgjald | 400000 | |
| 9. | Bifreiðaskattur | 380000 | |
| | | | 1875000 |
| 10. | Útflutningsgjald | 850000 | |
| 11. | Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir) | 570000 | |
| 12. | Tóbakstollur | 1150000 | |
| 13. | Kaffi- og sykurtollur | 900000 | |
| | Flyt ... | 3470000 | 3395000 |

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| | Flutt ... | 3470000 | 3395000 |
| 14. | Annað aðflutningsgjald ... ... ... ... ... ... ... | 50000 | |
| 15. | Vörutollur ... ... ... .. ... ... ... ... ... ... | 1250000 | |
| 16. | Verðtollur ... ... ... ... ... ... ... . . ... ... | 950000 | |
| | | | 5720000 |
| 17. | Gjald af innlendum tollvörum ... ... ... ... ... | | 250000 |
| 18. | Skemmtanaskattur ... ... ... ... ... ... ... ... | | 150000 |
| 19. | Veitingaskattur ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 100000 |
| | Samtals ... | ... ... | 9615000 |

3. gr.

| | | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|---|
| | A. | | | |
| | Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar: | | | |
| 1. | Rekstrarhagn. póstsjóðs ... ... ... ... ... ... | | 60000 | |
| 2. | — landssímans ... ... ... ... ... | | 334000 | |
| 3. | — áfengisverzlunar ... ... ... ... | | 700000 | |
| 4. | — tóbakseinkasölu ... ... .. ... | | 550000 | |
| 5. | — ríkisútvarps ... ... ... ... ... | | 73400 | |
| 6. | — ríkisprentsmiðju ... ... ... ... | | 60000 | |
| 7. | — landsmiðju ... ... ... ... ... | | 10000 | |
| 8. | — Vífilsstaðabús ... ... ... ... ... | | 5000 | |
| 9. | — Kleppsbús ... ... ... ... ... ... | | 5000 | |
| 10. | — Reykjabús ... ... ... ... ... ... | | 4000 | |
| | | Samtals ... | ... ... | 1801400 |
| | Sundurliðun. | | | |
| | 1. Póstsjóður. | | | |
| I. | Tekjur ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 673640 |
| II. | Gjöld: | | | |
| 1. | Laun: | | | |
| | a. Eftir launalögum ... ... ... ... ... | 100000 | | |
| | b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur | 80000 | | |
| | c. Bréfhirðingamenn ... ... ... ... ... | 24000 | | |
| | | | 204000 | |
| | Flyt ... | | 204000 | 673640 |

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| | Flutt ... | 204000 | 673640 |
| 2. Póstflutningar ... ... ... ... ... ... ... ... | | 260000 | |
| 3. Annar kostnaður: | | | |
| a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík, eftir reikningi ... ... ... ... ... ... ... | 24000 | | |
| b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur ... ... ... ... ... ... | 30000 | | |
| c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum | 13000 | | |
| d. Önnur gjöld ... ... ... ... ... ... | 78500 | | |
| e. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)... ... ... | 4140 | | |
| | | 149640 | |
| | | | 613640 |
| Fært á 3. gr. A. I. 1 | | ... ... | 60000 |
| 2. Landssíminn. | | | |
| I. Tekjur ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | | 1850000 |
| II. Gjöld: | | | |
| a. Til einkasíma í sveitum ... ... ... ... ... ... | | 30000 | |
| b. Til starfrækslu landssímanna m. m.: | | | |
| 1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna... ... ... ... ... ... ... ... | 60000 | | |
| 2. Ritsímastöðin í Reykjavík ... ... ... | 157000 | | |
| 3. Loftskeytastöðin í Reykjavík. ... ... | 31000 | | |
| 4. Stuttbylgjustöð í Reykjavík... ... ... | 45000 | | |
| 5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði | 500000 | | |
| 6. Áhaldahúsið ... ... ... ... ... ... | 12000 | | |
| 7. Ritsímastöðin á Akureyri ... ... ... | 45000 | | |
| 8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ... ... ... | 56000 | | |
| 9. Ritsímastöðin á Ísafirði... ... ... ... | 28000 | | |
| 10. Símastöðin á Borðeyri ... ... ... ... | 14000 | | |
| 11. Símastöðin í Vestmannaeyjum ... ... | 25000 | | |
| 12. Símastöðin á Siglufirði ... ... ... ... | 20000 | | |
| 13. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva | 125000 | | |
| | | 1118000 | |
| Uppbót á launum greiðist eftir sömu reglum sem verið hefir, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva. | | | |
| | Flyt ... | 1148000 | 1850000 |

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| Flutt ... | 1148000 | 1850000 |
| c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m. ... ... | 50000 | |
| d. Viðbót og viðhald stöðvanna ... ... ... ... ... | 50000 | |
| e. Kostnaður af ferðalögum vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að ... ... ... ... ... ... ... ... | 10000 | |
| f. Viðhald landssímanna... ... ... ... ... ... ... | 200000 | |
| g. Framhaldsgjald ... ... ... ... ... ... ... ... | 23000 | |
| h. Til kennslu handa símamönnum ... ... ... ... | 2000 | |
| i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ... ... ... | 3000 | |
| j. Ýmis gjöld ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 5000 | |
| k. Fyrning á húsum og áhöldum ... ... ... ... | 25000 | |
| | | 1516000 |
| Fært á 3. gr. A. I. 1 | ... ... | 334000 |
| Eignabreytingar. | | |
| Út. | | |
| I. Afborgun af lánum L. M. Ericsson, Marconi o. fl. ... | | 134000 |
| II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa | | 45000 |
| III. Til nýrra símalína ... ... ... ... ... ... ... ... að því tilskildu, að samkomulag náist við héruð, er hlut eiga að máli. | | 120000 |
| Fært á 20. gr. Út I. 2. a og II. 1 | .. ... | 299000 |
| 3. Áfengisverzlun ríkisins. | | |
| I. Tekjur (brúttó hagnaður) ... ... ... .. ... | | 865000 |
| II. Gjöld: | | |
| Laun starfsmanna og vinnulaun ... ... ... ... ... | 98500 | |
| Útsvar og flutningsgjöld ... ... ... ... ... ... ... | 35000 | |
| Húsaleiga, ljós, hiti ... ... ... ... ... ... ... ... | 6000 | |
| Annar kostnaður ... ... ... ... ... ... ... ... | 18000 | |
| Fyrning á fasteign og áhöldum ... ... ... ... ... | 7500 | |
| | | 165000 |
| Fært á 3. gr. A. I. 3 | ... ... | 700000 |
| 4. Tóbakseinkasalan. | | |
| I. Tekjur (brúttóhagnaður) ... ... ... ... ... ... ... | | 735000 |
| Flyt ... | ... ... | 735000 |

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| | Flutt ... | ... ... | 735000 |
| II. Gjöld: | | | |
| Rekstrarkostnaður ... ... ... ... ... ... ... ... | | 140000 | |
| Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl. ... ... ... ... | | 45000 | |
| | | | 185000 |
| | Fært á 3. gr. A. I. 4 | ... ... | 550000 |
| 5. Ríkisútvarpið. | | | |
| I. Tekjur: | | | |
| a. Afnotagjöld ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 250000 | |
| b. Ágóði viðtækjaverzlunar ... ... ... ... ... ... | | 120000 | |
| c. Aðrar tekjur ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 30000 | |
| | | | 400000 |
| II. Gjöld: | | | |
| a. Starfræksla: | | | |
| 1. Yfirstjórn . ... ... ... ... ... ... | 17200 | | |
| 2. Kostnaður við dagskrá ... ... ... ... | 80000 | | |
| 3. Skrifstofan... ... ... ... ... ... ... | 18700 | | |
| 4. Innheimta afnotagjalda ... ... ... ... | 20000 | | |
| 5. Útvarpssalur ... ... ... ... ... ... | 29700 | | |
| 6. Húsaleiga, ljós, hiti... ... ... ... . . | 25000 | | |
| 7. Útvarpsstöðin á Vatnsenda ... ... ... | 62000 | | |
| 8. Til að greiða fyrir útvarpsnotum ... ... eftir ákvörðun stjórnarráðs. | 10000 | | |
| 9. Óviss útgjöld ... ... ... ... ... ... | 10000 | | |
| | | 272600 | |
| b. Vextir og endurbætur: | | | |
| 1. Vextir af Marconiláni '29 .. ... ... | 4000 | | |
| 2. Afborgun og vextir af Marconiláni '33 til endurbóta á stöðinni... ... ... ... | 21000 | | |
| | | 25000 | |
| c. Fyrning á húsi, vélum og áhöldum ... ... ... ... | | 29000 | |
| | | | 326600 |
| | Fært á 3. gr. A. I. 5 | ... ... | 73400 |
| Eignabreytingar. | | | |
| Út. | | | |
| Afborgun af láni frá Marconifélaginu í London £ 5600 á 22,15 (fært á 20. gr. Út I. 2. b.) ... ... ... ... ... | | | 124040 |

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| | B. | | |
| | Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar: | | |
| 1. | Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs.. ... ... ... ... | | 20000 |
| 2. | Arnarhvoll: | | |
| | a. Tekjur ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 60000 | |
| | b. Gjöld: | | |
| | 1. Vextir (6,2% af 350000) ... ... ... 21700 | | |
| | 2. Ýmiskonar rekstrarkostnaður ... ... 30000 | | |
| | 3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.) ... ... 3650 | | |
| | | 55350 | |
| | | | 4650 |
| | Samtals ... | ... ... | 24650 |

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| 1. | Vextir af bankavaxtabréfum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14 9. júlí 1909 ... ... ... ... ... ... | | 16000 |
| 2. | Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj. . ... | | 180000 |
| 3. | Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1430000 | | 85800 |
| 4. | Aðrir vextir... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 237140 |
| | Samtals ... | ... ... | 518940 |

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

## II. KAFLI.

### Gjöld:

6. gr.

Árið 1934 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| Vextir: | | |
| 1. Innlend lán ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 179693 |
| 2. Dönsk lán, d. kr. 97990 á 100.00 ... ... ... ... | | 97990 |
| 3. Ensk lán, £ 43793 - 10 - 0 á 22.15 ... ... ... ... | | 969893 |
| 4. Vextir af lausaskuldum ... ... ... ... ... ... ... | | 300000 |
| Samtals ... | ... ... | 1547576 |

8. gr.

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| Borðfé Hans Hátignar konungsins ... ... ... ... ... | | 60000 |

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er greitt:

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| 1. Til alþingiskostnaðar .. ... ... ... ... ... ... ... | | 245000 |
| 2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga ... ... ... ... ... | | 3750 |
| 3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.) ... ... ... ... | | 2170 |
| Samtals ... | ... ... | 250920 |

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| I. | Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl. | | |
| 1. | Til ráðherra: | | |
| | a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... | 30000 | |
| | b. Til risnu ... ... ... ... ... ... ... | 6000 | |
| | | 36000 | |
| 2. | Til utanferða ráðherra ... ... ... ... ... ... | 6000 | |
| 3. | Laun starfsmanna stjórnarráðsins ... ... ... ... | 85000 | |
| 4. | Annar kostnaður ... ... ... ... ... ... ... ... | 50000 | |
| 5. | Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum ... ... ... ... | 35000 | |
| | Þar af 1000 kr. persónuleg launabót til núverandi ríkisbókara. | | |
| 6. | Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga ... ... | 4000 | |
| 7. | Til þess að gefa út stjórnartíðindi: | | |
| | a. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl. | 700 | |
| | b. Til pappírs og prentunar ... ... ... | 20000 | |
| | c. Til kostnaðar af sendingu með póstum | 1000 | |
| | | 21700 | |
| 8. | Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans | 10000 | |
| 9. | Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.) ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 2046 | |
| | | | 249746 |
| II. | Hagstofan | | |
| 1. | Laun ... ... .. ... ... ... ... ... ... .. | 10600 | |
| 2. | Pappír, prentun og hefting hagskýrslna ... ... ... | 14000 | |
| 3. | Prentun eyðublaða . ... ... .. ... ... ... ... | 2500 | |
| 4. | Húsaleiga, hiti og ljós m. m. ... ... ... ... ... | 5000 | |
| 5. | Aðstoðar- og skrifstofukostnaður ... ... ... ... | 23000 | |
| | | | 55100 |
| III. | Utanríkismál o. fl. | | |
| 1. | Til sendiráðs í Kaupmannahöfn: | | |
| | a. Laun sendiherra ... ... ... ... ... | 20000 | |
| | b. Húsaleiga ... ... ... ... ... ... ... ... | 6000 | |
| | c. Kostnaður við embættið ... ... ... | 20000 | |
| | d. Til skrifstofuhalds ... ... .. ... ... | 20000 | |
| | | 66000 | |
| 2. | Til meðferðar utanríkismála ... ... ... ... ... | 12000 | |
| 3. | Ríkisráðskostnaður ... ... ... ... ... ... ... | 4000 | |
| | Flyt ... | 82000 | 304846 |

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| Flutt ... | 82000 | 304846 |
| 4. Kostnaður af sambandslaganefnd ... ... ... ... | 6000 | |
| 5. — vegna samninga við erlend ríki ... ... | 15000 | |
| | | 103000 |
| Samtals ... | ... ... | 407846 |

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| A. | | |
| Dómgæzla og lögreglustjórn. | | |
| 1. Hæstiréttur: | | |
| a. Laun. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 26000 | |
| b. Annar kostnaður ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 5000 | |
| Núverandi ritari gegni ritarastörfum endurgjaldslaust meðan hann tekur fulltrúalaun. | | 31000 |
| 2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra .. ... | | 124600 |
| 3. Laun hreppstjóra.. ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 22000 |
| 4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík: | | |
| a. Laun 3 fulltrúa og 2 skrifara ... ... ... ... ... | 23000 | |
| b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting . ... ... ... ... | 4860 | |
| c. Ýmis gjöld ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 6500 | |
| d. Til samningar spjaldskrár yfir afsals- og veðmálabækur ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 500 | |
| | | 34860 |
| 5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík: | | |
| a. Laun 5 skrifara ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 22000 | |
| b. Laun 6 tollritara... ... ... ... ... ... ... ... ... | 30000 | |
| c. Aðstoð ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 10000 | |
| d. Húsaleiga, ljós og hiti ... ... ... ... ... ... | 8400 | |
| e. Innheimtukostnaður ... ... ... ... ... ... ... ... | 20000 | |
| f. Ýmis gjöld ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 14000 | |
| | | 104400 |
| Flyt ... | ... ... | 316860 |

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| Flutt ... | ... ... | 316860 |
| 6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík: | | |
| a. Laun 2 fulltrúa og 5 skrifara ... ... ... ... ... | 25000 | |
| b. Húsaleiga, ljós og hiti ... ... ... ... ... ... | 8800 | |
| c. Ýmis gjöld ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 6000 | |
| | | 39800 |
| 7. Toll- og löggæzla ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 120000 |
| 8. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta ... ... | | 112100 |
| 9. Til landhelgisgæzlu ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 350000 |
| Þar af til landhelgissjóðs 20000 kr. | | |
| 11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 14000 |
| (Þar af fyrning kr. 1770, sjá 20. gr.). | | |
| 12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni ... ... ... ... ... | | 40000 |
| (Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.). | | |
| 13. Sakamálakostnaður og lögreglumála ... ... ... ... | | 50000 |
| h. Til jarðskjálftamælinga og vegna auka- og næturvinnu við móttöku og útvarp veðurfregna, til frú Teresíu Guðmundsson, Björns L. Jónssonar og Jóns Eyþórssonar... ... ... ... ... ... ... ... | 1800 | |
| i. Til jöklamælinga ... ... ... ... ... ... ... | 600 | |
| | | 64300 |
| 17. Gjöld vegna laga um eftirlit með verksm. og vélum | | 600 |
| 18. Til landmælinga... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 40000 |
| 19. Til Fiskifélagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins og félagið sjái um á sinn kostnað útgáfu fiskimanna-almanaks ... ... | | 80000 |
| 20. Kostnaður vegna laga nr. 61 1932, um lax- og silungsveiði ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 4000 |
| Flyt ... | ... ... | 2420500 |

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| | Flutt ... | ... ... | 2420500 |
| 21. | Til þess að annast birtingu útvarpaðra veðurfregna í verstöðvum landsins ... ... ... ... ... ... ... | | 5000 |
| 22. | Laun yfirmatsmanna o. fl.: | | |
| | a. 5 fiskiyfirmatsmanna ... ... ... ... ... ... ... | 22350 | |
| | b. Laun 4 ullarmatsmanna ... ... ... ... ... ... | 2000 | |
| | c. Laun 4 kjötmatsmanna ... ... ... ... ... ... | 2625 | |
| | d. — lýsismatsmanns. samkv. l. nr. 42 1933 ... | 3000 | |
| | e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna .. ... ... ... ... | 12000 | |
| | | | 41975 |
| 23. | Kostnaður við kjöt- og mjólkursölu ... ... ... ... | | 20000 |
| 24. | Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra: | | |
| | a. Laun skipaskoðunarstjóra ... ... ... ... ... ... | 6000 | |
| | b. Til skrifstofukostnaðar... ... ... ... ... ... ... | 8000 | |
| | c. Ferðakostnaður, allt að ... ... ... ... ... ... | 2000 | |
| | | | 16000 |
| 25. | Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að .. ... ... ... ... | | 8000 |
| 26. | Kostnaður vegna sérstakra ráðstafana um inn- og útflutning .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 30000 |
| 27. | Til Iðnsambands Íslands... ... ... ... ... ... ... | | 1200 |
| 28. | Til sambands íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga ... ... | | 4000 |
| 29. | Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði | | 650 |
| 30. | Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 1500 |
| 31. | Til Halldórs Pálssonar, til náms erlendis í sauðfjárrækt ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 1000 |
| 32. | Til Guðrúnar Finnsdóttur ... ... ... ... ... ... | | 300 |
| 33. | Til kvenfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu kvenna ... | | 500 |
| 34. | Til kvenfélagasambands Íslands ... ... ... ... ... | | 1000 |
| 35. | Til sambands norðlenzkra kvenna . ... ... ... ... | | 400 |
| 36. | Til sambands austfirzkra kvenna ... ... ... ... ... | | 400 |
| 37. | Til sambands sunnlenzkra kvenna . ... ... ... ... | | 400 |
| 38. | Til sambands vestfirzkra kvenna ... ... ... ... ... | | 400 |
| 39. | Til kvenfélagasambands Mýra- og Borgarfjarðarsýslu | | 300 |
| 40. | Til sambands breiðfirzkra kvenna ... ... .. ... | | 250 |
| 41. | Til bandalags kvenna ... ... ... ... ... ... ... | | 400 |
| | Flyt ... | ... ... | 2554175 |

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| | Flutt ... | ... ... | 2554175 |
| 42. | Til Sambands sunnlenzkra kvenna, styrkur til að halda uppi námskeiðum fyrir húsmæður og húsmæðraefni ... ... ... .. ... ... ... ... ... ... | | 2500 |
| 43. | Til kvenréttindafélags Íslands .. ... ... ... ... ... | | 400 |
| 44. | Til vinnumiðstöðvar kvenna, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annarsstaðar að ... ... ... ... | | 1600 |
| 45. | Til vinnumiðlunarskrifstofu verkalýðsfélaganna í Reykjavík ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 5000 |
| 46. | Til vörumerkjaskrásetjara ... ... ... ... ... ... | | 1600 |
| 47. | Handa ungmennafélagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu .. ... ... ... ... ... ... ... ... ... Félagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fénu er varið. | | 4000 |
| 48. | Til bandalags skáta ... ... ... ... ... ... ... ... | | 400 |
| 49. | Til dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 1000 |
| 50. | Til fiskræktarfélagsins Blöndu, 1/8 rekstrarkostnaðar, allt að ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 500 |
| 51. | Til fiskræktarfélags Fljótsdalshéraðs, 1/8 rekstrarkostnaðar, allt að ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 1000 |
| 52. | Húsameistari ríkisins: | | |
| | a. Laun ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 6000 | |
| | b. Skrifstofukostnaður ... ... ... ... ... ... ... | 10000 | |
| | | | 16000 |
| 53. | Til vatnsrennslismælinga... ... ... ... ... ... ... | | 1000 |
| 54. | Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að ... ... ... | | 5000 |
| | Samtals ... | ... ... | 2594175 |

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| 1. | Styrkur til berklasjúklinga ... ... ... ... ... ... | | 800000 |
| | Af þessum lið má greiða laun læknis, sem heilbrigðisstjórnin ræður til þess að hafa yfirumsjón með öllum berklavörnum á landinu. | | |
| 2. | Gjöld samkv. l. nr. 68 1932, um br. á fátækralögunum | | 200000 |
| 3. | Styrkur til sjúkrasamlaga ... ... ... ... ... ... | | 30000 |
| | Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi hins ísl. prentarafélags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga. | | |
| 4. | Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 3000 |
| 5. | Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða ... ... ... ... | | 400 |
| 6. | Til slysatryggingar samkv. 2. gr. laga nr. 73 1928 ... | | 13000 |
| 7. | Til slysavarna ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 8000 |
| | enda sé stjórnarráðinu send skýrsla um starfsemina. | | |
| 8. | Til Theódórs Gíslasonar, til að kynna sér störf á björgunarskútu erlendis, enda taki hann að sér yfirmannsstörf á væntanlegri björgunarskútu hér við land | | 2000 |
| 9. | Til þess að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis | | 1000 |
| 10. | Tillag til ellistyrktarsjóða... ... ... ... ... ... ... | | 75000 |
| 11. | Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi ... ... | | 15000 |
| | Þar af til sambands bindindisfélaga í skólum landsins 2500 kr. | | |
| 12. | Til slysatryggingarsjóðs félagsins Dagsbrúnar ... ... | | 400 |
| 13. | Til sjúkrasjóðs Fellshrepps ... ... ... ... ... ... | | 300 |
| 14. | Til sjúkrasjóðs Hofshrepps ... ... ... ... ... ... | | 300 |
| 15. | Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Framsóknar í Reykjavík ... ... ... ... ... ... ... | | 400 |
| 16. | Til sjúkrasjóðs Félags járnsmíðanema í Reykjavík ... | | 200 |
| 17. | Til styrktarsjóðs verkamannafélagsins Snót í Vestmannaeyjum.. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 300 |
| 18. | Til styrktarsjóðs sjómannafélagsins Jötunn í Vestmannaeyjum.. ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 300 |
| 19. | Til sjúkrasjóðs verklýðsfélags Akureyrar ... ... ... | | 300 |
| 20. | Til styrktarsjóðs sjómannafélagsins á Ísafirði ... ... | | 300 |
| 21. | Til styrktarsjóðs verkamannafélagsins Baldur á Ísafirði | | 300 |
| 22. | Til sjúkrasjóðs kvenfélagsins á Hellusandi... ... ... | | 300 |
| | Flyt ... | ... ... | 1150800 |

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| Flutt ... | ... ... | 1150800 |
| 23. Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins á Þingeyri... ... | | 300 |
| 24. Til sjúkrasjóðs hjúkrunarfélags Ólafsvíkur ... ... .. | | 300 |
| 25. Til sjúkra- og styrktarsjóðs verkalýðsfélagsins á Seyðisfirði ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 300 |
| 26. Til Ekknasjóðs Vestmannaeyja ... ... ... ... ... | | 800 |
| Fjárveitingarnar undir 12.—26. tölul. eru bundnar því skilyrði, að jafnmikið fé að minnsta kosti komi annarsstaðar að, og að stjórnarráðinu sé send skýrsla um starfsemina. | | |
| 27. Til gamalmennahælis á Ísafirði ... ... ... ... .. | | 1000 |
| 28. Til gamalmennahælis á Seyðisfirði . ... ... ... ... | | 1000 |
| Samtals ... | ... ... | 1154500 |

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| I. Samkvæmt eftirlaunalögum: | | |
| a. Embættismenn ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 49740,94 | |
| b. Embættismannaekkjur og börn ... ... ... ... | 15053,99 | |
| c. Prestsekkjur ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 6669,72 | |
| d. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923 ... ... | 2500,00 | |
| e. — — — — 51 1921 ... ... | 3060,00 | |
| | | 77024,65 |
| II. Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna: | | |
| a. Embættismenn: | | |
| 1. Til Sigurðar Magnússonar læknis ... 600,00 | | |
| 2. — Sigurðar Kvarans héraðslæknis 405,00 | | |
| 3. — Þorvalds Pálssonar læknis... ... 300,00 | | |
| 4. — próf. Sæmundar Bjarnhéðinssonar 2500,00 | | |
| | 3805,00 | |
| b. Embættismannaekkjur og börn: | | |
| 1. Til Magneu Ásgeirsson ... ... ... ... 200 | | |
| 2. — Ólivu Guðmundsson ... ... ... 175 | | |
| Flyt ... 375 | 3805,00 | 77024,65 |

| | | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|---|
| | Flutt ... | 375 | 3805,00 | 77024,65 |
| 3. | Til Theodóru Thoroddsen ... ... ... | 800 | | |
| 4. | — Sigríðar Hjaltadóttur ... ... ... | 400 | | |
| 5. | — Ingileifar Snæbjarnardóttur ... .. | 400 | | |
| 6. | — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju ... | 450 | | |
| 7. | — Sigríðar Finnbogadóttur ... ... ... | 800 | | |
| 8. | — Rannveigar Tómasdóttur .. ... ... | 600 | | |
| 9. | — Önnu Gunnlaugsson .. ... ... ... | 900 | | |
| 10. | — Kristbjargar Marteinsdóttur ... ... | 1200 | | |
| 11. | — Kristínar Jacobson ... ... ... ... | 600 | | |
| 12. | — Kirstínar Þ. Blöndal ... ... ... | 300 | | |
| 13. | — Guðlaugar Magnúsdóttur... ... ... | 2000 | | |
| 14. | — barns hennar ... ... ... ... ... | 100 | | |
| 15. | — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju | 600 | | |
| 16. | — Jenny Forberg ... ... ... ... ... | 600 | | |
| 17. | — Ástu Hallgrímsson ... ... ... ... | 600 | | |
| 18. | — Ástu Einarson ... .. ... ... ... | 600 | | |
| 19. | — Aðalbjargar Sigurðardóttur ... ... | 1200 | | |
| 20. | — Dómhildar Jóhannsdóttur ... ... | 1200 | | |
| 21. | — Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð ... ... ... | 1300 | | |
| 22. | — Soffíu Johnsen læknisekkju ... ... | 500 | | |
| 23. | — Kristínar Þórarinsdóttur læknisekkju | 400 | | |
| 24. | — Sigríðar Blöndal læknisekkju... ... | 300 | | |
| 25. | — Hrefnu Einarsdóttur læknisekkju ... | 600 | | |
| 26. | — Sigríðar Jónsdóttur læknisekkju ... | 400 | | |
| 27. | — Súsönnu Friðriksdóttur ... ... ... | 500 | | |
| 28. | — Önnu Jónsson, ekkju Klemens Jónssonar ... ... ... ... ... ... ... | 450 | | |
| 29. | — Margrétar Lárusdóttur læknisekkju | 400 | | |
| 30. | — Eríku Gíslason, ekkju Odds Gíslasonar bæjarfógeta ... ... ... ... | 1000 | | |
| 33. | — Ingibjargar Jónsdóttur, ekkju Björns Magnússonar símstjóra ... ... ... | 300 | | |
| | | | 19875,00 | |
| c. | Uppgjafaprestar: | | | |
| 1. | Til Bjarna prófasts Einarssonar ... | 780,00 | | |
| 2. | — Sigurðar prófasts Gunnarssonar . | 662,25 | | |
| 3. | — Guttorms Vigfússonar... ... ... | 600,00 | | |
| | Flyt ... | 2042,25 | 23680,00 | 77024,65 |

| | | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|---|
| | Flutt ... | 2042,25 | 23680,00 | 77024,65 |
| 4. | Til Björns Þorlákssonar ... ... ... | 208,00 | | |
| 5. | — Jóns Árnasonar ... ... ... ... | 445,00 | | |
| 6. | — Þórðar Ólafssonar ... ... ... | 370,00 | | |
| 7. | — Páls Stephensens ... ... ... ... | 355,00 | | |
| 8. | — Helga P. Hjálmarssonar ... ... | 475,00 | | |
| 9. | — Einars Pálssonar ... ... ... ... | 430,00 | | |
| 10. | — Kristins Daníelssonar ... ... ... | 520,00 | | |
| 11. | — Jóns Finnssonar ... ... ... ... | 385,00 | | |
| 12. | — Magnúsar prófasts Bjarnarsonar | 355,00 | | |
| 13. | — Pálma Þóroddssonar ... ... ... | 265,00 | | |
| 14. | — Árna Þórarinssonar ... ... ... | 280,00 | | |
| 15. | — Þorvarðar Þorvarðarsonar ... | 475,00 | | |
| 16. | — Jakobs Lárussonar ... ... ... | 3019,40 | | |
| 17. | — Ólafs Ólafssonar frá Hjarðarholti ... ... ... ... ... ... | 475,00 | | |
| 18. | — Ólafs Sæmundssonar fyrrv. prests | 340,00 | | |
| 19. | — Þorvalds Jakobssonar ... ... ... | 475,00 | | |
| | | | 10914,65 | |
| d. | Prestsekkjur: | | | |
| 1. | Til Auðar Gísladóttur ... ... ... | 300,00 | | |
| 2. | — Bjargar Einarsdóttur ... ... ... | 500,00 | | |
| 3. | — Guðrúnar Björnsdóttur ... ... | 500,00 | | |
| 4. | — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ... | 300,00 | | |
| 5. | — Guðrúnar Pétursdóttur ... ... | 300,00 | | |
| 6. | — Guðrúnar Torfadóttur ... ... | 300,00 | | |
| 7. | — Ingunnar Loftsdóttur ... ... ... | 300,00 | | |
| 9. | — Hlífar Bogadóttur, 300 kr., auk 100 kr. með einu barni hennar, sem er í ómegð ... ... ... ... | 400,00 | | |
| 10. | — Kirstínar Pétursdóttur . ... ... | 300,00 | | |
| 11. | — Sigrúnar Kjartansdóttur ... ... | 300,00 | | |
| 12. | — Steinunnar Pétursdóttur ... ... | 300,00 | | |
| 13. | — Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson | 300,00 | | |
| 14. | — Guðlaugar Vigfúsdóttur ... ... | 209,20 | | |
| 15. | — Ingibjargar Magnúsdóttur ... ... | 157,90 | | |
| 16. | — Guðfinnu Jensdóttur ... ... ... | 183,04 | | |
| 17. | — Guðrúnar Sigurðardóttur ... ... | 181,07 | | |
| 18. | — Guðbjargar Hermannsdóttur ... | 181,70 | | |
| 19. | — Þórunnar Bjarnadóttur ... ... | 155,56 | | |
| | Flyt ... | 5168,47 | 34594,65 | 77024,65 |

| | | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|---|
| | Flutt ... | 5168,47 | 34594,65 | 77024,65 |
| 20. | Til Guðrúnar S. Jónsdóttur ... ... | 250,00 | | |
| 21. | — Önnu Stefánsdóttur ... ... ... | 200,00 | | |
| 22. | — Helgu Skúladóttur ... ... ... | 227,06 | | |
| 23. | — Guðríðar Ólafsdóttur ... ... ... | 164,26 | | |
| 24. | — Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L.L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með einu barni hennar í ómegð | 232.00 | | |
| 25. | — Arndísar Pétursdóttur... ... ... | 137,90 | | |
| 26. | — Guðnýjar Þorsteinsdóttur ... ... | 173,56 | | |
| 27. | — Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík ... ... .. ... ... | 135,37 | | |
| 28. | — Jakobínu Sigurgeirsdóttur frá Borg | 157,44 | | |
| 29. | — Kristínar Jónsdóttur prófastsekkju á Brjánslæk ... ... ... ... ... | 300,00 | | |
| 30. | — Sigríðar Þórðardóttur... ... ... | 144,00 | | |
| 31. | — Sigurlaugar Knudsen ... ... ... | 300,00 | | |
| 32. | — Þóru Jónsdóttur ... ... ... ... | 217,28 | | |
| 33. | — Margrétar Jónasdóttur ... ... | 300,00 | | |
| 34. | — Sigríðar Jónasdóttur ... ... ... | 146,71 | | |
| 35. | — Sigríðar Jóhannesdóttur ... ... | 300,00 | | |
| 36. | — Ástríðar Petersen prófastsekkju | 200,00 | | |
| 37. | — Margrétar Sigurðard. prófastsekkju | 500,00 | | |
| 38. | — Jóhönnu Magnúsd. prófastsekkju | 300,00 | | |
| 39. | — Guðrúnar Mettu Sveinsdóttur ... | 300,00 | | |
| 40. | — Vilborgar Jónsdóttur prestsekkju | 300,00 | | |
| 41. | — Líneyjar Sigurjónsd. prófastsekkju | 500,00 | | |
| 42. | — Bergljótar Blöndal ... ... ... | 200,00 | | |
| 43. | — Sigríðar Helgadóttur ... ... ... | 300,00 | | |
| 44. | — Steinunnar Eiríksdóttur ... ... | 200,00 | | |
| 43. | — Guðbj. Guðmundsdóttur, ekkju séra Gísla Kjartanssonar ... ... | 300,00 | | |
| | | | 11654,05 | |
| e. | Kennarar, kennaraekkjur og börn: | | | |
| 1. | Til Önnu Ásmundsdóttur ... ... ... | 300 | | |
| 2. | — Guðlaugar Zakaríasdóttur ... ... | 360 | | |
| 3. | — Aðalbj. Steinsdóttur, ekkju Magnúsar Einarssonar ... ... ... ... | 500 | | |
| 4. | — Elínar Briem Jónsson ... .. ... | 600 | | |
| 5. | — Steinunnar Frímannsdóttur ... ... | 450 | | |
| | Flyt ... | 2210 | 46248,70 | 77024,65 |

| | | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | Flutt ... 2210 | 46248,70 | 77024,65 |
| 6. | Til Guðmundar Björnssonar ... ... | 250 | | |
| 7. | — Baldvins B. Bárðdals ... ... ... | 300 | | |
| 8. | — Jóns Strandfelds ... ... ... ... | 150 | | |
| 9. | — Einars Hávarðssonar ... ... ... | 150 | | |
| 10. | — Elísabetar Jónsdóttur ... ... ... | 300 | | |
| 11. | — Ragnheiðar Torfadóttur... ... ... | 400 | | |
| 12. | — Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð ... ... ... ... | 500 | | |
| 13. | — Sigurjóns Rögnvaldssonar ... ... | 200 | | |
| 14. | — Ástu Magnúsdóttur kennaraekkju | 200 | | |
| 15. | — Ögmundar Sigurðssonar . ... ... | 3000 | | |
| 16. | — Cathincu Sigfússon... ... ... ... | 600 | | |
| 17. | — Ragnh. Guðjónsdóttur ... ... ... | 300 | | |
| 18. | — Lárusar Rists kennara ... ... ... | 600 | | |
| 19. | — Jóhanns P. Péturssonar kennara . | 200 | | |
| 20. | — Helgu Finnsdóttur ... ... ... ... | 1200 | | |
| 21. | — Ingivalds Nikulássonar kennara... | 250 | | |
| 22. | — Victoríu Bjarnadóttur kennaraekkju | 150 | | |
| | | | 10960,00 | |
| f. | Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra: | | | |
| 1. | Til Böðvars Jónssonar... ... ... ... | 400 | | |
| 2. | — Þóru Matthíasdóttur ... ... ... | 300 | | |
| 3. | — Vigdísar Steingrímsdóttur ... ... | 300 | | |
| 4. | — Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts... ... | 200 | | |
| 5. | — Anínu Arinbjarnardóttur ... ... | 200 | | |
| 6. | — Eliesers Eiríkssonar ... ... ... | 200 | | |
| 7. | — Jóhannesar Þórðarsonar ... ... | 300 | | |
| 8. | — Guðm. Kristjánssonar ... ... ... | 300 | | |
| 9. | — Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ... | 600 | | |
| 10. | — Höllu Árnadóttur, ekkju Böðvars Sigurðssonar pósts... ... ... ... | 300 | | |
| 11. | — Halldórs Benediktssonar pósts ... | 200 | | |
| 12. | — Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar ... ... ... ... | 1000 | | |
| 13. | — Friðriks Jónssonar pósts ... ... | 450 | | |
| 14. | — Einars Ólasonar fyrrum pósts ... | 300 | | |
| 15. | — Þórodds Bjarnasonar pósts ... ... | 600 | | |
| | | Flyt ... 5650 | 57208,70 | 77024,65 |

| | | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|---|
| | Flutt ... | 5650 | 57208,70 | 77024,65 |
| 16. | Til Sigríðar Guðmundsdóttur, ekkju Böðvars Þorlákssonar ... ... ... | 300 | | |
| 17. | — Kristjáns Jónssonar pósts ... .. | 200 | | |
| 18. | — Hedvig Blöndal, ekkju Óla Blöndals póstritara, 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð | 500 | | |
| 19. | — Guðmundar Ólafssonar fyrrv. pósts á Akureyri ... ... ... ... ... | 300 | | |
| 20. | — Torfa Sæmundssonar pósts ... ... | 200 | | |
| 21. | — Guðjóns Kjartanssonar pósts ... | 250 | | |
| 22. | — Jóns Jónssonar í Galtarholti, f. pósts | 200 | | |
| 23. | — Álfheiðar Blöndal, ekkju Kristjáns Blöndals póstafgreiðslumanns ... | 300 | | |
| 24. | — Maríu Jónsdóttur, ekkju Fr. Klemenssonar... ... ... ... ... ... | 300 | | |
| 25. | — Jóhönnu Þ. Jónsdóttur, ekkju Steindórs Hinrikssonar pósts .. ... ... | 200 | | |
| 26. | — Tryggva Hallgrímssonar pósts ... | 200 | | |
| 27. | — Guðbjargar Ólafsdóttur, ekkju Guðmundar Kristjánssonar pósts ... | 300 | | |
| 28. | — Edvalds Eyjólfssonar pósts ... ... | 500 | | |
| | | | 9400,00 | |
| g. | Ritháfundar: | | | |
| 1. | Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar | 3500 | | |
| 2. | — Einars Hjörleifssonar Kvarans ... | 3000 | | |
| 3. | — Þorsteins Gíslasonar ... ... ... | 2000 | | |
| 4. | — Guðmundar Friðjónssonar ... ... | 1800 | | |
| 5. | — dr. Helga Péturss ... ... ... ... | 5000 | | |
| 6. | — Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu... | 1000 | | |
| 7. | — Einars Benediktssonar ... ... ... | 5000 | | |
| 8. | — Sigurðar Sigurðssonar skálds ... | 800 | | |
| 9. | — Jakobs Thorarensens ... ... ... | 1200 | | |
| 10. | — Sigurjóns Friðjónssonar ... ... | 1000 | | |
| 11. | — Guðmundar Kambans ... ... ... | 1800 | | |
| 12. | — Unnar Benediktsdóttur skáldkonu | 1000 | | |
| 13. | — Bríetar Bjarnhéðinsdóttur ... ... | 1000 | | |
| 14. | — Herdísar Andrésdóttur ... ... ... | 500 | | |
| 15. | — Ólínu Andrésdóttur ... ... ... | 500 | | |
| 16. | — Halldórs Kiljan Laxness ... ... | 5000 | | |
| | Flyt ... | 34100 | 66608,70 | 77024,65 |

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| | Flutt ... 34100 | 66608,70 | 77024,65 |
| 17. | Til Indriða Þorkelssonar á Fjalli ... 500 | | |
| 18. | — Jóns Þorsteinssonar á Arnarvatni 500 | | |
| 19. | — Kristleifs Þorsteinssonar ... ... 500 | | |
| 20. | — Theodórs Friðrikssonar ... ... 500 | | |
| | | 36100,00 | |
| h. | Ekkjur og börn skálda og rithöfunda: | | |
| 1. | Til Jakobínu Pétursdóttur . ... ... 200 | | |
| 2. | — Guðrúnar Jónsdóttur .. ... ... 300 | | |
| 3. | — Arnbjargar Einarsdóttur ... ... 300 | | |
| 4. | — Guðrúnar Sigurðardóttur ... ... 300 | | |
| 5. | — Ólínu Þorsteinsdóttur ... ... ... 300 | | |
| 6. | — Eleanor Sveinbjörnsson ... ... 1200 | | |
| 7. | — Kristínar Jakobsdóttur ... ... ... 800 | | |
| 8. | — Sigríðar Jónsdóttur ... ... ... 500 | | |
| | | 3900,00 | |
| i. | Ýmsir starfsmenn og ekkjur: | | |
| 1. | Til Petreu Jónsdóttur ... ... ... ... 300 | | |
| 2. | — Kristínar Sigurðardóttur júbil-ljósmóður ... ... ... ... ... ... 500 | | |
| 3. | — Matthildar Þorkelsd. júbilljósmóður 500 | | |
| 4. | — Lússíu Þorsteinsd. júbilljósmóður 200 | | |
| 5. | — Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ... 500 | | |
| 6. | — Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður... 400 | | |
| 7. | — Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ... 300 | | |
| 8. | — Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður 300 | | |
| 9. | — Jórunnar Guðmundsd. ljósmóður 300 | | |
| 10. | — Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður 200 | | |
| 11. | — Kristínar Guðmundsdóttur ljósm. 200 | | |
| 12. | — Hólmfríðar Friðfinnsd. ljósmóður 200 | | |
| 13. | — Aslaugar Bjarnadóttur ljósmóður 300 | | |
| 14. | — Hildar Jónsdóttur ljósmóður ... 300 | | |
| 15. | — Guðrúnar Guðmundsd. ljósmóður 300 | | |
| 16. | — Halldóru Metúsalemsd. ljósmóður 300 | | |
| 17. | — Jensínu Pálsdóttur ljósmóður ... 200 | | |
| 18. | — Margrétar Jónsdóttur ljósmóður ... 200 | | |
| 19. | — Guðrúnar Magnúsdóttur ljósmóður 200 | | |
| 20. | — Gróu Jónsdóttur ljósmóður ... ... 200 | | |
| 21. | — Þuríðar Jónsdóttur ljósmóður ... 300 | | |
| 22. | — Guðríðar Guðmundsdóttur ljós-móður ... ... ... ... ... ... 200 | | |
| 23. | — Guðrúnar Einarsdóttur ljósmóður 200 | | |
| 24. | — Guðrúnar Jóhannesdóttur ljósmóður 300 | | |
| 25. | — Sigríðar Narfadóttur ljósmóður ... 300 | | |
| | Flyt ... 7200 | 106608,70 | 77024,65 |

| | | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|---|
| | Flutt ... | 7200 | 106608,70 | 77024,65 |
| 26. | Til Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar... ... ... ... | 300 | | |
| 27. | — Páls Erlingssonar ... ... ... ... | 1200 | | |
| 28. | — Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri ... ... ... ... .. | 300 | | |
| 29. | — Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra ... ... ... ... | 300 | | |
| 30. | — Ólafs Guðmundssonar, fyrrum ferjumanns ... ... ... ... ... ... | 300 | | |
| 31. | — Guðmundar Þorfinnssonar fyrrum ferjumanns ... ... ... ... ... | 300 | | |
| 32. | — Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar ... ... | 200 | | |
| 33. | — Sigríðar Sveinsdóttur, ekkju Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns ... | 300 | | |
| 34. | — Árna Guðmundssonar fyrrum fiskimatsmanns á Bíldudal ... ... ... | 200 | | |
| 35. | — Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar ... ... ... ... ... ... | 400 | | |
| 36. | — Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar . ... ... ... ... ... ... | 300 | | |
| 37. | — Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará | 800 | | |
| 38. | — Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar ... ... ... | 600 | | |
| 39. | — Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar ... ... | 300 | | |
| 40. | — Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar ... ... ... ... | 300 | | |
| 41. | — Halldóru Pétursdóttur Briem . ... | 600 | | |
| 42. | — Kristjönu Benediktsdóttur ... ... | 400 | | |
| 43. | — Bjargar Guðmundsdóttur ... ... | 400 | | |
| 44. | — Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti ... ... ... ... ... ... | 400 | | |
| 45. | — Henriette Kjær... ... ... ... ... | 600 | | |
| 46. | — Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar ... ... ... ... ... | 400 | | |
| 47. | — Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð | 2200 | | |
| 48. | — Guðjóns Guðlaugssonar .. ... ... | 1200 | | |
| 49. | — Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar ... ... ... ... ... | 300 | | |
| 50. | — Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey... ... ... ... ... | 300 | | |
| | Flyt ... | 20100 | 106608,70 | 77024,65 |

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| | Flutt ... 20100 | 106608,70 | 77024,65 |
| 51. | Til Halldóru Þórðardóttur ... ... ... 600 | | |
| 52. | — Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrrv. spítalaráðskonu ... ... ... ... ... 300 | | |
| 53. | — Sigríðar Magnúsd. hjúkrunarkonu 500 | | |
| 54. | — Jónínu Marteinsd. hjúkrunarkonu 300 | | |
| 55. | — Guðleifar Erlendsdóttur fyrrv. hjúkrunarkonu .. ... ... ... ... 300 | | |
| 56. | — Arndísar Sigurðardóttur, þvottakonu í Laugarnesspítala... ... ... 300 | | |
| 57. | — Sigurðar Péturssonar fangavarðar 1000 | | |
| 58. | — Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ... 300 | | |
| 59. | — Susie Briem, ekkju Halldórs Briems 800 | | |
| 60. | — Valgerðar Steinsen fyrrv. spítalaráðskonu ... ... ... ... ... ... 500 | | |
| 61. | — Benedikts Þ. Gröndals ... ... ... 800 | | |
| 62. | — Jóns Runólfssonar sýsluskrifara ... 600 | | |
| 63. | — Ingveldar Guðmundsdóttur, ekkju Erlendar Zakaríassonar... ... ... 300 | | |
| 64. | — Sigríðar Pálsdóttur, ekkju Gunnlaugs Indriðasonar ... ... ... ... 400 | | |
| 65. | — Halldórs Brynjólfssonar blinda ... 350 | | |
| 66. | — Halldórs Þórðarsonar fyrrv. dyravarðar Alþingis ... ... ... ... 300 | | |
| 67. | — Friðfinns Guðjónssonar leikara ... 800 | | |
| 68. | — Margrétar Vigfúsdóttur, ekkju Jóh. Baldvinssonar vitavarðar ... ... 300 | | |
| 69. | — Sigríðar Gísladóttur, ekkju Kristjáns Kristjánssonar skjalav. Alþingis, 100 kr. með hverju barni þeirra til 16 ára aldurs ... ... ... ... 900 | | |
| 70. | — Þórðar Flóventssonar ... ... ... 400 | | |
| | | 30150,00 | |
| | Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna. | | |
| j. | Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli . ... ... ... ... | 3000,00 | |
| | | | 139758,70 |
| III. | Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. a.—d. og II. a.—i. | | 40384,40 |
| | Samtals ... | ... ... | 257167,75 |

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

## III. KAFLI.

### Eignahreyfingar.

20. gr.

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| | **Inn.** | | |
| I. | Fyrningar: | | |
| 1. | Samkvæmt 3. gr. A. ... ... ... ... ... ... | 65640 | |
| 2. | — 3. — B. ... ... ... ... ... ... | 3650 | |
| 3. | — 9. — ... ... ... ... ... ... ... | 2170 | |
| 4. | — 10. — ... ... ... ... ... ... ... | 2046 | |
| 5. | — 11. — ... ... ... ... ... ... ... | 7070 | |
| 6. | — 12. — ... ... ... ... ... ... ... | 60721 | |
| 7. | — 13. — ... ... ... ... ... ... ... | 130552 | |
| 8. | — 14. — ... ... ... ... ... ... ... | 12852 | |
| 9. | — 15. — ... ... ... ... ... ... ... | 4350 | |
| | | | 289051 |
| II. | Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum, keyptum skv. lögum nr. 14 9. júlí 1909 ... ... ... ... | | 50000 |
| III. | Endurgreiddar fyrirframgreiðslur ... ... ... ... | | 10000 |
| IV. | Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna ... ... | | 125000 |
| | Samtals ... | ... ... | 474051 |
| | **Út.** | | |
| I. | Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana: | | |
| 1. | Ríkissjóðslán: | | |
| | a. Innlend lán ... ... ... ... ... 217957,00 | | |
| | b. Dönsk lán, d. kr. 323,095 á 100.00 323095,00 | | |
| | c. Ensk lán, £ 8025—0—0 á 22.15 177753,00 | | |
| | | 718805 | |
| 2. | Lán ríkisstofnana: | | |
| | a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 2.) ... 134000 | | |
| | b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.) ... 124040 | | |
| | | 258040 | |
| II. | Til eignaaukningar ríkisstofnana: | | 976845 |
| 1. | Landssíminn (ný símakerfi o. fl.) ... ... ... .. | 165000 | |
| 2. | Ríkisprentsmiðjan ... ... ... ... ... ... ... | 20000 | |
| 3. | Landsmiðjan ... ... ... ... .. ... ... ... | 10000 | |
| | | | 195000 |
| III. | Til byggingar nýrra vita ... ... ... ... ... ... | | 76000 |
| IV. | Til lögboðinna fyrirframgreiðslna ... ... ... ... | | 10000 |
| | Samtals ... | ... ... | 1257845 |

21. gr.

I. Rekstrar-

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| | **Tekjur:** | | |
| 2. gr. | Skattar og tollar ... ... ... ... ... ... ... | | 9615000,00 |
| 3. gr. A. | Tekjur af rekstri ríkisstofnana ... ... ... ... | 1801400 | |
| — B. | Tekjur af fasteignum ríkissjóðs ... ... ... ... | 24650 | |
| | | | 1826050,00 |
| 5. gr. | Tekjur af bönkum og vaxtatekjur ... ... ... | | 518940,00 |
| 4. gr. | Óvissar tekjur ... ... ... ... ... ... ... ... | | 50000,00 |
| | Rekstrarhalli ... ... ... ... ... ... ... ... | | 1000284,75 |
| | Samtals ... | ... ... | 13010274,75 |

II. Sjóðs-

| | | kr. |
|---|---|---|
| | **Inn:** | |
| 2.—5. gr. | Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti ... ... ... ... ... | 12009990,00 |
| | Aðrar innborganir og fyrningar [1]): | |
| 20. gr. I. | Fyrningar ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 289051,00 |
| — II. | Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum ... ... ... ... | 50000,00 |
| — III. | Endurgreiddar fyrirframgreiðslur ... ... ... ... ... ... | 10000,00 |
| — IV. | Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna ... ... ... ... | 125000,00 |
| | Greiðslujöfnuður ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 1784078,75 |
| | Samtals ... | 14268119,75 |

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

Yfirlit.

yfirlit.

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| | **Gjöld:** | | |
| 7. gr. | Vextir ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | | 1547576,00 |
| 8. gr. | Borðfé konungs ... ... ... ... ... ... ... ... | | 60000,00 |
| 9. gr. | Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga ... ... ... ... ... ... ... ... | | 250920,00 |
| 10. gr. | Til ríkisstjórnarinnar ... ... ... ... ... ... ... | | 407846,00 |
| 11. gr. A. | Til dómgæzlu og lögreglustjórnar ... ... ... | 1065760,00 | |
| — B. | Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur | 231000,00 | |
| | | | 1296760,00 |
| 12. gr. | Til læknaskipunar og heilbrigðismála ... ... | | 714871,00 |
| 13. gr. A. | Vegamál ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 1348352,00 | |
| — B. | Samgöngur á sjó ... ... ... ... ... ... ... ... | 702000,00 | |
| — C. | Vitamál og hafnargerðir ... ... ... ... ... | 521700,00 | |
| | | | 2572052,00 |
| 14. gr. A. | Kirkjumál ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 370420,00 | |
| — B. | Kennslumál ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 1504377,00 | |
| | | | 1874797,00 |
| 15. gr. | Til vísinda, bókmennta og lista... ... ... ... | | 179610,00 |
| 16. gr. | Til verklegra fyrirtækja ... ... ... ... ... | | 2594175,00 |
| 17. gr. | Til almennrar styrktarstarfsemi ... ... ... ... | | 1154500,00 |
| 18. gr. | Til eftirlauna og styrktarfjár ... ... ... ... | | 257167,75 |
| 19. gr. | Óviss útgjöld ... ... ... ... ... ... ... ... | | 100000,00 |
| | Samtals ... | ... ... | 13010274,75 |

yfirlit.

| | | kr. |
|---|---|---|
| | **Út:** | |
| 7.—19. gr. | Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti ... ... ... ... | 13010274,75 |
| | Aðrar útborganir: | |
| 20. gr. I. | Afborganir lána ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... | 976845,00 |
| — II. | Til eignaaukningar ríkisstofnana ... ... ... ... ... ... | 195000,00 |
| — III. | Til byggingar nýrra vita ... ... ... .. ... ... ... ... | 76000,00 |
| — IV. | Lögboðnar fyrirframgreiðslur ... ... ... ... ... ... ... | 10000,00 |
| | Samtals ... | 14268119,75 |

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn mjólkurbúum til osta- og smjörgerðar og mjólkurniðursuðu. Styrkurinn nemi allt að 1/4 kostnaðar og sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

II. Að endurgreiða úr lífeyrissjóði embættismanna og barnakennara eftirtöldum mönnum, án vaxta, það fé, sem þeir hafa lagt í sjóðinn: Séra Sigurði Einarssyni fyrrv. presti, Snorra P. B. Arnar fyrrv. starfsmanni við loftskeytastöðina, Jóni H. Leós fyrrv. póstfulltrúa, Jónasi Sveinssyni fyrrv. héraðslækni, Ólafi Pálssyni fyrrv. kennara, Ásgeiri Magnússyni fyrrv. kennara, Jónasi Guðmundssyni fyrrv. kennara og Helga H. Eiríkssyni fyrrv. kennara við Kennaraskólann.

III. Að greiða embættis- og starfsmönnum ríkisins, sem taka laun samkv. launalögum og hafa undir 4000 kr. laun, dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og jafnháa og gert var 1934, þeim, sem hafa 4000 til 4100 kr. laun, 15% dýrtíðaruppbót, þeim, sem hafa 4100 til 4200 kr. laun, 14% dýrtíðaruppbót, og þannig stiglækkandi um 1% fyrir hverjar 100 kr., sem launin hækka, þó aldrei hærri uppbót en svo, að laun ásamt dýrtíðaruppbót nemi meiru en 5000 kr.

IV. Að gera þær ráðstafanir, sem þarf til að geta framkvæmt sparnað á launum þeirra manna, sem ekki taka laun samkv. launalögum, en starfa þó hjá ríkinu, stofnunum þess eða öðrum stofnunum, sem ríkisstjórnin getur ráðið launagreiðslum hjá. Skal sú niðurfærsla vera tilsvarandi og gerð eftir sömu reglum og lækkun dýrtíðaruppbótar á laun samkvæmt launalögum og koma til framkvæmda eftir því sem lög og samningar leyfa.

V. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 90000 kr. láni fyrir nýstofnað samvinnufélag á Búðum í Fáskrúðsfirði til kaupa á fiskibátum, enda nemi lánið eigi meiru en 4/5 af kaupverði bátanna fullbúinna til fiskiveiða. Lánið sé tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Búðahrepps og fyrsta veðrétti í bátunum. Forstöðumaður og annar endurskoðandi félagsins skulu samþykktir af ríkisstjórninni.

VI. Að ábyrgjast fyrir hafnarsjóð Ísafjarðarkaupstaðar allt að 365000 króna lán til byggingar bátahafnar á Ísafirði, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar.

VII. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 350 þús. kr. láni fyrir innlent félag til þess að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði, er geti unnið úr ca. 600 málum síldar á sólarhring, enda fari lánið eigi fram úr 90% stofnkostnaðar, sé tryggt með 1. veðrétti í eigninni og ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar, en samþykktir og starfsreglur félagsins og ráðning forstjóra þess háð samþykki atvinnumálaráðherra. (Endurveiting).

VIII. Að ábyrgjast fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, 150000 kr. lán til að breyta eldri lánum í hagkvæmari lán.

IX. Að ábyrgjast fyrir Neskaupstað allt að 30 þús. kr. viðbótarlán til síldarverksmiðjunnar á Norðfirði.

X. Að ábyrgjast fyrir Hríseyjarhrepp, gegn endurábyrgð Eyjafjarðarsýslu, allt

að 10 þús. kr. lán til vatnsveitu, gegn því, að jarðskjálftasjóður leggi fram allt að sömu upphæð.

XI. Að ábyrgjast fyrir Austur-Húnavatnssýslu, vegna rafveitu á Blönduósi, allt að 60 þús. kr.

XII. Að ábyrgjast fyrir Sauðárkrókshrepp, vegna rafveitu, 40 þús. kr., gegn bakábyrgð Skagafjarðarsýslu.

XIII. Að krefjast þeirra trygginga, sem stjórnin metur gildar, fyrir hverri þeirri ábyrgð, sem hún gengur í f. h. ríkissjóðs, enda séu allar slíkar lántökur framkvæmdar af fjármálaráðuneytinu eða öðrum trúnaðarmönnum landsins, sem ráðuneytið samþykkir til þess í hvert sinn.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1934, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1934 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

## Ed. 646. Nefndarálit

um frv. til laga um mat á fiskúrgangi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt, en telur rétt, að á því verði gerðar nokkrar orðabreytingar. Fellir nefndin sig ekki við nafnið „skreið“ á þurrkuðum fiskúrgangi og vill í þess stað nota orðið þurrbein.

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþ. með þessum

BREYTINGUM:

a. Upphaf 1. gr. orðist þannig:
Allan hertan fiskúrgang (hryggi, hausa o. fl.), sem seldur er, o. s. frv.

b. Í stað „skreið“ í öllum föllum komi: þurrbein.

Alþingi, 3. des. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Ingvar Pálmason, form., frsm. | Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. | Jón A. Jónsson. |

## Ed. 647. Breytingartillögur

við frv. til laga um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist:
   Ennfremur ábyrgist ríkisstjórnin allt að 90 þúsund króna lán fyrir h/f Vestfjarðabátinn, til byggingar á nýjum bát, enda sé lánið tryggt með endurábyrgð Norður-Ísafjarðarsýslu og 1. veðrétti í bátnum.
2. Við 2. gr. Við greinina bætist:
   Ennfremur leggur ríkisstjórnin fram ⅓ hlutafjár í h/f Vestfjarðabátinn, allt að 30 þúsund krónur, og er heimilt að skipta framlaginu í jafnar greiðslur á næstu 5—10 árum.
3. Við 3. gr. Fyrir „félagsins“ og „félagið“ kemur: félaganna og félögin. Fyrir „þess“ kemur: þeirra.
4. Fyrirsögnin verður: Frumvarp til laga um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi og h/f Vestfjarðabátinn á Ísafirði.

## Ed. 648. Frumvarp

til laga um lán úr byggingarsjóði handa Byggingarfélagi Reykjavíkur, samvinnuhlutafélagi í liquidation.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Úr byggingarsjóði Reykjavíkur skal, svo fljótt sem fé er fyrir hendi í sjóðnum og stjórn byggingarsjóðs telur fært, veita lán til Byggingarfélags Reykjavíkur, samvinnuhlutafélags í liquidation, er samsvari að upphæð skuldum félagsins. Lánið veitist affallalaust, og ávaxtist það og endurborgist með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár. Lánið skal tryggt með veðrétti í húseignum félagsins, og þar að auki með ábyrgð Reykjavíkurkaupstaðar, þangað til lánið er borgað svo niður, að fasteignatryggingin fullnægi ákvæðum 3. gr. laganna að dómi stjórnar byggingarsjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Byggingarfélag Reykjavíkur, samvinnuhlutafélag, var stofnað árið 1919 til þess að „koma upp húsum, í þeim tilgangi, að útvega efnalitlu fólki holl, hentug og ódýr íbúðarhús til leigu eða kaups“. Félagið byggði síðan á árunum 1919 og

1920 húsin Barónsstíg 30, Bergþórugötu 41 og 43—45 B, 16, 18 og 20. Eru þrjú hin síðastnefndu timburhús, en hin steinsteypuhús. Standa öll húsin á leigulóðum bæjarins, og var bókfært verð þeirra í árslok 1921 kr. 311494.17.

Rekstur félagsins gekk erfiðlega, enda voru húsin byggð á dýrum tíma og lánin mjög óhagstæð, að mestu leyti víxillán. Loks gafst félagsstjórnin upp snemma árs 1933 og framseldi bú félagsins til gjaldþrotaskipta. Var þá skipuð skilanefnd, tveim mönnum, sem bæjarráð Reykjavíkur tilnefndi, og einum manni úr fráfarandi stjórn félagsins, og hefir þessi nefnd síðan rekið fyrirtækið í liquidation, en bæjarsjóður Reykjavíkur veitt fjárhagslega aðstoð til bráðabirgða.

Skuldir félagsins eru sem stendur samtals um kr. 280000,00. Rekstur húsanna er kominn í gott lag, eftir að þau nú hafa fengið nauðsynlega viðgerð, og er ársleigan af þeim um kr. 28000,00. En núverandi lán eru fyrirtækinu of þungbær.

Farið hefir verið fram á það við stjórn byggingarsjóðs Reykjavíkur, að hún veitti þessu fyrirtæki lán samkvæmt lögunum um verkamannabústaði. En stjórn sjóðsins hefir talið sig þurfa að fá til þess sérstaka lagaheimild, sakir þess að fyrirtækið er eldra en lögin um verkamannabústaði, og þess vegna ekki að öllu leyti sniðið eftir ákvæðum þeirra laga. En þar sem fyrirtækið í raun og veru er stofnað og rekið í öldungis sama augnamiði og gert er ráð fyrir í lögunum um verkamannabústaði, er farið fram á, að nauðsynleg lagaákvæði verði sett sem að framan greinir.

## Nd. 649. Lög

um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Afgreidd frá Nd. 4. des.).

Samhljóða þskj. 603.

## Nd. 650. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 618 [Síldarverksmiðjur ríkisins].

Frá Finni Jónssyni.

Við 3. (Ákvæði til bráðabirgða). Á eftir orðunum „4. gr.“ komi: og kosning endurskoðenda.

## Ed. 651. Frumvarp

til laga um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Enginn má reisa síldarverksmiðju hér á landi, né heldur stækka síldarverksmiðju, sem fyrir er, nema að fengnu leyfi atvinnumálaráðherra.

2. gr.

Ríkissjóður hefir að öðru jöfnu forkaupsrétt að síldarverksmiðjum þeim, sem nú eru í landinu eða síðar kunna að verða reistar.

3. gr.

Síldarverksmiðjur þær, sem ríkið nú á eða síðar kann að eignast, skulu reknar samkv. lögum þessum, sé eigi öðruvísi ákveðið.

4. gr.

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð 5 mönnum. Fjórir þeirra skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn, en atvinnumálaráðherra skipar fimmta manninn til jafnlangs tíma, og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

Endurskoðendur verksmiðjanna séu tveir, og skulu þeir kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til eins árs í senn.

Stjórn verksmiðjanna hefir aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu a. m. k. þrír úr stjórninni vera þar búsettir eða hafa þar fast aðsetur þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar. Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda.

Stjórn verksmiðjanna hefir á hendi yfirstjórn þeirra. Hún annast sölu afurðanna í samráði við framkvæmdarstjóra. Til þess að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift þriggja stjórnenda.

Stjórn verksmiðjanna ræður, til eins árs í senn, einn framkvæmdarstjóra, er hefir á hendi daglega stjórn verksmiðjanna og umsjón með rekstrinum.

Framkvæmdarstjóri hefir prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem öðruvísi er eigi ákveðið. Stjórn verksmiðjanna ákveður nánar starfsvið hans og laun með erindisbréfi.

5. gr.

Nú er ríkissjóður eigandi síldarbræðslustöðvar, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samvinnufélagi síldveiðimanna, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, enda hafi báðar deildir Alþingis lagt samþykki sitt á söluna. Ennfremur er það skilyrði fyrir slíkri sölu, að þátttaka í samvinnufélaginu sé almenn, bæði meðal útgerðarmanna og sjómanna.

6. gr.

Verksmiðjurnar kaupa ekki síld af framleiðendum, nema með sérstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en taka við henni til vinnslu fyrir þeirra reikning.

7. gr.

Áður en árleg starfræksla hefst, skal stjórn verksmiðjanna leita loforða íslenzkra útgerðarmanna um tölu skipa, sem fá munu verksmiðjunum afla sinn til vinnslu, og gera samninga við útgerðarmenn þar um. Skulu samningsbundnir viðskiptamenn ganga fyrir viðskiptum. Skal áætlun um viðskiptamagnið vera fyrir hendi fyrir 15. maí ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku, í samráði við stjórn verksmiðjanna, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiptamagni, hvort verksmiðjurnar verði reknar það ár.

Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjurnar geti unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjanna ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka þá síld til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjurnar.

8. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hér segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði, eins og hann er á hverjum tíma.
2. Afborgunum af stofnkostnaði síldarstöðvanna, svo sem um er samið á hverjum tíma við lánveitendur eða ríkissjóð.
3. 2% fyrningargjaldi af húsum, mannvirkjum, vélum og áhöldum.
4. 5% gjaldi í varasjóð.

Áætlunarverð síldarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 6. gr., má greiða eigendum með allt að 85% við afhendingu síldar til vinnslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, þegar allar afurðir verksmiðjanna hafa verið seldar, eða þá er ársreikningur er fullgerður.

9. gr.

Síldarverksmiðjunum skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af síldarmjöli, sem slík félög hafa pantað fyrir 31. ágúst ár hvert og síldarbræðslurnar geta látið af höndum. Skulu félögin skyld að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi fyrir 10. nóv. það ár, sem þær eru gerðar. Félögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum frá 1000 til 10000 kr.

10. gr.

Reikningsár verksmiðjanna skal vera almanaksárið. Stjórn verksmiðjanna skal gera reikningsskil fyrir starfsárið, svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum sínum fyrir 1. apríl ár hvert. Að

þeim tíma loknum skal stjórn verksmiðjanna tafarlaust senda atvinnumálaráðherra afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum verksmiðjanna, undirskrifaða af stjórninni og áritaða af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur verksmiðjanna á árinu.

Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna og landsreikningnum.

11. gr.

Verksmiðjurnar eru undanþegnar aukaútsvari og tekju- og eignarskatti.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjanna setur atvinnumálaráðuneytið með sérstakri reglugerð.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um stofnun síldarbræðslustöðva, nr. 49 7. maí 1928, og lög um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar, nr. 42 14. júní 1929, og lög um breytingar á þeim lögum, nr. 10 27. apríl 1932.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

Kosning fjögurra manna í verksmiðjustjórn samkv. 4. gr. og kosning endurskoðenda skal fara fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög. Fellur þá jafnframt niður umboð núverandi verksmiðjustjórnar.

Fyrningargjald af dr. Pauls verksmiðju, sem nú er eign ríkisins, skal eigi reikna þau fjögur ár, sem eftir er að greiða fyrrverandi eiganda afborganir af andvirði verksmiðjunnar samkv. samningi.

## Nd. 652. Breytingartillaga

við frv. til l. um vátryggingar opinna vélbáta o. fl.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 3. gr. Greinin falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

**Til vara:**

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: enda hafi bátaábyrgðarfélag verið stofnað í hlutaðeigandi verstöð.

**Ed.** **653. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin sendi frv. til Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélagsins og skipulagsnefndar atvinnumála og bað um umsögn þessara aðila, að því er snerti atvinnuvegina. Hafa nú svör borizt. Auk þess hefir rektor háskólans sent nefndinni umsögn Árna Friðrikssonar fiskifræðings og Trausta Ólafssonar. Þykir nefndinni rétt, að þingmenn eigi kost á að kynnast öllum þessum gögnum, og fylgja þau því hér með. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að skýra afstöðu nefndarinnar til málsins, þar sem hún hefir flutt það.

Alþingi, 4. des. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Bernh. Stefánsson, form., frsm. | Guðrún Lárusdóttir, fundaskr. | Jónas Jónsson. |

**Fylgiskjal I.**

BÚNAÐARMÁLASTJÓRI
SIG. SIGURÐSSON

Reykjavík, 29. nóv. 1934.

Hin háa menntamálanefnd efri deildar Alþingis hefir óskað umsagnar vorrar um frumvarp til laga um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands.

Frumvarp þetta hefir verið lagt fyrir stjórnarnefnd félagsins, en henni eigi unnizt tími til að gera ákveðnar tillögur. Um málið skal þó farið nokkrum orðum.

Vér erum þeirri hugsjón fylgjandi, að nauðsyn beri til, að stofnað sé til atvinnudeildar við Háskóla Íslands og í sambandi við hana rannsóknarstofur.

Hinsvegar lítum vér svo á, að frumvarp það, sem hér liggur fyrir, sé eigi nægilega ýtarlegt eða heilsteypt. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að atvinnudeildin eigi að vinna fyrir fiskiveiðar, landbúnað og iðnað. Nú verður þetta eigi gert nema því aðeins, að við deildina starfi menn, sem hafi víðtæka þekkingu á þessum efnum og séu sérfræðingar í hinum einstöku greinum.

Af frumvarpinu verður eigi séð, að neinum búfróðum manni sé ætlað að starfa þar. Vér teljum það þó nauðsynlegt, að prófessor búnaðardeildarinnar hafi fullkomna búnaðarmenntun, og helzt sérþekkingu í einhverri fræðigrein búnaðarins. Þetta á að vera aðalmaður, sem á að hafa forgöngu í öllum tilraunum og rannsóknum búnaðardeildarinnar. Þarf því að hafa víðtæka þekkingu á búnaði, bæði utan lands og innan.

Að öðru er oss eigi ljóst af frumvarpinu, hvernig sambandi milli atvinnudeildarinnar og búnaðarins, fiskiveiðanna og iðnaðarins á að vera fyrir komið,

eða hvernig atvinnudeildinni er ætlað að vinna með stofnunum þeim, sem nú starfa á þessum sviðum, Fiskifélagi, Búnaðarfélagi og Iðnsambandi. Vér höfum svo lítið fé til umráða, að allir starfskraftar þurfa að notast sem bezt. Að koma upp sérstökum stofnunum, sem hver vinni út af fyrir sig og sem svo eigi standa í sambandi hver við aðra, mun eigi heillavænlegt.

Af framangreindum ástæðum hyggjum vér nauðsynlegt, að frumvarp þetta sé betur athugað, bæði af háskólaráðinu og aðalmönnum þeirra stofnana, sem atvinnudeildinni er ætlað að vinna fyrir. Nauðsynlegt er og að kynna sér fyrirkomulag líkra stofnana erlendis og samræma við vora staðhætti.

Virðingarfyllst

S. Sigurðsson.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

**Fylgiskjal II.**

SKIPULAGSNEFND ATVINNUMÁLA

Reykjavík, 28. nóv. 1934.

Viðvíkjandi bréfi yðar, dags. 16. nóv. 1934, þar sem óskað er umsagnar skipulagsnefndar atvinnumála um þá hlið frumvarps til laga um atvinnudeild við Háskóla Íslands, er snertir atvinnulífið, leyfir nefndin sér að láta í ljós eftirfylgjandi athugasemdir.

Nefndin lítur svo á, að mjög mikils sé um það vert, að hlutazt sé til um, að atvinnuvegir landsmanna fái allan þann stuðning af vísindalegri, innlendri starfsemi, sem frekast er unnt að veita þeim, og jafnframt mjög mikilvægt, að starfsemi Háskóla Íslands verði fjölbreyttari en hún er nú, en nefndinni virðist, sem með frumvarpinu séu ekki gerðar nægilegar ráðstafanir til þess, að séð verði fyrir þessum efnum á viðunandi hátt.

Um síðara atriðið er það að segja, að enda þótt það sé vafalaust rétt, sem bent er á í greinargerð frumvarpsins, „að markmið æðsta skóla landsins á ekki eingöngu að vera það, að útskrifa embættismenn, heldur væri ekki minna um hitt vert, ef þessi menntastofnun gæti orðið miðstöð fyrir hagnýta þekkingu“ o. s. frv., þá lítur nefndin svo á, að naumast sé æskilegt að tengja við háskólann starfsemi, sem ekki stendur í neinu sambandi við kennslu. Það er alkunnugt, að mikil þörf er á því, að stúdentum verði gefinn kostur á fjölbreyttara námi við háskólann en þeir eiga nú kost á. En þetta frumvarp bætir á engan hátt úr þeim skorti. Á frumvarpinu verður ekki séð, að prófessorum og aðstoðarmönnum hinnar fyrirhuguðu deildar sé ætlað að hafa neina stúdentafræðslu með höndum. Og bersýnilegt er, að hún ætti þess heldur ekki neinn kost, þar sem meðal annars er ekki gert ráð fyrir neinum sérfræðingi í stærðfræði og eðlisfræði. En þær vísindagreinar eru, eins og almennt er vitað, undirstöðugreinar alls verklegs vísindanáms.

En þótt ekki sé höfð nein hliðsjón af fræðslu stúdentanna, þá verður ennfremur á það að benda, að sem rannsóknarstofnun til viðreisnar og eflingar atvinnuvegum landsmanna nær þessi fyrirhugaða atvinnudeild háskólans svo skammt, að naumast verður sagt, að atvinnuvegirnir séu mikið betur settir hennar vegna en þeir eru nú. Í því sambandi má t. d. benda á, að ekki er gert ráð fyrir, að hér verði fjallað um þau efni, sem heyra undir almenna jarðfræði, grasafræði, plöntusjúkdómafræði, jarðræktarfræði og ýmislegt annað, er að landbúnaðarfræðum lýtur.

Þá lítur nefndin ennfremur svo á, að með stofnun atvinnudeildar við háskólann með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, sé á engan hátt séð fyrir þeirri samvinnu við ríkisstjórnina og atvinnulífið í landinu, eins og það er á hverjum tíma, sem nauðsynleg er til þess að stofnunin komi að haldi.

Og að lokum skal á það bent, að með 7. gr. frumvarpsins eru úr gildi numin ýms þörf ákvæði úr lögum nr. 17 14. júní 1929, um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna, án þess að aðrar ráðstafanir séu gerðar, er komið geti í þeirra stað.

Að þessu athuguðu þykir skipulagsnefnd atvinnumála sýnt, að málið sé ekki nægilega undirbúið, og leyfir sér því að leggja það til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar með tilmælum um, að hún láti fara fram nýja athugun á þessu mikilvæga máli og leggi það, að þessum nauðsynlega undirbúningi loknum, fyrir næsta Alþingi.

Skipulagsnefnd atvinnumála

Héðinn Valdimarsson.

Steingr. Steinþórsson.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

**Fylgiskjal III.**

Sem svar við heiðruðu bréfi yðar, dags. 22. nóv. 1934, skal mér ljúft að láta í ljós álit mitt á frumvarpi því til laga um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands (þskj. 406), sem bréfinu fylgdi.

Mér þykir varla taka því að benda á þörf þá, sem á því er, að starfrækja vísindalegar rannsóknir í þágu atvinnuveganna; til þess er hún of augljós. Enda virðast allir þeir, sem látið hafa þetta mál til sín taka, á eitt sáttir um það. Þessu til frekari sönnunar má einnig benda á, að ýmsar stofnanir hafa, reyndar af veikum mætti, reynt að auka þekkingu manna á þeim grundvelli, sem atvinnuvegirnir standa á; ég á hér meðal annars við rannsóknir þær, sem Fiskifélagið hefir stofnað til. Í öðru lagi mætti nefna ýms þau viðfangsefni, sem ennþá bíða lausnar, en hafa þó lífræna þýðingu fyrir atvinnuvegi landsmanna. Hve mikla veiði þola t. d. stofnar hinna íslenzku nytjafiska? Er hægt að veiða fisk annarsstaðar og með öðru móti en hér er gert? Að hve miklu leyti búum við Íslendingar að okkar eigin stofnum? Hver eru skilyrðin til þess, að einhver árgangur, t. d. af þorski, sem hér verður til, alist upp við landið? Þannig mætti lengi halda

áfram að spyrja. Lausn þessara viðfangsefna, og annara, sem hér verða eigi talin, hafa það peningagildi fyrir þjóðina, sem ekki verður í milljónum mælt. -- Og þá er landbúnaðinum og iðnaðinum ekki síður þörf á vísindalegri aðstoð. Skilyrði til þess, að atvinnuvegir vorir geti keppt við atvinnuvegi annara landa, er, að afstaðan til þess að framleiða verðmæti hér sé sem minnstu lakari en annarsstaðar, svo framarlega sem yfir okkur gengur sama öld og aðra. **Rannsóknir í þágu atvinnuveganna eru lífsnauðsyn.**

Það leikur ekki á tveimur tungum, þegar skynsamlegrar yfirvegunar er gætt, að allar vísindalegar rannsóknir í þágu atvinnurekstrarins geta þá og því aðeins komið að fullu gagni, að þeim sé skipað saman í eina sterka heild, þar sem hver höndin veitir annari lið, þar sem þeir beztu sérfræðingar, sem völ er á, standa hlið við hlið. Gallinn á því fyrirkomulagi, að einstakir rannsóknarliðir standa sem þöll í þorpi í skjóli einstakra félaga, sem eigi eru einu sinni fyrirtæki ríkisins, er í fleiru en einu fólginn, þótt engum sé um að kenna, nema skipulaginu. Nú sækir félag, sem hefir einhvern lið rannsókna á sinni könnu, ef til vill meginhlutann af starfsfé sínu, til ríkisins. Hvernig fer þá fyrir rannsóknunum, ef ríkisstyrkurinn er allt í einu „skorinn niður" t. d. um helming? Á þá að draga þær saman um helming, eða láta þær rýma sess fyrir þeim störfum félagsins, sem teljast mega aðalatriði á stefnuskrá þess, alveg án tillits til þess, að Alþingi vildi ef til vill hlynna að þeim, frekar en öðrum starfsgreinum félagsins, ef þær stæðu sér? Örðugur fjárhagur félags, sem rannsóknir eru bundnar, getur mjög stemmt stigu fyrir þrifum þeirra. Slíkt var nýlega rétt í þann veginn að henda þær rannsóknir, sem ég hefi með höndum.

Á hinn bóginn er ekkert, sem eindregið mælir með því, að ríkið veiti fé til vísindalegra rannsókna, en feli félagi, sem það styrkir, að vera fjárhaldsmaður þeirra. Í öðru lagi er engan veginn hægt til þess að ætlazt, að félagsstjórn, hversu góð og glögg sem hún annars kann að vera, geti sagt starfshæfum vísindamanni með sérþekkingu fyrir verkum. Dagstörfum sínum og aðferðum verður hann sjálfur að ráða og bera ábyrgð á, en erfiðleikar atvinnulífsins í þann og þann svipinn og hans eigið starf skapar honum viðfangsefni. Til þess að sanna það, að fleiri líti svo á þetta mál, skal það tekið fram, að þegar ég réðist til Fiskifélagsins, 1. jan. 1931, var mér ekkert skipunarbréf fengið, enda þótt í stjórn þess sæti þá, eins og reyndar ennþá, sá maður, sem færastan má telja allra Íslendinga í fiskirannsóknum, ekki einungis nú, heldur á öllum tímum. Ég kann að fullu að meta það traust, sem mér var sýnt með þessu, og virði þann drengskap, sem undir bjó. Sömuleiðis nýtur forseti félagsins og stjórn óblandinnar virðingar minnar og þakklætis fyrir það, að ég hefi haft algerlega óbundnar hendur um allt, sem að rannsóknunum laut, og hefi einn valið mér viðfangsefni til meðferðar, einnig þau, sem nú standa á stefnuskrá rannsóknanna. Ég hefi sjálfur skapað mér samband við þá menn, sem aðstoða mig víðsvegar á landinu, og er óhætt að fullyrða, að allt, sem rannsóknirnar snerti og ekki laut að fjármálum, hefir farið beint í gegnum mínar hendur, en ekki Fiskifélagsins.

Þetta er tekið fram til þess að sýna, hvernig bezt má fara. En þetta samstarf félags og rannsókna **getur** vissulega verið á aðra leið, og þá má óhætt

gera ráð fyrir, að rannsóknirnar bíði tjón af. Og þó að þessi hlið málsins hafi, að því er mig snertir, verið í bezta lagi, þá hafa mínar rannsóknir eins og annara að sumu öðru leyti orðið að búa við ýmsa annmarka, eins og t. d. óhentugt húsnæði, óvissa framtíð, fjárhagslegt aðhald, og fullkominn skort á aðstoð heima fyrir. Þetta skal sagt fyrirkomulaginu, en ekki Fiskifélaginu til lasts, nema þá ef vera skyldi, að rannsóknunum var ekki séð fyrir betra húsnæði þegar byggt var. Af þessu er auðsætt, að rannsóknirnar geta ekki líkt því notið sín til fulls við þá aðstöðu, sem þær hafa nú. Og þegar þess er gætt, að Fiskifélagið, með þeirri stjórn, sem nú er, gerir jafnvel betur við rannsóknir sínar nú en ætlazt mætti til að almennt væri, eru fljótt auðsæir þeir annmarkar, sem því eru bundnir, að einstökum stofnunum séu fengnar rannsóknir, sem hafa þjóðarheill að marki.

Ég leyfi mér að staðhæfa, að hvaða rannsóknir sem eru standi í alveg jafngóðu sambandi við umheiminn, hvaða nafni sem þær nefnast, hvar sem þeim er fengin vist, og undir hvaða merki sem þær teljast. Fáir munu þeir vera, sem yrðu feimnir við að leita sérfræðings inn fyrir veggi háskólans, ef þeir á annað borð bera höfuðið hátt þegar þeir fara á fund hans í aðrar stofnanir. Og hver sá sérfræðingur, sem verkefnin úr daglega lífinu geta ekki vakið til náinnar samvinnu við atvinnuvegina, er engu betur starfi sínu vaxinn, þótt hann starfi hjá annari stofnun en háskólanum. **Öllum þeim rannsóknum, sem fengin er heill atvinnuveganna til meðferðar, þarf að tryggja fjör og framtíð, fá þeim skilyrði, sem halda þeim uppi, en ekki niðri, og steypa úr þeim samræma heild.**

Ég hef nú tekið til meðferðar þau tvö höfuðatriði, hvort rannsóknir í þágu atvinnuveganna séu æskilegar, og hvort eigi að steypa þær saman í eina heild. Báðum þeim spurningum hefi ég svarað játandi. Þær forsendur, sem svörin byggjast á, eru greindar að framan. Þá er eftir þriðja spurningin, — eiga rannsóknirnar að vera bundnar háskólanum? Um það atriði mætti ef til vill deila. Mér finnst þó sá áhugi, sem frá háskólanum hefir komið, fyllilega réttlæta það, að hin nýja stofnun verði fengin honum sem ný deild. Á þann hátt mætti einnig vinna það tvennt, að beina athygli stúdenta inn á nýjar brautir, og þar með létta farginu á gömlu deildunum, og tengja krafta þeirra betur en nokkurn tíma hefir verið gert áður sjálfu fjöreggi þjóðarinnar, atvinnulífinu. Menn geta sótt lærdóm til annara landa, en reynslunnar verða þeir að afla sér hér. Aðrir skólar, í öðrum löndum, geta kennt Íslendingum að vinna fyrir vísindin, en hver á að kenna þeim sérstaklega það, að vinna fyrir Ísland, ef ekki háskóli þjóðarinnar? Hver á að kenna þeim, við hvaða viðfangsefni vð þurfum að glíma? Hver á að vekja eftirtekt þeirra á okkar eigin vandamálum? Hér myndi einnig skapast aðstaða til þess að taka upp rannsóknir á dýra- og jurtalífi landsins. Hingað til hafa útlendingar lagt þar drýgstan skerf af mörkum. En er ekki tími til þess kominn, að við stöndum sjálfir feti framar en ókunnugir menn, sem hér dvelja nokkrar vikur að sumarlagi og varla geta við nokkurn mann talað? Eigum við ekki að leggja drög að því, að Ísland verði vísindalega sjálfstætt? — Frá háskólanum hafa hvað eftir annað, í mörg ár, heyrzt raddir um það, að honum skyldu fengin skilyrði til þess að taka til meðferðar hagræn fræði, og nú er málið um atvinnudeild við háskólann komið á þennan vettvang, fyrir til-

stilli háskólans og starf frá hans hálfu, en fyrir skilning og viðsýni ráðuneytisins og nokkurra alþingismanna. **Margt mælir með því, en ekkert þungvægt á móti, að þessi nýja stofnun verði gerð sem háskóladeild.**

Um deildaskipun þá og verkaskiptingu á milli deildanna, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er það að segja, að þar væri ef til vill heppilegt að gera einhverjar breytingar. Þannig fyndist mér, að ætti að nefna eina deildina **búnaðardeild,** eða **landbúnaðardeild,** en ekki líffræðideild, sem þýða myndi „Biologisk Laboratorium", eða nærri því hverskonar vísindalega rannsóknarstofnun sem vera skal. Annars er ef til vill varla tímabært ennþá að ræða um verkaskiptingu á milli deildanna, og sleppi ég því hér, enda þótt ég hafi hugsað það mál allmikið og hafi ákveðnar tillögur til brunns að bera. Ég vil þó taka fram, að mér finnst vanráðið að taka landbúnaðardeildina út úr, í rannsóknarstofu háskólans, að því er séð verður til þess að spara ein prófessorslaun. Á hinn bóginn teldi ég rétt að fela prófessor Dungal rannsóknir etc. viðvíkjandi alidýrasjúkdómum, og biologiskar vitaminrannsóknir.

Ég heilsa með fögnuði þessu frumvarpi, sem allir velunnarar atvinnuveganna óska, að megi ganga fram. Á hinn bóginn skil ég, að félög þau, sem tapa starfskröftum, eða verða að þrengja starfssvið sitt, vegna þess að málum er skipað á nýjan hátt, hreyfa andmælum. Þar sem erfitt er að finna rök, er furða, hvað tínt er til af staðleysum, til þess að halda í gamla horfið og koma frumvarpinu fyrir kattarnef. Forseti Fiskifélags Íslands, hr. Kristján Bergsson, sýndi mér afrit af umsögn Fiskifélagsins um frumvarp þetta, og vona ég, að hann líti ekki á það sem misnotkun trausts, þó að ég víti hér harðlega þann anda, sem kemur fram í umsögninni. Það er til dæmis **alveg úr lausu lofti gripið,** að Fiskifélagið, eða dr. Bjarni Sæmundsson, hafi **fengið mig** til þess að leggja fyrir mig náttúrufræði almennt, eða fiskifræði sérstaklega. Ég er uppalinn við sjó og stundaði sjómennsku á ýmsum skipum frá því að ég var 10 ára gamall og þangað til ég varð stúdent. Mér kom aldrei til hugar að leggja fyrir mig annað nám en það, sem ég tók. Ég ráðfærði mig um það við kennara minn, dr. Bjarna, og ég vissi þá ekki einu sinni, að Fiskifélag Íslands var til. Ég þakka dr. Bjarna fyrir það, að hann greiddi á ýmsan hátt götu mína, með því að koma mér í samband við áhrifamikla menn í þessu fagi. Ég trúi því alls ekki, að það hafi verið gert af eigingjörnum ástæðum, Fiskifélagi Íslands til framdráttar. Ég myndi þó fyrr eða síðar hafa getað skapað mér sambönd sjálfur, — eða hver hjálpaði Finni Guðmundssyni til þess að komast með á „Dönu"?

Ég verð að mótmæla því eindregið, að Fiskifélagið hafi búið mig til, eins og orðað er í umsögninni, og mér er ógeðfellt að verða sjálfur að bera af mér slík lítilsvirðandi ámæli, sem vissulega koma úr hörðustu átt, en ég er reiðubúinn til þess, ef í það fer.

Reykjavík, 23. nóv. 1934.

Virðingarfyllst

Árni Friðriksson.

Til Háskóla Íslands.

**Fylgiskjal IV.**

TRAUSTI ÓLAFSSON
efnafr., cand. polyt.

Reykjavík, 23. nóv. 1934.

Herra prófessor Alexander Jóhannesson, Reykjavík.

Mér er ljúft að verða við þeim tilmælum yðar að segja skoðun mína um frumvarp það til laga um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands, sem lagt hefir verið fyrir Alþingi.

Það orkar ekki tvímælis, að við Íslendingar stöndum öðrum menningarþjóðum að baki í því, sem lýtur að notkun hagnýtra vísinda í þágu atvinnuveganna. En nú er sem betur fer svo komið, að flestum mun ljóst, að úr þessu verður að bæta. Við verðum, eftir því sem föng eru á, að fara að dæmi þeirra þjóða, sem lyft hafa atvinnuvegunum til vegs og virðingar, með því að notfæra sér þá beztu þekkingu, sem völ hefir verið á á hverju sviði. Hverri þjóð, sem sjálfstæð vill verða, er nauðsynlegt að fylgja kröfum tímans í þessu efni, og mun það jafnan sýna sig fyrr en varir, að það hefnir sín, ef ekki er stefnt í rétta átt.

Með stofnun svonefndrar atvinnudeildar, sem hér er gert ráð fyrir, ætti að vera bætt úr brýnni þörf í þessu efni. Það er óhætt að segja, að það hefir verið ósk margra, sem hér eiga hlut að máli og um þetta hafa hugsað, að komið yrði hér upp stofnun, sem gæti gefið sig fyrir alvöru að úrlausn þeirra vandamála í atvinnulífi þjóðarinnar, sem telja má líklegt, að leyst verði með vísindalegum rannsóknum eða tilraunum. Það er ekki ástæða til að ætla, að hér fari öðruvísi en annarsstaðar, þar sem vitanlegt er, að slíkar stofnanir hafa orðið til ómetanlegs gagns, með því að skapa nauðsynlegan þekkingargrundvöll í ýmsum atvinnugreinum.

Það er meðal annars kunnugt öllum, sem til þekkja, að landbúnaður hér er í fæstum greinum rekinn á þeim trausta grundvelli, sem vísindin hafa skapað honum víða annarsstaðar. Ræktunartilraunir geta t. d. aldrei orðið reknar svo í lagi sé, nema samfara þeim séu framkvæmdar fullkomnar efnarannsóknir á jarðvegi, áburði og gróðri. En á þessu má heita alger skortur hér. Hér er ungur og upprennandi iðnaður í ýmsum greinum, sem nauðsyn er á því að eiga aðgang að stofnun, sem framkvæmt geti rannsóknir til úrlausnar á ýmsum spursmálum, sem fyrir koma, og þannig mætti lengi telja.

Ýmsum kann að vaxa í augum sá kostnaður, sem af stofnun slíkrar deildar leiðir, en í greinargerð frumvarpsins eru leidd rök að því, að kostnaðarauki fyrir ríkið yrði engan veginn tilfinnanlegur fram yfir það, sem nú er varið til nokkurs hluta af því, sem deildinni er ætlað að annast. Og þó að einhverjar breytingar til hækkunar reyndust nauðsynlegar, þá er það mín skoðun, að hægt sé að vinna það langsamlega upp, með því að ríkisstjórnin feli deildinni ýms þau störf, sem flestir telja nauðsynlegt, að unnin séu, þó ekki hafi enn komizt í framkvæmd, og gefið gætu drjúgar tekjur. Ég get t. d. bent á, að til eru lög, sem orðin eru allgömul, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður. Ekkert eftir-

lit hefir verið með lögum þessum, eins og þó var gert ráð fyrir, en kæmist slíkt eftirlit á, má vænta nokkurra tekna af því (sbr. eftirlit með smjörlíkisframleiðslunni, sem nýlega hefir verið komið á), og virðist ekki óeðlilegt, að efnafræðideildin hefði slíkt eftirlit með höndum.

Eins og tekið er fram í greinargerð frumvarpsins, er gert ráð fyrir, að störf deildarinnar verði þríþætt: Fiskirannsóknir, líffræðirannsóknir og efnarannsóknir, eða með öðrum orðum, að hér yrði um þrjár hliðstæðar deildir að ræða. Æskilegast er, að sem hreinastar línur séu í verkaskiptingu deildanna, svo að hver deild fari sem minnst inn á annarar svið. Þannig væri rétt, að efnafræðideildin annaðist yfirleitt allar efnarannsóknir, því að með því mundu verða bezt not að starfskröftum þeirra efnafræðinga, sem við stofnunina starfa. Við hinar deildirnar yrðu forstöðumenn, sem af skiljanlegum ástæðum mundu verða sérfræðingar í öðru en efnafræði, og ættu efnafræðingar að starfa við þær deildir, yrðu þeir að vinna sjálfstætt, því að forstöðumaðurinn mundi ekki vera fær um að segja þeim fyrir verkum og þeir gætu ekki rætt við hann um úrlausn sinna verkefna. Að vísu yrðu vandfundnir þeir menn sem forstöðumenn deildanna, er jafnvígir væru á allt það, sem undir hverja deild yrði að heyra, en rétt virðist að sigla hjá þeim annmörkum, sem nefndir voru, eftir því sem kostur er á.

Komið hafa fram raddir um það, að réttara væri að nefna eina deildina landbúnaðar- eða búnaðardeild. Ég er einnig þeirrar skoðunar, enda er tekið fram í greinargerðinni, að tveimur af deildunum sé aðallega ætlað að vinna í þágu landbúnaðarins. Yrðu deildirnar þá samkvæmt því: fiskideild, efnafræðideild og búnaðardeild.

Verkaskipting deildanna mundi þurfa að breytast eitthvað frá því, sem gert er ráð fyrir í greinargerðinni, og einkum þyrfti verksvið búnaðardeildar, ef til kæmi, að ákveðast nánar, og yrði væntanlega talsvert frábrugðið því, sem ætlað hefir verið líffræðadeildinni. Ég tel það ástæðulaust að deila um verkaskiptinguna innan stofnunarinnar að svo stöddu. Hún yrði að ákveðast nánar með reglugerð. En hitt virðist mér rétt, að nöfn deildanna verði þannig ákveðin í frumvarpinu, að dregnar séu þar með upp aðallínurnar um starfssvið þeirra.

Ég tel það illa farið, ef þetta nauðsynja- og menningarmál næði nú ekki fram að ganga, þegar háskólinn hefir boðið fram fé til byggingar. Það virðist eðlilegt eins og til deildarinnar er stofnað, að hún heyri undir háskólann, en þætti það æskilegt, að ríkisstjórnin geti haft meiri áhrif á starfsemi hennar en verða mundi samkvæmt lögum háskólans, ætti ekki neitt að þurfa að verða því til fyrirstöðu.

Virðingarfyllst.

Trausti Ólafsson.

**Fylgiskjal V.**

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 21. nóv. 1934.

Vér höfum móttekið bréf hv. menntamálanefndar Ed. Alþingis, dags. 18. þ. m., þar sem hún óskar umsagnar Fiskifélagsins um frumvarp til laga um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands (þskj. 406).

Vér lítum svo á, að hv. nefnd óski umsagnar vorrar aðeins að því er snertir sjávarútveginn og þær rannsóknir, er standa í sambandi við hann, og munum vér því halda oss innan þeirra takmarka.

Fiskifélagið hefir frá byrjun fundið nauðsyn til þess, að hafizt væri handa um hagnýtar fiskirannsóknir hér við land, enda myndaðist strax mjög náin samvinna mill félagsins og fiskirannsókna þeirra, er Danir og aðrir útlendingar framkvæmdu hér við land, en félagið fann það fljótt, að þessar rannsóknir voru ónógar atvinnuvegi vorum, nema þeim væri haldið áfram allt árið, og þá auðvitað með þátttöku okkar sjálfra, að svo miklu leyti sem geta okkar leyfði.

Það var því samkvæmt tillögum Fiskifélagsins og dr. Bjarna Sæmundssonar, sem verið hefir í stjórn þess frá byrjun, að núverandi fiskifræðingur þess, mag. Árni Friðriksson, lagði út í það nám, sem bjó hann undir það starf, sem hann hefir nú með höndum, og var náminu hagað þannig frá byrjun, að stefnt var að vissu marki, og til þess að gera honum þetta auðveldara tók prófessor Johs. Schmidt, sem var í ráðum með Fiskifélaginu um þetta atriði, Árna í þjónustu sína og lét hann fá vinnu á Carlsberg rannsóknarstofunni mestan þann tíma, sem hann stundaði nám við Kaupmannahafnarháskóla, og auk þess lét hann Árna fá vinnu um borð í hafrannsóknarskipinu „Dana“ á sumrin í sumarfríi hans frá háskólanum. Ennfremur kostaði Fiskifélagið dvöl Árna í Bergen og Trondhjem, til þess að hann gæti kynnzt norskum starfsbræðrum og starfsháttum þeirra, en það er mjög áríðandi fyrir þann, sem ætlar sér að vinna að ísl. fiskirannsóknum, þar sem svo margt er líkt með náttúru Noregs og Íslands hvað fiskilífið snertir. Jafnframt var Árna tryggt sjálfstætt starf hjá Fiskifélaginu að náminu loknu, til þess að vinna að vísindalegum rannsóknum að því er ísl. fiskirannsóknir snerti. Sökum þessarar fyrirhyggju félagsins og sökum sambands þess við dr. prófessor Johs. Schmidt og dönsku hafrannsóknirnar, fékk Árni Friðriksson betra tækifæri til þess að búa sig undir lífsstarf sitt en annars hefði getað orðið.

Sama er að segja um annan starfsmann Fiskifélagsins, hr. Þórð Þorbjarnarson. Árið 1927 skrifaði núverandi forseti félagsins, Kristján Bergsson, nokkrar greinar í tímarit félagsins og ennfremur í sum Reykjavíkurblöðin um fiskiðnaðarháskólann í Halifax og um framtíðarfyrirkomulag ísl. fiskveiða og þess iðnaðar, sem gæti myndazt í sambandi við þær, og vöktu þessar greinar nokkra eftirtekt á meðal íslenzkra stúdenta þá um vorið, og spurðust nokkrir þeirra fyrir hjá félaginu um möguleika til þess að fá styrk til slíks náms, en þó félagið hefði ekki yfir miklu fé að ráða, þá valdi það þó úr hóp stúdenta það sumar einn mann og lét hann fá nokkurn námsstyrk (kr. 2000.00 á ári) til þess

að leggja slíkt nám fyrir sig, enda hagaði hann náminu með það fyrir augum, að hann kæmi í þjónustu félagsins að því loknu og tæki að sér tilrauna- og leiðbeiningastarfsemi á sviði þess iðnaðar, sem myndazt gæti hér í sambandi við fiskveiðarnar.

Fiskifélagið hefir þannig, ef svo mætti að orði komast, „búið til“ þá tvo menn, sem fremst standa nú á sviði hagnýtra fiskirannsókna, en það er ekki vitanlegt, að Háskóli Íslands eða háskólaráðið hafi lagt á sig það erfiði að hugsa þetta mál nokkuð, eða vinna að því að undirbúa þessi störf eða leiða hugi ungra manna inn á braut hagnýtra viðfangsefna.

Það er fyrst þegar aðrar stofnanir eru með margra ára fyrirhyggju búnar að undirbúa þessi störf og koma þeim á hagnýtan grundvöll, að háskólaráðið fer að veita því eftirtekt, hvað er að gerast, en ekki þó á þann hátt að beina hugum fleiri ungra námsmanna inn á þessar brautir, heldur á þann hátt að heimta, að þau störf, sem búið er að hugsa af öðrum og komin á fastan grunn, séu slitin úr sínu upprunalega sambandi og lögð undir háskólann; oss finnst, að hér kenni meira „fordildar“ hjá háskólaráðinu heldur en að málið hafi verið gaumgæfilega athugað.

Þá er einnig vert að athuga í þessu sambandi, að Fiskifélagið er í miklu beinna sambandi við fiskimenn og útgerðina heldur en háskólinn og á því hægra með að beina þessum rannsóknum á hverjum tíma inn á þær brautir, sem mest kalla að í svipinn, enda má búast við því, að fiskimennirnir verði ávallt fúsari til þess að vinna í sambandi við rannsóknirnar og leggja þeim lið, er þær eru á þennan hátt nátengdar þeim, heldur en af þær væru í sambandi við Háskóla Íslands, sem þeim finnst yfirleitt, að sé stofnun fjarskyld sér.

Nú er Fiskifélagið nýbúið að koma sér upp húsi, og var tekið tillit til þess við byggingu hússins, að þessi störf heyrðu undir félagið, enda er ekki hægt að segja annað en að í náinni framtíð sé það húsnæði viðunandi, enda hægt að bæta við það eftir þörfum, bæði af því húsnæði, sem nú er leigt öðrum, enda auðvelt að stækka bygginguna, ef þörf krefur.

Í flestum nálægum löndum heyra rannsóknir eins og hér er um talað ekki undir háskólana, heldur undir ríkið eða fiskimálaskrifstofur ríkisins, eftir því sem fyrirkomulag er á þeim málum á hverjum stað, og mundi þeirri venju ekki hafa verið haldið svo almennt, ef það hefði ekki þótt gefast betur og verið talið nauðsynlegt að knýta rannsóknirnar sem fastast við atvinnuvegina. Þannig er það í Bandaríkjum N. A., Canada, Newfoundland, á Skotlandi, í Noregi, Danmörku, Rússlandi, sennilega í Svíþjóð, Hollandi og víðar, og á Englandi og Þýzkalandi að nokkru leyti (að nokkru leyti privat). Sumstaðar eru líffræðistöðvar í sambandi við háskólakennslu.

Þar sem hér er talað um ríkið, er alstaðar átt við fiskimálastjórn ríkisins.

Aftur á móti skulum vér viðurkenna, að fiskimálastjórn vor stendur ekki á eins föstum grundvelli og fiskimálastjórnir annara menningarlanda, enda er auðfundið, að hinu háa Alþingi er slíkt fullljóst, ef dæma má eftir ýmsum þeirra frumvarpa, sem nú liggja fyrir þinginu, t. d. frumv. til laga um fiskiráð, frumv. til laga um fiskimálanefnd o. fl. Öll þessi mál eru fram komin af þeirri ástæðu, að fiskimálastjórnin eða framkvæmdavaldið í þeim málum, er þennan atvinnu-

veg snertir, er ekki nægilega fast grundvallað, en að því hlýtur að reka mjög bráðlega, að það verði gert, og ættu þá fiskirannsóknir og tilraunir á sviði fiskiðnaðarins að heyra undir sömu stjórn.

Aftur á móti furðar oss ekki, þó þessir starfsmenn Fiskifélagsins vilji frekar fara í þjónustu háskólans með þeim launakjörum, sem gert er ráð fyrir á þingskj. 406, því að þessi laun eru töluvert hærri en þau laun, sem Fiskifélagið getur borgað, eins og meðfylgjandi fjárhagsáætlun Fiskifélagsins fyrir árin 1935—36 ber með sér, en úr því getur hið háa Alþingi hæglega bætt, með því að taka þá upp í launalög ríkisins og láta þá fá sambærileg laun við prófessora háskólans, enda mætti veita þeim prófessorsnafnbót, ef slíkt þætti heppilegra, en aðalatriðið er, eins og vér höfum reynt að taka fram í þessu svari voru, að vér teljum, að störf þessara manna kæmu að meiri notum með því að þeir störfuðu í sambandi við Fiskifélagið eða fiskimálastjórnina eins og henni yrði fyrir komið á hverjum tíma, sökum kunnugleika þeirra á þörfum og högum fiskiveiðanna, heldur en að leggja það undir háskólann.

Í greinargerð þeirri, er fylgir með frumv. á þingskj. 406, er svo að sjá, sem kennslumálaráðherra sé ókunnugt um, að nokkrar rannsóknir hafi verið gerðar hér á „jarðslaga“ í söltuðum fiski, en Fiskifélagið hefir fyrir fáum árum látið rannsaka þetta atriði vísindalega, enda hafa samskonar rannsóknir, en fyllri, verið framkvæmdar bæði í Noregi og Canada, og getum vér hér notfært oss þær niðurstöður.

Til þess að gefa hv. nefnd ljósari upplýsingar um, á hvern hátt Fiskifélagið hefir látið framkvæma fiskirannsóknirnar þann tíma, sem það hefir haft þær með höndum, leyfum vér oss að láta fylgja hér með skýrslu mag. Árna Friðrikssonar þar að lútandi síðustu þrjú árin.

Virðingarfyllst.

Kr. Bergsson.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis.

## Nd. 654. Breytingartillögur

við frv. til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá Jakob Möller og Ólafi Thors.

1. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engan erlendan gjaldeyri megi láta af hendi nema með leyfi gjaldeyrisnefndar, og sé gjaldeyrinum úthlutað o. s. frv.

2. Fyrir „Gjaldeyris- og innflutningsnefnd“ í 3., 5. og 6. gr. komi alstaðar: gjaldeyrisnefnd.
3. Við 3. gr. Í stað „og þrír af fjármálaráðherra án tilnefningar, og sé einn þeirra“ komi: einn samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenzkra samvinnufélaga og einn af fjármálaráðherra án tilnefningar, og sé hann.

## Nd. 655. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 505 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Jörundi Brynjólfssyni og Bjarna Bjarnasyni.

Tillöguna skal orða svo:
Aftan við 1. málsgr. kemur ný málsgr.:
Aftan við orðin „um Gaulverjabæ að Villingaholti“ í sömu lagagrein komi:
a. Lína frá Minniborg í Grímsnesi að Sólheimum í sömu sveit.
b. Lína frá Hveragerði að Hrauni í Ölfusi.

## Ed. 656. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Sá hefir rétt til að vera 1. vélstjóri í mótorskipi með 150—400 hestafla vél, er verið hefir 2. vélstjóri við 150—400 hestafla samskonar vél í 24 mánuði, en rétt til að vera 2. vélstjóri við þá vélarstærð hefir sá einn, sem hefir verið 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél í 24 mánuði.

Þó skal vélstjóri, sem stundað hefir vélgæzlu í 36 mánuði sem 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél, miðað við gildistöku þessara laga, hafa rétt til að vera 1. vélstjóri við 150—400 hestafla vél.

Enginn hefir þó rétt til að vera 1. vélstjóri samkv. annari málsgrein þessarar greinar við stærri mótorvél en 150 hestöfl, nema hann hafi áður stundað vélgæzlu við samskonar vél að minnsta kosti í 6 mánuði og að undangengnu verklegu og munnlegu prófi samkv. reglugerð, sem atvinnumálaráðuneytið setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

**Nd.** **657. Frumvarp**

til laga um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ef kona vitjar læknis og er sjúk á þann hátt, að læknirinn telur hættulegt fyrir hana vegna sjúkdómsins að verða barnshafandi og ala barn, er honum skylt að aðvara hana í því efni og láta henni í té leiðbeiningar til þess að koma í veg fyrir, að hún verði barnshafandi.

Nú leitar kona til héraðslæknis, annars starfandi læknis eða sérfræðings í kvensjúkdómum eða fæðingarhjálp, og óskar leiðbeininga um varnir gegn því að verða barnshafandi, og er lækninum þá skylt að láta slíkar leiðbeiningar í té, enda er öðrum en læknum bannað að hafa þær leiðbeiningar með höndum.

Ráðherra gefur út og landlæknir fær læknum í hendur leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi.

2. gr.

Ef konu stendur lífshætta eða önnur mjög mikil sjúkdómshætta af því að verða barnshafandi, eða þó að um minni hættu sé að ræða (sbr. 9. gr.), ef gera má ráð fyrir, að konan verði iðulega barnshafandi, er lækni heimilt, ef konan óskar þess, að koma í veg fyrir með viðeigandi aðgerð, að hún geti orðið barnshafandi.

3. gr.

Í lögum þessum er miðað við 40 vikna fullan meðgöngutíma kvenna.

Það er fósturlát eða að konu leysist höfn, ef hún fæðir af sér burð eftir að hafa gengið skemur með hann en fullar 28 vikur.

Það er fæðing eða barnsburður, ef kona fæðir af sér burð eftir að hafa gengið með hann að minnsta kosti fullar 28 vikur.

Það er fæðing fyrir tíma, ef kona fæðir af sér burð eftir að hafa gengið með hann fullar 28 vikur, en skemur en fullan meðgöngutíma.

Það er fóstureyðing, ef burður er líflátinn í móðurkviði áður en konan hefir gengið með hann fullar 28 vikur eða fósturláti komið til leiðar, nema einkenni þess hafi áður komið í ljós, að konunni sé að leysast höfn og augljóst sé, að fósturlát verði ekki stöðvað.

Það er líflát barns í móðurkviði eða í fæðingu, ef burður er líflátinn í móðurkviði eða í fæðingu eftir að konan hefir gengið með hann að minnsta kosti fullar 28 vikur.

Það er að koma til leiðar fæðingu fyrir tíma að vekja fæðingu áður en kona hefir tekið léttasótt og fæðing hafizt af sjálfu sér.

4. gr.

Enginn nema læknir má eyða fóstri með konu, lífláta barn í móðurkviði eða í fæðingu né koma því til leiðar, að kona fæði fyrir tíma.

Læknum eru aðeins heimilar þessar aðgerðir í samræmi við ákvæði þessara laga, en að öðru leyti jafnóheimilar sem öðrum mönnum.

5. gr.

Ef kona hefir tekið léttasótt eða fæðing eða fósturlát er yfirvofandi, og vitað er, að konan fær alls ekki fætt eða ekki án augljósrar lífshættu fyrir sjálfa sig, nema burðurinn sé limaður frá henni eða líflátinn á annan hátt, er lækni heimilt og skylt að taka fóstrið eða barnið af lífi til þess að bjarga lífi konunnar.

6. gr.

Nú hafa komið í ljós einkenni þess, að konu sé að leysast höfn, og er augljóst, að ekki verður komið í veg fyrir fósturlát, og er lækni þá heimilt að losa konuna þegar við fóstrið.

Á sama hátt er lækni jafnan heimilt að losa konu við burð, þegar vitað er, að hann er dauður í móðurkviði.

7. gr.

Nú vantar konu minna en 12 vikur á fullan meðgöngutíma, og er augljóst, að hún getur alls ekki fætt fullburða, lifandi barn eða ekki án mjög mikillar hættu fyrir sjálfa sig, og er lækni þá heimilt að koma til leiðar fæðingu fyrir tíma í því skyni að bjarga lífi barnsins, eða til að firra konuna hættu, eða með tilliti til hvorstveggja.

8. gr.

Um aðgerðir þær, er getur í 2., 5., 6. og 7. gr. þessara laga, fari læknar eftir viðurkenndum reglum læknisfræðinnar og geri árlega grein fyrir þeim í skýrslum sínum um konur, er þeir hafa hjálpað í barnsnauð, og, ef um sjúkrahúslækna er að ræða, í skýrslum viðkomandi sjúkrahúss um handlæknisaðgerðir.

9. gr.

Nú hefir kona orðið barnshafandi, og vantar meira en 12 vikur á fullan meðgöngutíma, og þykir augljóst, að heilsu hennar er mikil hætta búin, ef hún á að ganga svo lengi með, að barn geti fæðzt og haldið lífi, og er lækni þá heimilt að eyða fóstrinu, enda sé þá farið nákvæmlega eftir reglum þeim, sem greinir í 10. gr. þessara laga.

Ef kona hefir gengið lengur með en 8 vikur, skal læknir þó ekki eyða fóstrinu nema um því meiri hættu sé að ræða, er ætla má, að komið verði í veg fyrir með fóstureyðingunni og ekki á annan hátt, enda jafnist þá hætta sú, sem aðgerðinni er samfara, er konan hefir gengið svo lengi með, engan veginn við hættu þá, sem koma á í veg fyrir.

Við mat á því, hvert tjón er búið heilsu þungaðrar konu af burðinum samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, má meðal annars taka tillit til þess, ef konan hefir þegar alið mörg börn með stuttu millibili, og er skammt liðið frá síðasta barnsburði, svo og til þess, ef konan á við að búa mjög bágar heimilisástæður vegna ómegðar, fátæktar eða alvarlegs heilsuleysis annara á heimilinu.

10. gr.

Um fóstureyðingar samkv. 9. gr. þessara laga gilda eftirfarandi reglur:

1. Þær mega ekki fara fram nema á sjúkrahúsum, og þeim einum sjúkrahúsum, er ráðherra viðurkennir í því skyni.
2. Áður en fóstureyðing má fara fram, verður að liggja fyrir skrifleg, rökstudd greinargerð tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar, og sé annar þeirra yfirlæknir sjúkrahússins, þar sem aðgerðin er fyrirhuguð, en hinn að jafnaði sá læknir, sem ráðlagt hefir konunni að leita sjúkrahússins í þessum erindum. Það nægir ekki, að aðstoðarlæknir yfirlæknisins undirriti greinargerðina með honum, nema því aðeins að ógerningur sé að ná til annars læknis.
3. Sjálfri aðgerðinni skal hagað og að konunni búið eftir fyllstu viðurkenndum kröfum læknisfræðinnar, til tryggingar því, að konunni verði sem minnst um aðgerðina, að hún hafi ekki af henni varanlegt heilsutjón, en nái sem skjótustum bata.
4. Greinargerð þá, sem um getur í 2. tölulið þessarar greinar, skal tvírita og senda landlækni tafarlaust annað eintakið, en hitt skal leggja með sjúkradagbók sjúklingsins á sjúkrahúsinu. Auk þess skal gera árlegar skýrslur um þessar aðgerðir í samræmi við ákvæði 8. gr. þessara laga.
5. Nú deyr kona af afleiðingum þess, að fóstri hefir verið eytt með henni samkvæmt 9. gr. þessara laga, og skal þá hlutaðeigandi læknir þegar tilkynna það landlækni skriflega, og gera nákvæma grein fyrir því, hvernig mannslátið hefir borið að höndum.

11. gr.

Brot annara en lækna gegn ákvæðum laga þessara falla undir refsiákvæði hinna almennu hegningarlaga.

Refsiákvæði hinna almennu hegningarlaga vegna manndrápa og fóstureyðinga ná ekki til lækna að því leyti, sem lög þessi heimila þeim líflát barna í fæðingu og fóstureyðingar. En fari læknir út fyrir þau takmörk, er lögin setja læknum í þessum efnum, fellur brot hans undir refsiákvæði hinna almennu hegningarlaga á sama hátt sem brot annara manna.

Það varðar þannig refsingu samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, ef læknir af ásettu ráði eyðir fóstri með konu eða líflætur barn í móðurkviði eða í fæðingu, án þess að lögmætar ástæður séu fyrir hendi, eða ef aðgerðin fer fram í laumi, utan viðurkennds sjúkrahúss, og er það aukin sök, ef brestur á góð skilyrði til aðgerðarinnar (sbr. 3. tölulið 10. gr.).

Brot læknis á ákvæðum laga þessara um fóstureyðingar, sem er í því fólgið, að hann hefir í þýðingarminni atriðum vikið frá reglum þeim, er lögin setja (sbr. einkum 8. og 10. gr.), fellur ekki undir refsiákvæði hinna almennu hegningarlaga.

Þau brot lækna á ákvæðum laga þessara, sem ekki varða refsingu samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, falla undir refsiákvæði laga nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annara, sem lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

## Ed. 658. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verði 2. gr., svo hljóðandi:
   Síðustu málsgr. 6. gr. laganna skal orða svo:
   Á mótorskipum með vél yfir 400 hestöfl skal vera vélalið samkvæmt ákvæðum í 1. málsgr. 12. gr. laga nr. 43 3. nóv. 1915.
2. 2. gr. verði 3. gr.

## Ed. 659. Breytingartillögur

við frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Við 1. gr. 2. málsgr. Fyrir „vöruflutninga“ kemur: fólks- eða vöruflutninga.
2. Við 5. gr. e.
   a. Á eftir „að póstmálastjórninni sé heimilt“ kemur: með samþykki nefndar þeirrar, er um ræðir í 3. gr.
   b. Aftan við greinina bætist:
      Félög eða einstaklingar, sem haldið hafa uppi póstferðum á ákveðnum leiðum síðastliðin tvö ár, eða föstum áætlunarferðum á vissum leiðum síðastliðin þrjú ár eða lengur, miðað við gildistöku þessara laga, skulu fé sérleyfi til póst- og mannflutninga á sömu leiðum, enda hlíti þeir skilyrðum þessarar greinar.
3. Við 6. gr. Fyrir „samþykki“ kemur: samhljóða samþykki.

## Nd. 660. Nefndarálit

um frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Málinu er vísað til nefndarinnar hinn 17. f. m. og var í dag gengið til atkvæða um það. Meiri hlutinn, þeir Finnur Jónsson, Páll Þorbjörnsson og Bergur Jónsson, töldu sig eigi vilja fylgja frv. óbreyttu, en hreyfðu þó engum ákveðnum breytingum. Við undirritaðir, sem erum í minni hl. í nefndinni, álítum, að þörf útvegsins,

og þá einkum bátaútvegsins, fyrir hagkvæm stofnlán sé svo rík, að ekki megi með nokkru móti draga þetta mál á langinn. Útgerðinni er ætlað að standa undir mestum hluta af útgjöldum ríkisins, og er því Alþingi að okkar áliti skylt að efla þá lánsstofnun, sem ætlað er það hlutverk að hjálpa mönnum til að eignast báta handa þeim, og til þess að koma upp iðjufyrirtækjum í sambandi við útveginn.

Í frv. eru margar réttarbætur fyrir útgerðina, sem ekki þola neina bið, t. d. lækkun vaxtanna, heimild til að lána út á fiskhús og verkunarstöðvar og heimild til að lána meira en nú er gert út á báta, ef aukatrygging fylgir, en hennar er ávallt krafizt, eins og kunnugt er.

Í frv. er ennfremur bent á hentuga og eðlilega leið til þess, að ríkissjóður geti lagt af hendi það fé til sjóðsins, sem ákveðið var í lögum frá 1930. Þá var sjóðnum lofað einnar milljónar króna framlagi úr ríkissjóði, en það hefir ekki ennþá verið greitt að neinu leyti, og ekki heldur komið til framkvæmda hin umbótin, sem samþ. var með þeim lögum: að gefa út vaxtabréf, 1½ millj. kr., sjóðnum til eflingar, þrátt fyrir það, þótt sjávarútvegsmenn yrðu þá að kaupa þær umbætur, er gerðar voru á lögum sjóðsins, með því að lagður var á þá aukaskattur, ⅛% á útfluttar sjávarafurðir.

Þá er með frv. lagður grundvöllur fyrir endurnýjun hins íslenzka fiskiskipastóls í framtíðinni, og mun það ljóst öllum, sem þekkja ástand og aldur fiskiskipanna, að brýn þörf er á því að tryggja það sem fyrst, að endurnýja megi skipastólinn eftir því sem þörf gerist og tíðkast meðal þeirra þjóða, er reka fiskveiðar, svo að reynt sé að forða þeirri hættu, sem nú er yfirvofandi, að hin íslenzka sjómannastétt verði að búa við verri skipakost en þeir útlendingar hafa, er fiska á sömu miðum. Í frv. er bent á örugga leið í því efni.

Samkvæmt framansögðu og með því að meiri hl. sjávarútvegsnefndar hefir ekki séð sér fært að benda á neitt, er geri framgang málsins óæskilegan, né heldur neitt, er breyta mætti til bóta, leggjum við til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. des. 1934.

Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Sigurður Kristjánsson.

## Ed. 661. Frumvarp

til laga um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1935.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Reglulegt Alþingi skal árið 1935 koma saman hinn 15. dag marzmánaðar, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd flytur frumvarp þetta að ósk forsætisráðherra. Gerir hann þá grein fyrir frumvarpinu, að vegna þess, að hið reglulega Alþingi hafi á þessu ári verið haldið að hausti til, sé nauðsynlegt að setja sérstök lög um samkomudag þess einnig fyrir næsta ár, til þess að samkomudagur þess geti orðið nokkru síðar en ákveðið er í stjórnarskránni. Hinsvegar þykir þó ekki heppilegt, að samkomudagur þess sé ákveðinn síðar en 15. marz 1935, og er því frumvarp þetta miðað við þann samkomudag.

## Nd. 662. Breytingartillaga

við frv. til laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Við 12. gr. Á eftir 12. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að veita einstaklingum og félögum lán eða styrk, til þess að gera þeim kleift að koma upp tækjum til þess að verka fisk og aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, svo sem herðingu, hraðfrystingu o. fl., svo og til þess að gera tilraunir með útflutning og sölu sjávarafurða á nýja markaðsstaði, enda leggi þá markaðs- og verðjöfnunarsjóður einnig fram fé í sama skyni.

Fiskimálanefnd sér um veitingu lána og styrkja samkvæmt 1. málsgrein eftir reglum, sem ríkisstjórn setur, að fengnum tillögum fiskimálanefndar, og mega lánin vera vaxtalaus um ákveðið árabil.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 1 milljón króna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og heimilast henni að taka þá upphæð að láni, eða jafngildi hennar í erlendri mynt.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

## Ed. 663. Breytingartillaga

við frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 4. gr. Við greinina bætist:

Þar, sem sameinuð er ritsímastöð og póstafgreiðsla, skal forstöðumannsstaðan aðeins veitt þeim, sem færa sönnur á, að þeir kunni símritun og hafi aðra nauðsynlega þekkingu á símafræðum og póstafgreiðslu.

*Brtt. á þskj. 637 er jafnframt tekin aftur.*

## Ed. 664. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp og var borið fram í háttv. neðri deild. Sú breyting var gerð á frv. þar, að fella niður endurgreiðslu á tolli af kryddi og sykri, sem notað er við verkun síldar til útflutnings. Vill fjárhagsnefnd efri deildar bæta þessu inn í frv. aftur, og lýtur að því sú breytingartillaga nefndarinnar, er gerð er við burtfellingu laga nr. 52 8. sept. 1931. Leggur nefndin til, að 1. gr. þeirra laga sé úr gildi numin, og stendur þá eftir 2. gr. laganna, er um endurgreiðslu tollsins fjallar.

Réttara þykir að tiltaka í frv., að brot úr tolleiningu, sem er ½ eða meira, teljist heil tolleining, en minna broti sleppt, og einnig, að ákvæði 3. gr. skuli ná til 2. gr., og lúta tvær fyrstu brtt. nefndarinnar að þessu.

Þá verður að nema úr gildi lög nr. 15 14. júní 1929, og flytur nefndin brtt. um það.

Nefndin er sammála um að mæla með frv. með þessum breytingum, en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að bera fram frekari brtt.

Það er tillaga nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Á eftir fyrri efnismálsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Brot úr tolleiningu, sem er ½ eða meira, telst heil tolleining, en minna broti skal sleppt.
2. Við 3. gr. Upphaf fyrri efnismálsgreinar skal hljóða svo:
   Til afurða þeirra, er í 1. gr. og 2. gr. getur, telst afli o. s. frv.
3. Við 5. gr.
   a. Á eftir „Lög nr. 60 27. júní 1921, um útflutningsgjald á síld o. fl.“ komi: Lög nr. 15 14. júní 1929.
   b. Í stað „Lög nr. 52 8. sept. 1931“ komi: Lög nr. 52 8. sept. 1931, 1. gr.

Alþingi, 5. des. 1934.

| Jón Baldvinsson, form., frsm. | Bernh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara. | Magnús Jónsson. |
|---|---|---|

## Ed. 665. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1932.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. des. 1934.

| Jón Baldvinsson, form., frsm. | Bernh. Stefánsson, fundaskr. | Magnús Jónsson. |
|---|---|---|

## Ed. 666. Nefndarálit

um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn viðurkennir, að sum ákvæði í frv. þessu séu til bóta frá núgildandi ákvæðum, og er einnig samþykkur sumum af breytingartillögum meiri hlutans. En minni hlutinn telur á hinn bóginn, að í frumvarpinu sé gengið of langt í álagningu tekju- og eignarskatts, og vísar um röksemdir fyrir því í öllum aðaldráttum til nefndarálits minni hluta fjárhagsnefndar neðri deildar (þskj. 306).

Sérstaklega vill minni hlutinn í þessu efni benda á það, hve erfitt bæjarfélögum er gert um tekjuöflun til sinna þarfa, þegar svo freklega er seilzt til tekna manna í ríkissjóðinn, eins og bezt sannast með þeim kröfum, sem nú koma frá ýmsum bæjarfélögum um heimildir til tekjuöflunar á annan hátt, sem telja verður miklu óeðlilegri fyrir einstök bæjarfélög.

Úr þessum galla frumvarpsins væri til muna dregið, ef verulegur hluti tekjuskattsins væri látinn renna í bæjarsjóði og sveitarsjóði, og ber minni hlutinn fram breytingartillögu í þá átt, sem að vísu fer talsvert skemmra en brtt. um sama efni, sem fram kom í neðri deild, en mundi þó bæta talsvert úr.

Minni hlutinn ber því fram svolátandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Á eftir 55. gr. kemur nú grein, svo hljóðandi:

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu 33⅓% tekju- og eignarskatts, sem innheimtur er eftir lögum þessum, renna í bæjar- eða sveitarsjóð, þar sem skatturinn er innheimtur.

Greinatala frv. breytist þessu samkvæmt.

Alþingi, 5. des. 1934.

Magnús Jónsson.

## Ed. 667. Frumvarp

til laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Póst- og símamálum hins íslenzka ríkis stjórnar póst- og símamálastjóri, sem hefir umsjón og eftirlit með framkvæmdum og starfrækslu pósts og síma. Póst- og símamálastjóri stendur beint undir ráðherra þeim, sem póst- og símamálin heyra undir. Konungur veitir þetta embætti.

Sameining yfirstjórnar póst- og símamála fer fram þegar er sýnt er, að það hefir fjárhagslegan sparnað í för með sér eða telst að öðru leyti nauðsynlegt.

2. gr.

Laun póst- og símamálastjóra skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo verður gert, ákveður ráðherra launin. Taki núverandi landssímastjóri eða póstmálastjóri við póst- og símamálastjóraembættinu, skal hann einskis í missa í launakjörum frá því, sem nú er, og þjónustualdur hans teljast hinn sami og hann er talinn í hinu fyrra embætti. Hið sama gildir um aðra fasta starfsmenn pósts og síma, sem hafa áfram embætti undir hinu nýja skipulagi í starfrækslu pósts og síma.

3. gr.

Póst- og símamálastjóra til aðstoðar skal vera í Reykjavík sérstakur póstmeistari, ritsímastjóri, bæjarsímastjóri, yfirverkfræðingur og loftskeytastöðvarstjóri. Starfsmenn þessa skipar ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, og ákveður starfssvið þeirra. Póst- og símamálastjóri getur falið póstmeistaranum og ritsímastjóranum í Reykjavík eftirlit með starfrækslu pósts og síma annarsstaðar á landinu. Ráðherra skipar ennfremur, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, aðalgjaldkera og fulltrúa, og skulu skipunarbréf framangreindra starfsmanna meðundirrituð af póst- og símamálastjóra. Aðra fasta starfsmenn og aðstoðarmenn við póst- og símastörf skipar póst- og símamálastjóri, að fengnum tillögum hlutaðeigandi yfirmanns, eftir því undir hverja starfsdeild stöðurnar falla, en umdæmisstjóra, þegar um stöður utan Reykjavíkur er að ræða. Laun fastra starfsmanna við póst og síma skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo verður gert, ákveður ráðherra launin. Sbr. þó 2. gr.

4. gr.

Landinu skal skipt í póst- og símaumdæmi, og ákveður ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, tölu þeirra og takmörk og skipar umdæmisstjóra. Umdæmisstjórar eru jafnframt póstafgreiðslumenn og símastjórar hinna stærri stöðva, eftir því sem við á, og skulu þeir, undir yfirstjórn póst- og símamálastjóra, hafa eftirlit með starfrækslu pósts og síma, hver í sínu umdæmi.

5. gr.

Á þeim stöðum utan Reykjavíkur, þar sem er bæði póstafgreiðsla og landssímastöð, skal sami maður gegna hvorutveggja starfinu, þegar það að áliti póst- og símamálastjóra telst haganlegt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar.

6. gr.

Starfsmaður sá, sem skipaður hefir verið við póst eða síma áður en lög þessi öðlast gildi, skal álitinn skipaður í sömu stöðu við þessi störf áfram, án þess að nýtt skipunarbréf sé gefið út, nema starf hans sé lagt niður sem óþarft. Þó skal hann hlíta breyttri starfstilhögun og verkaskiptingu samkvæmt þessum lögum og reglugerðum, sem ráðherra setur.

7. gr.

Allir starfsmenn pósts og síma, sem skipaðir eru eða ráðnir með föstum árslaunum, skulu greiða lífeyrissjóðsgjald samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 27. janúar 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, svo framarlega sem starf það, er þeir inna af hendi fyrir póst og síma, er aðalstarf þeirra.

8. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmdir og starfrækslu póst- og símamála og má ákveða sektir við broti gegn þeim.

9. gr.

Alþjóðasamningar og sérsamningar við erlendar póst- og símastjórnir, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir, ásamt þar að lútandi reglugerðum, sem ríkisstjórnin viðurkennir, skulu gilda sem lög, enda má ákveða sektir við brotum gegn þeim.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 40 14. júní 1929, um stjórn póstmála og símamála, eftir því, sem framkvæmd á ákvæðum laganna gerir nauðsynlegt.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1935. Jafnóðum og sameining sú á stjórn og starfrækslu pósts og síma, sem í lögunum felst, er á komin, falla niður þær stöður, sem óþarfar verða vegna sameiningarinnar.

## Nd. 668. Frumvarp

til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

### I. KAFLI

### Búnaðarbanki Íslands.

1. gr.

Orðið „bústofnslánadeild“ í 3. gr. laga nr. 31 frá 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, falli burt.

2. gr.

14. gr. sömu laga orðist svo:

Stofnsjóð veðdeildar Búnaðarbankans skal ávaxta í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, eftir því sem viðlagasjóðslánin greiðast og við verður komið, og hefir stjórn Búnaðarbankans heimild, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að helmingi af vaxtatekjum hans til greiðslu vaxta af öðrum vaxtabréfum veðdeildarinnar, ef nauðsynlegt þykir vegna útlánsvaxta deildarinnar.

3. gr.

39. gr. sömu laga orðist svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að taka allt að 5 millj. króna lán, innanlands eða utan, á ábyrgð ríkisins, til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

4. gr.

40. gr. sömu laga falli burt.

5. gr.

IV. kafli sömu laga (Bústofnslánadeild) falli niður.

## II. KAFLI

### Ræktunarsjóður.

6. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 17 frá 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, komi nýr liður, er verði 5. liður, svo hljóðandi:

Það af Viðlagasjóði Íslands, sem er fram yfir eign veðdeildar Búnaðarbanka Íslands eins og hann telst 1. jan. 1935.

7. gr.

Í stað orðanna „flokkur var opnaður“ í lok 3. gr. sömu laga komi: flokknum var lokað.

8. gr.

Í stað „3½%“ í 6. gr. sömu laga komi: 2½%.

9. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. sömu laga bætist: og baktryggingu frá lántakanda, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

10. gr.

13. gr. sömu laga breytist þannig:

a. Á eftir „áburðargryfja“ í c-lið greinarinnar komi: og gróðrarhúsa.
b. Í stað „20“ í c-lið komi: 30 — og í stað „25“ í d-lið komi: 35.
c. Aftan við greinina komi ný málsgrein:

Heimilt er stjórn Búnaðarbanka Íslands, ef lántakendur óska þess, að gera þær ráðstafanir um eldri lán til þeirra framkvæmda, er um getur í c- og d-liðum og veitt hafa verið til skemmri tíma en þar segir, að lánstíminn skuli lengdur allt að því, sem hann má mestur vera samkvæmt liðum þessum, en þó aldrei meira en svo, að ætíð sé lokið útdrætti hvers flokks vaxtabréfa á tilsettum tíma.

11. gr.

16. gr. sömu laga breytist þannig:

a. Á eftir orðunum „tryggingarláni úr Ræktunarsjóði“ komi: er seljandi skyldur að tilkynna sjóðnum eigendaskipti.
b. Í stað orðanna „þá er stjórn sjóðsins“ komi: og er stjórn sjóðsins þá.

12. gr.

19. gr. sömu laga breytist svo:

a. Í stað „15“ í fyrstu málsgrein komi: 13.
b. Orðin „til 20 ára“ í 1. málsgrein falli burt.
c. Í stað „6%“, „5½%“ og „6%“ komi: 5%, 4½% og 5%.

13. gr.

Í stað „ákveðnum“ í 21. gr. sömu laga komi: næsta.

14. gr.

Fyrri málsgrein 27. gr. sömu laga orðist svo:

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Kirkjujarðasjóðs, Bjargráðasjóðs, sjóðs Brunabótafélags Íslands, svo og annara sjóða, er standa undir vörzlu ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til að kaupa vaxtabréf Ræktunarsjóðs, og ákveður landbúnaðarráðherra árlega upphæðina, eftir að hafa kynnt sér reikningsskil viðkomandi sjóða.

15. gr.

28. gr. sömu laga orðist svo:

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefir á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkv. lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

16. gr.

29., 30. og 32. gr. sömu laga falli burt, og greinatalan breytist samkv. því.

17. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál 6.—16. greinar þeirra inn í lög nr. 17 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, og gefa þau út svo breytt.

## III. KAFLI

### Ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar.

18. gr.

4. gr. laga nr. 79 19. júní 1933, um heimild til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar, orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta af vöxtum af fasteignaveðslánum bænda, sem er fram yfir 5%.

Heimild þessi nær til greiðslu vaxta af stofnlánum frystihúsa og mjólkurbúa, enda séu þau eign samvinnufélaga bænda eða sýslufélaga. Á sama hátt heimilast ríkisstjórninni að greiða til Ræktunarsjóðs 1% af þeim ræktunarsjóðsbréfum, sem eru í eign annara en Búnaðarbanka Íslands.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 669. Breytingartillaga

við frumv. til laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá Jónasi Guðmundssyni.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:
og ennfremur á verkuðum saltfiski til annara landa en aðalmarkaðslandanna.

## Nd. 670. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. nóv. 1919 og á l. nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, sem komið er frá háttv. Ed., og rætt það á fundum sínum ásamt brtt. þeim, sem fram eru komnar hér í hv. Nd. við frumvarpið — og allar miða að því að bæta við nýjum línum, er landssíminn taki upp. Nefndin hefir og leitað álits landssímastjóra. Virðist svo, þrátt fyrir hin nýlega samþykktu einkasímalög (þ. e. l. nr. 11 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum), er veita hlunnindi um símalagningar innan héraða, að eftirsókn sé ávallt vaxandi, víða um sveitir, eftir landssímalínum, og hefir landssímastjóri, að því er virðist, orðið við velflestum tilmælum hér að lútandi og gefið þeim meðmæli sín. Með því að málum er þann veg komið, hefir samgöngumálanefnd séð þann kost vænstan að fylgja að segja má í alla staði tillögum landssímastjóra og taka þær einar brtt. til greina, sem réttlætanlegar eru að svo vöxnu samkvæmt áliti hans. Fyrir hinum tillögunum verður að sjá á annan hátt, og er einstökum þingmönnum ekki hér með meinað að halda þeim fram í deildinni, ef þeir þykjast eigi sjá sér annað fært.

Að mestu leyti mun og hafa verið fylgt þessari reglu í hv. Ed., og hefir nefndin því látið ákvæði frv. halda sér eins og þau eru komin til hv. Nd., en

telur rétt að fella brtt. þær, sem hér eru teknar upp, inn í ákvæði frv. á viðeigandi stöðum og orða síðustu málsgr. um

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Síðasta málsgr. frv. orðist svo:

Aftan við sömu lagagrein bætist:

Lína að Valþjófsstað í Fljótsdal. Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Lína frá Geirólfsstöðum í Skriðdal að Arnhólsstöðum. Lína frá Hólum í Hornafirði að Syðra-Firði, með hliðarálmu að Horni. Lína frá Bjarnanesi að Hoffelli. Lína frá Brunnhól að Flatey. Lína frá Hemlu í Vestur-Landeyjum að Álfhólum í sömu sveit. Lína frá Hveragerði að Hjalla í Ölfusi. Lína frá Hálsi í Kjós að Fossá. Lína frá Stóra-Kroppi að Hæli í Flókadal. Lína frá Svignaskarði að Hjarðarholti í Stafholtstungum. Lína frá Ólafsvík að Brimilsvöllum. Lína frá Setbergi við Grundarfjörð að Hallbjarnareyri. Lína frá Bugðustöðum í Hörðudal að Hlíð eða Seljalandi. Lína frá Tjaldanesi í Saurbæ að Staðarhóli. Lína frá Kinnarstöðum að Reykhólum og þaðan að Stað á Reykjanesi. Lína frá Vattarnesi í Múlahreppi að Skálmarnesmúla. Lína frá Bíldudal að Dufansdal í Suðurfjarðahreppi. Lína frá Sveinseyri í Tálknafirði að Suðureyri. Lína frá Breiðavík til Kollsvíkur. Lína norður Bala að Eyjum við Bjarnarfjörð. Lína frá Sauðárkróki um Reykjaströnd að Reykjum. Lína um Blönduhlíð og Viðvíkursveit. Lína frá Silfrastöðum um Flatatungu að Gilsbakka. Lína frá Skinnastað að Austaralandi og lína frá Skinnastað um Kelduhverfi að Víkingavatni. Lína frá Leirhöfn um Blikalón til Raufarhafnar, enda verði lögð niður núverandi lína frá Kópaskeri til Raufarhafnar.

Alþingi, 5. des. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Gísli Guðmundsson, form. | Gísli Sveinsson, frsm. | Jónas Guðmundsson, fundaskr. |
| Bjarni Bjarnason. | Jón Ólafsson. | |

**Ed.** **671. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð [þskj. 35].

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Á eftir „innlausnargreiðslna“ í síðari málsgrein komi: samkvæmt útdrætti, er notarius publicus í Reykjavík framkvæmir.

**Ed.** **672. Frumvarp**

til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 493, með þessum breytingum:

b-liður **10. gr.** hljóðar svo:

Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún er töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.

1. málsgr. **11. gr.** hljóðar svo:

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu. Rétt er því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess, að krefjast endurgjalds af hinu eða erfingjum þess á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign eða sératvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.

c-liður **12. gr.** hljóðar svo:

Fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt: 500 kr. fyrir hvert barn. Sama er um aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefir á framfæri sínu. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur 500 kr. eða meiru.

f-liður **19. gr.** hljóðar svo:

Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu.

2. málsgr. **20. gr.** hljóðar svo:

Krónutala sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100; því, sem fram yfir er, skal sleppt.

**33. gr.** hljóðar svo:

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og annara félaga og stofnana eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar þær skýrslur, er þær beiðast og unnt er að láta þeim í té, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabréf, vaxtabréf, hlutabréf og arð, um vaxta-

fé í bönkum, sparisjóðum og annað því um líkt. Ríkisskattanefnd hefir og ætíð aðgang að bókum banka og sparisjóða og annara peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hún felur að rannsaka skuldir, innieignir, verðbréfaeign og annað, er lýtur að efnahag gjaldþegns. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá því, hvaða kaup þeir greiða hverjum manni, þar með talin stjórnarlaun, ágóðaþóknun, gjafir o. fl.

35. gr. hljóðar svo:

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og af eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar. Yfirskattanefndir geta og, eftir tillögum undirskattanefnda, leyft persónufrádrátt allt að 500 krónur fyrir ættingja eða vandamenn, sem vitað er um, að skattþegn hefir á framfæri sinu.

1. málsgr. 37. gr. hljóðar svo:

Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn af skattanefnd, og getur hann þá sent skriflega kæru sína yfir því til formanns skattanefndar eða skattstjóra, í Reykjavík innan 14 daga frá því skattskrá er framlögð, en annarsstaðar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar, ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður felldur um kæruna fyrir 15. dag júnímánaðar í Reykjavík, en annarsstaðar fyrir lok aprílmánaðar og hlutaðeigendum gert aðvart um úrslitin.

49. gr. hljóðar svo:

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá, og skal þá gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í tímann en 3 ár, enda sé skattálagningin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp undan henni með sama hætti sem öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.

## Nd. 673. Breytingartillögur

við frv. til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú býðst útgefandi til að taka að sér útgáfu löggiltrar kennslubókar, og skal boði hans þá tekið, ef hann fullnægir skilyrðum fræðslumálastjóra um frágang bókar og verð.

2. Við 3. gr. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Skal útgáfustjórn jafnan leita tilboða um prentun bókar og band, og skal hagkvæmasta tilboði um þetta tekið.
3. Við 5. gr. Á eftir orðunum „allt að 20% af útsöluverði“ komi: við umboðssölu, en 25% gegn greiðslu við móttöku.
4. Við 7. gr. Í stað orðanna „veggmyndir og skólanauðsynjar“ komi: og veggmyndir.
5. Við 8. gr. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Að þeim fresti liðnum skal útgáfustjórn leita samkomulags við útgefanda um kaup á leifum upplags, myndamótum og öðru, er tilheyrir útgáfu bókarinnar. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið með mati 3 dómkvaddra manna.

## Ed. 674. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 476 [Fiskimatsstjóri].

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Við tölul. 2. Upphaf málsgr. orðist svo:
Matsstjóri skal hafa o. s. frv.

## Ed. 675. Frumvarp

til laga um fiskimatsstjóra.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar matsstjóra, er hafi á hendi yfirstjórn alls fiskimats á landinu.

Matsstjóri skal hafa fullkomna þekkingu á meðferð fiskjar, allt frá því hann er veiddur og þar til hann er fullverkaður til útflutnings.

Matsstjóri skal hafa vakandi auga á öllum nýjungum á sviði fiskimatsins. Ber honum að ferðast árlega til aðalneyzlulandanna í því skyni að kynna sér kröfur neytenda.

Matsstjóri efnir til fundarhalda með yfirfiskimatsmönnum svo oft sem þurfa þykir. Skal hann skýra þeim frá nýjum kröfum neytenda og setja þeim reglur um fiskimatið. Skylt er öllum fiskimatsmönnum og yfirfiskimatsmönnum að hlýða fyrirskipunum matsstjóra að því er starf þeirra snertir. Skal matsstjóri ferðast um landið og hafa eftirlit með allri framkvæmd matsins.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um fiskimat, að fengnum tillögum matsstjóra og yfirfiskimatsmanna. Matsstjóri sker úr öllum ágreiningi um fiskimat, en í forföllum hans yfirfiskimatsmaðurinn í Suðurlandsumdæminu.

Matsstjóri má ekki reka eða vera hluthafi í neinskonar fiskverzlun, fiskverkun eða útgerð.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra setur matsstjóra erindisbréf.

3. gr.

Matsstjóri skal hafa 8000 kr. í árslaun. Launin greiðist úr ríkissjóði.

Ferðakostnaður matsstjóra greiðist úr ríkissjóði samkvæmt reikningi, er atvinnumálaráðherra úrskurðar, svo og skrifstofukostnaður matsstjóra, ef hann að dómi ráðherra er óhjákvæmilegur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 676. Frumvarp

til laga um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu, til 5 ára í senn, tvo menn, er hafa skulu eftirlit með og halda skrá yfir þá sjóði í landinu, sem stofnaðir eru og hafa hlotið staðfestingu konungs á skipulagsskrá sinni. Afrit af skránni skulu þeir leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi.

2. gr.

Stjórn þessara sjóða skal senda hinum þingkosnu eftirlitsmönnum, áður en missiri er liðið frá lokum reikningsárs sjóðs hvers, reikning sjóðsins fyrir síðastliðið reikningsár. Geta eftirlitsmenn þó krafizt fyllri skýrslna um allan hag sjóðanna, og er sjóðstjórnum skylt að svara fyrirspurnum þeirra — annars eða beggja — um hag sjóðanna og allan rekstur þeirra, eftir því sem föng eru á, áður en mánuður er liðinn frá því er þeim barst slík fyrirspurn, enda hvíli ekki sérstök þagnarskylda á þeim.

3. gr.

Nú þykir eftirlitsmönnum athugavert um fjárgæzlu sjóðs eða brotin skipulagsskrá hans, og ber þeim þá að tilkynna það fjármálaráðuneytinu, sem gerir ráðstafanir til, að því verði hrundið í lag, sem ábótavant kann að vera.

4. gr.

Nú sendir sjóðstjórn ekki reikning eins og fyrir er mælt í 2. gr. og svarar ekki kröfu um það innan hæfilegs tíma, og getur fjármálaráðherra þá, eftir

ósk hinna þingkosnu eftirlitsmanna, skyldað sjóðstjórn, að viðlögðum allt að 20 króna dagsektum, til þess að senda reikning innan tilsetts tíma.

5. gr.

Fjármálaráðherra ákveður þóknun eftirlitsmanna, og greiðist hún úr ríkissjóði.

## Ed. 677. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við efnismálsgr. 1. gr.

a. Aftan við „stjórn Kreppulánasjóðs“ komi: með samþykki landbúnaðarráðherra.
b. Í stað „100000“ komi: 250000.

Alþingi, 5. des. 1934.

Páll Hermannsson, form. — Pétur Magnússon, frsm. — Jón Baldvinsson, fundaskr., með fyrirvara.
Þorsteinn Briem. — Jónas Jónsson.

## Ed. 678. Breytingartillögur

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 36. gr. 2. málsgr. Í stað „2 vikur“ komi: 4 vikur.
2. Við 37. gr. 1. málsgr.
   a. Í stað „14 daga“ komi: 28 daga.
   b. Í stað „15. dag aprílmánaðar“ komi: 30. dag aprílmánaðar.
   c. Í stað „15. dag júnímánaðar“ komi: 30. dag júnímánaðar.
   d. Í stað „lok aprílmánaðar“ komi: 15. dag maímánaðar.
3. Við 38. gr. 1. málsgr.
   a. Í stað „30. dag júnímánaðar“ komi: 15. dag júlímánaðar.
   b. Í stað „15. dag maímánaðar“ komi: 30. dag maímánaðar.
   c. Í stað „15. júlí í Reykjavík og annarsstaðar fyrir mailok“ komi: 30. júlí í Reykjavík og annarsstaðar fyrir 15. dag júnímánaðar.
4. Við 39. gr. 3. málsgr. Í stað „15. júlí í Reykjavík og annarsstaðar á landinu

fyrir mailok“ komi: 30. júlí í Reykjavík og annarsstaðar á landinu fyrir 15. dag júnímánaðar.

5. Við 40. gr.
   a. Í stað „fyrir júlílok“ komi: fyrir 15. dag ágústmánaðar.
   b. Í stað „septembermánaðarlok“ komi: 15. dag októbermánaðar.

## Ed. 679. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um mál þetta. Meiri hlutinn mun leggja til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá. En minni hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt.

Eftir rækilegan undirbúning samþykkti búnaðarþingið 1931 ný lög fyrir Búnaðarfélag Íslands. Eru þær greinar félagslaganna, sem lúta að stjórnarfyrirkomulagi félagsins, prentaðar sem fylgiskjal, og vísast til þess.

Þessi lög félagsins hafa ekki nema að nokkru leyti komið til framkvæmda, vegna þeirra ákvæða í 2. gr. jarðræktarlaganna, sem lagt er til í frv. þessu, að breyting verði gerð á.

Minni hlutinn telur breytingu þessa sanngjarna og sjálfsagða, til þess að Búnaðarfélagið geti sjálft ráðið málum sínum og búnaðarþingið, sem kosið er af fulltrúum allra bænda landsins, fái æðsta vald í öllum félagsmálum.

Ákvæði frv. um skipun annars endurskoðanda félagsins telur minni hlutinn veita nægilega tryggingu fyrir nauðsynlegu eftirliti af hálfu þings og stjórnar með starfsemi og fjárreiðum félagsins. Með því fyrirkomulagi getur ráðuneytið jafnan fylgzt með í meðferð þess fjár, sem félaginu er árlega veitt í fjárlögum, og beitt þar áhrifum sínum, ef ástæða þykir til.

Leggur minni hlutinn því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. des. 1934.

Pétur Magnússon, frsm. Þorsteinn Briem.

**Fylgiskjal.**

**Útdráttur úr lögum Búnaðarfélags Íslands.**

**1. gr.**

Félagið heitir Búnaðarfélag Íslands. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

**3. gr.**

Tilgangur félagsins er:

1. Að veita aðalforgöngu í starfandi félagsskap bænda til eflingar landbúnaðinum.

2. Að vera ráðgefandi tengiliður á milli ríkisvaldsins og bænda.
3. Að vinna að þessu með rannsóknum, tilraunum, fjárstyrk og leiðbeinandi eftirliti.

5. gr.

Félaginu stjórnar fulltrúaráð, er nefnist Búnaðarþing. Það kýs stjórn félagsins, er fer með málefni þess milli þinga.

6. gr.

Búnaðarþing skipa 14 menn, er þar eiga atkvæðisrétt, skulu þeir kosnir á aðalfundum sambandanna. Við kosningu þeirra hafa fulltrúar hreppabúnaðarfélaganna einir atkvæðisrétt.

Þar eiga ennfremur sæti, en ekki atkvæðisrétt, stjórn félagsins og búnaðarmálastjóri. Ráðunautar félagsins eiga þar tillögurétt og málfrelsi.

Búnaðarmálastjóri og ráðunautar félagsins eru ekki kjörgengir á Búnaðarþing.

7. gr.

Fulltrúar á Búnaðarþing skulu kosnir þannig:

1 fyrir umdæmi Búnaðarsambands Kjalarnesþings.
1 — — Búnaðarsambands Borgarfjarðar.
1 — — Búnaðarsambands Dala og Snæfellsness.
2 — — Búnaðarsambands Vestfjarða.
4 — — Ræktunarfélags Norðurlands.
2 — — Búnaðarsambands Austurlands.
3 — — Búnaðarsambands Suðurlands.

Jafnframt skulu kosnir jafnmargir varafulltrúar. Kosningar fara fram skriflega og gilda til 4 ára, þannig, að 7 fulltrúar séu kosnir hvort ár milli Búnaðarþinga.

Nú skiptist fleirmennings-umdæmi í tvö eða fleiri búnaðarsambönd, er Búnaðarþing viðurkennir, og hafa þá slík sambönd rétt til að kjósa fulltrúa á Búnaðarþing að tiltölu við býlafjölda í hinu upprunalega sambandssvæði.

9. gr.

Búnaðarþing skal haldið annað hvert ár í Reykjavík, nema Búnaðarþingið samþykki annan fundarstað, á þeim tíma, sem stjórnin ákveður. Fundir þess eru lögmætir, ef minnst 9 fulltrúar eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema þar sem lög þessi mæla öðruvísi fyrir.

Á Búnaðarþingi skulu kosnir 3 menn í stjórn félagsins ásamt varamönnum þeirra. Kosningin gildir til 4 ára og gengur einn úr stjórninni annað búnaðarþingsárið en tveir hitt. Á Búnaðarþingi skal og kjósa einn endurskoðanda innan Búnaðarþings og varamann hans. Gildir kosning þeirra til 4 ára. Atvinnumálaráðuneytið skipar annan endurskoðanda og varamann hans.

10. gr.

Búnaðarþingið hefir æðsta vald í öllum félagsmálum. Það úrskurðar og samþykkir reikninga félagsins og setur því fjárlög. Á Búnaðarþingi skal skýrt

frá störfum félagsins og fjárhag. Það tekur ákvarðanir um starfsemi félagsins og ræðir önnur þau mál, er það óskar að gera tillögur um til hlutaðeigandi aðila.

Fundargerðir Búnaðarþings, samþykktir, tillögur og nefndarálit birtast í Búnaðarritinu.

11. gr.

Stjórnin kýs úr sínum hóp formann félagsins. Stjórnar hann Búnaðarþingi og ber ábyrgð á að ályktunum þess sé fylgt. Hann skal og sjá um að fyrir hverju Búnaðarþingi liggi:

a. Skýrsla um störf félagsins.
b. Reikningar félagsins.
c. Tillögur stjórnar og starfsmanna um það, hvernig störfum þess skuli hagað næstu árin.
d. Áætlun um tekjur og gjöld félagsins.

12. gr.

Stjórn félagsins heldur fundi svo oft sem þörf krefur, og ræður þar afl atkvæða. Hún hefir umsjón með aðalframkvæmdum félagsins og fjárhag þess. Hún ræður framkvæmdarstjóra, er nefnist búnaðarmálastjóri, og getur hann ekki átt sæti í stjórninni. Hún ræður í samráði við búnaðarmálastjóra alla aðra starfsmenn félagsins og gefur þeim og búnaðarmálastjóra erindisbréf, en laun fastra starfsmanna ákveður Búnaðarþing.

Í fjarveru einhvers stjórnarnefndarmanns, þótt til skamms tíma sé, getur varamaður hans tekið sæti í stjórninni.

Stjórnin heldur gerðabók, er hún undirritar í hver fundarlok.

14. gr.

Búnaðarmálastjóri er málsvari félagsins út á við og ber honum að sjá um, að ákvarðanir Búnaðarþings og samþykktir stjórnarfunda komist til framkvæmda. Hann hefir yfirumsjón með starfsmönnum félagsins og veitir skrifstofu þess forstöðu, undirritar bréf í nafni félagsins, en samninga og önnur mikilsvarðandi skjöl undirritar formaður einnig. Búnaðarmálastjóri sér um varðveizlu allra eigna félagsins og semur skrá yfir þær og verðmæti þeirra við hver árslok. Hann undirbýr stjórnarfundi og getur boðað til þeirra, þegar honum þykir þess þörf. Hann á sæti á stjórnarfundum, en ekki atkvæðisrétt.

17. gr.

Endurskoðendur skulu árlega rannsaka reikninga félagsins, telja sjóði þess og ath. eignarskírteini, enda eiga þeir aðgang að öllum bókum og skjölum hvenær sem er á starfstíma félagsins, og er stjórn og starfsmönnum skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar til framkvæmda starfsins. Þeim ber ennfremur að kynna sér starfrækslu félagsins yfirleitt og ásamt athugasemdum sínum, sérstaklega gera grein fyrir þeim afbrigðum, er verða kynnu á einstökum liðum reikninganna frá fjárhagsáætlun Búnaðarþings. Endurskoðandi atvinnumálaráðuneytisins skoðast sérstaklega sem eftirlitsmaður

þess með fjárreiðum Búnaðarfélagsins og ber að gefa því skýrslu, er þess er óskað af ráðuneytinu. Athugasemdum endurskoðenda skal svarað af þeim, sem hlut eiga að máli, og endurskoðendur síðan gera tillögur til úrskurðar, er lagðar verða fyrir Búnaðarþing.

21. gr.

Á meðan ekki fæst breyting á ákvæðum í lögum nr. 43 frá 20. júní 1923, um útnefning í stjórn félagsins, dragist ákvæði þessara laga um þau atriði. Að öðru leyti ganga lög þessi í gildi þegar í stað.

## Ed. 680. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. um útsvör, nr. 46 frá 15. júní 1926.

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

Við frvgr. Í stað „2 almanaksmánuði“ komi: 3 almanaksmánuði.

## Nd. 681. Breytingartillögur

við frv. til l. um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Jón Ólafsson.

1. Við 2. gr. Orðin „verkunarleyfa og“ í upphafi greinarinnar falli burt.
2. Við 3. gr.
   a. Orðin „bjóða til sölu, selja eða“ í upphafi greinarinnar falli burt.
   b. Í stað orðanna „Þó getur ..... úrgangsfiski“ í niðurlagi greinarinnar komi: Ákvæði þessarar greinar ná ekki til smásendinga af verkuðum eða óverkuðum fiski, sem framleiðendur senda beint til Stóra-Bretlands eða Norðurlanda.
3. Við 4. gr. Önnur málsgrein greinarinnar orðist svo:
   Nú hefir félag fiskframleiðenda fengið löggildingu sem saltfiskútflytjandi og hefir umráð yfir 75% eða meiru af saltfiskframleiðslu landsmanna, og getur þá fiskimálanefnd ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundraðshluta af framleiðslunni og það hefir umráð yfir, enda sé félagið opið öllum fiskframleiðendum.
4. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Með reglugerð má ákveða að þeir, sem samkvæmt 4. gr. fá löggildingu nefndarinnar sem útflytjendur, verði að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum hennar um lágmarksverð á fiski, sem seldur er til útlanda. Ennfremur að fiskútflytjendur skuli skyldir að taka fisk til sölu af framleiðendum, gegn hæfilegri hámarksþóknun, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir fiskframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

5. Við 8. gr. Greinin falli niður.
6. Við 9. gr. Greinin falli niður.
7. Við 12. gr. Greinin falli niður.
   Greinatalan breytist samkvæmt því.

## Ed. 682. Nefndarálit

um frv. til laga um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. des. 1934.

| Páll Hermannsson, form. | Guðrún Lárusdóttir, fundaskrifari. | Bernh. Stefánsson, frsm. |
|---|---|---|

## Ed. 683. Breytingartillögur

við frv. til laga um fiskimatsstjóra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „setja þeim reglur um fiskimatið“ í 4. málsgr. komi: veita þeim leiðbeiningar um störf þeirra.
b. Aftan við síðustu málsgr. bætist: og er að öðru leyti háður ákvæðum 6. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat, svo og ákvæðum 9. gr. þeirra laga.

## Nd. 684. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýting markaða o. fl.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist:
   Í fiskimálanefnd má ekki skipa stjórnarmenn eða starfsmenn neins fiskútflytjendafélags.
2. Við 2. gr. Fyrsti málsliður orðist svo:
   Fiskimálanefnd hefir með höndum úthlutun verkunarleyfa, ef þau verða fyrirskipuð.
3. Við 3. gr.
   a) Fyrir „fiskimálanefndar“ í fyrsta málslið komi: atvinnumálaráðherra.

b) Fyrir „nefndin“ í síðasta málslið komi: atvinnumálaráðherra.
c) Aftan við greinina bætist:

Atvinnumálaráðherra getur falið fiskimálanefnd eða almennu fisksölusamlagi (sbr. 2. málsgrein 4. greinar) úthlutun útflutningsleyfa og framkvæmd annara starfa samkvæmt lögum þessum, eftir því sem ráðlegt þykir.

4. Við 4. gr.
a) Fyrir „Fiskimálanefnd“ í upphafi gr. kemur: Atvinnumálaráðherra.
b) Fyrir „80% eða meiru af saltfiskframleiðslu landsmanna, og getur þá fiskimálanefnd ákveðið“ í 2. málsl. kemur: 65% eða meiru af saltfiskframleiðslu landsmanna, og getur þá atvinnumálaráðherra ákveðið.
c) Aftan við 3. málsgr. bætist: enda skulu þeir hlíta fyrirmælum atvinnumálaráðherra um framboð, lágmarksverð og útflutningstíma á saltfiski og njóta um það jafnréttis við hið almenna fisksölusamlag.
d) Fyrir „Ef ekkert almennt félag fiskframleiðenda, sem ræður yfir fiskmagni því, sem að framan greinir, sækir um og fær löggildingu fiskimálanefndar, getur nefndin löggilt“ í síðustu málsgr. kemur: Ef ekkert almennt félag fiskframleiðenda, sem ræður yfir fiskmagni því, sem að framan greinir, sækir um löggildingu, getur atvinnumálaráðherra löggilt.
5. Við 5. gr. Fyrir „Þeir, sem samkvæmt 4. og 5. gr. fá löggildingu nefndarinnar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum hennar“ kemur: Þeir, sem samkvæmt síðasta málslið 4. gr. fá löggildingu atvinnumálaráðherra sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum fiskimálanefndar.
6. Við 6. gr.
a) Fyrir „nefndinni“ í upphafi greinarinnar komi: fisksölunefndinni.
b) Aftan við greinina bætist: Er nefndinni skylt að gefa atvinnumálaráðherra þær skýrslur, er hún telur nauðsynlegt til að varðveitt verði jafnrétti fiskframleiðenda.
7. Við 8. gr. Fyrir „Allir fiskframleiðendur skulu fyrir þann tíma“ í upphafi greinarinnar kemur: Ef atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir, skulu allir fiskframleiðendur fyrir þann tíma.
8. Við 11. gr. Fyrir „fiskimálanefnd“ kemur: atvinnumálaráðherra.
9. Við 12. gr.
a) Orðin „enda séu þá framkvæmdastjórar þrír, og tilnefni fiskimálanefnd einn þeirra“ í lok fyrstu málsgr. falli niður.
b) Orðin „eða fiskimálanefnd mæli eigi með því, að honum sé veittur slíkur einkaréttur“ í 2. málsgr. falli niður.
c) Aftan við greinina bætist ný málsgrein:

Nú verður slík einkasala fyrirskipuð, og skal þá ríkisstjórnin gefa fiskframleiðendum kost á að taka hana í sínar hendur þegar er stofnað verður félag fiskframleiðenda, er fullnægi 2. málsgr. 4. gr.

## Nd. 685. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Sá hefir rétt til að vera 1. vélstjóri í mótorskipi með 150—400 hestafla vél, er verið hefir 2 vélstjóri við 150—400 hestafla samskonar vél í 24 mánuði, en rétt til að vera 2. vélstjóri við þá vélarstærð hefir sá einn, sem hefir verið 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél í 24 mánuði.

Þó skal vélstjóri, sem stundað hefir vélgæzlu í 36 mánuði sem 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél, miðað við gildistöku þessara laga, hafa rétt til að vera 1. vélstjóri við 150—400 hestafla vél.

Enginn hefir þó rétt til að vera 1. vélstjóri samkv. annari málsgrein þessarar greinar við stærri mótorvél en 150 hestöfl, nema hann hafi áður stundað vélgæzlu við samskonar vél að minnsta kosti í 6 mánuði og að undangengnu verklegu og munnlegu prófi samkv. reglugerð, sem atvinnumálaráðuneytið setur

2. gr.

Síðustu málsgr. 6. gr. laganna skal orða svo:

Á mótorskipum með vél yfir 400 hestöfl skal vera vélalið samkvæmt ákvæðum í 1. málsgr. 12. gr. laga nr. 43 3. nóv. 1915.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

## Ed. 686. Frumvarp

til laga um mat á fiskúrgangi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Allan hertan fiskúrgang (hryggi, hausa o. fl.), sem seldur er til framleiðslu á fiskmjöli hér á landi eða til útflutnings, skal meta af þar til skipuðum opinberum matsmönnum. Nánari fyrirmæli um hirðingu og meðferð þurrbeina gefa matsmenn, samkvæmt erindisbréfi, er þeim verður sett.

2. gr.

Matsmenn á þurrbeinum skipar lögreglustjóri á hverjum stað. Skulu það að jafnaði, þegar því verður við komið, vera sömu menn og hafa á hendi fiskimatið.

Áður en matsmenn taka til starfa skulu þeir undirrita eiðstaf, er ráðuneytið fyrirskipar.

3. gr.

Þóknun matsmanna fyrir starf þeirra við matið greiðir eigandi þurrbeina, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð um matið.

4. gr.

Matsmenn mega ekki taka við nokkurri þóknun frá þeim, er metið er fyrir, eða öðrum, annari en þeirri, sem ákveðin er í reglugerð um matið.

Þeir mega ekki vera í þjónustu þeirra, er metið er fyrir, eða kaupenda þurrbeina.

5. gr.

Sá, sem selur þurrbein án þess að láta meta þau áður og fá vottorð um matið, skal sæta 500—2000 kr. sektum í ríkissjóð. Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.

6. gr.

Um hegningu fyrir brot matsmanna gegn ákvæðum laga þessara fer eftir ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

## Sþ. 687. Nefndarálit

um till. til þál. um verndun einkaleyfa og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða fyrir útvegun þeirra.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir haft þingsályktunartillögu þessa til athugunar og er samþykk aðalefni tillögunnar, en telur, að eigi sé rétt að leggja útgjöld á ríkissjóð í þessu skyni, fyrr en nánari athugun málsins hefir farið fram. Fyrir því vill nefndin fella niður síðari málsgrein tillgr. og leggur til, að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinina skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka möguleikana fyrir því, að Ísland verði þátttakandi í millirikjasamningum um verndun einkaleyfa, og leggja niðurstöðu þeirra rannsókna fyrir Alþingi.

2. Fyrirsögn till. verður:
Tillaga til þingsályktunar um verndun einkaleyfa.

Alþingi, 6. des. 1934.

Jónas Jónsson, form. Sig. Einarsson, fundaskr. Jónas Guðmundsson, frsm.
Magnús Guðmundsson. Þorst. Þorsteinsson. Jón Sigurðsson.
Pétur Ottesen. Bjarni Bjarnason. Þorbergur Þorleifsson.

## Sþ. 688. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1932.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og borið það saman við landsreikninginn fyrir árið 1932, og leggur hún einróma til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 6. des. 1934.

Jónas Jónsson, form. Sig. Einarsson, fundaskr. Þorbergur Þorleifsson, frsm. Jón Sigurðsson.
Pétur Ottesen. Jónas Guðmundsson. Bjarni Bjarnason.
Magnús Guðmundsson. Þorst. Þorsteinsson.

## Sþ. 689. Nefndarálit

um frumv. til fjáraukalaga fyrir árið 1933.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir haft frumvarp þetta til meðferðar og mælir með því einróma, að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. des. 1934.

Jónas Jónsson, form. Sig. Einarsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson, frsm. Jón Sigurðsson.
Þorbergur Þorleifsson. Pétur Ottesen. Jónas Guðmundsson.
Magnús Guðmundsson. Bjarni Bjarnason.

## Nd. 690. Breytingartillaga

við frumv. til l. um breyt. á l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: af þeim lánum, sem jarðarveð er fyrir.

## Nd. 691. Nefndarálit

um frv. til laga um lögreglustjóra í Ólafsfirði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað í máli þessu. Meiri hl. (GÞ, HV, StJSt og TT) leggur til, að frv. verði samþykkt, en undirritaður minni hl. leggur til, að frv. verði fellt. Ástæður minni hl. eru aðallega þær, að hann telur varhugavert fyrir ríkissjóð, að Alþingi gangi lengra á þeirri braut heldur en orðið er, að verða við kröfum kauptúna um sérstakan lögreglustjóra. Er erfitt að sjá, hvar hægt verður að stöðva á þeirri leið, ef fleiri fordæmi verða gefin.

Alþingi, 6. des. 1934.

Bergur Jónsson.

## Nd. 692. Breytingartillögur

við frv. til l. um vátryggingar opinna vélbáta o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Fiskifélagi Íslands skal falið að gangast fyrir stofnun bátaábyrgðarfélaga fyrir opna vélbáta (trillubáta), í svo mörgum verstöðvum, er þurfa þykir, til þess að eigendur þeirra báta eigi kost á að vátryggja báta sína í ábyrgðarfélagi í verstöð sinni eða nágrenni.
   Fiskifélagið semur frumvarp að félagslögum, ásamt reglugerð fyrir hvert félag. Skal það gert í samráði við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Fiskifélagið ákveður takmörk félagssvæða.
2. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Í félagslögum skal vátryggingariðgjald ákveðið 5% á ári af virðingarupphæð.
   Þegar vátryggður bátur stendur á landi fjóra til sex mánuði samanlagt á ári (eða meira), er skylt að endurgreiða hluta af vátryggingariðgjaldinu, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð, þó ekki yfir 25%.

Nú stendur bátur á landi lengur en sex mánuði, og má þá endurgreiða allt að 40% af iðgjaldinu.

3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Sérhverjum eiganda opins vélbáts (trillubáts), sem aðallega gengur til fiskveiða, er skylt að hafa bát sinn vátryggðan fyrir sjótjóni samkvæmt lögum þessum, enda hafi bátaábyrgðarfélag verið stofnað í hlutaðeigandi verstöð. Rísi ágreiningur um tryggingarskyldu báta, sker stjórn hlutaðeigandi ábyrgðarfélags úr.
4. Aftan af fyrirsögninni falli: o. fl.

Greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

## Nd. 693. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 670 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Sigurði Kristjánssyni og Gísla Guðmundssyni.

Á eftir orðunum „um Flatatungu að Gilsbakka“ komi: Lína frá Þóroddstað í Ljósavatnshreppi um Björg að Sandi í Aðaldal.

## Nd. 694. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 684 (Fiskimálanefnd).

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 1. Brtt. orðist svo:
   Í fiskimálanefnd má ekki skipa neinn þann, sem starfar að fiskútflutningi. Ákvæði þetta nær þó ekki til fulltrúa bankanna í stjórn fisksölufélags.
2. Við 4. b. Til vara: Í stað orðanna „65% eða meiru ..... ákveðið“ kemur: 75% eða meiru af saltfiskframleiðslu landsmanna og getur þá atvinnumálaráðherra ákveðið.
3. Við 6 a. Í stað „fisksölunefndinni“ kemur: fiskimálanefnd.

## Nd. 695. Frumvarp

til laga um rekstrarlánafélög.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. gr.

Útvegsmönnum í einu og sömu verstöð eða byggðarlagi er rétt að stofna rekstrarlánafélög samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hlutverk rekstrarlánafélaga er að annast útvegun rekstrarlána handa félagsmönnum sínum.

Félögin geta einnig haft með höndum sameiginleg innkaup á nauðsynjum félagsmanna til útgerðar og sölu á afurðum þeirra.

Rekstrarlánafélögin skulu haga starfsemi sinni þannig:

a. að svo tímanlega sé samið um rekstrarlán handa félagsmönnum, að þeir geti óhindraðir hafið fiskveiðar í byrjun vertíðar.
b. að félagsmenn geti jafnan orðið aðnjótandi beztu kjara á aðkeyptum nauðsynjum til rekstrar síns, með því að geta boðið staðgreiðslu.

3. gr.

Ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum rekstrarlánafélaga getur verið með tvennu móti:

a. að félagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.
b. að hver félagsmaður ábyrgist einungis sína eigin skuld, að viðbættri tiltekinni upphæð, sem nánar sé ákveðin í lögum hvers félags.

Félagsmenn í sama félagi mega vera fæstir 5, en flestir 30. Þó má víkja frá þessu ákvæði, ef hentugt þykir og sérstaklega stendur á.

4. gr.

Stjórn rekstrarlánafélags eða umboðsmaður hennar semur við lánsstofnun um rekstrarlán handa félagsmönnum, eftir því sem félagsstjórninni og hverjum einstökum félagsmanni hefir komið saman um og með tilliti til eðlilegrar rekstrarlánaþarfar félagsmanns og þeirra trygginga, er hann getur sett.

5. gr.

Fyrirkomulag lána þeirra, er rekstrarlánafélög útvega félagsmönnum, getur verið með tvennu móti:

a. að hver einstaklingur sé lántakandi hjá hlutaðeigandi lánsstofnun að því láni, er hann fær.
b. að félagið sjálft sé skuldunautur gagnvart lánsstofnuninni og að það úthluti lánsfénu meðal félagsmanna.

Síðarnefnda tilhögunin skal þó að jafnaði ekki höfð, og ekki nema ef alveg sérstaklega stendur á, og skulu um þetta sett ýtarleg fyrirmæli í félagslögum og reglugerðum.

6. gr.

Þátttaka útvegsmanns í rekstrarlánafélagi er eigi því til fyrirstöðu, að hlutaðeigandi útvegsmaður verði sér úti um rekstrarlán á annan hátt, ef honum þykir það hagkvæmara.

7. gr.

Lánsstofnunum, er veita lán samkvæmt lögum þessum, er heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir lánunum, í því skyni að tryggja skilvísa greiðslu þeirra, svo sem:

a ð allar sjávarafurðir lántakanda skuli seldar gegnum sölusamlag,
a ð í hvert skipti, er lántakandi selur afurðir — eins þó að þær séu ekki veðsettar fyrir láninu — skuli jafnan haldið eftir nokkurri upphæð af andvirðinu, svo sem nánar kann að verða um samið, til greiðslu upp í lánið. Þetta atriði gildir, þótt lánið sé ekki komið í gjalddaga.
a ð lánsstofnuninni eða trúnaðarmanni hennar sé jafnan heimilt að hafa eftirlit með því, að þannig umsömdum ákvæðum sé framfylgt.

8. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum veitast gegn hverjum þeim tryggingum, er lánsstofnunin metur gildar. Þau skulu endurgreidd að fullu innan eins árs frá lántökudegi, eða fyrr, eftir því sem um semur.

Það teljast ekki vanskil, þótt hluti af rekstrarláni sé ógreiddur, ef lántakandi sannar, að hann eigi nægilegar óseldar afurðir til fullnaðargreiðslu lánsins.

Vextir — þar með talin framlengingargjöld eða provision — mega ekki vera hærri en venjulegir bankavextir af fiskveðsvíxlum eru á sama tíma.

9. gr.

Komi til þess, að Landsbanki Íslands eða Útvegsbanki Íslands, annar eða báðir, sjái sér ekki fært, vegna vöntunar reiðufjár, að sinna lánbeiðnum rekstrarlánafélaga, skal ríkisstjórnin sjá svo um, að bankarnir, annar eða báðir, verði sér úti um lánsfé, til þess að fullnægja rekstrarlánaþörfinni, eftir því sem tryggingar standa til.

10. gr.

Lög og starfsreglugerðir rekstrarlánafélaga skulu sniðin eftir fyrirmyndum, sem atvinnumálaráðuneytið semur í samvinnu við Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Fiskifélag Íslands og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda.

Skulu fyrirmyndir þessar samdar þegar er lög þessi hafa verið staðfest og vera til útbýtingar hjá sýslumönnum landsins og Fiskifélagi Íslands og fulltrúum þess.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Á s t æ ð u r.

Frv. þetta er samið af milliþinganefndinni í sjávarútvegsmálum og var sent til atvinnumálaráðherra eins og önnur þau frv., er nefndin samdi og lögð hafa verið fyrir Alþingi það, er nú situr.

Hinn 15. nóv. barst frv. sjávarútvegsnefnd Nd. og fylgdu því þau tilmæli frá atvinnumálaráðherra, að hann æskti þess, að nefndin tæki málið að sér til flutnings, en benti á, að æskilegt væri, að fengin yrði umsögn bankanna um frv., og þá sérstaklega um 9. gr. þess.

Álit Landsbankans barst nefndinni hinn 30. nóv. og er þar tekið vel í frv. yfirleitt, þótt bankinn að vísu geti þess, með tilliti til ákvæða 9. gr., að ríkis-

stjórnin geti því aðeins haft framkvæmdir um lántöku handa bönkunum, að þeir óski þess sjálfir.

Útvegsbankinn hefir að vísu ekki sent skriflega umsögn um frv., en vitað er, að hann hefir svipaða afstöðu til þess og þá, er Landsbankinn hefir.

Á fundi sjávarútvegsnefndar í dag var borið undir atkvæði, hvort nefndin ætti að flytja frumvarpið. Greiddu þeir Sig. Kristjánsson og Jóhann Jósefsson atkvæði með því, en Finnur Jónsson, Páll Þorbjörnsson og Bergur Jónsson töldu sig ekki hafa tekið afstöðu til málsins ennþá og því ekki geta tekið þátt í flutningi þess.

Minni hluti nefndarinnar álítur, að rétt sé, að málið komi fram á þessu þingi. Bæði hefir atvinnumálaráðherra óskað, að svo yrði gert, og auk þess er frv. einn liður í þeim tillögum til umbóta fyrir sjávarútveginn, sem milliþinganefndin í sjávarútvegsmálum hefir gert. Nái mál þetta fram að ganga, er með því stuðlað að meira félagslegu samstarfi hins smærri útvegs en nú á sér stað. Í skjóli þess gætu smáútvegsmenn staðið saman um útvegun rekstrarlána og um kaup á nauðsynjum til útgerðarinnar, en slík sameiginleg innkaup yrðu til þess, að margar útgerðarvörur fengjust við stórum lægra verði en nú á sér stað. Lækkun á vörum til útgerðar er alveg ómissandi liður í þeim ráðstöfunum, er gera þarf þessum atvinnuvegi til stuðnings.

Frá milliþinganefndinni í sjávarútvegsmálum fylgdi frv. svo hljóðandi

## Greinargerð.

Í 6. lið þingsályktunarinnar 2. júní 1933 var ríkisstjórninni falið „að undirbúa rekstrarlánsstofnun fyrir bátaútveg landsmanna".

Um þörfina fyrir aukin rekstrarlán handa útvegsmönnum hefir mikið verið rætt undanfarin ár. Í ýmsum verstöðvum hafa verið samþykktar áskoranir til Alþingis um að sjá fyrir nægjanlegum, hagkvæmum rekstrarlánum, og hafa verið flutt lagafrumvörp um stofnun rekstrarlánafélaga með samvinnusniði, er ættu rétt á lánum — gegnum bankaútibú eða sparisjóði — úr sérstakri rekstrarlánadeild, er stofnuð skyldi við Fiskveiðasjóð, og átti deildin að fá til umráða árlega þrjár milljónir króna, er aflað skyldi með lántöku.

Orsakirnar til hinnar margendurteknu kröfu útvegsmanna um aukin rekstrarlán munu aðallega vera tvær.

Fyrri ástæðan er sú, að útgerðin er hlaðin skuldum, svo að úr hófi keyrir.

Bankaskuldir útvegsmanna eru miklar og vaxtagreiðslur af þeim ákaflega tilfinnanlegur útgjaldaliður, og svo er um marga aðra gjaldaliði; má þar til nefna t. d. vátryggingariðgjöldin, og verður þetta bezt skýrt með litlu dæmi:

Útvegsmaður kaupir mótorbát fyrir 30 þúsund krónur og fær upphæðina lánaða í banka gegn 7½% vöxtum. Fyrir vátryggingu skipsins greiðir hann 8% árlega. **Á liðlega sex árum greiðir útgerðin í annað sinn andvirði bátsins — 30 þúsund krónur — bara í vexti og vátryggingariðgjöld.**

Þetta eru þó aðeins tveir af mörgum gjaldaliðum útgerðarinnar, og er óþarfi að rekja þetta nánar hér.

Þegar við þetta bætist verðfall afurðanna og aðrir erfiðleikar mörg ár í röð, þá verður hverjum manni ljóst, að stöðugt hlýtur að verða erfiðara með hverju ári, sem líður, að komast af með hin venjulegu rekstrarlán, sem bankarnir eðlilega veita eftir vissum reglum.

Af þessu leiðir svo aftur það, að skuldirnar aukast ár frá ári og verða útgerðinni langsamlega ofviða.

Í lengstu lög stritast menn við að borga hina háu vexti og kaupa sér frið hjá skuldheimtumönnunum með smágreiðslum. Alloftast fara þessar greiðslur fram um leið og menn fá rekstrarlán sín í vertíðarbyrjun, og munu mörg dæmi til þess, að rekstrarlánin ganga þannig til þess að greiða fyrir gamlar syndir, svo að ekkert verður eftir til þess að standast útgerðarkostnaðinn.

Útvegsmönnum, sem þannig eru á vegi staddir, verður ekki láð þó að þeim finnist þeir hafa fengið of lítið rekstrarlán og geri kröfur til þess að úr því verði bætt.

Önnur ástæðan er, að útvegsmenn í fjarliggjandi verstöðvum og sem af þeim og öðrum ástæðum eiga erfitt með að vera í stöðugu sambandi við bankana, verða oft útundan með öflun rekstrarlána og hafa fyrir þær sakir á ýmsan hátt óhagstæða aðstöðu til þess annarsvegar að geta náð góðum innkaupum á útgerðarvörum, en eru á hinn bóginn oft nauðbeygðir til þess að selja fiskinn óverkaðan og verða þannig af mikilli atvinnu.

Um báðar þessar ástæður er í stuttu máli það að segja, að milliþinganefndin í sjávarútvegsmálum telur ekki, að á þeim verði ráðin bót með stofnun nýrrar rekstrarlánastofnunar.

Þar að auki munu ekki, eins og nú hagar til, vera nein tök á því að koma upp nýrri lánsstofnun í þessu skyni, er væri fær um að sinna þessum málum betur en bankarnir gera.

En að fara að setja á laggirnar smástofnun, sem svo reyndist ekki þess megnug að annast þessa lánastarfsemi nema að einhverju litlu leyti, telur nefndin að væri hið mesta óráð.

Bankarnir, Landsbankinn og Útvegsbankinn, hafa nú þegar það hlutverk með höndum, meðal annars, að annast rekstrarlánastarfsemi handa sjávarútgerð landsmanna, og er sjálfsagt, að svo verði einnig framvegis. Hinsvegar verður að ætlast til þess, að þeir hafi á því vakandi auga á hverjum tíma, að fé sé fyrir hendi til þessara útlána og að þeir miði útlánin við þarfir heilbrigðs útgerðarrekstrar.

Á hinn bóginn telur nefndin sig hafa lagt drög að verulegum umbótum á ástandi því, sem ræðir um hér að framan — skuldabyrði útvegsins — með lagafrumvarpinu um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna. En eins og bent er á í greinargerð fyrir því frumvarpi, þá bindur það einmitt nokkuð hvað annað, annarsvegar viðreisn efnahagsins og hinsvegar tillögur, er miða að því að gera mönnum að einhverju leyti hægra fyrir með reksturinn framvegis. Mundi það vitanlega koma útgerðinni að sáralitlu gagni, þó að fundnar væru leiðir til nokkurs léttis við reksturinn, ef ekki færi á undan lagfæring á skuldamálunum.

Seinna atriðinu vill nefndin freista að ráða nokkra bót á með þessu frumvarpi, sem hér liggur fyrir.

Útvegsmönnum er hér bent á leið til þess að sameina sig um tvö nauðsynjamál sín, öflun rekstrarlána og innkaup á útgerðarvörum.

Engum getur blandazt hugur um það, að a. m. k. öllum smærri útvegsmönnum væri það til mikilla hagsbóta að standa sameinaðir út á við um öll helztu viðfangsefnin.

Nefndin er þess fullviss, að samtök útvegsmanna og samvinna eins og hér ræðir um væru æskileg í hverri einustu verstöð landsins, en þó fyrst og fremst í þeim afskekktari, og vill nefndin mega gera ráð fyrir því, að Fiskifélag Íslands með erindrekum sínum og tímaritinu „Ægi" vinni að því eftir megni að koma þessum samtökum á sem víðast.

En auk þess sem rekstrarlánafélögin yrðu útvegsmönnum til aðstoðar með samningaumleitanir við lánsstofnanir og innkaup á útgerðarvörum, þá ættu samtökin einnig að geta orðið til þess að eiga frumkvæði að og ýta undir ýmsar aðrar framkvæmdir, sem útveginum væru gagnlegar.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir, að lánveitingar verði neitt djarfari eða gegn síðri tryggingum en nú tíðkast, þá mun tilhögun þessi einnig geta orðið til nokkurs hagræðis fyrir bankana, og er þá fyrst það, að auðveldara verður fyrir þá að gera sér grein fyrir þörfum hverrar verstöðvar, þegar samið er í einu lagi fyrir stóran hluta útvegsmanna — eða máske alla — á sama stað. Sjálft fyrirkomulagið, félagssamtökin, skapa félagsmönnum einnig nokkurt aðhald og þar með aukið öryggi fyrir lánveitanda. Einnig er í 7. gr. frumvarpsins bent á leiðir til þess að tryggja lánsstofnuninni náið eftirlit með afurðasölu lántakenda.

Um frumvarpið er að öðru leyti þetta að segja:

Um 1. gr.

Eðlilegast er, að rekstrarlánafélag nái ekki yfir nema eina verstöð, en þó getur hagað svo til, að útvegsmönnum, sem búa nálægt, henti vel að vera þátttakandi í félaginu, og er ætlazt til, að svo geti verið.

Um 2. gr.

Sjálfsagt þykir, að auk þess að semja um lánsfé handa útvegsmönnum, þá geti félögin einnig annazt innkaup á nauðsynjum félagsmanna (sem pöntunarfélög) og sölu á afurðum þeirra.

Um 3. gr.

Rétt þykir að setja takmörk fyrir tölu félagsmanna, með því að mikið veltur á, að saman veljist einungis þeir, er þekkja vel hverjir aðra og eiga létt um samvinnu.

Um 4. gr.

Þykir ekki þurfa skýringa.

Um 5. gr.

Rétt þykir að gera ráð fyrir lántökum á tvennan hátt, eins og hér er tekið fram; en með því að eðlilegra þykir, að hver einstaklingur taki sitt lán beint, þá er sérstaklega áréttað, að sú tilhögun skuli frekar höfð.

Um 6. gr.

Það má telja líklegt, að afskipti félags af lántöku félagsmanna verði einkum að því er snertir byrjunarlán til útgerðar. Hinsvegar eiga þeir menn, sem ekki eru því verr í sveit settir, oftast hægt með sjálfir að verða sér úti um fiskveðslán, og þykir þá rétt, að menn séu ekki bundnir við milligöngu félagsins um það.

Um 7. gr.

Nefndin telur, að með ákvæðum þessarar greinar sé stefnt að auknu öryggi fyrir lánsstofnanirnar, lántakendum að meinalausu.

Um 8. gr.

Þykir ekki þurfa skýringa, nema hvað snertir ákvæðið um vextina, en með því er átt við það, að rekstrarlánafélögum beri ekki að skipta við neinn þann aðila, er taki hærri vexti en bankarnir reikna af fiskvíxlum.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar leiðir af sjálfu sér, þar sem bönkunum er af hálfu ríkisvaldsins ætlað að fullnægja rekstrarlánaþörf landsmanna og eru styrktir til þess á ýmsan hátt.

Um 10. gr.

Rétt þykir, að ýms almenn ákvæði í lögum rekstrarlánafélaga verði sem líkust, innan þeirra takmarka, sem þetta frumvarp setur, og er þess vegna gert ráð fyrir, að samdar verði fyrirmyndir að félagslögum, mönnum til leiðbeiningar, og eftir eðli málsins þykir rétt, að aðilar þeir, sem hér eru nefndir, geri tillögur um þær.

## Nd. 696. Nefndarálit

um frv. til l. um lögreglustjóra í Ólafsfirði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað þetta frv., og mælir meiri hl. hennar með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (BJ) er mótfallinn samþykkt frv., og mun hann skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 6. des. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Héðinn Valdimarsson, form. | Garðar Þorsteinsson, frsm. | Thor Thors. |

Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd.

## 697. Nefndarálit

um frv. til laga um fyrning verzlunarskulda og um vaxtatöku af verzlunarskuldum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir eigi getað orðið ásátt um afgreiðslu þessa máls. Fjórir nefndarmenn (HV, BJ, StJSt og TT) leggja til, að frv. verði felllt, en einn nefndarmaður (GÞ) vill samþykkja frv.

Nefndin hefir leitað umsagnar Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga og Verzlunarráðs Íslands um frv. þetta. Leggja öll þessi fyrirtæki á móti frv., og vill meiri hl. vísa til álita þeirra og lætur þau því fylgja þessu nefndaráliti.

Alþingi, 6. des. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Héðinn Valdimarsson, form. | Thor Thors, frsm. | Bergur Jónsson, fundaskr. |

Stefán Jóh. Stefánsson.

**Fylgiskjal I.**

LANDSBANKI ÍSLANDS
Reykjavík, 30. nóv. 1934.

Vér höfum móttekið bréf hinnar háttvirtu allsherjarnefndar, dags. 13. f. m., viðvíkjandi fyrningu á verzlunarskuldum o. fl., og var málið tekið fyrir í bankaráði bankans 27. þ. m.

Vér sjáum ekki neinar sérstakar eða knýjandi ástæður fyrir þessu lagafrumvarpi um styttingu á fyrningarfresti á verzlunarskuldum niður í 2 ár. Oss finnst það frekar athugavert af ýmsum ástæðum, er fram má færa.

Vér lítum svo á, að þessar skuldir geti með engu móti talizt réttlægri en aðrar skuldir og eru oftast bráðnauðsynlegar fyrir lántakandann.

Skuldir þessar stafa venjulega af úttekt fyrir nauðsynjavörur, og getur stuttur fyrningarfrestur valdið því, að kaupmenn og kaupfélög dragi að sér hendur um að veita lán, þar sem þau gætu átt á hættu, að skuldir töpuðust sökum hins skamma fyrningarfrests.

Sú kredit, sem fólgin er í veitingu lánsfrests á verzlunarúttekt, yrði þá að koma annarsstaðar frá, og þá helzt frá bönkunum.

En það er auðvitað, að það yrði stórkostlegur ófögnuður fyrir bankana, að þurfa að veita fjölda smálána til kaupa á verzlunarvörum eða til greiðslu á verzlunarúttekt.

Þeir, sem fátækastir eru, myndu verða harðast úti, ef frumvarpið næði fram að ganga, því verzlanirnar eru oft eini staðurinn, sem lánar þeim.

Vér viljum vekja athygli á því, að kaupmenn og kaupfélög eru miklu kunnugri hag almennings í sínu héraði en bankarnir og ættu því að vera færari að sjá um, að ekki væri gengið of langt í lánveitingum.

Lög þessi myndu verða til þess, að fleiri yrðu að leita aðstoðar og hjálpar sveitarfélaganna.

Þá teljum vér ákvæðin um, að framhaldsviðskipti eða samningar um þessar skuldir stöðvi ekki fyrningu þeirra, mjög varhugaverð, og liggja til þess líkar orsakir og áður eru greindar.

Vér sjáum heldur ekki, að rétt sé að banna að taka vexti af skuldum þessum.

Loks viljum vér benda á, að næði frumvarpið fram að ganga, þá lítum vér svo á, að með því sé að mun rýrður efnahagur margra viðskiptamanna bankanna, og það myndi draga úr lánstrausti þeirra.

Bankaráð og bankastjórar leggja því eindregið til, að nefnt frumvarp nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst

Landsbanki Íslands.

Magnús Sigurðsson. Georg Ólafsson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

**Fylgiskjal II.**

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS H/F.

Reykjavík, 15. nóvember 1934.

Út af bréfi yðar, dags. 13. þ. m., skulum vér tjá yður, að oss virðist allvarhugavert ákvæði nefnds frumvarps til laga um að skuld skuli fyrnast þrátt fyrir viðurkenningu eða samning um hana. Teljum vér, að slík ákvæði geti tæplega orðið öðrum að liði en vanskilamönnum og muni eingöngu verða til þess, að gera rétt manna torsóttari og kostnaðarsamari.

Sama máli gegnir um vaxtatöku af verzlunarskuldum. Fæstar verzlanir komast hjá því að greiða vexti af skuldum sínum, og virðist oss ósanngjarnt að banna þeim að ná inn þeim kostnaði fremur en öðrum beinum útlögðum kostnaði, í þeim tilfellum að samningar takast um það milli skuldareiganda og skuldunauts.

Virðingarfyllst.

Útvegsbanki Íslands h/f.

Helgi Guðmundsson. E. Kvaran.

Til allsherjarnefndar Nd. Alþingis.

**Fylgiskjal III.**

SAMBAND ÍSL. SAMVINNUFÉLAGA

Reykjavík, 22. nóvember 1934.

Í heiðruðu bréfi, dags. 13. þ. m., óskið þér eftir umsögn vorri um frumvarp það til laga um fyrningu verzlunarskulda og um vaxtatöku af verzlunarskuldum, sem þeir alþingismennirnir Gísli Sveinsson, Jón Pálmason, Jón Sigurðsson og Þorbergur Þorleifsson hafa borið fram á Alþingi.

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er það borið fram í þeim tilgangi að útrýma verzlunarskuldum. Þessu ætla flutningsmennirnir að ná með því í fyrsta lagi að stytta fyrningarfrest verzlunarskulda úr 4 árum niður í 2 ár og breyta skilyrðunum um stöðvun fyrningar þannig, að málshöfðun ein virðist geta stöðvað fyrninguna, og í öðru lagi með því að banna að reikna vexti af verzlunarskuldum.

Verði frumvarp þetta samþykkt, virðist eðlileg afleiðing þess myndi verða sú, að allar verzlanir seldu aðeins gegn staðgreiðslu, því að óforsvaranlegt væri fyrir þær að lána út fé, sem flestar þeirra hafa fengið að láni, á þann hátt, að mest líkindi væru til, að það fengist ekki inn aftur og sem löggjafinn með samþykkt frumvarpsins ótvírætt hefði ýtt undir að ekki fengist greitt.

Það er því nauðsynlegt, í sambandi við frumvarpið, að athuga möguleikana til þess að breyta allri verzlun nú þegar í verzlun gegn staðgreiðslu. Bændur, sem lifa af sauðfjárrækt, eins og flestir íslenzkir bændur gera að mestu leyti, fá tekjur sínar aðallega tvisvar á ári, í sumarkauptíð, af ullarinnleggi sínu, og í haustkauptíð, af sláturfjárinnleggi sínu. Nú er það vitanlegt, að fáir íslenzkra bænda eru svo efnum búnir, að þeir geti framfleytt heimili sínu og búi milli kauptíða af andvirði fyrra innleggs, heldur verða þeir að fá rekstrarlán milli kauptíða, og þar sem ekki hefir verið í önnur hús að sækja, hafa þeir fengið lánin í verzluninni, sem þeir skipta við. Líka sögu er að segja um marga útvegsbændur, að þeir verða að fá rekstrarlán til útgerðar sinnar, áður en framleiðsluvörur þeirra seljast, og þar eð víða á landinu er ekki hægt að ná til banka um slík lán, hafa þeir, eins og sveitabændurnir, fengið lánin í verzluninni, sem þeir skipta við.

Flutningsmennirnir benda til þess, að í stað þess að verzlanirnar láni þannig út, skuli stofnuð rekstrarlánafélög „út um héruðin", til að fullnægja lánsþörfinni. Síðan 1930 hafa verið í gildi lög um sveitabanka, sem áttu að taka að sér þessa starfsemi. En þeim hefir ekki verið séð fyrir fé til að lána út, og í greinargerð frumvarpsins er ekki bent á neina leið til að afla þeim fjár, og meðan svo er, er þýðingarlaust að stofna rekstrarlánafélög „út um héruðin". Það er því ekki sjáanlegt annað en að þeir bændur og útgerðarmenn, sem hingað til hafa fengið lán til atvinnurekstrar síns í verzlunum og ekki geta fengið lán í núverandi bönkum, myndu standa uppi ráðþrota og getulausir til að halda áfram atvinnu sinni, ef frumvarpið væri samþykkt og verzlanir þar af leiðandi hættu að lána þeim til eðlilegs rekstrar.

Ef verzlanirnar tækju aftur á móti upp þá leið, að halda áfram útlánastarfsemi, þó að frumvarpið yrði að lögum, myndu þær þurfa að hækka álagningu sína og þar með vöruverð í landinu allverulega, til að standast vaxtatöp og vegna aukinnar áhættu við útlánin, og ætti löggjöfin sízt að stuðla að því.

Vér álítum því óráðlegt að samþykkja frumvarpið, án eða með breytingum, meðan ekkert raunhæft er gert til að fullnægja á annan hátt þeirri eðlilegu lánsþörf bænda og útgerðarmanna, sem verzlanir fullnægja nú.

Virðingarfyllst

pr. pr. Samband ísl. samvinnufélaga

S. Kristinsson.

Til allsherjarnefndar Nd. Alþingis.

**Fylgiskjal IV.**

VERZLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 3. des. 1934.

Verzlunarráðið hefir móttekið heiðr. bréf yðar frá 13. f. m. og samkvæmt tilmælum yðar tekið tilsent frumvarp til laga um fyrning verzlunarskulda og um vaxtatöku af verzlunarskuldum til ýtarlegrar athugunar. Verzlunarráðið hefir og leitað umsagnar Félags ísl. stórkaupmanna, Félags vefnaðarvörukaupmanna í Reykjavík og Félags matvörukaupmanna í Reykjavík á málinu, og þykir skylt að geta þess, að umsögn Verzlunarráðsins á frumvarpinu er í öllum aðalatriðum í samræmi við álitsgerðir ofangreindra félaga.

Af frumvarpinu sjálfu, svo og greinargerð þeirri, er því fylgir, má glögglega sjá, að frá hendi flutningsmanna ber að skoða það sem tilraun til að koma á almennari staðgreiðslu í viðskiptum en hingað til hefir verið, þ. e. skuldlausri verzlun. Með réttu er á það bent í greinargerðinni, að lánsviðskipti þau, sem hér hafa tíðkazt, eru búskap og atvinnulífi þjóðarinnar mjög til baga. Verzlunarráðið telur og brýnustu þörf á, að hafizt verði handa og unnið að því að koma þessari hlið viðskipta okkar á traustari og heilbrigðari grundvöll. Að þessu leyti aðhyllist Verzlunarráðið þá hugmynd flutningsmanna, að stefnt sé að almennri staðgreiðslu í verzlun og viðskiptum hér á landi. Frumvarp það, sem hér er til umsagnar, ber því fyrst og fremst að athuga með tilliti til þess, hvort það sé vel til þess fallið, eða yfirleitt megnugt, að ná því marki, sem því er stefnt að. Við grandgæfilega athugun þess virðist svo ekki vera, að minnsta kosti að dómi Verzlunarráðsins og þeirra aðila, sem það hefir leitað til um þetta atriði.

Sé löggjafinn staðráðinn í að ráða bót á svo alvarlegri meinsemd viðskiptalífs okkar sem lánsverzlunin tvímælalaust er, þá verður að taka fyrir

rætur þeirrar meinsemdar, en ekki að hyggja fyrst og fremst að ytri einkennum hennar, eins og frumvarpi þessu virðist því miður vera ætlað. Og er þá fyrst að athuga, hvar rætur þessarar meinsemdar liggja, hver sé hin raunverulega orsök verzlunarskuldanna.

Að sjálfsögðu má finna mörg dæmi þess, að óvarkár og gálaus stjórn einstakra fyrirtækja eigi sök á einhverjum hluta verzlunarskulda okkar, en þó mun óhætt að líta burt frá þessu atriði, er dæma skal um og skýra heildartildrög þess vandræðaástands, sem frumvarpinu er ætlað að ráða bót á, skuldaverzluninni. Sá, er þekkir til íslenzks búskaparlífs og ríkjandi atvinnuhátta hér á landi, gengur þess ekki dulinn, að meginorsök verzlunarskuldanna liggur dýpra, og hún er tvíþætt. Annarsvegar er hana að finna í búskaparháttunum sjálfum, samfara snöggum breytingum á fjárhagsafkomu atvinnuveganna og þar með almennings í landinu. Hinsvegar liggur hún í því, að þjóðina hefir, allt fram á þennan dag, vanhagað um og skort efni og búskaparlega aðstöðu til að geta gert hinum sérstæðu þörfum íslenzkra búskaparhátta full skil. Er hér, með hinu síðasttalda, sérstaklega átt við hinn tilfinnanlega skort á rekstrarfjárlánum, sem ýmsar greinar búskapar okkar hafa átt við að búa.

Þetta, sem hér að ofan hefir verið tilgreint sem hin raunverulega orsök skuldaverzlunarinnar á Íslandi, mætti vera öllum ljóst, en skal þó stuttlega skýrt nánar.

Það er ekki fjarri sanni að segja, að það, sem einkenni búskap og atvinnurekstur Íslendinga hvað mest, sé það, hvað atvinnulíf þeirra sé mjög háð árstíðum (Saison-búskapur). Framleiðslan kemur með löngum bilum, í skorpum, á markaðinn, og allajafna tekur það langan tíma frá því framleiðslan hefst og þar til hægt er að koma henni í peninga. Þetta ástand hefir það í för með sér, að mikil og brýn þörf er á hverskonar rekstrarlánum í íslenzku búskaparlífi.

Um annan aðalatvinnuveg landsmanna, landbúnaðinn, er það að segja, að höfuðinntektir hans eiga sér stað tvisvar á ári, og þó jafnvel oftar aðeins einu sinni, eða að haustinu. Hér er því sýnt, að löngu áður en bændur geta komið afurðum sínum í peninga, þurfa þeir miklu til að kosta. Þeir þurfa fyrst og fremst að framfleyta sér og sínum allan þann tíma, sem framleiðslan stendur yfir, þeir þurfa að kosta ýmsu til framleiðslunnar sjálfrar (áburðarkaup, verkakaup o. s. frv.). Allur þorri íslenzkra bænda þarf því mjög á rekstrarlánum, og jafnvel hreinum neyzlulánum að halda — sérstaklega ef illa hefir árað. Á slíkum lánum eiga bændur að jafnaði ekki kost. Úrræði þeirra hefir því löngum verið að fá það að láni hjá verzlunum þeim, er þeir skipta við, sem til undirbúnings framleiðslunnar þarf. Vörulán þessi hafa verið veitt með það fyrir augum, að þau yrðu greidd, er framleiðslan kæmi á markaðinn. En það segir sig sjálft, að það þarf ekki mikið út af að bera, eins og ástatt hefir verið um efnahag bænda, til að þeim takist ekki að greiða þessi lán upp að haustinu.

Um sjávarútveginn, eða að minnsta kosti eina grein hans, smábátaútveginn, má í þessum efnum segja það sama og þegar hefir verið tekið fram um landbúnaðinn. Þar er einnig að jafnaði langur tími frá því framleiðslan hefst

og þar til hægt er að koma henni í peninga, og þar er sömuleiðis mjög brýn þörf á rekstrarlánum. Á þeim eiga útvegsmenn smábátaútvegsins heldur ekki nægan kost. Ráðið, sem hér er gripið til, er því það sama og bent var á að bændur notuðu. Verzlunarfyrirtæki lána oft og tíðum að meira eða minna leyti það, sem til framleiðslunnar þarf, þar til hægt er að koma henni á markaðinn. Hér er það einnig augljóst mál, að ekki þarf mikið út af að bera til að útvegsmenn geti ekki á tilsettum tíma staðið í skilum við verzlunarfyrirtækin.

Þá má einnig vekja athygli á því, að hluti af iðnaði þessa lands blátt áfram byggist á lánstarfsemi verzlunarfyrirtækja. Nægir í því sambandi að vísa til þess, að flestir þeir, sem ráðast í að byggja yfir sig, fá efni til byggingarinnar lánað í marga mánuði — jafnvel ár, og það einmitt hjá þeim verzlunum, sem þessar vörur hafa á boðstólum. Mun óhætt að fullyrða, að mikið minna yrði byggt, ef ofangreind vörulán fengjust ekki.

Loks skal á það bent, að vegna þess, hve búskapur okkar er háður árstíðum, er á vissum tímum ársins um talsvert atvinnuleysi að ræða. Mikið af því fólki, sem fyrir böli atvinnuleysisins verður, á ekki annars úrkostar en að stofna til skulda hjá verzlunum þeim, er það skiptir við, eða leita hjálpar þess opinbera. Sé um gamla viðskiptavini að ræða, freistast verzlunin oft til að lána út vörur, í von um, að viðkomanda takist að greiða skuldina, er úr rætist með atvinnu fyrir honum. Þetta tekst og oft og tíðum. En héðan stafar einnig hluti af verzlunarskuldunum.

Sé þetta, sem hér að ofan hefir verið sagt um orsakir verzlunarskuldanna, athugað með tilliti til þess, hvort frumvarp það, sem hér ræðir um, sé þess megnugt að ráða bót á því þjóðarböli, sem verzlunarskuldir okkar eru almennt taldar vera, þá kemur í ljós, að svo er ekki. Það má að vísu ætla, að mikið muni taka fyrir vörulán, verði frumvarpið að lögum. En með frumvarpinu er ekkert gert til að ráða bót á því ástandi, sem raunverulega er orsök verzlunarskuldanna. Það er hvergi gert ráð fyrir, að bætt verði úr rekstrarlánaþörfinni, engin viðleitni til að tryggja fólki stöðuga atvinnu o. s. frv. Með snöggri lokun fyrir vörulán má ætla, að atvinnuleysið vaxi geigvænlega og framleiðslan minnki til muna.

Þá skal einnig bent á það, að varhugavert er að stytta fyrningartímann svo sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir, á meðan ekki er jafnframt séð fyrir því, að kaupmönnum sé gert auðveldara að innheimta skuldir sínar með aðstoð dóms og laga en hingað til hefir verið. En eins og kunnugt er, þá er nú mjög seinlegt og oft óheyrilega dýrt að fá dóm fyrir skuldum, og má segja, að löggjafinn hafi engan veginn tryggt kröfurétt kaupsýslumanna sem skyldi. Aðalorsakir að því, að svo dýrt er og seinlegt að ná inn skuldum með aðstoð laganna eru þessar:

1. Að sáttanefnd má ekki kveða upp úrskurð, ef skuldunautur mótmælir kröfunni,
2. að gestaréttur er ekki leyfður nema frá 1. maí til 1. nóv. árlega,
3. að ekki er leyfilegt að sækja og verja munnlega fyrir rétti mál vegna vöruskulda og fá dóm kveðinn upp að því loknu.
4. að þó að bókhald sanni réttmæti kröfunnar, þá fá skuldunautar, eða

umboðsmenn þeirra, leyfi til þess að tefja málið með því að taka frest á frest ofan svo mánuðum skiptir,

5. að réttargjöld og málaflutningur er dýr, dómsútskriftir afgreiddar seint, og því erfiðar að innheimta skuldir með aðstoð laganna,
6. að skuldunautur má halda miklum fjármunum eftir frá fjárnámi, og þó einkum að virðing hinna eftirskildu muna er miðuð við áætlað uppboðsverð, en ekki raunverulegt verðmæti þeirra.
7. að skuldunautur getur á auðveldan hátt komið undan fjármunum þegar um aðför er að ræða.

Verzlunarráðið álítur, að samfara stytting fyrningartímans þurfi og eigi að koma endurbætur á þeim misfellum, sem á því eru, að hægt sé með aðstoð dómstólanna að innheimta kröfur á fljótan og ódýran hátt.

Án þess að fara sérstaklega út í einstakar greinar frumvarpsins, þá leyfir Verzlunarráðið sér að benda á, að þrátt fyrir hin ströngu ákvæði 1. gr. *um stytting fyrningartímans og um ógildingu samninga um skuldirnar* o. s. frv., þá mun hægt að fara í kringum þessi ákvæði. Virðist hér ekkert vera því til fyrirstöðu, að formi skuldarinnar sé breytt, t. d. í víxilskuld. En af frumvarpinu verður ekki ráðið, að það hafi áhrif eða nái til slíkra skulda. Hér er því leið til að komast hjá aðalákvæði frumvarpsins, og má gera ráð fyrir, að sú leið yrði óspart notuð.

Hér að ofan hefir svo að segja eingöngu verið rætt um annað aðalákvæði frumvarpsins, stytting fyrningartímans, en gengið framhjá hinu aðalákvæðinu, eða banninu við því að reikna vexti af verzlunarskuldum. Um þetta síðara ákvæði er hægt að vera stuttorður. Í reyndinni mun það hafa þau áhrif, verði frumvarpið að lögum, að útsöluverð á vörum hækkar almennt. Mun það mjög orka tvímælis, hvort réttmætt sé, að skilvísir kaupendur, svo og þeir, sem greiða vöruna við afhendingu, séu látnir taka þátt í þeim áhættukostnaði, sem verzlanir leggja á vöruna vegna þeirra, sem fá hana að láni.

Þá má í þessu sambandi einnig benda á það, að vafasamt er, hvort bann gegn vaxtatöku af verzlunarskuldum geti talizt ráð til að hindra skuldaverzlun. Að minnsta kosti má vekja athygli á því, að þó með banni þessu sé að einhverju leyti dregið úr tilhneigingu kaupmanna til að lána vöruna, þá má ætla, að kaupandi taki vörur frekar að láni, sé það lán vaxtalaust, heldur en ef hann þarf að greiða vexti af því.

Af þessu, sem að ofan hefir verið sagt, er sýnt, að Verzlunarráðið getur ekki lagt til, að frumvarp þetta nái fram að ganga, jafnvel þótt hugmynd sú, sem vakað hefir fyrir flutningsmönnum, sé fyllilega viðurkennd. Að dómi Verzlunarráðsins á frumvarp þetta ekki rétt á sér fyrr en tekið hefir verið fyrir rætur verzlunarskuldanna. En slíkt verður ekki gert nema með stofnun rekstrarlánastofnana, sem eru þess megnugar að bæta úr lánsþörfum þeirra greina atvinnulífs okkar, sem hér að ofan hefir verið bent á. En einnig þá á stytting fyrningarfrestsins aðeins rétt á sér, séu jafnhliða gerðar ráðstafanir til að kröfuhöfum sé tryggð fljótari og ódýrari aðferð til að ná inn skuldunum.

Verzlunarráðið vill að lokum taka það fram, að æski háttvirt allsherjarnefnd frekari skýringar á afstöðu ráðsins til frumvarpsins, munu þær fúslega í té látnar.

Virðingarfyllst.

Verzlunarráð Íslands.

A. Claessen. H. Benediktsson. Jóh. Ólafsson. Haraldur Árnason.
Richard Thors. Jes Zimsen. C. Proppé.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

**Ed.** **698. Breytingartillaga**

við frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 7. gr. Greinin falli niður.

**Nd.** **699. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 670 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Jóni Sigurðssyni.

Á eftir orðunum „frá Silfrastöðum“ komi: með stöð á Egilsá.

**Ed.** **700. Nefndarálit**

um frv. til áfengislaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Sú breyting, sem frv. þetta gerir á áfengislöggjöfinni, er samkvæm þeim þjóðarvilja, sem fram kom við þjóðaratkvæðagreiðsluna fyrsta vetrardag 1933, þar sem 15884 kjósendur greiddu atkv. með afnámi bannsins, en aðeins 11624 á móti. Telur nefndin, að taka verði tillit til þess þjóðarvilja.

Frv. þetta hefir tekið allmiklum breytingum í Nd., sem flestar miða að því að torvelda misnotkun áfengis, og telur nefndin þá stefnu rétta, þótt varast beri að fara út í þær öfgar í því efni, að ill- eða óframkvæmanlegt verði í framkvæmd.

Í 9. gr. frv. er heimilað að setja á stofn nýja útsölustaði áfengis, ef ⅔ hlutar greiddra atkv. í þeim hreppi eða kaupstað samþykkir það. Með þessu móti gæti ef til vill fámennt kauptún fengið setta á stofn áfengisútsölu hjá sér, jafnvel þótt mikill meiri hluti fólks í nærliggjandi sveitum, sem þangað sækti verzlun, væri mótfallið slíkri útsölu. Þetta þykir nefndinni ósanngjarnt og vill því, að slík atkvæðagreiðsla fari fram í öllu hlutaðeigandi héraði.

Samkvæmt 13. gr. frv. er bannað að selja þeim manni áfengi, er sekur hefir gerzt um óleyfilega sölu eða aðra óleyfilega meðferð áfengis. Nú er það t. d. óleyfileg meðferð áfengis, að neyta áfengis í veitingastofu eða veitingatjaldi, og virðist lítil ástæða til að svipta menn leyfi til að kaupa áfengi, þótt þeir hafi t. d. verið sektaðir um 25 krónur fyrir þær sakir. Sama er um mann, sem sektaður hefir verið fyrir að flytja inn áfengi til eigin neyzlu, og jafnvel um þann, sem sekur hefir orðið um bruggun til eigin neyzlu. Er hætt við, að þetta ákvæði orsakaði einungis áframhaldandi brot slíkra manna, þar sem þeim væri fyrirmunað að fá áfengi á löglegan hátt. Nefndin vill því fella úr 13. gr. orðin „eða aðra óleyfilega meðferð".

Eftir orðalagi 2. málsgr. 21. gr. er ekki ótvírætt, að ákvæði hennar nái einnig til vélstjóra, en það mun þó hafa verið tilætlunin. Vill nefndin taka af öll tvímæli í því efni.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur eða vera með brtt., er fram kunna að koma.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfylgjandi

## BREYTINGUM.

1. Við 9. gr. 2. málsgr. Fyrir „hreppi þeim eða kaupstað" komi: því sýslu- eða bæjarfélagi.
2. Við 13. gr. 1. málsgr. Orðin „eða aðra óleyfilega meðferð áfengis" falli burt.
3. Við 16. gr. Í stað „31. gr." komi: 34. gr.
4. Við 21. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í farartækinu, ef þeir eru sjálfir í því og áttu að annast starfið, en hafa vanrækt það sökum ölvunar og verulegt slys hlotizt af því.
5. Við 27. gr. Í stað „6. gr." komi: 5. gr.

Alþingi, 6. des. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Jón Baldvinsson, form. Með fyrirvara. | Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. | Magnús Jónsson. |

## Nd. 701. Breytingartillögur

við frv. til laga um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá Jóhanni Þ. Jósefssyni.

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum „farmskírteini fyrir síldarsendingum“ komi: að ísaðri síld undanskilinni.
   b. Orðin „ísaðri síld og“ í niðurlagi greinarinnar falli niður.
2. Við 4. gr. Önnur málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Nú hefir félag síldarframleiðenda fengið löggildingu sem síldarútflytjandi og hefir umráð yfir 80% eða meiru af saltsíldarframleiðslu landsmanna, og getur þá síldarútvegsnefnd ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundraðshluta af framleiðslunni og það hefir umráð yfir, enda sé það opið fyrir öllum síldarframleiðendum.
3. Við 5. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Þeir, sem samkvæmt 4. gr. fá löggildingu o. s. frv.
4. Við 11. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.

## Ed. 702. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á vegarstæði um Lágheiði.

Flm.: Einar Árnason, Bernharð Stefánsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka á næsta ári vegarstæði um Lágheiði, milli Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu og Fljóta í Skagafjarðarsýslu.

## Nd. 703. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

Frá Hannesi Jónssyni.

Við 18. gr. Í stað „5%“ í annari málsgr. komi: 4½%.

## Nd. 704. Frumvarp

til laga um fiskimatsstjóra.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar matsstjóra, er hafi á hendi yfirstjórn alls fiskimats á landinu.

Matsstjóri skal hafa fullkomna þekkingu á meðferð fiskjar, allt frá því hann er veiddur og þar til hann er fullverkaður til útflutnings.

Matsstjóri skal hafa vakandi auga á öllum nýjungum á sviði fiskimatsins. Ber honum að ferðast árlega til aðalneyzlulandanna í því skyni að kynna sér kröfur neytenda.

Matsstjóri efnir til fundarhalda með yfirfiskimatsmönnum svo oft sem þurfa þykir. Skal hann skýra þeim frá nýjum kröfum neytenda og veita þeim leiðbeiningar um störf þeirra. Skylt er öllum fiskimatsmönnum og yfirfiskimatsmönnum að hlýða fyrirskipunum matsstjóra að því er starf þeirra snertir. Skal matsstjóri ferðast um landið og hafa eftirlit með allri framkvæmd matsins.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um fiskimat, að fengnum tillögum matsstjóra og yfirfiskimatsmanna. Matsstjóri sker úr öllum ágreiningi um fiskimat, en í forföllum hans yfirfiskimatsmaðurinn í Suðurlandsumdæminu.

Matsstjóri má ekki reka eða vera hluthafi í neinskonar fiskverzlun, fiskverkun eða útgerð, og er að öðru leyti háður ákvæðum 6. gr. laga nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat, svo og ákvæðum 9. gr. þeirra laga.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra setur matsstjóra erindisbréf.

3. gr.

Matsstjóri skal hafa 8000 kr. í árslaun. Launin greiðist úr ríkissjóði.

Ferðakostnaður matsstjóra greiðist úr ríkissjóði samkvæmt reikningi, er atvinnumálaráðherra úrskurðar, svo og skrifstofukostnaður matsstjóra, ef hann að dómi ráðherra er óhjákvæmilegur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 705. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Skuldabréf þau, sem Kreppulánasjóður lætur af hendi eftir gildistöku þessara laga, skulu mynda sérstakan flokk, og skulu fyrir þann flokk gilda eftirfarandi innlausnarákvæði, sem koma í stað tilsvarandi ákvæða í 2. gr. laga um Kreppulánasjóð, nr. 78 frá 1933.

Vextir af bréfum þessum skulu vera 4,5% á ári. Þau skulu gefin út í einum flokki og skulu innleyst á þann hátt, að árlega sé varið sömu fastri upphæð til samanlagðra vaxta- og innlausnargreiðslna, samkvæmt útdrætti, er

notarius publicus í Reykjavík framkvæmir, þannig að öll bréfin séu innleyst á 40 árum.

2. gr.

Skuldabréf þau, sem Kreppulánasjóður hefir látið af hendi við gildistöku laga þessara, mynda sérflokk, og gilda fyrir hann ákvæði 2. gr. laga nr. 78 frá 1933, um Kreppulánasjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 706. Breytingartillaga

við frv. til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Aftan við 3. gr. bætist:

Kostnaður við nefndina greiðist að hálfu úr ríkissjóði og einum fjórða af hvorum bankanna.

## Ed. 707. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist:

Heimilt skal þó stjórn Kreppulánasjóðs, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að 250000 kr. af reiðufé sjóðsins til greiðslu hluta af þeim kröfum, sem lánsstofnanir eða einstakir menn eignast á ábyrgðarmenn lántakenda úr Kreppulánasjóði, vegna þess að kröfurnar fást ekki greiddar að fullu úr sjóðnum, gegn því, að ábyrgðarkröfurnar séu látnar niður falla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og ná ákvæði þeirra jafnt til þeirra krafna, sem til eru orðnar fyrir gildistöku laganna, og þeirra, er síðar kunna að verða til.

## Ed. 708. Breytingartillaga

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

Við 24. gr. Aftan við greinina bætist:

Yfirskattanefndarmenn þeir, sem nú eru, halda starfi sínu þar til 6 ára skipunartími þeirra er útrunninn.

**Nd.** **709. Frumvarp**

til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 493, með þessum breytingum:

1. málsgr. b-liðar **10. gr.** hljóðar svo:

Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún er töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.

1. málsgr. **11. gr.** hljóðar svo:

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu. Rétt er því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess, að krefjast endurgjalds af hinu eða erfingjum þess á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign eða sératvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.

c-liður **12. gr.** hljóðar svo:

Fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt: 500 kr. fyrir hvert barn. Sama er um aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefir á framfæri sínu. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur 500 kr. eða meiru.

f-liður **19. gr.** hljóðar svo:

Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu.

2. málsgr. **21. gr.** hljóðar svo:

Krónutala sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100; því, sem fram yfir er, skal sleppt.

**24. gr.** hljóðar svo:

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og tveir menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir

því sem formaður ákveður. Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra 3 menn í yfirskattanefnd og 3 varamenn. Hann ákveður og, hver skuli vera formaður nefndarinnar.

Yfirskattanefndarmenn þeir, sem nú eru, halda starfi sínu þar til 6 ára skipunartími þeirra er útrunninn.

**33. gr.** hljóðar svo:

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og annara félaga og stofnana eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar þær skýrslur, er þær beiðast og unnt er að láta þeim í té, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabréf, vaxtabréf, hlutabréf og arð, um vaxtafé í bönkum, sparisjóðum og annað því um líkt. Ríkisskattanefnd hefir og ætíð aðgang að bókum banka og sparisjóða og annara peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hún felur að rannsaka skuldir, innieignir, verðbréfaeign og annað, er lýtur að efnahag gjaldþegns. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá því, hvaða kaup þeir greiða hverjum manni, þar með talin stjórnarlaun, ágóðaþóknun, gjafir o. fl.

**35. gr.** hljóðar svo:

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og af eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar. Yfirskattanefndir geta og, eftir tillögum undirskattanefnda, leyft persónufrádrátt allt að 500 krónur fyrir ættingja eða vandamenn, sem vitað er um, að skattþegn hefir á framfæri sínu.

1. málsgr. **37. gr.** hljóðar svo:

Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn af skattanefnd, og getur hann þá sent skriflega kæru sína yfir því til formanns skattanefndar eða skattstjóra, í Reykjavík innan 14 daga frá því skattskrá er framlögð, en annarsstaðar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar, ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður felldur um kæruna fyrir 15. dag júnímánaðar í Reykjavík, en annarsstaðar fyrir lok aprílmánaðar og hlutaðeigendum gert aðvart um úrslitin.

**49. gr.** hljóðar svo:

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá, og skal þá gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í tímann en 3 ár, enda sé skattálagningin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp undan henni með sama hætti sem öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.

**Ed.** **710. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 70 27. júní 1921 hljóði svo:

Af öllum íslenzkum afurðum, öðrum en landbúnaðarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, með þeim undantekningum, sem getið er um í 2. gr., skal greiða útflutningsgjald í ríkissjóð, er nemi 1½% af verði afurðanna.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, 2. gr., svo hljóðandi:

Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli skal greiða í ríkissjóð kr. 1.00. Af hverjum 100 kg. af óþurrkuðum fiskúrgangi kr. 0.50. Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er út óunnin til bræðslu, kr. 0.25. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum, kr. 3.00.

Brot úr tolleiningu, sem er ½ eða meira, telst heil tolleining, en minna broti skal sleppt.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

3. gr.

4. gr., sem verður 5. gr., hljóði svo:

Til afurða þeirra, er í 1. og 2. gr. getur, telst afli af skipum, sem hafa rétt til þess að fiska í landhelgi og gera það að einhverju leyti, eða verka hann í landhelgi, þótt eigi sé fluttur í land. Ennfremur nær gjaldið til afla, sem veiddur er utan landhelgi, ef hann er saltaður, verkaður eða fluttur á milli skipa á höfnum inni eða í landhelgi. Sömuleiðis til afla á íslenzkum skipum, þótt ekki sé hann veiddur eða verkaður í landhelgi.

Hverskonar aðgerð á afla telst verkun, t. d. ef afli er saltaður, ísaður, slægður o. s. frv.

4. gr.

Eftir 10. gr., sem verður 11. gr., kemur ný grein, svo hljóðandi:

1/12 hluti tekna þeirra, er fást samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal ganga sem framlag ríkissjóðs til ræktunarsjóðs Íslands, unz framlög ríkissjóðs til hans samkv. l. nr. 11 1925 og þessum lögum hafa numið samtals 1 millj. kr.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög nr. 11 29. maí 1925, um breyting á l. nr. 70 1921, um útflutningsgjald o. fl.

Lög nr. 60 27. júní 1921, um útflutningsgjald á síld o. fl.
Lög nr. 15 14. júní 1929.
Lög nr. 52 8. sept. 1931, 1. gr.
Lög nr. 27 11. nóv. 1899, um útflutningsgjald af hvalafurðum.
Lög nr. 58 19. júní 1933, um breyting á l. nr. 70 1921.
Lög nr. 2 5. jan. 1934, um breyting á l. nr. 52 1931.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þá er þau hafa öðlazt staðfesting konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 70 27. júní 1921, og gefa þau út að nýju svo breytt.

## Ed. 711. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 2. gr. Við 1. efnismálsgrein bætist: þó þannig, að ef þessar afurðir eru skattlagðar til bæjarsjóðs eða hafnarsjóðs, þá greiðist í ríkissjóð gjald, er nemur því, sem á vantar kr. 3.00 af 100 kg.

## Ed. 712. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Meiri hlutinn leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. Síðari hluti 2. málsgreinar orðist þannig: Og hvílir stimpilskyldan þá á framseljanda, ef til hans næst, en ella skal viðtakandi eða greiðandi framkvæma stimplunina á kostnað framseljanda eða þess, sem ávísun er innheimt fyrir.
2. Við 5. gr.
   a. Við A. 3. Við liðinn bætist: eða bæjar- og sveitarsjóði, enda sé framsal viðkomandi skattheimtumanns ritað á ávísanirnar.

b. Við B. 1. Við liðinn bætist: eða greitt upp í föst lán. Ennfremur kvittanir fyrir úttekt úr sparisjóðsbókum.
c. Við B. 2. Við liðinn bætist: eða bæjar- og sveitarsjóði.

Alþingi, 7. desember 1934.

Jón Baldvinsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.

## Nd. 713. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 670 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Hannesi Jónssyni.

Á eftir „að Eyjum við Bjarnarfjörð" koma nýir málsliðir:
a. Lína frá Lækjamóti að Gröf í Víðidal.
b. Lína frá Víðidalstungu að Fremri-Fitjum í Fremri-Torfustaðahreppi.
c. Lína frá Syðri-Þverá að Stóru-Borg í Þverárhreppi.

## Ed. 714. Breytingartillögur

við frv. til áfengislaga.

Frá Ingvari Pálmasyni og Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 3. gr.
   a. Orðin „Þó má skipið .... þeim forða" í niðurlagi 2. málsgr. falli niður.
   b. 4. málsgr. falli niður.
2. Við 9. gr. Greinina skal orða svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn nýja útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kauptúnum. Áður en útsalan er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í hlutaðeigandi lögsagnarumdæmi, og þarf ⅗ hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.
   Í kaupstöðum, þar sem áfengisútsölur eru, þegar lög þessi öðlast gildi, er heimilt að selja aðrar tegundir áfengis en þær, sem um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1932, en þó með sömu skilyrðum sem um nýja útsölustaði væri að ræða.
   Hafi verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða leyfa sölu sterkra drykkja þar, sem útsala var fyrir, getur atkvæðagreiðsla um það ekki farið fram á ný fyrr en að fjórum árum liðnum.
3. Við 11. gr. Í stað seinni málsgreinar komi:
   Í vínveitingaleyfi eða reglugerð skal ákveða skilyrði fyrir veitingasölunni. Þar skal meðal annars tekið fram:

a) Að veitingar fari aðeins fram í veitingasölum, og aðeins í sambandi við máltíðir.
b) Að veitingar fari aldrei fram eftir kl. 9 að kveldi.
c) Að veitingar fari aldrei fram í sambandi við dansskemmtanir.

4. Við 12. gr.
a) Við c-lið. Liðurinn orðist svo: að sölulaun áfengis fari aldrei fram úr 10% — tíu af hundraði.
b) Á eftir gr. komi ný grein (síðasta grein IV. kafla):
Aldrei má áfengisverzlunin eða útsölur hennar láta af hendi til einstaklinga meira en 5 lítra áfengis í senn, og enginn einstaklingur má hafa í sínum vörzlum meira áfengi í einu en sem því nemur.

5. Við 16. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Óheimilt skal öllum öðrum en áfengisverzlun ríkisins að flytja áfengi innan takmarka þeirra lögsagnarumdæma, þar sem áfengissölur hafa ekki verið leyfðar.

6. Við 17. gr. Orðin „nema leyfi lögreglustjóra komi til“ falli burt.

7. Á eftir 23. gr. kemur ný grein, er orðist svo:
Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar ráðunaut í áfengismálum. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.

8. Við 24. gr.
a) Aftan við síðari málsgrein bætist: að fengnum tillögum áfengismálaráðunautar.
b) Á eftir gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:
Ríkisstjórnin skal láta auglýsa, á skipum, sem annast farþegaflutning með ströndum landsins, á veitingahúsum, pósthúsum og símastöðvum og öðrum þeim stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum.

9. Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

## Nd. 715. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 684 [Fiskimálanefnd o. fl.].

Frá atvinnumálaráðherra.

1. Við 3. c. Liðurinn orðist svo:
Aftan við greinina bætist:
Atvinnumálaráðherra getur falið fiskimálanefnd úthlutun útflutningsleyfa. Einnig getur ráðherra falið nefndinni eða almennu fisksölufélagi (sbr. 2. málsgr. 4. gr.) framkvæmd þeirra annara starfa, er ráðlegt þykir og undir hann heyra samkvæmt lögum þessum.

2. Við 4. a. Liðurinn orðist svo:
Fyrstu málsgr. skal orða svo:
Atvinnumálaráðherra löggildir saltfiskútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma, allt að fengnum tillögum fiskimálanefndar.

## Ed. 716. Nefndarálit

um frv. til laga um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt.
Einstakir nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um breytingartillögur.

Alþingi, 8. desember 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Sigurjón Á. Ólafsson, form. | Páll Hermannsson, fundaskr., frsm. | Jón A. Jónsson. |

## Ed. 717. Breytingartillögur

við frv. til laga um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: né heldur til minni háttar sýslunarmanna, enda sé starfið ekki aðalstarf þeirra.

## Ed. 718. Breytingartillaga

við frv. til áfengislaga.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 9. grein. Aftan við 1. málsgr. bætist:
Þó skal þetta eigi heimilt utan Reykjavíkur, nema áður hafi farið fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í kaupstaðnum og meiri hluti greiddra atkvæða hafi verið með því, að selja mætti í kaupstaðnum áfengi, sem flutt er inn samkvæmt þessum lögum.

## Nd. 719. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, framlengist fyrir árin 1935 og 1936.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk h/f Eimskipafélags Íslands.

## Ed. 720. Frumvarp

til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið. Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina.

Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að tryggja, að íslenzkar afurðir, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri og að hann renni til bankanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi flytja til landsins, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar. Ennfremur, að engan erlendan gjaldeyri megi láta af hendi, nema með leyfi nefndarinnar, og sé gjaldeyrinum úthlutað eftir reglum, samþykktum af bönkum þeim, sem fulltrúa eiga í gjaldeyrisnefnd. Leyfi þarf þó eigi til þess að inna af hendi erlendar greiðslur af lánum ríkissjóðs og lánum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, eða fyrir greiðslum erlendis í þarfir bankanna.

3. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem fjármálaráðherra skipar. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu bankastjóra Landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu bankastjóra Útvegsbanka Íslands h/f og þrír af fjármálaráðherra án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast um lengri tíma, skipar fjármálaráðherra varamann um stundarsakir eftir sömu reglum og aðalmenn eru skipaðir. Kostnaður við nefndina greiðist að hálfu úr ríkissjóði og einum fjórða af hvorum bankanna.

4. gr.

Fjármálaráðherra setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum. Heimilt er að veita nefndinni með reglugerð vald til þess að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og tollstjórinn í Reykjavík skulu láta gjaldeyris- og innflutningsnefnd í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnskjótt sem skip það, er vörurnar flytur, leggur frá landi. Ennfremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta nefndinni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan; skal skýrslan vera í því formi, er nefndin ákveður í samráði við hagstofustjóra.

6. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50000.00, nema þyngri refsing liggi við. Sömu hegningu varðar það, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði, er gjaldeyris- og innflutningsnefnd kann að hafa sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingum. Ennfremur er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á lögum þessum, reglugerðum og auglýsingum eða skilyrðum gjaldeyris- og innflutningsnefndar fyrir leyfisveitingum.

7. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum, reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum er numin úr gildi 3.—6. gr. laga nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 1 8. marz 1920.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **721. Tillaga**

til þingsályktunar um sölu á íslenzkum afurðum í Danmörku.

Flm.: Jón Baldvinsson, Ólafur Thors, Jónas Jónsson, Hannes Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beina því til stjórnenda síldarbræðslu ríkisins að reyna að koma á fastri árlegri sölu á síldarafurðum í Danmörku.

Greinargerð.

Allt fram að 1914 keyptu Íslendingar að heita má flestallar vörur, sem hér á landi voru notaðar, í Danmörku, eða fyrir milligöngu danskra kaupmanna. Síðan hefir þetta breytzt nokkuð, en þó er Danmörk einna hæst í innflutningi á vörum hingað til lands, en kaupir aðeins lítið eitt af íslenzkum vörum. Við athugun á því, hvaða vörur helzt væri hægt að selja til Dan-

merkur og þar í landi mætti nota, telja flutningsmenn, að íhuguðu máli, að helzt gæti verið um síldarafurðir, svo sem síldarmjöl og síldarlýsi, að ræða.

Viðskipti Íslendinga við Dani eru mjög auðveld, góðar samgöngur milli landanna, löng viðkynning, og málakunnátta ekki til baga. En eins og nú hagar til í viðskiptum, getum við ekki haldið áfram miklum viðskiptum við þjóðir, er lítið eða ekki kaupa af oss. En af margvíslegum ástæðum er oss hentast að hafa sem mest viðskipti við nágrannaþjóðirnar, en þó því aðeins er oss mögulegt að kaupa vörur af þeim, að á móti komi kaup af þeirra hendi á íslenzkum vörum.

## Nd. 722. Frumvarp

til laga um lántöku fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að 7½ milljón króna, eða jafngildi þeirra í erlendri mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa safnazt hjá ríkissjóði lausaskuldir. Með láni þessu, ef það fæst og kjör þess verða aðgengileg, á að greiða þessar lausu skuldir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Skuld við Barclays Bank frá 1931, £ 67500-0-0 = .... | kr. | 1495125,00 |
| 2. | Skuld við sama banka, stofnuð 1933 og 1934, £ 100735-0-0 = | — | 2231280,00 |
| 3. | Víxillán í Búnaðarbanka Íslands ..... | — | 1600000,00 |
| 4. | Skuld á hlaupareikningi nr. 1039 í Landsbanka Íslands um | — | 900000,00 |
| 5. | Skuld við Landmandsbanken vegna ábyrgðar fyrir síldareinkasöluna ..... | — | 265918,00 |
| 6. | Víxillán í Landsbanka Íslands ..... | — | 187487,00 |
| | | Samtals kr. | 6679810,00 |

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á því, að hér er tekið með lán Barclays Bank frá 1931. Með lögum nr. 67 frá 23. júní 1932, um lántöku fyrir ríkissjóð, var gefin heimild til þess að taka lán til greiðslu á þessu láni og enska láninu frá 1921. Sú heimild hefir nú verið notuð að því er enska lánið frá 1921 snertir, og þykir því réttara að taka hitt lánið hér með, og verður þá lántökuheimildin frá 1932 að sjálfsögðu ekki notuð meir en orðið er.

Að sjálfsögðu er gengið út frá því, að hægt sé að nota hluta af lánsheimildinni, þótt eigi sé hún notuð að fullu.

## Nd. 723. Breytingartillögur

við frv. til l. um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Við 1. gr.

a. Tvo fyrstu málsliði greinarinnar skal orða svo:
Ríkisstjórnin skipar sjö manna síldarútvegsnefnd. Skipar atvinnumálaráðherra einn, en hina skulu þessir aðilar tilnefna, svo sem hér segir: Útgerðarmenn á Norðurlandi einn mann, útgerðarmenn á Vesturlandi einn mann og útgerðarmenn á Suðurlandi sunnan Snæfellsness tvo menn.

b. Á eftir 4. málsl. greinarinnar kemur nýr málsliður:
Nú hafa fleiri en eitt skip haft samveiði um eina nót, og skal þá ekki koma nema eitt atkvæði á þau skip saman.

## Ed. 724. Nefndarálit

um frv. til l. um iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ.

Alþingi, 8. des. 1934.

| Páll Hermannsson, form., frsm. | Guðrún Lárusdóttir, fundaskrifari. | Bernh. Stefánsson. |
|---|---|---|

## Ed. 725. Frumvarp

til laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar sjö manna fiskimálanefnd. Skipar atvinnumálaráðherra einn mann, en hinir sex skulu tilnefndir af þessum aðilum, einn af hverjum: Alþýðusambandi Íslands, botnvörpuskipaeigendum, Fiskifélagi Íslands, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f og Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn, og skulu jafnframt skipaðir jafnmargir varamenn eftir tilnefningu sömu aðilja. Nefndarmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nærri, að þeir geti auðveldlega sótt þar fundi. Stofnanir þær, sem tilnefna menn í nefndina, geta þó skipt um aðalmenn og varamenn að ári liðnu frá síðustu tilnefningu, enda komi samþykki ráðherra til.

Nú vanrækir einhver framangreindra stofnana að tilnefna mann í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað.

Nefndin kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn.

Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur. Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Fiskimálanefnd hefir með höndum úthlutun verkunarleyfa, af þau verða fyrirskipuð. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á fiski með öðrum verkunaraðferðum en nú eru mest tíðkaðar. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja fisk á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins. Getur ríkisstjórnin veitt nefndinni fé úr markaðs- og verðjöfnunarsjóði í þessu skyni með samþykki sjóðstjórnarinnar.

3. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja fisk til útlanda, nema með leyfi atvinnumálaráðherra. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir fisksendingum til útlanda, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Leyfi til útflutnings á saltfiski skulu aðeins veitt þeim, sem fengið hafa löggildingu sem saltfiskútflytjendur. Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu fyrir smásendingar af óverkuðum saltfiski, ufsa, keilu og úrgangsfiski, og ennfremur á verkuðum saltfiski til annara landa en aðalmarkaðslandanna.

Atvinnumálaráðherra getur falið fiskimálanefnd úthlutun útflutningsleyfa. Einnig getur ráðherra falið nefndinni eða almennu fisksölufélagi (sbr. 2. málsgr. 4. gr.) framkvæmd þeirra annara starfa, er ráðlegt þykir og undir hann heyra samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra löggildir saltfiskútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma, allt að fengnum tillögum fiskimálanefndar.

Nú hefir félag fiskframleiðenda fengið löggildingu sem saltfiskútflytjandi og hefir umráð yfir 75% eða meiru af saltfiskframleiðslu landsmanna, og getur þá atvinnumálaráðherra ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundraðshluta af framleiðslunni og það hefir umráð yfir, en fullnægja skal þá félagið þeim skilyrðum, er hér fara á eftir, sé það eigi stofnað og starfrækt samkv. l. nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög. Félagið skal vera opið öllum fiskframleiðendum þannig, að félög þeirra, sem nú yfir eina eða fleiri veiðistöðvar eða tiltekið svæði, hafi rétt til þátttöku og sendi fulltrúa á fundi þess. Útgerðarmenn og útgerðarfélög, sem ráða yfir 3000 skpd. saltfiskjar eða meiru, skulu eiga rétt á að gerast meðlimir og mæta eða láta mæta á fundum félagsins. Æðsta vald í félagsmálum sé hjá félagsfundum. Við kosningu fulltrúa til félagsfunda skal hver þátttakandi hafa atkvæðisrétt, er eigi miðast nema að nokkru leyti við fiskimagn. Sama gildir og um atkvæðisrétt á

félagsfundum, enda fari þar enginn með meira en 1/20 af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra.

Þeir, sem kynnu að fá löggildingu til útflutnings á eftirstöðvum fiskmagnsins, skulu uppfylla skilyrði síðustu málsgreinar þessarar greinar, enda skulu þeir hlíta fyrirmælum atvinnumálaráðherra um framboð, lágmarksverð og útflutningstíma á saltfiski og njóta um það jafnréttis við hið almenna fisksölusamlag.

Ef ekkert almennt félag fiskframleiðenda, sem ræður yfir fiskmagni því, sem að framan greinir, sækir um löggildingu, getur atvinnumálaráðherra löggilt tiltekna tölu saltfiskútflytjenda, enda hafi hver þeirra til umráða að minnsta kosti 20000 skpd. af fiski og fullnægi ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, ef um einstakling er að ræða, eða ef um félag er að ræða, að það sé skrásett lögum samkvæmt sem hlutafélag, samvinnufélag eða sölusamlag fiskframleiðenda, opið öllum fiskframleiðendum.

5. gr.

Þeir, sem samkvæmt síðustu málsgr. 4. gr. fá löggildingu atvinnumálaráðherra sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum fiskimálanefndar um framboð og lágmarksverð á fiski, sem seldur er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma, afhendingu gjaldeyris og annað það, sem nefndin setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkvæmt lögum þessum. Með reglugerð má ákveða, að fiskútflytjendur skuli skyldir að taka fisk til sölu af framleiðendum, gegn hæfilegri hámarksþóknun, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir fiskframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

6. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa fiskimálanefnd allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem snertir sölu og útflutning fiskjar, og hefir nefndin frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin er bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda, er hún verður áskynja um á þennan hátt. Er nefndinni skylt að gefa atvinnumálaráðherra þær skýrslur, er hún telur nauðsynlegt til að varðveitt verði jafnrétti fiskframleiðenda.

7. gr.

Nú verður það nauðsynlegt að dómi fiskimálanefndar, til þess að tryggja sölu á fiskframleiðslu landsmanna, að takmarka veiði, og getur þá atvinnumálaráðherra, eftir tillögum nefndarinnar, mælt svo fyrir með reglugerð, að takmarka skuli veiði verðlítils fiskjar, svo og að banna megi eða draga úr aukningu fiskiskipaflotans og úrskurða um það, hvar aukning megi eiga sér stað.

8. gr.

Ef atvinnumálaráðherra mælir svo fyrir, skulu allir fiskframleiðendur fyrir þann tíma, er fiskimálanefnd ákveður, sækja um verkunarleyfi til fiskimálanefndar. Í leyfisbeiðnum skulu fiskframleiðendur tilgreina tölu, ein-

kennistölur og stærð fiskiskipa, sem þeir ætla að halda til veiða næsta ár, og áætla afla. Skulu framleiðendur skyldir að láta nefndinni í té allar upplýsingar, sem hún krefst og stuðlað geta að því að áætla veiðina sem næst sanni, og ennfremur gefa nefndinni mánaðarlega nákvæmar aflaskýrslur, eftir að veiði byrjar ár hvert, og jafnframt tilgreina, hver hafi fiskinn til sölumeðferðar.

Í leyfisbeiðni skal tekið fram, hvernig framleiðandi óskar að verka afla sinn.

9. gr.

Fiskimálanefnd úthlutar verkunarleyfum, og skal, eftir því sem við verður komið, úthluta leyfum eftir óskum fiskframleiðenda. Nú er, að dómi nefndarinnar, ekki líklegt, að hægt verði að selja alla fiskframleiðslu landsmanna með þeirri verkun, sem framleiðendur óska, vegna innflutningstakmarkana í markaðslöndunum, og getur þá nefndin ákveðið, að tiltekinn hluti af afla fiskframleiðenda skuli seldur í því ásigkomulagi og með þeirri verkun, sem hún álítur, að tryggi það bezt, að fiskmarkaðurinn komi að sem fyllstum notum. Skal nefndin hafa um þetta sem nánasta samvinnu við fiskframleiðendur og útflytjendur.

10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd undanfarandi ákvæða, svo sem að hver fiskeigandi beri ábyrgð á gæðum síns fiskjar, ákvæði um jafnaðarverð á fiski sömu gæða, umboðslaun til að standast kostnað við sölu og öll þau atriði önnur, er hann telur þurfa.

11. gr.

Brjóti löggiltur útflytjandi ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, getur atvinnumálaráðherra svipt hann löggildingu og kært hann til fjársekta.

12. gr.

Nú telur ríkisstjórnin og fiskimálanefnd, með tilliti til markaðslanda og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikarnir með því að taka upp einkasölu á saltfiski, og getur ríkisstjórnin þá, með samþykki fiskimálanefndar, ef félag fiskframleiðenda, sem uppfyllir ákvæði 2. málsgr. 4. gr. æskir þess, veitt því um ákveðinn tíma einkarétt til að selja og flytja saltfisk til útlanda.

Sé slíkur félagsskapur fiskframleiðenda eigi til, getur ríkisstjórnin falið fiskimálanefnd einkasölu á fiski til útlanda, enda komi samþykki nefndarinnar til. Ræður þá fiskimálanefnd þrjá framkvæmdarstjóra til þess að annast fisksöluna og gerir aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsyn krefur. Skal með reglugerð, er atvinnumálaráðherra gefur út, ákveða fyrirkomulag einkasölunnar, verksvið framkvæmdarstjórnar og annað það, er leiðir af ákvæðum þessarar greinar.

Sé fiskimálanefnd falin einkasala á fiski, telst kostnaður við störf hennar með rekstrarkostnaði einkasölunnar.

Nú verður slík einkasala fyrirskipuð, og skal þá ríkisstjórnin gefa fisk-

framleiðendum kost á að taka hana í sínar hendur þegar er stofnað verður félag fiskframleiðenda, er fullnægir 2. málsgr. 4. gr.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita einstaklingum og félögum lán eða styrk, til þess að gera þeim kleift að koma upp tækjum til þess að verka fisk og aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, svo sem herðingu, hraðfrystingu o. fl., svo og til þess að gera tilraunir með útflutning og sölu sjávarafurða á nýja markaðsstaði, enda leggi þá markaðs- og verðjöfnunarsjóður einnig fram fé í sama skyni.

Fiskimálanefnd sér um veitingu lána og styrkja samkvæmt 1. málsgrein eftir reglum, sem ríkisstjórn setur, að fengnum tillögum fiskimálanefndar, og mega lánin vera vaxtalaus um ákveðið árabil.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 1 milljón króna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og heimilast henni að taka þá upphæð að láni, eða jafngildi hennar í erlendri mynt.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, og varða sektum, allt að 200000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 726. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 585 [Vistarskóli fyrir vanheil börn og unglinga].

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Aftan við síðari málsgr. bætist: og leggja árangur þeirra rannsókna fyrir næsta Alþingi.

## Ed. 727. Þingsályktun

um vistarskóla fyrir vanheil börn og unglinga.

(Afgreidd frá Ed. 8. des.).

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, að hve miklu leyti unnt sé að sameina skóla fyrir daufdumba, blinda, fatlaða og málhalta, og undirbúa löggjöf um stofnun slíks skóla, eftir því sem niðurstöður rannsóknarinnar benda til.

Ennfremur að undirbúa löggjöf um forsjá fávita, geðveikra eða annara, er líkt stendur á um, og leggja árangur þeirra rannsókna fyrir næsta Alþingi.

## Ed. 728. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 52 19. júní 1933, um breyt. á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin telur rétt eftir atvikum að mæla með því, að frv. þetta verði samþykkt. Tveir nefndarmanna (JAJ og IngP) hafa þó fyrirvara um þetta efni.

Alþingi, 8. des. 1934.

| Ingvar Pálmason, | Sigurjón Á. Ólafsson, | Jón A. Jónsson, |
|---|---|---|
| form. Með fyrirvara. | fundaskr., frsm. | með fyrirvara. |

## Ed. 729. Nefndarálit

um frv. til laga um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Öll nefndin er sammála um aðalatriði frv. þessa og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (JAJ) hefir þó óbundið atkvæði um ýmsar greinar þess og skrifar undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 8. des. 1934.

| Ingvar Pálmason, | Sigurjón Á. Ólafsson, | Jón A. Jónsson, |
|---|---|---|
| form. | fundaskr., frsm. | með fyrirvara. |

## Sþ. 730. Tillaga

til þingsályktunar um þjóðaratkvæði um ríkisrekstur atvinnuvega og ríkiseign jarða.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara á næsta vori almenna atkvæðagreiðslu alþingiskjósenda um eftirfarandi spurningar:

1. Viljið þér, að með nýrri löggjöf sé unnið að þeirri breytingu á þjóðskipulagi Íslendinga, að ríkisrekstur komi í stað einkaframtaks í atvinnumálum?
2. Viljið þér, að stefnt sé að því, að allar jarðeignir á landinu hverfi úr sjálfsábúð og verði ríkiseign?

Á s t æ ð u r.

Á þessu þingi hefir stjórnin ýmist sjálf lagt fyrir eða látið stuðningsmenn sína bera fram mörg lagafrumvörp, er stefna að því mjög ákveðið, að opinber rekstur komi í stað einkaframtaks í verzlun, iðnaði, útgerð og landbúnaði. Einnig því, að horfið sé frá sjálfsábúð, en bújarðirnar gerðar að ríkiseign. Blöð stjórnarinnar, bæði þau, er Alþýðuflokkurinn gefur út, og þau, er Framsóknarflokkurinn gefur út, hafa þrásinnis látið það í ljós, að stefna stjórnarinnar og þingflokka þeirra, er hana styðja, sé þjóðnýting atvinnuveganna með ríkisrekstri og ríkiseign allra bújarða.

Þótt óvíst sé, hve mikið verður samþykkt á þessu þingi af þeim frumvörpum, sem stefna í þessa átt, þá er sýnilegur sá ásetningur ríkisstjórnarinnar að gera stefnu þessa að veruleika. Er því víst, að ef að þessu verður unnið með nýrri löggjöf á hverju þingi, þar til reglulegar alþingiskosningar fara fram, verður því verki langt komið að gera allan atvinnurekstur þjóðarinnar að ríkisrekstri og bújarðirnar að ríkiseign, áður en kjósendur fá færi á að birta vilja sinn í þessu efni.

Það er vitað, að kjósendur voru ekki um það spurðir sérstaklega fyrir síðustu kosningar, hvort þeir aðhylltust ríkisrekstur á atvinnuvegum þjóðarinnar og ríkiseign á bújörðum. Þeir hafa því ekki gefið þingmönnum neitt umboð til þess að breyta þjóðskipulaginu með lögum í þessa átt. Tel ég því óleyfilegt og óverjandi að gera þetta að þjóðinni forspurðri.

## Ed. 731. Breytingartillögur

við frv. til laga um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna og við brtt. á þskj. 717.

I. Frá *Bernh. Stefánssyni.*
Við brtt. 717. Fyrir „né til minni háttar sýslunarmanna, enda sé starfið ekki aðalstarf þeirra“ komi: né heldur til þeirra sýslunarmanna, er ekki hafa sýslanina að aðalstarfi.

II. Frá *Þorsteini Briem.*
Við 1. gr. frv. Á eftir síðustu málsgr. komi:
Eigi taka ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar heldur til þeirra starfsmanna, sem kosnir eru almennri kosningu.

III. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 1. og 2. gr. frv. Fyrir „65“ komi: 68.

IV. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Á eftir 2. gr. komi ný grein, er svo hljóðar:

Nú er embættis- eða starfsmaður leystur frá embætti samkvæmt þessum lögum, og bera honum þá full embættislaun til 70 ára aldurs.

V. Frá *Magnúsi Guðmundssyni.*

Við 3. gr. Í stað „1935“ til enda greinarinnar komi: 1936.

## Nd. 732. Frumvarp

til laga um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver sá opinber embættis- eða starfsmaður í þjónustu ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða stofnana, sem þau ráða yfir eða eiga, hvort sem hann er skipaður af konungi eða ráðherra eða öðrum löglegum aðila, eða þó hann sé fastráðinn, skal leystur frá embætti sínu eða starfi sínu af sama aðila, er veitti honum það eða réði hann til þess, þegar hann er orðinn fullra 65 ára.

Heimilt er þó, að þeir opinberir embættis- og starfsmenn, sem þykja til þess nógu ernir til líkams og sálar, séu látnir halda störfum sínum þar til þeir eru fullra 70 ára, en enginn má vera í opinberu embætti eða stöðu, sem eldri er.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til ráðherra, alþingismanna og annara opinberra fulltrúa, sem kosnir eru almennri kosningu, né heldur til þeirra sýslunarmanna, er ekki hafa sýslanina að aðalstarfi.

2. gr.

Þegar opinberum starfsmönnum er veitt lausn frá störfum sínum samkv. 1. gr., skal miða lausnina við 1. dag næsta mánaðar eftir að þeir urðu 65 eða 70 ára.

Hafi opinber starfsmaður ekki verið leystur frá embætti sínu eða stöðu, er hann varð 65 ára, getur hann orðið leystur frá stöðunni hvenær sem er á tímabilinu þar til hann er 70 ára og verður að láta af störfum skilmálalaust.

3. gr.

Þeir opinberir embættis- og starfsmenn, sem eru orðnir 70 ára er lög þessi öðlast gildi, skulu víkja úr stöðum sínum 1. janúar 1935, eða gangi lögin síðar í gildi, þá 1. dag næsta mánaðar eftir að lögin öðlast gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 733. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, myndi, ef að lögum yrði, grípa mjög víða inn í viðskipti landsmanna og hafa ýmsar afleiðingar, sem vandi er

að sjá fyrir. Hefir stjórn Landsbankans bent á nokkrar slíkar afleiðingar og varað við því að setja slík lög, að lítt rannsökuðu máli. Liggur það í augum uppi, að þetta mun draga úr tékkaviðskiptum, en þau eru mjög hagstæð, bæði til þess að greiða fyrir viðskiptum og draga úr seðlaþörf, og svo til þess að drýgja innstæður í bönkum, sem á er vísað, en þær eru, svo sem kunnugt er, eitthvert bezta starfsfé bankanna.

Manna milli myndi þetta vafalaust valda því, að oft og einatt væri sleppt að gefa kvittanir fyrir greiðslum, og er það sízt til bóta í viðskiptum. Þá myndi þessi stimplun einnig valda mikilli vinnu, og þar með auknum kostnaði fram yfir sjálfan skattinn.

Það virðist einsætt að fresta þessu máli til nánari athugunar, eins og stjórn Landsbankans hefir farið fram á. Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 8. des. 1934.

Magnús Jónsson.

## Nd. 734. Frumvarp

til laga um meðlög með börnum ekkna.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Thor Thors.

1. gr.

Þegar ekkja, sem rétt á til framfærslu hér á landi og börn hefir á framfæri sínu, eitt eða fleiri, á við þau kjör að búa, að hún, að dómi valdsmanns þar, sem hún á heima, er ekki einfær um að kosta framfærslu þeirra og uppeldi, á hún rétt á, að valdsmaðurinn úrskurði henni meðlag samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Kveða skal upp úrskurð um meðlag með hverju barni um sig, sem er innan 16 ára aldurs og á framfæri ekkjunnar. Þó er valdsmanni ekki skylt að úrskurða meðlag með öllum börnunum, ef fleiri eru en eitt og hann telur, að meðlag með einu þeirra eða fleirum muni nægja til að ekkjan geti kostað framfærslu allra barnanna. Sérhver úrskurður skal hljóða á nafn ákveðins barns, og séu ekki kveðnir upp úrskurðir með öllum börnunum, skulu úrskurðir hljóða á nafn hinna yngstu. Valdsmaður getur fjölgað úrskurðum og einnig fellt úrskurði úr gildi, ef honum þykir ástæða til, sökum breyttra ástæðna ekkjunnar. Neitun valdsmanns á að kveða upp úrskurð og niðurfelling úrskurðar má jafnan áfrýja til stjórnarráðsins.

3. gr.

Upphæð meðlags samkvæmt hverjum meðlagsúrskurði skal vera jöfn meðalmeðlagi í þeirri sveit, er ekkjan dvelur.

4. gr.

Ekkjan getur krafizt meðlags samkvæmt lögum þessum af dvalarsveit sinni, fyrirfram fyrir þrjá mánuði í senn. Þó er dvalarsveitinni ekki skylt að inna af höndum greiðslu, sem ekki er krafizt fyrr en ár er liðið frá því að hún varð gjaldkræf. Þegar greiðslu er krafizt, er skylt að sýna úrskurð og lífsvottorð barnsins, sé þess óskað.

Dvalarsveitin á rétt á endurgreiðslu úr ríkissjóði á helmingi allra meðlagsgreiðslna, sem hún innir af höndum samkvæmt lögum þessum.

Styrkur samkvæmt lögum þessum telst ekki sveitarstyrkur og er óafturkræfur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

## Greinargerð.

Mæðrastyrksnefndin hefir annazt um sameiningu frv. þessa og ráðið efni þess. Hún hefir árum saman barizt fyrir þeirri hugmynd, að komið yrði á mæðrastyrkjum, en um það stöndum við enn langt að baki annara þjóða. Þó að væntanleg sé löggjöf um alþýðutryggingar, þótti nefndinni ekki fært að bíða með þetta frv., því henni er svo kunnugt um neyð margra ekkna, og hver mánuður, sem líður, hefir þýðingu fyrir líf og heilsu þeirra og barna þeirra. Ekkjur standa nú mun verr að vígi um framfærslu barna sinna en ógiftar mæður, sem hafa rétt á meðlagsgreiðslu skv. úrskurði, þó barnsfaðirinn sé dáinn, og er þessu frv. ætlað að koma á jafnrétti í því efni. Vanræksla þjóðarinnar á því að sjá börnum fyrir góðu og hollu uppeldi kemur henni síðar í koll í auknum sjúkra- og framfærslukostnaði. Rannsókn hefir leitt í ljós, að af þeim börnum, sem veikluð eru í barnaskóla hér í Reykjavík, eru tiltölulega flest börn ekkna. Þar er því þörfin mest aðkallandi.

Um einstakar gr. frv. skal þetta tekið fram:

### Um 1. gr.

Lögin ná aðeins til ekkna, sem hafa á framfæri sínu börn á framfærslualdri. Réttast þykir að láta mat á því, hvort ekkjan er styrkþurfi, heyra undir valdsmann. Ætti þá að vera tryggt, að hlutdrægnislaust sé á málavöxtu litið.

### Um 2. gr.

Sé ekkjan hjálparþurfi sökum ómegðar, en valdsmanni þykir þó ekki nauðsyn til bera, að hún fái meðlag með öllum börnum sínum, vegna þess að aðrar tekjur ekkjunnar mundu nægja til framfæris henni og einu eða fleiri af börnum hennar, er honum ekki skylt að kveða upp úrskurði um meðlag með öllum börnunum. Rétt þykir, að stjórnarráðið hafi endanlegt úrskurðarvald, ef valdsmaður neitar að kveða upp úrskurð eða fellir úrskurð úr gildi.

### Um 3. gr.

Upphæð hvers úrskurðar skal hljóða á meðalmeðlag, eins og það er ákveðið á hverjum tíma, og hækkar því eða lækkar, ef meðalmeðlag breytist.

Um 4. gr.

Sanngjarnt er, að styrkurinn skiptist þannig, að ríkissjóður og dvalarsveit greiði sinn helminginn hvor. Að því er snertir dvalarsveitina, þá er hún að jafnaði einnig framfærslusveit ekkjunnar, og mundi sem slík oftast verða að greiða framfærslustyrk til hennar, þótt þessi lög kæmu ekki til. Þar eð styrkur samkvæmt þessum lögum mundi að sjálfsögðu vera veittur í ýmsum tilfellum, þar sem ekki hefði ella verið veittur sveitarstyrkur, þá er rétt, að sá útgjaldaauki lendi fremur á ríkissjóði en hreppsfélögunum.

## Nd. 735. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 673 [Ríkisútgáfa skólabóka].

Frá Sigurði Einarssyni.

Við 1. Tillagan orðist svo:

Nú býðst útgefandi til að taka að sér útgáfu löggiltrar kennslubókar, og er þá heimilt að taka boði hans, ef hann fullnægir skilyrðum útgáfustjórnar um frágang bókar og verð, enda fari um sölu hennar eftir fyrirmælum 5. gr.

## Nd. 736. Nefndarálit

um frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað mál þetta rækilega og orðið sammála um að mæla með því með nokkrum breytingum. Sumar þessar breytingartillögur eru bornar fram á sérstöku þingskjali af meiri hl. landbúnaðarnefndar, og er öll nefndin að efni til fylgjandi meginbreytingunum, sem þær fela í sér. Hinsvegar eru 2 nefndarmenn ósamþykkir 1. breytingartillögunni og vilja, einkum JónP, auk þess ganga lengra í breytingum á frumvarpinu og munu bera fram um það sérstakar breytingartillögur, og skrifa því undir nefndarálitið með fyrirvara.

Höfuðbreytingin, sem nefndin leggur til, er sú, að þeim mjólkurframleiðendum, sem búa á kaupstaðalóðunum, þar sem aðalsalan fer fram, er gefinn kostur á að velja á milli þess, að láta mjólk sína í samsöluna og njóta þeirrar undanþágu frá verðjöfnunargjaldinu, sem í frv. er heimiluð, og hins, að selja beint til neytenda ógerilsneydda mjólk og greiða þá fullt verðjöfnunargjald. Er þetta meðfram gert fyrir beiðni margra mjólkurframleiðenda í Reykjavík, sem leggja á þetta hið mesta kapp. Álítur nefndin rétt að sýna öllum þeim, sem við lög þessi eiga að búa, eins mikla tillitsemi og unnt er án þess að eyðileggja með því framkvæmd laganna. Virðist henni þetta ákvæði á engan hátt koma í bága við tilgang laganna, en aftur á móti gera þau vinsælli meðal viðkomandi manna, þó að ýmsum kunni að þykja þetta heldur til hins lakara.

Þá leggur meiri hluti nefndarinnar til, að undanþágan frá verðjöfnunargjaldinu nái ekki yfir þann hluta þess, sem yrði yfir 5% af mjólkurverðinu. Verði þörf á að hækka það úr því, eins og heimilt er samkv. frumvarpinu, virðist ekki ósanngjarnt, að sú viðbót kæmi á fleiri en þá eina, sem annars er ætlað að bera gjald þetta samkv. frumvarpinu eins og það kom frá efri deild. Hinsvegar leggur meiri hl. nefndarinnar til, að hækkun þessi verði takmörkuð við 8% mest, og kæmu þá 3% á þá, sem selja til samsölunnar, innan lögsagnarumdæma kaupstaðanna.

Önnur atriði í breytingartillögunum skýra sig nokkuð sjálf, og verður nánari grein gerð fyrir þeim í framsögu.

Alþingi, 8. des. 1934.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm.
Páll Zóphóníasson, fundaskr.
Héðinn Valdimarsson.
Guðbr. Ísberg, með fyrirvara.
Jón Pálmason, með fyrirvara.

## Ed. 737. Breytingartillögur

við frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðunum „ef sérstök þörf krefur“ í síðari málsl. fyrri málsgr. komi: þó aldrei meira en allt að 8%.
   b. Á eftir orðunum „fullræktaðan hektara af túni“ í síðari málsgr. komi: og hlutfallslega fyrir brot úr hektara.
   c. Aftan við sömu málsgr. bætist nýr málsliður: Undanþága þessi nær þó eigi til hærra verðjöfnunargjalds en 5%.
2. Við 5. gr.
   a. Á eftir orðunum „frá einni sölumiðstöð“ í niðurlagi 3. málsliðar komi þrír nýir málsliðir:

      Heimilt skal þó þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða, að velja um, hvort þeir afhenda sölumjólk sína til samsölunnar og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkvæmt 2. gr., eða selja mjólk sína beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni fullt verðjöfnunargjald. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú, en þó vera gjaldfrjálsir 2000 lítrar hjá hverjum framleiðanda. Þeim, sem selja mjólk sína beint til neytenda, er skylt að hlíta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti við framleiðslu og afhendingu mjólkurinnar, sem sett verða í reglugerð, er mjólkursölunefnd semur og landbúnaðarráðherra staðfestir.
   b. Fyrir orðin „Þar, sem svo stendur á sem segir í 1. málsgr.“ komi: Þar sem svo stendur á sem segir í upphafi 1. málsgr.

c. 2. málsl. 4. málsgr. orðist svo: Öll mjólk, sem seld er samkvæmt þessari grein, önnur en sú, sem framleidd er innan lögsagnarumdæma kaupstaða og seld beint til neytenda samkvæmt heimild 1. málsgreinar, svo og allur sölurjómi, skal vera gerilsneytt af viðurkenndum mjólkurbúum.

3. Við 14. gr. Greinina skal orða svo:

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 10.00 og allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

Mjólk eða mjólkurvara, sem ráðstafað er gagnstætt ákvæðum laga þessara, skal upptæk gerð og andvirði hennar renna í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er fram á.

Stjórnendur flutningatækja, sem flytja vísvitandi óleyfilega mjólk eða mjólkurvöru inn á sölusvæði, skulu sæta sektum fyrir brotið.

Mjólkursölunefnd getur svipt mjólkurframleiðanda rétti til beinnar sölu til neytenda (sbr. 5. gr.), ef henni þykir hann misbeita þeirri heimild sinni eða nota hana gagnstætt tilgangi laga þessara.

4. Við 15. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Mál út af brotum gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er sett verða o. s. frv.

b. 2. og 3. málsgr. falli burt.

5. Við Ákvæði um stundarsakir.

Síðasta málsgr. falli burt.

## Nd. 738. Breytingartillaga

við frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá Guðbrandi Ísberg.

Við 4. gr. Við greinina bætist:

Þar, sem sameinuð er ritsímastöð og póstafgreiðsla, skal forstöðumannsstaðan aðeins veitt þeim, sem færa sönnur á, að þeir kunni símritun og hafi aðra nauðsynlega þekkingu á símafræðum og póstafgreiðslu.

## Nd. 739. Nefndarálit

um frv. til laga um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta er sem kunnugt er samið af milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, sem skipuð var af atvinnumálaráðherra 8. sept. 1933, en í henni áttu sæti Jóhann Jósefsson alþingismaður, Jón A. Jónsson framkv.stjóri og Kristján Jóns-

son fiskifélagserindreki, en síðar Sigurður Kristjánsson fyrrv. ritstjóri, í forföllum Jóns A. Jónssonar. Verkefni milliþinganefndarinnar er ákveðið í till. til þingsályktunar, er neðri deild Alþingis samþykkti 2. júní 1933, svo hljóðandi:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að rannsaka og safna skýrslum um fjárhagsástæður og afkomuhorfur sjávarútvegsmanna um land allt.
2. að undirbúa tillögur til úrlausnar á vandamálum útvegsmanna, einkum um ráðstafanir af hálfu hins opinbera, til að firra þá vandræðum vegna yfirstandandi krepputíma.
3. að athuga leiðir til þess að treysta betur en nú er sameiginlega hagsmuni vinnuþiggjenda og vinnuveitenda, þeirra, er vinna að sjávarútveginum, bæði á sjó og landi, og gera tillögur til að draga úr fjárhagsáhættu útvegsins.
4. að rannsaka skilyrði fyrir bættum og fjölbreyttari verkunaraðferðum.
5. að gera tillögur um framkvæmdir til aukins markaðar fyrir fisk, fiskafurðir og aðrar innlendar framleiðsluvörur.
6. að undirbúa rekstrarlánastofnun fyrir bátaútveg landsmanna.

Að því er snertir rannsókn á hag stórútgerðarinnar, þá sé leitað samvinnu við nefnd þá, er af bæjarstjórn Reykjavíkur hefir verið falið að rannsaka hag og afkomu togaraútgerðarinnar. Til þess er ætlazt, að svo sé hagað framkvæmdum þeim, er að ofan getur, að ríkisstjórnin geti lagt tillögur um þessi mál fyrir næsta þing.“

Til þéss að leysa úr þessum miklu vandamálum hefir nefndin samið þessi fjögur lagafrv.:

1. Frv. til laga um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna.
2. — — — — Fiskveiðasjóð Íslands.
3. — — — — vátryggingar opinna vélbáta.
4. — — — — rekstrarlánafélög.

Þrem fyrsttöldu frv. skilaði milliþinganefndin til ríkisstjórnarinnar þ. 10. okt. síðastl., eða þá er Alþingi hafði setið tíu daga, en nefndaráliti sínu og skýrslum, sem er undirstaða frumvarpsins, ekki fyrr en í byrjun nóvembermánaðar, þegar frv. var komið til fyrstu umræðu á Alþingi. Atvinnumálaráðherra mætti á fundi sjávarútvegsnefndar hinn 27. okt. með frumvörpin og lýsti því yfir, að ríkisstjórnin hefði fengið frv. þessi svo seint í hendur, að hún hefði ekki getað tekið tillit til þeirra við samning fjárlagafrv. fyrir árið 1935. Gæti hann því ekki mælt með því, að frv. næðu samþykki á þessu þingi, nema því aðeins, að séð væri jafnframt fyrir fjáröflun í þessu skyni. Hinsvegar æskti ráðherrann þess eindregið, að sjútvn. tæki til athugunar, hvort ekki væri unnt að gera ráðstafanir um skuldaskil smáútvegsins þegar á þessu þingi.

Ekki komu nógu mörg eint. af frv. handa nefndarmönnum á fundinn, og var því þess vegna þegar í stað komið í prentun og búizt við að henni yrði lokið mánud. 29. okt. Þetta varð þó ekki, en á þriðjud. 30. okt. kröfðust sjálfstæðismenn í sjútvn., þeir Jóhann Jósefsson og Sigurður Kristjánsson, þess, að þegar í stað yrði borið undir atkvæði nefndarmanna, hvort þeir vildu taka frv. til l. um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna til flutnings. Tillögumönnum var þó kunnugt um, að tveir nefndarmanna, þeir Bergur Jónsson og Páll Þorbjörnsson,

höfðu eigi lesið frv. og enginn kostur gefizt á því, en einn nefndarmaður, Finnur Jónsson, upplýsti, að hann hefði lesið frv. einu sinni, og þó lauslega. Frestur fékkst ekki á atkvæðagreiðslu, og vildi meiri hl. n. því að sjálfsögðu eigi taka að sér flutning frv. Samstundis var tækifærið gripið til að láta nokkra þm. sjálfstæðisflokksins flytja frv., ásamt hinum tveim sjálfstæðismönnum úr sjútvn. Er slík aðferð líklega einsdæmi í þingsögunni, en svo mikils þótti við þurfa, að fá þarna auglýsingu fyrir umhyggju þessa sérstaka þingflokks fyrir sjávarútveginum, að ekki var hikað við að brjóta allar þingvenjur til þess að ná því marki. Við fyrstu umræðu málsins var síðan hvað eftir annað lýst yfir vilja stjórnarflokkanna á að leysa skuldavandræði hins smærri útvegs, með aðstoð ríkisins, en láta bankana um stórútveginn.

Eftir að frv. kom til sjútvn. að lokinni fyrstu umræðu hefir gangur málsins verið þessi:

Frv. kom til sjútvn. 10. nóv. og var tekið til umræðu 15. nóv. Eftir samkomulagi nefndarmanna var fundur haldinn um málið með fjármálaráðherra 20. nóv. og þar ákveðið að senda málið til umsagnar bankastjórum Landsbanka Íslands og bankastjórum Útvegsbanka Íslands h/f. Þá var haldinn fundur um málið með ríkisstjórninni og bankastjórum fyrrnefndra banka hinn 26. nóv. og þar kosin nefnd í málið. Sú nefnd hélt síðan nokkra fundi, en að þeim fundahöldum loknum þótti sýnt, að ekki yrði samkomulag í sjútvn. um flutning frv. Sjálfstæðismenn héldu fast við að taka sem mest af útgerðinni og helzt alla undir skuldaskilin og afgreiða málið þegar á þessu þingi, en ekki gátu þeir bent á leiðir til fjáröflunar vegna þess tekjumissis, sem ríkissjóður yrði fyrir vegna samþykktar frv., enda hefir flokkur þeirra á Alþingi staðið gegn öllum tekjuaukafrv. ríkisstjórnarinnar.

Meiri hl. n. hélt hinsvegar fast við þá skoðun atvinnumálaráðherra, **að smáútvegurinn og vélbátaútvegurinn skyldi styrktur af ríkinu til þess að ná skuldasamningum,** en bankarnir yrðu að sjá fyrir stórútgerðinni, línuveiðagufuskipum og togurum. Undir umræðum kom í ljós sú skoðun bankastjóranna, að ekki þyrfti að óttast eigendaskipti á skipum eða stöðvun útgerðarinnar framar venju fyrir næstu vertíð, **ennfremur virtist það skoðun allra, er ræddust við um málin, að engum skuldaskilum yrði við komið fyrir næstu vertíð, þótt mál þetta næði fram að ganga á þessu þingi.** Sjálfstæðismenn í n. létu í ljós sömu skoðun og aðrir um hið síðasttalda. Samt sem áður tóku þeir það ráð að setja út sérstakt nál. milli funda í sjútvn. daginn áður en reglulegur fundur yrði haldinn, og er það í fullu samræmi við annan flutning minni hl. á þessu máli; hefir hann allur hnigið að því að sjá um, að n. gæti ekki öll orðið samferða.

Skriflegt álit bankastjóra Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f um frv. var eigi komið í hendur sjútvn. þegar þetta gerðist, en hefir borizt n. síðan og er prentað með nál. sem fylgiskjal I. og II. Leggja bankastjórar beggja bankanna til, að málinu verði frestað til næsta þings.

Skuldaskil útgerðarinnar eru mikil vandamál, og verður tæplega ætlazt til, að þeim verði flaustrað af lítt undirbúnum, en þar eð þeir tveir sjálfstæðismenn, er skipa minni hl. sjútvn., hafa átt sæti í milliþinganefndinni í sjávarútvegsmálum, er samdi skýrslur þær, er frv. byggist á, og sjálft frumvarpið,

þurftu þeir af sjálfsögðu engan umhugsunartíma á Alþingi um frv. Hinsvegar gátu þeir tæplega með sanngirni ætlazt til, að aðrir þm. gætu athugunarlaust samþykkt tillögur þeirra, nema því aðeins, að frv. bæri það með sér, að vandræði sjávarútvegsins yrðu leyst með samþykkt þess, en því miður fer mjög fjarri, að svo sé.

Verkefni milliþ.nefndarinnar voru mjög stór samkv. þál., sem birt er hér að framan, en í tillögum nefndarinnar felast ekki úrlausnir á þeim nema að mjög litlu leyti. Má í því efni vitna til skýrslu nefndarinnar sjálfrar um ástand og afkomu útvegsins.

Árið 1929 var samkv. skýrslunni nokkur rekstrarhagnaður á útgerðinni, en með því verðið á fiskinum var þá miklu hærra en nú, er því ári sleppt hér. Árin 1930, 1931 og 1932 er hinsvegar samkv. skýrslunni tekjuhalli á útgerðinni, sem nemur samtals kr. 8669870[1]) nettó. Á þessum sömu árum hafði útgerðin greitt í vexti út á við kr. 3052953[1]) og vexti af eigin fé kr. 645665[1]), eða alls eru vextir kr. 3698618[1]). Tekjuhallinn verður þannig nær fimm milljónum króna umfram vexti, **og leiðir skýrslan það í ljós, að jafnvel þótt skuldirnar hefðu allar verið strikaðar út og útgerðin hefði enga vexti þurft að greiða af skipunum, varð samt um 5 milljóna króna tekjuhalli á rekstri þeirra skipa, er skýrslur nefndarinnar ná yfir á þessum þrem árum.**

Þar eð vaxtagreiðslur útgerðarinnar þannig samkv. skýrslum þessum eru ekki nema um 42 af hundraði af tekjuhallanum, er augljóst, að niðurfærsla á skuldum útgerðarmanna er ekki nema aðeins nokkur hluti þess, sem gera þarf útveginum til styrktar. Og jafnvel virðist tilgangslaust, ef fara má eftir skýrslunum, að leggja fram fé til skuldaskila sjávarútveginum, nema jafnframt verði gerðar aðrar sterkari ráðstafanir til þess að útgerðin svari kostnaði. Á verkefni þau, er að þessu lúta, er aðeins drepið mjög lauslega í skýrslu milliþinganefndar. Nefndin hefir að vísu fengið skýrslu um kaupgjald og hlutaráðningar frá Noregi, og virðist telja hvorttveggja til fyrirmyndar, enda þótt þaðan komi á hverju ári fregnir um sult og bágindi fiskimanna, og tekjur sjómanna og verkafólks hér á landi, þó víða séu hærri en í Noregi, samt svo lágar, að þær þurfa að hækka, en ekki lækka. Þá minnist nefndin einnig á útgerðarvörur, svo sem olíu, kol, salt, beitu og veiðarfæri, sem seldar séu hér á landi hærra verði en í nálægum löndum. Þó nefndinni sé þetta ljóst, kemur hún ekki með neinar frambærilegar tillögur um að færa þetta til réttlætingar. Er þetta þó nátengt skuldaskilunum, því gagnslaust er að létta skuldabaggann lítilsháttar, ef vissa virðist fyrir, eftir skýrslum milliþinganefndarinnar, að útvegurinn haldi samt sem áður áfram að sökkva dýpra og dýpra niður í skuldafenið. Hinn mikla mismun á verði á útgerðarvörum, sem menn eiga við að búa í verstöðvum innanlands, minnist nefndin ekki á, svo að séð verði. Henni er að vísu skrifað í bréfi frá Spáni, að saltverð hafi verið 60 kr. tonnið á Hornafirði, en ekki virðist það hafa vakið sérstaklega athygli nefndarinnar. Þetta mun að vísu vera nokkuð einstakt saltverð, enda staðurinn afskekktur, en þó þarf ekki lengra að leita en í ýmsar verstöðvar hér nærlendis til þess að finna útgerðarvörur, sem seldar eru út-

1) Aurum sleppt.

gerðarmönnum með uppskrúfuðu verði, miðað við það háa verð þó, sem þær eru seldar fyrir ódýrast hér á landi. Aðstöðu útgerðarinnar til verzlunarinnar sýnist milliþinganefndin alls ekki hafa rannsakað; fer þó óefað stórfé á ári hverju frá útgerðinni í meira og minna óþarfan verzlunarkostnað, og nemur sú upphæð sennilega miklu meiru en vöxtum útgerðarinnar á hverju ári, og er þetta atriði því mjög nátengt skuldaskilunum.

Ástæðan til þess, að skýrslan greinir ekki ljóslega frá þessum útgjaldalið, gæti legið í því, að meiri hl. n. er úr þeim stjórnmálaflokki, sem að mestu leyti styðst við þá, sem lifa á þessari verzlun.

Stjórnarkostnaður útgerðarinnar er heldur hvergi nefndur í skýrslum milliþingan., og er þó vitanlegt, að hann er mjög víða miklu hærri en hann þyrfti að vera, þannig að margir dýrir framkvæmdarstjórar eru aldir á tiltölulega litlum útgerðarfyrirtækjum. Þyrfti að athuga þetta atriði sérstaklega í sambandi við skuldaskilin.

Auðsafn talsvert hefir orðið hér á landi síðan um aldamót. Mest allt hefir það komið eftir einhverjum leiðum úr sjónum fyrir atorku ótrauðra sjómanna, sem lagt hafa líf sitt í hættu til að afla þess. Stórútgerðin hefir dregið mestan hluta auðs þessa að landi, en skipunum, sem fært hafa landsmönnum þennan auð, er nú lýst af formanni í félagi eigendanna sem fúadöllum, ryðkláfum og manndrápsbollum. Peningarnir, sem sjómennirnir hafa hætt lífi sínu fyrir, hafa ekki gengið til endurnýjunar skipunum, heldur til ýmislegs annars, sem margt er sjómönnum alveg óviðkomandi. Jafnframt því sem skipin hafa gengið úr sér og ekki verið endurnýjuð, hafa þau safnað skuldum, að nokkru leyti hjá bönkunum og að nokkru leyti hjá einstökum verzlunarfyrirtækjum, sem oft eru búin að græða upphæð, er skuldinni nemur, eða meira, á því að selja skipunum útgerðarvörur.

**Þessar skuldir vill minni hl. sjávarútvegsnefndar nú setja að nokkru leyti yfir á ríkissjóð, án þess þó að gera nokkrar ráðstafanir til að bjarga skipunum frá að sökkva dýpra og dýpra í skuldafenið og án þess að gera ráðstafanir til þess að þau verði endurnýjuð.**

Meiri hl. nefndarinnar getur ekki, að athuguðu máli, fylgt þessu. Eigendur stórútgerðarinnar hafa ekki endurnýjað skipin; þau eru svo úr sér gengin, að því er formaður í félagi þeirra hefir upplýst, að nauðsyn krefur, að þau verði endurnýjuð innan skamms tíma. Stórútgerðin er auk þess að mestu leyti rekin af hlutafélögum, og að þeim félögum standa margir vel stæðir einstaklingar. Þó skuldunum yrði að einhverju leyti létt af skipunum, er það engin trygging þess, að þau verði endurnýjuð, og eftir rekstri undanfarinna ára að dæma myndu þau halda áfram að safna skuldum eftir sem áður. **Árangurinn af því að taka skuldir þessarar útgerðar á ríkið yrði sá, að eftir nokkur ár yrðu skipin aftur sokkin í skuldafenið og landsmenn stæðu uppi skipalausir,** aðstaða ríkissjóðs yrði þá miklu verri en hún er nú til skynsamlegra ráðstafana (sbr. afkomu skipanna eftir skýrslu milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum).

Einstaklingar hafa ekki orðið þess megnugir eða ekki hirt um að endurnýja stórútgerðina. Það opinbera, ríki eða bæjarfélög, verður því fyrr eða síðar að hlaupa undir bagga og gera það eða veita aðstoð til þess, eigi ekki sá hluti út-

gerðarinnar, sem beztan arð getur gefið og mesta atvinnu á sjó og landi, að leggjast í rústir. Til þessa álítur meiri hl. n. að nota beri fé og lánstraust ríkisins, en ekki í skuldafenið og hin gömlu sökkvandi skip einstaklinga.

Öðru máli er að gegna um vélbátaútveginn. Hann hefir verið endurnýjaður meira og minna á hverju ári og eigendur hans margir hverjir klifið þrítugan hamarinn og lagt mjög hart að sér til þess að halda honum við lýði. Hann er að miklu leyti rekinn í atvinnuskyni fyrir eigendurna sjálfa, eða með félagsskap þeirra, er að honum vinna. Vélbátaútvegurinn verður þess vegna sennilega að mestu leyti áfram eign einstaklinga og samvinnufélaga. Þessum útvegi álítur meiri hl. n., að ríkið beri að hjálpa eftir því sem ástæður leyfa, fyrst og fremst með því að skipuleggja afurðasöluna út á við, svo sem gert er með frv. til laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., og verja til þess fé úr ríkissjóði að talsverðu leyti, svo sem gert er ráð fyrir í því frv.; í öðru lagi með því að skipuleggja innkaup á aðkeyptum vörum til útgerðarinnar, og í þriðja lagi með því að útvega útgerðarmönnum hagkvæma samninga á skuldum, með tilstyrk ríkisins. Tvær hinar fyrsttöldu ráðstafanir eiga að vísu að vera til hagsbóta fyrir allan útveginn, stóran og smáan, og má telja víst, að afurðasalan og hagnýting nýrra markaða verði þegar skipulögð með lögum þeim, er áður getur og væntanlega fá staðfestingu á þessu þingi. Um skuldaskilin nægir að vísa til þess, er áður segir um undirbúning málsins, að því viðbættu, að ríkisstjórnin og meiri hl. sjútvn. bauð minni hl. nefndarinnar samvinnu um lausn málsins, þannig að undirbúningur yrði hafinn undir að leysa skuldamál vélbátaútvegsins á þessu eða næsta þingi, væntanlega í marzmánuði. Lægju þá fyrir till. um skuldaskil og þá yrði gengið frá málinu á þann hátt, að vélbátaeigendur í 3.—1. skuldaflokki yrðu styrktir til að fá afskrifaðar skuldir sínar. Myndi þurfa til þess um 1½ millj. króna. Minni hl. n. neitaði þessu samkomulagstilboði.

Skoðun meiri hl. n. er sú, að verkefni þau, er liggja fyrir í útgerðarmálunum, séu svo stórfengleg, að þau verði eigi leyst í einu vetfangi, og aldrei svo vel sé, nema að gjörla athuguðu máli.

Meiri hl. sjútvn. hefir nú þegar, í samráði við og að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, með frv. til laga um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., er felur í sér 1 millj. króna lánsheimild til ríkisstjórnarinnar, og samskonar frv. um skipulagning síldarsölunnar, lagt grundvöll að úrlausn afurðasölumálanna og hagnýtingu nýrra markaða. **Þetta mál var svo aðkallandi, að það þoldi enga bið;** því til hvers er að létta vaxtabyrðina á útveginum, ef afurðirnar safnast saman í landinu óseldar frá ári til árs?

Hinsvegar þarf eigi að óttast fyrir þessa verðið stöðvun útgerðar vegna skulda umfram venju samkv. yfirlýsingu bankastjóranna (fskj. I. og II.).

Minni hl. sjútvn. (þeir JJós og SK) hefir hinsvegar ásamt flokki í þinginu talið mest áríðandi að fá öllum útveginum skuldaskil nú þegar, án þess að alvarlegar tilraunir yrðu gerðar til að bæta úr hinum bráða voða, sem söluvandræðin hafa í för með sér.

Skilur þar mjög á um stefnur.

Meiri hl. n. vill sem áður segir leggja með skuldaskilum vélbátaútvegsins,

að gjörla athuguðu máli, en þar eð fyrir liggja yfirlýsingar frá bankastjórum Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f, þar sem þeir leggja til, að málinu verði frestað til næsta þings, og telja ekki ástæðu til að óttast, að útgerðin verði stöðvuð venju fremur fyrir næstu vertíð vegna innheimtu skulda frá bönkunum, og það auk þess er viðurkennt af öllum, að skuldaskil geti ekki komið til framkvæmda fyrir næstu vertíð, þó frv. næði fram að ganga, leggur meiri hl. n. til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð vandræði sjávarútvegsins yrðu ekki leyst nema að mjög litlu leyti með afgreiðslu frv. þessa og fyrir liggja umsagnir frá bankastjórum Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f um, að eigi þurfi að óttast stöðvun á útgerð landsmanna eða eigendaskipti umfram venju, vegna skulda, fyrir næstu vertíð, og ennfremur að skuldaskil kæmu eigi heldur til framkvæmda fyrir vertíðina, þó frv. næði fram að ganga, og í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta þing framhaldandi tillögur um viðreisn sjávarútvegsins, þar á meðal tillögur um aðstoð ríkisins til skuldaskila vélbátaútvegsins, er fram fari á næsta ári, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. des. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Finnur Jónsson, form., frsm. meiri hl. | Bergur Jónsson, fundaskr. | Páll Þorbjörnsson. |

**Fylkiskjal I.**

LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 6. des. 1934.

Út af erindi hinnar háttvirtu nefndar til bankans, viðvíkjandi frumvarpi til laga um skuldaskilasjóð útgerðarmanna, er oss hefir verið sent til umsagnar, leyfum vér oss að taka það fram, er hér fer á eftir.

Með því að nú er bráðum komið að því, að farið verði að gera út og vertíðin fer í hönd, er fyrirsjáanlegt, að ekki er hægt að gera neitt í þessu máli, er að sæmilegu gagni mætti koma, fyrir þessa vertíð, — enda mjög langt liðið á þingtímann —, þá er það tillaga vor, að máli þessu verði frestað til næsta reglulegs Alþingis í vetur.

Hinsvegar dylst oss ekki, að þörf og hún brýn er fyrir því, að þing og stjórn hlaupi undir bagga með sjávarútveginum, til þess að koma honum yfir þá miklu og margvíslegu erfiðleika, er hann á við að stríða.

Vér viljum láta þess getið, að bankinn mun ekki nota sér örðugleika þá, sem útvegurinn á nú í, með því venju fremur að ganga að útgerðarmönnum, þó máli þessu verði frestað til næsta þings.

Hinsvegar myndi það létta talsvert undir, ef útgerðarmönnum væri til bráðabirgða á einn eða annan hátt hjálpað til þess að koma sér upp hjöllum o. s. frv., til þess að geta hert fisk, eða á annan hátt hjálpað til að létta á saltfiskmarkaðinum.

Í nefndu frumvarpi eru ýms ákvæði, er vér teljum, að betur mætti fara öðruvísi, en sjáum ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að fara nánar inn á þau, þar eð vér leggjum til, að málinu verði frestað til næsta þings.

Virðingarfyllst.

LANDSBANKI ÍSLANDS.

Magnús Sigurðsson. Georg Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

**Fylgiskjal II.**

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS H/F

Reykjavík, 7. des. 1934.

Vér höfum móttekið bréf háttvirtrar sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis, þar sem leitað er umsagnar bankastjórnarinnar um frumvarp til laga um rekstrarlánafélög (og þó sérstaklega um 9. gr. frumvarpsins) og um frumvarp til laga um skuldaskilasjóð útgerðarmanna.

— — —

2. UM SKULDASKILASJÓÐ ÚTVEGSMANNA.

Þar sem vitanlegt er, að þó að frumvarp þetta yrði samþykkt á þessu þingi, þá kæmi það ekki að gagni fyrir næstkomandi vertíð, þá vildum vér leggja til, að notaður yrði tíminn til næsta þings til þess að undirbúa málið enn frekar. Ennfremur viljum vér geta þess, að vér höfum ekki haft tíma til þess að kynna oss hið umfangsmikla nefndarálit milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum eins og vér hefðum óskað, og getur því fullnaðarálit vort um málið eigi legið fyrir nú.

Virðingarfyllst.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS H/F

Helgi Guðmundsson. Jón Ólafsson. Jón Baldvinsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

## Sþ. 740. Þingsályktun

um verndun einkaleyfa.

(Afgreidd frá Sþ. 10. des.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka möguleikana fyrir því, að Ísland verði þátttakandi í milliríkjasamningum um verndun einkaleyfa, og leggja niðurstöðu þeirra rannsókna fyrir Alþingi.

**Nd.** **741. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir heimild til þess að setja á stofn skrifstofu til leiðbeiningar erlendum og innlendum ferðamönnum, og nefnist hún Ferðamannaskrifstofa ríkisins.

2. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal starfa að því að veita fræðslu um landið, innanlands og utan, með það sérstaklega fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á því.

3. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal jafnan veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu, um gistihús, farartæki, ákvörðunarstaði og annað, sem ferðamönnum er nauðsynlegt að fregna um.

4. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal hafa rétt til þess að heimta gjaldskrá af ferðamannaskrifstofum einstakra manna eða félaga, gistihúsum, veitingahúsum og eigendum fólksflutningabifreiða. Nú virðist einhver liður gjaldskránna ósanngjarn, og hefir þá Ferðamannaskrifstofa ríkisins heimild til þess að breyta honum, að fengnum tillögum nefndar, er ferðamannaskrifstofur einstaklinga eða félaga, eigendur gistihúsa og veitingahúsa og eigendur fólksflutningabifreiða hafa rétt til að tilnefna menn í, samkvæmt reglugerð, er ríkisstjórnin gefur út.

5. gr.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal hafa eftirlit með hreinlæti á gistihúsum og veitingahúsum, prúðmannlegri umgengni og aðbúnaði ferðamanna. Finni Ferðamannaskrifstofa ríkisins ástæðu til umvöndunar, skal hún gera eigendum gistihúsanna og veitingahúsanna viðvart um það. Nú láta eigendur gistihúsa og veitingahúsa ekki skipast við umvöndun Ferðamannaskrifstofu ríkisins, og hefir þá ríkisstjórnin, að fengnum tillögum Ferðamannaskrifstofunnar, heimild til þess að svipta eigendur gistihúsa og veitingahúsa réttinum til þess að reka þau.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður í reglugerð nánar um fyrirkomulag og rekstur Ferðamannaskrifstofu ríkisins, og um tölu, launakjör og starfsvið starfsmanna skrifstofunnar. Ráðherra hefir heimild til þess að láta einhverja af ríkisstofnunum þeim, sem þegar eru starfandi, hafa Ferðamannaskrifstofu ríkisins með höndum. Rekstrarhalli, sem verða kann af skrifstofunni, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ed.** **742. Breytingartillögur**

við frv. til l. um síldarverksmiðjur ríkisins

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
   Til vara:
   Orðin „né heldur stækka síldarverksmiðju, sem fyrir er", falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.

**Nd.** **743. Breytingartillaga**

við frv. til laga um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá Finni Jónssyni.

Við 4. gr. 2. málsgr. Fyrir „80%" komi: 75%.

**Ed.** **744. Lög**

um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp.

(Afgreidd frá Ed. 10. des.).

Samhljóða þskj. 453.

**Nd.** **745. Lög**

um varðskip landsins og skipverja á þeim.

(Afgreidd frá Nd. 10. des.).

Samhljóða þskj. 233.

**Nd.** **746. Lög**

um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Nd. 10. des.).

## I. KAFLI

*Um tekjuskatt.*

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum, enda hafi hann verið heimilisfastur hér a. m. k. 6 mánuði af skattárinu.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér fasteignir og hefir tekjur af þeim, eða af atvinnu, eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenzkum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hér á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfé í öðrum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenzka ríkis, skulu undanþegnir tekjuskatti af þeim launum, er þeir fá fyrir slík störf.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annara ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti þeirra erlendra og íslenzkra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

3. gr.

Tekjuskatt greiða ennfremur:

a. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.
b. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnufélög.

c. Önnur félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 3 félagar í verzlunarfélagi eða öðru atvinnufélagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern einstakan félaga, ef ósk kemur fram um það frá félaginu, um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks félaga.

Slík félög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu, samskonar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um skattskyldu þeirra, sem erlendis eru búsettir.

4. gr.

Undanþegið öllum tekjuskatti er konungur og borðfé hans og ættmanna hans, ríkissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög og fyrirtæki, er þau reka, og sjóðir þeirra, íslenzkir kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og ennfremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar og sendikonsúlar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða alþjóðlegri stofnun innlendri, eigi hér fasteignir eða hafi tekjur af þeim, reki atvinnu eða eigi hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hér á landi.

6. gr.

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

| | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| af | 1000 | til | 2000 | kr. | greiðist | | 10 | kr. | af | 1000 | kr. | og | 2 | % | af afgangi |
| — | 2000 | — | 3000 | — | — | | 30 | — | — | 2000 | — | — | 4 | — | — — |
| — | 3000 | — | 4000 | — | — | | 70 | — | — | 3000 | — | — | 7 | — | — — |
| — | 4000 | — | 5000 | — | — | | 140 | — | — | 4000 | — | — | 9 | — | — — |
| — | 5000 | — | 6000 | — | — | | 230 | — | — | 5000 | — | — | 11 | — | — — |
| — | 6000 | — | 7000 | — | — | | 340 | — | — | 6000 | — | — | 12 | — | — — |
| — | 7000 | — | 8000 | — | — | | 460 | — | — | 7000 | — | — | 13 | — | — — |
| — | 8000 | — | 9000 | — | — | | 590 | — | — | 8000 | — | — | 14 | — | — — |
| — | 9000 | — | 10000 | — | — | | 730 | — | — | 9000 | — | — | 15 | — | — — |
| — | 10000 | — | 11000 | — | — | | 880 | — | — | 10000 | — | — | 16 | — | — — |
| — | 11000 | — | 12000 | — | — | | 1040 | — | — | 11000 | — | — | 17 | — | — — |

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| af | 12000 | til | 13000 | kr. | greiðist | 1210 | kr. | af | 12000 | kr. | og | 18 | % | af afgangi |
| — | 13000 | — | 14000 | — | — | 1390 | — | — | 13000 | — | — | 19 | — | — — |
| — | 14000 | — | 15000 | — | — | 1580 | — | — | 14000 | — | — | 20 | — | — — |
| — | 15000 | — | 16000 | — | — | 1780 | — | — | 15000 | — | — | 21 | — | — — |
| — | 16000 | — | 17000 | — | — | 1990 | — | — | 16000 | — | — | 22 | — | — — |
| — | 17000 | — | 18000 | — | — | 2210 | — | — | 17000 | — | — | 23 | — | — — |
| — | 18000 | — | 19000 | — | — | 2440 | — | — | 18000 | — | — | 24 | — | — — |
| — | 19000 | — | 20000 | — | — | 2680 | — | — | 19000 | — | — | 25 | — | — — |
| — | 20000 | — | 22000 | — | — | 2930 | — | — | 20000 | — | — | 27 | — | — — |
| — | 22000 | — | 25000 | — | — | 3470 | — | — | 22000 | — | — | 29 | — | — — |
| — | 25000 | — | 28000 | — | — | 4340 | — | — | 25000 | — | — | 31 | — | — — |
| — | 28000 | — | 33000 | — | — | 5270 | — | — | 28000 | — | — | 33 | — | — — |
| — | 33000 | — | 38000 | — | — | 6920 | — | — | 33000 | — | — | 35 | — | — — |
| — | 38000 | — | 44000 | — | — | 8670 | — | — | 38000 | — | — | 37 | — | — — |
| — | 44000 | — | 50000 | — | — | 10890 | — | — | 44000 | — | — | 38,5 | — | — — |
| — | 50000 | og | þar yfir | | — | 13200 | — | — | 50000 | — | — | 40 | — | — — |

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr., greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 8%.

7. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, ennfremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmennta, eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.

b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 10. gr. c.); ennfremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og styrktarfé. Til skattskyldra gjafa telst m. a.: Gjafir eða hlunnindi, sem sýnilega eru gefin sem kaupauki, beinar gjafir í peningum eða öðrum skattskyldum verðmætum, sem nokkru verulegu nemur, þar með talin afhending slíkra eigna í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, sbr. 9. gr. b. Komi endurgjald fyrir þessar eignir að einhverju leyti, skal meta til tekna mismuninn á því endurgjaldi og áætluðu matsverði hinnar gefnu eignar. Undanskildar skulu þó tækifærisgjafir, nema arðberandi eignir séu gefnar.

c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum,

leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigandi notar sjálfur eða lætur öðrum í té til afnota án endurgjalds; ennfremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.

d. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt bréf sé eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annari arðberandi innstæðu. Til arðs af hlutabréfum telst auk venjulegrar arðsútborgunar úthlutuð fríhlutabréf og úthlutanir við félagsslit, umfram upphaflegt hlutafjárframlag, og sérhver önnur afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu. Arð hlutafélags af eign í eigin hlutabréfum skal reikna á sama hátt og af bréfum einstakra hluthafa.

Til arðs af verðbréfum (t. d. skuldabréfum og víxlum) teljast afföll af slíkum bréfum, en heimilt er að telja afföllin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborgunartímans.

e. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina, eða öðlazt hana á annan hátt, í því skyni að selja hana aftur með ágóða og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.

f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku, nema skattfrjálst sé samkvæmt sérstökum lögum.

Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefir myndazt krafa á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.

8. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem um ræðir í 3. gr., teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til eignaaukningar, yfirfærslu til næsta árs, óvenjulegra fyrninga og safnað er í tryggingarsjóði, aðra en varasjóð, heldur og þær tekjur, sem varið er til þess að greiða hluthöfum og félagsmönnum arð eða vexti af innborguðu fé og til myndunar eða aukningar varasjóða, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir.

Skattskyldar tekjur vátryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi og iðgjaldateknanna af allri starfsemi þess.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra vátryggingarfélaga til þess að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til þess að inna af hendi skyldur sínar gagnvart vátryggðum.

Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, samkv. l. nr. 36 27. júní 1921, í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu, og ennfremur vexti af stofnsjóði, og telst það eigi til skattskyldra

tekna hjá félaginu. Á sama hátt mega slík félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau þannig úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts sem tekjur hinna einstöku félagsmanna. Ennfremur skal draga frá tekjum samvinnufélaga helming af varasjóðstillagi því, sem ákveðið er í 24. gr. laga nr. 36 27. júní 1921.

Ef kaupfélag selur einnig öðrum vörur en félagsmönnum sínum, er allur arðurinn af slíkri sölu skattskyldar tekjur hjá félaginu. Geti félagið ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi félagsins skattskyldar tekjur.

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a., mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé. Ef nokkuð af ársarðinum er lagt í varasjóð, þá er helmingur þeirrar upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal hann koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Ef nokkur upphæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla félagsins, skal telja ⅗ þeirrar fjárhæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna félagsins á því ári. Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

9. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði, — hinsvegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði, — ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbréfum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða hún falli undir ákvæði í 7. gr. e. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynni að hafa orðið á samskonar sölu á árinu.
b. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, örorkubóta eða þess háttar.
c. Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda, sem sannazt hefir um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir. Eftirgjöf skulda telst þó til tekna, ef eftirgjöfin kemur fram sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi.
d. Endurgreiðsla, er skattgreiðandi fær er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

10. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það,

sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Sömu reglu um fyrningu skal fylgja frá ári til árs. Nánari ákvæði um hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og er þar heimilt að ákveða til frádráttar vegna fyrningar og viðhalds fasteigna vissa hlutfallstölu (prósentu) af fasteigna- eða brunabótaverði þeirra. Til rekstrarkostnaðar telst ennfremur launauppbót greidd starfsmönnum og verkamönnum, hvort sem hún er goldin í reiðufé eða hlutabréfum.

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann sjálfur hefir lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé. Og ekki má færa til gjalda greiðslu fyrir einkaleyfi eða verzlunarleyfi.

b. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún er töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.

Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja á milli ára um tvenn áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð, og ekki sé úthlutað arði til hluthafa á því tímabili, fyrr en félagið hefir unnið upp tapið.

c. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefir haft í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættum hvíla.

d. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Ennfremur skal draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald en 500 krónur.

e. Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærri en sem svarar 2% af hreinum tekjum aðila.

f. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem ræðir um í staflið a. Þó má ekki færa til gjalda dráttarvexti af sköttum eða útsvörum, vexti af skuldum stofnuðum vegna húsbygginga, sem áfallnir eru áður en húsin eru tekin í notkun. Afföll af keyptum verðbréfum skala færa til gjalda skv. reglunum í 7. gr. d.-lið, síðustu málsgr.

g. Aukaútsvör, tekjuskatt og eignarskatt, sem greitt hefir verið á árinu.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hér á landi (sbr. 2. gr. og 3. málsgr. 3.

gr.), má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé eða heimilisstjórnar (kaup ráðskonu), til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er. Frádráttarbær kostnaður við heimilisstjórn má þó ekki fara fram úr lögleyfðum frádrætti vegna eiginkonu, samkvæmt 12. gr.

11. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu. Rétt er því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess, að krefjast endurgjalds af hinu eða erfingjum þess á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign eða sératvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.

Tekjur barna, sem í foreldrahúsum eru (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn), skal telja sérstaklega til skattgjalds.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

12. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkv. 10. gr., skal draga sem hér segir.

a. Fyrir einstakling í Reykjavík 800 kr., í kaupstöðum og kauptúnum (með yfir 300 íbúa) 700 kr., annarsstaðar á landinu 600 kr.
b. Fyrir hjón í Reykjavík 1500 kr., í kaupstöðum og kauptúnum (með yfir 300 íbúa) 1400 kr., annarsstaðar á landinu 1200 kr.
c. Fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt: 500 kr. fyrir hvert barn. Sama er um aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefir á framfæri sínu. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur 500 kr. eða meiru.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar.

Að loknum frádrætti samkv. þessari grein skal sleppa því, sem afgangs verður þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og miðast hann við skattgjaldið samkv. 6. gr.

Ef tekjurnar eftir allan löglegan frádrátt nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

13. gr.

Skattinn skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila, eða hann sýni, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattanefnd þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

## II. KAFLI

*Um eignarskatt.*

14. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir: Ef eignin er yfir 5000 krónur, en undir 10000 krónum, greiðist af henni 1‰,

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| af | 10000 | til | 20000 | kr. | greiðist | 10 | kr. | af | 10000 | og | 1,5‰ af afgangi |
| — | 20000 | — | 30000 | — | — | 25 | — | — | 20000 | — | 2 — — — |
| — | 30000 | — | 40000 | — | — | 45 | — | — | 30000 | — | 3 — — — |
| — | 40000 | — | 50000 | — | — | 75 | — | — | 40000 | — | 4 — — — |
| — | 50000 | — | 75000 | — | — | 115 | — | — | 50000 | — | 5 — — — |
| — | 75000 | — | 100000 | — | — | 240 | — | — | 75000 | — | 6 — — — |
| — | 100000 | — | 250000 | — | — | 390 | — | — | 100000 | — | 7 — — — |
| — | 250000 | — | 500000 | — | — | 1440 | — | — | 250000 | — | 8 — — — |
| — | 500000 | — | 1000000 | — | — | 3440 | — | — | 500000 | — | 9 — — — |
| — | 1000000 | og | þar yfir | | — | 7940 | — | — | 1000000 | — | 10 — — — |

Af eign, sem ekki nemur yfir 5000 krónum, greiðist enginn skattur.

15. gr.

Eignarskatt greiði allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign og eignarréttindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en skattur er á lagður.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða eignarskatt af þeim eignum sínum hér á landi, sem gefa af sér tekjur þær, er um ræðir í 2. gr., og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 14. gr., þó aldrei lægri en 4‰ af hinum skattskyldu eignum.

16. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

17. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 14. og 15. gr., allar fasteignir og allt lausafé skattgreiðanda,

að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vörubirgðir, peningar og verðbréf, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi, húsgögn og aðrir innanstokksmunir og skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgrein 15. gr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. — Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

18. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

a. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
b. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
c. Réttur til leigulauss bústaðar, eða önnur afnotaréttindi.
d. Bækur og fatnaður til einkaafnota.

19. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati, eða áætluðu matsverði, ef fasteignamat er ekki fyrir hendi.
b. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir, og með verðlagi, er yfirskattanefnd ákveður árlega fyrir hver áramót, eftir tillögum undirskattanefnda.
c. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátryggðar.
d. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum.
e. Hlutabréf skulu talin með söluverði á árinu, ef raunveruleg sala hlutabréfa hefir átt sér stað á árinu milli óskyldra gegn staðgreiðslu á minnst 2% af hlutafénu, en annars metin með áætluðu söluverði, og skal þá hafa hliðsjón af síðustu hlutabréfasölu, arðsúthlutunum og efnahagsreikningi félagsins í árslok.

   Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau þyki ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað.
f. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu.
g. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.

   Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.

20. gr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu. Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ómyndugra, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra.

21. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Krónutala sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100; því, sem fram yfir er, skal sleppt.

## III. KAFLI

*Um skattanefndir o. fl.*

22. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur samkvæmt lögum þessum er ákveðinn af skattanefndum í hreppum og skattanefndum eða skattstjóra í kaupstöðum. Í skattanefnd sitja 3 menn. Í hreppum: Hreppstjóri eða sá, er að lögum gegnir starfi hans, einn maður tilnefndur af sýslumanni og einn kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum: Bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn kosinn af bæjarstjórn. Sé bæjarfógeti jafnframt bæjarstjóri kaupstaðarins, tilnefnir hann tvo menn í nefndina.

Skipa skal tvo varamenn, er taka sæti í skattanefndum í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn kýs bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, er bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kýs skattanefnd sjálf formann um stundarsakir.

23. gr.

Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra skattstjóra og varaskattstjóra. Hefir skattstjóri Reykjavíkur sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan Reykjavíkur.

Heimilt er fjármálaráðherra að gera sömu tilhögun um ákvörðun skatts í hinum öðrum kaupstöðum og sett er fyrir Reykjavík.

24. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og tveir menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo vara-

nefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður. Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra 3 menn í yfirskattanefnd og 3 varamenn. Hann ákveður og, hver skuli vera formaður nefndarinnar.

Yfirskattanefndarmenn þeir, sem nú eru, halda starfi sínu þar til 6 ára skipunartími þeirra er útrunninn.

25. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í ríkisskattanefnd og jafnmarga varamenn. Ákveður ráðherra, hver skuli vera formaður nefndarinnar. Einn nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði, en annar á sjávarútvegi og viðskiptum. Ríkisskattanefnd hefir skrifstofu í Reykjavík.

26. gr.

Enginn má sitja í skattanefnd, yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð,
2. sé fjárráður,
3. hafi náð lögaldri.

Í skattanefnd mega ekki sitja saman skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja, hjón, kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, hvorki sem aðalmenn né varamenn.

Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn skulu eiga heimili í skattumdæminu og ríkisskattanefndarmenn skulu eigi heimili í Reykjavík.

27. gr.

Sami maður má ekki eiga sæti nema í einni skattanefnd. Skattanefndarmenn, aðrir en bæjarstjórar, hreppstjórar og skattstjórar, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar meðnefndarmaður fer frá 3. hvert ár, eftir hlutkesti í fyrsta sinn. Ef nefndarmaður fer frá eða deyr áður en tími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja í nefndinni.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa svo oft sem vill. Nefndarstarfið er borgaraskylda, sem enginn löghæfur maður getur skorazt undan að gegna, nema hann hafi verið í skattanefnd í 6 ár samfleytt eða sé orðinn 60 ára gamall.

Skattstjórar í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (sbr. 23. gr.) og formaður ríkisskattanefndar skulu skipaðir til 6 ára.

28. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar, er eigi hafa áður unnið heit embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, er þeir sitja, undirrita í gerðabók nefndarinnar drengskaparheit um það, að þeir skuli gegna starfinu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu um allt, er þeir fá vitneskju um í starfinu og varðar eignir og tekjur gjaldþegna.

29. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun eða kæru, ef það mál varðar sjálfan hann, konu, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini eða fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali, eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í nefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

30. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar fá laun fyrir störf sín sem hér segir:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annarsstaðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 8 krónum og ekki vera minni en 4 krónur fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
b. Yfirskattanefndarmenn utan Reykjavíkur fá 8 krónur á dag og ferðakostnað. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
c. Borgun til skattstjóra, yfirskattanefndarmanna í Reykjavík og ríkisskattanefndar fer eftir samningi við fjármálaráðherra.

Þóknun til skattanefnda og skattstjóra greiðist úr ríkissjóði. Formenn yfirskattanefnda úrskurða reikninga skattanefnda og greiða þá á manntalsþingum. Fjármálaráðuneytið úrskurðar reikninga skattstjóra, yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

## IV. KAFLI

*Um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl.*

31. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir þegar skattanefnd tekur til starfa. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu sett í skatt þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda beri téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiði skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ráðuneytið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

32. gr.

Allir þeir, er hafa tekjur samkv. 7. gr. eða eignir samkv. 17. gr., skulu afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir og á hverjum þeim, sem veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og þeim, er hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráður, og einnig á skiptaráðendum dánar- og þrotabúa.

Skýrslur þessar skulu komar í skattstofuna í Reykjavík fyrir lok janúarmánaðar, en í hendur skattanefnd eða skattstjóra annarsstaðar á landinu fyrir lok febrúarmánaðar. Skattstjóri eða skattanefnd getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt mönnum frest til framtals til 15. marz.

Þeir, sem reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, þurfa ekki að hafa skilað framtölum sínum fyrr en 31. marz í Reykjavík og 20. marz annarsstaðar á landinu, og vátryggingarfélög eigi fyrr en 30. júní.

Nú þykist framteljandi ekki sjálfur vera fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar og eignir, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess, en hann er skyldur að láta skattanefnd í té allar upplýsingar, er hún þarf, til þess að gera framtal hans sem réttast.

Hvenær sem skattanefnd þykir þörf á, getur hún krafizt þess, að skattframteljendur leggi bækur sínar fyrir hana, eða einstaka nefndarmenn, eða einn eða tvo reikningsfróða menn utan nefndarinnar, er ekki séu keppinautar framteljanda.

33. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og annara félaga og stofnana eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar þær skýrslur, er þær beiðast og unnt er að láta þeim í té, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabréf, vaxtabréf, hlutabréf og arð, um vaxtafé í bönkum, sparisjóðum og annað því um líkt. Ríkisskattanefnd hefir og ætíð aðgang að bókum banka og sparisjóða og annara peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hún felur að rannsaka skuldir, innieignir, verðbréfaeign og annað, er lýtur að efnahag gjaldþegns. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá því, hvaða kaup þeir greiða hverjum manni, þar með talin stjórnarlaun, ágóðaþóknun, gjafir o. fl.

34. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún ákveða tekjuupphæð og eign hvers eins. Heimilt er skattanefnd að leiðrétta einstaka liði framtals, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli. Sama gildir og um önnur atriði, ef telja má, að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal þá aðila aðvart um slíkar breytingar á framtali. Nú er framtalsskýrsla, eða einstakir liðir hennar, ófullnægjandi og óglögg og tortryggileg, eða nefndin telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hún þá skora á framteljanda að láta í té skýringar þær eða sannanir, er hún telur vanta, innan ákveðins tíma, og er hann skyldur að verða við áskorun nefndarinnar. Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir til tekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir beztu vitund. Dvelji hann utanlands, eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum aðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur

hans og eign svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttri, enda skal hún vera að minnsta kosti 10% hærri heldur en skattmat næst á undan, og ef vanræksla er ítrekuð, skal hækkunin vera minnst tvöföld á við hækkunina árið á undan. Komi síðar í ljós, að áætlun hefir verið of lág, er heimilt að reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra en 5 ár aftur í tímann.

35. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og af eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar. Yfirskattanefndir geta og, eftir tillögum undirskattanefnda, leyft persónufrádrátt allt að 500 krónur fyrir ættingja eða vandamenn, sem vitað er um, að skattþegn hefir á framfæri sínu.

36. gr.

Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið ákvörðun tekna og eigna og samið skrá, er nefnist skattskrá, um alla þá, er eiga að greiða tekjuskatt eða eignarskatt í umdæmi hennar. Í Reykjavík þarf skattskrá þó ekki að vera fullgerð fyrr en 24. dag maímánaðar. Á skattskrá skal greina skattskyldar tekjur samkv. 7. og 8. gr., frádrátt samkv. 10. og 12. gr. og tekjuskatt, skattskyldar eignir samkv. 17. gr. og eignarskatt hvers gjaldanda. Jafnframt skal skattanefnd semja aðra skrá um tekjur og eignir framteljenda, er ekki greiða tekju- eða eignarskatt.

Skattskráin skal lögð fram eigi síðar en 25. dag maímánaðar í Reykjavík og annarsstaðar á landinu eigi síðar en 1. dag aprílmánaðar. Skal hún liggja til sýnis 2 vikur, í hreppum á þingstaðnum eða öðrum hentugum stað, er skattanefnd auglýsir, í kaupstöðum í bæjarþingstofu, skattstofu eða skrifstofu lögreglustjóra, og í Reykjavík í skattstofu eða bæjarþingstofu.

Sérhver skattþegn getur krafizt munnlegra upplýsinga um það hjá skattanefnd, eftir hverju hafi verið farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

37. gr.

Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn af skattanefnd, og getur hann þá sent skriflega kæru sína yfir því til formanns skattanefndar eða skattstjóra, í Reykjavík innan 14 daga frá því skattskrá er framlögð, en annarsstaðar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar, ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður felldur um kæruna fyrir 15. dag júnímánaðar í Reykjavík, en annarsstaðar fyrir lok aprílmánaðar og hlutaðeigendum gert aðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðréttir skrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem felldir

eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er ekki greiða skatt, tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.

38. gr.

Úrskurði skattanefndar eða skattstjóra má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert bréflega og ástæður færðar fyrir kærunni. Sé kæra ekki komin í hendur formanns yfirskattanefndar í Reykjavík fyrir 30. dag júnímánaðar og annarsstaðar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sinnt. Þó er yfirskattanefnd heimilt að taka til greina kærur, er síðar koma fram, ef kærandi gerir sennilegt, að hann hafi, vegna fjarveru eða annara forfalla, eigi getað kært áður en kærufrestur var úti, eða um leiðréttingu á augljósum reikningsvillum við ákvörðun skattsins sé að ræða, en leita skal nefndin álits skattanefnda eða skattstjóra um kærur þessar. Yfirskattanefnd skal úrskurða kærur fyrir 15. júlí í Reykjavík og annarsstaðar fyrir mailok og tilkynna aðilum úrslitin tafarlaust.

Yfirskattanefnd úrskurðar einnig, hvort og að hve miklu leyti skuli taka til greina umsóknir þær, sem henni hafa borizt frá skattanefndum um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, er getið er í 35. gr.

Svo skal og yfirskattanefnd úrskurða kærur yfir úrskurðum niðurjöfnunarnefnda á útsvörum, samkv. fyrirmælum laga um útsvör.

39. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi sínu og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldum sínum. Ef nefndinni virðast framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, svo sem að einhver sé vantalinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan leiðrétta skrána eftir því, sem henni þykir rétt vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal hún tafarlaust tilkynna það skattanefnd og sömuleiðis þeim aðilum, er breyting varðar.

Yfirskattanefnd skal hafa lokið störfum sínum fyrir 15. júlí í Reykjavík og annarsstaðar á landinu fyrir mailok, og sendir hún þá skattskrána ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er engan skatt greiða, til ríkisskattanefndar. Þó getur fjármálaráðherra veitt yfirskattanefnd lengri frest, ef um stórfelldar lagfæringar á skattskránni er að ræða.

40. gr.

Úrskurði yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, enda sé það gert bréflega og kæran, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum, komin til formanns fyrir júlílok — annarskostar verður henni ekki sinnt. — Ríkisskattanefnd skal leggja úrskurð á kærur úr Reykjavík fyrir septembermánaðarlok, en aðrar kærur fyrir nóvemberlok og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilum úrslitin tafarlaust.

41. gr.

Ríkisskattanefnd skal hafa eftirlit með störfum skattanefnda, skattstjóra og yfirskattanefnda og samræma skattaframtöl og skattaákvörðun í hinum einstöku skattaumdæmum. Skulu nefndarmenn, eða þeir er nefndin kveður til þess, ferðast um á milli skattanefnda og yfirskattanefnda í þessu skyni, þegar ástæða þykir til, og yfir höfuð leiðbeina um allt, er að skattaákvörðun og skattaframtali lýtur. Nefndin skal og yfirfara skattskrár og framtalsskýrslur. Ríkisskattanefnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er framkvæmd laga þessara varðar, og getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattanefndum, skattstjórum og yfirskattanefndum, svo og hjá lánsstofnunum og öðrum þeim, er í 33. gr. greinir. Loks getur ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanefnda og yfirskattanefnda, þótt ekki hafi verið kært, en jafnan skal hún þá gera aðilum aðvart áður en hún breytir skattgjaldi þeirra án þess að yfir hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir dómstóla, og einnig getur fjármálaráðherra leitað álits dómstóla um önnur ágreiningsatriði.

Svo skal og ríkisskattanefnd úrskurða kærur yfir úrskurðum yfirskattanefnda á útsvörum samkvæmt fyrirmælum laga um útsvör.

42. gr.

Skattanefndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjármálaráðuneytið lætur gera á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur skattanefnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

Í gerðabækur skattanefnda skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði. Skattskrá skal þó eigi rita í gerðabók skattstjóra. Yfirskattanefndir og ríkisskattanefnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir

43. gr.

Formenn skattanefnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnefnd í té ókeypis endurrit af skattskrám, til afnota við niðurjöfnun útsvara. Svo skulu og formenn skattanefnda og skattstjórar gefa Hagstofunni skýrslur um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

44. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir eftirlit með því, að skattanefndir allar og skattstjórar ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefir það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa skattanefnda og skattstjóra á öllu því, er framkvæmd þessara laga varðar.

45. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, ½% fyrir hvern mánuð eða brot

úr mánuði, sem greiðsla dregst. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefir eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

## V. KAFLI

*Refsiákvæði.*

### 46. gr.

Ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur, eða gerir það ekki fyrr en framtalsfrestur er liðinn, eða bætir ekki úr göllum, sem á framtali eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattanefnd eða skattstjóra, þá skal ekki færa niður skatt hans, þótt hann kæri, nema hann sanni, að tekjur hans eða eign hafi verið áætlað meira en fjórðungi hærra en í raun og veru var. Sé mismunurinn ¼ eða meiri, skal hann greiða skatt af hinum réttu upphæðum, að viðbættum ¼.

Ákvæðum þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef gjaldþegn hefir fært gildar ástæður sér til afsökunar.

### 47. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó aldrei miða við meira en 10 ár alls. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði fjármálaráðherra, gefa skattanefnd skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meiru en 10000 kr.

### 48. gr.

Sá, sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsgr. 47. gr., skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefir og hver sá, sem af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi hefir skýrt frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera bar, og því greitt minni skatt en honum bar skylda til.

49. gr.

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá, og skal þá gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í tímann en 3 ár, enda sé skattálagningin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp undan henni með sama hætti sem öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.

50. gr.

Skattanefndarmönnum og skattstjóra er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er að segja um þá, er veita nefndunum eða skattstjórum aðstoð við starf þeirra, eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

51. gr.

Nú gegnir einhver ekki skyldu sinni samkvæmt 33. gr., eða skorast undan að láta þar nefndar skýrslur af hendi, og sker fjármálaráðherra þá úr og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

52. gr.

Nú hefir skattanefnd eða skattstjóri ekki framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum, áður lögmæltur frestur er liðinn, og varðar það þá sektum, allt að 200 kr., og getur fjármálaráðuneytið auk þess skyldað hina brotlegu til þess að ljúka störfunum, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann, sem ekki hefir lögmæta afsökun.

53. gr.

Mál út af brotum þeim, er ræðir um í 47. gr., 1. málsgr., og 50. gr. laga þessara, skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 46. gr., 47. gr., 3. málsgr., 51. gr. og 52. gr. segir, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, en ekki skal slíkt mál höfða, nema skattþegn sjálfur, skattanefnd, skattstjóri eða fjármálaráðherra krefjist þess.

54. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með aðför.

## VI. KAFLI

*Ákvæði til bráðabirgða.*

55. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að innheimta með 10% álagi skatt álagðan á árinu 1935 samkvæmt lögum þessum. Þó skal eigi innheimta minni fjárhæð en 3 kr. hjá gjaldanda.

## VII. KAFLI

56. gr.

Fjármálaráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd og skilning laga þessara, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattanefnda og skattstjóra. Ennfremur lætur hann gera fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað ríkissjóðs.

57. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinn lagður á árið 1935. Um leið og þau koma til framkvæmda eru úr gildi numin:

Lög nr. 74 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Tilskipun nr. 84 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Tilskipun nr. 54 4. ágúst 1924, um breyting á og viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Lög nr. 2 26. marz 1923, um breyting á lögum nr. 74 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 39 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 74 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Lög nr. 7 16. maí 1925, um breytingar og viðauka við lög nr. 74 27. júní 1921.

Tilskipun nr. 60 19. okt. 1925, um tekjuskatt sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn o. fl.

Tilskipun 12. apríl 1929 um breyting á og viðauka við tilskipun nr. 84 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Lög nr. 20 23. júní 1932, um ríkisskattanefnd.

Ennfremur öll önnur lög eða fyrirmæli, sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

## Nd. 747. Breytingartillaga

við frumv. til laga um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá Jónasi Guðmundssyni.

Við 1. gr. Í stað næstsíðasta málsliðar komi 2 málsliðir, svo hljóðandi:

Á Austfjörðum skipar síldarútvegsnefnd sérstakan fulltrúa, er sé trúnaðarmaður hennar í einu og öllu, er að síldarútvegsmálum þar lýtur. Skal um skipun hans farið eftir tillögum síldarútvegsmanna á Austfjörðum, ef þess er óskað af meiri hluta þeirra.

## Nd. 748. Lög

um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 10. des.).

Samhljóða þskj. 705.

## Nd. 749. Breytingartillögur

við frumv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá Jóni Pálmasyni og Guðbr. Ísberg.

1. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðunum „ef sérstök þörf krefur“ í síðari málsl. fyrri málsgr. komi: um 1%.
   b. Við síðari málsgr. bætist:
      Þessi undanþága gildir þó eigi, ef framleiðendur selja beint til neytenda eftir heimild 5. gr. Reiknast þá verðjöfnunargjald af 3000 lítra ársnyt fyrir fullmjólkandi kú. Frá skal þó draga 2000 lítra hjá hverjum framleiðanda til heimilisnota.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.
3. Við 5. gr. (sem verður 4. gr.).
   a. Fyrir „og félög framleiðenda“ í 1. málsgr. komi: og félag mjólkurframleiðenda innan lögsagnarumdæmis sölustaðar.
   b. Fyrir tvo síðustu málsl. 4. málsgr. kemur: Öll mjólk og rjómi, sem selt er frá sölumiðstöð innan kaupstaðar, skal vera gerilsneytt af viðurkenndum mjólkurbúum.
   c. 5. og 6. málsgr. falli niður.
   d. Aftan við síðustu málsgr. bætist: enda sé bændum frjálst að flytja mjólk sína og rjóma til hvers þess mjólkurbús, sem þeir óska á sama verðjöfnunarsvæði.
   e. Á eftir greininni komi ný grein, sem verður 5. gr., þannig:
      Þeir, sem framleiða mjólk innan kaupstaðar eða kauptúns, geta valið um, hvort þeir annast sjálfir söluna beint til neytenda innan bæjarfélagsins eða kauptúnsins, eða ganga til samvinnu við mjólkurbú á staðnum og fá undanþágu frá verðjöfnunargjaldi samkv. 2. gr., en hlíta verða þessir menn ákvörðun mjólkursölunefndar um verðlag. — Til öryggis gegn sýkingarhættu af ógerilsneyddri mjólk er með reglugerð heimilt að setja ákvæði um framleiðslu og meðferð þeirrar mjólkur, eftir tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar og í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna.
      Einnig sé á sama hátt sett ákvæði um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum, hvort sem hún er framleidd innan eða utan bæjarfélags eða kauptúns. Nafnið barnamjólk má ekki

viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður samkvæmt þeirri reglugerð.

4. Við 6. gr.
   a. Í stað „Alþýðusamband Íslands .... formann nefndarinnar.“ í 3. málsl. 1. málsgr. kemur: Alþýðusamband Íslands tilnefnir 1 mann, félag mjólkurframleiðenda innan bæjarfélags, þar sem aðalsala fer fram, tilnefnir 1 mann og landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar 1 mann í nefndina, og skal hann vera formaður nefndarinnar.
   b. Síðasta málsgr. orðist þannig:
      Ríkissjóður greiði borgun til formanns nefndarinnar, en annar nauðsynlegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af verðjöfnunarsjóði.
5. Við 7. gr.
   a. Á eftir a-lið kemur nýr liður, sem verður b-liður, svo hljóðandi:
      Að ákveða á hverjum tíma útsöluverð mjólkur og mjólkurafurða á hverjum sölustað, sem lögin ná til. Skal söluverð reiknað út eftir verðvísitölum í samræmi við framleiðslukostnað, eftir því sem við má koma. Séu nánari ákvæði sett um það í reglugerð, eftir tillögum mjólkursölunefndar.
   b. b-liður verði c-liður, c-liður verði d-liður og d-liður verði e-liður.
   c. e-liður falli burt.
6. Við 15. gr. 2. málsgr. falli burt.
7. Ákvæði um stundarsakir falli burt.

**Nd.** **750. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 52 28. nóv. 1919 og á lögum nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Í stað orðanna „með stöð í Öngulsstaðahreppi“ í lögum nr. 52 28. nóv. 1919 kemur: með tveim stöðvum í Öngulsstaðahreppi.

Aftan við orðin „Skjöldólfsstöðum í Jökuldal“ í 1. gr. laga nr. 38 14. júní 1929 kemur: með hliðarálmu um Rangá að Heykollsstöðum.

Í stað orðanna „frá Sandeyri .... að Höfða í Grunnavíkurhreppi“ í sömu lagagrein kemur: frá Sandeyri um Stað í Grunnavík að Hesteyri, og frá Stað í Grunnavík um Höfða að Furufirði.

Í stað orðanna „Lína frá Egilsstöðum .... að Birnufelli“ í niðurlagi sömu lagagreinar kemur: Lína frá Egilsstöðum á Völlum að Skeggjastöðum í Fellum.

Aftan við sömu lagagrein bætist:

Lína að Valþjófsstað í Fljótsdal. Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Lína frá Geirólfsstöðum í Skriðdal að Arnhólsstöðum. Lína frá Hólum í Hornafirði að Syðra-Firði, með hliðarálmu að

Horni. Lína frá Bjarnanesi að Hoffelli. Lína frá Brunnhól að Flatey. Lína frá Hemlu í Vestur-Landeyjum að Álfhólum í sömu sveit. Lína frá Hveragerði að Hjalla í Ölfusi. Lína frá Hálsi í Kjós að Fossá. Lína frá Stóra-Kroppi að Hæli í Flókadal. Lína frá Svignaskarði að Hjarðarholti í Stafholtstungum. Lína frá Ólafsvík að Brimilsvöllum. Lína frá Setbergi við Grundarfjörð að Hallbjarnareyri. Lína frá Bugðustöðum í Hörðudal að Hlíð eða Seljalandi. Lína frá Tjaldanesi í Saurbæ að Staðarhóli. Lína frá Kinnarstöðum að Reykhólum og þaðan að Stað á Reykjanesi. Lína frá Vattarnesi í Múlahreppi að Skálmarnesmúla. Lína frá Bíldudal að Dufansdal í Suðurfjarðahreppi. Lína frá Sveinseyri í Tálknafirði að Suðureyri. Lína frá Breiðavík til Kollsvíkur. Lína norður Bala að Eyjum við Bjarnarfjörð. Lína frá Sauðárkróki um Reykjaströnd að Reykjum. Lína um Blönduhlíð og Viðvíkursveit. Lína frá Silfrastöðum um Flatatungu að Gilsbakka. Lína frá Skinnastað að Austaralandi og lína frá Skinnastað um Kelduhverfi að Víkingavatni. Lína frá Leirhöfn um Blikalón til Raufarhafnar, enda verði lögð niður núverandi lína frá Kópaskeri til Raufarhafnar.

## Ed. 751. Breytingartillaga

við frv. til laga um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 3. gr. Síðari málsgrein falli niður.

## Ed. 752. Breytingartillögur

við frv. til áfengislaga.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 24. gr. fyrri málsgr.

a. Í stað „hreppum“ (á tveim stöðum) komi: sýslufélögum.
b. Í stað „þriggja manna“ komi: fimm manna.
c. Í stað „hreppsnefndum“ komi: sýslunefndum.

## Nd. 753. Frumvarp

til laga um eftirlit með opinberum rekstri.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrirtækjum þeim, sem ríkið hefir sett á stofn til þess að annast sérstök samgöngumál, verzlunarmál, verklegar framkvæmdir, ásamt verksmiðjustörfum, skal skipt í þrjá flokka, eftir eðli þeirra og viðfangsefnum, svo sem hér segir:

Í fyrsta flokki eru póstmálakerfið, landssíminn, ríkisútvarpið og skipaútgerð ríkisins.

Í öðrum flokki eru tóbakseinkasala ríkisins, áfengisverzlun ríkisins, viðtækjaverzlun ríkisins og áburðareinkasala ríkisins.

Í þriðja flokki eru skrifstofa vegamálastjóra, skrifstofa vitamálastjóra, skrifstofa húsameistara ríkisins, ríkisprentsmiðjan og landssmiðjan.

2. gr.

Nú setur ríkið á fót fleiri stofnanir, til þess að hafa með höndum sérstaka starfrækslu. Skal þá ríkisstjórnin skipa þeim, jafnskjótt og þær taka til starfa, í þann flokk, sem þær standa næst um starfrækslu.

3. gr.

Yfir hvern flokk fyrirtækja, sem um getur í 1. og 2. gr., skal skipa þriggja manna ráð, til þess að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með starfrækslunni. Skal ráð hvert ávallt hafa rétt til að aðgæta reikningshald og skjöl öll, er stofnunina varða. Ráð skal eigi koma sjaldnar saman á fund en sem svarar einu sinni mánuð hvern, en oftar ef þörf gerist.

Forstjórum stofnana þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, skal skylt að leggja fyrir ráð það, sem stofnunin heyrir undir, öll mikilsvarðandi mál, sem starfræksluna varða, gera grein fyrir innkaupum, starfsmannahaldi, kaupgjaldi og tilhögun starfs, fjárhag, álagningu á vörum og öðrum meginreglum, sem starfrækslan miðast við.

Afrit af fundargerðum ráðsfundar skulu jafnóðum send ríkisstjórninni, og er forstjóri sendir ríkisstjórninni tillögur, er varða stofnun þá, er hann veitir forstöðu, þá skal álit ráðs ávallt fylgja tillögunum.

4. gr.

Ríkisstjórnin kallar öll ráð þau, er ræðir um í 3. gr., svo og forstjóra ríkisstofnananna, á sameiginlegan fund, til þess að ræða um samræming á störfum ríkisstofnananna og önnur þau atriði, er þær varða sameiginlega, eins oft og henni þykir þörf á, og leitar ávallt álits slíks sameiginlegs fundar við undirbúning fjárlaga.

5. gr.

Ráð þau, sem ræðir um í lögum þessu, skulu kosin á þriggja ára fresti af Alþingi, með hlutfallskosningu.

6. gr.

400 króna þóknun skal greidd hverjum manni í ráðunum, og skal stofnununum í hverjum flokki, er ræðir um í 1. gr., skylt að greiða þá þóknun að jöfnum hlutföllum fyrir sitt ráð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 754. Lög

um fiskimatsstjóra.

(Afgreidd frá Nd. 10. des.).

Samhljóða þskj. 704.

## Nd. 755. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 15. júní 1926, um breyt. á l. nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt. Telur nefndin, að ástæða sé til að herða á þeim skilyrðum, sem gilt hafa um veiting ríkisborgararéttar, með lögum, og ákvæði þessa frv. öll til bóta að þessu leyti. Hinsvegar er það álit nefndarinnar, að 15 ára búseta hér á landi sé fullstrangt ákvæði, enda þótt slíkt kunni að gilda með öðrum þjóðum. Vegna fámennis þjóðarinnar og strjálbýlis höfum vér Íslendingar síður ástæðu til að vera íhaldssamir um að taka erlenda menn í tölu íslenzkra ríkisborgara, er hér hafa ílenzt og fest rætur, en aðrar þjóðir, sem við of mikið þéttbýli og minnkandi atvinnumöguleika eiga að búa. Nefndin telur því nægilegt, að 10 ára búseta sé skilyrði þess, að menn öðlist ríkisborgararétt.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Í stað „15 ár“ í 1. málsl. komi: 10 ár.

Alþingi, 10. des. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Héðinn Valdimarsson, form. | Thor Thors, frsm. | Bergur Jónsson, fundaskr. |
| Stefán Jóh. Stefánsson. | Garðar Þorsteinsson. | |

**Ed.** **756. Frumvarp**

til áfengislaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

## I. KAFLI

### Almenn ákvæði.

1. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

## II. KAFLI

### Innflutningur áfengis.

2. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnist. Áfengisverzlun ríkisins annast innflutninginn. Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

3. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt heimild í 2. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsiglan og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum. En aldrei má gefa öðrum né selja af þeim forða.

Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínum, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenzkt eða erlent. Hefir hann vald til þess að opna hirzlur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

4. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins, ella skal auglýsa það eftir reglum um vogrek. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá tilkynningu að áfengið sé sent úr landi á hans kostnað eða selt Áfengisverzlun ríkisins fyrir það verð, er hún kann að bjóða, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er og ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu innan 6 mánaða frá birtingu hennar, og skal þá telja 12 mánaða frestinn frá því, að hann segir til sín.

Gefi enginn eigandi sig fram áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

5. gr.

Enginn má taka við neinskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hér við land eða í íslenzkri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

## III. KAFLI

### Tilbúningur áfengis.

6. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar.

7. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefir verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í Menningarsjóð.

## IV. KAFLI

### Sala og veitingar áfengis.

8. gr.

Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 2. gr. Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði. Álagning á vín þau, er um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, verður að vera innan þeirra takmarka, er þau lög setja.

9. gr.

Auk áfengis þess, sem um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, er Áfengisverzlun ríkisins heimilt að selja annað áfengi á núverandi útsölustöðum í kaupstöðum landsins.

Ríkisstjórninni er og heimilt að setja á stofn nýja útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kauptúnum. Áður en útsala er sett á stofn skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í því sýslu- eða bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf $^3/_5$ hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Nú hefir verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu samkvæmt framansögðu, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að tveimur árum liðnum.

10. gr.

Heimild til að selja aftur áfengi, er keypt hefir verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsölum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja. Smáskammtalæknum, sem lækningaleyfi hafa samkvæmt lögum, er og heimilt að selja smáskammtalyf með vínanda í, enda fylgi pöntun þeirra meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og landlæknis.

   Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áfengislyfjasölu lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, og skal meðal annars ákveða, hve mikið áfengi megi á hverju ári eða um ákveðið tímabil láta af hendi til hverrar lyfjabúðar (lyfsala eða læknis). Í reglugerðinni skal greina á milli áfengislyfja, sem hæf eru til nautnar, og áfengislyfja, sem óhæf eru til nautnar. Enginn lyfsali má láta úti áfengislyf, sem hæft er til nautnar, nema eftir löglegum lyfseðli læknis. Enginn læknir má ávísa úr lyfjabúð áfengislyfi, sem hæft er til nautnar, nema hann hafi fengið til þess sérstakt leyfi ráðherra, er ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hversu miklu áfengi viðkomandi læknir megi ávísa á ári, eða um ákveðið tímabil, og á hvern hátt. Landlæknir lætur lækni, sem sérstakt leyfi hefir fengið til áfengislyfjaávísana, í té hæfilega mörg eyðublöð undir slíkar ávísanir.
2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.
3. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vínanda til eldsneytis, er gerð-

ur hefir verið óhæfur til drykkjar, svo og um vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annara verklegra nota.

11. gr.

Dómsmálaráðherra hefir heimild til að leyfa einu veitingahúsi í Reykjavík veitingaleyfi á áfengum drykkjum, sem til landsins er heimilt að flytja.

Í veitingaleyfi eða reglugerð skal ákveða skilyrði fyrir veitingasölunni, þar á meðal um veitingatíma.

12. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni:

a. að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni næsta virkan dag,
b. að lögreglustjórum skuli heimilt að loka útsölu eða veitingastað fyrirvaralaust um einn eða fleiri daga, þegar þeim virðist ástæða til,
c. að sölulaun áfengis í útsölum og veitingastað megi aldrei fara fram úr ákveðnu hundraðsgjaldi, mismunandi fyrir útsölur og veitingastað.
d. að áfengisverzlun ríkisins og útsölustöðum hennar skuli óheimilt að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

## V. KAFLI

## Meðferð áfengis í landinu.

13. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs. Einnig er bannað að selja þeim manni áfengi, er sekur hefir gerzt um óleyfilega sölu.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

14. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist ólöglegt áfengi í vörzlum manns, skal honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 27. gr., ef ætla má að áfengið sé innflutt, en ella eftir 30. gr.

15. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 9. og 10. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

16. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 36. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

Menn með lögregluvaldi, þar á meðal lögregluþjónar, hreppstjórar eða sérstakir löggæzlumenn, hafa vald til að hefja lögreglurannsókn, hver í sínu umdæmi, gegn þeim, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Þeir hafa og vald til þess að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv., og stöðva þau á meðan á rannsókn stendur. Skyldir eru þeir að senda viðkomandi dómara þegar í stað skýrslu um rannsóknina og staðfest eftirrit af prófum, ef fram hafa farið, en dómarinn tekur málið til frekari meðferðar.

17. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 10. og 11. gr.

Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annara, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

## VI. KAFLI

## Ölvun.

18. gr.

Hver sá, sem sökum áberandi ölvunar veldur óspektum eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum hér við land, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar frávikningu úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sé um lækni að ræða, missir hann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir læknisleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

20. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar.

21. gr.

Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátaformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar, varðar það að jafnaði missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í farartækinu, ef þeir eru sjálfir í því og áttu að annast starfið, en hafa vanrækt það sökum ölvunar og verulegt slys hlotizt af því.

22. gr.

Leiki vafi á, hvort sakborningur samkv. þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal bæði dómara og sakborning heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn, sem læknir eða annar kunnáttumaður framkvæmir.

## VII. KAFLI

## Áfengisvarnir.

23. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um fræðslu í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, um skaðleg áhrif áfengisnautnar.

24. gr.

Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar ráðunaut í áfengismálum. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.

25. gr.

Áfengisvarnarnefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, 7 manna í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík, þar sem nefndin skal skipuð 9 mönnum. Ráðherra skipar formenn nefndanna, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnum, með hlutfallskosningu. Kjörtími nefndarmanna er 4 ár í senn. Nefndarstarfið er ólaunað, en borgaraleg skylda að taka við kosningu yfir eitt kjörtímabil.

Verksvið nefndarinnar skal ákveðið með reglugerð, sem ráðherra gefur út að fengnum tillögum áfengismálaráðunautar.

26. gr.

Ríkisstjórnin skal láta auglýsa, á skipum, sem annast farþegaflutning með ströndum landsins, á veitingahúsum, pósthúsum og símastöðvum og öðrum þeim stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum.

## VIII. KAFLI

## Refsiákvæði.

27. gr.

Fyrir brot gegn 2. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni ..... kr. 1000— 5000
Öðru sinni ..... — 2000—10000
Þriðja sinni ..... — 4000—20000

Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má ennfremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggja.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal skipið gert upptækt með dómi handa ríkissjóði.

Brot gegn 2. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 100—3000 krónum. Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

28. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 2. gr., skal hann sekur um 500—5000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 27. gr. 1., þriðju málsgr.

Áfengi það skal gert upptækt, sem skotið var undan innsiglan eða vanrækt að skýra frá.

29. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 5. gr. varða refsingu samkvæmt 27. gr.

30. gr.

Brot gegn 6. gr. varða sektum, 500—5000 kr., og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, ef áfengið hefir verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er ítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

31. gr.

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 200—2000 kr. Ítrekað brot varðar sektum 400—5000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margítrekað, eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengis-

seðla. Lágmark leyfissviptingarinnar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 33. gr. 2. málsgr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

32. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefir til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 33. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 34. gr.

33. gr.

Brot gegn ákvæðum 15. gr. varða sektum, 200—2000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 400—5000 krónum.

Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi allt að 3 mánuðum.

34. gr.

Verði maður, sem leyfi hefir til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 15. gr., varðar það refsingu samkvæmt 33. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinn ekki skemur en einn mánuð, í annað sinn ekki skemur en 3 mánuði og í þriðja sinn að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæta sektum, 50—1000 krónum.

35. gr.

Brot gegn ákvæðum 13. gr. varða sektum frá 25—500 krónum.

36. gr.

Brot gegn 16. gr. varða sektum 50—2000 kr. og ítrekað brot 100—1000 kr.

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

37. gr.

Brjóti nokkur ákvæði 17. gr. 1. málsgr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 50—1000 kr. sekt og neytanda 25—500 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 17. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 50—2000 kr. sektum.

38. gr.

Brot gegn 18. gr. varða sektum frá 25—500 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

39. gr.

Brot gegn 19.—21. gr. varða sektum: Fyrsta sinn 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Auk sektanna kemur stöðu- og réttindamissir, svo sem í þeim greinum segir.

40. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 2., 5. gr. 1. málsgr. eða 6. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til þess að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum 50—4000 kr.

## IX. KAFLI

### Ýms ákvæði.

41. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

42. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

43. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

44. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

45. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 19. maí 1930, og öll þau lagaákvæði, er koma í bág við þessi lög.

46. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1935.

**Nd.** **757. Lög**

um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar.

(Afgreidd frá Ed. 10. des.).

Samhljóða þskj. 657.

## Nd. 758. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um gengisviðauka.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „vitagjaldi," komi í stað niðurlags greinarinnar („þannig að hver toll- og gjaldeining .... minna broti skal sleppt."): aukatekjum ríkissjóðs, þeim, er taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, stimpilgjaldi samkv. lögum nr. 75 27. júní 1921 og ennfremur af verðtolli (sbr. lög nr. 47 15. júní 1926, l. nr. 5 3. apríl 1928 og l. nr. 11 2. júní 1933), þó ekki af verðtolli af vörum þeim, er greinir í lögum nr. 83 19. júní 1933 og auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, og eigi heldur af skófatnaði, öðrum en lakk-, flos- og silkiskóm, og olíufatnaði.

   Viðaukinn skal reiknaður þannig, að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast ½ eyrir eða hærra brot sem heill eyrir, en minna broti skal sleppt.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein (2. gr.), er hljóði svo:

   Gengisviðauki sá á aukatekjum ríkissjóðs og stimpilgjaldi, er um ræðir í 1. gr., tekur þó ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem út eru gefin vegna framkvæmdar á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð. Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjaldið með 25% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.
3. 2. gr., sem verður 3. gr., hljóði svo:

   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

## Nd. 759. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Við 1. gr. Í stað „400 hestafla" á þrem stöðum í greininni komi: 300 hestafla.

## Nd. 760. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. Nefndin vill þó taka það fram, að þar sem henni er ljóst, að eigi verði hægt með þessari upphæð að greiða nema nokkurn hluta þeirra ábyrgða, sem á falla vegna lántakenda Kreppulánasjóðs, þá beri að sjálfsögðu að láta þá sitja

fyrir hjálp í þessu efni, sem örðugasta hafa aðstöðu, þannig að upphæðin sé notuð til að koma í veg fyrir röskun á atvinnu þeirra manna, sem vegna eftirgjafa á ábyrgðarskuldum verða ella fyrir tilfinnanlegu tjóni.

Einn nefndarmanna (GÍ) var ekki á fundi og tók því ekki þátt í afgreiðslu málsins frá nefndinni.

Alþingi, 11. des. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Bjarni Ásgeirsson, form. | Jón Pálmason, frsm. | Páll Zóphóníasson, fundaskr., með fyrirv. |
| | Héðinn Valdimarsson. | |

## Nd. 761. Breytingartillögur

við frv. til l. um eftirlit með opinberum rekstri.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Yfir hvern flokk fyrirtækja, sem um getur í 1. og 2. gr., skal skipa þriggja manna ráð, til þess að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með starfrækslunni. Skal ráð hvert og hver einstakur ráðsmaður ávallt hafa rétt til að aðgæta reikningshald og skjöl öll, er stofnunina varða. Ráð skal koma saman á fund svo oft sem þörf gerist og eigi sjaldnar en sem svarar tvisvar sinnum mánuð hvern.
2. Við 6. gr. Upphaf gr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin ákveður þóknun til ráðsmanna, enda fari hún eigi fram úr 12 kr. fyrir hvern fundardag hvers ráðs.
3. Á eftir 7. gr. komi svo hljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Kosning hinna 3 ráða, er um ræðir í 3. gr., skal fara fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög. Jafnframt fellur þá niður umboð stjórna og eftirlitsmanna einstakra ríkisfyrirtækja, er undir frv. þetta falla.

## Ed. 762. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir 4., 5., 6., 7., 12., 13. og 14. lið 1. gr. laganna komi:

4. a. af rauðvíni kr. 1,00 af hverjum lítra.
   b. af ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum slíkum drykkjum, sem ekki

eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,50 af hverjum lítra. Undanþegin þessum tolli er berjakvoða og Pectine, sem flutt er til landsins til sultugerðar.

5. Af sódavatni 0,30 kr. af hverjum lítra.
6. a. af óunnu tóbaki 4 kr. af hverju kg.
   b. af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki, kr. 6,40 af hverju kg.
7. a. af tóbaksvindlum 16 kr. af hverju kg.
   b. af vindlingum (sigarettum) kr. 14,40 af hverju kg. Vindlingarnir skulu tollaðir að meðtöldum pappírnum, öskjum og dósum, sem þeir eru seldir í.
12. a. af öllum tegundum af suðusúkkulaði og iðnsúkkulaði kr. 1,50 af hverju kg.
   b. af kakaódeigi kr. 1,00 af hverju kg.
13. a. af kakaódufti 50 au. af hverju kg.
   b. af kakaóbaunum brenndum, muldum og ómuldum 50 au. af hverju kg.
   c. af kakaóbaunum óbrenndum og ómuldum 35 au. af hverju kg.
14. Af öllum tegundum af brjóstssykri, konfekti, átsúkkulaði og sykruðum ávöxtum kr. 3,00 af hverju kg.

Verði ágreiningur um flokkun framangreindra tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1935 að innheimta með 25% gengisviðauka tolla af þeim vörum, sem taldar eru í 1. gr. laga þessara.

3. gr.

Lög nr. 48 27. júní 1925 og lög nr. 116 19. desember 1933 eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

## Nd. 763. Lög

um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

(Afgreidd frá Nd. 11. des.).

Samhljóða þskj. 667.

## Nd. 764. Lög

um mat á fiskúrgangi.

(Afgreidd frá Nd. 11. des.).

Samhljóða þskj. 686.

**Ed.** **765. Lög**

um breyting á lögum um útsvör, nr. 46 frá 15. júní 1926.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.).

Samhljóða þskj. 428.

**Ed.** **766. Þingsályktun**

um rannsókn á vegarstæði um Lágheiði.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.).

Samhljóða þskj. 702.

**Nd.** **767. Breytingartillaga**

við frv. til laga um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1935.

Frá Thor Thors.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Reglulegt Alþingi skal koma saman án hvert hinn 1. dag októbermánaðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.
2. Við fyrirsögn frv. Fyrirsögnin orðist svo:
   Frv. til laga um samkomudag reglulegs Alþingis.

**Nd.** **768. Breytingartillögur**

við frv. til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Við 6. gr. 1. málsgr.

a. Á eftir orðunum „vestan heiðar“ kemur: Mjólkursamlag Borgfirðinga tilnefnir 1 mann.
b. Fyrir orðin „2 menn í nefndina, og skal hann skipa annan þeirra formann nefndarinnar“ kemur: 1 mann í nefndina, og skal hann vera formaður hennar.

## Ed. 769. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 751 [Skallagrímur].

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Tillagan orðist svo:

Við 3. gr., síðari málsgr. Fyrir orðin „hærri arð — ársarði félagsins“ komi: arð.

## Ed. 770. Breytingartillögur

við frv. til áfengislaga.

Frá Ingvari Pálmasyni og Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 12. gr. Á eftir d-lið komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Heimilt er að ákveða í reglugerð hámark þess áfengis, sem áfengisverzlun og útsölur hennar mega afhenda einstaklingum (mánaðarskammt, ársskammt), svo og setja nánari reglur um meðferð áfengis.
2. Við 17. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist: svo og í bifreiðum, er flytja farþega.

## Ed. 771. Breytingartillögur

við frv. til áfengislaga.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

1. Við 7. gr. Fyrir „Menningarsjóð“ komi: ríkissjóð.
2. Við 9. gr. Á eftir 3. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Hafi útsalan verið leyfð, skal endurtaka atkvæðagreiðsluna á þriggja ára fresti.
3. Við 13. gr. Við fyrri málsgr. bætist: og bruggun áfengis.
4. Við 41. gr. Fyrir „Menningarsjóð“ komi: ríkissjóð.

## Ed. 772. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

A. **Ávísun:** Tékka og allar tegundir ávísana, innlendar og erlendar, þótt ekki séu í venjulegu ávísanaformi, ef ráðstafað er greiðslu ákveðinnar fjárhæðar frá vissum aðila, þannig að raunverulega er um ávísun að ræða, þar með

talin bréf, skeyti eða skjöl, sem innihalda slíka ákvörðun eða beiðni. Sama er, hvort greiðsla miðast við sýningu, ákveðinn tíma eða endurtekna greiðslu með vissu millibili, eða hvort greiðsla á fram að fara í peningum, með víxlum, ávísunum eða öðrum gjaldmiðli. Og sama er þótt greiðsla sé skilorðsbundin, eða hvort nokkuð reynist til fyrir ávísun eða eigi.

Hér til teljast þó eigi neinar tegundir bankaseðla, víxlar, arðmiðar, vaxtamiðar eða vöruávísanir.

B. **Kvittun:** Allar viðurkenningar fyrir greiðslu eða innborgun á ákveðinni fjárhæð, hvort sem þær eru í venjulegu kvittunarformi eða færðar á reikninga eða önnur skjöl, þar með taldir farseðlar og farmiðar, og sérhver önnur áletrun eða stimplun, sem felur í sér slíka viðurkenningu. Sama er, hvort greiðsla hefir farið fram í peningum, með víxli, ávísun (sbr. A.-lið) eða hverjum öðrum gjaldmiðli. Hér til teljast og allar viðurkenningar fyrir lúkningu skuldar eða greiðslu einhverrar skuldakröfu að einhverju eða öllu leyti, í hverju sem greiðsla hefir fram farið. Sama er, hvort kvittun er undirrituð eða eigi.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur gera nýja tegund stimpilmerkja, er kallast greiðslumerki. Það ákveður um gerð merkjanna, hvernig haga skuli sölu á þeim og reikningsskilum, og hversu þau skuli gera ónothæf. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að láta gera ávísanahefti og kvittanahefti með áletruðu greiðslumerki, og má nota eyðublöð úr þeim í stað þess að líma merkin á ávísunina eða kvittunina.

3. gr.

Ávísanir þær og kvittanir, sem um ræðir í 1. gr., skal stimpla með greiðslumerkjum, ef fjárhæð sú, sem ávísun eða kvittun hljóðar á, nemur 20 kr. eða meira. Skulu greiðslumerkin vera þrennskonar, eftir fjárhæð ávísunar eða kvittunar, þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Frá | 20 kr. til | 50 kr. ..... | 5 aurar |
| — | 50 — — | 500 — ..... | 20 — |
| — | 500 — og | þar yfir ..... | 50 — |

Þó skal fjármálaráðherra heimilt að ákveða eitt og hið sama stimpilgjald af öllum ávísunum og kvittunum, sem hér um ræðir. Ráðherra ákveður þá um lágmarksfjárhæð stimpilskyldra ávísana og kvittana og um stimpilgjaldið, en eigi má það þá vera hærra en 30 aurar.

Hljóði ávísun um greiðslu til fleiri en eins aðila, telst hver greiðsla sem sérstök ávísun. Hljóði ávísun á endurtekna greiðslu um óákveðinn tíma, þannig að ekki verður vitað, hve miklu þær nema samanlagðar, skal stimpla þær með hæsta greiðslumerki.

4. gr.

Kvittanir og ávísanir, sem gefnar eru út hér á landi, skal stimpla um leið og þær eru útgefnar eða áður en til afhendingar kemur, og hvílir stimplunarskyldan á útgefanda, enda er öllum heimilt að hafa greiðslumerki undir höndum. Það

varðar sektum að taka við óstimplaðri ávísun eða kvittun, nema viðtakandi láti þegar í stað sjá um, að stimplað sé, en stimplun þessi leysir ekki útgefanda frá sektum.

Ávísanir þær (eða kvittanir), sem gefnar eru út erlendis óstimplaðar, skal stimpla áður en þær eru hér greiddar eða framseldar, og hvílir stimpilskyldan þá á framseljanda, ef til hans næst, en ella skal viðtakandi eða greiðandi framkvæma stimplunina á kostnað framseljanda eða þess, sem ávísun er innheimt fyrir.

5. gr.

Undanþegið þessu sérstaka stimpilgjaldi er:

A. 1. Ávísanir útgefnar af innlendum bönkum eða sparisjóðum.
2. Ávísanir gefnar út af stjórnarráði Íslands fyrir opinberum greiðslum eða gjöldum úr ríkissjóði og ávísanir forseta og skrifstofustjóra Alþingis fyrir gjöldum, er koma á alþingiskostnað.
3. Ávísanir útgefnar innanlands til greiðslu opinberra gjalda eða fyrir öðrum gjöldum í ríkissjóð eða bæjar- og sveitarsjóði, enda sé framsal viðkomandi skattheimtumanns ritað á ávísanirnar.

B. 1. Kvittanir fyrir innborgun til banka eða sparisjóða, þegar lagt er inn í eiginn reikning eða greitt upp í föst lán. Ennfremur kvittanir fyrir úttekt úr sparisjóðsbókum.
2. Kvittanir fyrir opinberum gjöldum eða öðrum greiðslum í ríkissjóð eða bæjar- og sveitarsjóði.
3. Kvittanir fyrir vinnulaunum, ef þær nema ekki yfir 100 kr. og ekki er um hluta af föstu mánaðar- eða árskaupi að ræða.
4. Kvittanir eða viðurkenningar fyrir móttöku íslenzkra afurða beint frá framleiðendum, enda nemi þær ekki yfir 600 kr.
5. Kvittanir fyrir endurgreiðslu á tolli eða öðrum ofreiknuðum gjöldum í ríkissjóð.
6. Kvittanir fyrir víxlum eða ávísunum, sem afhent er til innheimtu eða til sýningar.
7. Kvittanir innfærðar á skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt stimpillögum, fyrir greiðslu eða afborgun þeirrar fjárhæðar, sem í þeim er tilgreind, þar með talin framsöl á ávísunum og víxlum.
8. Öll skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt lögum um stimpilgjald, nr. 75 27. júní 1921, enda þótt þau geti talizt ávísun eða kvittun.

6. gr.

Ef í sama skjali er innifalin fleiri en ein ávísun eða kvittun, eða bæði ávísun og kvittun, skal stimpla hverja ávísun eða kvittun fyrir sig.

7. gr.

Þegar ávísun eða kvittun er gefin út í fleira en einu eintaki, er aðeins eitt þeirra stimpilskylt. Skal þess getið í hinum óstimpluðu eintökum, hvernig frumeintakið er stimplað.

8. gr.

Stimpilgjald greiðist annaðhvort með því að nota stimplaða ávísun eða kvittun eða líma greiðslumerki á skjalið, eða hvorttveggja.

9. gr.

Eigi má gefa út ávísun eða kvittun í meira en einu lagi fyrir sömu fjárhæð eða greiðslu til þess að komast hjá stimpilgjaldi samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Allir opinberir starfsmenn hafa sömu skyldu til að sjá um, að lögum þessum sé framfylgt, og ákveðin er í 53. gr. laga um stimpilgjald. Sömu skyldu hafa og starfsmenn banka og sparisjóða. Heimilt er fjármálaráðuneytinu að láta fara fram athugun á bókum og skjölum þeirra, sem bókhaldsskyldir eru að lögum, til þess að rannsaka, hvort ákvæði þessara laga um stimplun hafi verið brotin.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—300 krónum, er renna í ríkissjóð, auk greiðslu hins vantandi stimpilgjalds.

Heimilt er þó fjármálaráðuneytinu fyrstu 5 árin, sem lög þessi gilda, að lækka sektir samkvæmt þeim og jafnvel láta þær niður falla, ef sérstakar ástæður mæla með því.

12. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði stimpillaga, þar sem þau eiga við.

14. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga og stimpilskyldu. Ennfremur að ákveða opinberum starfsmönnum og öðrum, sem greiðslumerki hafa til sölu, allt að 2% af andvirði seldra merkja í sölulaun.

15. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður með reglugerð, hvenær lög þessi öðlast gildi.

## Ed. 773. Breytingartillögur

við frv. til áfengislaga.

Flm.: Pétur Magnússon.

1. Við 2. gr. Síðasti málsliður gr. falli burt.
2. Við 6. gr. Aftan við gr. bætist: Ráðherra getur þó leyft innlendum ölgerðarhúsum leyfi til ölbruggunar, enda hafi þau til þess fullkomin tæki.

3. Við 8. gr. Aftan við 1. málsl. bætist: svo og áfengis þess, sem bruggað kann að verða innanlands samkv. ákvæðum 6. gr.
4. Við 9. gr. Orðin í 1. málsl. 2. málsgr. „en þó aðeins í kaupstöðum og kauptúnum“ falli burt.
5. Við 13. gr. Síðari málsl. 1. málsgr. falli burt.

## Ed. 774. Nefndarálit

um frv. til l. um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndarmenn hafa fylgzt með frv. og meðferð þess í þinginu. Var það svo tekið til athugunar á fundi nefndarinnar í dag, og leggjum við undirritaðir til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmanna (JAJ) mætti ekki á fundinum.

Alþingi, 12. des. 1934.

Ingvar Pálmason, form., frsm.
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.

## Ed. 775. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild handa skipulagsnefnd atvinnumála til þess að krefjast skýrslna o. fl.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað frv., en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. (PM) er frv. andvígur. En meiri hl. telur ótvírætt, að skipulagsnefnd atvinnumála sé nauðsynlegt, að henni sé heimilað með lögum það vald, sem frv. gerir ráð fyrir, svo hún geti fullnægt ætlunarverki sínu, þar sem ætla má, að án þess valds mundi nefndinni torveldara og ef til vill í einstökum tilfellum ókleift að ná þeim heimildum um hag og atvinnurekstur landsmanna, sem nefndinni er nauðsynlegt að hafa í höndum til þess að geta gert rökstuddar tillögur um breytt og betra skipulag á atvinnulífi þjóðarinnar.

Meiri hl. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1934.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.
Ingvar Pálmason, fundaskr.

## Ed. 776. Breytingartillögur

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr. A. Í stað orðanna „vaxtamiðar eða vöruávísanir“ í síðari málsgr. komi: eða vaxtamiðar.
2. Við 1. gr. B. Orðið „ákveðinni“ í 1. málsl. falli furt.
3. Við 5. gr. A. 3. Orðin „eða fyrir öðrum gjöldum“ falli burt.
4. Við 5. gr. B. 2. Orðin „eða öðrum greiðslum“ falli burt.

## Ed. 777. Frumvarp

til laga um vátryggingar opinna vélbáta.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Fiskifélagi Íslands skal falið að gangast fyrir stofnun bátaábyrgðarfélaga fyrir opna vélbáta (trillubáta), í svo mörgum verstöðvum, er þurfa þykir, til þess að eigendur þeirra báta eigi kost á að vátryggja báta sína í ábyrgðarfélagi í verstöð sinni eða nágrenni.

Fiskifélagið semur frumvarp að félagslögum, ásamt reglugerð fyrir hvert félag. Skal það gert í samráði við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Fiskifélagið ákveður takmörk félagssvæða.

2. gr.

Í félagslögum skal vátryggingariðgjald ákveðið 5% á ári af virðingarupphæð.

Þegar vátryggður bátur stendur á landi fjóra til sex mánuði samanlagt á ári (eða meira), er skylt að endurgreiða hluta af vátryggingariðgjaldinu, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð, þó ekki yfir 25%. Nú stendur bátur á landi lengur en sex mánuði, og má þá endurgreiða allt að 40% af iðgjaldinu.

3. gr.

Nú hefir félag verið stofnað samkvæmt lögum þessum, og skal samábyrgð Íslands á fiskiskipum þá skylt, er þess er leitað, að endurtryggja fyrir hvert félag helming samanlagðrar áhættuupphæðar með sömu kjörum og félagið, að því tilskildu, að lögfest sé í félagslögunum:

a ð félagsmenn ábyrgist sameiginlega ábyrgðarskuldbindingar félagsins.

a ð vátryggingin nái aðeins til ⅘ hluta virðingarverðs í hverjum fyrsta flokks bát, en ⅕ hluti sé hvergi tryggður, og til ¾ hluta í hverjum annars flokks bát, en ¼ hluti sé hvergi tryggður.

a ð félagið bæti aðeins algerðan bátstapa. Þó skal skylt að bæta tjón á bát, er orsakast við það, ef bát er siglt í strand til að bjarga lífi skipshafnar.
a ð lög félagsins og reglugerð hafi verið samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.
a ð Samábyrgðin samþykki val virðingarmanna félagsins.

4. gr.

Sérhverjum eiganda opins vélbáts (trillubáts), sem aðallega gengur til fiskveiða, er skylt að hafa bát sinn vátryggðan fyrir sjótjóni samkvæmt lögum þessum, enda hafi bátaábyrgðarfélag verið stofnað í hlutaðeigandi verstöð. Rísi ágreiningur um tryggingarskyldu báta, sker stjórn hlutaðeigandi ábyrgðarfélags úr.

5. gr.

Ákveða skal í reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir, vátryggingarskilyrði öll og iðgjaldagreiðslur. Ennfremur má ákveða í reglugerð, að iðgjöld fyrir vátryggingar báta samkvæmt lögum þessum hafi lögtaksrétt.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 778. Nefndarálit

um frv. til laga um útgerðarsamvinnufélög.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., og viðurkenna allir nefndarmenn nauðsyn lagasetningar um það efni, sem frv. fjallar um. Hinsvegar hafa nefndarmenn áskilið sér óskoraðan rétt til þess að bera fram brtt. við frv. og að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 11. des. 1934.

Finnur Jónsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr., frsm. Páll Þorbjörnsson.
Sigurður Kristjánsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

## Nd. 779. Breytingartillaga

við frv. til laga um útgerðarsamvinnufélög.

Frá Bergi Jónssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Allir starfsmenn útgerðarsamvinnufélags, á skipum þess og í landi, skulu gerast félagar og undirrita samþykktir þess.

## Ed. 780. Lög

um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 12. des.).

Samhljóða þskj. 720.

## Nd. 781. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 33 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

4. gr. laga nr. 33 15. júní 1926 orðist svo:

Veita má mönnum ríkisborgararétt með lögum, en þó því aðeins, að þeir hafi verið búsettir hér á landi samfleytt 10 ár hin næstu áður en þeir beiddust ríkisborgararéttar og aldrei notið fátækrastyrks um þann tíma. Þó er heimilt að veita manni, sem starfað hefir í þjónustu ríkis eða ríkisstofnana 5 ár óslitið, ríkisborgararétt, ef önnur skilyrði þessara laga eru fyrir hendi.

Ákvæði undanfarandi málsgreinar um búsetuskilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar taka ekki til þeirra manna, sem fæddir eru af íslenzku foreldri.

Engum má veita ríkisborgararétt, nema hann færi sönnur á það, að hann hafi aldrei orðið sekur um neitt það athæfi, sem hér á landi eða í heimalandi hans er talið svívirðilegt að almenningsáliti.

Enginn maður, sem með lögum hefir verið veittur ríkisborgararéttur, öðlast hann fyrr en hann hefir sannað það fyrir ríkisstjórninni, að hann sé að fullu leystur af hinu fyrra ríkisfangi sínu og öllum skyldum, sem af því leiðir. Sé þessi sönnun ekki fram komin innan 12 mánaða frá birtingu veitingarlaganna í A-deild Stjórnartíðindanna, eru þau, að því er þann mann snertir, fallin úr gildi sjálfkrafa.

Um konu manns, er ríkisborgararétt öðlast, og börn þeirra fer eftir 3. gr., og um óskilgetin börn konu eftir 1. gr., nema lögin láti öðruvísi um mælt.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal fella meginmál laga þessara og laga nr. 33 15. júní 1926 inn í lög nr. 21 frá 6. október 1919 og gefa þau svo út sem lög um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 782. Frumvarp

til laga um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar sjö manna síldarútvegsnefnd. Skipar atvinnumálaráðherra einn, en hinir skulu vera tilnefndir af þessum aðilum, einn af hverjum: Útgerðarmönnum á Eyjafirði, útgerðarmönnum á Suðurlandi, sunnan Snæfellsness, útgerðarmönnum á Norðurlandi, utan Eyjafjarðar, og útgerðarmönnum á Vesturlandi. Auk þess tilnefnir Alþýðusamband Íslands tvo menn. Við kosningu í nefndina kemur eitt atkvæði fyrir hvert skip, skrásett á hinum tilnefndu svæðum, sem haldið var út á síldveiðar árið á undan kosningu og lagði upp síld til verkunar og útflutnings. Nú hafa fleiri en eitt skip haft samveiði um eina nót, og skal þá ekki koma nema eitt atkvæði á þau skip saman. Varamenn skulu skipaðir jafnmargir eftir tilnefningu sömu aðilja. Nefndarmenn eða varamenn þeirra skulu allir dvelja á Siglufirði yfir síldveiðitímann.

Nú vanrækir einhver aðilja að tilnefna í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað.

Nefndin kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn.

Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur. Á Austfjörðum skipar síldarútvegsnefnd sérstakan fulltrúa, er sé trúnaðarmaður hennar í einu og öllu, er að síldarútvegsmálum þar lýtur. Skal um skipun hans farið eftir tillögum síldarútvegsmanna á Austfjörðum, ef þess er óskað af meiri hluta þeirra. Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Síldarútvegsnefnd hefir með höndum úthlutun útflutningsleyfa, veiðileyfa til verkunar, söltunarleyfa á síld og löggildir síldarútflytjendur. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á síld með öðrum verkunaraðferðum en nú eru tíðkaðar. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja síld á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi síldarútvegsins.

Til þess að standast kostnað af þessum störfum nefndarinnar, getur síldarútvegsnefnd ákveðið, með samþykki ráðherra, að greitt verði í sérstakan sjóð 2% — tveir af hundraði — af andvirði seldrar síldar. Sjóði þessum má eingöngu verja í þágu síldarútvegsins. Nú verður sjóður þessi svo mikill, að öruggt þyki, og getur þá síldarútvegsnefnd ákveðið, að fengnu samþykki ráðherra, að endurgreiða úr honum til síldareigenda í réttu hlutfalli við verðmagn seldrar síldar.

3. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld eða verkaða á annan hátt, sem veidd er af íslenzkum skipum eða í íslenzkri landhelgi,

eða verkuð hér á landi eða lögð á land verkuð, nema með leyfi síldarútvegsnefndar. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir síldarsendingum, að ísaðri síld undanskilinni, til útlanda, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Leyfi til útflutnings á síld skulu aðeins veitt þeim, sem fengið hafa löggildingu sem síldarútflytjendur. Þó getur nefndin veitt undanþágu fyrir smásendingum af millisíld.

4. gr.

Síldarútvegsnefnd löggildir síldarútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma.

Nú hefir félag síldarframleiðenda fengið löggildingu sem síldarútflytjandi og hefir umráð yfir 75% eða meiru af saltsíldarframleiðslu landsmanna, og getur þá síldarútvegsnefnd ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháum eða hærri hundraðshluta af framleiðslunni og það hefir umráð yfir, en fullnægja skal þá félagið þeim skilyrðum, er hér fara á eftir, sé það eigi stofnað og starfrækt samkv. lögum nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög. Félagið skal vera opið öllum síldarframleiðendum, þannig, að félög þeirra, sem ná yfir eina eða fleiri veiðistöðvar eða tiltekið svæði, hafi rétt til þátttöku og sendi fulltrúa á fundi þess. Útgerðarmenn og útgerðarfélög, sem ráða yfir 2000 tunnum saltsíldar eða meiru, skulu eiga rétt á að gerast meðlimir og mæta eða láta mæta á fundum félagsins. Æðsta vald í félagsmálum sé hjá félagsfundum. Við kosningu fulltrúa til félagsfunda skal hver þátttakandi hafa atkvæðisrétt, er eigi miðast nema að nokkru leyti við síldarmagn. Sama gildir og um atkvæðisrétt á félagsfundum, enda fari þar enginn með meira en $^1/_{20}$ af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra.

Þeir, sem kynnu að fá löggildingu til útflutnings á eftirstöðvum síldarmagnsins, skulu uppfylla skilyrði síðustu málsgreinar þessarar greinar.

Ef ekkert almennt félag síldarframleiðenda, sem ræður yfir síldarmagni því, sem að framan greinir, sækir um og fær löggildingu síldarútvegsnefndar, getur nefndin löggilt tiltekna tölu síldarútflytjenda, enda hafi hver þeirra til umráða að minnsta kosti 25000 tunnur af síld og fullnægi ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, ef um einstakling er að ræða, eða ef um félag er að ræða, að það sé skrásett lögum samkvæmt sem hlutafélag, samvinnufélag eða sölusamlag síldarframleiðenda, opið öllum síldarframleiðendum.

5. gr.

Þeir, sem samkvæmt 4. gr. fá löggildingu nefndarinnar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum hennar um framboð og lágmarksverð á síld, sem seld er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma, afhendingu gjaldeyris og annað það, sem nefndin setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkv. lögum þessum. Með reglugerð má ákveða, að síldarútflytjendur skuli skyldir að taka síld til sölu af framleiðendum, gegn hæfilegri hámarksþóknun, enda sé síldin markaðshæf vara, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir síldarframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

6. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem snertir sölu og útflutning síldar, og hefir nefndin frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin er bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda, er hún verður áskynja um á þennan hátt.

7. gr.

Nú verður það nauðsynlegt, að dómi síldarútvegsnefndar, til þess að tryggja gæði síldar eða sölu á síldarframleiðslu landsmanna, að takmarka veiði, og er nefndinni þá heimilt að ákveða, hvenær söltun megi hefjast, svo og að takmarka eða banna söltun um skemmri eða lengri tíma og ákveða hámark söltunar á hverju skipi.

8. gr.

Síldarútvegsnefnd úthlutar veiði- og verkunarleyfum. Allir síldarútgerðarmenn skulu fyrir þann tíma, er nefndin ákveður, sækja um veiðileyfi fyrir skip sín. Skal í leyfisbeiðninni tilgreina tölu skipa, stærð og einkennistölu og áætla afla til verkunar. Ennfremur skal skýra frá, hjá hvaða saltanda og hvernig síldin skuli verkuð, svo og hver hafi síldina til sölumeðferðar.

Allir síldarsaltendur skulu fyrir sama tíma sækja um verkunarleyfi til nefndarinnar og skýra frá, hve margar tunnur hverrar tegundar þeir óska að verka og af hvaða skipum.

Hver saltandi, er söltunarleyfi fær, er skyldur að hlíta fyrirmælum nefndarinnar um hámark verkunargjalds á hverja tunnu, sem hann saltar fyrir útgerðarmenn, og um ábyrgð á síldarverkuninni.

Allir síldarframleiðendur eru skyldir að láta nefndinni í té þær upplýsingar, sem hún krefst og stuðlað geta að því, að veiðinni verði hagað eftir söluhorfum, og skulu þeir hlíta fyrirmælum hennar í þeim efnum, en skylt er nefndinni að hafa um þetta sem nánasta samvinnu við síldarframleiðendur. Skýrslur um veiði og verkun skal gefa nefndinni daglega.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd undanfarandi ákvæða, svo sem að hver síldareigandi beri ábyrgð á gæðum sinnar síldar, ákvæði um jafnaðarverð á síld sömu gæða, umboðslaun til að standast kostnað við sölu og öll þau atriði önnur, er hann telur þurfa.

10. gr.

Brjóti löggiltur útflytjandi ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, getur síldarútvegsnefnd svipt hann löggildingu og kært hann til fjársekta.

11. gr.

Nú telur ríkisstjórnin og síldarútvegsnefnd, með tilliti til markaðslanda og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikarnir með því að taka upp einkasölu á síld, og getur ríkisstjórnin þá, með samþykki síldarútvegs-

nefndar, ef félag síldarframleiðenda, sem uppfyllir ákvæði 2. málsgr. 4. gr., æskir þess, veitt því um ákveðinn tíma einkarétt til að selja og flytja síld til útlanda, enda séu þá framkvæmdarstjórar tveir, og tilnefni síldarútvegsnefnd annan þeirra.

Sé slíkur félagsskapur síldarframleiðenda eigi til eða síldarútvegsnefnd mæli eigi með því, að honum sé veittur slíkur einkaréttur, getur ríkisstjórnin falið síldarútvegsnefnd einkasölu á síld til útlanda, enda komi samþykki nefndarinnar til. Ræður þá síldarútvegsnefnd tvo framkvæmdarstjóra til þess að annast síldarsöluna og gerir aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsyn krefur. Skal með reglugerð, er atvinnumálaráðherra gefur út, ákveða fyrirkomulag einkasölunnar, verksvið framkvæmdarstjórnar og annað það, er leiðir af ákvæðum þessarar greinar.

Sé síldarútvegsnefnd falin einkasala á síld, telst kostnaður við störf hennar með rekstrarkostnaði einkasölunnar.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála og varða sektum, allt að 200000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 783. Nefndarálit

um frv. til laga um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. Þrír nefndarmenn (BJ, HV og StJSt) leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en tveir nefndarmenn (GÞ og TT) áskilja sér rétt til þess að bera fram brtt. við frv.

Alþingi, 12. des. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Héðinn Valdimarsson, form. | Bergur Jónsson, fundaskr., frsm. | Garðar Þorsteinsson, með fyrirv. |
| Thor Thors, með fyrirv. | Stefán Jóh. Stefánsson. | |

Sþ. **784. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Við | 2. gr. | 2 (Tekjuskattur og eignarskattur). Fyrir „1100000“ kemur | 1950000 |
| 2. | — | 2. — | 12 (Tóbakstollur). Fyrir „1150000“ kemur | 1380000 |
| 3. | — | 2. — | 17 (Innl. tollvörur). Fyrir „250000“ kemur | 420000 |
| 4. | — | 3. — | A. 3. (Áfengisverzl., rekstrarhagn.). Fyrir „700000“ kemur | 750000 |
| 5. | — | 3. — | A. 4. (Tóbakseinkasalan, rekstrarhagn.). Fyrir „550000“ kemur | 600000 |
| 6. | — | 3. — | A. 10. (Rekstrarhagnaður af Reykjabúi). Liðurinn fellur burt. | |
| 7. | — | 3. — | A. 5. II. a. 2. (Ríkisútvarp, dagskrá). Fyrir „80000“ kemur | 92000 |
| 8. | — | 12. — | 18. b. (Sjúkrahús á Reyðarfirði). Við liðinn kemur aths.: Fari svo, að ekki verði hægt að byrja á byggingunni á árinu 1935, vegna þess að framlag komi ekki á móti ríkisstyrknum, er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram þessa upphæð til byggingar sjúkraskýlis á Austfjörðum, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að. | |
| 9. | — | 12. — | 18. d. Nýr liður: Styrkur til fávita, er dvelja á hælum | 5000 |
| 10. | — | 12. — | 18. q. Nýr liður: Til ýmsra sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis | 1500 |
| 11. | — | 13. — | A. II. a. 5. Nýr liður: Suðurdalavegur | 4000 |
| 12. | — | 13. — | A. II. a. 13. Nýr liður: Breiðadalsheiðarvegur | 15000 |
| 13. | — | 13. — | A. IX. (Ferja á Hrosshyl). Fyrir „200“ kemur | 250 |
| 14. | — | 13. — | B. 1. c. Nýr liður: Til h/f Skallagríms | 10000 |
| 15. | — | 13. — | B. 2. (Flóabátar). Fyrir „78000“ kemur | 82000 |
| 16. | — | 13. — | C. VII. 5. Nýr liður: á Hornafirði | 10000 |

17. Við 14. gr. B. I. g. Liðurinn orðist svo:
Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans ..... 15000
18. — 14. — B. X. b. (Iðnskóli á Akureyri).
Fyrir „1500“ kemur ..... 2000
19. — 14. — B. X. c. (Iðnskóli á Ísafirði).
Fyrir „1000“ kemur ..... 1500
20. — 14. — B. X. d. (Iðnskóli í Hafnarfirði).
Fyrir „1200“ kemur ..... 1700
21. — 14. — B. X. e. (Iðnskóli í Vestmannaeyjum).
Fyrir „1200“ kemur ..... 1700
22. — 14. — B. XIV. 1. c. 5. (Eiðaskóli).
Orðin „og bygginga“ falli burt.
23. — 14. — B. XIV. 2. b. (Stofnkostnaður héraðsskóla).
Fyrir „5000“ kemur ..... 6500
24. — 14. — B. XV. 3. (Ósk, Ísafirði).
Fyrir „5000“ kemur ..... 5500
25. — 14. — B. XVIII. 4. Nýr liður:
Til sundskólans á Sveinseyri ..... 5000
26. — 14. — B. XXII. Nýr rómv. liður:
Til íþróttahúss Knattspyrnufélags Reykjavíkur, gegn jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur 2500
27. — 15. — 5. Nýr liður:
Til samkomuhússins Iðnó, til viðgerðar og lagfæringar á búningsherbergjum o. fl., enda hækki ekki leiga hjá Leikfélagi Reykjavíkur frá því, sem nú er ..... 5000
28. — 15. — 7 (Bókasöfn).
Fyrir „fimm“ kemur: sex.
29. — 15. — 7. e. Nýr liður:
Til iðnbókasafnsins í Reykjavík ..... 1000
30. — 15. — 22. Nýr liður:
Til Norræna félagsins ..... 600
31. — 15. — 26. (Samb. ísl. karlakóra).
Fyrir „3000“ kemur ..... 4500
32. — 15. — 26. Nýr liður:
Til Karlakórs Reykjavíkur, til söngfarar til útlanda 2000
33. — 15. — 32 (Magnús Ásgeirsson).
Fyrir „1200“ kemur ..... 1500
34. — 15. — 43. Nýr liður:
Til Jóns Stefánssonar málara ..... 3600
35. — 16. — 3 (Sandgræðsla). Við athugasemdina bætist:
5000 kr. til sandgræðslu og landvarna í Meðallandi vestan Eldvatns (fyrri greiðsla), og 800 kr. til að ljúka við frárennsli af sandgræðslusvæðinu á Steinsmýrarbæjunum.

36. Við 16. gr. 11. b. Nýr liður:
Til skógræktarfélags Íslands ..... 2000
37. — 16. — 12. Nýir liðir:
a. Til fyrirhleðslu við Héraðsvötn ..... 1500
b. Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum ..... 6000
c. Til fyrirhleðslu og vegagerðar við Markarfljót í innanverðri Fljótshlíð ..... 5000
38. — 16. — 13. c. Nýr liður:
Til Halldórs Jónssonar, til að stunda dýralækningar, gegn jafnmiklu framlagi frá Svarfaðardalshreppi 300
39. — 16. — 19. Nýr liður:
Til áhaldakaupa vegna síldarrannsókna ..... 10000
40. — 16. — 25. Nýr liður:
Kostnaður vegna laga um fiskimatsstjóra ..... 10000
41. — 16. — 44. og 45. Liðirnir verði einn liður og orðist svo:
Til vinnumiðlunar ..... 7000
Þar af til vinnumiðstöðvar kvenna 2000.
42. — 17. — 4 (Verkam. og sjómannafél. í Rvík).
a. Fyrir „3000“ kemur ..... 4000
b. Nýr liður:
Til verkakvennafélagsins Framtíðin í Hafnarfirði, til að halda uppi dagheimili fyrir börn ..... 2000
43. — 17. — 19. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs verklýðsfélagsins í Flatey á Breiðafirði ..... 200
44. — 17. — 22. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs verklýðsfélagsins á Patreksfirði 200
45. — 18. — II. a. 4 (Sæm. Bjarnhéðinsson).
Fyrir „2500“ kemur ..... 3650
46. — 18. — II. c. 19. Nýr liður:
Til Hálfdánar Guðjónssonar vígslubiskups ..... 800
47. — 18. — II. e. 15. Nýr liður:
Til Jósefs Björnssonar fyrrv. kennara ..... 1577,14
48. — 18. — II. i. 15. Nýr liður:
Til Guðrúnar Jónasdóttur ljósmóður ..... 300
49. — 18. — II. i. 26. Nýr liður:
Til Önnu Sigurðardóttur, Fjöllum ..... 300
50. — 18. — II. i. 27. Nýr liður:
Til Ólafs Ísleifssonar, Þjórsártúni ..... 600
51. — 18. — II. i. 33. Nýr liður:
Til Kristólínu Kragh ..... 300
52. — 18. — II. i. 37 (Sigfús frá Eyvindará).
Fyrir „800“ kemur ..... 1040
53. — 18. — II. i. 67. Nýr liður:
Til Kofoed-Hansen skógræktarstjóra ..... 3300

54. Við 20. gr. Út II. 3 (Eignaaukningar). Nýr liður:
Reykjabúið ..... 10000

55. — 22. — II. (Endurgreiðsla úr lífeyrissjóði).
a. Við liðinn bætist:
Kristjáni Sveinssyni fyrrv. héraðslækni, Steindóri Gunnlaugssyni lögfræðingi og Hallgrími Jónassyni kennara.
b. Nýr liður:
Að greiða Sigurði Sigurðssyni búnaðarmálastjóra 4500 kr. eftirlaun, ef hann lætur af störfum hjá Búnaðarfélagi Íslands.

56. — 22. — IV. Nýir liðir:
a. Að verja allt að 6000 kr. af tekjuafgangi landssmiðjunnar til að láta smíða þar ýmsa muni, er íslenzkir hugvitsmenn finna upp og líklegt þykir, að gagn megi að verða fyrir framleiðsluna í landinu, enda sé ríkisstofnunum og fyrirtækjum, sem njóta rekstrarstyrks af almannafé, skylt að skipta við landssmiðjuna, eftir því sem hún getur afkastað.
b. Að nota ágóðann af búrekstri á Reykjum til að endurbæta peningshús á jörðinni og til jarðabóta.
c. Að greiða Jóhanni Kristjánssyni í Skógarkoti úr kirkjujarðasjóði, eftir mati dómkvaddra manna, bætur fyrir mannvirki þau, er hann hefir gert við Vellankötlu, ef þær framkvæmdir verða stöðvaðar af Þingvallanefnd.
d. Að kaupa af Landsbankanum jarðir bankans á Eyrarbakka og Stokkseyri, ef hagkvæmir samningar fást um vaxtakjör og greiðslu.
e. Að gera ráðstafanir til þess að láta auka og endurbæta senditæki Ríkisútvarpsins, svo að þau fullnægi þörfum landsmanna. Skuli þær endurbætur fara eftir nánari ákvörðunum stjórnarinnar, enda beri Ríkisútvarpið sjálft allan kostnað af framkvæmdinni.

57. — 23. — Við frumvarpsgreinina bætist ný málsgrein:
Stjórninni er heimilt að greiða Jóni Bergsteinssyni, fyrrverandi bústjóra á Kleppi, 300 kr. auk dýrtíðaruppbótar, og sé upphæðin færð á reikning Kleppsbúsins.

**Nd.** **785. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

Frá Emil Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „aldrei notið fátækrastyrks um þann tíma“ í fyrstu málsgr. komi: standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

## Ed. 786. Frumvarp

til laga um eftirlit með opinberum rekstri.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrirtækjum þeim, sem ríkið hefir sett á stofn til þess að annast sérstök samgöngumál, verzlunarmál, verklegar framkvæmdir, ásamt verksmiðjustörfum, skal skipt í þrjá flokka, eftir eðli þeirra og viðfangsefnum, svo sem hér segir:

Í fyrsta flokki eru póstmálakerfið, landssíminn, ríkisútvarpið og skipaútgerð ríkisins.

Í öðrum flokki eru tóbakseinkasala ríkisins, áfengisverzlun ríkisins, viðtækjaverzlun ríkisins og áburðareinkasala ríkisins.

Í þriðja flokki eru skrifstofa vegamálastjóra, skrifstofa vitamálastjóra, skrifstofa húsameistara ríkisins, ríkisprentsmiðjan og landssmiðjan.

2. gr.

Nú setur ríkið á fót fleiri stofnanir, til þess að hafa með höndum sérstaka starfrækslu. Skal þá ríkisstjórnin skipa þeim, jafnskjótt og þær taka til starfa, í þann flokk, sem þær standa næst um starfrækslu.

3. gr.

Yfir hvern flokk fyrirtækja, sem um getur í 1. og 2. gr., skal skipa þriggja manna ráð, til þess að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með starfrækslunni. Skal ráð hvert og hver einstakur ráðsmaður ávallt hafa rétt til að aðgæta reikningshald og skjöl öll, er stofnunina varða. Ráð skal koma saman á fund svo oft sem þörf gerist, og eigi sjaldnar en sem svarar tvisvar sinnum mánuð hvern.

Forstjórum stofnana þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, skal skylt að leggja fyrir ráð það, sem stofnunin heyrir undir, öll mikilsvarðandi mál, sem starfræksluna varða, gera grein fyrir innkaupum, starfsmannahaldi, kaupgjaldi og tilhögun starfs, fjárhag, álagningu á vörum og öðrum meginreglum, sem starfrækslan miðast við.

Afrit af fundargerðum ráðsfundar skulu jafnóðum send ríkisstjórninni, og er forstjóri sendir ríkisstjórninni tillögur, er varða stofnun þá, er hann veitir forstöðu, þá skal álit ráðs ávallt fylgja tillögunum.

4. gr.

Ríkisstjórnin kallar öll ráð þau, er ræðir um í 3. gr., svo og forstjóra ríkisstofnananna, á sameiginlegan fund, til þess að ræða um samræming á störfum ríkisstofnananna og önnur þau atriði, er þær varða sameiginlega, eins oft og henni þykir þörf á, og leitar ávallt álits slíks sameiginlegs fundar við undirbúning fjárlaga.

5. gr.

Ráð þau, sem ræðir um í lögum þessum, skulu kosin á þriggja ára fresti af Alþingi, með hlutfallskosningu.

6. gr.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun til ráðsmanna, enda fari hún eigi fram úr 12 kr. fyrir hvern fundardag hvers ráðs, og skal stofnununum í hverjum flokki, er ræðir um í 1. gr., skylt að greiða þá þóknun að jöfnum hlutföllum fyrir sitt ráð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Kosning hinna 3 ráða, er um ræðir í 3. gr., skal fara fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög. Jafnframt fellur þá niður umboð stjórna og eftirlitsmanna einstakra ríkisfyrirtækja, er undir frv. þetta falla.

## Ed. 787. Nefndarálit

um frv. til l. um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun stjórnarflokkanna. Jafnaðarmenn hyggjast með þessu frv. að ná því langþráða marki að koma á ríkiseinkasölu á saltfiski. Framsóknarmenn (eða meiri hluti þeirra) hafa verið andstæðir slíkri ríkiseinkasölu á þessari aðalútflutningsvöru landsmanna, en meðal þeirra eru margir hreinræktaðir sócialistar, og hafa þeir nú notað tækifæri, sem þeir telja að gefizt hafi, til þess, að því er virðist, að fá þingflokk Framsóknarfl. til þess að hoppa inn á einkasölufyrirkomulagið. Þetta tilefni, sem forráðamenn Framsóknarfl. þykjast hafa til stefnubreytingar, er það, að fulltrúafundur í Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, sem haldinn var um mánaðamótin október—nóvember síðastl., hafnaði þar frambornum tillögum um að skipuleggja þennan félagsskap á hreinum samvinnulagagrundvelli.

Það er þó vitað, að nálega allir framsóknarmenn, sem fiskveiðar og fisksölu hafa með höndum, eru andstæðir ríkiseinkasölu á saltfiski. Kom þetta meðal annars skýrt fram á fulltrúafundi S. Í. F. Það má því telja fullvíst, að þingflokkur framsóknarmanna er í þessu efni andstæður þeim flokksmönnum sínum, sem hafa sérhagsmuna að gæta í þessu máli. Hvert er svo tilefni til breytinga á fisksölufyrirkomulaginu? Er fyrirkomulag það, sem nú er, óviðunandi?

Til þess að svara þessu þarf athugun á þessu máli á undanförnum árum.

Árið 1914 var útflutningur saltfiskjar þessi: fullverkaður fiskur 13728 smálestir, hálfverkaður (Labradorfiskur) og saltfiskur 10358 smál. Alls 24086 smál.

Árið 1933 er þessi útflutningur orðinn um 70000 smálestir. Ef tekið er tillit til þess, að hlutfallslega stórum meira er flutt út af fullverkuðum fiski nú á síðari árum en árin 1912—14, þá er það fullvíst, að útflutningurinn hefir þrefaldazt á síðustu 20 árum.

Nálega allur þessi fiskur er nú seldur beint til Suður-Evrópu, Spánar, Ítalíu og Portúgal. Það verður því að viðurkenna, að stórlega vel hefir tekizt að auka markað fyrir þessa aðalútflutningsvöru okkar, og má óhætt fullyrða, að hinn góði árangur hefir náðst eingöngu fyrir samvinnu íslenzkra útflytjenda og erlendra innflytjenda í þessum markaðslöndum, *á frjálsum grundvelli.*

**Verðlagið í frjálsri verzlun og undir einkasölufyrirkomulagi.**

Það er öllum vitanlegt, að verðlag á fiski okkar hefir ávallt verið fullkomlega eins hátt og á sambærilegum fiski frá öðrum þjóðum á sömu markaðsstöðum, og íslenzkir framleiðendur fengið fyllilega eins hátt verð fyrir sinn saltfisk og saltfiskframleiðendur annara þjóða. Enda hefir verzlunin með saltfisk jafnan verið frjáls hér á landi. Hinsvegar höfum við til samanburðar ríkiseinkasölu á annari útflutningsvöru, síld.

Meðan síldareinkasala var hér á landi höfðu aðalkeppinautar okkar, Norðmenn, frjálsa verzlun, eins og þeir jafnan hafa haft og hafa.

Á þessum árum fengu norskir síldveiðendur fyrir hverja tunnu nýveiddrar síldar hér við land að meðaltali um 13 ísl. krónur. Íslenzkir síldveiðendur fengu hjá síldareinkasölunni þessi sömu ár að meðaltali 6 krónur, en seinasta árið 1—2 krónur fyrir hverja tunnu nýveiddrar síldar. Þrátt fyrir þetta lága verð mun tap ríkissjóðs á síldareinkasölunni verða á aðra milljón króna. Það versta er þó ótalið, en það er, að síldareinkasalan eyðilagði nær til fulls aðalmarkað okkar Íslendinga fyrir saltsíld, sem var í Svíþjóð. Áður en síldareinkasalan var stofnsett, höfðum við Íslendingar fastan markað í Svíþjóð fyrir um 200—240 þús. tunnur síldar, en þegar einkasalan hætti, var markaður okkar í Svíþjóð nærfellt tapaður, eða aðeins 30—40 þúsund tunnur saltsíldar, og engin von um, að við getum náð þeim markaði aftur. Norðmenn, sem höfðu frjálsa verzlun, tóku hann af okkur. Þetta markaðstap er því langsamlega stærsta tapið, sem síldareinkasalan hefir bakað landsmönnum.

**Fyrirkomulag salfiskverzlunarinnar nú.**

Sölusamband ísl. fiskframleiðenda hefir nú um 75% af saltfiskútflutningnum; hitt er að mestu leyti í höndum eins firma.

Hverja raun hefir þetta fyrirkomulag, og þá einkum starfsemi S. Í. F., gefið?

Til þess að svara þessu verður að athuga, hvernig ástatt var 1932, þegar S. Í. F. var stofnað.

Árið 1929 var svo komið, að saltfiskframleiðsla hér á landi, í Noregi og Færeyjum var orðin meiri en svo, að markaðslöndin gætu tekið við henni allri, jafnvel þó markaðsaukningin hefði orðið mikil á undanförnum árum. Þar við bættist, að markaðslöndin Spánn og Portúgal höfðu byrjað á talsverðri saltfiskútgerð og gefið þeirri útgerð margskonar hlunnindi, svo sem tollfrelsi, til

þess að styðja þennan þeirra innlenda atvinnuveg. Árið 1930 var svo komið, að innflytjendur í Suður-Evrópu voru orðnir hræddir við óvenjulegt verðfall, þrátt fyrir það, þó verðið hefði farið smálækkandi frá miðju árinu 1929. Endirinn varð líka sá, að stórfellt verðfall varð ekki umflúið síðast á árinu, en tapið af þessu verðfalli lenti að mestu á hinum erlendu innflytjendum í markaðslöndunum, sem höfðu keypt mestallar saltfiskbirgðirnar.

Það var því fyrirsjáanlegt þegar í árslok 1930, að erfitt yrði að fá innflytjendur í markaðslöndunum til þess að kaupa fisk fyrirfram og á föstu verði, eins og tíðkazt hafði.

Þegar kom fram á árið 1931, kom það í ljós, að innflytjendur í Suður-Evrópu treystust ekki til, vegna áhættunnar, að kaupa á föstu verði. Þetta var eðlilegt. Þegar mikil offramleiðsla er á einhverri vörutegund, verða allir hræddir við verðfall og enginn kaupir meira en hann þarf eftir hendinni.

Endir þessa ástands varð sá, að nálega öll framleiðsla ársins 1931 var látin af hendi í umboðssölu, og þegar svo var komið, féll verðið á hinum erlendu mörkuðum, svo að meðalverð fullverkaðs stórfiskjar f.o.b. ísl. höfn varð 57/60 krónur fyrir 1. fl. fisk, og annar fiskur í sama hlutfalli, t. d. Labradorverkaður fiskur 40/44 kr., allt per skippund.

Þegar liðinn var þriðjungur ársins 1932, var sýnilegt, að mestallur saltfiskur landsmanna mundi fara til umboðssölu á ný. Útflytjendur hér voru fimm firmu, og var sýnilegt, að innflytjendur í markaðslöndunum gátu ekki treyst því, að þeir yrðu ekki undirseldir, ef þeir keyptu í fastan reikning við ákveðnu verði. Ekki gátu þeir heldur treyst því, að talsvert af fiskinum yrði ekki sent í umboðssölu.

Allir, sem þekktu til þessara mála, sáu, hver voði var fyrir dyrum og að eina ráðið til þess að gefa innflytjendum markaðslandanna nauðsynlega tryggingu gegn verðfalli og umboðssölu, var það, að hægt yrði að mynda frjáls samtök um sölu á meginhluta fiskbirgðanna og jafnframt fá hina innlendu útflytjendur, sem höfðu mestan hluta viðskiptasambandanna í markaðslöndunum, með í þau samtök.

Þetta tókst, fyrir ötulan stuðning bankanna, og S. Í. F. var stofnað í júlímán. 1932.

Það litla, sem selzt hafði af framleiðslu ársins 1932 áður en S. Í. F. var stofnað, var selt, stórfiskur á 58/62 kr. og Labradorfiskur á 50/52 kr. pr. skippund, 1. fl. vara.

Fyrsta afskipun S. Í. F. fór fram í ágústmán., og var verðið stórf. 72/75 kr. og Labrador 58/60. Seinni sölur fóru fram á hærra verði.

Enginn fiskur fór í umboðssölu og verðið hækkaði smámsaman og allt var selt í fastan reikning.

Innflytjendur í markaðslöndunum höfðu fengið þá tryggingu gegn umboðssölu og verðlækkun, sem þeir tóku gilda.

Ýmsir voru þeir meðal kaupenda ísl. fiskjar, sem töldu, að hér væri um grímuklædda einkasölu að ræða, og vildu ekki skipta við S. Í. F., og halda nokkrir þeirra því sama fram enn í dag, en langflestir hafa sannfærzt um, að S. Í. F. eru frjáls samtök framleiðenda, en ekki lögfest einkasala, og að

S. Í. F. starfar í fullkomnu samræmi við þarfir og óskir beggja aðila, fiskeigenda hér á landi og stórinnflytjenda í markaðslöndunum, en hagsmunir þessara aðila fara saman.

Verðlækkun veldur þessum innflytjendum tapi, því þeir liggja ávallt með miklar fiskbirgðir. Umboðssalan veldur þeim eins og okkur tapi vegna þess verðfalls, sem hún ávallt veldur.

Viðskiptamenn S. Í. F. í markaðslöndunum eru ánægðir með það fyrirkomulag, sem nú er á fisksölunni. Verðið hefir hækkað og þessir aðilar hafa með samstarfi tryggt verzlunina svo sem auðið er á þessum hafta- og ófrelsistímum.

Einkasala, eða einokun, hefir sýnt ókosti sína í síldarverzluninni. Máttur frjálsra samtaka hefir sýnt mátt sinn til viðreisnar, verðhækkunar og jafnréttis hinna smærri fiskeigenda á við hina stærstu, í starfi Sölusambands ísl. fiskframleiðenda.

Með þessu frumv. er stefnt að eyðileggingu S. Í. F. Fyrir því leggur minni hl. sjávarútvegsnefndar til, að frv. verði felt.

Alþingi, 12. des. 1934.

Jón Auðunn Jónsson.

## Ed. 788. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 5. gr. B. 2. Í stað orðanna „í ríkissjóð eða bæjar- og sveitarsjóði“ komi: í ríkissjóð, sýslu- og bæjarsjóði og sveitarsjóði.

## Ed. 789. Breytingartillögur

við frv. til áfengislaga og við brtt. á þskj. 770.

I. Frá *Bernh. Stefánssyni.*

1. Við brtt. 770, 1. Við liðinn bætist: Reglugerð þessi skal þó ekki taka til þeirra, er sökum stöðu sinnar verða að halda uppi risnu.
2. Við 13. gr. frv. Á eftir „sölu“ komi: áfengis.

II. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við 21. gr. frv. Aftan við gr. bætist:

Það varðar refsingu að veita mönnum þeim, sem tilgreindir eru í fyrstu málsgr., áfengi, þegar þeir eru að störfum.

III. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*

Við 23. gr. frv. Aftan við greinina bætist: og tóbaksnautnar.

IV. Frá *Þorst. Þorsteinssyni.*

Við 24. gr. frv. Greinin orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að ráða sér til aðstoðar ráðunaut í áfengismálum, ef stjórnir bindindisfélaga, er styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi, æskja þess. Gera stjórnir þessara félaga tillögu um val á ráðunautnum, enda greiðist honum ekki laun úr ríkissjóði.

**Nd.** **790. Frumvarp**

til áfengislaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

## I. KAFLI

### Almenn ákvæði.

1. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

## II. KAFLI

### Innflutningur áfengis.

2. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnist. Áfengisverzlun ríkisins annast innflutninginn. Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

3. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt heimild í 2. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsiglan og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum. En aldrei má gefa öðrum né selja af þeim forða.

Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínum, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenzkt eða erlent. Hefir hann vald til þess að opna hirzlur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

4. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins, ella skal auglýsa það eftir reglum um vogrek. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá tilkynningu að áfengið sé sent úr landi á hans kostnað eða selt Áfengisverzlun ríkisins fyrir það verð, er hún kann að bjóða, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er og ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu innan 6 mánaða frá birtingu hennar, og skal þá telja 12 mánaða frestinn frá því, að hann segir til sín.

Gefi enginn eigandi sig fram áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

5. gr.

Enginn má taka við neinskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hér við land eða í íslenzkri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

## III. KAFLI

### Tilbúningur áfengis.

6. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar.

7. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefir verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í Menningarsjóð.

## IV. KAFLI

### Sala og veitingar áfengis.

8. gr.

Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 2. gr. Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði. Álagning á vín þau, er um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, verður að vera innan þeirra takmarka, er þau lög setja.

9. gr.

Auk áfengis þess, sem um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, er Áfengisverzlun ríkisins heimilt að selja annað áfengi á núverandi útsölustöðum í kaupstöðum landsins.

Ríkisstjórninni er og heimilt að setja á stofn nýja útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kauptúnum. Áður en útsala er sett á stofn skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í því sýslu- eða bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf ⅗ hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Nú hefir verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu samkvæmt framansögðu, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að tveimur árum liðnum.

10. gr.

Heimild til að selja aftur áfengi, er keypt hefir verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsölum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja. Smáskammtalæknum, sem lækningaleyfi hafa samkvæmt lögum, er og heimilt að selja smáskammtalyf með vínanda í, enda fylgi pöntun þeirra meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og landlæknis.

   Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áfengislyfjasölu lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, og skal meðal annars ákveða, hve mikið áfengi megi á hverju ári eða um ákveðið tímabil láta af hendi til hverrar lyfjabúðar (lyfsala eða læknis). Í reglugerðinni skal greina á milli áfengislyfja, sem hæf eru til nautnar, og áfengislyfja, sem óhæf eru til nautnar. Enginn lyfsali má láta úti áfengislyf, sem hæft er til nautnar, nema eftir löglegum lyfseðli læknis. Enginn læknir má ávísa úr lyfjabúð áfengislyfi, sem hæft er til nautnar, nema hann hafi fengið til þess sérstakt leyfi ráðherra, er ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hversu miklu áfengi viðkomandi

læknir megi ávísa á ári, eða um ákveðið tímabil, og á hvern hátt. Landlæknir lætur lækni, sem sérstakt leyfi hefir fengið til áfengislyfjaávísana, í té hæfilega mörg eyðublöð undir slíkar ávísanir.

2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.
3. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, svo og um vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annara verklegra nota.

11. gr.

Dómsmálaráðherra hefir heimild til að leyfa einu veitingahúsi í Reykjavík veitingaleyfi á áfengum drykkjum, sem til landsins er heimilt að flytja.

Í veitingaleyfi eða reglugerð skal ákveða skilyrði fyrir veitingasölunni, þar á meðal um veitingatíma.

12. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni:

a. að áfengissölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni næsta virkan dag,
b. að lögreglustjórum skuli heimilt að loka útsölu eða veitingastað fyrirvaralaust um einn eða fleiri daga, þegar þeim virðist ástæða til,
c. að sölulaun áfengis í útsölum og veitingastað megi aldrei fara fram úr ákveðnu hundraðsgjaldi, mismunandi fyrir útsölur og veitingastað.
d. að áfengisverzlun ríkisins og útsölustöðum hennar skuli óheimilt að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.

Heimilt er að ákveða í reglugerð hámark þess áfengis, sem áfengisverzlun og útsölur hennar mega afhenda einstaklingum (mánaðarskammt, ársskammt), svo og setja nánari reglur um meðferð áfengis.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

## V. KAFLI

### Meðferð áfengis í landinu.

13. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs. Einnig er bannað að selja þeim manni áfengi, er sekur hefir gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

14. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist ólöglegt áfengi í vörzlum manns, skal honum skylt að færa

sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 27. gr., ef ætla má að áfengið sé innflutt, en ella eftir 30. gr.

15. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 9. og 10. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

16. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 36. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

Menn með lögregluvaldi, þar á meðal lögregluþjónar, hreppstjórar eða sérstakir löggæzlumenn, hafa vald til að hefja lögregluranns6kn, hver í sínu umdæmi, gegn þeim, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Þeir hafa og vald til þess að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv., og stöðva þau á meðan á rannsókn stendur. Skyldir eru þeir að senda viðkomandi dómara þegar í stað skýrslu um rannsóknina og staðfest eftirrit af prófum, ef fram hafa farið, en dómarinn tekur málið til frekari meðferðar.

17. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 10. og 11. gr.

Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annara, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

## VI. KAFLI

## Ölvun.

18. gr.

Hver sá, sem sökum áberandi ölvunar veldur óspektum eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum hér við land, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar frávikningu úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sé um lækni að ræða, missir hann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur

þá missir læknisleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

20. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar.

21. gr.

Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátaformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar, varðar það að jafnaði missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í farartækinu, ef þeir eru sjálfir í því og áttu að annast starfið, en hafa vanrækt það sökum ölvunar og verulegt slys hlotizt af því.

Það varðar refsingu að veita mönnum þeim, sem tilgreindir eru í fyrstu málsgr., áfengi, þegar þeir eru að störfum.

22. gr.

Leiki vafi á, hvort sakborningur samkv. þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal bæði dómara og sakborning heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn, sem læknir eða annar kunnáttumaður framkvæmir.

## VII. KAFLI

## Áfengisvarnir.

23. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um fræðslu í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, um skaðleg áhrif áfengisnautnar.

24. gr.

Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar ráðunaut í áfengismálum. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.

25. gr.

Áfengisvarnarnefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, 7 manna í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík, þar sem nefndin skal skipuð 9 mönnum. Ráðherra skipar formenn nefndanna, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnum, með hlutfallskosningu. Kjörtími nefndarmanna er 4 ár í senn. Nefndarstarfið er ólaunað, en borgaraleg skylda að taka við kosningu yfir eitt kjörtímabil.

Verksvið nefndarinnar skal ákveðið með reglugerð, sem ráðherra gefur út að fengnum tillögum áfengismálaráðunautar.

26. gr.

Ríkisstjórnin skal láta auglýsa, á skipum, sem annast farþegaflutning með ströndum landsins, á veitingahúsum, pósthúsum og símastöðvum og öðrum þeim stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum.

## VIII. KAFLI

**Refsiákvæði.**

27. gr.

Fyrir brot gegn 2. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

| | |
|---|---|
| Fyrsta sinni | kr. 1000— 5000 |
| Öðru sinni | — 2000—10000 |
| Þriðja sinni | — 4000—20000 |

Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má ennfremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggja.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal skipið gert upptækt með dómi handa ríkissjóði.

Brot gegn 2. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 100—3000 krónum. Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

28. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 2. gr., skal hann sekur um 500—5000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 27. gr. 1., þriðju málsgr.

Áfengi það skal gert upptækt, sem skotið var undan innsiglan eða vanrækt að skýra frá.

29. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 5. gr. varða refsingu samkvæmt 27. gr.

30. gr.

Brot gegn 6. gr. varða sektum, 500—5000 kr., og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, ef áfengið hefir verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er ítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

31. gr.

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 200—2000 kr. Ítrekað brot varðar sektum 400—5000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margítrekað, eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengisseðla. Lágmark leyfissviptingarinnar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 33. gr. 2. málsgr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

32. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefir til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 33. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 34. gr.

33. gr.

Brot gegn ákvæðum 15. gr. varða sektum, 200—2000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 400—5000 krónum.

Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi allt að 3 mánuðum.

34. gr.

Verði maður, sem leyfi hefir til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 15. gr., varðar það refsingu samkvæmt 33. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinn ekki skemur en einn mánuð, í annað sinn ekki skemur en 3 mánuði og í þriðja sinn að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæta sektum, 50—1000 krónum.

35. gr.

Brot gegn ákvæðum 13. gr. varða sektum frá 25—500 krónum.

36. gr.

Brot gegn 16. gr. varða sektum 50—2000 kr. og ítrekað brot 100—4000 kr.

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

37. gr.

Brjóti nokkur ákvæði 17. gr. 1. málsgr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 50—1000 kr. sekt og neytanda 25—500 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 17. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 50—2000 kr. sektum.

38. gr.

Brot gegn 18. gr. varða sektum frá 25—500 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

39. gr.

Brot gegn 19.—21. gr. varða sektum: Fyrsta sinn 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Auk sektanna kemur stöðu- og réttindamissir, svo sem í þeim greinum segir.

40. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 2., 5. gr. 1. málsgr. eða 6. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til þess að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum 50—4000 kr.

## IX. KAFLI

### Ýms ákvæði.

41. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

42. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

43. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

44. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

45. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 19. maí 1930, og öll þau lagaákvæði, er koma í bág við þessi lög.

46. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1935.

## Ed. 791. Frumvarp

til laga um tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins.

Flm.: Þorsteinn Briem.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir æðstu stjórn allrar tilrauna- og rannsóknarstarfsemi í jarðrækt og búfjárrækt, sem sérstakur styrkur er veittur til úr ríkissjóði samkvæmt lögum þessum, en Búnaðarfélagi Íslands skal falin umsjón með framkvæmd starfseminnar.

2. gr.

Stofna skal og starfrækja 4 tilraunastöðvar í jarðrækt, eina í hverjum landsfjórðungi, og kallast fjórðungsstöðvar. Auk þess skal gera jarðræktartilraunir utan fjórðungsstöðvanna, í samráði við búnaðarsamböndin, eftir því sem við verður komið og tilraunaráð og Búnaðarfélag Íslands telur nauðsynlegt.

3. gr.

Ríkissjóður leggur fram stofnfé, til þess að koma á fót fjórðungsstöðvum þeim, sem um ræðir í 2. gr., svo og árlegt rekstrarfé til þeirra og annara tilrauna, er þar getur.

4. gr.

Tilraunir í búfjárrækt skal reka á kostnað ríkissjóðs á búum bændaskólanna. Einnig skal gera tilraunir í búfjárrækt utan skólanna, í samráði við búnaðarsamböndin, eftir því sem við verður komið og tilraunaráð og Búnaðarfélag Íslands telja nauðsynlegt.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands ræður forstöðumenn fjórðungsstöðva í jarðrækt.

Búfjárræktartilraununum á bændaskólunum stýra kennararnir í búfjárrækt. Þó má Búnaðarfélag Íslands ráða til þess aðra menn í samráði við tilraunaráð og skólastjóra.

Búnaðarfélag Íslands semur við þessa menn um launakjör og gefur þeim erindisbréf.

6. gr.

Framkvæmd tilraunastarfseminnar skal vera í höndum tilraunaráðs.

Tilraunaráð skipa forstöðumenn fjórðungsstöðva í jarðrækt, forstöðumenn búfjárræktartilrauna á bændaskólunum, forstöðumaður rannsóknarstofu í þarfir atvinnuveganna og forstöðumaður efnarannsóknarstofu ríkisins, en formann ráðsins skipar Búnaðarfélag Íslands og semur um laun hans.

Ef skipaður verður sérstakur kennari í búvísindum við háskólann, tekur hann sæti í tilraunaráði í stað forstöðumanns efnarannsóknarstofu ríkisins.

Ákveða má í reglugerð, að ráðið starfi í tveim deildum, jarðræktardeild og búfjárræktardeild, þegar betur þykir henta. Hafa þá forstöðumenn tilrauna-

stöðvanna atkvæðisrétt aðeins um þau efni, er taka til starfs þeirra, en sé um að ræða sameiginleg verkefni, eða samvinnu í jarðræktar- og búfjárræktartilraununum, skulu báðar deildir hafa um þau mál sameiginlegan fund og atkvæðagreiðslu.

Kveðja skal tilraunaráð ráðunauta Búnaðarfélags Íslands til fundar og ráðuneytis, eftir því sem málefni standa til, og ætíð er þeim heimill aðgangur að fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Að fengnum tillögum tilraunaráðs gerir Búnaðarfélag Íslands árlega fjárhagsáætlun tilraunastarfseminnar og sendir hana atvinnumálaráðuneytinu til staðfestingar.

8. gr.

Forstöðumenn tilraunastöðvanna skulu árlega senda formanni tilraunaráðs skýrslur um árangur tilraunanna, og sér hann um útgáfu þeirra. Hann skal og annast um birtingu þeirra leiðbeininga handa bændum, sem árangur tilraunanna gefur tilefni til á hverjum tíma.

9. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal, með reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir, setja nánari ákvæði um framkvæmd og tilhögun tilrauna þeirra, er um ræðir í lögum þessum.

Í reglugerð má ákveða laun forstöðumanna tilraunanna og formanns tilraunaráðs.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Bændur verja nú árlega af eigin fé fullum 3 milljónum króna til ræktunar á jörðum sínum. Þessar umbætur eru fyrst og fremst að þakka áhrifum frá Búnaðarfélagi Íslands, búnaðarsamböndunum og hreppabúnaðarfélögunum, ásamt jarðræktarlögunum. Bændum er orðið það ljóst, að búskapurinn verður að byggjast á ræktuðu landi, ef eigi á að vera vonlaust um afkomu hans. Varðar því miklu, að framkvæmd þessara miklu jarðabóta sé hagað eftir því, sem tilraunir sýna, að arðvænlegast er á hverjum stað og tíma.

Fóðuröflun handa búpeningi landsmanna kostar árlega milljónir króna, en um mörg atriði viðvíkjandi öflun heyjanna, varðveizlu þeirra og hagnýtingu skortir enn fullkomna þekkingu.

Bústofn landsmanna gefur ekki nándar nærri þann arð, sem vænta mætti, ef fóðrun og kynbætur væru komnar í fullt lag.

Loks er þess brýn þörf, að ruddar séu nýjar leiðir til meiri fjölbreytni í framleiðslunni.

Á öllum þessum sviðum verða framkvæmdirnar að byggjast á þekkingu,

sem ekki er auðið að afla á annan veg en með innlendum tilraunum og rannsóknum. Jafnvel meðan sveitabúskapur stóð enn á margra alda gömlu frumstigi hafa hagsýnir bændur að vísu gert ýmiskonar tilraunir í búskap sínum, er komu þeim að haldi, þrátt fyrir margvísleg mistök, er stundum hafa kostað ærið fé. Svo er bæði um ýmsar tilraunir í jarðrækt og eigi síður í kynbótum og meðferð búfjárins.

Þessar tilraunir einstakra bænda eru mikillar virðingar verðar og sýna, að þeim er augljós þörfin. En slíkar skipulagslausar tilraunir einstaklinganna verða bæði of seinvirkar og of dýrar, enda eru þær sjaldnast gerðar af svo fullkominni þekkingu sem skyldi.

Er því brýn þörf tilraunastöðva, undir stjórn færustu manna, til að hafa með höndum stöðugar tilraunir og rannsóknir í þessum efnum.

Meðal allra landbúnaðarþjóða hefir fyrir löngu hafizt starfsemi í þessa átt, enda haga bændur þar búnaðarframkvæmdunum eftir því, sem rannsókna- og tilraunastofnanir hafa sýnt, að er hagfelldast.

Hér á landi hefir Búnaðarfélag Íslands og Ræktunarfélag Norðurlands, með styrk Búnaðarfélagsins, haft forgöngu tilraunastarfseminnar í þarfir landbúnaðarins, og unnið þar mikið og merkilegt starf, og vísast um það efni til fskj. I. En til þessa hefir ekki verið tekið fullt tillit í fjárframlögum til Búnaðarfélags Íslands, og hefir það því eigi haft aðstöðu til að koma því skipulagi á tilraunirnar, sem hér er ætlazt til, enda ná þær tilraunir, sem unnt hefir verið að leysa af hendi, ekki nándar nærri til allra þeirra verkefna, sem bíða úrlausnar, sbr. fskj. II.

Er það ljóst, að tilraunastarfsemi þessari er ekki að fullu borgið, meðan Búnaðarfélagið á undir högg að sækja um fjárframlög til hennar. Og er því full nauðsyn löggjafar um þetta nauðsynjamál landbúnaðarins. Fyrir því er þetta frumvarp fram borið, er miðar að því að koma föstu skipulagi á starfsemi þessa, er svo mjög skiptir þann atvinnuveg þjóðarinnar, er öllum atvinnuvegum fremur verður að styðjast við innlendar rannsóknir og reynslu.

Við undirbúning frv. þessa hefir búnaðarmálastjóri Metúsalem Stefánsson veitt mikilsverðan stuðning, samkvæmt beiðni flutningsmanns, og er ritgerð hans um þetta efni birt sem fskj. I.

Um einstakar greinar frv. skal tekið fram:

### Um 1. gr.

Það virðist eðlilegast, að umsjón þessara mála sé falin Búnaðarfélagi Íslands, á sama hátt og umsjón jarðræktar- og búfjárræktarlaganna. Er hér átt við tilrauna- og rannsóknastarfsemi á öllum hinum praktisku sviðum, en ekki þau verkefni, sem rannsóknastofa háskólans og atvinnuveganna fæst við, en gert er ráð fyrir náinni samvinnu milli rannsóknarstofunnar og þeirra stofnana, er frv. ræðir um.

### Um 2. gr.

Rétt þykir, að stöðvunum sé valinn staður einni í hverjum landsfjórðungi, bæði vegna þess, að tillit þarf að taka til mismunar veðráttufars og jarð-

vegsskilyrða, og af því að ætlazt er til, að stöðvarnar geti jafnframt verið einskonar fyrirmyndarbú í fjórðungi hverjum.

Um 3. gr.

Þótt Búnaðarfélagi Íslands sé falin yfirumsjón tilraunastarfseminnar, þá er hér um svo sjálfstæða starfsemi að ræða, að rétt virðist, að fjárframlög til hennar veitist beint úr ríkissjóði.

Um 4. gr.

Ríkið á allan bústofn á öðrum bændaskólanum, Hólum, og nokkurn á hinum. Það er því eðlilegast og ódýrast að gera tilraunir í búpeningsrækt á skólabúunum. Hinsvegar er nauðsynlegt að styrkja jafnframt búfjárræktartilraunir á öðrum stöðum, einkum í sauðfjárrækt, vegna ólíkra skilyrða um veðráttufar og landgæði í sveitum landsins.

Um 5. og 6. gr.

Með því fyrirkomulagi á yfirstjórninni, sem 5. og 6. gr. gerir ráð fyrir, er reynt að tryggja það, að framkvæmdum í þessum málum verði stjórnað af þekkingu. Starfsmenn Búnaðarfélags Íslands vita manna bezt, hver tilraunaverkefni eru mest aðkallandi í hvert sinn. Forstöðumenn tilraunastöðvanna hafa bezta aðstöðu til þess að gera starfsáætlun um framkvæmdir tilraunanna, ákveða hvaða tilraunir skuli gerðar á hverjum stað og hvernig þeim skuli hagað. Þátttaka forstöðumanna rannsóknastofanna í tilraunaráði á að tryggja sem bezta samvinnu við þær stofnanir og að tilraunastarfsemin fari fram á fullkomlega vísindalegum grundvelli.

Rétt þykir að tryggja sem nánasta samvinnu tilraunastöðvanna við kennara háskólans í búvísindum, ef kennaraembætti verður stofnað í þeirri grein.

7.—10. gr.

þurfa ekki skýringa.

**Fylgiskjal I.**

Það gildir um atvinnurekstur bóndans eins og aðrar verklegar athafnir manna, að reynslan er þar bezti kennarinn og traustasti grundvöllurinn til þess að vel farnist. Þar sem eða þegar atvinnurekstur bóndans er fábrotinn og sífellt er troðin sama slóðin kynslóð eftir kynslóð og öld eftir öld, eins og segja má með miklum rétti, að verið hafi hér á landi, kann mönnum að virðast svo, að reynslan komi af sjálfu sér og ekki þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til að leita hennar. Sannleikurinn er þó sá, að jafnvel þar, sem svona er ástatt, er þess þörf að leita reynslunnar sérstaklega, þótt þörfin sé vitanlega brýnni þar, sem landbúnaðurinn er fjölbreytilegur, bæði í jarðrækt og búfjárrækt og leitað er nýrra aðferða í þeim atvinnurekstri, því að það, sem almenningur kallar reynslu og bændur telja „sína reynslu“, er ekki fengið á þann hátt og hvílir ekki á þeim grundvelli, er fullkomlega má treysta á. Og hitt liggur í augum

uppi, að um enga reynslu getur verið að ræða í byrjun, þegar teknar eru upp nýjar aðferðir í búskapnum. Einnig mun það orðið ljóst öllum hugsandi mönnum, að búskapur verður ekki rekinn hér á landi með góðum árangri í framtíðinni með því að troða stöðugt gamlar slóðir.

Reynslan er traustasti grundvöllur allrar þekkingar, og ekki á það sízt við, þegar um verklega hluti er að ræða, eins og t. d. atvinnurekstur. Reynslunnar má afla sér með ýmsu móti, en óbrigðulast er að afla hennar með tilraunum, sem gerðar eru eftir ákveðnum reglum og aðferðum, sem sniðnar eru eftir þeim viðfangsefnum, sem úrlausnar er leitað á í það og það skiptið. Þetta er nú orðið svo almennt viðurkennt, að ekki ætti að þurfa að eyða að því mörgum orðum, enda skal það ekki gert hér.

Það er nú liðið hátt upp í öld síðan öðrum þjóðum varð þetta ljóst og hófu þá tilraunir og rannsóknir í búvísindum. Síðan hafa þær sífellt aukizt og þroskazt og fengið ákveðnara form og strangari reglur, og þeim má að miklu leyti þakka það, hve miklum og góðum breytingum, umbótum og framförum landbúnaðurinn hefir tekið á þessu tímabili, svo að segja um heim allan, þar sem nokkur veruleg verkleg menning er.

Hér á landi hófst tilraunastarfsemin í þágu landbúnaðarins um og upp úr síðustu aldamótum, og síðan hafa orðið hér meiri breytingar á búskaparháttum á ýmsan hátt og meiri landbúnaðarframfarir en áður urðu öldum saman. Vitanlega er þetta ekki eingöngu tilraunastarfseminni að þakka, en hinu verður ekki neitað, að hún á nokkurn þátt í framförunum, sem orðið hafa á þessu tímabili, og meiri en menn almennt gera sér grein fyrir. Tilraunir þær, sem hér hafa verið gerðar, hafa þó meðal annars sýnt, að hér má nota tilbúinn áburð með góðum árangri, bæði í túnrækt og garðrækt, að hér má koma upp góðum túnum með því að sá útlendu grasfræi í óræktaða jörð, að hafrar geta gefið hér ágæta eftirtekju af grænfóðri, að fóðurrófur geta gefið hér ágæta uppskeru, að fullþroskað fræ má fá af innlendum og útlendum grastegundum hér á landi. Hefðu ekki tilraunir verið búnar að sýna þetta, mundi nýræktin vera nærri óþekkt hér enn og ólíkt erfiðari aðstaða þeirra, sem leiðbeiningar eiga að gefa um hana. Tilraunirnar hafa sýnt, að túnin hafa liðið og líða af áburðarskorti, og tilraunir síðustu ára gefa miklar vonir um, að enn megi rækta korn hér á landi.

Hér eru aðeins nefnd nokkur dæmi um árangur tilraunanna fyrir almenna jarðrækt, og telja mætti ýms önnur, bæði á því sviði og á sviði garðræktar.

Búnaðarfélag Íslands hefir beint eða óbeint staðið straum af allri þeirri tilraunastarfsemi, sem hér hefir verið rekin allt til þessa í jarðrækt, garðrækt og búfjárrækt. Búnaðarfélag Íslands setti á stofn gróðrarstöð í Reykjavík 1899 og rak hana þar til ársloka 1932, en þá varð að leggja hana niður vegna skipulags bæjarins. Tilraunastarfsemi félagsins lagðist þó ekki niður fyrir þessu, því að um sömu mundir flutti það garðræktartilraunir sínar að Laugarvatni í Laugardal, og 1927 stofnaði félagið tilraunastöð á Sámsstöðum í Fljótshlíð, og hefir rekið hana síðan og með stórum vaxandi viðfangsefnum ár frá ári. Upphaflega var sú stöð stofnuð til grasfræræktar; hingað til hefir þó verið lögð mest áherzla á kornræktartilraunir — og það eru þær, sem gefa vonir um fram-

tíðarkornrækt hér á landi —, og nú síðustu árin hafa verið tekin upp ný viðfangsefni, þegar gróðrarstöðin í Reykjavík lagðist niður. Félagið hefir keypt jörðina Mið-Sámsstaði og reist þar vandað íbúðarhús og góðar kornhlöður. Með því að kaupa líka Austur-Sámsstaði fyrir stöðina eru þarna fengin skilyrði fyrir rekstri fjórðungs-tilraunastöðvar.

Ræktunarfélag Norðurlands kom upp tilraunastöð þegar er það var stofnað, 1903, og hefir rekið hana síðan með tilstyrk Búnaðarfélagsins, þótt mikill afturkippur kæmist í tilraunastarfsemina þar eins og annarsstaðar á stríðsárunum. Síðan laust eftir 1920 hefir tilraunastarfsemin farið þar sívaxandi, stöðin hefir bætt við sig landi — hefir nú milli 20 og 30 ha. lands —, komið sér upp kúabúi og byggt áburðarhús, með sérstöku tilliti til þess, að geta gert ýtarlegar tilraunir með geymslu búfjáráburðar, í sambandi við áburðartilraunir. Þessi stöð hefir nú 13000 kr. styrk frá Búnaðarfélagi Íslands til árlegrar starfsemi og félagið lagði 4000 krónur til áburðarhússins og annara bygginga. Má því líta svo á, að þarna sé að miklu leyti tilbúin fjórðungsstöð fyrir Norðurland.

Búnaðarsamband Austurlands kom upp tilraunastöð á Eiðum 1905, og er hún enn starfandi, en tilraunastarfsemin er þar miklu minni en fyrir sunnan og norðan, enda minna styrkt af Búnaðarfélaginu. Nú er styrkur þess til Búnaðarsambands Austurlands 8000 krónur, og mun láta nærri, að helmingur styrksins gangi til tilraunastarfseminnar. Land stöðvarinnar er um 5 ha., og getur komið til álita, hvort þar megi bæta við landi, er fullnægt geti fjórðungsstöð austanlands, eða hvort betur þykir henta að velja henni annan stað á Austurlandi.

Búnaðarsamband Vestfjarða kom upp gróðrarstöð á Ísafirði 1908 og rak þar tilraunastarfsemi — og þó í smáum stíl — til 1919, þá lögðust tilraunirnar niður og landið var selt. Er því enginn vísir til fjórðungsstöðvar á Vesturlandi, og Búnaðarfélag Íslands leggur nú ekkert til tilraunastarfsemi þar.

Stefna Búnaðarfélagsins um jarðræktartilraunir er þó sú, að koma upp og reka 4 myndarlegar tilraunastöðvar, sína í hverjum landsfjórðungi, og það má líta svo á, að nú þegar séu tvær slíkar stöðvar til, eða góðar undirstöður til að reisa þær á, og er starfsemi félagsins á þessu sviði fullrar viðurkenningar verð, og sennilega geta flestir orðið sammála um, að stefna þess sé rétt.

Hinsvegar er það augljóst, að það er áhættusamt fyrir félagið að ráðast í að koma upp og taka á sig að standa straum af 4 fullkomnum tilraunastöðvum í jarðrækt, auk garðræktartilrauna og dreifðra tilrauna, nema tilraunastarfsemi í þessum sniðum sé alveg ótvírætt viðurkennd af þingi og stjórn — enda þótt það skuli játað, að þessi stjórnarvöld hafa hingað til sýnt félaginu og starfsemi þess skilning og velvild —, því að slíkri tilraunastarfsemi verður ekki komið á laggirnar né hún rekin, nema með töluverðum fjárframlögum. Og til þess að tryggja þau fjárframlög í framtíðinni, og þar með nauðsynlega festu og öryggi í starfinu, getur tæplega verið um aðra leið og ræða en að setja sérstök lög um tilraunastarfsemina, er tryggi henni hæfilegt starfsfé úr ríkissjóði, hvað sem líður fjárveitingum til Búnaðarfélags Íslands að öðru leyti. Ef miðað er við tvö síðustu árin, þá eru það nálega 30000 kr., sem Búnaðarfélagið leggur nú árs árlega til jarðræktartilrauna, og það mun halda þeirri stefnu, sem áður er nefnd,

að koma upp 4 tilraunastöðvum í landinu til jarðræktartilrauna og knýja á fjárveitingavaldið um nauðsynlegar fjárveitingar til þess, og þá er í alla staði eðlilegt og, eins og áður er sagt, tryggilegra til frambúðar, að um þetta séu sett sérstök lög. Vitanlega fæst nokkuð af þessum kostnaði aftur í afurðum tilraunanna, og má sennilega gera ráð fyrir, að þær nemi ⅓—⅔ móts við gjöldin. Og sé búfjárrækt rekin í sambandi við jarðræktartilraunirnar, eins og sjálfsagt og nauðsynlegt er á tilraunastöðvum í sveit, getur tilraunastarfseminni verið stuðningur að því, fjárhagsútkoman orðið betri, og tilraunirnir þó fjölbreyttari.

Þótt gera megi tilraunir í búfjárrækt — einkum um kynbætur — í sambandi við jarðræktartilraunir, þá mun þó hentugra og vænlegra til fjölbreytni og góðs árangurs að hafa fyrir þær sérstakar tilraunastöðvar, og virðist þá liggja beinast við að vista þær á búum ríkisins á bændaskólunum, enda var það eitt meðal annars, sem haft var í huga, þegar bændaskólalögunum var breytt 1930 og gert ráð fyrir því, að þau mætti reka fyrir reikning ríkissjóðs, að þá væri opinn vegur til þess að taka þau í þjónustu kennslunnar á skólunum og tilraunastarfseminnar meira en áður, bæði til jarðræktartilrauna og búfjárræktartilrauna. Þótt annað búið sé enn selt á leigu, þá er aðeins tímaspursmál, hvenær breyting getur orðið á því, og ekkert því til fyrirstöðu, að ákveða megi í lögum, að bústofn skólabúsins skuli taka í þjónustu tilraunastarfseminnar í búfjárrækt að einhverju leyti, þegar búið losnar úr leigu. Og einmitt á þessu búi hefir Búnaðarfélag Íslands haft aðalathvarf fyrir þær fóðurtilraunir, sem það hefir látið gera fyrr og síðar, bæði með sauðfé og kýr. Þeim fáu tilraunum, sem hér er um að ræða, hefir félagið gengizt fyrir og lagt fé til svo að segja undantekningarlaust. Fyrstu tilraunirnar voru gerðar 1912, og síðan var haldið áfram, slitrótt þó, fram undir 1920, en það ár réði félagið Þóri Guðmundsson kennara á Hvanneyri til þess að hafa með höndum fóðurtilraunir, og síðan hafa þær verið gerðar á hverjum vetri á kostnað Búnaðarfélagsins.

Það yrði of langt mál, og á ekki við í þessu sambandi, að telja upp öll þau fjölmörgu verkefni, sem fyrir liggja til úrlausnar, bæði í jarðrækt (að meðtalinni garðrækt) og í búfjárrækt, og enginn spámaður getur sagt fyrir um öll þau verkefni, sem framtíðin ber í skauti sínu, en það má þó fullyrða, að verkefnin eru og verða ótæmandi. Þótt einhverju viðfangsefni hafi verið gerð rækileg skil, þá eru það þó oft og einatt aðeins stundarskil, og svo koma sífellt ný og ný viðfangsefni til sögunnar, sem krefjast úrlausnar hjá hverri þjóð, sem fylgjast vill með tímanum og hagnýta sér sem bezt það, sem hver líðandi tími hefir að bjóða. En rétt þykir að benda á, að öllum landbúnaðartilraunum má skipta í 3 flokka, eftir því hversu víðtækt gildi þær hafa eða að hve miklu leyti þær eru bundnar við vissa staðhætti og háðar þeim.

Í fyrsta flokki má, frá þessu sjónarmiði, telja þær tilraunir, sem hafa fullt gildi hvarvetna, eða því sem næst, hvar sem þær eru gerðar. Til þessa flokks má t. d. nefna rannsóknir og tilraunir með eðlisbundnar næringarþarfir jurta og dýra, rannsóknir á heyverkunaraðferðum að vissu leyti, og margt fleira. Rannsóknir og tilraunir, sem hér til heyra, eiga einkum heima hjá vísindalegum stofnunum, eins og t. d. rannsóknarstofu atvinnuveganna og rannsóknarstofu háskólans.

Í öðrum flokki eru þær tilraunir, sem búast má við, að hafi nokkurnveginn sama gildi hvar sem er innan sama lands, landshluta eða byggðarlags. Til þeirra má t. d. nefna samanburð á fóðurgildi ýmsra fóðurefna, samanburð áburðartegunda og grasfræblandana, ræktunaraðferðir og m. fl.

Þessar tilraunir eiga heima á tilraunabúum og tilraunastöðvum og þær eru þýðingarmikill þáttur í tilraunastarfi hvers lands.

Í þriðja flokki eru þær tilraunir, sem hafa staðbundið gildi, svo sem tilraunir með áburðarþarfir ræktunarlands eða ræktaðs, framræslutilraunir að vissu leyti, tilraunir um heppilegan áburðartíma o. fl. Úrlausn þeirra viðfangsefna, sem hér til heyra, á einkum heima í dreifðum tilraunum hjá bændum, og er hér um að ræða annan aðalþátt í tilraunastarfsemi hvers lands, og einkanlega um þessar tilraunir verður hvert land að vera sjálfu sér nógt.

Þótt þessi flokkaskipting tilraunanna sé einkum miðuð við jarðræktartilraunir, þá má þó að miklu leyti heimfæra hana til tilrauna á sviði búfjárræktarinnar, en yfirleitt hafa þó þær tilraunir viðtækara gildi -- eru ekki eins staðbundnar —, enda mun það hvarvetna vera svo, að tilraunastöðvar séu miklu fleiri — og einkanlega meira um dreifðar tilraunir — fyrir jarðrækt en búfjárrækt.

Nú er land okkar viðáttumikið og margbreytilegt að náttúrufari og búskaparskilyrðum. Fyrir því verða margar tilraunir hér ærið staðbundnar bæði í jarðrækt og búfjárrækt, og það gerir tilraunastarfsemina erfiðari hér en víða annarsstaðar. Þess vegna þarf hér að hafa bæði fastar tilraunastöðvar og dreifðar tilraunir.

Með atvinnudeild við háskólann, sem tekur til sín efnarannsóknarstofu ríkisins og rannsóknarstofu í þarfir atvinnuveganna, og með löggjöf, sem ákveður 4 fastar tilraunastöðvar í jarðrækt og 2 í búfjárrækt, hvorttveggja með tilheyrandi dreifðum tilraunum, væri fengið það ytra skipulag, sem nauðsynlegt er til þess að leysa þau vandamál landbúnaðarins á þessu sviði, sem krefjast úrlausnar með tilraunum í nútíð og framtíð, og framtíð tilraunastarfseminnar tryggð á þann bezta hátt, sem nú er hægt að ætlast til af hálfu löggjafarvaldsins. En framkvæmdarvaldsins er að blása lifandi anda í „skipulagið".

Reykjavík, 14. nóvember 1934.

M. Stefánsson.

**Fylgiskjal II.**

Búnaðarfélag Íslands skipaði hinn 22. okt. 1927 nefnd til að gera tillögur um skipulag tilraunastarfseminnar. Skilaði hún áliti sínu hinn 5. jan. 1929. Hér birtist útdráttur úr yfirliti því, sem nefndin gerði yfir helztu verkefni, sem að þarf að vinna:

**„A. JARÐRÆKT.**

**I. Túnrækt.**

1. **Framræsla.** T. d.: a) opnir skurðir eða lokaðir, b) dýpt skurða, c) millibil milli skurða, d) vatnsstöðumælingar í jarðvegi og afrennslismælingar, e)

gerð lokræsa, f) hvaða þýðingu það hefir að ræsa landið fleiri eða færri árum áður en það er brotið, g) hitabreytingar jarðvegsins við framræslu, h) gróðurfarsbreytingar.

2. **Ræktunaraðferðir.** T. d.: a) grænfóður- og fóðurrófnarækt eitt eða fleiri ár áður en grasfræi er sáð, b) sjálfgræðsla eða grasfræsáning, c) skjólsáð eða ekki.
3. **Jarðvinnsla.** T. d.: a) plæging og herfing, eða herfing eingöngu, b) djúp eða grunn jarðvinnsla, c) jarðvinnsla haust eða vor, d) völtun sáðsléttna.
4. **Verkfæratilraunir.** T. d.: a) samanburður á mismunandi tegundum af herfum, plógum, völturum, b) samanburður á dráttarvélavinnu og hestavinnu með margskonar verkfærum, e) tilraunir með vatnsdælur og vindmyllur til áveitu.
5. **Áburður.** T. d.: a) hirðing og geymsla, b) samanburður á tegundum búfjáráburðar, c) samanburður á búfjáráburði og tilbúnum áburði, d) áburðarþörf jarðvegsins, e) foraráburður, f) kalkáburður, g) hvenær á að bera á, h) áburðarvinnsla.
6. **Grasfræ.** T. d.: a) hvaða tegundir eiga að vera í grasfræblöndunum og í hvaða hlutföllum, b) útlent eða innlent grasfræ, c) hvaðan grasfræið reynist bezt erlendis frá, d) sáðtími, e) sáðmagn, f) hvernig á að fella fræið niður, g) smitun belgjurtafræja, svo sem smára og flækju með köfnunarefnissafnandi gerlum.
7. **Grænfóður.** T. d.: a) hafrar og ertur í hreinrækt eða blandað, b) sáðmagn, c) sáðtími, d) luzernur.
8. **Fóðurrófur.** T. d.: a) mismunandi tegundir, b) samanburður þeirra við hafra og ertur, c) ræktunarhættir ýmiskonar.
9. **Viðhald á sáðsléttum og túnum.** T. d.: a) völtun, b) eyðing mosa eða varnir gegn honum, c) beit túna.
10. **Girðingar.** Efni og gerð.
11. **Jurtakynbætur og fræræktt.** T. d.: a) mynda íslenzka stofna af túnjurtum, b) samanburður á þeim og beztu stofnum erlendum, c) skilyrði fyrir frærækt af einstökum jurtategundum, svo sem jarðvegur, áburður o. fl.

## II. Engjarækt.

1. **Framræsla.** Sjá undir túnrækt lið 1. a, b, c, d, g, h.
2. **Áveitur.** T. d.: a) haust-, vetrar- eða voráveita, b) straumveita eða flóðveita, c) vatnsmagn, d) vatnsdýpt, e) hitamælingar jarðvegs, f) gróðurfarsbreytingar, g) áveitur á mýrlendi og valllendi.
3. **Engjasléttun — verkfæratilraunir.** T. d.: a) með þúfnaskera eða plóg, b) með ýmsum tegundum herfa, c) með völtun.
4. **Áburðarnotkun.** T. d.: a) mismunandi tegundir tilbúins áburðar með eða án áveitu, b) áburðarmagn.

## III. Heyskapur.

1. **Heyverkun.** T. d.: a) heyþurrkun á venjulegan hátt og með vélum, b) votheysgerð. Í sambandi við það efnagreiningar og fóðrunartilraunir.

2. **Sláttutímatilraunir.** T. d.: a) mismunandi gæði heys, eftir því á hvaða þroskaskeiði það er slegið. Efnagreiningar og fóðrunartilraunir þar að lútandi.
3. **Verkfæratilraunir.** T. d.: a) samanburður á ýmiskonar sláttuvélum, rakstrarvélum og snúningsvélum, b) samanburður á mismunandi gerð handverkfæra.

### IV. Beitirækt.

1. **Óbrotið land.** T. d.: a) áburðarmagn, b) áburðartegundir, c) hversu stórt land þarf handa hverjum einstakling af ýmsum búfjártegundum.
2. **Brotið land.** T. d.: a) jarðvinnsluaðferðir, b) sáning eða uppgræðsla (sjá að öðru leyti undir 1.).

### V. Garðrækt.

1. **Kartöflur.** T. d.: a) mismunandi afbrigði, b) hversu djúpt skal setja og með hve löngu millibili, c) þýðing spírunar, d) áburður, sjá undir túnrækt b, c, d, e, f, g, h, — e) geymsla kartaflna, f) útsæðisval.
2. **Gulrófur.** T. d.: a) sáðtími, b) sjá undir kartöflur a, d, e, — c) sáðmagn, d) fræræktt.
3. **Aðrir garðávextir.** Margskonar tilraunir með tegundir og afbrigði (sjá að öðru leyti undir kartöflur og gulrófur).
4. **Barátta við illgresi.** T. d.: a) mismunandi verkfæri, svo sem raðhreinsarar og illgresisherfi og mismunandi vinnubrögð með þeim, b) mismunandi eiturvökvar og duft, svo sem Bordeauxvökvi o. fl.

### VI. Trjá- og runnarækt.

**Uppeldi** og ræktun ýmsra trjá- og runnategunda, sem líklegt er að geti þrifizt hér á landi.

### VII. Sandgræðsla.

1. **Hefting sandfoks.** T. d.: a) með görðum, b) með sáningu melfræs og annara frætegunda.
2. **Ræktun sanda.** T. d.: a) til sláttar, beitar eða frætekju, áburðarþörf o. fl.

## B. BÚFJÁRRÆKT.

1. **Fóðrunartilraunir.** T. d.: a) fóðurgildi innlendra fóðurtegunda, hey, kjarnfóður, rófur, sæþörungar, b) tilraunir með vothey og þurrhey, áhrif þess á heilsufar og afurðir búfjárins, c) fóðurmagn, d) beitartilraunir með sauðfé og e. t. v. hross.
2. **Kynbætur.** T. d.: a) rannsaka hvernig ýmsir eiginleikar erfast, b) hreinrækta beztu búfjárstofnana, c) blendingsrækt milli innlendra stofna eða kynja til sláturfjárbóta, og e. t. v. milli erlendra og innlendra stofna.

## C. EFNARANNSÓKNIR.

Í sambandi við þær tilraunir, sem hér að framan er getið um, þarf að gera efnarannsóknir bæði á jarðvegi og fóðurefnum.

Í jarðvegi þurfa þessar rannsóknir að ná yfir þurrefni, ösku, köfnunarefni, fosfórsýru, kalí, kalk og súr jarðvegsins (Brintionkoncentration).

Í fóðurefnum þurfa rannsóknir að ná yfir: eggjahvítu, amida, hráfeiti, kolvetni, tréni, ösku, meltanleika eggjahvítu og fjörefni.

D. GERLARANNSÓKNIR.

Rannsaka þarf gerlalíf jarðvegs, áburðar, votheys o. fl.“

## Ed. 792. Breytingartillögur

við frv. til laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Flm.: Bernh. Stefánsson, Einar Árnason.

1. Við 1. gr. 2. málsgr. Orðin „endrum og sinnum“ falli burt.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

   Félögum og einstaklingum, sem haldið hafa uppi föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum áður en lögin gengu í gildi, skal veitt sérleyfi til flutninga á sömu leiðum, enda fullnægi þau (þeir) þeim kröfum, sem gerðar verða um þessa flutninga.

## Sþ. 793. Framhaldsnefndarálit

um frumv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Þegar 2. umr. um fjárlagafrumvarpið fór fram, voru nokkur atriði látin bíða til 3. umr. Skal nú nokkur grein gerð fyrir þeim.

Meiri hl. nefndarinnar hefir nú lagt til, að teknar verði upp í frumv. hækkanir á þeim tekjustofnum, sem nú hafa verið afgreidd lög um, eða svo langt eru komin í þinginu, að þau sýnilega ná fram að ganga.

Þessar hækkanir eru af nefndinni, í samráði við fjármálaráðherra, áætlaðar sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Tekju- og eignarskattur ..... | kr. | 850 þús. |
| Tóbakstollur ..... | — | 230 — |
| Innlendar tollvörur ..... | — | 170 — |
| Samtals | kr. | 1250 þús. |

Hér við má svo bæta hækkunum á 3. gr. við víneinkasöluna og tóbakseinkasöluna, af einkasölum á hárvötnum o. fl. og eldspýtum, og er áætlað, að sú hækkun nemi 50 þús. kr. hjá hvorri, eða samtals 100 þús. krónum. Nemur þá tekjuaukningin *samtals 1 millj. og 350 þús. krónum.*

Til nýrra síma eru áætlaðar 120 þús. krónur í frv., og fer hér á eftir skipting þess fjár, í þeirri röð, sem meiri hlutinn leggur til, að lagning línanna komi til framkvæmda:

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1. | Firðtalstöðvar á Ísaf. og Austfj. | 15000 |
| 2. | Fnjóskadalslína | 20000 |
| 3. | Tálknafjarðarlína (að Suðureyri) | 6000 |
| 4. | Víknasími í Barðastrandarsýslu | 6000 |
| 5. | Breiðdalslína | 12000 |
| 6. | Ölfusá — Gaulverjabær og Þjótandi — Villingah. | 14000 |
| 7. | Kinnarstaðir — Reykhólar | 9000 |
| 8. | Kaldrananes — Eyjar | 9000 |
| 9. | Lína um Blönduhlíð og Viðvíkursveit | 9500 |
| 10. | Hvalsker — Saurbær | 6000 |
| 11. | Leirhöfn — Raufarhöfn | 19000 |
| 12. | Ekkjufell — Birnufell | 4000 |
| 13. | Breiðamýri — Grenjaðarstaður | 3500 |
| 14. | Dalatangalína | 7000 |
| 15. | Tjörneslína | 5500 |
| 16. | Silfrastaðir — Stekkjarflatir | 6500 |
| 17. | Höfn við Bakkafjörð — Skeggjastaðir | 2500 |
| 18. | Ásar — Ásólfsstaðir | 5500 |
| 19. | Fjölsími Reykjavík — Borgarnes | 25000 |
| 20. | Sandeyri — Grunnavík — Hesteyri | 25000 |
| 21. | Úr Langadal að Gautsdal í Laxárdal | 4000 |

Um einstaka liði er þess að geta, að nefndin hefir gert nokkrar breytingar á röðun einstakra síma, m. a. eftir því hve lengi einstök héruð hafa beðið eftir úrlausn í símamálum. Talstöðin á Ísafirði er nú fullger, en ekki greidd. Fnjóskadalssíminn á að norðan að enda í Garði, með stöðvum á Veisu og Draflastöðum, en að sunnan á Sörlastöðum, með stöð á Reykjum. Tálknafjarðarsíminn er nauðsynlegur vegna fyrirhugaðrar hvalstöðvar við þann fjörð. Víknasíminn í Barðastrandarsýslu er viðbót við Látrasímann, og var þessi aukalína óhjákvæmileg af því að aðallínan var lögð stytztu leið um óbyggðir. Breiðdalslínan verður meðfram væntanlegum vegi suður um Djúpavog áleiðis til Hornafjarðar. Línunni að Gaulverjabæ hefir verið lofað fyrir alllöngu, og er hún mjög nauðsynleg fyrir þéttbýlið í Flóanum austanverðum. Reykhólalínan er nauðsynleg fyrir það læknishérað, því að héraðslæknirinn á Reykhólum er eini maður í læknastétt, sem ekki hefir símasamband við umdæmi sitt. Línunni frá Kaldrananesi að Eyjum hefir oft verið lofað, en ekki efnt. Símakerfi Skagafjarðar er orðið mjög fullkomið, nema um þessa einu sveit austan Héraðsvatna, og þótti rétt að bæta úr því. Rauðisandurinn hefir verið mjög afskiptur bæði um vegi og síma, og þótti mál komið, að úr því yrði bætt. Línan milli Kópaskers og Raufarhafnar liggur um óbyggðir, var alltaf fremur af vanefnum gerð og er nú að falli komin. Tilgangurinn er að endurbyggja hana, og verður hún þá lögð eftir byggðinni með sjónum. Ef fjárhagurinn leyfir, telur nefndin æskilegt, að fleiri símar væru lagðir, og tekur þess vegna með fleiri síma, sem þarf að leggja í náinni framtíð.

Eftir beiðni samgöngumálanefnda beggja deilda hefir nefndin tekið upp tillögu um hækkun á styrk til flóabáta um 4 þús. krónur.

Til bryggjugerða og lendingarbóta eru veittar 35 þús. krónur. Vill nefndin mæla með skiptingu á því sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Til Þorlákshafnar ..... | 15 | þús. kr. |
| — Grindavíkur ..... | 5 | — — |
| — Grenivíkur ..... | 5 | — — |
| — Flateyjar á Breiðafirði ..... | 4 | — — |
| — Grímseyjar ..... | 2 | — — |

Er þá 4 þús. krónum óráðstafað af þessu fé, og mun nefndin ef til vill gera tillögur um það fé áður en gengið er frá fjárlögum.

Að öðrum breytingartillögum en þeim, sem hér er minnzt á, við 1.—13. gr., mun nánar vikið í framsögu.

Það hefir þótt fært að fella niður í eitt ár styrk til jarðvegsrannsókna, með því að sá maður, sem starfar að þeim rannsóknum, hefir ekki hús eða aðstöðu til að sinna þeim störfum sem stendur. Þá hefir rannsóknarstofan sjálf svo miklar tekjur, að hún getur staðið undir afborgunum af húsi sínu og starfrækslu, þó styrkurinn sé ekki hærri en þetta.

Nefndin leggur til, að fé það, sem veitt er til vitabygginga, verði notað til að reisa miðunarstöð í Vestmannaeyjum og radiovita eða miðunarstöð á Reykjanesi, eftir því sem ríkisstjórnin, að undangenginni framhaldsrannsókn, kann að ákveða. Þó sé 2500 kr. af þessu fé varið til innsiglingarvita við Akraneshöfn, samkvæmt fyrirmælum hafnarlaga.

Þá eru gerðar nokkrar smáleiðréttingar á styrk til iðnskólanna, eftirlaun handa skógræktarstjóra, sem nú hefir látið af starfi, endurgreiddur lífeyrir til nokkurra fyrrverandi starfsmanna landsins, og eftirlaun handa Sigurði Sigurðssyni búnaðarmálastjóra, ef hann lætur af störfum.

Um stækkunarþörf útvarpsstöðvarinnar liggja fyrir þinginu glögg rök í fylgiskjali með þingsályktunartillögu um sama efni.

Landsbankinn á mestallar lóðir á Eyrarbakka og Stokkseyri og mikil og góð ræktarlönd ofan við þessi kauptún. Bankinn vill gjarnan selja þessar eignir, en hlutaðeigandi hreppsfélög hafa ekki ástæður til að kaupa þær, og ef ríkið kaupir þær ekki, verða stykki úr þessum eignum seld einstökum mönnum. Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefir ritað Alþingi beiðni um, að landið kaupi Stokkseyrareignina, og ætlast til, að þeim 1000 ha. af ræktarlandi, sem fylgja með í kaupunum, verði skipt milli Stokkseyrarbúa með erfðafesturéttindum. Nefndinni er kunnugt um, hve mikla þýðingu það hefir haft fyrir Akranes, er landi prestssetursins var skipt á þennan hátt milli sjómannanna þar, og hve stórlega ræktunarmálum Akraness hefir farið fram síðan þau landkaup voru gerð. Nefndin ætlast til, að ef samningar ganga fram um kaup á þessum eignum, þá verði lögð öll stund á, að þessi tvö kauptún geti í framtíðinni stuðzt jöfnum höndum við útgerð og landbúnað.

Alþingi, 13. des. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Jónas Jónsson, | Jónas Guðmundsson, | Sigurður Einarsson, |
| form., frsm. síðari kafla. | frsm. fyrri kafla. | fundaskr. |

Bjarni Bjarnason. Þorbergur Þorleifsson.

## Nd. 794. Nefndarálit

um frumv. til laga um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 13. des. 1934.

| Sigfús Jónsson, form. | Ólafur Thors, frsm. | Jakob Möller, fundaskr. | Stefán Jóh. Stefánsson, með fyrirvara. |
|---|---|---|---|

Ásgeir Ásgeirsson.

## Nd. 795. Breytingartillögur

við frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1935.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „hinn 15. dag marzmánaðar“ kemur: eigi síðar en 2. dag maímánaðar.
2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, sem verða 2. og 3. gr., svo hljóðandi:
   a. (2. gr.). Þeir alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, skulu á reglulegu Alþingi 1935 hafa 16 kr. þóknun daglega, bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, sbr. þó 3. gr., og fyrir þann tíma, sem fer til ferða að heiman til þings og heim af þingi.
   b. (3. gr.). Nú stendur reglulegt Alþingi 1935 lengur en 60 daga, og skal þá niður falla þóknun til þingmanna þá þingsetudaga, sem fram yfir eru þann tíma.
3. 2. gr. verður 4. gr.
4. Við fyrirsögnina bætist: o. fl.

## Nd. 796. Breytingartillögur

við frv. til l. um markaðs- og verðjöfnunarsjóð og við brtt. á þskj. 559.

I. Frá *Thor Thors.*
   Við 1. Fyrir „fiskjarins“ í fyrri efnismálsgr. kemur: saltfisks.

II. Frá *atvinnumálaráðherra, Ólafi Thors* og *fjármálaráðherra.*
   Við 1. Fyrir „5% — fimm af hundraði“ í fyrri efnismálsgr. kemur: 6% — sex af hundraði.

III. *Frá Hannesi Jónssyni.*

Við 3. gr. frv. Greinina skal orða svo:

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu 4 þeirra kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi, en atvinnumálaráðherra skipar hinn fimmta, og er hann formaður. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarmanna og starfstíma þeirra og setur reglugerð um starfsemi sjóðsins.

## Ed. 797. Frumvarp

til laga um markaðs- og verðjöfnunarsjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Meðan innflutningur á saltfiski er takmarkaður til eins eða fleiri markaðslanda, skal við útflutning saltfisks greiða sjóðgjald, er nemi 6% — sex af hundraði — miðað við fob-verð, af verðmæti hans, hverrar tegundar og á hvaða verkunarstigi sem hann er.

Um innheimtu á slíku sjóðgjaldi skulu gilda ákvæði laga nr. 70 27. júní 1921, eftir því sem við getur átt, en að öðru leyti skal atvinnumálaráðherra með reglugerð ákveða nánar um reikningsskil sjóðstjórnar, endurskoðun, endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessara laga o. fl.

2. gr.

Tekjum þess sjóðs, sem þannig kann að myndast, skal varið, eftir því sem með þarf, til þess að efla, tryggja og auka fiskmarkaði, til verðjöfnunar, og til annara nauðsynja í þágu saltfiskverzlunar landsmanna á þann hátt, er ríkisstjórnin ákveður.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal skipa sjóðnum 9 manna stjórn, þannig: Atvinnumálaráðherra skipar 1 mann, og er hann formaður sjóðstjórnarinnar. Hinir stjórnarmennirnir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þeirra fjögurra þingflokka, sem nú skipa Alþingi, þannig, að hver þingflokkur tilnefnir 2 menn. Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarmanna og starfstíma þeirra og setur reglugerð um starfsemi þeirra.

4. gr.

Nú verður afgangur af tekjum sjóðsins, eftir að þeim hefir verið varið samkvæmt 2. gr., og skal þá skipta því fé, sem ónotað er, milli saltfiskútflytjenda í réttu hlutfalli við greiðslur þeirra í sjóðinn.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum, sem sett eru samkvæmt 1. gr., varða sektum allt að 200 kr. fyrir hvert tonn fiskjar, sem út hefir verið flutt eða selt.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 798. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Til íslenzkra afurða telst afli, er skip, sem skrásett eru hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.
2. Við 3. gr. Greinin hljóði svo:
   4. gr., sem verður 5. gr., hljóði svo:
   Til afurða þeirra, er í 1. og 2. gr. getur, telst og afli skipa, er eigi eru skrásett hér á landi, sem verkaður er eða fluttur milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiddur sé utan landhelgi.
   Hverskonar aðgerð á afla telst verkun, t. d. ef afli er saltaður, ísaður, slægður o. s. frv.
   Til téðra afurða telst ennfremur afli hér við land af skipum, sem ekki eru skrásett hér á landi, en hafa þó rétt til að veiða og verka afla í landhelgi. Ríkisstjórninni er þó heimilt, ef hún telur það nauðsynlegt vegna gagnkvæmra viðskiptasamninga, að undanþiggja gjaldi þessu þau þessara skipa, sem ekki taka höfn hér á landi á því almanaksári, sem þau að einhverju leyti stunda veiðar á hér við land.

## Nd. 799. Lög

um lögreglustjóra í Ólafsfirði.

(Afgreidd frá Nd. 13. des.).

Samhljóða þskj. 223.

## Ed. 800. Lög

um iðnlánasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 13. des.).

Samhljóða þskj. 524.

## Nd. 801. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þingskjali 737. [Mjólk og rjómi].

Frá forsætisráðherra.

1. Við tölul. 1. (Við 2. gr.).
   c-liðurinn falli niður.
2. Við tölul. 2. a. (Við 5. gr.). Orðin „en þó vera gjaldfrjálsir 2000 lítrar hjá hverjum framleiðanda“ falli niður.

## Nd. 802. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum o. fl.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. d.-liður orðist þannig:
   Rafvélum og áhöldum, raflagningarefni. Skal undir þann flokk aðallega telja: Rafhreyfla, rafala, aðrar rafvélar og rafvélahluta, rafgeyma og rafhlöður, raflampa, glólampa (ljósakúlur), rafmæla, rofa og vör (öryggi), raflagnapípur, dósir, tengla og annarskonar búnað raflagna, boglampa, glimlampa, einangrara, hnappa, völur, spenna (transformatora), strenghólka allskonar, lofskeytatæki, dýptarmæla, röntgentæki, talsíma- og ritsímaáhöld, eirvír og vafinn vír, snúrur og strengi (kabil) úr eir.
2. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.

## Ed. 803. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á skemmdum á öldubrjótnum í Bolungavík.

Flm.: Jón A. Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka skemmdir þær, sem urðu á öldubrjótnum í Bolungavík 26.—27. október síðastl., og á hvern hátt skemmdirnar verði bættar, svo öryggi þessa mannvirkis sé tryggt, og leggja niðurstöðu þeirra rannsókna, ásamt kostnaðaráætlun, fyrir næsta þing.

Ástæður.

Formaður fjárveitinganefndar hefir tjáð mér, að nefndin, eða meiri hl. hennar, geti ekki fallizt á fjárveitingu til aðgerðar öldubrjótsins einvörðungu, vegna þess að ekki liggi fyrir nein ábyggileg kostnaðaráætlun.

Nánar við umræður.

## Ed. 804. Breytingartillögur

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

I. Frá *Pétri Magnússyni.*
   Við 3. gr. 2. málsgr. orðist þannig:
   Þó skal fjármálaráðherra heimilt að ákveða, að jafnhátt stimpilgjald skuli greiða af öllum ávísunum, svo og að stimpilgjald af öllum kvittun-

um skuli vera hið sama. Kveður hann þá jafnframt á um lágmarksfjárhæð stimpilskyldra ávísana eða kvittana og hversu hátt stimpilgjaldið skuli vera. Má það þá eigi hærra vera en 10 aurar af kvittunum og eigi hærra en 20 aurar af ávísunum.

II. Frá *Þorsteini Þorsteinssyni.*

Við 5. gr.

a. Við A. 3. Í stað orðanna „í ríkissjóð eða bæjar- og sveitarsjóði" komi: í ríkissjóð, sýslu- og bæjarsjóði og sveitarsjóði.

b. Við B. 2. Í stað orðanna „í ríkissjóð eða bæjar- og sveitarsjóði" komi: í ríkissjóð, sýslu- og bæjarsjóði og sveitarsjóði.

## Ed. 805. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 804 [Stimpilgjald].

Frá fjármálaráðherra.

Við I. Síðasti málsliður brtt. orðist þannig:

Má það þá eigi hærra vera en 20 aurar af kvittunum og eigi hærra en 25 aurar af ávísunum.

## Nd. 806. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

A. **Ávísun:** Tékka og allar tegundir ávísana, innlendar og erlendar, þótt ekki séu í venjulegu ávísanaformi, ef ráðstafað er greiðslu ákveðinnar fjárhæðar frá vissum aðila, þannig að raunverulega er um ávísun að ræða, þar með talin bréf, skeyti eða skjöl, sem innihalda slíka ákvörðun eða beiðni. Sama er, hvort greiðsla miðast við sýningu, ákveðinn tíma eða endurtekna greiðslu með vissu millibili, eða hvort greiðsla á fram að fara í peningum, með víxlum, ávísunum eða öðrum gjaldmiðli. Og sama er þótt greiðsla sé skilorðsbundin, eða hvort nokkuð reynist til fyrir ávísun eða eigi.

Hér til teljast þó eigi neinar tegundir bankaseðla, víxlar, arðmiðar eða vaxtamiðar.

B. **Kvittun:** Allar viðurkenningar fyrir greiðslu eða innborgun á fjárhæð, hvort sem þær eru í venjulegu kvittunarformi eða færðar á reikninga eða önnur skjöl, þar með taldir farseðlar og farmiðar, og sérhver önnur áletrun eða stimplun, sem felur í sér slíka viðurkenningu. Sama er, hvort greiðsla hefir farið fram í peningum, með víxli, ávísun (sbr. A.-lið) eða

hverjum öðrum gjaldmiðli. Hér til teljast og allar viðurkenningar fyrir lúkningu skuldar eða greiðslu einhverrar skuldakröfu að einhverju eða öllu leyti, í hverju sem greiðsla hefir fram farið. Sama er, hvort kvittun er undirrituð eða eigi.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur gera nýja tegund stimpilmerkja, er kallast greiðslumerki. Það ákveður um gerð merkjanna, hvernig haga skuli sölu á þeim og reikningsskilum, og hversu þau skuli gera ónothæf. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að láta gera ávísanahefti og kvittanahefti með áletruðu greiðslumerki, og má nota eyðublöð úr þeim í stað þess að líma merkin á ávísunina eða kvittunina.

3. gr.

Ávísanir þær og kvittanir, sem um ræðir í 1. gr., skal stimpla með greiðslumerkjum, ef fjárhæð sú, sem ávísun eða kvittun hljóðar á, nemur 20 kr. eða meira. Skulu greiðslumerkin vera þrennskonar, eftir fjárhæð ávísunar eða kvittunar, þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Frá | 20 kr. | til 50 kr. ..... | 5 aurar |
| — | 50 — | — 500 — ..... | 20 — |
| — | 500 — | og þar yfir ..... | 50 — |

Þó skal fjármálaráðherra heimilt að ákveða, að jafnhátt stimpilgjald skuli greiða af öllum ávísunum, svo og að stimpilgjald af öllum kvittunum skuli vera hið sama. Kveður hann þá jafnframt á um lágmarksfjárhæð stimpilskyldra ávísana eða kvittana og hversu hátt stimpilgjaldið skuli vera. Má það þá eigi hærra vera en 20 aurar af kvittunum og eigi hærra en 25 aurar af ávísunum.

Hljóði ávísun um greiðslu til fleiri en eins aðila, telst hver greiðsla sem sérstök ávísun. Hljóði ávísun á endurtekna greiðslu um óákveðinn tíma, þannig að ekki verður vitað, hve miklu þær nema samanlagðar, skal stimpla þær með hæsta greiðslumerki.

4. gr.

Kvittanir og ávísanir, sem gefnar eru út hér á landi, skal stimpla um leið og þær eru útgefnar eða áður en til afhendingar kemur, og hvílir stimplunarskyldan á útgefanda, enda er öllum heimilt að hafa greiðslumerki undir höndum. Það varðar sektum að taka við óstimplaðri ávísun eða kvittun, nema viðtakandi láti þegar í stað sjá um, að stimplað sé, en stimplun þessi leysir ekki útgefanda frá sektum.

Ávísanir þær (eða kvittanir), sem gefnar eru út erlendis óstimplaðar, skal stimpla áður en þær eru hér greiddar eða framseldar, og hvílir stimpilskyldan þá á framseljanda, ef til hans næst, en ella skal viðtakandi eða greiðandi framkvæma stimplunina á kostnað framseljanda eða þess, sem ávísun er innheimt fyrir.

5. gr.

Undanþegið þessu sérstaka stimpilgjaldi er:

A. 1. Ávísanir útgefnar af innlendum bönkum eða sparisjóðum.

2. Ávísanir gefnar út af stjórnarráði Íslands fyrir opinberum greiðslum eða gjöldum úr ríkissjóði og ávísanir forseta og skrifstofustjóra Alþingis fyrir gjöldum, er koma á alþingiskostnað.
3. Ávísanir útgefnar innanlands til greiðslu opinberra gjalda í ríkissjóð, sýslu- og bæjarsjóði og sveitarsjóði, enda sé framsal viðkomandi skattheimtumanns ritað á ávísanirnar.

B. 1. Kvittanir fyrir innborgun til banka eða sparisjóða, þegar lagt er inn í eiginn reikning eða greitt upp í föst lán. Ennfremur kvittanir fyrir úttekt úr sparisjóðsbókum.
2. Kvittanir fyrir opinberum gjöldum í ríkissjóð, sýslu- og bæjarsjóði og sveitarsjóði.
3. Kvittanir fyrir vinnulaunum, ef þær nema ekki yfir 100 kr. og ekki er um hluta af föstu mánaðar- eða árskaupi að ræða.
4. Kvittanir eða viðurkenningar fyrir móttöku íslenzkra afurða beint frá framleiðendum, enda nemi þær ekki yfir 600 kr.
5. Kvittanir fyrir endurgreiðslu á tolli eða öðrum ofreiknuðum gjöldum í ríkissjóð.
6. Kvittanir fyrir víxlum eða ávísunum, sem afhent er til innheimtu eða til sýningar.
7. Kvittanir innfærðar á skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt stimpillögum, fyrir greiðslu eða afborgun þeirrar fjárhæðar, sem í þeim er tilgreind, þar með talin framsöl á ávísunum og víxlum.
8. Öll skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt lögum um stimpilgjald, nr. 75 27. júní 1921, enda þótt þau geti talizt ávísun eða kvittun.

6. gr.

Ef í sama skjali er innifalin fleiri en ein ávísun eða kvittun, eða bæði ávísun og kvittun, skal stimpla hverja ávísun eða kvittun fyrir sig.

7. gr.

Þegar ávísun eða kvittun er gefin út í fleira en einu eintaki, er aðeins eitt þeirra stimpilskylt. Skal þess getið í hinum óstimpluðu eintökum, hvernig frumeintakið er stimplað.

8. gr.

Stimpilgjald greiðist annaðhvort með því að nota stimplaða ávísun eða kvittun eða líma greiðslumerki á skjalið, eða hvorttveggja.

9. gr.

Eigi má gefa út ávísun eða kvittun í meira en einu lagi fyrir sömu fjárhæð eða greiðslu til þess að komast hjá stimpilgjaldi samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Allir opinberir starfsmenn hafa sömu skyldu til að sjá um, að lögum þessum sé framfylgt, og ákveðin er í 53. gr. laga um stimpilgjald. Sömu skyldu hafa og starfsmenn banka og sparisjóða. Heimilt er fjármálaráðuneytinu að láta fara fram athugun á bókum og skjölum þeirra, sem bókhaldsskyldir eru að lögum, til þess að rannsaka, hvort ákvæði þessara laga um stimplun hafi verið brotin.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—300 krónum, er renna í ríkissjóð, auk greiðslu hins vantandi stimpilgjalds.

Heimilt er þó fjármálaráðuneytinu fyrstu 5 árin, sem lög þessi gilda, að lækka sektir samkvæmt þeim og jafnvel láta þær niður falla, ef sérstakar ástæður mæla með því.

12. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði stimpillaga, þar sem þau eiga við.

14. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga og stimpilskyldu. Ennfremur að ákveða opinberum starfsmönnum og öðrum, sem greiðslumerki hafa til sölu, allt að 2% af andvirði seldra merkja í sölulaun.

15. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður með reglugerð, hvenær lög þessi öðlast gildi.

## Sþ. 807. Nefndarálit

um styrk til flóabátaferða.

Frá samgöngumálanefndum.

Samgöngumálanefndir beggja deilda hafa haldið sameiginlega fundi um þetta mál (enda fjárlögin nú afgreidd í sameinuðu þingi).

Upplýsingar þær, er fyrir lágu viðvíkjandi bátunum og starfsemi þeirra, verða yfirleitt að teljast ófullnægjandi. Vegna þess er mjög erfitt fyrir þingnefndir að gera sér glögga grein fyrir gagnseminni og meta styrkþörfina á hverjum stað. Nú leggja nefndirnar til, að úr þessu verði bætt framvegis með því að fela skipaútgerð ríkisins yfirumsjón flóabátaferðanna og binda styrkinn því skilyrði.

Vegna þess, hve upplýsingar eru af skornum skammti, hafa nefndirnar í tillögum sínum um skiptingu styrksins talið rétt að víkja sem minnst frá þeirri skiptingu, sem verið hefir undanfarið. Þó hafa þær talið óhjákvæmilegt að sinna að nokkru nýjum beiðnum, er borizt hafa, og leggja því til, að styrkupphæðin í heild hækki um 4 þús. kr. frá því, sem er í frv., eða úr 78 þús. kr. upp 82 þús. kr. Aðalhækkunin er til Flateyjarbátsins (til vélarkaupa). Telja nefndirnar að styrkja verði þessi vélarkaup með 2500 kr. Þá leggja nefndirnar til, að Hornafjarðar — Austfjarðabátur fái 8000 kr. (Til Hornafjarðarbáts áður 7000 kr.), og er ætlazt til, að sá bátur, er þennan styrk fær, haldi uppi áætlunarferðum á svæðinu frá Hornafirði norður að Skálum á Langanesi.

Þá er lagt til að hækka styrk til Djúpbáts um 1000 kr. og veita 500 kr. styrk til Fljótabáts, er gangi milli Haganesvíkur og Siglufjarðar. Ennfremur mæla nefndirnar með lítilsháttar hækkun til bátaferða innan Austur-Skaftafellssýslu og fyrir Mýrum, svo og til Langeyjarnesbáts.

Nefndirnar leggja því til, að styrk til flóabáta samkvæmt fjárlögum 1935 verði skipt þannig:

| | |
|---|---|
| Borgarnesbátur | 20000 kr. |
| Djúpbátur | 20000 — |
| Hornafjarðar — Austfjarðabátur | 8000 — |
| Til bátaferða innan A.-Skaftafellssýslu (þar af 800 kr. til flutninga til Öræfa). | 1500 — |
| Til millilandaskips með viðkomum við Rangársand, Vík, Skaftárós og Hvalsíki | 3500 — |
| Rangársandsbátur | 800 — |
| Hvalfjarðarbátur | 1000 — |
| Rauðasandsbátur | 400 — |
| Mýrabátur | 500 — |
| Langeyjarnesbátur | 300 — |
| Lagarfljótsbátur | 800 — |
| Eyjafjarðarbátur, enda haldi hann uppi áætlunarferðum á svæðinu frá Þórshöfn til Sauðárkróks og fari 5 ferðir til Grímseyjar | 11000 — |
| Grímseyjarbátur | 600 — |
| Stykkishólmsbátur | 2600 — |
| Fljótabátur | 500 — |
| Flateyjarbátur | 8000 — |
| Sami, upp í kostnað við kaup á mótorvél | 2500 — |
| Alls | 82000 kr. |

Fyrir nefndunum hafa legið ýms gögn viðvíkjandi Djúpbátnum, og þar sem sýnilegt er, að það mál leysist ekki nú á þeim grundvelli, sem það liggur fyrir á, vilja nefndirnar leggja það til, að „Hermóður“, sem ekki er ætlazt til, að annist vitaflutninga næsta ár, verði lánaður vestur leigulaust, til að annast ferðir Djúpbátsins.

Um rekstrarfyrirkomulag að öðru leyti ætlast nefndirnar til, að samið verði milli ríkisstjórnarinnar og sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu eða annara hlutaðeigenda.

Samkvæmt framanskráðu bera nefndirnar fram brtt. á þskj. 815.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 13. des. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Gísli Guðmundsson, form. Nd.-nefndar, frsm. | Jónas Guðmundsson, fundaskr. Nd.-nefndar. | Jón A. Jónsson, með fyrirvara. |
| Sigurjón Á. Ólafsson, form. Ed.-nefndar. | Páll Hermannsson, fundaskr. Ed.-nefndar. | Gísli Sveinsson. |
| Bjarni Bjarnason. | Jón Ólafsson. | |

**Fylgiskjal.**

*Álit Skipaútgerðar ríkisins um Djúpbátinn.*

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 6. des. 1934.

Með því að háttvirt samgöngumálanefnd Nd. Alþingis hefir óskað eftir, að vér gerðum tillögur í sambandi við fyrirhugaðan flóabát við Ísafjarðardjúp, leyfum vér oss að taka eftirfarandi fram.

Vér getum hiklaust mælt með því, að fenginn verði betri bátur við Djúpið en verið hefir nú síðustu árin, en teljum aftur á móti, að ekki sé nauðsynlegt að svo komnu að kaupa nýjan bát, þar sem ríkið vel getur misst Hermóð til þess, enda er hann til þess að mörgu leyti mjög vel fallinn.

Það, sem haft hefir verið á móti Hermóði sem flóabát við Djúpið, er það, að hann væri of djúpristur og of dýr í rekstri. Hvað djúplegunni viðkemur, þá er sú mótbára á misskilningi byggð, því Hermóður ristir vanalega 9 fet, en það gerir hinn fyrirhugaði mótorbátur líka. Hitt er rétt, að Hermóður er dýrari í rekstri en hinn fyrirhugaði flóabátur, en þess ber þá að gæta, að hann er stærri, tekur meiri flutning og ætti því að gefa meiri tekjur. Þegar svo þar við bætist vextir og afborgun af lánum í nýjan bát, má tvímælalaust mæla með Hermóði.

Ef þetta Djúpbátsmál væri leyst á þann hátt, sem bent hefir verið á hér, mundi Þór verða tekinn til vitaflutninga að lokinni gæzlu við Vestmannaeyjar, væri töluverður sparnaður að því fyrirkomulagi, samanborið við það, sem áður hefir verið, að Þór hefir verið lagt upp að lokinni vertíð, en Hermóður um svipað leyti látinn fara á stað í flutningaferðir til vitanna.

Vér látum fylgja hér með til samanburðar kostnaðarhliðina af rekstraráætlun fyrir hinn fyrirhugaða nýja flóabát og Hermóð sem slíkan.

Virðingarfyllst

Pálmi Loftsson.

Til samgöngumálanefndar Nd. Alþingis.

*Rekstraráætlun fyrir Djúpbát.*

| | 60 tonna mótorbátur | Hermóður |
|---|---|---|
| Olía | ca. 16000 | 19920 |
| Smurolía, tvistur etc. | 4000 | 3000 |
| Viðhald skips | 1000 | 5000 |
| Viðhald vélar | ca. 1200 | |
| Kaup skipshafnar | 23000 | 26000 |
| Afgreiðsluþóknun | 3000 | 3000 |
| Eyðublöð | 1000 | 1000 |

| | 60 tonna mótorbátur | Hermóður |
|---|---|---|
| Trygging skips og áhafnar | 5000 | 4500 |
| Ýms gjöld | 6000 | 6000 |
| Vextir af 60 þús. | 3600 | |
| Afskrift af vél (20 þús.) 8% | 1600 | |
| Afskrift af skipi 5% | 3500 | |
| Afborgun af skipi og vél á 10 árum 70 þús. | 7000 | |
| | 75900 | 68420 |

## Nd. 808. Breytingartillaga

við frumv. til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Fyrir orðin „Allar þær bækur“ kemur: Allar venjulegar námsbækur.

## Ed. 809. Lög

um hlutafjárframlag og ábyrgð ríkisins fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi.

(Afgreidd frá Ed. 13. des.).

Samhljóða þskj. 598.

## Ed. 810. Tillaga

til þingsályktunar um endurskoðun laga um atvinnu við siglingar og við vélgæzlu á gufuskipum og mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lög nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, og lög nr. 49 27. júní 1925, um breyt. á þeim lögum. Sömuleiðis lög nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum, og lög nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum, svo og önnur lög og reglugerðir, sem eru í nánu sambandi við þessa löggjöf.

Endurskoðun þessi sé framkvæmd svo tímanlega á næsta ári, að unnt verði að leggja frumvarp um þetta efni fyrir Alþingi 1935.

Greinargerð.

Lögin um atvinnu við siglingar eru nú 12 ára gömul, með þeim breytingum, sem á þeim voru gerðar þremur árum síðar, en þær voru í því fólgnar,

að réttur smáskipaprófsmanna var aukinn frá 30 rúmlestum upp í 60 rúmlestir. Þótti þessi ráðstöfun orka nokkurs tvímælis á þeim tíma, frá sjónarmiði þeirra manna, sem vilja gera fyllri kröfur til þekkingar og menntunar skipstjóraefna. Á þessu tímabili er ekki hægt að segja, að fiskiskipin hafi stækkað frá því, sem áður var, því á þeim tíma, sem seglskipin (kútterarnir) voru notuð til fiskveiða, var yfirleitt um hærri rúmlestatölu að ræða á fiskiflotanum. Var þá krafizt af skipstjóraefnum, að þeir tækju hið almenna fiskimannapróf til þess að öðlast rétt til skipstjórnar á þeim. Á seinni árum hafa seglskipin horfið úr sögunni og vélskipin komið í þeirra stað. Stærð þessara skipa fer óðum vaxandi, og sú stefna er mjög uppi að nota til fiskveiða mótorskip, allt að 100 rúmlesta, og nokkur skip eru þegar til, sem eru yfir 60 rúmlestir. Vegna þessa hafa komið fram kröfur frá þeim mönnum, sem hafa þau réttindi, er smáskipaprófið veitir, að með undanþágu sé hægt að veita réttindi til skipstjórnar á skipum allt að 150 rúmlestir. Gegn þessari kröfu hafa komið fram hörð mótmæli frá þeim stóra hóp manna, sem hafa réttindi að lögum til skipstjórnar á skipum yfir 60 rúmlestir. Í þeim hópi eru margir ungir og röskir menn og ennfremur aðrir á miðaldra skeiði, sem hafa skipstjórn með höndum og hafa reynzt vel í starfi sínu. Þessir menn telja sér órétt gerðan, ef smáskipaprófsmönnum er veittur sá réttur, sem þeir nú hafa að lögum. Fulltrúar þessara manna hafa mætt á fundi nefndarinnar og fært fram mikilvæg rök fyrir því, að lög um atvinnu við siglingar þurfi að endurskoða, og er nefndin á þeirri skoðun, að þá leið eigi að fara. Aftur á móti er nefndin andvíg þeirri stefnu, sem felst í frv. til laga um atvinnu við siglingar, því er liggur fyrir Ed., að ráðherra sé heimilað að veita einstökum mönnum undanþágu frá gildandi lögum. Undanþágur eru yfirleitt óvinsælar öðrum en þeim, sem þær hljóta, og því miður lítil trygging fyrir því, að hinir allra hæfustu úr hópi smáskipaprófsmanna verði fyrir valinu. Því geta valdið margskonar ástæður, sem óþarft er að tilgreina.

Hvaða stefnu skuli upp taka í nýrri löggjöf í þessum málum, vill nefndin ekki taka afstöðu til. Telur hún réttara, að reyndir og hæfir menn innan skipstjórastéttarinnar geri tillögur þar um. En það eitt er víst, að marka verður í nýrri löggjöf aðrar línur um þekkingarskilyrði með tilliti til skipstjórnarréttinda, miðað við stærð skipa, en nú er, og með hliðsjón af þeim siglingum, er skipum er ætlað að annast. Mætti taka til hliðsjónar löggjöf nágrannaþjóða okkar um þetta efni, sérstaklega Norðurlanda, Bretlands o. fl., sem reka fiskveiðar.

Þá hefir nefndin haft til meðferðar lög um atvinnu við vélgæzlu á mótorskipum, sem hún hefir afgreitt. Í umræðum á fundum nefndarinnar komu fram eindregnar óskir af hálfu fulltrúa mótormanna og fulltrúa Vélstjórafélags Íslands, að nefndin gerði tillögur um, að hvortveggja þessi lög yrðu endurskoðuð og samræmd betur en nú er, og skýrar markalínur settar í nýrri löggjöf um réttindi þeirra manna, sem stunda atvinnu á mótorskipum og gufuskipum, og hvers krefjast ætti í undirbúningi til hvorstveggja starfsins. Nefndin er þess fullviss, að öll nauðsyn sé á þessu, og gerir því sameiginlega tillögu um endurskoðun laganna.

Þess er vænzt, að fullt tillit verði tekið til allra þeirra aðilja, sem hin nýja löggjöf kemur til að ná til. Um endurskoðun vélgæzlulaganna gerir nefndin ráð fyrir, að ríkisstjórnin taki sér til ráðuneytis hina hæfustu menn af hálfu vélstjóra og mótormanna, eða leiti álits stéttarfélaga þeirra og tillagna.

Endurskoðun þessari þarf að vera lokið svo snemma, að hægt verði að leggja frv. um þetta efni fyrir næsta þing.

## Ed. 811. Breytingartillögur

við frumv. til laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá Bernh. Stefánssyni og Einari Árnasyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
   Bifreiðar, sem skráðar eru til vöruflutninga og annast að staðaldri flutning á vörum bænda, eru undanþegnar ákvæðum þessara laga, enda þótt þær hafi jafnframt með höndum fólksflutninga.
2. Við 7. gr. Fyrir orðin „Heimilt er ráðherra“ komi: Eftir 1. janúar 1937 er ráðherra heimilt.

## Nd. 812. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Hannesi Jónssyni og Magnúsi Torfasyni.

Við 1. gr. Á eftir 6. lið komi:

7. Framkvæmd 5. greinar laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., er frestað til ársloka 1935, og skal þeim 15% af bifreiðaskatti, sem við það sparast, varið til þess að hækka styrk til votheys- og þurrheyshlöðubygginga, safngryfjugerðar, garðræktar og framræslu til ræktunar, samkvæmt reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur, en landbúnaðarráðherra staðfestir.

## Sþ. 813. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 12. gr. 18. m. Nýr liður:
   Til Sigurðar Sigurðssonar sýslumanns, veikindastyrkur 3000
2. — 13. — B. 1. b. (Eimskip). Við athugasemdina bætist:
   ef efnahagur þess leyfir.

3. Við 14. gr. B. I. l. Nýr liður:
Styrkur til Stúdentagarðsins ..... 5000
4. — 14. — B. XIV. 4. Nýr liður:
Til gagnfræðaskóla Reykvíkinga ..... 2500
5. — 15. — 10. Nýr liður, sem verður b-liður:
Til að gefa út Íslendingaæfir ..... 3000
6. — 15. — 31. Nýr liður:
Til dr. Guðm. Finnbogasonar, til ritstarfa ..... 2000
7. — 16. — 19. (Fiskifélagið).
Fyrir „80000“ komi ..... 85000
8. — 16. — 27. Nýr liður:
Til undirbúnings „íslenzku vikunnar“ ..... 2000
9. — 22. — IV. Liðurinn orðist svo:
Að lækka laun þeirra opinberra starfsmanna, sem ekki taka laun samkvæmt launalögum eða öðrum lögum, eins og hér segir:
1. Laun frá 4000—5000 kr. lækki eftir sömu reglum og dýrtíðaruppbót þeirra, sem taka laun samkvæmt launalögum, sbr. III. lið þessarar gr.
2. Laun frá 5000—8000 kr. lækki um 15%, þó þannig, að þau verði ekki undir 5000 kr.
3. Laun yfir 8000 kr. færist niður í 8000 kr.

Ríkisstjórnin gerir þegar í stað ráðstafanir til, að lækkanir þessar komi svo fljótt til framkvæmda sem unnt er.

## Nd. 814. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. nóv. 1919 og á l. nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

I. Frá *Þorbergi Þorleifssyni.*

Á eftir „Arnhólsstöðum“ í 5. málsgr. bætist nýr málsliður:

Lína frá Svínhólum í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu um Vík að Hvalnesi.

II. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Bjarna Bjarnasyni.*

Á eftir orðunum „að Álfhólum í sömu sveit“ í 5. málsgr. komi nýir málsliðir:

a. Lína frá Minni-Borg í Grímsnesi að Sólheimum.
b. Lína frá Minni-Borg að Búrfelli.

III. Frá *Pétri Ottesen.*

Á eftir „að Fossá“ í 5. málsgr. koma nýir málsliðir:

a. Lína frá Þyrli að Stóra-Botni.

b. Lína frá Vogatungu um Leirárhverfi að Hlíðarfæti í Svínadal.
c. Lína frá Vogatungu að Melum í Melasveit.
d. Lína frá Grund um Indriðastaði að Ytri-Skeljabrekku.

IV. Frá *Thor Thors.*
Á eftir „Hallbjarnareyri" í 5. málsgr. bætist nýr málsliður:
Lína frá Breiðabólsstað út í Brokey á Breiðafirði.

V. Frá *Bergi Jónssyni.*
Á eftir „að Suðureyri" í 5. málsgr. kemur nýr málsliður:
Lína frá Sveinseyri að Stóra-Langadal í Tálknafirði.

VI. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Á eftir „að Suðureyri" í 5. málsgr. bætist nýr málsliður:
Lína frá Rafnseyri að Dynjandi í Arnarfirði.

VII. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Á eftir „að Eyjum við Bjarnarfjörð" í 5. málsgr. koma nýir málsliðir:
a. Lína frá Lækjamóti að Gröf í Víðidal.
b. Lína frá Víðidalstungu að Fremri-Fitjum í Fremri-Torfustaðahreppi.
c. Lína frá Syðri-Þverá að Stóru-Borg í Þverárhreppi.

## Sþ. 815. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935 og við brtt. á þskj. 784.

I. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Pétri Magnússyni.*
Við 3. gr. A. Sundurliðun 2. Eignabreytingar III. (Nýjar símalínur):
Framlagið hækki um kr. 3600.00.
[Hækkunin gangi til símalínu frá Geldingalæk í sunnanverða Landsveit].

II. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 3. gr. A. Sundurliðun 2. Eignabreytingar III. Nýr liður:
Til kaupa á talskeytastöðvum í skip ..... 25000
*Til vara* ..... 20000

III. Frá *Ólafi Thors.*
Við 12. gr. 10. Nýr liður:
Til héraðslæknanna Karls G. Magnússonar og Jóns Karlssonar, utanfararstyrkur, 1500 kr. til hvors ..... 3000

IV. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Pétri Magnússyni.*
Við brtt. 784, 9. (Við 12. gr. 18. d.). Nýr liður:
Til hjónanna Finnboga Sveinssonar og Sæunnar Guðmundsd. frá Velli, styrkur vegna fávita sonar þeirra 600

V. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 12. gr. 18. q. Nýr liður:
Til Kristjáns Grímssonar læknis, til framhaldsnáms 1500

VI. Frá *Ólafi Thors.*
Við 13. gr. A. II. a. 1. (Kjósarvegur).
Fyrir „10000“ kemur ..... 25000

VII. Frá *Thor Thors.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 4. (Stykkishólmsvegur).
a. Fyrir „5000“ kemur ..... 15000
b. Nýr liður:
Staðarsveitarvegur ..... 4000
2. Við 13. gr. A. II. a. 5. Nýr liður:
Hellusandsvegur ..... 15000
*Til vara* ..... 7500

VIII. Frá *Þorsteini Briem.*
Við 13. gr. A. II. a. 5. Nýir liðir:
a. Suðurdalavegur ..... 8000
*Til vara* ..... 6000
b. Laxárdalsvegur (til Borðeyrar) ..... 3000
*Til vara* ..... 2000

IX. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 11. Nýr liður:
Vesturhópsvegur ..... 2500

X. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 17. (Siglufjarðarskarð).
Fyrir „15000“ komi ..... 25000

XI. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Pétri Magnússyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 36. (Eyjafjallavegur).
a. Fyrir „7000“ kemur ..... 12000
*Til vara* ..... 10000
b. Nýr liður:
Hvolhreppsvegur ..... 5000
2. Við 13. gr. A. II. a. 40. Nýr liður:
Hellisheiðarvegur ..... 100000
3. Við 13. gr. A. X. Nýr rómv. liður:
Styrkur til mjólkurflutninga úr Rangárvallasýslu í mjólkurbúin í Árnessýslu, allt að ..... 7000
*Til vara* ..... 5000
Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um úthlutun styrksins.

XII. Frá *Jóni A. Jónssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
1. Við 13. gr. B. 1. c. Nýr liður:
Til h/f Vestfjarðabátsins, til hlutafjárkaupa, 1. greiðsla af fimm ..... 6000
*Til vara:* 1. greiðsla af tíu ..... 3000

2. Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).
Framlagið hækki um 4000 kr.
[Hækkunin bætist við Djúpbátinn].

XIII. Frá *Pétri Oftesen.*
Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).
Framlagið hækki um 3200 kr.
[Af hækkuninni ganga 200 kr. í viðbót til Hvalfjarðarbátsins og 3000 kr. til Akranesbátsins „Fagraness"].

XIV. Frá *samgöngumálanefndum.*
Við 13. gr. B. 2. Liðinn skal orða svo:
Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum ..... 82000
Skipaútgerð ríkisins hefir yfirumsjón með ferðum flóabáta, sem fara eftir fastri áætlun. Skilyrði fyrir greiðslu styrksins er, að fyrir liggi efnahags- og rekstrarreikningur 1934 frá útgerð þessara báta, ef styrkupphæð til þeirra það ár hefir numið yfir 1000 kr. Ferðaáætlun 1935 og flutningagjaldskrá sé samþykkt af skipaútgerð ríkisins og reikningar ársins sendir henni, enda athugi hún, hversu rík sé þörf á ferðum hvers þess báts, er styrks nýtur úr ríkissjóði.

XV. Frá *Thor Thors.*
Við 13. gr. C. VII. 1. Nýr liður:
Á Ólafsvík ..... 20000

XVI. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 13. gr. C. VII. 3. (Hafnargerð á Skagaströnd).
Fyrir „18000" kemur ..... 40000

XVII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 13. gr. C. VII. Nýr rómv. liður:
Til hafnarbóta á Suðureyri við Súgandafjörð, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að ..... 6000

XVIII. Frá *Thor Thors.*
Við 13. gr. C. VIII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
a. Framlagið hækki um kr. 6500.
b. Við liðinn bætist aths.: Þar af til bryggjugerðar í Krossavík á Hellissandi 5000 kr. og til bryggjugerðar á Arnarstapa 1500 kr.

XIX. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 13. gr. C. VIII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
a. Framlagið hækki um 10000 kr.
b. Við liðinn bætist aths.: Þar af 10000 kr. til aðgerðar á bátabryggjunni á Blönduósi, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að.

XX. Frá *Ólafi Thors.*
Við 13. gr. C. VIII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
1. a. Framlagið hækki um kr. 21800.00.

b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 12000 kr. til bátabryggju í Staðarhverfi í Grindavík, 5800 kr. til lendingarbóta í Kirkjuvogi í Höfnum og 4000 kr. til lendingarbóta á Stafnesi.

2. Nýr rómv. liður:
Til bryggjugerðar og lendingarbóta í Gerðavör, ⅔ kostnaðar, allt að ..... 27000

XXI. Frá *Magnúsi Torfasyni.*
Við 13. gr. C. IX. Nýr liður:
Til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka ..... 8000
gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að.

XXII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 14. gr. A. b. 6. Nýr liður:
Til utanfara presta, skv. l. nr. 18 6. júlí 1931 ..... 6000

XXIII. Frá *Gísla Sveinssyni, Magnúsi Jónssyni, Pétri Halldórssyni* og *Þorsteini Briem.*
Við 14. gr. A. b. 9. Nýr liður:
Til þess að létta ferðakostnað þeirra leikmanna, sem lengst eiga að sækja kirkjufund, er halda á í Reykjavík eða á Þingvöllum sumarið 1935 ..... 2000
*Til vara* ..... 1500

XXIV. Frá *Pétri Ottesen.*
Við 14. gr. A. b. 9. Nýr liður:
Til séra Sigurjóns Guðjónssonar, til utanfarar til að kynna sér kirkju- og skólamál á Norðurlöndum og nýjar bókmenntir ..... 1000

XXV. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 14. gr. A. b. 9. Nýr liður:
Til aðgerðar á Þingeyrakirkju, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að ..... 3000

XXVI. Frá *Pétri Halldórssyni.*
Við 14. gr. B. I. m. Nýr liður:
Rektor háskólans, til risnu ..... 1500

XXVII. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýir liðir:
a. Til Halldórs Jónssonar stúdents, til náms í byggingaverkfræði í Stokkhólmi ..... 1200
b. Til Ögmundar Jónssonar stúdents, til lokanáms í verkfræði í Berlín ..... 1200

XXVIII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XI. a. Liðinn skal orða svo:
Til Verzlunarskóla Íslands ..... 10000

XXIX. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 14. gr. B. XII. 2. a. (Blönduóskvennaskóli). Nýr stafl.:
65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að ..... 2000

XXX. Frá *Ólafi Thors.*
Við 14. gr. B. XIII. 4 (Barnaskólabyggingar utan kaupstaða).
a. Framlagið hækki um 17000 kr.
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 17000 kr. til byggingar heimavistarskóla í Vatnsleysustrandarhreppi.

XXXI. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. 5. (Utanfararstyrkur barnakennara).
Orðin „200 kr. á mann“ falla niður.

XXXII. Frá *Þorsteini Þorsteinssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 6. Nýr liður:
Til athugunar á skilyrðum rafveitu fyrir Staðarfellsskólann ..... 300

XXXIII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 14. gr. B. XV. 6. Nýr liður:
Til Helgu Thorlacius, til þess að kenna matreiðslu úr íslenzku grænmeti ..... 500

XXXIV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4. Nýr liður:
Til sundlaugar Vestmannaeyjabæjar, síðari greiðsla .. 6000

XXXV. Frá *Ólafi Thors.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4. Nýr liður:
Til íþróttaskólans á Álafossi, upp í kostnað við byggingu sundlaugar ..... 5000

XXXVI. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Pétri Magnússyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4. Nýr liður:
Til viðauka við sundlaug á Seljavöllum undir Eyjafjöllum 800

XXXVII. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 14. gr. B. XXII. Nýr rómv. liður:
Til Skáksambands Íslands ..... 1500

XXXVIII. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 15. gr. 17. Nýr liður:
Til Margeirs Jónssonar á Ögmundarstöðum, til þess að halda áfram rannsóknum á torskildum bæjanöfnum og örnefnum ..... 600

XXXIX. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 20. (Leikfélag Reykjavíkur).
Fyrir „4000“ kemur ..... 6000

XL. Frá *Pétri Halldórssyni.*
Við 15. gr. 25. Nýr liður:
Til Péturs Á. Jónssonar söngvara ..... 1200

XLI. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 26. Nýr liður:
Til Karlakórs Reykjavíkur, til utanfarar, allt að ... 5000

Fjárhæðin kemur til útborgunar, ef og að svo miklu leyti sem fjárhagslegur halli verður á utanförinni.

XLII. Frá *Garðari Þorsteinssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Thor Thors.*

Við 15. gr. 32. Nýr liður:

Til Árna Pálssonar prófessors, til þess að ljúka við samningu sagnarits um kirkjusögu Íslands á lýðveldistímanum ..... 1200

XLIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við 15. gr. 32. Nýr liður:

Til Leifs Ásgeirssonar, til vísindastarfa ..... 1500

*Til vara* ..... 1200

XLIV. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Pétri Magnússyni.*

Við 15. gr. 43. Nýr liður:

Til sama banka, greiðsla á Viðlagasjóðsláni, er hvílir á Múlakoti í Fljótshlíð ..... 2250

XLV. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*

Við 15. gr. 43. Nýr liður:

Til Kristjáns Magnússonar málara, lán til þess að koma upp vinnustofu ..... 5000

Lánið endurgreiðist með málverkum eftir lánþega, og sé verð á þeim ákveðið af menntamálaráði.

XLVI. Frá *Jakob Möller.*

Við 16. gr. 1. (Atvinnubætur).

a. Fyrir „500000“ kemur ..... 1000000

b. Athugasemdin fellur niður.

*Til vara:* Fyrir orðið „tvöföldu“ í upphafi athugasemdarinnar komi: helmings.

XLVII. Frá *Jóni Pálmasyni.*

Við 16. gr. 1. (Atvinnubætur).

Fyrir „500000“ kemur ..... 450000

XLVIII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*

Við 16. gr. 3. (Sandgræðsla).

a. Framlagið hækki um 2000 kr.

b. Við athugasemdina bætist: og til sandgræðslu í Bolungavík 2000 kr.

XLIX. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*

Við brtt. 784, 37. b. (Nýr liður við 16. gr. 12, ræktunarvegur í Vestmannaeyjum).

Fyrir „6000“ kemur ..... 12000

*Til vara* ..... 10000

L. Frá *Þorsteini Briem* og *Þorsteini Þorsteinssyni.*

Við 16. gr. 13. c. Nýr liður:

Til Eggerts Magnússonar, til að stunda dýralækningar, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að ..... 300

*Til vara* ..... 200

LI. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 16. gr. 30. Nýr liður:
Til Sigrúnar Kjartansdóttur, til þess að setja á stofn fullkomna íslenzka skinnhanzkagerð úr innlendu efni .. 2500

LII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 16. gr. 34 (Kvenfélagasamband Íslands).
Fyrir „1000“ kemur ..... 1500

LIII. Frá *Pétri Ottesen.*
Við 16. gr. 39. (Kvenfél.samb. Mýra- og Borgarfj.sýslu).
Fyrir „300“ kemur ..... 400

LIV. Frá *Jakob Möller.*
Við 17. gr. 11. (Stórstúka Íslands).
Fyrir „15000“ kemur ..... 20000

LV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 17. gr. 14. Nýr liður:
Til sjúkrasjóðs Súgfirðinga ..... 300

LVI. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 17. gr. 28. Nýr liður:
Til barnaheimilisnefndar þjóðkirkjunnar, byggingarstyrkur fávitahælis að Sólheimum í Grímsnesi ..... 5000

LVII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 18. gr. II. g. 2. (Einar H. Kvaran).
Fyrir „3000“ kemur ..... 5000

LVIII. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 18. gr. II. g. 4. (Guðmundur Friðjónsson).
Í stað „1800“ kemur ..... 3000
*Til vara* ..... 2400

LIX. Frá *Jakob Möller.*
Við 18. gr. II. i. 25. Nýr liður:
Til Vilborgar Sigurðardóttur ljósmóður ..... 200

LX. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 18. gr. II. i. 29. Nýr liður:
Til Guðjóns Pálssonar fyrrum vegavinnustjóra .... 300

LXI. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. i. 29. Nýr liður:
Til Friðriks Halldórssonar, fyrrum vegavinnustjóra 300

LXII. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 18. gr. II. i. 50. Nýr liður:
Til Frímanns Benediktssonar fyrrum hreppstjóra ... 250

LXIII. Frá *Ólafi Thors.*
Við 18. gr. II. i. 70. Nýr liður:
Til Snæbjarnar Kristjánssonar í Hergilsey ..... 300

LXIV. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 18. gr. II. i. 70. Nýr liður:
Til Guðrúnar Sigurðardóttur, ekkju Björns Árnasonar í Syðri-Ey ..... 300

LXV. Frá *Þorsteini Briem, Hannesi Jónssyni* og *Magnúsi Torfasyni.*
Við 22. gr. Nýr liður á undan I:

Að verja allt að 150000 kr. af fé því, sem veitt er í 16. gr. 1 til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum, til að greiða verðuppbót á útflutt kjöt af framleiðslu ársins 1934, enda taki þá skilyrði þau, sem sett eru í 16. gr. 1. fyrir framlagi ríkissjóðs til atvinnubótanna, ekki til þess hluta fjárveitingarinnar, sem varið er í þessu skyni.

LXVI. Frá *Hannesi Jónssyni, Magnúsi Torfasyni* og *Þorsteini Briem.*
Við 22. gr. I. Nýr liður:

Að greiða til bráðabirgða úr ríkissjóði styrk, er nemi allt að ¼ af stofnkostnaði mjólkurbúanna í Eyjafirði, Borgarfirði, Ölfusi og Reykjavík, þar til Mjólkurbú Flóamanna hefir lokið þeim greiðslum, sem ákveðnar eru með lögum nr. 95 19. júní 1933, um mjólkurbúastyrk o. fl., og heimilast ríkisstjórninni að taka lán til þessarar greiðslu, ef nauðsyn krefur.

LXVII. Frá *Jóhanni Jósefssyni, Pétri Ottesen* og *Ólafi Thors.*
Við 22. gr. I. Nýr liður:

Að gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til þess að bátaútvegsmenn hafi aðstöðu til að kaupa veiðarfæri og olíu til útgerðar sinnar með þeim kjörum, sem bezt eru fáanleg.

LXVIII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 22. gr. III. Liðinn skal orða svo:

Að greiða sömu dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins sem greidd var á árinu 1934.

*Til vara:* Að greiða sömu dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins til 1. júlí 1935 sem greidd var á árinu 1934.

LXIX. Frá *Jónasi Jónssyni, Pétri Ottesen, Sigurjóni Á. Ólafssyni, Þorsteini Briem, Ingvari Pálmasyni, Guðrúnu Lárusdóttur, Pétri Halldórssyni, Jakob Möller, Bjarna Bjarnasyni, Sigurði Einarssyni, Magnúsi Torfasyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að gera samning um kaup á húseign og lóðarréttindum templarastúknanna í Reykjavík og um fjárstyrk til byggingar á nýju húsi fyrir starfsemi templara, samtals allt að kr. 150000.00.

Í samningi skal fram tekið: að upphæðin greiðist á eigi skemmri tíma en 10 árum án vaxta, að hið nýja hús skuli byggt eftir uppdrætti, er ríkisstjórnin samþykki, og að húsið skuli eingöngu notað í þágu bindindisstarfseminnar í landinu.

LXX. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýir liðir:

a. Að kaupa við verði, er dómkvaddir menn meta, 3 jarðir (Keldudal, Álftagróf og Holt) í Mýrdal, er sæta ágangi Hafursár vegna fyrirhleðslu, sem vegamálastjórnin hefir látið gera þar.
b. Að greiða Vigfúsi Gunnarssyni í Flögu eftirstöðvar af brunatjóni, sbr. fjárlög fyrir 1932, 22. gr. VI.

LXXI. Frá *Jóni Pálmasyni.*

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að láta byggja höfnina á Skagaströnd eftir tillögum vitamálastjóra á grundvelli hafnarlaganna, ef hagkvæmir samningar takast við erlendan verktaka um að ljúka verkinu í ákvæðisvinnu og lána fé í það með aðgengilegum kjörum.

LXXII. Frá *Thor Thors.*

Við 22. gr. XII. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir hreppsnefnd Stykkishólmshrepps allt að 180 þús. króna lán til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar.

LXXIII. Frá *Jóni A. Jónssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við 22. gr. XII. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir h/f Vestfjarðabátinn allt að 90 þús. króna lán til byggingar nýs báts, gegn 1. veðrétti í bátnum og endurábyrgð sýslusjóðs Norður-Ísafjarðarsýslu.

LXXIV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*

Við 22. gr. XII. Nýir liðir:

a. Að ábyrgjast fyrir Eyrarhrepp, gegn endurábyrgð sýslusjóðs Norður-Ísafjarðarsýslu, 40 þús. kr. lán til bryggjubyggingar í Skeljavík við Hnífsdal. Lánið sé tekið innanlands.

b. Að ábyrgjast fyrir Ögurhrepp vegna Ögurlæknishéraðs, gegn endurábyrgð sýslusjóðs Norður-Ísafjarðarsýslu, 15 þús. kr. lán vegna byggingar læknisbústaðar og sjúkraskýlis. Lánið sé tekið innanlands.

c. Að ábyrgjast fyrir Ísafjarðarkaupstað, Eyrarhrepp og Hólshrepp allt að 700 þús. króna lán til rafveitubyggingar.

## Nd. 816. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum o. fl.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Við 1. gr. c. Liðurinn falli niður.
2. Við 4. gr. Orðið „mótora“ falli niður.
3. Við fyrirsögnina. Úr henni falli niður orðið: mótorvélum.

## Ed. 817. Lög

um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.).

Samhljóða þskj. 651.

## Ed. 818. Lög

um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.).

Samhljóða þskj. 762.

## Ed. 819. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1934.

| Jón Baldvinsson, | Bernh. Stefánsson, | Magnús Jónsson, |
|---|---|---|
| form. | fundaskr. | frsm. |

## Ed. 820. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1934.

| Páll Hermannsson, | Jónas Jónsson, | Jón Baldvinsson, |
|---|---|---|
| form. | frsm. | fundaskrifari. |

Þorsteinn Briem. Pétur Magnússon.

## Ed. 821. Breytingartillögur

við frv. til laga um ríkisgjaldanefnd.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 1. gr. 1. málslið greinarinnar skal orða svo:
   Í lok hvers reglulegs Alþingis skal kjósa með hlutfallskosningum fimm menn í nefnd og fimm til vara, er nefnist ríkisgjaldanefnd.

2. Við 2. gr. 2. og 3. málslið skal orða svo:
   Greiðsla er því aðeins heimil, að nefndin eða meiri hluti hennar samþykki greiðsluna.
3. Við 3. gr. 3. málslið greinarinnar skal orða svo:
   Fundir ríkisgjaldanefndar eru löglegir, ef meiri hluti nefndarmanna sækir fund; ef nefndarmaður getur ekki sótt fund, kemur varamaður í hans stað.
4. Við 5. gr. Í stað „143. gr. ..... í heimildarleysi“ komi: Ákvörðun Alþingis, er næst kemur saman.

## Ed. 822. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 33 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

4. gr. laga nr. 33 15. júní 1926 orðist svo:

Veita má mönnum ríkisborgararétt með lögum, en þó því aðeins, að þeir hafi verið búsettir hér á landi samfleytt 10 ár hin næstu áður en þeir beiddust ríkisborgararéttar og standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Þó er heimilt að veita manni, sem starfað hefir í þjónustu ríkis eða ríkisstofnana 5 ár óslitið, ríkisborgararétt, ef önnur skilyrði þessara laga eru fyrir hendi.

Ákvæði undanfarandi málsgreinar um búsetuskilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar taka ekki til þeirra manna, sem fæddir eru af íslenzku foreldri.

Engum má veita ríkisborgararétt, nema hann færi sönnur á það, að hann hafi aldrei orðið sekur um neitt það athæfi, sem hér á landi eða í heimalandi hans er talið svívirðilegt að almenningsáliti.

Enginn maður, sem með lögum hefir verið veittur ríkisborgararéttur, öðlast hann fyrr en hann hefir sannað það fyrir ríkisstjórninni, að hann sé að fullu leystur af hinu fyrra ríkisfangi sínu og öllum skyldum, sem af því leiðir. Sé þessi sönnun ekki fram komin innan 12 mánaða frá birtingu veitingarlaganna í A-deild Stjórnartíðindanna, eru þau, að því er þann mann snertir, fallin úr gildi sjálfkrafa.

Um konu manns, er ríkisborgararétt öðlast, og börn þeirra fer eftir 3. gr., og um óskilgetin börn konu eftir 1. gr., nema lögin láti öðruvísi um mælt.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal fella meginmál laga þessara og laga nr. 33 15. júní 1926 inn í lög nr. 21 frá 6. október 1919 og gefa þau svo út sem lög um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 823. Frumvarp

til laga um gengisviðauka.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1935 að innheimta með 25% viðauka tolla af allskonar áfengum drykkjum (sbr. 2., 3. og 4. tölulið 1. gr. laga nr. 41 27. júní 1921), gosdrykkjum allskonar, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, sódavatni, tegrasi, svo og af vitagjaldi, aukatekjum ríkissjóðs, þeim, er taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, stimpilgjaldi samkv. lögum nr. 75 27. júní 1921 og ennfremur af verðtolli (sbr. lög nr. 47 15. júní 1926, l. nr. 5 3. apríl 1928 og l. nr. 11 2. júní 1933), þó ekki af verðtolli af vörum þeim, er greinir í lögum nr. 83 19. júní 1933 og auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, og eigi heldur af skófatnaði, öðrum en lakk-, flos- og silkiskóm, og olíufatnaði.

Viðaukinn skal reiknaður þannig, að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast ½ eyrir eða hærra brot sem heill eyrir, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

Gengisviðauki sá á aukatekjum ríkissjóðs og stimpilgjaldi, er um ræðir í 1. gr., tekur þó ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem út eru gefin vegna framkvæmdar á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð. Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjaldið með 25% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.

## Ed. 824. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 771 [Útflutningsgjald].

I. Frá *Magnúsi Jónssyni.*

Á eftir „skattlagður“ kemur: með útflutningsgjaldi.

II. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Orðin „eða hafnarsjóði“ falli burt.

**Nd.** **825. Frumvarp**

**til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.**

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 70 27. júní 1921 hljóði svo:

Af öllum íslenzkum afurðum, öðrum en landbúnaðarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, með þeim undantekningum, sem getið er um í 2. gr., skal greiða útflutningsgjald í ríkissjóð, er nemi 1½% af verði afurðanna.

Til íslenzkra afurða telst afli, er skip, sem skrásett eru hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, 2. gr., svo hljóðandi:

Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli skal greiða í ríkissjóð kr. 1.00. Af hverjum 100 kg. af óþurrkuðum fiskúrgangi kr. 0.50. Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er út óunnin til bræðslu, kr. 0.25. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum, kr. 3.00, þó þannig, að ef þessar afurðir eru skattlagðar með útflutningsgjaldi til bæjarsjóðs eða hafnarsjóðs, þá greiðist í ríkissjóð gjald, er nemur því, sem á vantar kr. 3.00 af 100 kg.

Brot úr tolleiningu, sem er ½ eða meira, telst heil tolleining, en minna broti skal sleppt.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

3. gr.

4. gr., sem verður 5. gr., hljóði svo:

Til afurða þeirra, er í 1. og 2. gr. getur, telst og afli skipa, er eigi eru skrásett hér á landi, sem verkaður er eða fluttur milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiddur sé utan landhelgi.

Hverskonar aðgerð á afla telst verkun, t. d. ef afli er saltaður, ísaður, slægður o. s. frv.

Til téðra afurða telst ennfremur afli hér við land af skipum, sem ekki eru skrásett hér á landi, en hafa þó rétt til að veiða og verka afla í landhelgi. Ríkisstjórninni er þó heimilt, ef hún telur það nauðsynlegt vegna gagnkvæmra viðskiptasamninga, að undanþiggja gjaldi þessu þau þessara skipa, sem ekki taka höfn hér á landi á því almanaksári, sem þau að einhverju leyti stunda veiðar á hér við land.

4. gr.

Eftir 10. gr., sem verður 11. gr., kemur ný grein, svo hljóðandi:

1/12 hluti tekna þeirra, er fást samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal ganga sem framlag ríkissjóðs til ræktunarsjóðs Íslands, unz framlög ríkissjóðs til hans samkv. l. nr. 11 1925 og þessum lögum hafa numið samtals 1 millj. kr.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög nr. 11 29. maí 1925, um breyting á l. nr. 70 1921, um útflutningsgjald o. fl.

Lög nr. 60 27. júní 1921, um útflutningsgjald á síld o. fl.

Lög nr. 15 14. júní 1929.

Lög nr. 52 8. sept. 1931, 1. gr.

Lög nr. 27 11. nóv. 1899, um útflutningsgjald af hvalafurðum.

Lög nr. 58 19. júní 1933, um breyting á l. nr. 70 1921.

Lög nr. 2 5. jan. 1934, um breyting á l. nr. 52 1931.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þá er þau hafa öðlazt staðfesting konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 70 27. júní 1921, og gefa þau út að nýju svo breytt.

## Nd. 826. Breytingartillögur

við frv. til laga um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

   Fjármálaráðherra skal hafa yfirumsjón með stjórnum allra opinberra sjóða, sem staðfestir eru með lögum eða hafa hlotið staðfestingu konungs á skipulagsskrá sinni. Skal hann hafa sérstakt eftirlit með því, að með sjóðina sé farið eftir fyrirmælum skipulagsskrár, eða öðrum þeim reglum, sem um sjóðina gilda.

   Halda skal fjármálaráðuneytið sérstaka skrá yfir sjóði þessa, og skal leggja afrit hennar fyrir hvert reglulegt Alþingi.

   Ríkisendurskoðunin skal hafa á hendi nákvæma endurskoðun allra þeirra sjóða, sem hér um ræðir, og láta uppi álit sitt um stjórn þeirra og vörzlu. Skal birta alla reikningana árlega í B-deild Stjórnartíðindanna.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

   Stjórn þessara sjóða skal senda fjármálaráðuneytinu, áður en missiri er liðið frá lokum reikningsárs sjóðs hvers, reikning sjóðsins fyrir síðastliðið reikningsár. Getur ráðuneytið þá krafizt fyllri skýrslna um allan hag sjóðanna, og er sjóðstjórnum skylt að svara fyrirspurnum ráðuneytisins um hag sjóðanna og allan rekstur þeirra, eftir því sem föng eru á, áður en mánuður er liðinn frá því, er þeim fyrst barst slík fyrirspurn.
3. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

   Nú þykir fjármálaráðherra athugavert um fjárgæzlu sjóðs eða brotin skipulagsskrá hans, og gerir hann þá ráðstafanir til, að því verði hrundið í lag, sem ábótavant kann að vera.

4. Við 4. gr. Orðin „eftir ósk hinna þingkosnu eftirlitsmanna“ falli niður.
5. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um ávöxtun sjóða þeirra, er um ræðir í lögum þessum, sem tryggi það, að sjóðirnir séu alltaf ávaxtaðir á sem öruggastan og hagkvæmastan hátt.

## Ed. 827. Nefndarálit

um frv. til laga um lántöku fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er flutt af fjárhagsnefnd neðri deildar. Hefir nefndin athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1934.

| Jón Baldvinsson, form. | Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. | Magnús Jónsson. |
|---|---|---|

## Nd. 828. Frumvarp

til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Við sölu mjólkur og rjóma skal landinu skipt í svæði, er nefnist verðjöfnunarsvæði. Að jafnaði markar sú aðstaða verðjöfnunarsvæði, að hægt sé þar að selja daglega góða og óskemmda mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, einu eða fleirum, sem viðurkennd eru til þess af landbúnaðarráðherra, enda sé kaupstaður eða kauptún innan þeirra takmarka. Jafnframt skal mjólkursölunefndinni skylt, er verðjöfnunarsvæðin eru ákveðin, að taka tillit til þess, hvaða mjólkurbú hafa notið markaðar í hlutaðeigandi kaupstöðum eða kauptúnum.

Er öllum mjólkurframleiðendum óheimilt að selja mjólk eða mjólkurafurðir utan þess verðjöfnunarsvæðis, sem þeir eru á, sbr. þó 10. gr. Hér er þó undanskilin sala á osti, fullverkuðu súru skyri, smjöri, niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

2. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, sem viðurkennd verða til þess af landbúnaðarráðherra, skal gjald, er nefnist verðjöfnunargjald, lagt á alla neyzlumjólk og rjóma, sem selt er, hvort heldur frá mjólkurbúum, félögum eða

einstökum mönnum. Gjald þetta má nema allt að 5% af útsöluverði mjólkur og rjóma, en heimilt er þó að hækka gjaldið, ef sérstök þörf krefur, þó aldrei meira en allt að 8%, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Undanþegin verðjöfnunargjaldi er mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar og kauptúns, sem hún er seld í. Undanþágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara af túni og hlutfallslega fyrir brot úr hektara, sem framleiðandi notar til fóðurframleiðslu innan kaupstaðarins eða kauptúnsins.

3. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt í sérstakan sjóð fyrir hvert verðjöfnunarsvæði. Nefnast sjóðir þessir verðjöfnunarsjóðir. Verðjöfnunargjaldið skal greitt eftir á í byrjun hvers mánaðar, og má innheimta það með lögtaki hjá seljendum mjólkurinnar. Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á verðjöfnunarsvæðinu. Stjórn eða stjórnir mjólkurbúanna ákveða verðuppbætur, og geta þær verið misháar, eftir því hverjar afurðir hafa verið unnar úr mjólkinni.

4. gr.

Útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum á hverjum sölustað innan verðjöfnunarsvæðis skal ákveðið af 5 mönnum. Tveir þeirra skulu vera úr stjórn hlutaðeigandi mjólkurbús eða sölusamlags, tveir tilnefndir með hlutfallskosningu af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, en oddamann skipar landbúnaðarmálaráðherra.

Útsöluverð skal á hverjum tíma reiknað út, eftir því sem við verður komið, eftir vísitölum. Nánari ákvæði um þetta skulu sett með reglugerð.

5. gr.

Þar, sem aðeins eitt viðurkennt mjólkurbú er starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal það annast alla sölu og dreifingu á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðisins. Tekur þetta einnig til þeirrar mjólkur, sem undanþegin er verðjöfnunargjaldi samkv. 2. gr. 2. málsgr. Þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal öll sala og dreifing á þessum vörum fara fram frá einni sölumiðstöð. Heimilt skal þó þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða, að velja um, hvort þeir afhenda sölumjólk sína til samsölunnar og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkvæmt 2. gr., eða selja mjólk sína beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni fullt verðjöfnunargjald. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú. Þeim, sem selja mjólk sína beint til neytenda, er skylt að hlíta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti við framleiðslu og afhendingu mjólkurinnar, sem sett verða í reglugerð, er mjólkursölunefnd semur og landbúnaðarráðherra staðfestir. Heimilt er stjórn samsölunnar að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annara mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða. Skulu öll mjólkurbú og félög framleiðenda, sem samkvæmt lögum þessum taka þátt í sölusamtökum

á svæðinu, skipa stjórn, sem annast alla sölu og dreifingu og aðrar framkvæmdir sölusamlagsins.

Þar, sem svo stendur á sem segir í upphafi 1. málsgr., skal öðrum óheimilt að starfrækja sölubúðir með mjólk, rjóma og nýtt skyr í hlutaðeigandi kaupstað eða kaupstöðum. Sölustjórn getur, þyki henni sérstök ástæða til, veitt leyfi til að dreifa þar mjólk sem gjöfum eða heimilað framleiðanda að taka hana til eigin neyzlu utan heimilis síns. En framleiðanda er jafnan heimilt að taka til eigin neyzlu mjólk þá, er hann framleiðir á heimili sínu, án þess að hún gangi í gegnum sölumiðstöð eða gerilsneyðingarstöð.

Ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til, getur hún, að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, ákveðið, að vissar sveitir, hluti úr sveitum eða kauptún skuli tekin undir sölu- og dreifingarrétt mjólkurbúa eða sölumiðstöðva þeirra með þessar afurðir.

Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til þess að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum. Öll mjólk, sem seld er samkvæmt þessari grein, önnur en sú, sem framleidd er innan lögsagnarumdæma kaupstaða og seld beint til neytenda samkvæmt heimild 1. málsgreinar, svo og allur sölurjómi, skal vera gerilsneytt af viðurkenndum mjólkurbúum. Þó getur landbúnaðarráðherra veitt undanþágu um mjólk, sem seld er í kauptúnum og sveitum.

Um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum skulu sett ákvæði í reglugerð í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Sala á þeirri mjólk skal fara fram á sama hátt og sala á annari neyzlumjólk.

Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður af mjólkursölunefnd í samráði við stjórn heilbrigðismálanna um framleiðslu barnamjólkur.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, er sérstaklega stendur á, svo sem ef mjólkurbú rekur aðra óskylda starfsemi, að gera það skilyrði fyrir viðurkenningu eða starfsemi löggiltra mjólkurbúa, að þau taki til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn gegn sanngjörnu gjaldi eftir samningi eða hámarksverði, er ráðherra ákveður.

6. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna nefnd, til eins árs í senn, í fyrsta sinn til 1. maí 1935, til að hafa á hendi stjórn mjólkursölumála samkvæmt lögum þessum, og nefnist hún mjólkursölunefnd. Nefndin skal skipuð þannig: Stjórn Mjólkurbandalags Suðurlands tilnefnir 2 menn, skal annar tilnefndur af stjórnendum bandalagsins austan Hellisheiðar, en hinn af stjórnendum þess vestan heiðar. Samband ísl. samvinnufélaga tilnefnir 1 mann, bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefnir 1 mann, Alþýðusamband Íslands tilnefnir 1 mann og landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar 2 menn í nefndina, og skal hann skipa annan þeirra formann nefndarinnar. Fulltrúi bæjarstjórnar Reykjavíkur víkur sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annara kaupstaða eða kauptúna, og tekur þá sæti hans fulltrúi tilnefndur á sama

hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Nú vanrækir einhver aðili að tilnefna í nefndina, og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra mann eða menn í hans stað.

Fastir nefndarmenn séu búsettir í Reykjavík, eða svo nærri Reykjavík, að þeir geti mætt á fundum þar, þegar þörf krefur.

Þóknun til mjólkursölunefndar skal að $^3/_7$ hlutum greidd úr verðjöfnunarsjóðum og að $^4/_7$ hlutum úr ríkissjóði, og sé þóknunin ekki hærri en kr. 10,00 til hvers fundarmanns fyrir hvern fundardag. Annar óhjákvæmilegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum.

7. gr.

Störf mjólkursölunefndar eru aðallega þessi:

a. Að ákveða verðjöfnunarsvæðin.
b. Ákvörðun verðjöfnunargjalds og yfirumsjón með innheimtu þess, en falið getur hún innheimtuna stjórnum mjólkurbúa eða hverjum öðrum, er hún telur bezt henta.
c. Að hafa yfirumsjón með verðjöfnunarsjóðum og ákveða uppbætur úr þeim, ef stjórnir viðurkenndra mjólkurbúa á verðjöfnunarsvæði koma sér ekki saman um verðjöfnunina.
d. Að hafa eftirlit með því, að gætt sé fyllstu hagsýni og sparnaðar í rekstri mjólkurbúanna, og getur nefndin takmarkað verðuppbótina til þeirra búa, sem hún telur hafa óhæfilega háan rekstrarkostnað.
e. Að hafa yfirumsjón með samsölu mjólkur, sbr. 5. gr. Nú verður ágreiningur milli mjólkurbúa um skipun samsölustjórnar eða um annað, er lýtur að skipulagningu á verðlagssvæði, og sker þá mjólkursölunefndin úr.
f. Að hafa eftirlit með því, að mjólkurafurðir verði ekki fluttar til landsins, nema brýn nauðsyn beri til, enda sé innflutningurinn í höndum mjólkursölunefndar.
g. Að hafa eftirlit með vöruvöndun mjólkur og gefa fyrirskipanir, er að því lúta.

8. gr.

Skylt er mjólkurbúum og öðrum, sem verzla með mjólk og mjólkurafurðir, að láta mjólkursölunefnd í té og hverjum einstökum nefndarmanni, er kröfu kann að gera um það, allar upplýsingar og skýrslur, sem hún óskar eftir um sölu mjólkur, kostnað við sölu, flutninga og meðferð mjólkur og annað, sem nefndinni þykir máli skipta.

9. gr.

Nú eykst smjörframleiðsla í landinu svo, að erfitt verður að selja smjörið á venjulegan hátt, og skal þá blöndun á smjöri í smjörlíki koma til framkvæmda, eftir tillögum mjólkursölunefndar, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

10. gr.

Ef mjólk eða rjóma þarf að flytja til sölu milli verðjöfnunarsvæða, skal ekki greiða verðjöfnunargjald af þeim vörum á útsölustaðnum, ef sannað er, að það sé greitt á framleiðslusvæðinu.

Verði ágreiningur um heildsöluverð á þessum vörum, sker mjólkursölunefnd úr.

11. gr.

Mjólkursölunefnd getur leyft, að niður falli greiðsla verðjöfnunargjalds á einhverju verðlagssvæði, ef mjólkurframleiðendur á því svæði koma sér saman um ákveðið verð til framleiðenda á svæðinu með eða án ákveðinna hlutfalla í sölu mjólkur, rjóma og annara mjólkurafurða á aðalmarkaðsstöðum svæðisins eftir fjarlægð frá markaðsstöðunum og öðrum staðháttum.

12. gr.

Öll mjólk, sem viðurkennd mjólkurbú taka á móti til sölu eða vinnslu, skal metin eftir gæðum við móttöku og flokkuð til verðs. Við flokkunina skal að minnsta kosti taka tillit til fitumagns mjólkurinnar og gerlagróðurs í henni. Nánari ákvæði um þetta skal setja í reglugerð.

13. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara og starfsemi mjólkursölunefndar. Jafnframt er honum heimilt að ákveða í reglugerð sérstöðu kúabúa, sem rekin eru af bæjarfélögum eða ríki.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 10.00 og allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

Mjólk eða mjólkurvara, sem ráðstafað er gagnstætt ákvæðum laga þessara, skal upptæk gerð og andvirði hennar renna í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

Stjórnendur flutningatækja, sem flytja vísvitandi óleyfilega mjólk eða mjólkurvöru inn á sölusvæði, skulu sæta sektum fyrir brotið.

Mjólkursölunefnd getur svipt mjólkurframleiðanda rétti til beinnar sölu til neytenda (sbr. 5. gr.), ef henni þykir hann misbeita þeirri heimild sinni eða nota hana gagnstætt tilgangi laga þessara.

15. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Mjólkurafurðir þær, sem ráðstafað er gagnstætt ákvæðum laga þessara, skulu gerðar upptækar, og rennur andvirði þeirra í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

Stjórnendur flutningatækja, sem flytja vísvitandi óleyfilega mjólk eða mjólkurafurðir inn á sölusvæði, skulu sæta sektum fyrir brotið.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 47 26. október 1917, um mjólkursölu í Reykjavík, og lög nr. 97 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bág við lög þessi. Lög þessi skulu endurskoðuð ekki síðar en á reglulegu Alþingi 1936.

*Ákvæði um stundarsakir.*

Mjólkursölunefnd skal þegar sjá um, að hafinn verði undirbúningur til samsölu mjólkur, þannig að byrja megi að framkvæma söluna eigi síðar en um næstu áramót. Til þess tíma er framleiðendum mjólkur, þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laga þessara, heimilt að selja mjólk sína ógerilsneydda beint til neytenda innan bæjar eða sveitarfélags framleiðenda, en gjalda skulu framleiðendur til verðjöfnunarsjóðs samkvæmt lögum þessum, og skal gjaldið miðað við 2500 lítra mjólkurmagn árlega á hverja kú, sem slíkir framleiðendur hafa. Greiði framleiðendur þessir ekki verðjöfnunargjaldið á réttum tíma, getur mjólkursölunefnd svipt þá heimild til sölu mjólkur utan mjólkurbúanna.

Fyrst um sinn, til 1. maí 1935, skal stjórn samsölunnar á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar vera í höndum mjólkursölunefndar. Nú kemst á samkomulag milli mjólkurbúanna og félaga framleiðenda á þessu svæði um að taka stjórn samsölunnar í sínar hendur, og skal þeim það heimilt, ef samþykki landbúnaðarráðherra kemur til. Að öðrum kosti fer mjólkursölunefnd með þessi mál þangað til samkomulag þetta hefir komizt á, að dómi landbúnaðarráðherra.

## Ed. 829. Tillaga

til þingsályktunar um fræðandi erindi um áhrif tóbaksnautnar.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir og Bernh. Stefánsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta flytja fræðandi erindi um áhrif tóbaksnautnar við þá skóla, sem njóta ríkisstyrks, og haga þeim þannig, að almenningi gefist jafnframt kostur á að njóta fræðslunnar, eftir því sem við verður komið. Ennfremur sjá til þess, að ákvæðum fræðslulaga í þessum efnum sé fullnægt í barnaskólum landsins.

### Greinargerð.

Tóbaksnautn hefir vaxið allmjög hér á landi upp á síðkastið. Þjóðin eyðir árlega í tóbak svo hundruðum þúsunda króna skiptir. Tóbakstollurinn er nú áætlaður 1 milljón eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur. Er því sýnt, að notkun þessarar vörutegundar er orðin æðifrekleg vor á meðal. Sérstaklega

mun þó vindlinganotkun unga fólksins vera áberandi liður í þessum útgjöldum, enda mun það vera sjaldgæft, að minnsta kosti í kaupstöðum landsins, að unglingar á fermingaraldri, bæði piltar og stúlkur, séu ekki farnir að reykja.

Það er af öllum játað, og sannað með reynslunni, að tóbak, ekki síst vindlingarnir, hefir skaðleg áhrif, lamar andlegt og líkamlegt atgervi unglinga og barna. Fræðslulög vor mæla og svo fyrir, að börn skuli frædd um skaðsemi tóbaks engu síður en áfengis. En það er fjöldi unglinga, sem ekki virðist hafa fært sér þá fræðslu í nyt eða breyta eftir henni. Þykir því bera nauðsyn til að brjóta nýjar leiðir í þessu efni, ef verða mætti, að uppvaxandi kynslóðin, framtíð landsins, vaknaði til alvarlegrar íhugunar um þá hættu, sem henni stafar af tóbaksnautn.

Er þessi tillaga tilraun í þá átt, að stemma eitthvað ofurlítið stigu fyrir tóbaksnotkun unglinga, með því að benda þeim á og fræða þá um tjónið, er þeir búa sjálfum sér með vindlingareykingum.

## Nd. 830. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 802 [Bifreiðaeinkasala o. fl.].

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 2. tölulið. Orðið „mótorvélum“ falli niður.

## Nd. 831. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 28. nóv. 1919 og á l. nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Jóni Pálmasyni.

Á eftir „við Bjarnarfjörð“ í 5. málsgr. bætist nýr málsliður:
Lína frá Höfnum á Skaga að Ásbúðum.

## Sþ. 832. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935 og við brtt. á þskj. 813.

I. Frá *Guðbrandi Ísberg.*

1. Við 12. gr. 18. l. Nýr liður:
   Til greiðslu sjúkrakostnaðar vegna Norðmannsins Morton Myklebust ..... 1875,55
   *Til vara:* Til sjúkrahússins „Guðmanns minni“ Akureyri 1378,80
2. Við 14. gr. B. XVIII. 4.
   a. Í stað „5000“ kemur ..... 13000

b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af 10000 kr. til upphitaðrar sundlaugar á Akureyri (fyrsta greiðsla).

3. Við 15. gr. 29. Nýr liður:
Til Hallgríms Péturssonar, til útgáfu „Annáls 19. aldar“ 40 kr. á hverja fullprentaða örk, allt að ..... 2000

II. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Pétri Magnússyni.*
Við 16. gr. 1. (Atvinnubætur).
Fyrir „500000“ kemur ..... 400000

III. Frá *Guðbrandi Ísberg.*
Við 16. gr. 53. Nýr liður:
Til undirbúningsrannsókna vegna fyrirhugaðrar rafveitu fyrir Akureyri og nærliggjandi sveitir, ⅕ kostnaðar, allt að ..... 8000

IV. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Pétri Magnússyni.*
Við 18. gr. II. f. 22. (Jón Jónsson póstur).
Fyrir „200“ kemur ..... 300

V. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Magnúsi Torfasyni.*
Við 18. gr. II. i. 69. Liðurinn orðist svo:
Til Sigríðar Gísladóttur, ekkju Kristjáns Kristjánssonar skjalavarðar Alþingis, 300 kr., og með hverju barni þeirra til 16 ára aldurs 100 kr. ..... 1200

VI. Frá *Gísla Guðmundssyni* og *Bjarna Bjarnasyni.*
Við brtt. 813, 9 (Við 22. gr. IV.).
Á eftir orðunum „Að lækka laun“ komi í stað þess, sem eftir er af meginmáli tillögunnar: (að meðtöldum launauppbótum) þeirra opinberra starfsmanna, sem hafa yfir 8000 kr., niður í 8000 kr. og að setja það skilyrði fyrir greiðslu ríkisstyrkja og ábyrgðum til fyrirtækja og bæjar- eða sveitarfélaga, að þeir aðilar, sem styrkur eða ábyrgð er veitt, greiði engum starfsmanni sínum meira en 8000 kr. árslaun. Ennfremur að framkvæma að öðru leyti lækkun á launum þeirra manna, sem starfa hjá ríkinu og stofnunum þess, en taka ekki laun samkvæmt launalögum, enda sé sú lækkun tilsvarandi og gerð eftir sömu reglum og lækkun dýrtíðaruppbótar á laun samkvæmt launalögum.

Ríkisstjórnin gerir þegar í stað ráðstafanir til, að lækkanir þessar komi svo fljótt til framkvæmda sem unnt er.

## Nd. 833. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 795 [Samkomudagur Alþingis].

Frá Sigfúsi Jónssyni.

Við 2. b. Í stað orðanna „60 daga“ komi: 70 daga.

## Ed. 834. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 811 [Fólksflutningar með bifreiðum].

Frá Jónasi Jónssyni.

Fyrri brtt. orðist þannig:

Ráðherra getur einnig látið sérstök ákvæði gilda um mannflutninga samkvæmt þessum lögum, á bifreiðum, sem hafa fasta flutninga á framleiðsluvörum bænda að aðalstarfi.

## Nd. 835. Frumvarp

til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Allar venjulegar námsbækur, sem á hverjum tíma eru löggiltar til kennslu í barnaskólum, skulu gefnar út og seldar af ríkinu.

Nú býðst útgefandi til að taka að sér útgáfu löggiltrar kennslubókar, og er þá heimilt að taka boði hans, ef hann fullnægir skilyrðum útgáfustjórnar um frágang bókar og verð, enda fari um sölu hennar eftir fyrirmælum 5. gr.

2. gr.

Yfirstjórn ríkisútgáfu skólabóka skipa þrír menn: fræðslumálastjóri, sem er formaður stjórnarinnar, og 2 menn tilnefndir til 3 ára í senn, annar af stjórn Sambands ísl. barnakennara, en hinn skipar kennslumálaráðherra, og skal hann skipaður með sérstöku tilliti til þess, að geta verið ráðunautur útgáfustjórnar um kennslubækur til notkunar í æðri skólum (sbr. 7. gr.). Heimilt er kennslumálaráðherra að ákveða útgáfustjórninni þóknun fyrir starf hennar, og greiðist sú þóknun úr ríkissjóði.

3. gr.

Útgáfustjórn sér um, að jafnan sé til nægilegt af þeim bókum, sem gefa skal út, og nægur forði á þeim stöðum, þar sem nota skal bækurnar. Hún semur um útgáfurétt og ritlaun, prentun, bókband og útsendingu, ákveður útsöluverð bókanna, sér um innheimtu andvirðis og annað það, sem að útgáfunni lýtur. Heimilt er útgáfustjórn að fela ríkisprentsmiðjunni eða öðrum, sem til þess er ráðinn, útsendingu, innheimtu og annað, sem að heildsölu lýtur, enda skulu greiðslur fyrir þau störf taldar til útgáfukostnaðar.

4. gr.

Útsöluverð bókanna skal ákveðið sem næst kostnaðarverði. Skal leitast við að gera útgáfu bókanna ódýra, en þó vandaða.

5. gr.

Sala bókanna skal falin bóksölum, eða, ef nauðsyn krefur, skólastjórum eða öðrum, sem þeir mæla með. Þóknun fyrir bóksölu má nema allt að 20% af útsöluverði við umboðssölu, en 25% gegn greiðslu við móttöku. Útgáfustjórnin setur reglur um reikningsskil af hálfu þeirra, er bækurnar hafa til sölu, og tryggingar fyrir greiðslu andvirðis bókanna.

6. gr.

Ríkissjóður leggur fram til útgáfunnar kr. 8000.00 — átta þúsund krónur — á ári í 6 ár frá því að útgáfan tekur til starfa. Af stofnfé þessu skulu engir vextir greiddir. Ef útgáfan þarf á meira starfsfé að halda, lánar ríkissjóður það gegn 6% ársvöxtum.

7. gr.

Auk kennslubóka þeirra, sem löggiltar eru til notkunar í barnaskólum á hverjum tíma, er stjórn útgáfunnar heimilt að ákveða að gefa út og selja á sama hátt skólabækur til notkunar í hærri skólum. Ennfremur skal henni heimilt að gefa út og hafa til sölu landabréf, veggmyndir og skólanauðsynjar. Þó skulu kennslubækur fyrir barnaskóla að jafnaði ganga fyrir, sbr. 1. gr.

8. gr.

Stjórn útgáfunnar rannsakar, hve miklar birgðir séu til af þeim bókum, sem löggiltar hafa verið til notkunar í barnaskólum, og gefa skal út samkvæmt lögum þessum. Jafnframt rannsakar hún, hve mikil sé árleg meðalsala hverrar bókar, og ákveður, hve langan tíma eigendur slíkra upplaga megi selja bækurnar. Loks sér útgáfustjórn um, að nýjar útgáfur verði til jafnskjótt sem eldri útgáfur þrjóta, eða að komnar séu á markað nýjar bækur, sem löggiltar kunna að hafa verið í stað hinna eldri.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ.

## 836. Nefndarálit

um kæru út af kosningunni í Skagafjarðarsýslu.

Frá meiri hl. kjörbréfanefndar.

Við talningu atkvæða í Skagafjarðarsýslu 26. júní þ. á., á atkvæðum frá alþingiskosningunum, sem fram fóru 24. júní þ. á., varð ágreiningur um fjóra atkvæðaseðla á milli umboðsmanna Sjálfstæðisflokksins og frambjóðenda Framsóknarflokksins. Umboðsmenn Sjálfstfl. mótmæltu öllum þessum seðlum, en frambjóðendur Framsóknarfl. kröfðust þess, að þeir yrðu allir teknir gildir, og tóku jafnframt fram, að ef yfirkjörstjórnin skyldi úrskurða seðlana ógilda,

óskuðu þeir eftir úrskurði Alþingis í málinu. Atkvæðaseðla þessa úrskurðaði yfirkjörstjórn alla ógilda. Á grundvelli þess úrskurðar urðu úrslit kosningarinnar þau, að frambjóðandi Sjálfstæðisfl., Jón Sigurðsson, hlaut jafna atkvæðatölu og frambjóðandi Framsóknarfl., sr. Sigfús Jónsson, hvor 911 atkv., og fór síðan fram hlutkesti samkv. 119. gr. kosningalaganna, með þeim úrslitum, að sr. Sigfús Jónsson hlaut kosningu. Alþingi hefir úrskurðað kosningu hans gilda, en vísað ágreiningnum um fyrrgreinda 4 atkvæðaseðla til kjörbréfanefndar.

Nefndin hefir athugað þau gögn, sem hún hefir fengið í hendur um mál þetta, sem eru útskrift úr gerðabók yfirkjörstjórnarinnar í Skagafjarðarsýslu, bréf hreppstjóra Lýtingsstaðahrepps, dags. 25. júní þ. á., fylgibréf atkvæðaseðlanna nr. 4601 og 4602, einn utankjörfundarseðill og einn kjörfundarseðill. Hefir meiri hl. við þá athugun komizt að þessari niðurstöðu:

Utankjörfundarseðlana nr. 4601, Hermann Stefánsson, Brekkukoti, og nr. 4602, Herselía Sveinsdóttir, Ytri-Mælifellsá, ber að taka gilda. Hér er ekki um annan galla að ræða en þann, að greindir 2 kjósendur hafa ekki undirritað fylgibréfin, en það er sannað með vottorði hreppstjórans í Lýtingsstaðahreppi og þeirra vitundarvotta, sem lögum samkvæmt hafa skrifað undir fylgibréf greindra kjósenda, að kjósendur þessir fengu fylgibréfin afhent ásamt umslögunum, eftir að hreppstjóri hafði útfyllt allt, sem honum bar, svo að þeir gætu kosið í einrúmi og lokað síðan umslögunum með fylgibréfinu og sjálfir sett þau í kjörkassann. Hefir því kosningin farið að öllu lögformlega fram, nema að því leyti, að kjósendur sjálfir hafa gleymt að skrifa nöfn sín á fylgibréfið, og virðist ekki rétt að láta slíka vangá varða ógildingu atkvæða þeirra. Að hreppstjóri skrifaði á umslögin fyrir þau, er algert aukaatriði. En rétt virðist út af þessu að áminna utankjörstjórnarkjörstjóra um að gæta vel allra formsatriða.

Þá virðist rétt að taka gildan utankjörfundarseðil, sem yfirkjörstjórn las sem „Steingrímur Sigfússon“, en kjósandi hefir greinilega ætlað að skrifa „Steingrímur Sigfús séra“. Getur sá seðill ekki átt við aðra af frambjóðendum í Skagafjarðarsýslu heldur en Steingrím Steinþórsson og sr. Sigfús Jónsson, og er því ekkert um að villast.

Fjórða seðilinn, sem yfirkjörstjórn úrskurðaði ógildan, en það er kjörfundarseðill, þar sem 2 krossar standa á strikinu á milli Magnúsar Gíslasonar, frambjóðanda Bændafl., og Sigfúsar Jónssonar, frambjóðanda Framsóknarfl., virðist rétt að meta gildan, þar sem krossarnir fara eigi út fyrir reiti þeirra Magnúsar Gíslasonar og Sigfúsar Jónssonar, og það virðist því greinilegur vilji kjósandans að kjósa greinda frambjóðendur, enda þótt svo óhönduglega hafi tekizt, að krossarnir báðir hafa lent á strikunum á milli reitanna.

Afleiðing framanritaðrar niðurstöðu verður þá sú, að Sigfús Jónsson, frambjóðandi Framsóknarflokksins, hefir við kosninguna hlotið 2 gild atkvæði í viðbót við þau 911 atkvæði, sem yfirkjörstjórn viðurkenndi. Bar honum því kjörbréf, án þess að hlutkesti færi fram, sem 2. þm. Skagfirðinga, því Jón Sigurðsson, frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins, hafði aðeins 911 atkvæði. Meiri hl. hefir hinsvegar ekki viljað opna atkvæðaseðla þá, sem fylgja fylgi-

bréfunum nr. 4601 og 4602, því hann telur, að með því sé brotinn leyndarréttur þeirra tveggja kjósenda, sem hér eiga hlut að máli.

Að lokum leyfir meiri hl. sér, með skírskotun til framanritaðs, að leggja fyrir Alþingi svofellda

TILLÖGU:

Alþingi telur, að ógildingarúrskurður yfirkjörstjórnar Skagafjarðarsýslu á 4 atkvæðum frá alþingiskosningunum 24. júní þ. á. sé rangur og yfirkjörstjórn hafi borið að veita Sigfúsi Jónssyni kjörbréf sem 2. þm. Skagfirðinga, án undangengins hlutkestis.

Alþingi, 14. des. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Bergur Jónsson, form., frsm. | Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskrifari. | Einar Árnason. |

**Nd.** **837. Lög**

um lán úr byggingarsjóði handa Byggingarfélagi Reykjavíkur, samvinnuhlutafélagi í liquidation.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.).

Samhljóða þskj. 648.

**Ed.** **838. Lög**

um framlenging á gildi laga nr. 52 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.).

Samhljóða þskj. 213.

**Sþ.** **839. Fjáraukalög**

fyrir árið 1932.

(Afgreidd frá Sþ. 15. des.).

Samhljóða þskj. 2.

**Sþ.** **840. Fjáraukalög**

fyrir árið 1933.

(Afgreidd frá Sþ. 15. des.).

Samhljóða þskj. 595.

## Sþ. 841. Þingsályktun

um sölu á íslenzkum afurðum í Danmörku.

(Afgreidd frá Sþ. 15. des.).

Samhljóða þskj. 721.

## Nd. 842. Breytingartillaga

við frv. til laga um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Frá Jakob Möller.

4. gr. orðist svo:
Lög þessi koma til framkvæmda 1. janúar 1937.

## Nd. 843. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðaútflutningsskýrslur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1934.

Finnur Jónsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.
Páll Þorbjörnsson. Sigurður Kristjánsson.

## Sþ. 844. Nefndarálit

um till. til þál. um verzlunarerindreka í Mið-Evrópu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin mælir með, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1934.

Jónas Jónsson, form. Jónas Guðmundsson, frsm. Sig. Einarsson, fundaskrifari.
Þorbergur Þorleifsson. Magnús Guðmundsson. Jón Sigurðsson.
Pétur Ottesen. Þorsteinn Þorsteinsson. Bjarni Bjarnason.

## Ed. 845. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Í stað „6. lið“ í 1. gr. komi: c-lið.

Alþingi, 15. des. 1934.

Páll Hermannsson, form., frsm. Jón Baldvinsson, fundaskr. Þorsteinn Briem. Með fyrirv. Jónas Jónsson. Með fyrirvara.

## Ed. 846. Nefndarálit

um frv. til laga um eftirlit með opinberum rekstri.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna (PM) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins sökum forfalla.

Alþingi, 17. des. 1934.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

## Ed. 847. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

Frá Páli Hermannssyni og Jóni Baldvinssyni.

Fyrir „Búnaðarfélags Íslands“ í annari efnismálsgrein kemur: mjólkursölunefndar.

## Ed. 848. Breytingartillögur

við frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá Magnúsi Jónssyni og Þorst. Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgr., er svo hljóðar:
   Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga með bifreiðum til skemmtiferða eingöngu.

2. Við 5. gr. Í stað „og sé óframseljanlegt“ í staflið a. kemur: og sé framseljanlegt með leyfi póstmálastjórnarinnar.
3. Við 8. gr. Við 1. málsgr. bætist: Skal í sérleyfi skýrt afmarkað það svæði, sem strætisvögnum er heimilt að aka um, enda miðist það við umferð í bænum og næsta umhverfi.

## Ed. 849. Lög

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.).

Samhljóða þskj. 719.

## Ed. 850. Lög

um lántöku fyrir ríkissjóð.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.).

Samhljóða þskj. 722.

## Ed. 851. Lög

um breyting á lögum nr. 33 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.).

Samhljóða þskj. 822.

## Ed. 852. Lög

um vátryggingar opinna vélbáta.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.).

Samhljóða þskj. 777.

## Ed. 853. Þingsályktun

um rannsókn á skemmdum á öldubrjótnum í Bolungavík.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.).

Samhljóða þskj. 803.

**Ed.** **854. Frumvarp**

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á eftirtöldum vöruflokkum:

a. Bifreiðum allskonar og bifhjólum, hvort heldur er til mannflutninga eða vöruflutninga.
b. Bifreiða- og bifhjólahlutum, þar með töldum hjólbörðum (tires) og slöngum.
c. Rafvélum og áhöldum, raflagningarefni. Skal undir þann flokk aðallega telja: Rafhreyfla, rafala, aðrar rafvélar og rafvélahluta, rafgeyma og rafhlöður, raflampa, glólampa (ljósakúlur), rafmæla, rofa og vör (öryggi), raflagnapípur, dósir, tengla og annarskonar búnað raflagna, boglampa, glimlampa, einangrara, hnappa, völur, spenna (transformatora), strenghólka allskonar, loftskeytatæki, dýptarmæla, röntgentæki, talsíma- og ritsímaáhöld, eirvír og vafinn vír, snúrur og strengi (kabil) úr eir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á einum framantalinna vöruflokka án þess að hinir fylgi með, og henni er einnig heimilt að taka einkasölu á einstöku vörutegundum innan vöruflokka þeirra, sem getur í 1. gr., án þess að tekin sé einkasala á þeim vöruflokki öllum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð allt nánara skipulag einkasölunnar, þar á meðal, hversu fer um vörur þær, sem um ræðir í 1. gr. og óseldar eru í landinu þegar einkasalan hefst.

4. gr.

Ríkisstjórnin leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölunnar, svo og til viðgerðarverkstæða fyrir bifreiðar, eftir því sem þykir þurfa, og er henni heimilt að taka það að láni. Heimilt skal ríkisstjórninni að leggja rekstur einkasölunnar að nokkrum hluta eða að öllu leyti undir þær ríkiseinkasölur eða ríkisstofnanir, sem fyrir eru.

Verzlunarhagnaður af einkasölunni rennur í ríkissjóð.

30% af verzlunarhagnaðinum greiðir ríkissjóður bæjar- og sýslusjóðum þannig: 10% renna til bæjarsjóðs þess kaupstaðar, sem einkasalan hefir aðalaðsetur í, en 20% skiptast eftir mannfjölda milli bæjarsjóða annara kaupstaða og sýslusjóða.

Skatt þennan greiðir ríkissjóður bæjarsjóðum og sýslusjóðum 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs. Af einkasölum þeim, er settar verða á stofn samkvæmt lögum þessum, greiðist þá og eigi skattur samkv. 2. gr. laga nr. 47 4. júní 1934, um aukaútsvar ríkisstofnana.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—50000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum. Hver sá hlutur, sem ræðir um í 1. gr. a—c og ólöglega er fluttur inn í landið, skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasölunnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 855. Tillaga

til þingsályktunar um skipulagsuppdrátt Reykjavíkur í sambandi við þjóðleikhúsbygginguna og Háskóla Íslands.

Flm.: Jónas Jónsson og Jón Baldvinsson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að tryggja það í skipulagi Reykjavíkurbæjar, að ekki verði lagður umferðarvegur þvert yfir háskólalóðina, og að ákveðið verði að gera torg framan við þjóðleikhúsið, milli Hverfisgötu og Laugavegar.

Greinargerð.

Komið hefir til mála að gera umferðargötu fram með hinum nýbyggðu stúdentagarði, suður að Skerjafirði, en þá yrði skorin sundur háskólalóðin, til mikils tjóns fyrir framtíðarskipulag þeirrar stofnunar.

Þjóðleikhúsið er byggt á þeirri einu lóð á Arnarhólstúni, sem var nógu stór fyrir það, en þykir þar meira innibyrgð heldur en góðu hófi gegnir. Eina ráðið til að bæta úr því er að tryggja það, að timburhús þau, sem nú standa framan við þjóðleikhúsið, milli Hverfisgötu og Laugavegar, verði ekki endurbyggð. Er nauðsynlegt að hafa allstórt torg framan við slíka byggingu, ekki síst er bærinn stækkar til stórra muna, sem vænta má í framtíðinni.

## Nd. 856. Breytingartillögur

við frv. til l. um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Frá Thor Thors og Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Þeir opinberir embættis- og starfsmenn, sem eru á aldrinum 65—70 ára, er lög þessi öðlast gildi, skulu þó ekki skyldir að víkja úr stöðum sínum fyrr en þeir eru fullra 70 ára.
2. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1936.

**Nd.** **857. Lög**

um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.).

Samhljóða þskj. 825.

**Nd.** **858. Lög**

um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.).

Samhljóða þskj. 707.

**Nd.** **859. Áfengislög.**

(Afgreidd frá Nd. 17. des.).

Samhljóða þskj. 790.

**Ed.** **860. Lög**

um breyting á lögum nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.).

Samhljóða þskj. 685.

**Nd.** **861. Þingsályktun**

um að auka ljósmagn Vestmannaeyjavitans á Stórhöfða.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.).

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess að auka ljósmagn Vestmannaeyjavitans á Stórhöfða fyrir næstu vertíð, svo fljótt sem því má við koma, og sé til þess varið fé af því, sem veitt verður til vitamálanna í fjárlögum fyrir næsta ár.

**Ed.** **862. Lög**

um heimild handa skipulagsnefnd atvinnumála til þess að krefjast skýrslna o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.).

Samhljóða þskj. 554.

**Ed.** **863. Lög**

um gengisviðauka.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.).

Samhljóða þskj. 823.

**Nd.** **864. Lög**

um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.).

Samhljóða þskj. 806.

**Nd.** **865. Þingsályktun**

um miðunarstöð í Vestmannaeyjum.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma upp miðunarstöð í Vestmannaeyjum svo fljótt sem unnt er. Stofnkostnaður greiðist af fé því, sem ætlað er í fjárlögum til byggingar nýrra vita.

**Nd.** **866. Viðaukatillaga**

við brtt. á þskj. 511 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við till. bætist: með stöð á Þúfum.

**Ed.** **867. Þingsályktun**

um endurskoðun laga um atvinnu við siglingar og við vélgæzlu á gufuskipum og mótorskipum.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.).

Samhljóða þskj. 810.

**Nd.** **868. Breytingartillögur**

við frv. til l. um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við 1. málsgrein komi: nema ráðherra þyki annar tími á árinu hagkvæmari vegna mannaskipta við störfin.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.

## Ed. 869. Breytingartillögur

við frv. til laga um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Stofna skal síldarútvegsnefnd, skipaða 5 mönnum og 5 til vara. Sameinað Alþingi kýs 3 menn hlutfallskosningu, Alþýðusamband Íslands einn, og einn skal kosinn af síldarútvegsmönnum, eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt. Atvinnumálaráðherra skipar formann úr hópi hinna þingkosnu nefndarmanna. Kosningin gildir til þriggja ára, en skipun formanns til eins árs. Nefndarmenn eða varamenn þeirra skulu allir dvelja á Siglufirði yfir síldveiðitímann. Nú vanrækir aðili að tilnefna mann í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað. Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk eftir því sem nauðsyn krefur. Laun nefndarmanna ákveður ráðherra, og greiðast þau úr ríkissjóði.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

   Síldarútvegsnefnd löggildir síldarútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma.

   Til þess að geta fengið löggildingu sem síldarútflytjandi, skal hlutaðeigandi fullnægja ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu, ef um einstakling er að ræða, eða ef um félag er að ræða, að vera skrásett lögum samkvæmt sem hlutafélag, samvinnufélag eða sölusamlag síldarframleiðenda, opið öllum síldarframleiðendum, enda ráði umsækjandi yfir því lágmarksmagni síldar, er nefndin ákveður.

   Nú hefir sölusamlag síldarframleiðenda eða samvinnufélag umráð yfir 75% af síldarframleiðslu landsmanna, eða sama hundraðshluta af síld, sem verkuð er með sérstakri verkunaraðferð, og getur síldarútvegsnefnd þá ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháan eða hærri hundraðshluta af síldarframleiðslunni eða þeirri sérverkuðu síld, er það hefir umráð yfir, enda sé þá æðsta vald í félagsmálum hjá félagsfundum og atkvæðisréttur félagsmanna miðist eigi nema að nokkru leyti við síldarmagn, svo að enginn þeirra geti farið með meira en $\frac{1}{20}$ af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra á fundum þess.
3. Við 11. gr. Í stað „2. málsgr. 4. gr.“ komi: 3. málsgr. 4. gr.

## Nd. 870. Breytingartillögur

við frv. til l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „eina kú“ í 2. málsgr. komi: 3000 lítra.
2. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefnir 1 mann“ komi: bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefnir 2 menn.

b. Í stað orðanna „landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar 2 menn í nefndina, og skal hann skipa annan þeirra formann nefndarinnar. Fulltrúi bæjarstjórnar Reykjavíkur víkur sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annara kaupstaða eða kauptúna, og tekur þá sæti hans fulltrúi tilnefndur á sama hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd“ komi: landbúnaðarráðherra skipar 1 mann í nefndina, og er hann formaður hennar. Fulltrúar bæjarstjórnar Reykjavíkur víkja sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annara kaupstaða eða kauptúna, og taka þá sæti þeirra fulltrúar tilnefndir á sama hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

c. Í stað síðustu málsgreinar komi:

Þóknun til mjólkursölunefndar og annar óhjákvæmilegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr verðjöfnunarsjóði. Þóknunin sé ekki hærri en kr. 10,00 til hvers nefndarmanns fyrir hvern nefndarfund.

## Nd. 871. Breytingartillögur

við frv. til l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma.

Frá Jóni Pálmasyni og Guðbrandi Ísberg.

1. Við 2. gr. Fyrir „8%“ komi: 6%.
2. Við 4. gr. Greinin falli burt og greinatala breytist skv. því.
3. Við 5. gr., sem verður 4. gr.:
   a. Á eftir orðunum „3000 lítra ársnyt úr hverri kú“ í 1. málsgr. komi: að frádregnum 1800 lítrum hjá hverjum mjólkurframleiðanda til heimilisnota.
   b. Fyrir „og félög framleiðenda“ í síðasta málsl. sömu málsgr. komi: og félag mjólkurframleiðenda innan lögsagnarumdæmis sölustaðar.
   c. Aftan við greinina bætist: enda sé bændum frjálst að flytja mjólk sína og rjóma til hvers þess mjólkurbús, sem þeir óska, á sama verðjöfnunarsvæði.
4. Við 6. gr.
   a. Í stað „Alþýðusambands Íslands .... formann nefndarinnar“ í 3. málsl. 1. málsgr. kemur: Alþýðusamband Íslands tilnefnir 1 mann, félag mjólkurframleiðenda innan bæjarfélags, þar sem aðalsala fer fram, tilnefnir 1 mann og landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar 1 mann í nefndina, og skal hann vera formaður nefndarinnar.
   b. Á eftir „bæjarstjórn eða hreppsnefnd“ í næstsíðasta málsl. sömu málsgr. komi: Sama gildir um þá fulltrúa, sem mjólkurframleiðendur tilnefna, að þá taka sæti fulltrúar frá tilsvarandi aðilum.
   c. Síðasta málsgr. orðist svo:

Ríkissjóður greiðir borgun til formanns nefndarinnar, en annar

nauðsynlegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af verðjöfnunarsjóði.

5. Við 7. gr.
   a. Á eftir a-lið kemur nýr liður, sem verður b-liður, svo hljóðandi:
      Að ákveða á hverjum tíma útsöluverð mjólkur og mjólkurafurða á hverjum sölustað, sem lögin ná til. Skal söluverð reiknað út eftir verðvísitölum í samræmi við framleiðslukostnað, eftir því sem við má koma. Séu nánari ákvæði sett um það í reglugerð, eftir tillögum mjólkursölunefndar.
   b. b-liður verði c-liður, c-liður verði d-liður og d-liður verði e-liður.
   c. e-liður falli burt.
6. Við 15. gr. 2. málsgr. falli burt.
7. Ákvæði um stundarsakir falli burt.

## Ed. 872. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 40 7. maí 1928, um breyt. á l. nr. 43 20. júní 1923 [Jarðræktarlög].

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta var flutt snemma á þingi og mun hafa verið með fyrstu frv., er þingmenn báru fram. Landbúnaðarnefnd hefir sent frv. Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar, og hefir Búnaðarfélagið mælt með því, að frv. yrði samþykkt. Þá samþykkti meiri hl. nefndarinnar að senda frv. ráðuneytinu til umsagnar, en umsögn þess er ókomin enn. Sér minni hl. því ekki fært að bíða lengur eftir því, að nefndin í heild sinni taki afstöðu til málsins, og gefur út sérstakt minnihlutaálit.

Í frv. felast þessar breytingar helztar frá því, sem nú er í lögum:

Styrkur fyrir safnþrær, framræslu og matjurtagarða hækkar um 50 aura á dagsverk. Styrkur til votheystófta hækkar úr 50 aurum upp í 2 kr. á dagsverk. Styrkur til hlöðubygginga hækkar um 50 aura á dagsverkið, og eru jafnframt rýmkuð skilyrði fyrir styrkveitingunni, þannig að bændur fái einnig styrk fyrir hlöður úr öðru efni en steinsteypu, ef þær eru gerðar eftir reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur um tilhögun og frágang bygginganna.

Þá eru í frv. m. a. ákvæði um hækkun á styrk til kaupa á jarðræktarvélum, og loks ákvæði í þá átt, að leiguliðar á þjóðjörðum og kirkjujörðum njóti tilsvarandi hækkunar á þeim jarðabótum, er ganga til greiðslu eftirgjaldsins.

Minni hlutinn telur þær breytingar, sem í frv. felast, taka einmitt til þeirra umbóta á jörðunum, sem mest nauðsyn er á að hvetja bændur betur en nú til að vinna, til þess að búreksturinn fái orðið ódýrari og gefið meiri og vissari arð.

Eftir útreikningi Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra nemur útgjaldaauki skv. frv. um 50 þús. kr. á ári. Og hefir meiri hluti nefndarinnar

ekki fært aðrar ástæður gegn frv. en að eigi hafi verið séð fyrir tekjuauka til að standast þessi útgjöld. En þing þetta hefir nú þegar afgreitt eða er að afgreiða frumvörp um tekjuauka, sem mun nema samtals um tveimur milljónum króna. Og virðist þá ekki ósanngjarnt, að $^1/_{10}$ hluta þess tekjuauka a. m. k. sé varið til þess að styrkja bændur landsins lítið eitt betur en nú er, til þess að geta dregið úr kaupum erlends áburðar og tryggt betur afrakstur ræktaða landsins og varðveitt hann sem auðið er frá efnarýrnun.

Fái núverandi þingmeirihluti eigi séð sér fært að verja 2½% af hinni nýju tekjuviðbót til þessa, þá hefir ríkisstjórnin þau ráð í hendi, að færa laun gamalla og nýrra starfsmanna ríkisins, sem eru utan launalaga, meir til samræmis við laun þeirra starfsmanna, er taka laun samkvæmt launalögum. En þau laun lækka nú allmikið við það, að dýrtíðaruppbót fellur niður, nema af lægstu laununum. Mundi við það sparast a. m. k. sem nemur þeim útgjaldaauka, er frv. þetta hefir í för með sér. En vilji nú stjórnin eða þingmeirihlutinn hvoruga þessa leið fara, þá hefir með breytingartillögu við frv. til laga um bráðabirgðafrestun nokkurra laga verið bent á leið til að standast þessi útgjöld.

Minni hlutinn fær því ekki litið svo á, að ástæður meiri hlutans gegn frv. hafi við gild rök að styðjast. Fáir bændur geta gert þær framkvæmdir, sem hér um ræðir, án aðkeyptrar vinnu. Er þá á það að líta, að almennt kaupgjald í sveitum hefir nú víðast hækkað sem nemur *öllum* þeim styrk, sem veittur er á jarðabótadagsverkið, og sumstaðar miklu meira. Er því þörfin enn brýnni, að tekið sé tillit til þessa í styrkveitingum til jarðabótanna, og þá eigi síst þeirra, er hér um ræðir og mest ríður á.

Minni hlutinn leggur því eindregið til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1934.

Þorsteinn Briem, frsm. Pétur Magnússon.

## Nd. 873. Nefndarálit

um frv. til laga um fyrning verzlunarskulda og um vaxtatöku af verzlunarskuldum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu, eins og greint er á þskj. 697, og telur minni hl., að frv. þetta hafi fullan rétt á sér og að mikil þörf sé á því í viðskiptum landsmanna eins og nú er komið, að gerð sé alvarleg gangskör að því, að stemma stigu fyrir söfnun verzlunarskulda, og mikilvæg spor í þá átt yrðu ákvæði þessa frv., ef að lögum yrðu. Það er ómótmælanlegt, að stuttur fyrningarfrestur á þessum skuldum mundi reisa nokkrar skorður við verzlunarskulda-farganinu og, í sambandi við bannið við vaxtatöku, sem og er lagt til að verði lögleitt með frv., verða öruggasta ráðið til þess að ná því takmarki að fullu, að slík skulda-

söfnun geti ekki átt sér stað til langframa. Hitt er annað mál og eðlilegt, að hvorki sé rétt eins og ástatt er, né heldur kleift að sporna við því að fullu og öllu, að viðskiptamenn skuldi við verzlun eða fyrir úttekt um styttra tímabil, enda gerir frv. ráð fyrir þessu og setur í því skyni fyrningarfrestinn 2 ár, sem með vissu er fullríflegt.

Umsagnir þær, sem nefndin hefir aflað sér hjá nokkrum aðilum hér í Rvík og prentaðar eru með nál. meiri hl., geta ekki skorið úr um það, hver eigi að verða örlög þessa frv. Að vísu viðurkennir Verzlunarráðið o. fl. góðan og réttmætan tilgang frv., og fer m. a. um það þessum orðum: „Af frumvarpinu sjálfu, svo og greinargerð þeirri, er því fylgir, má glögglega sjá, að frá hendi flutningsmanna ber að skoða það sem tilraun til að koma á almennari staðgreiðslu í viðskiptum en hingað til hefir verið, þ. e. skuldlausri verzlun. Með réttu er á það bent í greinargerðinni, að lánsviðskipti þau, sem hér hafa tíðkazt, eru búskap og atvinnulífi þjóðarinnar mjög til baga. Verzlunarráðið telur og brýnustu þörf á, að hafizt verði handa og unnið að því að koma þessari hlið viðskipta okkar á traustari og heilbrigðari grundvöll. Að þessu leyti aðhyllist Verzlunarráðið þá hugmynd flutningsmanna, að stefnt sé að almennri staðgreiðslu í verzlun og viðskiptum hér á landi". — Og að lokum segir það beinlínis, að „hugmynd sú, sem vakað hefir fyrir flutningsmönnum, sé fyllilega viðurkennd". — En hvorki Verzlunarráðið né hinir aðrir spurðu aðilar (Landsbankinn, Útvegsbankinn og S. Í. S.) vilja þó leggja með því, að frv. verði samþykkt af Alþingi, og að því ráði hefir og hv. meiri hl. allshn. horfið. En hitt er þó eigi að síður mjög athyglisvert, að allmargir þeirra, sem undir því ástandi lifa, sem hefir gefið tilefni til framkomu þessa frv., óska eftir slíkum ákvæðum, og eru þar á meðal ýmsir, sem verzlun reka við almenning. Þá má og enn benda á það, sem getið er í grg. frv., að bændastéttin, sem slæma útreið hefir nú fengið af skuldafarganinu, er hlynnt þeim hömlum, sem hér er gert ráð fyrir að reistar verði við áframhaldandi söfnun þessara illræmdu skulda, svo sem vottar ályktun hins almenna bændafundar í Rvík í fyrra vetur, þar sem ótvírætt var hallazt að öllum ákvæðum frv. eins og það nú er borið fram. — Hitt mátti vita, að S. Í. S. t. d. myndi eigi telja rétt að lögleiða umræddar hömlur, og bankarnir virðast, reyndar að óþörfu, vera hræddir um, að lánsviðskiptin færist unnvörpum yfir á þá, en í þeirra valdi stendur að hafa þar nægilega hönd í bagga, alveg eins og við lántökur almennt, og því engin meiri hætta á ferðum, þótt frv. yrði að lögum, en hingað til hefir verið. Má og segja, að bankar eigi að vera lánastofnanir, en ekki verzlanir. En afleiðing af samþykkt frv. ætti, og jafnvel hlyti, að verða sú, sem og er bent til í grg., að komið yrði á rekstrarlánastofnunum í héruðum, sem flestir viðurkenna, að hin mesta þörf sé á, og gæti það því orðið hin öflugasta hvatning til þess að hrinda þeirri framkvæmd áleiðis, sem sveitabankalögin 1930 ætlast til að gerð sé, þótt dregizt hafi fram að þessu.

Það má vel vera, að ákvæði frv. þurfi að einhverju leyti gleggri ákvörðunar, og eins skal það viðurkennt, að viðeigandi væri að bæta inn í frv. ákvæði um greiðari gang hinna smærri skuldamála fyrir dómstólunum, þeirra er stafa af verzlunarskuldum.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Nú skuldar viðskiptamaður við verzlun um áramót eigi minna en við næstu áramót á undan, og skal þá talið, að öll eldri skuldin standi ógreidd, án tillits til þess, þótt skuld hans hafi einhverntíma á árinu numið minna. Hafi skuld viðskiptamanns hinsvegar lækkað, skal á sama hátt telja greitt af gömlu skuldinni aðeins það, sem lækkuninni nemur.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein (sem verði 4. gr., og breytist greinatalan eftir því):
   Í málum út af verzlunarskuldum, sem rekin eru fyrir gestarétti samkv. lögum nr. 59 10. nóv. 1905, skal dómara skylt við fyrstu fyrirtekt málsins, ef eigi verður af sætt milli aðilja og skuldarupphæðin nemur eigi meira en 500 kr., að leggja þegar dóm á kröfuna, svo framarlega sem stefnandi getur sýnt af verzlunarbókum sínum, löglega færðum, að hin umstefnda skuld sé ógreidd, enda verði þeim gögnum eigi hnekkt með gildum rökum að áliti dómarans.
3. Við fyrirsögn frv. Fyrirsögnin orðist svo:
   Frv. til laga um fyrning verzlunarskulda, vaxtatöku af verzlunarskuldum o. fl.

Alþingi, 15. des. 1934.

Garðar Þorsteinsson.

**Nd.** **874. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 32 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

6. gr. laganna orðist svo:

Allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, skal bæta með A- og D-fjörefnum á þann hátt, sem fyrir verður mælt af ráðherra, að fengnum tillögum rannsóknarstofu háskólans, og ekki á annan hátt.

Atvinnumálaráðherra getur, eftir tillögum mjólkursölunefndar, ákveðið, að í öllu smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, sé tiltekinn hundraðshluti af íslenzku smjöri. Skylt er að blanda erlent smjörlíki, sem selt er hér á landi, sama hundraðshluta af íslenzku smjöri og ákveðið er um innlent smjörlíki á sama tíma. Skal sú blöndun fara fram hér á landi og undir sama eftirliti sem íslenzku smjörlíkisgerðirnar eru háðar. Áður en ráðherra hefir fyrirskipað með auglýsingu um blöndun smjörlíkis með smjöri, má ekki verzla með smjörlíki blandað smjöri, og eftir að slík auglýsing hefir verið birt, má ekki verzla með smjörlíki blandað smjöri í öðrum hlutföllum né á annan hátt en fyrir er mælt í auglýsingunni.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmdir ákvæða þessarar greinar, eftir því sem þurfa þykir.

## Sþ. 875. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

I. Frá *Jakob Möller.*
Við 14. gr. XXII (Íþróttasamband Íslands).
a. Fyrir „5000“ komi ..... 11000
b. Aftan við liðinn komi athugasemd:
Þar af 6000 kr. til undirbúnings þátttöku íslenzkra íþróttamanna í olympisku leikjunum 1936.

II. Frá *Gunnari Thoroddsen* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 15. gr. 32. Nýr liður:
Til Tómasar Guðmundssonar skálds ..... 1200

III. Frá *Þorsteini Briem.*
Við 16. gr. 31. (Halldór Pálsson).
a. Í stað „1000“ komi ..... 1500
*Til vara* ..... 1200
b. Nýr liður:
Til Ingólfs Davíðssonar kandidats í grasafræði, styrkur til búnaðarháskólanáms í plöntusjúkdómafræði ..... 1000
*Til vara* ..... 800

## Ed. 876. Breytingartillaga

við frv. til l. um markaðs- og verðjöfnunarsjóð.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við fyrirsögnina. Fyrirsögnin verði:
Frumvarp til laga um markaðs- og verðjöfnunarsjóð fiskjar.

## Ed. 877. Lög

um samþykkt á landsreikningnum 1932.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.).

Samhljóða þskj. 3.

## Ed. 878. Lög

um markaðs- og verðjöfnunarsjóð.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.).

Samhljóða þskj. 797.

## Nd. 879. Lög

um bráðabirgðaútflutningsskýrslur.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.).

Samhljóða þskj. 241.

## Nd. 880. Breytingartillaga

við frv. til l. um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 1. gr. Fyrir „tvo“ komi: þrjá.

## Nd. 881. Breytingartillögur

við frv. til l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Á eftir orðunum „ákveða verðuppbætur“ komi: sbr. þó 9. gr. c-lið.
2. Við 5. gr.
   a. Fyrir „Heimilt skal þó þeim“ í upphafi 3. málsl. 1. málsgr. komi: Heimilt skal þó mjólkursölunefnd að leyfa þeim.
   b. Fyrir „Þeim, sem selja mjólk“ í upphafi 5. málsl. sömu málsgr. komi: Þeim, sem leyft verður að selja mjólk.
   c. Önnur og þriðja málsgrein greinarinnar verði 6. grein frumvarpsins og orðist svo:

      Nú er svo háttað sem segir í upphafi 5. greinar, og er þá öðrum hlutaðeigandi mjólkurbúum eða samsölu þeirra óheimilt að selja mjólk, rjóma eða nýtt skyr í þeim kaupstað eða kaupstöðum. Sölustjórn getur þó veitt leyfi til þess að dreifa þar mjólk sem gjöfum eða heimilað framleiðanda að taka hana til eigin neyzlu utan heimilis síns, þyki henni sérstök ástæða til. Sömuleiðis er framleiðanda ætíð heimilt að taka í þarfir heimilis síns til neyzlu þar mjólk þá, er hann framleiðir á heimilinu, og er sú mjólk undanþegin gerilsneyðingarskyldu.

      Ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til, getur hún, að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, ákveðið, að vissar sveitir, hluti úr sveitum eða kauptún skuli tekið undir sölu- og dreifingarrétt mjólkurbúa eða sölubúða þeirra.
   d. 4., 5., 6. og 7. málsgr. 5. greinar verði 7. grein og orðist svo:

      Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum. Öll mjólk og rjómi, sem selt er frá sölumiðstöð samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneytt af viðurkenndum mjólkurbúum.

Um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum skulu sett ákvæði í reglugerð, í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Sala á þeirri mjólk skal fara fram á sama hátt og sala á annari neyzlumjólk.

Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður af mjólkursölunefnd, í samráði við stjórn heilbrigðismálanna, um framleiðslu barnamjólkur.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að gera það að skilyrði fyrir löggildingu og starfsemi mjólkurbúa, að þau taki til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn gegn sanngjörnu gjaldi, og getur ráðherra ákveðið hámark þess.

3. Við 6. gr.
   a. Greinin verður 8. gr.
   b. Í stað orðanna „mætt á fundum“ í 2. málsgr. greinarinnar komi: sótt fundi.
   c. Fyrir orðin „fundarmanns fyrir hvern fundardag“ í 3. málsgr. komi: nefndarmanns fyrir hvern dag, sem hann er á nefndarfundi.
4. Við 7. gr.
   a. Greinin verður 9. gr.
   b. g-liður orðist þannig:

   Að hafa eftirlit með gæðum og meðferð mjólkur og ákveða um allt, er að því lýtur.
5. Við 8. gr. Greinin verður 10. gr.
6. Við 9. gr. Greinin fellur niður.
7. Við 10. gr. Greinin verður 11. gr., og greinatala breytist samkvæmt því.
8. Við 12. gr., sem verður 13. gr. Fyrir orðin „að minnsta kosti“ komi: meðal annars.
9. Við 14. gr. Fyrir „rétti“ í 4. málsgr. komi: leyfi.
10. Við 16. gr., sem verður 17. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:

    Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935, en til þess tíma skulu vera í gildi bráðabirgðalög um sama efni, frá 10. sept. 1934. Jafnframt eru úr gildi felld o. s. frv.
11. Við ákvæði um stundarsakir:

    Fyrri málsgrein falli niður.

## Nd. 882. Breytingartillögur

við frv. til l. um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Aftan við 4. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um ávöxtun sjóða þeirra, er um ræðir í lögum þessum, sem tryggi það, að sjóðirnir séu alltaf ávaxtaðir á sem öruggastan hátt.

## Nd. 883. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað mál þetta og er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt. Allir nefndarmenn hafa þó áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Á það aðallega við ákvæði 1., 2. og 10. gr. Einn nefndarm. (JJós) var fjarverandi sökum veikinda þegar málið var tekið fyrir í nefndinni.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 18. des. 1934.

| | | |
|---|---|---|
| Finnur Jónsson, form. | Bergur Jónsson, fundaskr., frsm. | Páll Þorbjörnsson. |
| | Sigurður Kristjánsson. | |

## Ed. 884. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 52 28. nóv. 1919 og á lögum nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Í stað orðanna „með stöð í Öngulsstaðahreppi“ í lögum nr. 52 28. nóv. 1919 kemur: með tveim stöðvum í Öngulsstaðahreppi.

Aftan við orðin „Skjöldólfsstöðum í Jökuldal“ í 1. gr. laga nr. 38 14. júní 1929 kemur: með hliðarálmu um Rangá að Heykollsstöðum.

Í stað orðanna „frá Sandeyri .... að Höfða í Grunnavíkurhreppi“ í sömu lagagrein kemur: frá Sandeyri um Stað í Grunnavík að Hesteyri, og frá Stað í Grunnavík um Höfða að Furufirði.

Í stað orðanna „Lína frá Egilsstöðum .... að Birnufelli“ í niðurlagi sömu lagagreinar kemur: Lína frá Egilsstöðum á Völlum að Skeggjastöðum í Fellum.

Aftan við sömu lagagrein bætist:

Lína að Valþjófsstað í Fljótsdal. Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Lína frá Geirólfsstöðum í Skriðdal að Arnhólsstöðum. Lína frá Hólum í Hornafirði að Syðra-Firði, með hliðarálmu að Horni. Lína frá Bjarnanesi að Hoffelli. Lína frá Brunnhól að Flatey. Lína frá Hemlu í Vestur-Landeyjum að Álfhólum í sömu sveit. Lína frá Minni-Borg í Grímsnesi að Sólheimum. Lína frá Hveragerði að Hjalla í Ölfusi. Lína frá Hálsi í Kjós að Fossá. Lína frá Stóra-Kroppi að Hæli í Flókadal. Lína frá Svignaskarði að Hjarðarholti í Stafholtstungum. Lína frá Ólafsvík að Brimilsvöllum. Lína frá Setbergi við Grundarfjörð að Hallbjarnareyri. Lína frá Breiðabólsstað út í Brokey á Breiðafirði. Lína frá Bugðustöðum í Hörðudal að

Hlíð eða Seljalandi. Lína frá Tjaldanesi í Saurbæ að Staðarhóli. Lína frá Kinnarstöðum að Reykhólum og þaðan að Stað á Reykjanesi. Lína frá Vattarnesi í Múlahreppi að Skálmarnesmúla. Lína frá Bíldudal að Dufansdal í Suðurfjarðahreppi. Lína frá Sveinseyri í Tálknafirði að Suðureyri. Lína frá Sveinseyri að Stóra-Laugardal í Tálknafirði. Lína frá Rafnseyri að Dynjandi í Arnarfirði. Lína frá Breiðavík til Kollsvíkur. Lína frá Skálavík í Reykjarfjarðarhreppi til barna-, unglinga- og íþróttaskólans á Reykjanesi í Reykjarfjarðarhreppi, með stöð á Púfum. Lína norður Bala að Eyjum við Bjarnarfjörð. Lína frá Lækjarmóti að Gröf í Víðidal. Lína frá Víðidalstungu að Fremri-Fitjum í Fremri-Torfustaðahreppi. Lína frá Sauðárkróki um Reykjaströnd að Reykjum. Lína um Blönduhlíð og Viðvíkursveit. Lína frá Silfrastöðum, með stöð á Egilsá, um Flatatungu að Gilsbakka. Lína frá Þóroddstað í Ljósavatnshreppi um Björg að Sandi í Aðaldal. Lína frá Grenjaðarstað um Hveravelli í Reykjahverfi að Skógum. Lína frá Skinnastað að Austaralandi og lína frá Skinnastað um Kelduhverfi að Víkingavatni. Lína frá Leirhöfn um Blikalón til Raufarhafnar, enda verði lögð niður núverandi lína frá Kópaskeri til Raufarhafnar.

## Nd. 885. Nefndarálit

um frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1935.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að koma með breytingartillögur um samkomudaginn.

Alþingi, 18. des. 1934.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm. Bergur Jónsson, fundaskr. Stefán Jóh. Stefánsson.
Thor Thors. Garðar Þorsteinsson.

## Ed. 886. Breytingartillaga

við frv. til laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Flm.: Bernh. Stefánsson, Einar Árnason.

Við 1. gr. 2. málsgr. Á eftir orðunum „sem skráðar eru til vöruflutninga“ komi: né bifreiðum, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda.

**Nd.** **887. Frumvarp**

til laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema hafa fengið til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Þó er póstmálastjórninni heimilt að nota eigin bifreiðar á þeim leiðum, er henni þykir henta, enda fullnægi bifreiðar hennar settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, né bifreiðum, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma fleiri en 6 farþega, enda sé umbúnaður þeirra, til öryggis og þæginda farþegum, samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.

2. gr.

Póstmálastjórnin hefir með höndum, í samráði við vegamálastjórnina, yfirstjórn og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum þeim, sem sérleyfi þarf fyrir.

3. gr.

Sérleyfishafar eiga rétt á að kjósa þrjá menn í nefnd, samkvæmt reglum, er atvinnumálaráðherra setur, er gerir tillögur til póstmálastjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Póstmálastjórninni skal skylt að gæta þess í skipulagning flutninga þeirra, er undir hana heyra, að almenningi verði þeir sem kostnaðarminnstir og hagfelldastir, en hinsvegar fari sem minnst fé eða önnur verðmæti forgörðum við þá.

5. gr.

Nú sækir félag eða einstaklingur um sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og er ráðherra þá heimilt að veita það með þeim skilyrðum, er hér segir:

a. að sérleyfið gildi fyrir 3 ár og sé óframseljanlegt.
b. að sérleyfið gildi fyrir ákveðna tölu bifreiða á tilteknum leiðum, þó þannig, að flutningaþörfinni sé fullnægt.
   Binda má sérleyfi við ákveðnar gerðir bifreiða.
c. að sérleyfishafi noti þær tegundir og gerðir bifreiða og fullnægi að öðru leyti skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um búnað bifreiða til öryggis og þæginda farþegum.
d. að sérleyfishafi skuli skuldbundinn til þess að láta bifreiðar sínar vera í

förum samkvæmt áætlunum og reglum og flutningagjaldskrá, er póstmálastjórn setur.

e. að póstmálastjórninni sé heimilt að taka í sínar hendur afgreiðslu bifreiðanna samkvæmt taxta, er hún setur.

f. að sérleyfishafi sé skyldur að flytja ákveðið magn póstflutnings ókeypis, eftir reglum, er póstmálastjórn setur.

g. að bifreiðarstjórar á bifreiðum, er rúma fleiri en 6 farþega samkvæmt skoðunarvottorði, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

6. gr.

Nú hafa fleiri en eitt félag eða einstaklingur fengið sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, og hefir þá póstmálastjórn heimild til þess að ákveða, með samþykki nefndar þeirrar, er ræðir um í 3. gr., að fargjöldum skuli skipt milli sérleyfishafa eftir tölu sætakílómetra bifreiða þeirra, sem þar eru í förum, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

7. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins, sem áður hefir verið veitt sérleyfi til, og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en þrem mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10—1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum, og skulu mál út af brotum á þeim sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál. Brjóti sérleyfishafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkv. þeim, er auk þess heimilt að svipta hann sérleyfinu þegar í stað.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1935.

Félög og einstaklingar, sem haldið hafa uppi föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum áður en lögin gengu í gildi, ganga fyrir að öðru jöfnu við veitingu sérleyfis á sömu leiðum.

## Sþ. 888. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

I. Frá *Ólafi Thors.*

Við 13. gr. C. III. Nýr liður:

Til ljósbauju á Skagarifi ..... 10000

II. Frá *Jakob Möller.*

Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:

Til Valgarðs Thoroddsens, til lokanáms í rafmagnsfræði .. 1200

III. Frá *Þorsteini Briem* og *Magnúsi Guðmundssyni.*

Við 15. gr. 39. Nýr liður:

Til Ásmundar Jónssonar, til dvalar við bókasöfn erlendis, til þess að kynna sér skáldbókmenntir ..... 1000

## Nd. 889. Breytingartillaga

við frv. til l. um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Frá Ólafi Thors.

Við 1. gr. Við greinina bætist:

Ef embættismaður, sem hlotið hefir embætti sitt með almennri kosningu, fer frá samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal honum heimilt að sækja um embættið að nýju. Hljóti hann kosningu, skal hann fá veitingu fyrir embættinu um 5 ár.

## Ed. 890. Frumvarp

til laga um niðurlagning prestlaunasjóðs.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Prestlaunasjóður er felldur niður. Allt fé, er til sjóðs þessa skyldi falla, rennur framvegis til ríkissjóðs, sem launar prófasta og sóknarpresta þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Sýslumenn, bæjarfógetar og tollstjórinn í Reykjavík innheimta hin lögmæltu prestsgjöld og greiða í ríkissjóð, að frádregnum 6% fyrir innheimtuna.

Prestsgjald fellur í gjalddaga 1. apríl.

Sóknarnefndir ljúka innheimtu gjalda, sem fallin eru í gjalddaga.

Sóknarnefndir skulu senda hlutaðeigandi innheimtumanni, ekki síðar en í lok janúarmánaðar, skýrslur, eins og til þessa hafa verið gerðar, um gjaldskylda menn.

Heimilt er að fela sóknarnefndum utan Reykjavíkur að annast innheimtu prestsgjalda áfram, þar sem það þykir henta, gegn lögmæltri þóknun.

Að því leyti, sem hreppstjórar kunna að innheimta prestsgjöld í umboði sýslumanns, skulu innheimtulaun samkvæmt 1. málsgr. renna til þeirra.

3. gr.

Ákvæði laga nr. 46, nr. 47 og nr. 50 frá 1907, og nr. 40 frá 1909, er ekki samrímast lögum þessum, taka viðeigandi breytingum, svo eru úr gildi numin önnur ákvæði, er fara í bága við lögin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

## Nd. 891. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 870 [Mjólk og rjómi].

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 2. a. Á eftir orðunum „2 menn“ komi: með hlutfallskosningu.

## Nd. 892. Breytingartillaga

við frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1935.

Frá Héðni Valdimarssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „15. dag marzmánaðar“ komi: 10. dag septembermánaðar.

## Nd. 893. Breytingartillaga

við frumv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Jónasi Guðmundssyni, Bjarna Bjarnasyni, Sigurði Einarssyni og Þorbergi Þorleifssyni.

Við 1. gr. Á eftir 6. lið komi nýr liður, er verði 7. liður, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1935 framlögum samkv. 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1935.

## Sþ. 894. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935 og við brtt. á þskj. 784.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 2. gr. 4. (Aukatekjur).
   Fyrir „550000“ kemur ..... 620000

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2. | Við | 2. gr. | 8. (Stimpilgjald). | |
| | | | a. Fyrir „400000“ kemur ..... | 500000 |
| | | | b. Nýr liður: | |
| | | | Stimpilgjald af ávísunum og kvittunum ..... | 150000 |
| 3. | — | 2. — | 10. (Útflutningsgjald). | |
| | | | Fyrir „850000“ kemur ..... | 700000 |
| 4. | — | 2. — | 11. (Áfengistollur). | |
| | | | Fyrir „570000“ kemur ..... | 630000 |
| 5. | — | 2. — | 16. (Verðtollur). | |
| | | | Fyrir „950000“ kemur ..... | 1130000 |
| 6. | — | 3. — | A. 5. (Ríkisútvarp, rekstrarhagn.). | |
| | | | Fyrir „73400“ kemur ..... | 61400 |
| 7. | — | 13. — | A. V. 2. Nýr liður: | |
| | | | Til fyrrverandi vegaverkstjóra, eftir tillögum vegamálastjóra ..... | 1000 |
| 8. | — | 13. — | A. VII. Liðurinn orðist svo: | |
| | | | Til malbikunar á vegum í kaupstöðum og verzlunarstöðum af bifreiðaskatti ..... | 30000 |
| 9. | — | 13. — | C. VIII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur). | |
| | | | a. Fyrir „35000“ kemur ..... | 39000 |
| | | | b. Við liðinn kemur aths.: | |
| | | | Þar af 8000 kr. til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka samkv. l. nr. 45 8. sept. 1931. | |
| 10. | — | 14. — | B. I. h. (Rannsóknarstofa í lífeðlis- og líffærafræði). | |
| | | | Fyrir „4000“ kemur ..... | 1000 |
| 11. | — | brtt. 784,26 | (við 14. gr. B. XXII). Liðurinn orðist svo: | |
| | | | Til íþróttahúss Knattspyrnufélags Reykjavíkur, gegn jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur, enda sé húsið eingöngu notað til íþróttastarfsemi ..... | 2500 |
| 12. | — | 15. gr. | 5. Nýr liður: | |
| | | | Til minningarbókasafns Matthíasar Jochumssonar á Akureyri, fyrsta greiðsla af þremur, gegn jafnmiklu framlagi frá Akureyrarbæ á sama tíma ..... | 10000 |
| 13. | — | 15. — | 39. Nýr liður: | |
| | | | Til jöklamælinga ..... | 600 |
| 14. | — | 16. — | 6. b. (Til byggingar- og landnámssj. af tóbakseinkasölu). Við liðinn kemur aths.: | |
| | | | Ef hafizt verður handa um samvinnubyggðir á árinu 1935, er ríkisstjórninni heimilt að ráðstafa hálfri þessari upphæð þeirra vegna. | |
| 15. | — | 16. — | 16. i. (Jöklamælingar). | |
| | | | Liðurinn fellur burt. | |
| 16. | — | 18. — | II. i. 50. Nýr liður: | |
| | | | Til Snæbjarnar Kristjánssonar hafnsögum. í Hergilsey | 200 |

17. Við 22. gr. II.
    a. Við liðinn bætist: og Ragnheiði Jónsdóttur fyrrv. símamær.
    b. Nýr liður:
    Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpsviðtæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins.
18. — 22. — X. Liðurinn orðist svo:
    Að ábyrgjast fyrir Hríseyjarhrepp, gegn endurábyrgð Eyjafjarðarsýslu, allt að 10 þús. kr. lán til vatnsveitu og að leyfa, að greiddar verði úr jarðskjálftasjóði allt að 10 þús. kr. til sömu vatnsveitu.
19. — 22. — XIII. Liðurinn orðist svo:
    Að krefjast þeirra trygginga, sem stjórnin metur gildar, fyrir hverri þeirri ábyrgð, sem hún gengur í f. h. ríkissjóðs, enda séu allar slíkar lántökur framkvæmdar af ráðuneytinu, eða Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands í samráði við ráðuneytið. Þó getur ráðuneytið falið einstökum mönnum útvegun lánanna.

## Nd. 895. Breytingartillögur

við frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Frá Bergi Jónssyni og Sigurði Kristjánssyni.

I. Við 1. gr. Á eftir „Siglufjarðarhöfn“ komi: (til öldubrjóts á Siglufjarðareyri).
II. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: (til öldubrjóts á Siglufjarðareyri).
III. Við 10. gr. Á eftir orðunum „almennum lögum“ í síðustu mgr. 10. gr. komi: þó ekki lengur en árin 1935 og 1936.

## Nd. 896. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 892 [Samkomudagur Alþingis].

Frá Gísla Sveinssyni og Gunnari Thoroddsen.

Í stað orðanna „10. dag septembermánaðar“ komi: 20. dag septembermánaðar.

## Ed. 897. Lög

um breyting á lögum nr. 52 28. nóv. 1919 og á lögum nr. 38 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

(Afgreidd frá Ed. 19. des.).

Samhljóða þskj. 884.

Nd. **898. Frumvarp**

til laga um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Stofna skal síldarútvegsnefnd, skipaða 5 mönnum og 5 til vara. Sameinað Alþingi kýs 3 menn hlutfallskosningu, Alþýðusamband Íslands einn, og einn skal kosinn af síldarútvegsmönnum, eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt. Atvinnumálaráðherra skipar formann úr hópi hinna þingkosnu nefndarmanna. Kosningin gildir til þriggja ára, en skipun formanns til eins árs. Nefndarmenn eða varamenn þeirra skulu allir dvelja á Siglufirði yfir síldveiðitímann. Nú vanrækir aðili að tilnefna mann í nefndina, og skipar þá ráðherra mann í hans stað. Nefndin getur ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk eftir því sem nauðsyn krefur. Laun nefndarmanna ákveður ráðherra, og greiðast þau úr ríkissjóði.

2. gr.

Síldarútvegsnefnd hefir með höndum úthlutun útflutningsleyfa, veiðileyfa til verkunar, söltunarleyfa á síld og löggildir síldarútflytjendur. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á síld með öðrum verkunaraðferðum en nú eru tíðkaðar. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja síld á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi síldarútvegsins.

Til þess að standast kostnað af þessum störfum nefndarinnar, getur síldarútvegsnefnd ákveðið, með samþykki ráðherra, að greitt verði í sérstakan sjóð 2% — tveir af hundraði — af andvirði seldrar síldar. Sjóði þessum má eingöngu verja í þágu síldarútvegsins. Nú verður sjóður þessi svo mikill, að öruggt þyki, og getur þá síldarútvegsnefnd ákveðið, að fengnu samþykki ráðherra, að endurgreiða úr honum til síldareigenda í réttu hlutfalli við verðmagn seldrar síldar.

3. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld eða verkaða á annan hátt, sem veidd er af íslenzkum skipum eða í íslenzkri landhelgi, eða verkuð hér á landi eða lögð á land verkuð, nema með leyfi síldarútvegsnefndar. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir síldarsendingum, að ísaðri síld undanskilinni, til útlanda, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Leyfi til útflutnings á síld skulu aðeins veitt þeim, sem fengið hafa löggildingu sem síldarútflytjendur. Þó getur nefndin veitt undanþágu fyrir smásendingum af millisíld.

4. gr.

Síldarútvegsnefnd löggildir síldarútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma.

Til þess að geta fengið löggildingu sem útflytjandi, skal hlutaðeigandi full-

nægja ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925. um verzlunaratvinnu, ef um einstakling er að ræða, eða ef um félag er að ræða, að vera skrásett lögum samkvæmt sem hlutafélag, samvinnufélag eða sölusamlag síldarframleiðenda, opið öllum síldarframleiðendum, enda ráði umsækjandi yfir því lágmarksmagni síldar, er nefndin ákveður.

Nú hefir sölusamlag síldarframleiðenda eða samvinnufélag umráð yfir 75% af síldarframleiðslu landsmanna, eða sama hundraðshluta af síld, sem verkuð er með sérstakri verkunaraðferð, og getur síldarútvegsnefnd þá ákveðið að veita því útflutningsleyfi fyrir jafnháan eða hærri hundraðshluta af síldarframleiðslunni eða þeirri sérverkuðu síld, er það hefir umráð yfir, enda sé þá æðsta vald í félagsmálum hjá félagsfundum og atkvæðisréttur félagsmanna miðist eigi nema að nokkru leyti við síldarmagn, svo að enginn þeirra geti farið með meira en $^1/_{20}$ af atkvæðamagni félagsins fyrir sjálfan sig og aðra á fundum þess.

5. gr.

Þeir, sem samkvæmt 4. gr. fá löggildingu nefndarinnar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrirmælum hennar um framboð og lágmarksverð á síld, sem seld er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma, afhendingu gjaldeyris og annað það, sem nefndin setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkv. lögum þessum. Með reglugerð má ákveða, að síldarútflytjendur skuli skyldir að taka síld til sölu af framleiðendum, gegn hæfilegri hámarksþóknun, enda sé síldin markaðshæf vara, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir síldarframleiðendur njóti sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

6. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem snertir sölu og útflutning síldar, og hefir nefndin frjálsan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin er bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda, er hún verður áskynja um á þennan hátt.

7. gr.

Nú verður það nauðsynlegt, að dómi síldarútvegsnefndar, til þess að tryggja gæði síldar eða sölu á síldarframleiðslu landsmanna, að takmarka veiði, og er nefndinni þá heimilt að ákveða, hvenær söltun megi hefjast, svo og að takmarka eða banna söltun um skemmri eða lengri tíma og ákveða hámark söltunar á hverju skipi.

8. gr.

Síldarútvegsnefnd úthlutar veiði- og verkunarleyfum. Allir síldarútgerðarmenn skulu fyrir þann tíma, er nefndin ákveður, sækja um veiðileyfi fyrir skip sín. Skal í leyfisbeiðninni tilgreina tölu skipa, stærð og einkennistölu og áætla afla til verkunar. Ennfremur skal skýra frá, hjá hvaða saltanda og hvernig síldin skuli verkuð, svo og hver hafi síldina til sölumeðferðar.

Allir síldarsaltendur skulu fyrir sama tíma sækja um verkunarleyfi til

nefndarinnar og skýra frá, hve margar tunnur hverrar tegundar þeir óska að verka og af hvaða skipum.

Hver saltandi, er söltunarleyfi fær, er skyldur að hlíta fyrirmælum nefndarinnar um hámark verkunargjalds á hverja tunnu, sem hann saltar fyrir útgerðarmenn, og um ábyrgð á síldarverkuninni.

Allir síldarframleiðendur eru skyldir að láta nefndinni í té þær upplýsingar, sem hún krefst og staðlað geta að því, að veiðinni verði hagað eftir söluhorfum, og skulu þeir hlíta fyrirmælum hennar í þeim efnum, en skylt er nefndinni að hafa um þetta sem nánasta samvinnu við síldarframleiðendur. Skýrslur um veiði og verkun skal gefa nefndinni daglega.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd undanfarandi ákvæða, svo sem að hver síldareigandi beri ábyrgð á gæðum sinnar síldar, ákvæði um jafnaðarverð á síld sömu gæða, umboðslaun til að standast kostnað við sölu og öll þau atriði önnur, er hann telur þurfa.

10. gr.

Brjóti löggiltur útflytjandi ákvæði laga þessara eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, getur síldarútvegsnefnd svipt hann löggildingu og kært hann til fjársekta.

11. gr.

Nú telur ríkisstjórnin og síldarútvegsnefnd, með tilliti til markaðslanda og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikarnir með því að taka upp einkasölu á síld, og getur ríkisstjórnin þá, með samþykki síldarútvegsnefndar, ef félag síldarframleiðenda, sem uppfyllir ákvæði 3. málsgr. 4. gr., æskir þess, veitt því um ákveðinn tíma einkarétt til að selja og flytja síld til útlanda, enda séu þá framkvæmdarstjórar tveir, og tilnefni síldarútvegsnefnd annan þeirra.

Sé slíkur félagsskapur síldarframleiðenda eigi til eða síldarútvegsnefnd mæli eigi með því, að honum sé veittur slíkur einkaréttur, getur ríkisstjórnin falið síldarútvegsnefnd einkasölu á síld til útlanda, enda komi samþykki nefndarinnar til. Ræður þá síldarútvegsnefnd tvo framkvæmdarstjóra til þess að annast síldarsöluna og gerir aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsyn krefur. Skal með reglugerð, er atvinnumálaráðherra gefur út, ákveða fyrirkomulag einkasölunnar, verksvið framkvæmdarstjórnar og annað það, er leiðir af ákvæðum þessarar greinar.

Sé síldarútvegsnefnd falin einkasala á síld, telst kostnaður við störf hennar með rekstrarkostnaði einkasölunnar.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála og varða sektum, allt að 200000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 899. Frumvarp

til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1935.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1924, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1935.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1935.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1935.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1935.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., er frestað til ársloka 1935.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1935 framlögum samkv. 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 900. Frumvarp

til laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Við sölu mjólkur og rjóma skal landinu skipt í svæði, er nefnist verðjöfnunarsvæði. Að jafnaði markar sú aðstaða verðjöfnunarsvæði, að hægt sé þar að selja daglega góða og óskemmda mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, einu eða fleirum, sem viðurkennd eru til þess af landbúnaðarráðherra, enda sé kaupstaður eða kauptún innan þeirra takmarka. Jafnframt skal mjólkursölunefndinni skylt, er verðjöfnunarsvæðin eru ákveðin, að taka tillit til þess, hvaða mjólkurbú hafa notið markaðar í hlutaðeigandi kaupstöðum eða kauptúnum.

Er öllum mjólkurframleiðendum óheimilt að selja mjólk eða mjólkurafurðir utan þess verðjöfnunarsvæðis, sem þeir eru á, sbr. þó 10. gr. Hér er þó undanskilin sala á osti, fullverkuðu súru skyri, smjöri, niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

2. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, sem viðurkennd verða til þess af landbúnaðarráðherra, skal gjald, er nefnist verðjöfnunargjald, lagt á alla neyzlumjólk og rjóma, sem selt er, hvort heldur frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum. Gjald þetta má nema allt að 5% af útsöluverði mjólkur og rjóma, en heimilt er þó að hækka gjaldið, ef sérstök þörf krefur, þó aldrei meira en allt að 8%, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Undanþegin verðjöfnunargjaldi er mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar og kauptúns, sem hún er seld í. Undanþágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara af túni og hlutfallslega fyrir brot úr hektara, sem framleiðandi notar til fóðurframleiðslu innan kaupstaðarins eða kauptúnsins.

3. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt í sérstakan sjóð fyrir hvert verðjöfnunarsvæði. Nefnast sjóðir þessir verðjöfnunarsjóðir. Verðjöfnunargjaldið skal greitt eftir á í byrjun hvers mánaðar, og má innheimta það með lögtaki hjá seljendum mjólkurinnar. Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á verðjöfnunarsvæðinu. Stjórn eða stjórnir mjólkurbúanna ákveða verðuppbætur, sbr. þó 9. gr. c-lið, og geta þær verið misháar, eftir því hverjar afurðir hafa verið unnar úr mjólkinni.

4. gr.

Útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum á hverjum sölustað innan verðjöfnunarsvæðis skal ákveðið af 5 mönnum. Tveir þeirra skulu vera úr stjórn hlutaðeigandi mjólkurbús eða sölusamlags, tveir tilnefndir með hlutfallskosningu af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, en oddamann skipar landbúnaðarmálaráðherra.

Útsöluverð skal á hverjum tíma reiknað út, eftir því sem við verður komið, eftir vísitölum. Nánari ákvæði um þetta skulu sett með reglugerð.

5. gr.

Þar, sem aðeins eitt viðurkennt mjólkurbú er starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal það annast alla sölu og dreifingu á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðisins. Tekur þetta einnig til þeirrar mjólkur, sem undanþegin er verðjöfnunargjaldi samkv. 2. gr. 2. málsgr. Þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal öll sala og dreifing á þessum vörum fara fram frá einni sölumiðstöð. Heimilt skal þó mjólkursölunefnd að leyfa þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaup-

staða, að velja um, hvort þeir afhenda sölumjólk sína til samsölunnar og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkvæmt 2. gr., eða selja mjólk sína beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni fullt verðjöfnunargjald. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú. Þeim, sem leyft verður að selja mjólk sína beint til neytenda, er skylt að hlíta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti við framleiðslu og afhendingu mjólkurinnar, sem sett verða í reglugerð, er mjólkursölunefnd semur og landbúnaðarráðherra staðfestir. Heimilt er stjórn samsölunnar að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annara mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða. Skulu öll mjólkurbú og félag mjólkurframleiðenda innan lögsagnarumdæmis sölustaðar, sem samkvæmt lögum þessum taka þátt í sölusamtökum á svæðinu, skipa stjórn, sem annast alla sölu og dreifingu og aðrar framkvæmdir sölusamlagsins.

6. gr.

Nú er svo háttað sem segir í upphafi 5. greinar, og er þá öðrum en hlutaðeigandi mjólkurbúum eða samsölu þeirra óheimilt að selja mjólk, rjóma eða nýtt skyr í þeim kaupstað eða kaupstöðum. Sölustjórn getur þó veitt leyfi til þess að dreifa þar mjólk sem gjöfum eða heimilað framleiðanda að taka hana til eigin neyzlu utan heimilis síns, þyki henni sérstök ástæða til. Sömuleiðis er framleiðanda ætíð heimilt að taka í þarfir heimilis síns til neyzlu þar mjólk þá, er hann framleiðir á heimilinu, og er sú mjólk undanþegin gerilsneyðingarskyldu.

Ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til, getur hún, að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, ákveðið, að vissar sveitir, hluti úr sveitum eða kauptún skuli tekið undir sölu- og dreifingarrétt mjólkurbúa eða sölubúða þeirra.

7. gr.

Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum. Öll mjólk og rjómi, sem selt er frá sölumiðstöð samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneytt af viðurkenndum mjólkurbúum.

Um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum skulu sett ákvæði í reglugerð, í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Sala á þeirri mjólk skal fara fram á sama hátt og sala á annari neyzlumjólk.

Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður af mjólkursölunefnd, í samráði við stjórn heilbrigðismálanna, um framleiðslu barnamjólkur.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að gera það að skilyrði fyrir löggildingu og starfsemi mjólkurbúa, að þau taki til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn gegn sanngjörnu gjaldi, og getur ráðherra ákveðið hámark þess.

8. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna nefnd, til eins árs í senn, í fyrsta sinn til 1. maí 1935, til að hafa á hendi stjórn mjólkursölumála samkvæmt lögum þessum, og nefnist hún mjólkursölunefnd. Nefndin skal skipuð þannig: Stjórn

Mjólkurbandalags Suðurlands tilnefnir 2 menn, skal annar tilnefndur af stjórnendum bandalagsins austan Hellisheiðar, en hinn af stjórnendum þess vestan heiðar. Samband ísl. samvinnufélaga tilnefnir 1 mann, bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefnir 1 mann, Alþýðusamband Íslands tilnefnir 1 mann og landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar 2 menn í nefndina, og skal hann skipa annan þeirra formann nefndarinnar. Fulltrúi bæjarstjórnar Reykjavíkur víkur sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annara kaupstaða eða kauptúna, og tekur þá sæti hans fulltrúi tilnefndur á sama hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Nú vanrækir einhver aðili að tilnefna í nefndina, og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra mann eða menn í hans stað.

Fastir nefndarmenn séu búsettir í Reykjavík, eða svo nærri Reykjavík, að þeir geti sótt fundi þar, þegar þörf krefur.

Þóknun til mjólkursölunefndar skal að $^3/_7$ hlutum greidd úr verðjöfnunarsjóðum og að $^4/_7$ hlutum úr ríkissjóði, og sé þóknunin ekki hærri en kr. 10,00 til hvers nefndarmanns fyrir hvern dag, sem hann er á nefndarfundi. Annar óhjákvæmilegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af sömu aðilum og í sömu hlutföllum.

9. gr.

Störf mjólkursölunefndar eru aðallega þessi:

a. Að ákveða verðjöfnunarsvæðin.
b. Ákvörðun verðjöfnunargjalds og yfirumsjón með innheimtu þess, en falið getur hún innheimtuna stjórnum mjólkurbúa eða hverjum öðrum, er hún telur bezt henta.
c. Að hafa yfirumsjón með verðjöfnunarsjóðum og ákveða uppbætur úr þeim, ef stjórnir viðurkenndra mjólkurbúa á verðjöfnunarsvæði koma sér ekki saman um verðjöfnunina.
d. Að hafa eftirlit með því, að gætt sé fyllstu hagsýni og sparnaðar í rekstri mjólkurbúanna, og getur nefndin takmarkað verðuppbótina til þeirra búa, sem hún telur hafa óhæfilega háan rekstrarkostnað.
e. Að hafa yfirumsjón með samsölu mjólkur, sbr. 5. gr. Nú verður ágreiningur milli mjólkurbúa um skipun samsölustjórnar eða um annað, er lýtur að skipulagningu á verðlagssvæði, og sker þá mjólkursölunefndin úr.
f. Að hafa eftirlit með því, að mjólkurafurðir verði ekki fluttar til landsins, nema brýn nauðsyn beri til, enda sé innflutningurinn í höndum mjólkursölunefndar.
g. Að hafa eftirlit með gæðum og meðferð mjólkur og ákveða um allt, er að því lýtur.

10. gr.

Skylt er mjólkurbúum og öðrum, sem verzla með mjólk og mjólkurafurðir, að láta mjólkursölunefnd í té og hverjum einstökum nefndarmanni, er kröfu kann að gera um það, allar upplýsingar og skýrslur, sem hún óskar eftir um sölu mjólkur, kostnað við sölu, flutninga og meðferð mjólkur og annað, sem nefndinni þykir máli skipta.

11. gr.

Ef mjólk eða rjóma þarf að flytja til sölu milli verðjöfnunarsvæða, skal ekki greiða verðjöfnunargjald af þeim vörum á útsölustaðnum, ef sannað er, að það sé greitt á framleiðslusvæðinu.

Verði ágreiningur um heildsöluverð á þessum vörum, sker mjólkursölunefnd úr.

12. gr.

Mjólkursölunefnd getur leyft, að niður falli greiðsla verðjöfnunargjalds á einhverju verðlagssvæði, ef mjólkurframleiðendur á því svæði koma sér saman um ákveðið verð til framleiðenda á svæðinu með eða án ákveðinna hlutfalla í sölu mjólkur, rjóma og annara mjólkurafurða á aðalmarkaðsstöðum svæðisins eftir fjarlægð frá markaðsstöðunum og öðrum staðháttum.

13. gr.

Öll mjólk, sem viðurkennd mjólkurbú taka á móti til sölu eða vinnslu, skal metin eftir gæðum við móttöku og flokkuð til verðs. Við flokkunina skal meðal annars taka tillit til fitumagns mjólkurinnar og gerlagróðurs í henni. Nánari ákvæði um þetta skal setja í reglugerð.

14. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara og starfsemi mjólkursölunefndar. Jafnframt er honum heimilt að ákveða í reglugerð sérstöðu kúabúa, sem rekin eru af bæjarfélögum eða ríki.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 10.00 og allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

Mjólk eða mjólkurvara, sem ráðstafað er gagnstætt ákvæðum laga þessara, skal upptæk gerð og andvirði hennar renna í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

Stjórnendur flutningatækja, sem flytja vísvitandi óleyfilega mjólk eða mjólkurvöru inn á sölusvæði, skulu sæta sektum fyrir brotið.

Mjólkursölunefnd getur svipt mjólkurframleiðanda leyfi til beinnar sölu til neytenda (sbr. 5. gr.), ef henni þykir hann misbeita þeirri heimild sinni eða nota hana gagnstætt tilgangi laga þessara.

16. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935, en til þess tíma skulu vera í gildi bráðabirgðalög um sama efni, frá 10. sept. 1934. Jafnframt eru úr gildi felld lög

nr. 47 26. október 1917, um mjólkursölu í Reykjavík, og lög nr. 97 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma, svo og öll önnur ákvæði, sem fara í bág við lög þessi. Lög þessi skulu endurskoðuð ekki síðar en á reglulegu Alþingi 1936.

*Ákvæði um stundarsakir.*

Fyrst um sinn, til 1. maí 1935, skal stjórn samsölunnar á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar vera í höndum mjólkursölunefndar. Nú kemst á samkomulag milli mjólkurbúanna og félaga framleiðenda á þessu svæði um að taka stjórn samsölunnar í sínar hendur, og skal þeim það heimilt, ef samþykki landbúnaðarráðherra kemur til. Að öðrum kosti fer mjólkursölunefnd með þessi mál þangað til samkomulag þetta hefir komizt á, að dómi landbúnaðarráðherra.

## Ed. 901. Þingsályktun

um fræðandi erindi um áhrif tóbaksnautnar.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.).

Samhljóða þskj. 829.

## Ed. 902. Frumvarp

til laga um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu, til 5 ára í senn, þrjá menn, er hafa skulu eftirlit með og halda skrá yfir þá sjóði í landinu, sem stofnaðir eru og hafa hlotið staðfestingu konungs á skipulagsskrá sinni. Afrit af skránni skulu þeir leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi.

2. gr.

Stjórn þessara sjóða skal senda hinum þingkosnu eftirlitsmönnum, áður en missiri er liðið frá lokum reikningsárs sjóðs hvers, reikning sjóðsins fyrir síðastliðið reikningsár. Geta eftirlitsmenn þó krafizt fyllri skýrslna um allan hag sjóðanna, og er sjóðstjórnum skylt að svara fyrirspurnum þeirra — eins eða fleiri — um hag sjóðanna og allan rekstur þeirra, eftir því sem föng eru á, áður en mánuður er liðinn frá því er þeim barst slík fyrirspurn, enda hvíli ekki sérstök þagnarskylda á þeim.

3. gr.

Nú þykir eftirlitsmönnum athugavert um fjárgæzlu sjóðs eða brotin skipulagsskrá hans, og ber þeim þá að tilkynna það fjármálaráðuneytinu, sem gerir ráðstafanir til, að því verði hrundið í lag, sem ábótavant kann að vera.

4. gr.

Nú sendir sjóðstjórn ekki reikning eins og fyrir er mælt í 2. gr. og svarar ekki kröfu um það innan hæfilegs tíma, og getur fjármálaráðherra þá, eftir ósk hinna þingkosnu eftirlitsmanna, skyldað sjóðstjórn, að viðlögðum allt að 20 króna dagsektum, til þess að senda reikning innan tilsetts tíma.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um ávöxtun sjóða þeirra, er um ræðir í lögum þessum, sem tryggi það, að sjóðirnir séu alltaf ávaxtaðir á sem öruggastan hátt.

5. gr.

Fjármálaráðherra ákveður þóknun eftirlitsmanna, og greiðist hún úr ríkissjóði.

## Ed. 903. Lög

um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.).

Samhljóða þskj. 725.

## Sþ. 904. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 3. gr. 2. II. a. (Einkasímar).
   Fyrir „30000“ kemur ..... 25000
2. Við 3. gr. 2. Eignabreytingar II. (Símaviðaukar).
   Fyrir „45000“ kemur ..... 35000
3. Við 3. gr. 2. Eignabreytingar III. (Nýjar símalínur).
   Fyrir „120000“ kemur ..... 100000
4. Við 14. gr. A. b. 7. (Húsabætur á prestssetrum).
   Fyrir „24000“ kemur ..... 12000
5. Við 22. gr. XII. Nýr liður:
   Að ábyrgjast fyrir útgerðarsamvinnufélag Vatnsleysustrandarhrepps áfallna vexti af stofnlánum félagsins, allt að 5000 kr., enda fáist trygging fyrir því, að félagið haldi áfram rekstri.

## Sþ. 905. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

Frá Jóni Sigurðssyni og Magnúsi Guðmundssyni.

1. Við 13. gr. C. VII. 5. (Hafnargerð á Sauðárkróki).
   Fyrir „25000“ komi ..... 50000

2. Við 20. gr. Út. III. (Nýir vitar). Liðurinn orðist svo:
Til vitabygginga við Skagafjörð.

## Nd. 906. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin lítur svo á, að hugmynd sú, sem felst í þessu frv., sé athyglisverð, og telur höfund frv., Björgvin Vigfússon sýslumann, hafa barizt af virðingarverðum áhuga fyrir þessari hugsjón sinni. En sakir þess, að nú er komið að þinglokum, eru eigi tök á að koma frv. í gegnum þingið, og telur nefndin rétt að fela ríkisstjórninni að taka málið til íhugunar fyrir næsta þing. Nefndin leggur því til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin taki mál þetta til íhugunar fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. des. 1934.

Ásg. Ásgeirsson, form. Emil Jónsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen, frsm.
Gísli Guðmundsson. Pétur Halldórsson.

## Ed. 907. Lög

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.).

Samhljóða þskj. 899.

## Ed. 908. Lög

um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.).

Samhljóða þskj. 900.

**Ed.** **909. Tillaga**

til þingsályktunar um athugun á gjafasjóði Guðjóns Sigurðssonar í sambandi við tónlistarskólann.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á gjafasjóði Guðjóns Sigurðssonar, um það, hvort ekki myndi samræmanlegt við gjafabréfið, að þessi sjóður styddi nú þegar að meira eða minna leyti starfsemi tónlistarskólans.

Greinargerð.

Guðjón heitinn Sigurðsson stofnaði mikinn sjóð til eflingar hljómlist í Reykjavík, en ekki hefir enn orðið vart við, að sjóður þessi sé tekinn til starfa. Tónlistarskólinn starfar í anda gefandans og hefði mikla þörf fyrir að fá stuðning þvílíks sjóðs. Tillagan er borin fram í því skyni að fá málið athugað.

**Ed.** **910. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Frá Þorsteini Briem.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við c-lið 6. gr. bætist: Þó skulu vextir af lánum gegn veði í jarðeignum ekki vera yfir 5%, enda séu lánin eigi hærri en nemi helmingi landverðs og þriðjungi af verði jarðarhúsa samkvæmt fasteignamati.

**Sþ.** **911. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 894 [Fjárlög].

Frá Hannesi Jónssyni.

Við tölul. 7. (Nýr liður við 13. gr. A. V. 2 (Fyrrv. vegaverkstjórar)).
Í stað „1000“ komi ..... 1300

**Sþ.** **912. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við 22. gr. X. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 510 þús. kr. lán til rafvirkjunar, þó ekki yfir 85% kostnaðarverðs (endurveiting í stað 600000 kr.).

**Sþ.** **913. Þingsályktun**

um vátryggingar á fiskibátum.

(Afgreidd frá Sþ. 19. des.).

Samhljóða þskj. 151.

**Sþ.** **914. Þingsályktun**

um kryddsíldartoll í Danmörku.

(Afgreidd frá Sþ. 19. des.).

Samhljóða þskj. 566.

**Sþ.** **915. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 815 og 904 [Fjárlög].

I. Frá *Thor Thors.*

Við brtt. 815, LXXII. (Nýr liður við 22. gr. (Rafvirkjun í Stykkishólmshreppi)).

Aftan við till. bætist: þó ekki yfir 85% kostnaðarverðs.

II. Frá *Ólafi Thors.*

Við brtt. 904, 5. (Nýr liður við 22. gr. XII. (Útgerðarsamvinnufélag Vatnsleysustrandarhrepps)).

Fyrir „5000 kr.“ komi: 8000 kr.

**Sþ.** **916. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

Frá Jakob Möller.

Við 15. gr. 24. Nýr liður:

Til Eggerts Stefánssonar, til að kynna íslenzka sönglist erlendis .... 3500

**Nd.** **917. Breytingartillögur**

við frv. til l. um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Orðin „endrum og sinnum“ í 2. mgr. falli burt.
   b. Við greinina bætist: Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga með bifreiðum til skemmtiferða.

2. Við 9. gr.
   a. Greinin orðist þannig:
      Félögum og einstaklingum, sem haldið hafa uppi föstum áætlunarferðum á ákveðnum leiðum áður en lögin gengu í gildi, skal veitt sérleyfi til flutninga á sömu leiðum, enda fullnægi þau (þeir) þeim kröfum, sem gerðar verða um þessa flutninga.
   b. Á eftir kemur ný grein, sem verður 10. gr., svo hljóðandi:
      Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1935.

## Sþ. 918. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

Frá Hannesi Jónssyni.

Við 14. gr. A. b. 9. Nýr liður:

| | |
|---|---|
| Til að endurreisa kirkju Tjarnarsóknar | 3000 |
| *Til vara* | 1500 |

## Ed. 919. Frumvarp

til laga um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver sá opinber embættis- eða starfsmaður í þjónustu ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða stofnana, sem þau ráða yfir eða eiga, hvort sem hann er skipaður af konungi eða ráðherra eða öðrum löglegum aðila, eða þó hann sé fastráðinn, skal leystur frá embætti sínu eða starfi sínu af sama aðila, er veitti honum það eða réði hann til þess, þegar hann er orðinn fullra 65 ára.

Heimilt er þó, að þeir opinberir embættis- og starfsmenn, sem þykja til þess nógu ernir til líkams og sálar, séu látnir halda störfum sínum þar til þeir eru fullra 70 ára, en enginn má vera í opinberu embætti eða stöðu, sem eldri er.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til ráðherra, alþingismanna og annara opinberra fulltrúa, sem kosnir eru almennri kosningu, né heldur til þeirra sýslunarmanna, er ekki hafa sýslanina að aðalstarfi.

Ef embættismaður, sem hlotið hefir embætti sitt með almennri kosningu, fer frá samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal honum heimilt að sækja um embættið að nýju. Hljóti hann kosningu, skal hann fá veitingu fyrir embættinu um 5 ár.

2. gr.

Þegar opinberum starfsmönnum er veitt lausn frá störfum sínum samkv. 1. gr., skal miða lausnina við 1. dag næsta mánaðar eftir að þeir urðu 65 eða

70 ára, nema ráðherra þyki annar tími á árinu hagkvæmari vegna mannaskipta við störfin.

Hafi opinber starfsmaður ekki verið leystur frá embætti sínu eða stöðu, er hann varð 65 ára, getur hann orðið leystur frá stöðunni hvenær sem er á tímabilinu þar til hann er 70 ára og verður að láta af störfum skilmálalaust.

3. gr.

Þeir opinberir embættis- og starfsmenn, sem eru orðnir 70 ára er lög þessi öðlast gildi, skulu víkja úr stöðum sínum 1. janúar 1935, eða gangi lögin síðar í gildi, þá 1. dag næsta mánaðar eftir að lögin öðlast gildi.

## Ed. 920. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (PM) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. des. 1934.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.
Ingvar Pálmason, fundaskr.

## Nd. 921. Lög

um breyting á lögum nr. 32 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.).

Samhljóða þskj. 871.

## Ed. 922. Lög

um eftirlit með sjóðum, er fengið hafa konungsstaðfestingu á skipulagsskrá.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 902.

**Ed.** **923. Lög**

um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 854.

**Ed.** **924. Lög**

um eftirlit með opinberum rekstri.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 786.

**Ed.** **925. Þingsályktun**

um skipulagsuppdrátt Reykjavíkur í sambandi við þjóðleikhúsbygginguna og Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 855.

**Nd.** **926. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 917 [Fólksflutningar með bifreiðum].

Frá Ólafi Thors.

Við tölul. 2. a.

a. Á eftir orðunum „lögin gengu í gildi, skal“ komi: eftir því sem henta þykir.

b. Aftan við till. bætist ný málsgrein:

Hafi svo margir aðilar haldið uppi ferðum á ákveðnum leiðum, að ekki þyki hagkvæmt að veita þeim öllum sérleyfi til að halda áfram þeim atvinnurekstri, skal sá eða þeir aðilar ganga fyrir, sem lengst hafa haldið uppi ferðum á þeim leiðum, en hinir ganga fyrir um sérleyfi á nýjum leiðum, eftir því sem hægt er.

**Sþ.** **927. Varatillögur**

við brtt. á þskj. 815 [Fjárlög].

I. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*

Við XXXVI (Nýr liður við 14. gr. B. XXII (Skáksamband Ísl.)).

Till. orðist svo (til vara):

Til Skáksambands Íslands ..... 1200

II. Frá *Jóni A. Jónssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við LXXIII (Nýr liður við 22. gr. XII (Ábyrgð fyrir h/f Vestfjarðabátinn)).

Till. orðist svo (til vara):

Að ábyrgjast fyrir h/f Vestfjarðabátinn allt að 60 þús. kr. lán til byggingar nýs báts, gegn 1. veðrétti í bátnum og endurábyrgð sýslusjóðs Norður-Ísafjarðarsýslu. (Endurveiting).

## Sþ. 928. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1935.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 14. gr. B. XXII. 2. Nýr liður:
   Til íþróttahúss Knattspyrnufélags Reykjavíkur, gegn jafnháu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur og tvöföldu framlagi annarsstaðar að ..... 3000
2. Við 14. gr. B. XXIII. Nýr liður:
   Til Skáksambands Íslands ..... 1600
3. Við 15. gr. 28. Nýr liður:
   Til Eggerts Stefánssonar söngvara ..... 1200

## Sþ. 929. Þingsályktun

um aðstoð við fiskibáta og eftirlit með veiðarfærum.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.).

Samhljóða þskj. 247.

## Sþ. 930. Þingsályktun

um gæzlu veiðarfæra í Faxaflóa.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.).

Samhljóða þskj. 271.

## Sþ. 931. Þingsályktun

um gæzlu veiðarfæra fyrir Norðurlandi.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.).

Samhljóða þskj. 292.

**Sþ.** **932. Þingsályktun**

um verzlunarerindreka í Mið-Evrópu.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.).

Samhljóða þskj. 572.

**Sþ.** **933. Þingsályktun**

um tollakjör innlends iðnaðar.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.).

Samhljóða þskj. 294.

Sþ.
27. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 15. júní 1926, um breyt. á l. nr. 21 6. okt. 1919, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa (584, n. 755).
    Frsm.: Thor Thors.
28. Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1935 (661, n. 885).
    Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
29. Frv. til l. um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna (732, n. 783).
    Frsm.: Bergur Jónsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til áfengislaga (110).
   Frsm.: Bergur Jónsson.
2. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (140).
   Frsm.: Bergur Jónsson.

3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (184).
   Frsm.: Bergur Jónsson.
4. Frv. til l. um Líftryggingastofnun ríkisins (593).
   Frsm.: Héðinn Valdimarsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

1. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu (113).
   Frsm.: Bergur Jónsson.
   Frá minni hl. nefndarinnar kom álit um málið á þskj. 272.
   Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
2. Frv. til l. um eftirlit með opinberum rekstri (114).
   Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
   Frá minni hl. nefndarinnar kom álit um málið á þskj. 419.
   Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
3. Frv. til l. um útvarpsrekstur ríkisins (129).
   Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
   Frá minni hl. nefndarinnar kom álit um málið á þskj. 279.
   Frsm.: Thor Thors.

## D.
## Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd*.

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er fjölrituð var og útbýtt meðal þingmanna.

Sþ.

# 940. Skrá
## um erindi þau, er bárust Alþingi 1934
### (48. löggjafarþingi).

*— Raðað eftir stafrófsröð.*

Aðalbjörg Steinsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 19.
Alfred W. Þórðarson, sjá Námsstyrkur 4.
*Alþingiskosningar.* Björn Bjarnarson sendir Alþingi tillögur til breytinga á l. um kosningar til Alþingis. Bréf 12. okt. 1 fskj. (Sþ. 133).
*Alþingiskostnaður.* Bréf skrifstofustjóra Alþingis, dags. 15. ágúst, um alþingiskostnað. (Sþ. 67, IX).
Alþingistíðindi, sjá Bókasöfn 1.
Alþjóðasamhjálp verkalýðsins, sjá Tjón af völdum ofviðris 1.
*Alþýðuhúsið í Reykjavík.* Stjórn Alþýðuhússins í Reykjavík sækir um 10 þús. kr. styrk til viðgerðar og endurbóta á húsinu. Bréf 6. nóv. 3 fskj. (Sþ. 420).
Andreasen, Sigvard, sjá Ríkisborgararéttur.
Anna Jónsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 1.
Anna Sigurðardóttir, sjá Gistihús 1.
Aspelund, Erling, sjá Ríkisborgararéttur.
*Atvinnubætur.*

1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. yfirlit um greidd og lofuð framlög til kaupstaða og kauptúna til atvinnubóta á árinu 1934. Bréf 30. okt. (Sþ. 294).
2. Fundur Kommúnistaflokks Íslands 30. sept. gerir kröfur um atvinnubætur o. fl. Bréf ódags. (Sþ. 89).
3. Verkakvennafélagið Framsókn skorar á Alþingi að ákveða að veita 100 þús. kr. til atvinnubóta konum, sem hafa fyrir öðrum að sjá. Bréf 5. nóv. (Sþ. 434).
4. Fundur verkakvennafélagsins Einingar á Akureyri 4. nóv. skorar á Alþingi að ákveða að veita a. m. k. 100 þús. kr. styrk til atvinnubóta fyrir konur. (Sþ. 457).
5. Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm., sendir Alþingi símskeyti frá bæjarstjórn Neskaupstaðar, er í felst beiðni um 8000 kr. styrk til atvinnubóta. Bréf 13. des. (Sþ. 604).

Atvinnudeild við Háskóla Íslands, sjá Háskólinn 4., 9., 10., 11., 12., 13.
Atvinnuleysistryggingar, sjá Tryggingarmál 1., 3., 5.
Augustsson, Bjarne August, sjá Ríkisborgararéttur.

*Ábyrgðir.*

1. Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps fer þess á leit, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 160 þús. kr. lán vegna Ólafsfjarðarhrepps til byggingar raforkustöðvar við Garðsá. Bréf 18. sept. 4 fskj. (Sþ. 34).
2. Samvinnufélag Flateyjar í Flatey fer þess á leit, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir félagið allt að 75 þús. kr. lán til kaupa á mótorskipi til línuveiða. Bréf 1. okt. 1 fskj. (Sþ. 71).
3. Samvinnuútgerð Norður-Breiðfirðinga fer þess á leit, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir sig 75 þús. kr. lán til kaupa á vélbát til línuveiða. Bréf 29. sept. 1 fskj. (Sþ. 79).
4. Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm., fer þess á leit f. h. bæjarstjórnar Neskaupstaðar, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Neskaupstað 50 þús. kr. lán til byggingar síldarbræðslu í Norðfirði. Bréf. 9. okt. 1 fskj. (Nd. 84).
5. Pétur A. Ólafsson fer þess á leit f. h. síldarbræðslustöðvarinnar Dagverðareyri, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir stöðina 150 þús. kr. lán. Bréf 11. okt. (Sþ. 99).
6. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., og Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm., senda fjvn. erindi frá s/f Þórhaddi á Stöðvarfirði, dags. 24. sept., um að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir félagið 50 þús. kr. lán til kaupa á 2 vélbátum. Bréf 11. okt. (Sþ. 106).
7. Sömu þm. senda fjvn. erindi frá stjórn samvinnufélags Reyðarfjarðar, dags. 27. sept., ásamt umsögn hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps, um að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir félagið 60 þús. kr. lán til kaupa á 2 vélbátum. Bréf 11. okt. (Sþ. 106).
8. Framkvæmdanefnd rafveitu Austur-Húnavatnssýslu fer þess á leit við Alþingi, að það heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir rafveituna allt að 60 þús. kr. lán. Bréf 19. okt. 1 fskj. (Sþ. 200).
9. Emil Jónsson, þm. Hafnf., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast allt að 150 þús. kr. lán fyrir Hafnarfjarðarkaupstað. Bréf 29. okt. 1 fskj. (Sþ. 280).
10. Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M., fer þess á leit f. h. útgerðarfélagsins Kolbeins unga á Vopnafirði, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir félagið 70 þús. kr. lán. Bréf 30. okt. 2 fskj. (Sþ. 287).
11. Eysteinn Jónsson og Ingvar Pálmason, þm. S.-M., senda fjvn. erindi hreppsnefndar Eskifjarðarhrepps, ódags., um að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 130 þús. kr. lán fyrir hreppinn til að koma þar á fót síldar- og beinaverksmiðju o. fl. Bréf 30. okt. (Sþ. 297).
12. Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps fer þess á leit, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 130 þús. kr. lán fyrir hreppinn til að koma þar á fót síldar- og beinaverksmiðju o. fl. Bréf ódags. (Sþ. 349).
13. Jón A. Jónsson, þm. N.-Ísf., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv., að Alþingi heimili ríkisstjórninni að

ábyrgjast fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu allt að 200 þús. kr. lán til raforkuversbyggingar. Bréf 16. okt. 1 fskj. (Sþ. 140).

14. Sami fer þess á leit við fjvn. f. h. h/f Vestfjarðabátsins, að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. styrk og heimild fyrir ríkisábyrgð handa félaginu til kaupa á póst- og mannflutningabát til að annast samgöngur um Ísafjarðarsýslur. Bréf 5. nóv. (Sþ. 390).
15. Thor Thors, þm. Snæf., fer þess á leit f. h. samvinnuútgerðarinnar í Stykkishólmi, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 100 þús. kr. lán fyrir útgerðina til skipakaupa og útgerðar. Bréf 7. nóv. (Sþ. 387).
16. Sami fer þess á leit f. h. hreppsnefndar Stykkishólmshrepps, að fjvn. taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast 180 þús. kr. lán til rafvirkjunar í Stykkishólmi. Bréf 9. nóv. (Sþ. 398).
17. Borgarafundur í Ólafsfjarðarkauptúni 29. nóv. skorar á Alþingi að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán til rafstöðvarbyggingar við Garðsá og læknisbústaðar í Ólafsfirði. (Sþ. 513).
18. Kristmann Runólfsson fer þess á leit f. h. Útgerðarfélags Vatnsleysustrandar, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast gagnvart Útvegsbanka Íslands h/f greiðslu á tveggja ára vöxtum af eftirstöðvum af 35 þús. kr. láni félagsins, samtals 4000 kr. Bréf 8. des. (Sþ. 582).

*Áfengismál.*

1. Dóms- og kirkjumrn. sendir Alþingi bréf framkvæmdarnefndar umdæmisstúkunnar nr. 5 á Akureyri, dags. 1. sept., varðandi væntanlega breytingu á áfengislöggjöfinni. Bréf 8. okt. (Sþ. 83).
2. Almennur fundur templara og annara bindindissinnaðra manna á Akureyri 20. nóv. mótmælir frv. til áfengislaga, sem liggur fyrir þinginu, o. fl. Bréf 21. nóv. (Sþ. 495).
3. 819 kjósendur í Akureyrarkaupstað senda Alþingi tillögur sínar varðandi útsölu og veitingar áfengis, hagnað af áfengissölu o. fl. (Sþ. 496).

*Áfengisverzlun ríkisins.*

1. Bréf Áfengisverzlunar ríkisins, dags. 11. ágúst, og áætlun forstjóra verzlunarinnar, dags. 18. ágúst. (Sþ. 67, II).
2. Áfengisverzlun ríkisins sendir fjvn. skrá um starfsmenn verzlunarinnar og laun þeirra árið 1934. Bréf 17. okt. (Sþ. 151).

Álafoss, sjá Íþróttakennsla 2., 3.
Álftagróf, sjá Jarðakaup ríkissjóðs 1.
Árni Guðmundsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 6.
Árni Sigbjörnsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 7.
Árni Snævarr, sjá Námsstyrkur 2.
Ásgeir Ásgeirsson, sjá Námsstyrkur 3.
Ásgeir Magnússon, sjá Lífeyrissjóður barnakennara 1.
*Ásmundur Jónsson frá Skúfstöðum* sækir um 2000 kr. styrk til dvalar við bókasöfn erlendis til þess að kynna sér skáldbókmenntir norrænna þjóða. Bréf 31. okt. (Sþ. 339).

Ásmundur Sveinsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 8.
Ásta Þorsteinsdóttir, sjá Verðtollur 2.
Ástvaldur Eydal, sjá Námsstyrkur 5.

Baldur m/b, sjá Strandferðir 5.
*Barnafræðsla.* Barnakennarafélag Akraness sendir menntmn. Nd. brtt. við frv. til l. um barnafræðslu á Íslandi. Bréf 12. nóv. (Sþ. 424). Sjá ennfr. Launamál 1., 2.
*Barnaskólar.* Hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps sækir um 17 þús. kr. styrk til byggingar heimavistarbarnaskóla í hreppnum. Bréf 29. sept. (Sþ. 136).
*Benzín.*
1. 127 vörubílstjórar og vörubílaeigendur mótmæla væntanlegri hækkun á benzínskattinum. Bréf ódags. (Sþ. 251).
2. 52 bifreiðaeigendur og bifreiðarstjórar í Vestmannaeyjum mótmæla hækkun á innflutningsgjaldi af benzíni. Bréf 1. nóv. (Sþ. 359).
3. Verkamannafélagið Dagsbrún skorar á Alþingi að fella fyrirhugaða hækkun á benzínskatti. Bréf 13. nóv. (Sþ. 430).
4. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., sendir Alþingi mótmæli 55 bifreiðaeigenda og bifreiðarstjóra í Vestmannaeyjum gegn hækkun á benzínskatti og kröfu um, að benzínskattur greiddur frá Vestmannaeyjum gangi til viðhalds vega þar. Bréf 5. des. (Sþ. 548).

Bergþór Teitsson, sjá Útflutningur á fiski 3.
*Bifreiðar og bifreiðaskattur.*
1. Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill í Reykjavík mótmælir frv. til l. um breyt. á l. um bifreiðaskatt o. fl. Bréf ódags. (Sþ. 119).
2. Sama fer þess á leit við allshn. Nd., að hún leggi fyrir deildina frv. til l. um, að bifreiðar til mannflutninga í bæjum skuli aka eftir gjaldmæli. Bréf 23. okt. (Sþ. 218).
3. Landssímastjóri sendir fjhn. Ed. till. til breytinga á frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótorvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum og efni til raflagna. Bréf. 29. okt. (Sþ. 282).

*Bindindismál.*
1. Pétur Sigurðsson sækir um 3000 kr. styrk til fyrirlestrastarfs og útbreiðslu bindindis. Bréf 27. ágúst. (Sþ. 68, q).
2. Sami sendir fjvn. afrit af bréfi sínu til atvmrh., dags. 26. ágúst, um samskonar styrk. Bréf 18. okt. (Sþ. 194).

Bílvegir, sjá Vegamál.
Bjarni Bjarnason, sjá Trúmál 2.
Bjarni Jónsson, sjá Sauðfjársjúkdómar 2.
Bjarni Sæmundsson, sjá Fiskirannsóknir 1.
Björn Bjarnarson, sjá Alþingiskosningar.
Björn O. Björnsson, sjá Ritstyrkur 2.
Björn L. Jónsson, sjá Veðurstofan 2.

*Blindir menn.*

1. Stjórn Blindravinafélags Íslands fer þess á leit, að blindum börnum, sem stunda nám í Blindraskóla Íslands, séu veitt sömu réttindi og málausum börnum, en til vara, að kennslukona blindraskólans sé launuð af ríkinu. Ennfremur sækir félagið um 1500 kr. styrk til greiðslu á afnotagjöldum útvarps fyrir blinda menn og 10 viðtæki að láni handa blindum mönnum. Bréf 16. okt. 3 fskj. (Sþ. 191).
2. Þórsteinn Bjarnason og Stefán B. Björnsson sækja f. h. blindu stúlkunnar Málfríðar Jónasdóttur um 700 kr. styrk. Bréf 31. okt. 1 fskj. (Sþ. 412).

*Blóma- og trjárækt.* Stjórn Blóma- og trjáræktarfélags Ísfirðinga sækir um 1000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 4. okt. 1 fskj. (Sþ. 112).

Borgarhafnarhreppur, sjá Fóðurmjöl og fóðurbætir 3.

Botnsá, sjá Brúargerðir 2.

*Bókasöfn.*

1. Kjartan Ólafsson í Hafnarfirði fer þess á leit við forseta Alþingis, að þeir láti bókasafni Hafnarfjarðar ókeypis í té eitt eintak af þeim árgöngum Alþingistíðinda, sem eru í eigu þingsins í nógu upplagi. Bréf 22. maí (Sþ. 11).
2. Iðnbókasafnið í Reykjavík sækir um 1000 kr. styrk. Bréf 2. okt. (Sþ. 59).
3. Skólastjóri kennaraskólans sækir um allt að 1500 kr. styrk til að koma upp safni uppeldisfræðirita við skólann. Bréf 22. okt. 1. fskj. (Sþ. 230).
4. Matthíasarnefnd stúdentafélagsins á Akureyri sækir um 30 þús. kr. framlag úr ríkissjóði til byggingar fyrirhugaðrar bókhlöðu til minningar um Matthías Jochumsson. Bréf 28. nóv. (Sþ. 534).

Bókband, sjá Iðnaðarmál 6.

*Bókmenntafélag jafnaðarmanna* sækir um 1200 kr. styrk til útgáfustarfsemi sinnar. Bréf 4. okt. (Sþ. 374).

*Bókmenntafélagið.* Forseti hins íslenzka bókmenntafélags sækir f. h. félagsins um 4000 kr. styrk til útgáfu Íslendingaæfa. Bréf 28. ágúst (Sþ. 68, i).

Breiðafjarðarbáturinn Norðri h/f, sjá Strandferðir 6.

Breiðuvíkurhreppur, sjá Læknisvitjanastyrkur.

Brunná, sjá Brúargerðir 1.

*Brúargerðir.*

1. Hreppsnefndin í Öxarfjarðarhreppi í Norður-Þingeyjarsýslu sækir um styrk til brúargerðar á Brunná í Öxarfirði. Bréf ódags. 1 fskj. (Sþ. 248).
2. Jón A. Jónsson, þm. N.-Ísf., sendir fjvn. erindi oddvita Reykjarfjarðarhrepps, dags. 7. nóv., um styrk til brúar á Botnsá í Reykjarfjarðarhreppi. Bréf ódags. (Sþ. 431).
3. Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M., sendir fjvn. erindi Sveins Bjarnasonar á Heykollsstöðum, dags. 24. okt., til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, er í felst áskorun til þingmanna sýslunnar um að þeir beiti sér fyrir því, að veittur verði styrkur úr ríkissjóði til byggingu nýrrar brúar á Lagarfljóti. Bréf 26. nóv. (Sþ. 493).

Bryggjugerðir, sjá Hafnir og lendingarbætur.

*Búfjárræktarlög.* Áætlun ráðunauts Búnaðarfélags Íslands um fjárveitingar samkvæmt búfjárræktarlögunum. Bréf 9. ágúst (Sþ. 67, LXXXII).

*Búnaðarfélag Íslands.* Áætlun búnaðarmálastjóra um tekjur og gjöld búnaðarfélagsins árið 1935. Bréf 9. ágúst. (Sþ. 67, LXXIX).

Byggðarholt, sjá Jarðakaup ríkisins 4.

*Bændaskólar.*

1. Tillögur skólastjóra bændaskólans á Hvanneyri um fjárveitingar til skólans árið 1935, ódags. (Sþ. 67, XLI).
2. Áætlun skólastjóra bændaskólans á Hólum um útgjöld skólans árið 1935. Bréf 3. apríl. (Sþ. 67, LXXVII).
3. Erindi sama, dags. 16. apríl, um styrk úr ríkissjóði til að koma upp hænsna- og svínahúsi á skólabúinu, ásamt umsögn búnaðarmálastjóra, dags. 14. júní (Sþ. 67, LXXVIII).
4. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi frá Guðmundi Jónssyni, kennara á Hvanneyri, dags. 14. sept., um að ríkisstjórnin láti byggja fyrir sig kennarabústað á Hvanneyri. Bréf 12. okt. 2 fskj. (Sþ. 115).
5. Halldór Vilhjálmsson skólastjóri sendir fjvn. umsögn sína um erindi Guðmundar Jónssonar, kennara á Hvanneyri, dags. 14. sept., um byggingu kennarabústaðar á Hvanneyri. Bréf 19. okt. (Sþ. 178).
6. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir landbn. Ed. umsögn sína um frv. til l. um breyt. á l. um bændaskóla. Bréf. 13. nóv. (Sþ. 426).

*Dagheimili.* Emil Jónsson, þm. Hafnf., sækir f. h. verkakvennafélagsins Framtíðarinnar í Hafnarfirði um 2000—2500 kr. styrk til dagheimilis félagsins. Bréf 10. nóv. (Sþ. 575).

Dagsbrún, verkamannafélagið, sjá Benzín 3.

*Daufdumbraskólinn.* Tillögur forstöðumanns daufdumbraskólans um fjárveitingar til skólans árið 1935. Bréf 5. júní. (Sþ. 67, XLIX).

*Dragnótaveiðar í landhelgi.*

1. Hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps skorar á Alþingi að banna dragnótaveiðar í landhelgi. Bréf 13. sept. (Sþ. 60).
2. Almennur borgarafundur í Gerðum 28. okt. skorar á Alþingi og ríkisstjórn að hlutast til um, að bönnuð verði dragnótaveiði í landhelgi í sunnanverðum Faxaflóa. Bréf ódags. (Sþ. 344).
3. 75 alþingiskjósendur í Vatnsleysustrandarhreppi skora á Alþingi að banna alla dragnótaveiði í sunnanverðum Faxaflóa frá næstu áramótum. Bréf ódags. (Sþ. 382).
4. 182 alþingiskjósendur í Gerðahreppi og 124 alþingiskjósendur í Miðneshreppi skora á Alþingi að banna alla dragnótaveiði í landhelgi í sunnanverðum Faxaflóa frá næstu áramótum. (Sþ. 407).
5. Hreppsnefnd Loðmundarfjarðarhrepps skorar á Alþingi að afnema gildandi lög um dragnótaveiðar í landhelgi. Bréf 20. okt. (Sþ. 411).
6. Hreppsnefnd Kirkjuhvammshrepps í Vestur-Húnavatnssýslu skorar á Alþingi að setja lög um algert bann við dragnótaveiðum í landhelgi. Bréf 13. nóv. (Sþ. 473).

*Dýralækningar.*

1. Gísli Gíslason í Ólafsfirði sækir um 1000 kr. styrk í viðurkenningarskyni fyrir dýralækningastarf sitt. Bréf 15. nóv. 1 fskj. (Sþ. 516).
2. Guðmundur Andrésson sækir um 800 kr. styrk til að stunda dýralækningar í Skagafirði og nærliggjandi héruðum. Bréf 15. ágúst. 2 fskj. (Sþ. 76).

Edvald Eyjólfsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 10.

*Efnarannsóknastofa ríkisins.* Tillögur forstöðumanns efnarannsóknastofu ríkisins um fjárveitingar til stofunnar árið 1935, dags. 26. ágúst (Sþ. 67, LVII).

*Eftirlaun og styrktarfé.*

1. Anna Jónsdóttir læknisekkja sækir um hækkun á eftirlaunum sínum. Bréf 24. okt. (Sþ. 278).
2. Atvinnumálaráðherra sendir fjvn. erindi landlæknis, dags. 16. okt., um að Sæmundi Bjarnhéðinssyni fyrrv. yfirlækni verði veitt nokkur uppbót á eftirlaun sín. Bréf 16. okt. (Sþ. 124).
3. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. til athugunar umsókn Sigurjóns Markússonar f. h. ekkjunnar Kristólínu Kragh, dags. 11. okt., um eftirlaun henni til handa. Bréf 16. okt. 1 fskj. (Sþ. 152).
4. Sama sendir fjvn. erindi frá Koefod Hansen skógræktarstjóra, dags. 1. nóv., er í felst beiðni um lausn frá skógræktarstjóraembættinu og umsókn um 3000—3600 kr. árleg eftirlaun og jafnframt 3300 kr. skyndilán úr ríkissjóði. Bréf 3. nóv. (Sþ. 353).
5. Sama mælir með því, að vegaverkstjórunum Jóni Ísleifssyni og Guðjóni Pálssyni verði veittur ellistyrkur. Bréf 28. nóv. (Sþ. 507).
6. Árni Guðmundsson, fyrrv. fiskimatsmaður á Bíldudal, sækir um árlegan ellistyrk. Bréf 29. sept. (Sþ. 361).
7. Árni Sigbjörnsson fyrrv. póstur sækir um ellistyrk. Bréf 7. nóv. 2 fskj. (Sþ. 385).
8. Ásmundur Sveinsson myndhöggvari sækir um 5000 kr. árlegan styrk. Bréf 15. okt. 1 fskj. (Sþ. 135).
9. Biskupinn fer þess á leit, að hækkuð verði eftirlaun Ólafs Ólafssonar, fyrrv. prests frá Hjarðarholti, og prestsekkjunnar Guðbjargar Guðmundsdóttur. Bréf 17. maí. (Sþ. 67, LXX).
10. Eðvald Eyjólfsson póstur sækir um allt að 200 kr. eftirlaun á mánuði. Bréf 15. okt. 1 fskj. (Sþ. 121).
11. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. erindi frú Harriet Jónsson, dags. 21. okt., er í felst umsókn um viðbót við eftirlaun hennar. Bréf 24. okt. (Sþ. 221).
12. Sama sendir fjvn. umsókn frú Mörthu Þorvaldsson, dags. 30. okt., um 600 kr. viðbót við eftirlaun hennar. Bréf 3. nóv. (Sþ. 356).
13. Grímur Grímsson fyrrv. barnaskólastjóri sækir um 1000 kr. árleg eftirlaun. Bréf 18. sept. 2 fskj. (Sþ. 64).
14. Guðrún Björnsdóttir prestsekkja sækir um hækkun á eftirlaunum sínum. Bréf 12. sept. (Sþ. 38).

15. Ingivaldur Nikulásson fyrrv. kennari sækir um hækkun á eftirlaunum sínum. Bréf ódags. (Sþ. 23).
16. Jón Stefánsson listmálari sækir um 5000 kr. árlegan styrk. Bréf 9. nóv. (Sþ. 409).
17. 15 menntamenn og listamenn skora á Alþingi, að það ákveði að veita Jóni Stefánssyni listmálara umbeðinn 5000 kr. árlegan styrk. Bréf 8. nóv. (Sþ. 410).
18. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. styrk til Sigríðar Gísladóttur, ekkju Kristjáns Kristjánssonar skjalavarðar Alþingis. Bréf 1. nóv. 3 fskj. (Sþ. 366).
19. Kristján Karlsson fer þess á leit f. h. Aðalbjargar Steinsdóttur, ekkju Magnúsar Einarssonar organista, að hún fái að halda þeim eftirlaunum, sem manni hennar voru greidd úr ríkissjóði. Bréf 8. ágúst. 1 fskj. (Sþ. 67, LXXII).
20. Lússía Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir í Borgarhafnarhreppi, sækir um 300 kr. árleg eftirlaun. Bréf 20. sept. 1 fskj. (Sþ. 192).
21. Ólafur Sæmundsson fyrrv. söknarprestur sækir um 340 kr. árlega viðbót við eftirlaun sín. Bréf ódags. (Sþ. 30).
22. Páll Hermannsson og Páll Zóphóníasson, þm. N.-M., fara þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. 300 kr. árlegan ellistyrk handa Guðmundi Þorfinnssyni á Litla-Sveinsvaði. Bréf 9. nóv. (Sþ. 399).
23. Pétur Á. Jónsson óperusöngvari sækir um að fá að halda þeim styrk, er honum var veittur í fjárlögum yfirstandandi árs. Bréf 18. nóv. (Sþ. 464).
24. Póststjórnin sendir umsókn Jóhönnu Þ. Jónsdóttur, ekkju Steindórs Hinrikssonar pósts, um 300 kr. árleg eftirlaun, ásamt meðmælum sínum. Bréf 15. sept. (Sþ. 67, LXXIII).
25. Ragnheiður Jónasson, Marargötu 2, sækir um 1000—1500 kr. styrk. Bréf 31. okt. (Sþ. 303).
26. Reinald Kristjánsson póstur sækir um 300 kr. árleg eftirlaun. Bréf 1. okt. (Sþ. 125).
27. 6 nafngreindir menn í Rangárvallasýslu fara þess á leit, að Ólafi Ísleifssyni lækni verði veitt eftirlaun jafnhá og uppgjafalæknar fá. Bréf 16. nóv. 1 fskj. (Sþ. 477).
28. Stjórn sambands íslenzkra barnakennara mælir með umsókn Gríms Grímssonar fyrrv. skólastjóra um eftirlaun. Bréf 15. okt. (Sþ. 154).
29. Thor Thors, þm. Snæf., sækir f. h. Gísla Jónssonar kennara um 300 kr. árleg eftirlaun. Bréf 12. okt. 4 fskj. (Sþ. 111).
30. Sami sækir f. h. Kjartans Þorkelssonar, bónda að Hagaseli í Staðarsveit, um 1000 kr. lífeyri honum til handa. Bréf 20. okt. 1 fskj. (Sþ. 179).
31. Vegamálastjóri sækir um nokkur eftirlaun til handa Guðjóni Pálssyni fyrrv. vegaverkstjóra. Bréf 5. nóv. (Sþ. 367).

32. Sami sækir um 800 kr. árlegan ellistyrk handa Jóni Ísleifssyni vegaverkstjóra. Bréf 12. nóv. (Sþ. 416).
33. Vilborg Sigurðardóttir fyrrv. ljósmóðir sækir um eftirlaun. Bréf ódags. (Sþ. 167).
34. Vitamálastjóri sendir umsókn Margrétar Vigfúsdóttur, ekkju Jóhanns Baldvinssonar vitavarðar, um 300 kr. árleg eftirlaun, ásamt meðmælum sínum. Bréf 9. ágúst. (Sþ. 67, LXXIV).
35. Þórarinn Jónsson tónskáld sækir um 4000 kr. styrk. Bréf 8. okt. 1 fskj. (Sþ. 225).
36. Þórður Flóventsson sækir um að fá að halda þeim styrk, sem hann hefir notið undanfarið. Bréf 12. nóv. (Sþ. 422).

*Eggert Stefánsson söngvari* sækir um 2500 kr. styrk til að kynna íslenzka sönglist erlendis. Bréf ódags. (Sþ. 244).

*Eiðaskólinn.* Tillögur skólastjóra alþýðuskólans á Eiðum um fjárveitingar til skólans árið 1935, dags. 15. apríl. (Sþ. 67, XLIII). Sjá ennfr. Launamál 5.

*Eimskipafélag Íslands.*

1. Reikningar h/f Eimskipafélags Íslands árið 1933, dags. 24. marz. (Sþ. 67, XXV).
2. Atvinnumálaráðherra sendir fjvn. erindi h/f Eimskipafélags Íslands, dags. 18. sept., um að í frv. til fjárlaga fyrir árið 1935 verði ríkissjóðstillag til félagsins ákveðið 250 þús. kr. Bréf 16. okt. (Sþ. 122).
3. H/f Eimskipafélag Íslands fer þess á leit við Alþingi, að það ákveði að framlengja lög um skattgreiðslu félagsins, þau er nú gilda. Bréf 23. nóv. (Sþ. 481).
4. Sama fer þess á leit, að styrkur til félagsins verði ákveðinn jafnhár og undanfarin ár og án skilyrðis. Bréf 28. nóv. (Sþ. 505).

Einar Benediktsson, sjá Lánbeiðnir 1.

*Einar M. Jónasson.*

1. Einar M. Jónasson fyrrv. sýslumaður sendir fjvn. ýms skjöl varðandi málameðferð út af embættisrekstri hans í Barðastrandarsýslu. Bréf 8. okt. (Sþ. 77).
2. Sami leitar ásjár fjvn. út af veðrétti í fasteign o. fl. Bréf 16. okt. (Sþ. 148).

Sjá ennfr. Krafa um ógilding kosningar, Launamál 6.

Einar Magnússon, sjá Vegamál 7.

Einar Sigfússon, sjá Námsstyrkur 6.

Einar Thorlacius, sjá Hallgrímskirkja.

Eining, verkakvennafélagið, sjá Atvinnubætur 4., Tjón af völdum ofviðris 2.

*Einkasala.*

1. Mótmæli gegn einkasölufrumvörpum þeim, er liggja fyrir Alþingi frá: Félagi ísl. stórkaupmanna í Reykjavík, félagi vefnaðarvörukaupmanna, s. st., félagi matvörukaupmanna, s. st., félagi byggingarefnakaupmanna, s. st., kaupmannafélagi Hafnarfjarðar, kaupmönnum og atvinnurekendum í Reykjavík utan félaga, félagi kolakaupmanna við Faxaflóa og lyfsalafélagi Íslands. (Sþ. 323). 155 kaupmönnum og at-

vinnurekendum í Reykjavík, 100 kaupmönnum og útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum, 33 kaupmönnum og iðnrekendum á Ísafirði og 6 kaupmönnum og útgerðarmönnum í Hnífsdal. (Sþ. 369). 123 kaupmönnum og öðrum atvinnurekendum á Akureyri og verzlunarmannafélagi Seyðisfjarðar. (Sþ. 408 og 567). Verzlunarmannafélaginu á Akureyri. (Sþ. 421). Vinnuveitendafélagi Akureyrar. (Sþ. 438). 8 kaupmönnum og útgerðarmönnum á Þingeyri. (Sþ. 439). Útgerðarmannafélagi Akureyrar. (Sþ. 441). Iðnaðarmannafélagi Akureyrar. (Sþ. 454). 18 kaupmönnum og öðrum atvinnurekendum á Sauðárkróki. (Sþ. 467). 99 alþingiskjósendum í Neskaupstað. (Sþ. 488 og 593). Félagi matvörukaupmanna á Akureyri. (Sþ. 562). Skipstjórafélagi Norðlendinga. (Sþ. 563). 91 Akureyring. (Sþ. 567). 4 kaupmönnum á Reyðarfirði. (Sþ. 593).

2. Fiskifélag Íslands sendir fjhn. Ed. tillögu frá meiri hl. sjútvn. fiskiþingsins varðandi einkasölu á mótorvélum. Bréf 31. okt. (Sþ. 315)
3. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir landbn. Ed. umsögn sína um frv. til l. um einkasölu ríkisins á fóðurmjöli og fóðurbæti. Bréf 13. nóv. (Sþ. 426).
4. Fisksölufélag Seyðisfjarðar mótmælir ríkiseinkasölu á fiski. Símsk. 11. des. (Sþ. 599).

Sjá ennfr. Bifreiðar og bifreiðaskattur 3., Fóðurmjöl og fóðurbætir 2., Útflutningur á fiski 6.

Einkennisbúningar, sjá Póstmál 2.

*Elliheimili.*

1. Kvenfélagið Kvik á Seyðisfirði sækir um 1000 kr. styrk til starfrækslu elliheimilisins Hafnar s. st. Bréf 13. ágúst. (Sþ. 15).
2. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. umsókn kvenfélagsins Kvik á Seyðisfirði um styrk til starfrækslu elliheimilisins Hafnar s. st. Bréf 5. okt. (Sþ. 67, LXIX).
3. Kvenfélagið Framtíðin á Akureyri sækir um 20 þús. kr. styrk til að koma upp gamalmennaheimili á Akureyri. Bréf 13. okt. (Sþ. 234).

Ellingsen, Erling, sjá Rafstöðvar 4.

Fagranes m/s, sjá Strandferðir 1., 2.

*Fangahús.*

1. Atv.- og samgmrn. sendir Alþingi bréf bæjarfógetans á Siglufirði, dags. 17. sept., um 25 þús. kr. fjárveitingu til að reisa fangahús á Siglufirði. Bréf 8. okt. (Sþ. 82).
2. Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps sækir um 5200 kr. styrk, en til vara 3700 kr., til byggingar fangahúss á Akranesi. Bréf 17. okt. 2 fskj. (Sþ. 163).
3. Jónas Guðmundsson, 6. landsk. þm., sendir Alþingi símskeyti frá bæjarstjórn Neskaupstaðar, er í felst beiðni um 5000 kr. framlag úr ríkissjóði til byggingar fangahúss þar. Bréf 13. des. (Sþ. 604).

Sjá ennfr. Lögreglustjórinn í Reykjavík 2.

*Fávitahæli.* Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar sækir um 5000 kr. byggingar-

styrk til fávitahælisins að Sólheimum í Grímsnesi. Bréf 24. okt. 1 fskj. (Sþ. 228).

*Ferðamannaskrifstofa.* Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill sendir allshn. Nd. umsögn sína um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu. Bréf 24. okt. (Sþ. 217).

*Fiskifélag Íslands.*

1. Áætlun forseta Fiskifélags Íslands um fjárveitingar til félagsins árið 1935. Bréf 3. maí (Sþ. 67, LXIII).
2. Fjárhagsáætlun Fiskifélags Íslands árin 1935 og 1936, dags. 19. okt. (Sþ. 186).
3. Fiskifélag Íslands sendir fjvn. fjárhagsáætlun sína árin 1935—1936 og fer þess jafnframt á leit við nefndina, að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. 85 þús. kr. styrk til félagsins. Bréf 2. nóv. (Sþ. 351).

*Fiskimat.* Jón Halldórsson mótmælir f. h. fiskideildar Ólafsfjarðar stofnun fiskimatsstjóraembættis. Símsk. 22. okt. (Sþ. 622).

Fiskimálanefnd, sjá Fiskiveiðar 19., 20., 21., 28.

*Fiskirannsóknir.*

1. Bjarni Sæmundsson sækir um 1000 kr. styrk til að standast útgjöld við fiskirannsóknir sínar. Bréf 17. ágúst. (Sþ. 67, LVI).
2. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. Nd. erindi Fiskifélags Íslands, dags. 13. sept., er í felst beiðni um, að settur verði bergmálsdýptarmælir í e/s Þór vegna fiskimiðarannsókna. Bréf 16. okt. 1 fskj. (Sþ. 143).
3. Sama sendir fjvn. bréf Fiskifélags Íslands, dags. 28. nóv., er í felst beiðni um, að varðskipið Þór verði útbúið með rafmagnsdýptarmæli og síldarbotnvörpu. Bréf 10. des. (Sþ. 600).
4. Sjútvn. Nd. sendir fjvn. meðmæli með erindi Fiskifélags Íslands, dags. 13. sept., um að settur verði bergmálsdýptarmælir í e/s Þór. Bréf 23. okt. (Sþ. 208).
5. Skipulagsnefnd atvinnumála mælir með því við fjvn., að keyptur verði dýptarmælir og önnur áhöld til fiskirannsókna í varðskipið Þór. Bréf 30. okt. (Sþ. 288).

*Fiskiveiðar.*

1. Fundargerð almenns fundar á Akranesi 28. nóv. um sjávarútvegsmál (Sþ. 511).
2. Fundur í Ólafsfjarðarkauptúni sendir Alþingi ýmsar ályktanir um sjávarútvegsmál. Símsk. 30. nóv. (Sþ. 518).
3. Fundur útgerðarmanna í Ólafsvík skorar á Alþingi að samþykkja frv. milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum. Símsk. 1. des. (Sþ. 524).
4. Fundur fiskimanna á Flateyri 19. nóv. sendir Alþingi samskonar áskorun (Sþ. 535).
5. 30 útgerðarmenn og 9 síldarkaupmenn á Siglufirði senda Alþingi samskonar áskorun. Símsk. 4. des. (Sþ. 544).
6. 255 alþingiskjósendur í Eyjafirði senda Alþingi samskonar áskorun. Símsk. 29. nóv. (Sþ. 545).

7. 40 útgerðarmenn í Neskaupstað senda Alþingi samskonar áskorun. Símsk. 8. des. (Sþ. 572).
8. Fundur alþingiskjósenda á Skagaströnd sendir Alþingi samskonar áskorun. Símsk. 11. des. (Sþ. 592).
9. Fisksölufélag Seyðisfjarðar sendir Alþingi samskonar áskorun. Símsk. 11. des. (Sþ. 598).
10. 40 útgerðarmenn í Neskaupstað senda Alþingi samskonar áskorun. Undirskriftaskjal 1. des. (Sþ. 621).
11. 30 alþingiskjósendur á Akureyri, 115 alþingiskjósendur í Hrísey, 60 alþingiskjósendur á Dalvík og 16 alþingiskjósendur í Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu senda Alþingi samskonar áskorun. (Sþ. 613).
12. Fundur útgerðarmanna og sjómanna í fiskideild Dýrafjarðar skorar á Alþingi að samþykkja frv. milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum. Ennfremur skorar fundurinn á Alþingi að beita sér fyrir verðlækkun á útgerðarvörum, svo sem kolum, salti og veiðarfærum (Sþ. 525).
13. Útvegsbændafélag Vestmannaeyja skorar á Alþingi að samþykkja frv. milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum. Ennfremur skorar félagið á Alþingi að beita sér fyrir verðlækkun á hráolíu. Símsk. 3. des. (Sþ. 529).
14. Bæjarstjórinn á Seyðisfirði fer þess á leit f. h. bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar, að Alþingi ákveði að veita Runólfi Stefánssyni leyfi til að setja á land á Seyðisfirði og verka afla af útlendum skipum á næstu vertíð. Símsk. 4. des. (Sþ. 541).
15. Áskorun frá Runólfi Stefánssyni til Alþingis sama efnis. Símsk. 4. des. (Sþ. 542).
16. Almennur fundur útvegsmanna og sjómanna á Vopnafirði skorar á Alþingi að afgreiða frv. til l. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna. Símsk. 30. nóv. (Sþ. 512).
17. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., sendir Alþingi fundargerð fundar sjómanna og útgerðarmanna á Vopnafirði, er í felst áskorun til Alþingis um að samþykkja frv. til l. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna. Bréf 5. des. (Sþ. 549).
18. Landsbanki Íslands sendir sjútvn. Nd. umsögn sína um frv. til l. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna. Bréf 6. des. (Sþ. 560).
19. Útvegsbanki Íslands h/f sendir sjútvn. Nd. umsögn sína um frv. til l. um rekstrarlánafélög og frv. til l. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna. Bréf 7. des. (Sþ. 565).
20. Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda sendir sjútvn. Nd. umsögn sína um frv. til l. um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. Bréf 5. des. (Sþ. 550).
21. Útvegsbanki Íslands h/f sendir sjútvn. Nd. umsögn sína um sama frv. Bréf 6. des. (Sþ. 555).
22. Landsbanki Íslands sendir sjútvn. Nd. umsögn sína um sama frv. Bréf 6. des. (Sþ. 556).
23. 33 útvegsmenn og sjómenn við Steingrímsfjörð skora á Alþingi að sam-

þykkja frv. til l. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna, svo og önnur frv. um sjávarútvegsmál, flutt af sjálfstæðismönnum á Alþingi. Símsk. 10. des. (Sþ. 587 og 635).
24. 11 útgerðarmenn á Eskifirði senda Alþingi samskonar áskorun. (Sþ. 588).
25. 34 útgerðarmenn og sjómenn á Patreksfirði skora á Alþingi að samþykkja frv. til l. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna, frv. til l. um Fiskiveiðasjóð Íslands, frv. til l. um rekstrarlánafélög og frv. til l. um fiskiráð. Bréf 3. des. (Sþ. 609).
26. 25 útgerðarmenn á Fáskrúðsfirði senda Alþingi samskonar áskorun. Símsk. 15. des. (Sþ. 610).
27. Fundur fiskideildar Súgfirðinga 24. nóv. sendir Alþingi samskonar áskorun. Bréf 7. des. (Sþ. 611).
28. Fundur útgerðarmanna og sjómanna í Bolungarvík 9. des. skorar á Alþingi að samþykkja frv. til l. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna og frv. til l. um Fiskiveiðasjóð Íslands. Bréf ódags. (Sþ. 612).
29. 35 ónafngreindir útgerðarmenn og sjómenn á Hellissandi skora á Alþingi að samþykkja frv. til l. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna, frv. til l. um Fiskiveiðasjóð Íslands og frv. til l. um fiskiráð og mótmæla frv. til l. um fiskimálanefnd o. fl. Símsk. 18. des. (Sþ. 619).

Sjá ennfremur Ábyrgðir 2., 3., 6., 7., 10., 15., 18., Einkasala 4., Útflutningur á fiski.

Fiskiveiðar Norðmanna, sjá Útflutningur á fiski 8.

Fiskúrgangur, sjá Útflutningsgjald af fiski.

Flateyjardalur, sjá Kirkjumál 2.

Flensborgarskólinn, sjá Gagnfræðaskóli í Hafnarfirði.

Flóabátaferðir, sjá Strandferðir.

*Fornminjar.* Dóms- og kirkjumrn. sendir Alþingi afrit af bréfi þjóðminjavarðar, dags. 18. júní, um að bærinn á prestssetrinu Laufási verði varðveittur sem fornminjar. Bréf 23. okt. 2 fskj. (Sþ. 245).

*Fornritaútgáfa.* Hið íslenzka fornritafélag sækir um allt að 5000 kr. til útgáfu fornrita. Bréf 27. okt. (Sþ. 263).

Fóðurbætir, sjá Fóðurmjöl og fóðurbætir.

*Fóðurmjöl og fóðurbætir.*
1. Atv.- og samgmrn. beiðist umsagnar landbúnaðarnefnda Alþingis um 14 skjöl varðandi sölu fóðurmjöls á komandi vetri. Bréf 4. okt. (Sþ. 31).
2. Mjólkurfélag Reykjavíkur sendir landbn. Ed. umsögn sína um frv. til l. um einkasölu ríkisins á fóðurmjöli og fóðurbæti. Bréf 29. okt. (Sþ. 274).
3. Hreppsnefndin í Borgarhafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu sækir um 400 kr. styrk til flutninga á fóðurbæti frá Hornafirði til Borgarhafnarhrepps. Bréf 10. okt. (Sþ. 346).
4. Forsætisráðherra sendir fjvn. símskeyti sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og forstjóra kaupfélags Eyfirðinga, er í felst beiðni um styrk til bænda í Eyjafjarðarsýslu til fóðurbætiskaupa. Bréf 30. nóv. (Sþ. 519).

Sjá ennfr. Einkasala 3.

*Fólksflutningar á landi.*

1. Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill sendir samgmn. Nd. umsögn sína um frv. til l. um skipulag fólksflutninga á landi. Bréf 24. okt. (Sþ. 216).
2. Forstjóri Strætisvagna Reykjavíkur h/f sendir samgmn. Nd. umsögn sína um sama frv. Bréf. 25. okt. (Sþ. 235).
3. Vegamálastjóri sendir samgmn. Nd. umsögn sína um sama frv. Bréf ódags. 1 fskj. (Sþ. 236).

Fóstureyðingar, sjá Þungunarvarnir.

*Framfærsla þurfamanna.* Hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps skorar á Alþingi að gera landið allt að einu framfærsluhéraði. Bréf 13. des. (Sþ. 61).

Framsókn, verkakvennafélagið, sjá Atvinnubætur 3.

Framtíðin, kvenfélagið, sjá Elliheimili 3.

Framtíðin, verkakvennafélagið, sjá Dagheimili.

Freymóður Jóhannsson, sjá Lánbeiðnir 2., Leikstarfsemi 3., 4.

Frímann B. Arngrímsson, sjá Jarðvegsrannsóknir.

Frímann Benediktsson, sjá Sjúkrastyrkur 2.

Frón, kexverksmiðjan, sjá Tollar og tollgæzla 5.

*Frystistöðvar.*

1. Ingólfur Espholín sækir um fjárstyrk, lán eða ábyrgðarheimild, er nemi ¾ stofnkostnaðar hraðfrystistöðvar þeirrar, er hann hefir sett upp. Bréf 20. nóv. (Sþ. 465).
2. Sami sendir sjávarútvegsnefndum afrit af erindi sínu til fjvn., dags. 20. nóv., um styrk til hraðfrystistöðvar sinnar, og fer þess á leit, að sjávarútvegsnefndir flytji brtt. við fjárlagafrv. samkvæmt því. Bréf 24. nóv. (Sþ. 489).

*Fræðafélagið.* Formaður hins íslenzka fræðafélags í Kaupmannahöfn sækir f. h. félagsins um 2000 kr. styrk til útgáfu á jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Bréf 6. sept. (Sþ. 68, p).

*Fræðslumál.* Tillögur fræðslumálastjóra um fjárveitingar til fræðslumála árið 1935, dags. 23. ágúst. (Sþ. 67, XXXV).

*Frönsk orðabók.* Páll Sveinsson skólakennari sækir um 5000 kr. styrk til þess að semja og gefa út frakkneska orðabók með íslenzkum þýðingum. Bréf 10. okt. (Sþ. 96).

*Fyrirmyndarbú.* Helgi Ágústsson fer þess á leit f. h. skólanefndar Laugarvatnsskóla, að landbúnaðarnefndir hlutist til um, að það 20 þús. kr. lán, sem ákveðið er að veita úr Byggingar- og landnámssjóði til fyrirmyndarbús á Suðurlandi, gangi til slíks fyrirmyndarbús á Laugarvatni. Bréf 14. des. (Sþ. 614).

Fyrning skulda, sjá Verzlunarskuldir.

*Gagnfræðaskóli í Hafnarfirði.* Emil Jónsson, þm. Hafnf., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. fjárveitingu til byggingar gagnfræðaskólahúss í Hafnarfirði. Bréf 29. okt. (Sþ. 279).

Garðsá, sjá Ábyrgðir 1.

Gerðavör, sjá Hafnir og lendingarbætur 10., 28.

*Gistihús.*

1. Anna Sigurðardóttir, Fjöllum, sækir um nokkurn fjárstyrk í viðurkenningarskyni fyrir greiða, er hún hefir veitt ferðamönnum um 42 ára skeið. Bréf 27. sept. 1 fskj. (Sþ. 100).
2. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ., fer þess á leit við fjvn., að hún mæli með því, að Sigurði Kristjánssyni, bónda á Grímsstöðum á Hólsfjöllum, verði veittur 5000 kr. styrkur til húsabóta vegna ferðamanna. Bréf 8. nóv. 2 fskj. (Sþ. 401).

Gísli Gíslason, sjá Dýralækningar 1.

Gísli Jónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 29.

Gísli Ólafsson, sjá Ritstyrkur 3.

*Gjaldeyrisverzlun.*

1. Samband íslenzkra samvinnufélaga sendir fjhn. Ed. umsögn sína um frv. til l. um gjaldeyrisverzlun o. fl. Bréf 22. okt. (Sþ. 202).
2. Bankastjórn Landsbanka Íslands sendir fjhn. Ed. umsögn sína um sama frv. Bréf 3. okt. (Sþ. 215).
3. Verzlunarráð Íslands sendir fjhn. Ed. umsögn sína um sama frv. Bréf 27. okt. (Sþ. 272).
4. Iðnaðarmannafélagið á Akureyri fer þess á leit við Alþingi, að það hlutist til um, að iðnaðarmenn fái hindrunarlaust erlendan gjaldeyri til greiðslu á hráefnum til framleiðslu sinnar. Bréf 14. nóv. (Sþ. 453).

*Góðtemplarareglan.* Góðtemplarar í Reykjavík fara þess á leit, að Alþingi kaupi hús Góðtemplararreglunnar fyrir 75 þús. kr. og ákveði jafnframt að veita reglunni 75 þús. kr. styrk til nýbyggingar. Bréf 31. okt. 1 fskj. (Sþ. 354).

Grafreitur, sjá Jóhann Sigurjónsson.

Grenivík, sjá Landskemmdir 2.

Grímur Grímsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 13., 28.

Guðbjörg Guðmundsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 9.

Guðjón Pálsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 5., 31.

Guðmundur Andrésson, sjá Dýralækningar 2.

Guðmundur Finnbogason, sjá Ritstyrkur 4.

Guðmundur Friðjónsson, sjá Ritstyrkur 10.

Guðmundur Jónsson, sjá Bændaskólar 4., 5.

Guðmundur Kristjánsson, sjá Námsstyrkur 10.

Guðmundur Þorfinnsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 22.

Guðrún Björnsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 14.

Hafnarfjarðarkaupstaður, sjá Ábyrgðir 9., Dagheimili, Gagnfræðaskóli í Hafnarfirði, Prestsbústaður í Hafnarfirði.

Hafnarsjóður Siglufjarðar, sjá Vörugjald.

*Hafnir og lendingarbætur.*

1. Almennur borgarafundur á Sandi skorar á Alþingi og ríkisstjórn að hlutast til um, að á næsta ári verði veittar 10—15 þús. kr. til framhalds bryggjugerðar í Krossavík. Bréf 5. nóv. (Sþ. 456).

2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi hafnarnefndar Skagastrandar, dags. 22. sept., er í felst umsókn um, að kostnað við vatnsleiðslu hafnargerðarinnar megi telja með hafnargerðarkostnaði, sem ríkið beri að sínum hluta. Bréf 16. okt. 1 fskj. (Sþ. 153).
3. Sama sendir sjútvn. Nd. bréf vitamálastjóra, dags. 15. okt., er í felast tillögur hans um fyrirkomulag væntanlegrar hafnargerðar á Hornafirði. Bréf 25. okt. (Sþ. 231).
4. Sama sendir fjvn. bréf vitamálastjóra, dags. 6. okt., varðandi fjárveitingu úr ríkissjóði til hafnargerðar á Húsavík. Bréf 23. okt. 1 fskj. (Sþ. 222).
5. Sama sendir fjvn. bréf sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, dags. 18. okt., varðandi bryggjugerð á Húsavík. Bréf 30. okt. 3 fskj. (Sþ. 320).
6. Sama sendir fjvn. bréf vitamálastjóra, dags. 22. nóv., varðandi kostnað við bryggjugerðina á Húsavík. Bréf 10. des. (Sþ. 601).
7. Sama sendir fjvn. erindi vitamálastjóra, dags. 24. nóv., er í felst greinargerð um bryggjugerðina á Stokkseyri og tillaga um, að ríkisábyrgð fáist fyrir 8000 kr. láni til bryggjugerðarinnar. Bréf 10. des. (Sþ. 602).
8. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., sendir fjvn. umsókn hreppsnefndar Suðureyrarhrepps um 25 þús. kr. framlag úr ríkissjóði til hafnarbóta á Suðureyri í Súgandafirði. Bréf 5. nóv. (Sþ. 378).
9. Bryggjunefnd Blönduósbryggju sækir um 20 þús. kr. styrk til viðgerðar á bátabryggjunni á Blönduósi norðan Blöndu. Bréf 17. nóv. (Sþ. 557).
10. Fiskifélag Íslands sendir fjvn. nefndarálit fjhn. fiskiþingsins út af beiðni oddvita Gerðahrepps um fjárframlag til bryggjugerðar í Gerðavör. Bréf 30. okt. (Sþ. 312).
11. Sama sendir fjvn. nefndarálit allshn. fiskiþingsins varðandi lendingarbætur á Hornafirði. Bréf 30. okt. (Sþ. 313).
12. Fiskiþingið lýsir yfir því, að það telji nauðsynlegt að bæta hafnir og lendingar austanfjalls. Bréf 31. okt. (Sþ. 335).
13. Guðsteinn Einarsson fer þess á leit f. h. útgerðarmanna í Staðarhverfi í Grindavík, að veittar verði 12 þús. kr. til bátabryggju í Staðarhverfi. Bréf ódags. 1 fskj. (Sþ. 104).
14. Hafskipabryggja Keflavíkur h/f sækir um 15 þús. kr. styrk til lendingarbóta. Bréf 8. ágúst. 2 fskj. (Sþ. 68, f).
15. Sama sækir um 15 þús. kr. styrk til hafnarmannvirkja í Keflavík. Bréf 8. okt. 1 fskj. (Sþ. 75).
16. Hreppsnefnd Flateyjarhrepps sækir um styrk til að ljúka við byggingu bátabryggju í Flatey. Bréf 20. sept. (Sþ. 70).
17. Hreppsnefnd Flateyjarhrepps sækir um 2500 kr. styrk til byggingar sjóvarnargarðs á Flateyrarodda. Bréf 2. okt. (Sþ. 74).
18. Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis sækir um 5000 kr. styrk til að ljúka við bryggjugerð í Krossavík. Bréf 26. okt. (Sþ. 256).
19. Hreppsnefnd Nesjahrepps í Hornafirði sækir um styrk til dýpkunar bátaleiðarinnar á Hornafirði. Bréf 24. sept. (Sþ. 46).
20. Jón A. Jónsson, þm. N.-Ísf., sendir fjvn. erindi oddvita Súðavíkurhrepps,

dags. 15. okt., um styrk til bryggjugerðar á Súðavík. Bréf 18. okt. (Sþ. 160).

21. Sami sendir fjvn. erindi hreppsnefndar Eyrarhrepps, dags. 16. okt., um fjárveitingu til framhalds bryggjugerðar í Skeljavík við Hnífsdal. Bréf 18. okt. (Sþ. 161).
22. Sami fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. fjárveitingu til viðgerðar á öldubrjótnum í Bolungavík. Bréf 4. des. (Sþ. 540).
23. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv., sendir fjvn. bréf vitamálastjóra, dags. 1. nóv., er í felst umsögn hans um hafnargerðina á Skagaströnd. Bréf 8. nóv. 2 fskj. (Sþ. 389).
24. Sami sendir fjvn. afrit af tillögum vitamálastjóra til atv.- og samgmrn., um framkvæmd hafnargerðar á Skagaströnd. Bréf 7. des. 1 fskj. (Sþ. 570).
25. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. 5 þús. kr. fjárveitingu til bryggjugerðar á Stokkseyri. Bréf 15. okt. (Sþ. 129).
26. Lendingarbótanefnd Eyrarbakka sækir um allt að 40 þús. kr. styrk til framhalds byggingar sand- og straumvarnargarðs við Ölfusárós. Bréf 24. okt. 1 fskj. (Sþ. 281).
27. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf., sækir um a. m. k. 50 þús. kr. framlag úr ríkissjóði til hafnargerðar á Sauðárkróki. Bréf 9. ágúst. (Sþ. 68, e).
28. Oddviti Gerðahrepps fer þess á leit við Alþingi, að það ákveði að veita hreppnum styrk til bryggjugerðar við Gerðavör, er nemi ⅔ kostnaðar. Bréf 25. sept. (Sþ. 134).
29. Sigfús Jónsson, 2. þm. Skagf., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. allt að 100 þús. kr. fjárveitingu til hafnargerðar á Sauðárkróki. Bréf 15. okt. (Sþ. 155).
30. Skipulagsnefnd atvinnumála sendir fjvn. afrit af bréfi frá formanni verkalýðsfélags Álftfirðinga, varðandi fjárveitingu til bryggjugerðar í Súðavík, dags. 15. okt. (Sþ. 268).
31. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu sækir um 30 þús. kr. til bryggjugerðarinnar á Húsavík. Bréf 13. ágúst (Sþ. 67, XXX).
32. Sami sendir formanni fjvn. ýms skjöl varðandi hafnargerð á Húsavík. (Sþ. 472).
33. Sami sendir fjvn. afrit af bréfi vitamálastjóra til atv.- og samgmrn., dags. 22. nóv., varðandi kostnað við bryggjugerðina á Húsavík og nauðsyn þess að fullgera mannvirkið á komandi sumri. Bréf 8. des. (Sþ. 581).
34. Thor Thors, þm. Snæf., sendir fjvn. afrit af fundargerð fundar hreppsnefndar og hafnarnefndar Ólafsvíkur 9. okt., er í felst beiðni um 20 þús. kr. styrk til framhalds bryggjugerðar í Ólafsvík. Bréf 20. okt. 1 fskj. (Sþ. 180).

35. Sami sendir fjvn. umsókn hreppsnefndar Breiðuvíkurhrepps um 1500 kr. styrk til lendingarbóta á Arnarstapa. Bréf 20. okt. (Sþ. 181).
36. Verkalýðsfélag Skagastrandar sækir um styrk til hafnarbóta á Skagaströnd. Símsk. 12. des. (Sþ. 603).
37. Umsögn vitamálastjóra um samning milli hafnarnefndar Ísafjarðar og A/S N. C. Monbergs í Kaupmannahöfn um byggingu bátahafnar á Ísafirði. Bréf ódags. 6 fskj. (Sþ. 67, XXXI).
38. Vitamálastjóri sendir fjvn. að beiðni lögreglustjórans í Bolungavík útdrátt úr sveitarbók Hólshrepps, er í felst áskorun til Alþingis um að það ákveði að veita 150 þús. kr. til framhalds byggingar öldubrjótsins í Bolungavík. Bréf 30. okt. (Sþ. 296).
39. Sami sendir fjvn. áskorun hreppsnefndar Hólshrepps til Alþingis um að það ákveði að veita styrk til viðgerðar á skemmdum, er urðu á öldubrjótnum í Bolungavík í ofviðrinu 26.—27. okt. síðastliðnum, ásamt umsögn sinni um málið. Bréf 30. nóv. (Sþ. 527).
40. Sami sendir fjvn. afrit af 2 skjölum varðandi viðgerð á öldubrjótnum í Bolungavík. Bréf 8. des. (Sþ. 574).
41. Sami sendir fjvn. tillögur sínar varðandi hafnarbætur í Grenivík vegna skemmda þar í flóðinu 27.—28. okt. Bréf 13. des. (Sþ. 605).

*Hagfræðiskýrslur.* Skipulagsnefnd atvinnumála gerir tillögu til allshn. Nd. til breytinga á frv. til l. um viðauka við l. um hagfræðiskýrslur. Bréf 12. okt. (Sþ. 107).

*Hagstofan.* Tillögur hagstofustjóra um fjárveitingar til hagstofunnar árið 1935, dags. 10. ágúst. (Sþ. 67, X).

Halldór Kiljan Laxness, sjá Ritstyrkur 12.

Halldór Pálsson, sjá Námsstyrkur 8.

Halldóra Bjarnadóttir, sjá Heimilisiðnaður.

*Hallgrímskirkja.* Einar Thorlacius fyrrv. sóknarprestur sækir um að fá að halda þeim styrk vegna undirbúnings fyrirhugaðrar Hallgrímskirkju, sem hann nýtur í gildandi fjárlögum. Bréf 31. júlí. (Sþ. 67, LXXI).

Hallgrímur Jónasson, sjá Utanfararstyrkur barnakennara 2.

Hallgrímur Pétursson, sjá Ritstyrkur 5.

Hampiðjan, h/f, sjá Iðnaðarmál 8.

Hansen, Koefod, sjá Eftirlaun og styrktarfé 4.

*Hanzkar úr íslenzku efni.* Sigrún Kjartansdóttir, Austurstræti 12, sækir um 2500 kr. styrk til að standast kostnað við að setja á stofn saumastofu fyrir skinnhanzka úr íslenzku efni. Bréf 28. sept. (Sþ. 65).

Haraldur Björnsson, sjá Leikstarfsemi 3., 4.

Harriet Jónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 11.

*Háskóli Íslands.*

1. Tillögur háskólarektors um fjárveitingar til háskólans árið 1935, dags. 21. apríl. 2 fskj. (Sþ. 67, XXXIII).
2. Rektor háskólans sækir um 1000 kr. fjárveitingu til kennslu í enskum fræðum við háskólann. Bréf ódags. (Sþ. 67, XXXIV).

3. Sami æskir viðtals við fjvn. um málefni háskólans. Bréf 25. okt. (Sþ. 240).
4. Sami sendir menntmn. Ed. frv. til l. um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands og frv. til l. um Háskóla Íslands. Bréf 2. nóv. (Sþ. 341).
5. Forseti guðfræðideildar háskólans fer þess á leit, að styrkur til Páls Ísólfssonar til þess að kenna organslátt verði hækkaður um 400 kr. gegn því, að hann kenni guðfræðinemum ókeypis. Bréf 17. okt. (Sþ. 301).
6. Landlæknir sendir fjvn. reikning rannsóknastofu háskólans árið 1933 og frá 1. jan.—18. okt. 1934, skýrslu um starfsmannahald í rannsóknarstofunni og skýrslu um kostnað við byggingu rannsóknarstofuhússins. Bréf 18. okt. (Sþ. 292).
7. Sami sendir fjvn. skýrslu forstöðumanns rannsóknastofu háskólans um starfsmannahald og launagreiðslur við stofnunina. Bréf 5. nóv. (Sþ. 375).
8. Forstöðumaður rannsóknastofu háskólans fer þess á leit við fjvn., að fjárveiting til stofunnar megi haldast óbreytt í næsta árs fjárlögum. Bréf 17. des. (Sþ. 615).
9. 116 stúdentar við Háskóla Íslands skora á Alþingi að samþykkja frv. til l. um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands. (Sþ. 458).
10. Fiskifélag Íslands sendir menntmn. Ed. umsögn sína um sama frv. Bréf 21. nóv. 4 fskj. (Sþ. 474).
11. Skipulagsnefnd atvinnumála sendir menntmn. Ed. umsögn sína um sama frv. Bréf 28. nóv. (Sþ. 506).
12. Sig. Sigurðsson búnaðarmálastjóri sendir menntmn. Ed. umsögn sína um sama frv. (Sþ. 636).
13. Skólafundur nemenda hins almenna menntaskóla í Reykjavík skorar á Alþingi að samþykkja frv. til l. um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands. (Sþ. 504).

Sjá ennfr. Launamál 3.

Håkonsen, Gustav Ragnar, sjá Ríkisborgarréttur.

Hegningarhús, sjá Fangahús.

*Heilbrigðismál.* Aðalfundur sambands norðlenzkra kvenna skorar á Alþingi að styðja með fjárframlögum að heilbrigðismálum þjóðarinnar. Bréf 20. nóv. (Sþ. 487). Sjá ennfr. Íþróttakennsla, Berklavarnir, Rauði Kross Íslands.

*Heimilisiðnaður.*

1. Halldóra Bjarnadóttir sendir Alþingi yfirlit yfir heimilisiðnaðarstarfsemi sína síðasta áratuginn. Bréf ódags. 1 fskj. (Sþ. 198).
2. Sama sendir fjvn. yfirlit um starf sitt síðustu 10 árin. Bréf 26. okt. (Sþ. 254).

Helgi Guðmundsson, sjá Þjóðsögur 2.

Helgi Hannesson, sjá Utanfararstyrkur barnakennara 3.

*Helgi Pétursson.*

1. 40 nafngreindir menn í Flatey og einn í Hergilsey skora á Alþingi, að

það ákveði að veita dr. Helga Péturss prófessorslaun og prófessorsnafnbót. Bréf ódags. (Sþ. 176).
2. Helgi Péturss sækir um 15 þús. kr. styrk. Bréf 28. okt. (Sþ. 269).
3. Sami áréttar styrkbeiðni sína til Alþingis. Bréf 23. nóv. (Sþ. 482).
4. Sami áréttar styrkbeiðni sína til Alþingis, en fer þess á leit til vara, að ríkið kaupi af sér jörðina Miðhús í Gnúpverjahreppi fyrir 4000 kr. Bréf ódags. (Sþ. 543).

*Herpinótaveiði í landhelgi.* Fiskifélag Íslands sendir sjútvn. Nd. nefndarálit allshn. fiskiþingsins um herpinótaveiði í landhelgi. Bréf 29. okt. (Sþ. 306).

Hirst, Karl, sjá Ríkisborgararéttur.

Hjálpræðisherinn, sjá Stimpilgjald 1.

Hjúkrun, kvenfélagið, sjá Sjúkrastyrkur 8.

Hljóðfærasmíði, sjá Uppgötvanir 1.

Hlunnindi fyrir iðn- og iðjufyrirtæki, sjá Iðnaðarmál 2.

Holt, sjá Jarðakaup ríkissjóðs 1.

Hólar, sjá Jarðakaup ríkissjóðs 2.

Hólshreppur, sjá Ábyrgðir 13.

Hraunkot, sjá Jarðakaup ríkissjóðs 4.

*Hreppsfélög.* Atv.- og samgmrn. sendir allshn. Nd. erindi 55 íbúa á Hvammstanga um, að samþ. verði lög þess efnis, að kauptún, sem hafi 200 íbúa eða fleiri, hafi rétt til þess að verða sérstakur hreppur. Bréf 1. okt. (Sþ. 37).

Hreyfill, bifreiðarstjórafélagið, sjá Bifreiðar og bifreiðaskattur 1., 2., Ferðamannaskrifstofa, Fólksflutningar á landi 1.

Hrísey, sjá Vatnsveitur.

*Húsmæðrafræðsla.*
1. Áætlun skólaráðs Hallormsstaðaskóla um tekjur og gjöld skólans árið 1935, dags. 30. apríl. 1 fskj. (Sþ. 67, XLVIII).
2. Atvinnumálaráðherra sendir fjvn. erindi frá stjórn húsmæðraskólans á Ísafirði, dags. 9. okt., um hækkun á styrk til skólans. Bréf 16. okt. 1 fskj. (Sþ. 123).
3. Atv.- og samgmrn. sendir landbúnaðarnefndum bréf sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, dags. 20. sept., varðandi stofnun heimavistarhúsmæðraskóla í sýslunni. Bréf 8. okt. 1 fskj. (Sþ. 69).
4. Sama sendir fjvn. erindi sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, dags. 4. okt., varðandi byggingu og rekstur heimavistarhúsmæðraskóla í héraðinu. Bréf 23. okt. 2 fskj. (Sþ. 227).
5. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., sækir f. h. stjórnar húsmæðraskólans á Ísafirði um hækkun á styrk til skólans. Bréf 15. okt. 1 fskj. (Sþ. 128).
6. Byggingarnefnd Hallormsstaðaskóla fer þess á leit, að fram verði látin fara fullnaðarrannsókn á rafvirkjunarmöguleikum á Hallormsstað og gerð áætlun um kostnað við virkjunina. Bréf 10. marz (Sþ. 67, L).
7. 5. fundur Kvenfélagasambands Vestfjarða 12.—13. júní skorar á Alþingi að ákveða að veita húsmæðraskólanum á Ísafirði a. m. k. 6—8 þús. kr. árlegan styrk. Bréf ódags. (Sþ. 118).

8. Forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík mótmælir þeirri afgreiðslu á frv. til l. um almennan hússtjórnar- og vinnuskóla fyrir konur í Reykjavík, sem lögð er til í nál. meiri hl. menntmn. Ed., sem sé að breyta kvennaskólanum í slíkan hússtjórnarskóla. Bréf 5. des. (Sþ. 551).
9. Fundur Bandalags kvenna í Reykjavík 5.—6. nóv. skorar á Alþingi að samþykkja frv. til l. um almennan hússtjórnar- og vinnuskóla fyrir konur í Reykjavík, sem liggur fyrir þinginu. Bréf 9. nóv. (Sþ. 417).
10. Fundur bæjarstjórnar Akureyrar 23. okt. skorar á Alþingi að setja lög um húsmæðraskóla á Akureyri. Bréf 29. okt. (Sþ. 334).
11. Stjórn kvenfélagsins Óskar á Ísafirði sækir um hækkun á styrk til húsmæðraskóla félagsins. Bréf 7. nóv. 1 fskj. (Sþ. 463).
12. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu sendir Alþingi ályktun sýslufundar um stofnun heimavistarhússtjórnarskóla í héraðinu. Bréf 20. sept. (Sþ. 20).

Hvalfjarðarbáturinn, sjá Strandferðir 3.

*Hvalveiðar.* Utanríkismálaráðuneytið sendir sjávarútvegsnefndum samning í íslenzkri þýðingu, gerðan 24. sept. 1931 milli nokkurra þjóða um takmörkun hvalveiða, og óskar umsagnar nefndanna um það, hvort þær telji nokkuð því til fyrirstöðu, að Ísland gerist aðili að samningnum. Bréf 4. des. (Sþ. 546).

Hvammstangabúar, sjá Hreppsfélög.

Hænsna- og svínarækt, sjá Bændaskólar 3.

*Iðnaðarmál.*

1. Sigurþór Jónsson sækir um eftirgjöf á verðtolli af ýmsum efnum til iðnrekstrar, sem hann hefir í hyggju að stofna til. Bréf 9. okt. (Sþ. 87).
2. Veiðarfæragerð Íslands mælist til þess að fá að verða aðnjótandi þeirra hlunninda, sem frv. til l. um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki mundi veita, ef að lögum yrði. Bréf 23. okt. (Sþ. 206).
3. Stjórn Landssambands iðnaðarmanna sækir um hækkun á styrk til starfsemi sinnar. Bréf 23. okt. (Sþ. 242).
4. Félag íslenzkra iðnrekenda sendir iðnaðarnefndum erindi Veiðarfæragerðar Íslands, dags. 19. okt., Þorsknetagerðar Álafoss, dags. s. d., Fiskimjöls h/f, dags. 12. okt., og Lýsistunnugerðar J. B. Péturssonar, dags. 18. okt., er í felast tilmæli til félagsins um að leita aðstoðar iðnaðarnefnda Alþingis um að vernda framleiðslu þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Bréf ódags. (Sþ. 253).
5. Formaður íslenzku vikunnar á Suðurlandi sækir um 2000 kr. styrk til starfsemi íslenzku vikunnar á næsta ári. Bréf 3. nóv. (Sþ. 360).
6. Atv.- og samgmrn. sendir allshn. Nd. erindi Félags bókbandsiðnrekenda í Reykjavík, dags. 27. okt., um að bannaður verði innflutningur á tilbúnum bókabindum o. fl. Bréf 7. nóv. (Sþ. 404).
7. 29 starfsmenn h/f Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar fara þess á leit við iðnn. Nd., að hún hlutist til um, að ekki verði gerðar neinar

þær ráðstafanir, er hafi í för með sér skerðingu á ívilnunum um gjöld af innlendum tollvörutegundum. Bréf 19. nóv. (Sþ. 460).

8. Guðm. S. Guðmundsson sækir f. h. h/f Hampiðjunnar um endurgreiðslu á vörutolli af vélum til hampiðnaðar. Bréf 24. nóv. 1 fskj. (Sþ. 626).
9. Fjármálaráðuneytið sendir iðnn. Nd. umsögn tollstjórans í Reykjavík um frv. til l. um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar. Bréf 1. nóv. (Sþ. 637).

Sjá ennfr. Gjaldeyrisverzlun 4.

Iðnbókasafnið í Reykjavík, sjá Bókasöfn 2.

*Iðnskólar.* Iðnaðarmannafélag Akureyrar sækir um 2500 kr. styrk til kvöldskólahalds. Bréf 20. okt. (Sþ. 241).

Ingivaldur Nikulásson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 15.

Ingólfur Esphólín, sjá Frystistöðvar.

Íslendingaæfir, sjá Bókmenntafélagið.

*Íslenzk-sænsk orðabók.* Formaður sænsk-íslenzka félagsins í Stokkhólmi sækir um 3000 kr. styrk til útgáfu íslenzk-sænskrar orðabókar. Bréf 18. apríl. (Sþ. 67, LV).

Íslenzka vikan, sjá Iðnaðarmál 5.

*Íþróttakennsla.*

1. Oddvitinn í Tálknafjarðarhreppi sækir f. h. hreppsins um 4000—5000 kr. styrk til að koma upp heimavistarhúsi fyrir sundnemendur á Sveinseyri. Bréf 28. sept. 1 fskj. (Sþ. 35).
2. Sigurjón Pétursson á Álafossi sækir um 14750 kr. í næsta árs fjárlögum til sundlaugarbyggingarinnar á Álafossi. Bréf ódags. (Sþ. 63).
3. Sami sækir um styrk til íþróttaskólans á Álafossi, til þess að geta veitt fátækum nemendum ódýra vist og kennslu. Bréf 16. okt. 1 fskj. (Sþ. 326).
4. Knattspyrnufélag Reykjavíkur sækir um 6000 kr. styrk til starfrækslu íþróttahúss félagsins. Bréf ódags. (Sþ. 170).
5. Páll Þorbjörnsson, 3. landsk. þm., sækir f. h. íþróttafélaganna í Vestmannaeyjum um 2000 kr. styrk til eflingar íþróttastarfsemi í Vestmannaeyjum. Bréf 19. okt. (Sþ. 174).
6. Olympíunefnd Íþróttasambands Íslands sækir um 6000 kr. styrk til undirbúnings þátttöku íslenzkra íþróttamanna í Olympíuleikjunum 1936. Bréf 24. okt. (Sþ. 295).

Jakob Gíslason, sjá Rafstöðvar 3.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sjá Fræðafélagið.

*Jarðakaup ríkissjóðs.*

1. Atv. og samgmrn. sendir fjvn. til athugunar erindi sýslumannsins í Skaftafellssýslu um að ríkissjóður kaupi jarðirnar Keldudal, Álftagróf og Holt í Dyrhólahreppi. Bréf 5. okt. 1 fskj. (Sþ. 51).
2. Sama óskar umsagnar fjvn. um erindi hreppstjórans í Reykdælahreppi, dags. 24. nóv., til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, um að ríkissjóður kaupi land undan Hólum í Reykjadal. Bréf 10. des. 2 fskj. (Sþ. 585).

3. Hreppsnefndin í Stokkseyrarhreppi fer þess á leit við Alþingi, að það heimili ríkisstjórninni að kaupa Stokkseyrartorfuna. Bréf 7. okt. (Sþ. 214).
4. Sigurður Jónsson á Stafafelli býður ríkinu til kaups jarðeignir sínar í Bæjarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu, Stafafell, Byggðarholt og Hraunkot. Bréf 10. sept. (Sþ. 66).

Sjá ennfr. Helgi Pétursson 4.

*Jarðræktarlög.*

1. Tillögur búnaðarmálastjóra um fjárveitingar samkvæmt jarðræktarlögum árið 1935. Bréf 23. ágúst. (Sþ. 67, LXXXI).
2. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendir landbn. Ed. umsögn sína um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum nr. 43 20. júní 1923 og frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 40 7. maí 1928, um breyt. á l. nr. 43 20. júní 1923 (Jarðræktarlög). Bréf 13. nóv. (Sþ. 426).

Jarðskjálftar, sjá Tryggingarmál 4.

*Jarðvegsrannsóknir.* Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. símskeyti frá Frímanni B. Arngrímssyni um að hann verði að hætta jarðvegsrannsóknum sínum og megi því niður falla styrkur sá í fjárlögum, er hann hefir notið til þeirra. Bréf 3. nóv. (Sþ. 357).

Jensen, C. O., sjá Minningarsjóðsstofnun.

Jensen, Sophus A. J., sjá Ríkisborgararéttur.

Johansen, Didrik, sjá Ríkisborgararéttur.

Johnsen, Didrik, sjá Ríkisborgararéttur.

*Jóhann Sigurjónsson.* Utanríkismálaráðuneytið sendir fjvn. 5 skjöl, er ráðuneytinu hafa borizt frá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, varðandi viðhald á grafreit Jóhanns Sigurjónssonar. Bréf 3. des. (Sþ. 533).

Jóhann Sveinsson, sjá Ritstyrkur 7.

Jóhanna Þ. Jónsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 24.

Jóhannes úr Kötlum, sjá Ritstyrkur 8.

Jón Engilberts, sjá Námsstyrkur 9.

Jón Eyþórsson, sjá Veðurstofan 2.

Jón Ísleifsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 5., 32.

Jón Karlsson, sjá Utanfararstyrkur héraðslækna 2., 3.

*Jón Leifs.* Félag tónlistar Jóns Leifs skorar á fjvn. að hlutast til um, að tekinn verði aftur upp í fjárlagafrv. fyrir árið 1935 styrkur sá til Jóns Leifs, sem hann hefir notið undanfarin ár. Bréf 7. des. 2 fskj. (Sþ. 566).

Jón Leós, sjá Lífeyrissjóður embættismanna 1.

Jón Stefánsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 16., 17.

Jón Þorsteinsson, sjá Ritstyrkur 1., 6.

Jónas Sveinsson, sjá Lífeyrissjóður embættismanna 2.

Jósef Björnsson, sjá Launamál 9.

Karl G. Magnússon, sjá Utanfararstyrkur héraðslækna 2., 3.

*Karlakórar.*

1. Stjórn Karlakórs Reykjavíkur sækir f. h. kórsins um allt að 8000 kr.

styrk til að standast kostnað við fyrirhugaða söngför til Englands og Skotlands, ef fjárhagslegur halli yrði á förinni. Bréf 12. okt. (Sþ. 109).
2. Samband íslenzkra karlakóra sækir um hækkun á styrk til starfsemi sinnar. Bréf 18. okt. 1 fskj. (Sþ. 158).
3. Karlakór Reykjavíkur sækir um allt að 5000 kr. styrk til að standast kostnað við fyrirhugaða söngför til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur á komandi vori, ef fjárhagslegur halli yrði af förinni. Bréf 30. nóv. (Sþ. 520).

Keil, Max, sjá Ríkisborgararéttur.
Keldudalur, sjá Jarðakaup ríkissjóðs 1.
*Kennaraskólinn.* Tillögur skólastjóra kennaraskólans um fjárveitingar til skólans árið 1935, dags. 8. maí. (Sþ. 67, XXXVII). Sjá ennfr. Bókasöfn 3.
*Kennslubók í ítölsku.* Þórhallur Þorgilsson sækir um 2000 kr. styrk til útgáfu 2.—4. heftis kennslubókar sinnar í ítölsku. Bréf 15. nóv. (Sþ. 428).
*Kirkjumál.*
1. Tillögur biskups um fjárveitingar til kirkjumála árið 1935, dags. 27. apríl. (Sþ. 67, XXXII).
2. Dóms- og kirkjumrn. sendir Alþingi bréf biskups, dags. 13. apríl, um styrk til að endurreisa kirkju Brettingsstaðasóknar í Flateyjardal. Bréf 11. okt. 2 fskj. (Sþ. 102).
3. Sama sendir fjvn. bréf biskups, dags. 14. nóv., um að ríkið kaupi Víðimýrarkirkju í Skagafirði. Bréf 21. nóv. 1 fskj. (Sþ. 476).
4. Fundur Prestafélags Austurlands 27. ágúst sendir Alþingi ýmsar tillögur um kirkjumál. (Sþ. 164).
5. Sóknarnefnd Tjarnarsóknar á Vatnsnesi sækir um 3000 kr. styrk til þess að fullgera kirkjuna á Tjörn. Bréf 24. okt. (Sþ. 413).
6. Stjórn Prestafélags Íslands sækir um 2000 kr. styrk til að létta ferðakostnað þeirra leikmanna, sem lengst eiga að sækja kirkjufund, sem halda á sumarið 1935. Bréf 23. nóv. (Sþ. 486).
7. Biskupinn sendir fjvn. erindi formanns sóknarnefndar Þingeyrasóknar, dags. 19. nóv., er í felst beiðni um 5000 kr. styrk til viðgerðar á sóknarkirkjunni. Bréf 30. nóv. 1 fskj. (Sþ. 559).

Kjartan Þorkelsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 30.
Kleppur, sjá Sjúkrahús 3., 4.
Knattspyrnufélag Reykjavíkur, sjá Íþróttakennsla 4.
Koefod Hansen, Agnar Eldberg, sjá Námsstyrkur 1.
Kolbeinn ungi, sjá Ábyrgðir 10.
Kommúnistaflokkur Íslands, sjá Atvinnubætur 2., Síld 1., Skattamál.
Kópur h/f, sjá Lánbeiðnir 4.
Kórsöngur, sjá Karlakórar.
*Krafa um ógilding kosningar.* Einar M. Jónasson fyrrv. sýslum. krefst þess, að St. Jóh. Stefánssyni verði synjað um þingsetu. Bréf 25. sept. 6 fskj. (Sþ. 24).
Kragh, Kristólína, sjá Eftirlaun og styrktarfé 3.
Kristín Margrét Hermannsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 4.
Kristjana Blöndal, sjá Verðtollur 2.

Kristján Grímsson, sjá Námsstyrkur 7.
Kristján K. Torfason, sjá Ríkisborgararéttur.
Kristneshæli, sjá Sjúkrahús 5.
Krossavík, sjá Hafnir og lendingarbætur 1., 18.
*Kvennaskólinn á Blönduósi.*
1. Stjórn kvennaskólans á Blönduósi sækir um aukinn styrk til skólans. Símsk. 30. okt. (Sþ. 286).
2. Sama sækir um 2000 kr. hækkun á styrk til skólans. Bréf 5. nóv. 2 fskj. (Sþ. 397).
3. Sama mótmælir lækkun á rekstrarstyrk til skólans. Símsk. 7. des. (Sþ. 569).

*Kvennaskólinn í Reykjavík.* Forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík sækir um hækkun á styrk til skólans. Bréf 17. ágúst. (Sþ. 67, XLII). Sjá ennfr. Húsmæðrafræðsla 8.
*Kvenréttindamál.* Stjórn Kvenréttindafélags Íslands sendir Alþingi ýmsar tillögur, samþykktar á 4. landsfundi kvenna, um kvenréttindamál, heilbrigðismál, skólamál o. fl. Bréf 18. okt. (Sþ. 189).
Kvik, kvenfélagið, sjá Elliheimili 1., 2.
Kvöldskólar, sjá Iðnskólar.

Lagarfljót, sjá Brúargerðir 3.
*Landbúnaðarmál.* Nefnd, kosin á landsfundi bænda 1934, sendir Alþingi tillögur landsfundarins í fjárhags- og atvinnumálum landbúnaðarins. Bréf 10. nóv. (Sþ. 429).
*Landhelgisgæzla.*
1. Fiskifélag Íslands sendir sjútvn. Nd. nefndarálit sjútvn. fiskiþingsins varðandi landhelgisgæzlu. Bréf 30. okt. (Sþ. 308).
2. Almennur borgarafundur í Gerðum 28. okt. skorar á Alþingi og ríkisstjórn að hlutast til um, að varðskip sé haft til eftirlits í Faxaflóa frá 15. jan.—15. maí ár hvert. Bréf ódags. (Sþ. 343).
3. Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis skorar á Alþingi og ríkisstjórn að hlutast til um, að frá 1. jan.—1. maí verði haft skip við landhelgisgæzlu og björgunareftirlit við Snæfellsnes og sunnanverðan Breiðafjörð. Bréf 14. nóv. (Sþ. 455).

*Landmælingar.* Tillögur vegamálastjóra um fjárveitingar til landmælinga árið 1935. Bréf 25. ágúst. (Sþ. 67, LXII).
*Landsbókasafnið.* Tillögur landsbókavarðar um fjárveitingar til landsbókasafnsins árið 1935, dags. 16. apríl. (Sþ. 67, LI).
Landsfundur bænda, sjá Landbúnaðarmál.
*Landskemmdir.*
1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. bréf frá sýslumanninum í Skaftafellssýslu, dags. 1. sept., og hreppstjóranum í Leiðvallarhreppi, dags. 25. ágúst, varðandi fjárveitingu til þess að stemma stigu fyrir landskemmdum af vatnságangi í Meðallandi. Bréf 26. okt. 2 fskj. (Sþ. 255).
2. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. afrit af skýrslu um skemmdir af

sjávarágangi í Grenivík í Grýtubakkahreppi. Bréf 28. nóv. 1 fskj. (Sþ. 503).

*Landsreikningur.* Forsetar Alþingis fara þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. 4000 kr. til pappírs, prentunar og heftingar landsreikninga. Bréf 29. okt. (Sþ. 291).

Landssamband iðnaðarmanna, sjá Iðnaðarmál 3.

*Landssmiðja Íslands.* Bréf forstjóra landssmiðjunnar, dags. 21. ágúst, um rekstrarafkomu landssmiðjunnar á yfirstandandi ári. (Sþ. 67, V).

Landsspítalinn, sjá Sjúkrahús 1., 7.

Langeyjarnesbáturinn, sjá Strandferðir 7.

Laufás, sjá Fornminjar.

Laugarnesspítali, sjá Sjúkrahús 2.

Laugarvatn, sjá Fyrirmyndarbú.

Laugaskóli, sjá Rafstöðvar 1.

*Launamál.*

1. Skrá um tillag úr ríkissjóði til barnakennaralauna frá 1. okt. til 31. des. 1933. (Sþ. 67, XLV).
2. Skrá um launahluta farkennara úr ríkissjóði skólaárið 1933—1934. (Sþ. 67, XLVI).
3. Kennarar Háskóla Íslands senda fjvn. erindi um launakjör háskólakennara og fara fram á, að þau verði bætt. Bréf 29. okt. (Sþ. 300).
4. Rektor menntaskólans í Reykjavík og fastir kennarar fara þess á leit við Alþingi, að bætt verði launakjör þeirra. Bréf 17. nóv. (Sþ. 459).
5. Dóms.- og kirkjumrn. sendir fjvn. afrit af bréfi fræðslumálastjóra, dags. 25. okt., er í felst umsögn hans um beiðni forstöðumanns Eiðaskóla um 700 kr. persónulega launauppbót. Bréf 30. okt. 1 fskj. (Sþ. 322).
6. Einar M. Jónasson fyrrv. sýslumaður fer þess á leit, að sér verði greidd embættislaun auk dýrtíðaruppbótar frá því er honum var vikið úr embætti. Bréf 5. okt. 5 fskj. (Sþ. 47).
7. Páll Sigurðsson fyrrv. héraðslæknir sækir um biðlaun, er samsvari að upphæð byrjunarlaunum þess embættis, er hann hefir gegnt. Bréf 13. okt. (Sþ. 127).
8. Skipaútgerð ríkisins sendir sjútvn. Ed. skýrslu um launakjör starfsmanna varðskipa og strandferðaskipa ríkisins. Bréf 23. okt. (Sþ. 209).
9. Ríkisféhirðir sendir fjvn. upplýsingar um laun Jósefs Björnssonar, kennara á Hólum. (Sþ. 437).

*Lánbeiðnir.*

1. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi frú Hlínar Johnsen, dags. 22. sept., um að Alþingi heimili ríkisstjórninni að veita Einari Benediktssyni skáldi 3000 kr. bráðabirgðalán. Bréf 8. okt. (Sþ. 81).
2. Freymóður Jóhannsson málari sækir um 10 þús. kr. lán úr ríkissjóði til þess að koma sér upp vinnustofu í Reykjavík. Bréf 2. okt. (Sþ. 80).
3. Hreppsnefnd Eyrarsveitar sækir um 3000 kr. lán úr ríkissjóði, gegn ábyrgð hreppsfélagsins. Bréf 6. okt. (Sþ. 207).
4. Pétur A. Ólafsson fer þess á leit f. h. h/f Kóps á Suðureyri í Tálknafirði,

að Alþingi ákveði að veita félaginu 100 þús. kr. lán, en til vara, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir félagið sömu lánsupphæð. Bréf 11. okt. (Sþ. 110).

5. Ríkarður Jónsson sækir um allt að 10 þús. kr. lán til að byggja vinnustofu og skóla í Reykjavík. Bréf 20. okt. (Sþ. 270).

Sjá ennfr. Eftirlaun og styrktarfé 4.

*Lán ríkissjóðs.* Yfirlit ríkisbókara um vexti og afborganir fastra lána 1935, ódags. (Sþ. 67, VII).

*Leifur Ásgeirsson* sækir um 2000 kr. styrk til að vinna að stærðfræðilegum rannsóknum. Bréf 22. sept. 1 fskj. (Sþ. 72).

Leifur Böðvarsson, sjá Strandferðir 1.

*Leikstarfsemi.*

1. Leikfélag Akureyrar sækir um 2000 kr. styrk. Bréf 26. sept. (Sþ. 28).
2. Leikfélag Reykjavíkur tilkynnir forseta sameinaðs þings, að það sé reiðubúið að leggja fram rekstrarreikning félagsins. Bréf 21. nóv. (Sþ. 471).
3. Haraldur Björnsson og Freymóður Jóhannsson sækja um styrk til að halda uppi leikstarfsemi. Bréf 12. sept. (Sþ. 68, n).
4. Sömu menn endurtaka umsókn sína til Alþingis um 3000 kr. styrk til að halda uppi leikstarfsemi og taka það fram, að eigi sé ætlun þeirra, að sá styrkur verði tekinn af þeirri upphæð, sem Leikfélag Reykjavíkur nýtur árlega. Bréf 16. nóv. (Sþ. 440).

Lendingarbætur, sjá Hafnir og lendingarbætur.

*Litla-Hraun.* Áætlun forstöðumanns vinnuhælisins á Litla-Hrauni um kostnað við rekstur hælisins árið 1935, dags. 6. ágúst. (Sþ. 67, XVI).

*Lífeyrissjóður barnakennara.*

1. Ásgeir Magnússon kennari sækir um endurgreiðslu á kr. 937,29, er hann hefir greitt í lífeyrissjóð barnakennara. Bréf 19. okt. (Sþ. 190).
2. Ólafur Pálsson fer þess á leit að fá endurgreiddar 700 kr., sem hann hefir greitt í lífeyrissjóð barnakennara. Bréf 18. okt. (Sþ. 175).

*Lífeyrissjóður embættismanna.*

1. Jón Leós fyrrv. póstfulltrúi sækir um endurgreiðslu á því fé, sem hann hefir greitt í lífeyrissjóð embættismanna. Bréf 31. okt. (Sþ. 324).
2. Jónas Sveinsson læknir fer þess á leit við fjvn., að hún leggi til, að honum verði endurgreitt úr lífeyrissjóði embættismanna það, sem hann hefir greitt í sjóðinn. Bréf 16. okt. (Sþ. 141).
3. Sigurður Einarsson alþm. sækir um endurgreiðslu á lífeyri þeim, er hann galt sem sóknarprestur í Flatey 1926—1929. Bréf 26. ágúst. (Sþ. 67, LXXVI).
4. Snorri P. B. Arnar fer þess á leit við fjvn., að hún leggi til, að honum verði endurgreitt það fé, er hann hefir goldið í lífeyrissjóð embættismanna. Bréf 31. okt. (Sþ. 318).

*Líkn.* Umsókn forstöðukonu hjúkrunarfélagsins Líknar um 4000 kr. hækkun á ríkisstyrk til félagsins. Bréf 6. maí. 1 fskj. (Sþ. 67, XXIII).

Loftskeytastöðvar, sjá Símamál 7.

Lússia Þorsteinsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 20.

*Lyfjasala rannsóknarstofnana.*

1. Landlæknir sendir allshn. Ed. umsögn sína um frv. til l. um heimild rannsóknarstofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar og umsögn forstöðumanns rannsóknastofu háskólans um sama frv., dags. 22. okt. Bréf 23. okt. (Sþ. 211).
2. Lyffræðingafélag Íslands sendir allshn. Ed. tillögur til breytinga á sama frv. Bréf 17. okt. (Sþ. 177).
3. Lyfsalafélag Íslands sendir allshn. Ed. ýmsar athugasemdir við sama frv. Bréf 17. okt. (Sþ. 157).

*Lækkun vaxta.* Bankastjórn Landsbanka Íslands tilkynnir sjútvn. Nd., að hún hafi ákveðið að lækka vexti af nýjum fiskveðsvíxlum o. fl. Bréf 21. nóv. (Sþ. 475).

*Læknisbústaðir og sjúkraskýli.*

1. Eysteinn Jónsson og Ingvar Pálmason, þm. S.-M., senda fjvn. erindi þriggja oddvita í Fáskrúðsfjarðarlæknishéraði um allt að 17 þús. kr. styrk til byggingar sjúkraskýlis og læknisbústaðar í héraðinu. Bréf 30. okt. (Sþ. 298).
2. Landlæknir sendir fjvn. skrá um læknisbústaði og sjúkraskýli, er á næsta ári munu gera kröfu til styrkveitingar úr ríkissjóði. Bréf 1. nóv. (Sþ. 348).
3. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., sendir fjvn. bréf landlæknis, dags. 7. des., varðandi styrk úr ríkissjóði til kaupa á röntgentækjum handa sjúkraskýlinu í Vík í Mýrdal. Bréf 10. des. (Sþ. 586).
4. Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps sækir um styrk til byggingar læknisbústaðar og sjúkraskýlis. Bréf 18. sept. (Sþ. 32).
5. Hreppsnefnd Ögurhrepps sækir um styrk vegna læknisbústaðarins í Ögri. Bréf 30. okt. 1 fskj. (Sþ. 362).

Sjá ennfr. Ábyrgðir 17.

*Læknisvitjanastyrkur.* Thor Thors, þm. Snæf., sækir f. h. hreppsnefndar Breiðuvíkurhrepps um styrk til læknisvitjana. Bréf 30. okt. (Sþ. 293).

*Lögmaðurinn í Reykjavík.* Áætlun lögmannsins í Reykjavík um skrifstofukostnað við lögmannsembættið árið 1935, dags. 16. apríl. (Sþ. 67, XI).

*Lögreglustjóri í Ólafsfjarðarhreppi.* Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps fer þess á leit, að þegar verði stofnað sérstakt lögreglustjóraembætti í Ólafsfjarðarhreppi. Bréf 18. sept. (Sþ. 33).

*Lögreglustjórinn í Reykjavík.*

1. Bréf lögreglustjórans í Reykjavík um áætlaðan skrifstofukostnað við lögreglustjóraembættið árið 1935, dags. 14. apríl. (Sþ. 67, XIII).
2. Bréf sama um kostnað við rekstur hegningarhússins árið 1935, dags. 14. apríl. (Sþ. 67, XV).

Magnús Andrésson, sjá Síld 9.

Magnús Ásgeirsson, sjá Ritstyrkur 9.

Magnús Guðnason, sjá Uppgötvanir 1.

Magnús Magnússon, sjá Sjúkrastyrkur 5.
*Makaskipti á jörðum.* Dóms- og kirkjumrn. sendir Alþingi bréf biskups, dags. 7. júlí, um einskonar makaskipti á prestssetursjörðinni Saurbæ í Saurbæjarhreppi og Syðra-Laugalandi í Öngulstaðahreppi. Bréf 11. okt. 4 fskj. (Sþ. 101).
Malin, prjónastofan, sjá Verðtollur 4.
Margrét Vigfúsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 34.
Martha Þorvaldsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 12.
Matthías Jochumsson, sjá Bókasöfn 4.
Matthías Þórðarson, sjá Útflutningur á fiski 1., 2.
*Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands.* Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands, dags. 29. okt., um 2500 kr. styrk til utanfara veitingaþjóna- og matsveinalærlinga. Bréf 5. nóv. (Sþ. 376).
Málfríður Jónasdóttir, sjá Blindir menn 2.
Málleysingjar, sjá Daufdumbraskólinn.
*Málverkasýning.* Sveinn Þórarinsson listmálari sækir um 2000 kr. styrk til þess að halda sýningu á málverkum sínum erlendis. Bréf 7. nóv. (Sþ. 391).
Meðalland, sjá Landskemmdir 1.
*Menningarsjóður.* Menntamálaráð Íslands fer þess á leit, að breytt verði lögum um menningarsjóð þannig, að sjóðnum verði ætlaðar aðrar tekjur en hann hefir nú. Bréf 31. ágúst. (Sþ. 68, j).
*Menntaskólinn á Akureyri.*
1. Tillögur skólastjóra menntaskólans á Akureyri um fjárveitingar til skólans árið 1935, dags. 19. apríl. (Sþ. 67, XXXVI).
2. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. erindi Sigurðar Guðmundssonar skólameistara, dags. 30. okt., er í felst beiðni um frí frá skólastjórastarfi og 2000 kr. styrk til dvalar í Reykjavík. Bréf 6. nóv. (Sþ. 393).

Menntaskólinn í Reykjavík, sjá Launamál 4.
Miðhús í Gnúpverjahreppi, sjá Helgi Pétursson 4.
*Minningarsjóðsstofnun.* Forsætisráðherra sendir fjvn. afrit af bréfi sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, dags. 7. nóv., um þátttöku ríkissjóðs Íslands í minningarsjóðsstofnun til minningar um C. O. Jensen prófessor. Bréf 29. nóv. 1 fskj. (Sþ. 509).
*Mjólk.*
1. Sveinbjörn Högnason fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. a. m. k. 20 þús. kr. styrk til að greiða fyrir mjólkurflutningum austanfjalls. Bréf 10. nóv. (Sþ. 414).
2. Nefnd 7 manna sendir landbn. Nd. afrit af fundargerð almenns fundar mjólkurframleiðenda í Gullbringu-og Kjósarsýslu og Reykjavík 16. des. og ennfremur áskorun til Alþingis, undirritaða af 71 bónda í Gullbringu- og Kjósarsýslu og 35 mjólkurframleiðendum í Reykjavík, um að fella undanþáguna frá samsölu mjólkur. Bréf 17. des. (Sþ. 617).
3. Landbúnaðarráðherra sendir Alþingi ódags. undirskriftaskjal 46

mjólkurframleiðenda í Reykjavík, er í felst brtt. við frv. til l. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. (Sþ. 638).

Myklebust, Morton, sjá Sjúkrastyrkur 3.

Mýrabáturinn, sjá Strandferðir 8., 9.

Nanna Egilsdóttir, sjá Námsstyrkur 11.

*Námsstyrkur.*

1. Agnar Eldberg Koefod Hansen sækir um 8000 kr. styrk til flugnáms við flugskóla danska flotans. Bréf 12. sept. 6 fskj. (Sþ. 68, g).
2. Árni Snævarr cand. ing. sækir um 1000 kr. styrk til að ljúka námi í byggingarverkfræði. Bréf 4. okt. (Sþ. 159).
3. Ásgeir Ásgeirsson sækir um 4000 kr. styrk til þess að ljúka búnaðarnámi í Noregi. Bréf 21. nóv. (Sþ. 470).
4. Björn Guðmundsson, Vestmannaeyjum, sækir um 1000 kr. styrk handa Alfred W. Þórðarsyni, til framhaldsnáms erlendis í söng og pianóleik. Bréf 22. okt. 3 fskj. (Sþ. 262).
5. Bogi Ólafsson menntaskólakennari sækir f. h. Ástvalds Eydals um 900 kr. styrk til landfræðináms við Kaupmannahafnarháskóla. Bréf 22. okt. (Sþ. 197).
6. Einar Sigfússon fiðluleikari sækir um 3000 kr. styrk til þess að ljúka tónlistarnámi í Þýzkalandi eða Austurríki. Bréf 17. sept. 3 fskj. (Sþ. 149).
7. Grímur Sigurðsson sækir f. h. sonar síns, Kristjáns Grímssonar læknis, um 1500 kr. styrk til framhaldsnáms í læknisfræði. Bréf 24. sept. 2 fskj. (Sþ. 78).
8. Halldór Pálsson sækir um 1500 kr. styrk til framhaldsnáms í sauðfjárrækt við háskólann í Edinborg. Bréf 5. okt. (Sþ. 57).
9. Jón Engilberts listmálari sækir um 2000 kr. styrk til lokanáms erlendis í málaralist. Bréf 12. okt. 7 fskj. (Sþ. 113).
10. Jónas Kristjánsson fer þess á leit f. h. bróður síns, Guðmundar Kristjánssonar söngvara, að honum verði veittur riflegur styrkur vegna kostnaðar við söngnám sitt. Bréf 1. nóv. (Sþ. 347).
11. Nanna Egilsdóttir sækir um 1000 kr. styrk til þess að nema hörpuleik í Þýzkalandi. Bréf 19. okt. 1 fskj. (Sþ. 338).
12. Sveinbjörn Finnsson sækir um 4000 kr. styrk til náms í viðskiptafræði við háskóla í London. Bréf 31. ágúst. (Sþ. 68, h).
13. Valgarður Thoroddsen sækir um 1200 kr. styrk til að ljúka námi í rafmagnsfræði við verkfræðiháskólann í Þrándheimi. Bréf 25. sept. 1 fskj. (Sþ. 195).
14. Valur Einarsson, Þórsgötu 3, sækir um 1000 kr. styrk til að nema dósagerð og blikkumbúða erlendis. Bréf 16. nóv. 2 fskj. (Sþ. 452).
15. Ögmundur Jónsson cand. ing. sækir um 2000 kr. styrk til lokanáms í byggingarverkfræði við tekniska háskólann í Berlín. Bréf 20. sept. 1 fskj. (Sþ. 193).

*Náttúrufræðifélagið.* Formaður hins íslenzka náttúrufræðifélags sækir um 3400 kr. styrk til félagsins. Bréf 17. ágúst. (Sþ. 67, LIV).
*Náttúrufræðisafn Guðm. G. Bárðarsonar.* Stjórn náttúrufræðideildar menningarsjóðs mótmælir till. til þál. um greiðslu fyrir náttúrufræðisafn Guðm. G. Bárðarsonar. Bréf 19. nóv. 2 fskj. (Sþ. 461).
Neskaupstaður, sjá Atvinnubætur 5.
*Norræna félagið.* Formaður Norræna félagsins sækir f. h. félagsins um 1500 kr. styrk til starfsemi þess. Bréf 30. sept. (Sþ. 68, 1).
*Norsk-spánska viðskiptasamkomulagið.* Utanríkismálaráðuneytið sendir sjávarútvegsnefndum endurrit af skýrslu viðskiptafulltrúa Íslands við danska sendiráðið í Oslo, dags. 16. okt., varðandi norsk-spánska viðskiptasamkomulagið frá síðastl. sumri. Bréf 31. okt. (Sþ. 328).
*Norsku samningarnir.*
1. Fiskifélag Íslands sendir sjútvn. Nd. nefndarálit sjútvn. fiskiþingsins um uppsögn norsku samninganna. Bréf 30. okt. (Sþ. 311).
2. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak., sendir Alþingi áskorun skipstjórafélags Norðlendinga um að segja norsku samningunum upp í tæka tíð. Bréf 6. des. (Sþ. 563).

Nygaard, Ananias, P., sjá Ríkisborgararéttur.

Olympíuleikarnir, sjá Íþróttakennsla 6.
Ormaveiki, sjá Sauðfjársjúkdómar 1.
Ormsbræður, sjá Rafmagnsvélar.
Ottesen, Oscar, sjá Ríkisborgararéttur.
Ólafur Ísleifsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 27.
Ólafur Ólafsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 9.
Ólafur Pálsson, sjá Lífeyrissjóður barnakennara 2.
Ólafur Proppé, Ltd., sjá Útflutningur á fiski 6.
Ólafur Sæmundsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 21.
Óshólaviti, sjá Vitamál 8.
Ósk, kvenfélagið, sjá Húsmæðrafræðsla 11.

Páll Ísólfsson, sjá Háskólinn 5.
Páll Sigurðsson, sjá Launamál 7.
Páll Stefánsson, sjá Símamál 2.
Páll Sveinsson, sjá Frönsk orðabók.
Petersen, Bernhard, sjá Ríkisborgararéttur.
Pétur Á. Jónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 23.
Pétur G. Guðmundsson, sjá Sænsk-íslenzk orðabók.
Pétur Sigurðsson, sjá Bindindismál.
Póstbáturinn, sjá Strandferðir 23., 24.
*Póstmál.*
1. Áætlun póstmálastjóra um útgjöld við póstmálastjórnina árið 1935. Bréf 17. apríl og 21. ágúst. (Sþ. 67, I).
2. Atv. og samgmrn. sendir fjvn. erindi frá bréfberum pósthússins í

Reykjavík, dags. 10. sept., um fjárveitingu til kaupa á einkennisbúningum handa þeim. Bréf 17. okt. (Sþ. 168).

*Prestsbústaður í Hafnarfirði.* Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. bréf sóknarprestsins í Garðaprestakalli, dags. 6. sept., varðandi fjárveitingu til byggingar prestsbústaðar í Hafnarfirði. Bréf 24. okt. (Sþ. 259).

**Radíómiðstöð** á Reykjanesi, sjá Vitamál 4., 9., 10., 11., 12., 13.

*Radíumsjóður Íslands.* Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. bréf landlæknis, dags. 2. nóv., ásamt greinargerð formanns radíumsjóðs Íslands, dags. 12. okt., fyrir starfsemi sjóðsins. Bréf 6. nóv. (Sþ. 380).

*Rafmagnseftirlit ríkisins.* Áætlun forstöðumanns rafmagnseftirlits ríkisins um tekjur og gjöld rafmagnseftirlitsins árið 1935, dags. 23. apríl (Sþ. 67, LX).

*Rafmagnsvélar.* Bræðurnir Ormsson sækja um allt að 8000 kr. styrk til þess að smíða rafmagnsvélar, sérstaklega gerðar fyrir íslenzka staðhætti. Bréf 21. okt. 1 fskj. (Sþ. 199).

*Rafstöðvar.*

1. Skólaráð Laugaskóla sækir um styrk til greiðslu á helmingi byggingarkostnaðar rafstöðvarinnar við Laugaskóla. Bréf 29. júlí. (Sþ. 67, XLIV).
2. Bæjarstjórn Akureyrar skorar á Alþingi að ákveða að veita allt að 10 þús. kr. til rannsókna og áætlana um raforkuveitu fyrir Akureyrarkaupstað og nágrannasýslur hans. Bréf 14. nóv. 4 fskj. (Sþ. 451).
3. Jakob Gíslason verkfræðingur sendir fjvn. skýrslu um afskipti sín af byggingu raforkuvers Sauðárkrókshrepps. Bréf 12. nóv. 5 fskj. (Sþ. 436).
4. Erling Ellingsen verkfræðingur mótmælir þeim ummælum í nál. meiri hl. fjvn., er lúta að misfellum á eftirliti með byggingu rafstöðvanna á Blönduósi og Sauðárkróki. Bréf 26. nóv. (Sþ. 499).

Sjá ennfr. Ábyrgðir 1., 8., 13., 16., 17., Húsmæðrafræðsla 6.

**Ragnheiður Jónasson**, sjá Eftirlaun og styrktarfé 25.

Rannsóknastofa háskólans, sjá Háskólinn 6., 7., 8.

*Rauði Kross Íslands.*

1. Formaður Rauða Kross Íslands sækir f. h. félagsins um 2000 kr. árlegan styrk. Bréf 10. sept. (Sþ. 68, o).
2. Stjórn Rauða Kross Íslands sækir um 6000 kr. styrk til byggingar sjúkraskýlis, hjúkrunarstöðvar og baðhúss handa sjómönnum í Sandgerði. Bréf 23. okt. (Sþ. 223).
3. Rauða Kross deild Akureyrar sækir um 500 kr. árlegan styrk. Bréf 16. okt. 1 fskj. (Sþ. 247).
4. Landlæknir mælir með umsókn stjórnar Rauða Kross Íslands um 6000 kr. styrk til byggingar sjúkraskýlis í Sandgerði. Bréf 14. nóv. (Sþ. 435).

**Reinald Kristjánsson**, sjá Eftirlaun og styrktarfé 26.

*Rekstrarlánafélög.* Landsbanki Íslands sendir sjútvn. Nd. umsögn sína um frv. til l. um rekstrarlánafélög. Bréf 30. nóv. (Sþ. 522).

*Reykir í Ölfusi.* Sig. Sigurðsson búnaðarmálastjóri sendir allshn. Ed. upplýsingar varðandi jarðeignir ríkisins á Reykjum í Ölfusi. Bréf 3. nóv. (Sþ. 372).
Riðuveiki, sjá Sauðfjársjúkdómar 2.
*Ritstyrkur.*
1. Arnór Sigurjónsson sækir um 1000 kr. styrk handa Jóni Þorsteinssyni, skáldi á Arnarvatni. Bréf 27. okt. (Sþ. 290).
2. Björn O. Björnsson prestur sækir um 1000 kr. fjárveitingu í viðurkenningarskyni fyrir ritstörf sín. Bréf 6. okt. (Sþ. 173).
3. Gísli Ólafsson frá Eiríksstöðum sækir um 500 kr. styrk til ritstarfa. Bréf 7. des. 1 fskj. (Sþ. 571).
4. Guðmundur Finnbogason landsbókavörður sækir um 2000 kr. styrk til ritstarfa. Bréf 5. nóv. (Sþ. 365).
5. Hallgrímur Pétursson á Akureyri sækir um 2000 kr. styrk í eitt skipti fyrir öll til útgáfu „Annáls 19. aldar". Bréf 3. nóv. 1 fskj. (Sþ. 445).
6. 130 Mývetningar skora á Alþingi að ákveða að veita Jóni Þorsteinssyni á Arnarvatni nokkurn árlegan styrk. Bréf 5. nóv. (Sþ. 364).
7. Jóhann Sveinsson frá Flögu sækir um styrk til söfnunar á lausavísum. Bréf 13. ágúst. 1 fskj. (Sþ. 68, v).
8. Jóhannes úr Kötlum sækir um 1500 kr. styrk til ritstarfa. Bréf 22. okt. (Sþ. 201).
9. Magnús Ásgeirsson fer þess á leit, að styrkur sá, er hann hefir notið undanfarin ár til ljóðaþýðinga, verði hækkaður upp í 2000 kr. Bréf 9. nóv. 1 fskj. (Sþ. 415).
10. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv., fer þess á leit við fjvn., að hún geri tillögu um að hækka skáldalaun Guðmundar Friðjónssonar upp í 3000 kr. Bréf 15. okt. (Sþ. 131).
11. Theódór Friðriksson sækir um 1200 kr. árlegan styrk til ritstarfa. Bréf 10. okt. (Sþ. 90).
12. 12 menntamenn í Reykjavík skora á Alþingi, að það ákveði að veita Halldóri Kiljan Laxness 5000 kr. föst rithöfundarlaun. Bréf 29. okt. (Sþ. 267).
13. Þórbergur Þórðarson sækir um 3000 kr. styrk til orðasöfnunar og ritstarfa. Bréf 16. júlí. (Sþ. 68, k).

Sjá ennfr. Þjóðsögur.
Ríkarður Jónsson, sjá Lánbeiðnir 5.
*Ríkisborgararéttur.* Umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt frá Bjarne August Augustsson, Max Keil, Reidar Sörensen (Sþ. 29), Fr. Weisshappel (Sþ. 156), Bernhard Petersen (Sþ. 224), Kristjáni K. Torfason (Sþ. 252), Gustav Ragnar Håkonsen (Sþ. 302), Anton Schneider (Sþ. 325), Oscar Ottesen, Ananias P. Nygaard (Sþ. 352), Sigvard Andreasen (Sþ. 371), Erling Aspelund, Didrik Johansen, Didrik Johnsen, A. J. Sophus Jensen (Sþ. 373), Sverri Smith (Sþ. 396), Karl Hirst (Sþ. 501).
*Ríkisskattanefnd* sendir fjárhagsnefndum afrit af fundargerð fundar nefndarinnar 22. nóv. Bréf s. d. (Sþ. 479).
Runólfur Stefánsson, sjá Fiskiveiðar 14., 15.

Ræktunarvegir, sjá Vegamál 13.
Röntgentæki, sjá Læknisbústaðir og sjúkraskýli 3., Sjúkrahús 7., 8.

*Saltfiskur.* Almennur borgarafundur í Gerðum 28. okt. skorar á Alþingi og ríkisstjórn að hlutast til um, að Verðjöfnunarsjóði verði varið til verðjöfnunar á þessa árs saltfiski. Bréf ódags. (Sþ. 345). Sjá ennfr. Útflutningur á fiski 5.
Samband íslenzkra barnakennara, sjá Uppeldismálatímarit, Utanfararstyrkur barnakennara 1.
Samband íslenzkra karlakóra, sjá Karlakórar 2.
*Samband norðlenzkra kvenna.* Samband norðlenzkra kvenna sækir um 2000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 29. sept. (Sþ. 86). Sjá ennfr. Heilbrigðismál.
*Sameining pósts og síma.*
1. Landssímastjóri sendir samgmn. Nd. umsögn sína um frv. til l. um stjórn og starfrækslu póst- og símamála. Bréf 24. okt. (Sþ. 219).
2. Sami sendir samgmn. Nd. brtt. við sama frv. Bréf 15. nóv. (Sþ. 433).
3. Póstmálastjóri sendir samgmn. Nd. umsögn sína um sama frv. Bréf 23. okt. (Sþ. 203).

*Sandgræðsla.*
1. Áætlun sandgræðslustjóra um fjárveitingar til sandgræðslu árið 1935. Bréf 14. ágúst. (Sþ. 67, LXXX).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. erindi Búnaðarfélags Íslands, dags. 25. okt., um sandgræðslu í Selvogi. Bréf 8. nóv. 1 fskj. (Sþ. 400).

*Sauðfjársjúkdómar.*
1. Vilmundur Jónsson landlæknir sækir f. h. ónafngreindrar ekkju í Norður-Ísafjarðarsýslu um fjárhagslega aðstoð vegna búsifja af völdum ormaveiki í sauðfé. Bréf 10. okt. (Sþ. 91).
2. Bjarni Jónsson frá Kálfárdal í Austur-Húnavatnssýslu fer þess á leit, að ríkissjóður taki þátt í skaða þeim, sem hann hefir orðið fyrir vegna riðuveiki í sauðfé sínu. Bréf 10. nóv. 5 fskj. (Sþ. 558).

Saurbær, sjá Makaskipti á jörðum.
Schneider, Anton, sjá Ríkisborgararéttur.
Sigfús Sigfússon, sjá Þjóðsögur 1.
*Siglingar.*
1. 110 skipstjórar og stýrimenn mótmæla frv. til l. um breyt. á l. um atvinnu við siglingar, sem liggur fyrir þinginu. Bréf 20. nóv. 1 fskj. (Sþ. 494).
2. Skipstjórafélagið Ægir á Siglufirði mótmælir brtt. 3. landsk. þm. (PÞ) við sama frv. Símsk. 29. nóv. (Sþ. 510).
3. 5 manna nefnd sendir sjútvn. Ed. f. h. skipstjórafélagsins Bylgjunnar umsögn sína um sama frv. Bréf 10. des. (Sþ. 607).
4. Vélstjórafélag Íslands sendir neðri deild Alþingis umsögn sína um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum mótorskipum. Bréf 6. des. 2 fskj. (Sþ. 561).

5. 44 vélstjórar og skipstjórar á Akranesi og 85 vélstjórar í Vestmannaeyjum senda Alþingi tillögur til breyt. á sama frv. Undirskriftaskjöl dags. 7. og 20. okt. (Sþ. 564).
6. Ólafur Einarsson sendir sjútvn. Nd. f. h. mótorvélstjóra Reykjavíkur álit sitt á ummælum í bréfi frá Vélstjórafélagi Íslands til nefndarinnar út af sama frv. Bréf 7. des. (Sþ. 631).
7. 25 nemendur Vélstjóraskóla Íslands senda sjútvn. Nd. umsögn sína um sama frv. Bréf 10. des. (Sþ. 632).

Sigríður Gísladóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 18.
Sigrún Kjartansdóttir, sjá Hanzkar úr íslenzku efni.
Sigurður Einarsson, sjá Lífeyrissjóður embættismanna 3.
Sigurður Guðmundsson, sjá Menntaskólinn á Akureyri 2.
Sigurður Jónsson, sjá Jarðakaup ríkissjóðs 4.
Sigurður Kristjánsson, sjá Gistihús 2.
Sigurður Sigurðsson, sjá Sjúkrastyrkur 1.
Sigurjón Guðjónsson, sjá Utanfararstyrkur presta.
Sigurjón Pétursson, sjá Íþróttakennsla 2., 3.
Sigurþór Jónsson, sjá Iðnaðarmál 1.

*Síld.*

1. Fundur Kommúnistaflokks Íslands 30. sept. gerir kröfur um síldarverðsuppbót til sjómanna. Bréf ódags. (Sþ. 89).
2. Almennur sjómannafundur í Reykjavík 10. okt. krefst þess, að Alþingi afgreiði lög um eftirgjöf síldartollsins. Bréf 10. okt. (Sþ. 95).
3. Fundur bæjarstjórnar Akureyrar 23. okt. skorar á Alþingi að láta reisa á Akureyri næstu síldarbræðsluverksmiðju, sem reist verður að tilhlutun ríkisins. Bréf 29. okt. (Sþ. 333).
4. Hluthafafundur h/f Síldarbræðslunnar, Seyðisfirði, skorar á Alþingi og ríkisstjórn að láta reisa og starfrækja síldarbræðslu á Seyðisfirði, en til vara skorar fundurinn á Alþingi að heimila ríkisstjórninni að framlengja ábyrgð fyrir allt að 250 þús. kr. láni til síldarbræðslunnar. Símsk. 5. nóv. (Sþ. 368).
5. Stjórn Verklýðsfélags Akureyrar sendir Alþingi áskorun fundar félagsins 21. okt. um að þegar á næsta ári verði reist síldarbræðsluverksmiðja á Oddeyrartanga við Eyjafjörð. Bréf 26. okt. (Sþ. 443).
6. Fundur í jafnaðarmannafélaginu Akri á Akureyri 8. nóv. skorar á Alþingi og ríkisstjórn að láta reisa þegar á næsta ári síldarbræðsluverksmiðju á Akureyri. Bréf 13. nóv. (Sþ. 450).
7. Atv.- og samgmrn. tilkynnir sjútvn. Nd., að ríkisstjórnin hafi ekki veitt stjórn síldarverksmiðjunnar Ægis í Krossanesi leyfi til að stækka verksmiðjuna, enda hafi henni eigi borizt umsókn um slíkt leyfi. Bréf 24. nóv. (Sþ. 500).
8. Sama sendir sjútvn. Nd. afrit af símskeyti eftirlitsmanns síldarverksmiðjunnar Ægis í Krossanesi, dags. 26. nóv., varðandi stækkun á verksmiðjunni. Bréf 29. nóv. (Sþ. 508).
9. Utanríkismálaráðuneytið sendir sjútvn. Nd. afrit af erindi Magnúsar

Andréssonar og O. Wesche, síldarkaupmanna í Kaupmannahöfn, dags. 16. nóv., um að þeir hafi beðið mikið tjón við framkvæmd bráðabirgðalaga frá 31. júlí 1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri síld, og að þeir óski samvinnu við atvinnumálaráðuneytið um síldarsölu á öðrum grundvelli en í bráðabirgðalögunum felst. Bréf 30. nóv. 4 fskj. (Sþ. 523).

10. 13 síldarsaltendur á Siglufirði skora á Alþingi að fella frv. til l. um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl. Símsk. 7. des. (Sþ. 568).
11. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak., sendir Alþingi símskeyti frá 43 síldarútvegsmönnum og síldarútflytjendum á Akureyri og Siglufirði, er í felst samskonar áskorun til Alþingis. Bréf 18. des. (Sþ. 616).

Sjá ennfr. Ábyrgðir 4., 5., 11., 12., Tollar og tollgæzla 3.

*Síldarmjöl.* Reinhard Strelow, umboðssali í Hamborg, beinir til Alþingis ósk um að komast í sambandi við nýjar síldarbræðsluverksmiðjur hér á landi um sölu á síldarmjöli. Bréf 21. marz. (Sþ. 6).

*Símamál.*

1. Áætlun um tekjur og gjöld landssímans árið 1935, ásamt athugasemdum, ódags. (Sþ. 67, LXVII).
2. Páll Stefánsson á Ásólfsstöðum sækir um styrk til símalagningar að Ásólfsstöðum. Bréf ódags. 1 fskj. (Sþ. 68, b).
3. Jón A. Jónsson, þm. N.-Ísf., fer þess á leit við fjvn., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. fjárveitingu til lagningar símalínu frá Sandeyri um Stað í Grunnavík til Hesteyrar. Bréf 14. okt. (Sþ. 120).
4. Sami sendir fjvn. erindi oddvita Reykjarfjarðarhrepps, dags. 7. nóv., um styrk til að leggja símalínu til skólanna í Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Bréf ódags. (Sþ. 431).
5. Bergur Jónsson, þm. Barð., gerir fjvn. grein fyrir nauðsyn nýrra símalagninga um Barðastrandarsýslu. Bréf 19. okt. (Sþ. 185).
6. Atv. og samgmrn. sendir fjvn. erindi Rakelar Loftsdóttur, dags. 10. sept., er í felst umsókn f. h. Klemenser Samúelssonar um að landssímastöð verði sett að Gröf í Miðdölum, en til vara, að þangað verði lagður einkasími. Bréf 23. okt. 3 fskj. (Sþ. 213).
7. Landssímastjóri sendir samgmn. Ed. umsögn sína um frv. til l. um loftskeytastöðvar á flutningaskipum. Bréf 24. okt. (Sþ. 226).
8. Sami sendir samgmn. Ed. umsögn sína um framkomnar brtt. við ritsímalögin. Bréf 29. okt. 8 fskj. (Sþ. 283).
9. Sami sendir samgmn. Ed. umsögn sína um tillögu þm. Str. (HermJ) um að taka inn í símalögin línu um Bala að Eyjum við Bjarnarfjörð á Ströndum. Bréf 1. nóv. (Sþ. 327).
10. Sami sendir samgmn. Nd. umsögn sína um erindi Jóns Hjaltalíns í Brokey, dags. 16. okt., um símalagningu út í Brokey. Bréf 5. nóv. (Sþ. 370).
11. Sami sendir samgmn. Nd. umsögn sína um símalögin og framkomnar brtt. við þau. Bréf 29. nóv. 18 fskj. (Sþ. 517).

12. Sami sendir samgmn. Nd. umsögn sína um framkomna brtt. frá þm. N.-Þ. (GG) við símalagafrv. Bréf 4. des. (Sþ. 539).
13. Sami sendir Alþingi umsögn sína um till. til þál. um leigu á talstöðvum í fiskiskip. Bréf 6. des. (Sþ. 553).
14. Sami leiðir athygli fjvn. að því, að nauðsynlegt sé að taka upp í fjárlög nokkura fjárhæð til talskeytastöðva í báta og fiskiskip. Bréf 6. des. 1 fskj. (Sþ. 554).
15. Sami sendir samgmn. Nd. umsögn sína um 2 brtt. við símalögin, línu frá Minniborg að Sólheimum og frá Hveragerði að Hrauni í Ölfusi. Bréf 8. des. (Sþ. 576).
16. Fiskifélag Íslands sendir fjvn. nefndarálit allshn. fiskiþingsins varðandi lagningu þriggja símalína. Bréf 30. okt. (Sþ. 314).
17. Jón V. Hjaltalín fer þess á leit við samgmn. Nd., að hún leggi til, að í næsta árs fjárlögum verði veittar 6850 kr. til símalínu út í Brokey. Bréf ódags. 2 fskj. (Sþ. 377).
18. Landlæknir sendir samgmn. Nd. afrit af bréfi frá Óskari Arinbjarnarsyni, dags 13. nóv., um nauðsyn símalínu frá Kinnastöðum að læknissetrinu að Reykhólum. Bréf 22. nóv. (Sþ. 483).

Sjá ennfr. Skaðabætur.

*Sjálfstæðisfélag Vestmannaeyja.* Fundargerð fundar sjálfstæðisfélags Vestmannaeyja 28. sept. (Sþ. 265).

Sjávarútvegsmál, sjá Fiskiveiðar.

*Sjúkrahús.*

